Þriðjudaginn, 1. dag Júlímánaðar 1845, var, samkvæmt boðunarbrèfi konúngs, dags. 6. Marzmán. 1844, alþíng Íslendínga sett í Reykjavík. Áður enn þíngið var sett, var guðsþjónustugjörð haldin í dómkirkjunni, og lagði prófastur sèra Helgi G. Thordarsen útaf Kól. 3, 17.

Auk konúngsfulltrúa, stiptamtmanns Barðenfleths, aðstoðarmanns hans, kammerráðs P. Melsteðs, og skrifara hans, kand. philos. Melsteðs, voru þessir alþíngismenn viðstaddir:

A. Konúngkjörnir:

1. Bjarni Thorsteinson, konferenzráð, amtmaður í Vesturamtinu.
2. Þórður Sveinbjörnsson, jústiziarius í yfirdóminum.
3. Þórður Jónassen, assessor í yfirdóminum.
4. sèra Helgi G. Thordarsen, dómkirkjuprestur.
5. Björn A. Blondahl, sýslumaður í Húnavatnssýslu.
6. sèra Halldór Jónsson, prófastur í Skagafjarðarsýslu (varaþíngmaður).

B. Þjóðkjörnir:

7. sèra Hannes Stephensen, prófastur, fyrir Borgarfjarðarsýslu.
8. Þorgrímur Thomsen, ráðsmaður skólans á Bessastöðum, fyrir Gullbríngu- og Kjósarsýslu.
9. Jón Johnsen, assessor í yfirdóminum, fyrir Árnessýslu.
10. Skúli Thorarensen, hèraðslæknir, fyrir Rángárvallasýslu.
11. Jón Guðmundsson, umboðsmaður, fyrir Skaptafellssýslur.
12. Sveinn Sveinsson, hreppstjóri, fyrir Suðurmúlasýslu (varaþíngmaður).
13. Þorsteinn Gunnarsson, sættanefndarmaður, fyrir Norðurmúlasýslu.
14. Jakob Pètursson, umboðsmaður, fyrir Norðurþíngeyjarsýslu.
15. sèra Þorsteinn Pálsson, prestur, fyrir Suðurþíngeyjarsýslu.

16. Stephán Jónsson, hreppstjóri, fyrir Eyjafjarðarsýslu.
17. Jón Samsonsson, bóndi, fyrir Skagafjarðarsýslu.
18. Runólfur M. Ólsen, umboðsmaður, fyrir Húnavatnssýslu.
19. Ásgeir Einarsson, sættanefndarmaður, fyrir Strandasýslu.
20. Jón Sigurðsson, kand. philos., fyrir Ísafjarðarsýslu.
21. Eyjólfur Einarsson, hreppstjóri, fyrir Barðastrandarsýslu.
22. Þorvaldur Sivertsen, umboðsmaður, fyrir Dalasýslu.
23. Kristján Sk. Magnusen, sýslumaður, fyrir Snæfellsnessýslu (varaþingmaður).
24. Helgi Helgason, hreppstjóri, fyrir Mýra- og Hnappadalssýslu.
25. Árni Helgason, stiptprófastur, fyrir Reykjavíkurkaupstað (varaþingmaður).

Fyrir Vestmannaeyjar var einginn þingmaður kjörinn, af því einginn gat kosið.

Konúngsfulltrúinn setti þingið með svolátandi ræðu:

Næsta hátíðleg er þessi stund, háttvirtu landsmenn! nú þegar að því er komið, að vèr skulum setja alþíng. Vart mun það orð finnast, er hèr á Íslandi bæði rifji upp fyrir mönnum svo margar endurminníngar fornaldarinnar, og glæði svo margar vonir hins komanda tíma, sem þetta eina orð: alþíng. Nú eru liðnar rúmar níu aldir, síðan Íslendíngum þótti nauðsyn til bera, að eiga eitthvert það aðalmót, er teingdi landsmenn alla saman, þar sem þjóðmálefni þeirra yrðu skoðuð á fleiri vegu, og ráðin öðruvísi til lykta, enn orðið gat, meðan kjör hverrar kynkvíslar, jafnvel hverrar ættar, voru komin undir forsjá og geðþótta hvers einstaks höfðíngja. Úlfljótur var sá maður, er Íslendíngar eiga hvað helzt að þakka, að slíkt aðalmót komst á í landinu með alþínginu; það var því honum að þakka, að Íslendíngar urðu ein þjóð, er undir sömu stjórn og sömu lögum gátu orðið aðnjótandi þeirra gæða, er fèlagskapur manna hefir til að bera, gátu notið verndar á lífi og gózi, þessa hins fyrsta aðalskildaga fyrir framförum mannfólksins á hinni laungu leið til fullkomnunar og farsældar. Svo liðu aldir fram, að alþíng var samkomustaður alls þess, sem var mikið og máttugt í landinu, þar ræddu menn um og lögðu ráð á þau málefni, er eigi sjaldan höfðu hin mestu áhrif á hagi þjóðarinnar yfirhöfuð, og rèðu hlutföllum einstakra manna. Það er því eingin furða, þó hvert mannsbarn á Íslandi lesi það með lifanda athygli og tilfinníngu, er í sögum finnst

ritað um þessa hina fornu viðburði, sem þar að auk eru hjúpaðir þeim skáldablæ, er náttúran hefir brugðið yfir Þingvelli, þann stað, sem svo er fagur og svipmikill, að jafnvel útlendum mönnum, sem koma að Öxará, finnst mikið um. Vèr viljum ekki nema staðar við skoðun þeirra vansmíða, er svo þykir, sem loðað hafi við þessa þjóðstiptun frá upphafi vega sinna, svo hún hlaut að hafa í sèr fólgna rót sinnar eigin eyðileggingar; vèr viljum ekki láta huga vorn dvelja við þær breytingar tímanna, er ollu því, að þetta aðalmót hinna andlegu og líkamlegu krapta landsins varð að lyktum ekki annað enn dómarasamkunda, og það ekki sem bezt löguð, hvaðan rèttlætið átti seina og krókótta leið út um landið. Eptir að löggjöfin var komin í hendur Noregs- og síðan Dana-konúnga, eptir að valdsmenn konúngs höfðu tekið við landstjórninni, hlaut alþingið að verða eintómur skuggi hins eldra og öfluga líkama. En nú munu menn spyrja: hvernig verður nú alþíng hið nýja búið þeim dug, hvernig verða því feingin þau störf í hendur, að það geti haft heilladrjúg áhrif á landsins gagn, að það geti áunnið sèr ást og traust landsmanna? Löggjöfin er enn, sem fyrr, í höndum einvaldskonúngsins, dóms- og framkvæmdarvaldið er með öllu laust við alþíngið; hvað er þá eptir, er svo geti verið mikið í spunnið, að það sè efni til þess, að kalla til fundar svo marga virðulega menn? Stutt yfirlit yfir æfikafla þá, er komið hafa yfirþví nær hverja þjóð, mun benda oss á rètta leið, til þess að geta glögglega skilið og svarað þessari spurníngu.

Hvert er það land, sem ekki hefir átt sína fornöld, þá hinn sterki kraptur, bæði andar og líkama, ruddi sèr til rúms, og kom til leiðar hinum mestu stórvirkjum? að sönnu skein ekki ætíð á þau hinn blíði geisli kristninnar, kærleikans og mentunarinnar, en þó eru þau enn fyrir augum eptirkomendanna sem aðdáanlegar menjar um kröptugan framkvæmdaranda, og — eptir því sem þá var komið mentuninni — um þvínær ótrúlegt kraptamagn, til að koma af stað miklum afreksverkum. En jafnframt þessum framkvæmdaranda og krapti hjá höfðíngjum og ríkismönnum fornaldarinnar, varð mestur hluti landsmanna að búa við ofríki og kúgun, og því þúngbærari hlaut sú kúgun að verða, sem veldið smámsaman komst í hendur einstakra ættkvísla, eður einstakra flokka í þjóðfèlaginu. Þess vegna gat þvílíkt ásigkomulag hlutanna hvorki staðizt til leingd-

ar, nè heldur mundu menn nú æskja annars eins aptur. Þau urðu og hartnær allstaðar endalokin, að hið æðsta löggjafar- og framkvæmdarvald lenti í höndum eins manns, konúngs eður annars höfðíngja, er vera skyldi laus við hina margbreyttu hagsmuni sèrhverrar stèttar, og hafa yfirráð yfir hinum innbyrðis sundurlyndu kröptum í þjóðfèlaginu. En frá þeirri tíð, er þjóðstjórarnir tókust á hendur bæði hina ytri og innri vernd ríkjanna, þá hvarf hjá þjóðunum, eður smáhöfðíngjum þeirra, hin helzta hvöt til mikilla afreksverka, nauðsyn sú með eigin orku að varðveita sjálfa sig; og sönn vísindi og mentun voru, á þeim kafla miðaldarinnar, ekki betur stödd enn svo, að þaðan var ekki hjálpar að vænta, til þess að glæða hið andlega fjör þjóðanna. Þessir atburðir hafa orðið eins á Íslandi, eins og í flestum löndum Norðurálfunnar; en hvað Ísland snertir, hlutu þar að auk enn aðrar ytri orsakir, hnignun verzlunarinnar og stórkostlegar biltíngar náttúrunnar, á þeim tímum að hjálpast að, til að deyfa eptirtekt þjóðarinnar á sjálfri sèr. En jafnvel þó það sè aðdáanlegt, hversu vísindin, eins og þá var ástatt, gátu átt sèr griðastað hèr á landi, millum hinna þögulu fjalla, svo höfðu þó þessi vísindalegu störf, er mest hnigu að einni einstakri grein, lítil áhrif á alla atvinnu landsmanna og stjórnarhag landsins. En það blys mentunarinnar, er á seinni hluta síðustu aldar tók að lýsa á suðurlöndum Norðurálfunnar, sendi og geisla sína smámsaman híngað norður á eyland þetta, og lausn verzlunarinnar, enn þótt ekki til fulls og alls, úr fjötrum einokunarinnar, var hin fyrsta gagnsamlega höfuðafleiðíng fyrir Ísland af hinum frjálslegri og ljósari hugmyndum, sem hin nýja öld æ betur og betur efldi hjá stjórnendum Norðurálfunnar yfir höfuð að tala, en einkum hjá hinni dönsku stjórn. Frá þeim tíma má sjá, hvernig löggjöfin hefir jafnan leitazt við að ráða bót á því, sem helzt hefir þótt ábótavant í lögunum, hvernig embættismennirnir, er sjá áttu fyrir því, að lögunum væri fylgt, voru settir undir nákvæmari tilsjón, og urðu miklu fremur, enn áður, að láta sig það mestu varða, að gánga dyggilega að sínni köllun; hvernig menn, með því að endurbæta skólakennsluna, fjölga sjálfseignum og gjöra atvinnuvegina greiðari, leituðust við að efla þekkíngu og laungun til starfa hjá landsmönnum. Þessari viðleitni stjórnarinnar miðaði að sönnu seint, og þegar verið var að framkvæma þesskonar tilgáng hennar, varð án

efa ekki komizt hjá einstöku yfirsjónum, þegar að því er gætt, hversu langt land þetta er frá öðrum löndum, og að af því leiðir, að stjórnin getur ekki verið nákunnug landslagi öllu; en hin yfirgripsmikla rannsókn, sem gjörð hefir verið til að sjá, hvers landið þyrfti við, og það, hversu miklu fè hefir verið varið til að framkvæma það, sem stjórnin hefir viljað vera láta, sýnir að minnsta kosti, að hana hefir ekki vantað góðan vilja, til að bæta kjör landsins.

Framfarir þær í vísindum og þjóðfræðum, sem hjá flestum Norðurálfu-þjóðum voru nauðsynlegar afleiðingar þeirra viðburða, er gjörðust í álfu vorri við endalok síðustu aldar og fyrst á þessari öld, ollu því sjálfsagt á einn bóginn, að stjórnendum þótti meiri nauðsyn til bera, enn áður, að gefa gaum að rödd þjóðanna, í öllum mikilvægum þjóðmálefnum að styðjast við ráðaneyti þeirra, og á hinn bóginn, að þjóðirnar fundu hjá sèr bæði vilja og mátt, til þess að eiga meira þátt í því, að ræða um og ráða til lykta þesskyns málefnum. Það var af sannfæringu um það, hversu þvílík samstörf konúngs og þjóðarinnar hlytu að teingja hvorttveggja nánara saman, hlytu að vekja sjálfsmeðvitund þjóðanna til æðra lífs, og þannig styrkja bæði hinn ytra og innra krapt ríkisins, að hinn sæli konúngur, Friðrik sjötti, setti á stofn þjóðstiptun þá, á hverri Dönum gafst kostur á, að fulltrúar þeirra skýrðu frá óskum manna, og áliti á þjóðarmálefnum, svo konúngur gæti þannig feingið áreiðanlega vissu um það, sem þjóðin hyggur að landinu sè til gagns. Menn þurfa ekki að þekkja svo grannt þjóðhagi Dana, til þess að geta sèð, hversu öflug áhrif þjóðstiptun þessi, sem nú hefir staðið nokkuð yfir einn tug ára, hefir haft á framfarir alls þjóðfèlagsins. Einnig ætlaði hinn sæli konúngur að láta hina kæru og trúlyndu þegna sína á Íslandi verða aðnjótandi þeirra heilla, er þjóðstiptun þessi af sèr leiddi; en reynslan sýndi þegar, að þeim tilgángi gat ekki til hlýtar orðið framgeingt, meðan menn vildu, að Íslendíngar skyldu eiga þíng að sækja með Dönum. Forsjónin kjöri vorn elskaða konúng, Kristján hinn áttunda, til þess, að vekja til lífs þjóðstiptun þessa á Íslandi, með því að gefa henni þá lögun, að einnig þessi hluti hins danska einvaldsdæmis gæti sjálfur borið upp atkvæði sitt um málefni landsins, það atkvæði, sem leiddi í ljós hugmyndir alþýðu manna á Íslandi. Og jafnvel þó alþíng, þannig til orðið, nauðsynlega

hlyti — að svo miklu leiti, sem Ísland snertir — að hafa einmitt hina sömu sýslu, sem fulltrúaþíng Dana hafa með tilliti til hinna dönsku fylkja, og jafnvel þó það fyrir þá sök væri eðlilegt, að alþíngið yrði, að hinni ytri lögun, hvað helzt lagað eptir þeim reglum, sem gjörðar voru um hin dönsku fulltrúaþíng, svo er þó ekki þar með loku fyrir skotið, að þíngið geti feingið þá lögun, sem samsvari þörfum Íslands, að því leiti sem það er frábrugðið öðrum löndum, þegar reynslan hefir sýnt mönnum, að slíkt er þarflegt eður nauðsynlegt; og sérhver Íslendíngur mun með óskertu og innilegu þakklæti meta göfuglyndi það, er hinn konúnglegi gjafari þjóðstiptunar þessarar hefir sýnt í þessu efni. Konúngur ætlast nú til, að fá álit þíngmanna á rökum byggt, samkvæmt hugmyndum Íslendínga, og grundvallað á nákvæmum kunnugleika á landinu, um þau málefni, hverra endurbót með lögum hefir mikilvæg áhrif á hagi og velmegun landsins; það er vilji konúngs, að heyra álit hinna þjóðkjörnu manna, ekki einúngis um þau málefni, sem stjórnin leggur undir atkvæði alþíngisins, heldur og um þau atriði, sem þíngmenn sjálfir kynnu vilja — samkvæmt reglum þeim, er þar að lúta — skýra Hans Hátign Konúnginum frá, landinu til þarfa. Þegar þessi atriði, þessi ráð, eru sögð með nákvæmri umhugsun, með stillíngu og samheldni, og byggð á hinum saunfærandi ástæðum sannleikans, þá mega menn búast við því, að vor vitri og góði konúngur gefi gaum að þeim.

Þannig er það starf eigi alllítið, sem konúngurinn hefir trúað yður fyrir, heiðursverðu landsmenn! heldur er það miklu fremur yfirgripsmikið og mikils umvarðanda, sem getur borið hina merkilegustu og blessunarríkustu ávexti fyrir yðar elskuðu fósturjörð um hinar ókomnu aldir. En til þess að þeim tilgángi verði náð, og til þess að alþíngið ekki skuli valda því, að það seinlæti aukist um skör fram, sem sjálf fjarlægð landsins veldur, þegar koma skal fótum undir eitthvert þarflegt fyrirtæki, þá hlýtur hver eptir fremsta megni að taka þátt í störfunum, til þess að ljúka sínu ætlunarverki svo fljótt sem unnt er, en þó með grandgæfilegri umhugsun; að svo muni verða, á það treystir konúngurinn staðfastlega. Og eins og eindrægni og samþykki var frá alda öðli, og mun leingst verða, skilyrði fyrir því, að sérhvert mikið og þarflegt fyrirtæki fái góðan framgáng, svo er það og á grundvelli mentun-

arinnar að menn eiga að byggja störf sín, ef þau eiga að standa óbifuð, þótt aldirnar breytist. Það er því ekki án sèrlegrar þýðingar, að þar sem Íslendíngar hinir fornu ráðguðust um alþjóðleg málefni, umkríngdir hinu sterka smíði náttúrunnar, án þess mannleg íþrótt hefði unnið þar nokkuð að, svo eigum vèr nú að gánga til starfa vorra í þessu aðsetri vísinda og mentunar. Gefi þá hamíngjan, að band samþykkis og eindrægni bindi hjörtu vor saman, og að ljós mentunarinnar skíni yfir verk vorrar köllunar.

Eg ætla að fara einúngis fáum orðum um sjálfs mín stöðu hèr á alþíngi. Þegar konúngur vor fól mèr, sem fulltrúa sínum, á hendur það heiðarlega ætlunarverk, að setja alþíng hið fyrsta sinni og vera á fundum þess, gat eg ekki annað enn kviðið því, að þetta starf væri mèr ofvaxið. Frá þeim tíma, er mèr var trúað fyrir ekki alllitlum þætti í valdstjórn Íslands, og eg lèt mèr vera mest um það hugað, að fá sem glöggvasta þekkíngu á öllu háttalagi landsins, lögum þess og þjóðstiptunum, var þegar liðinn lángur tími, sem eg hafði orðið að snúa huga mínum til allmargra annara og öldúngis ólíkra hluta. Jafnvel túnga sú, sem töluð er hèr á landi, og sem töluð verður á þínginu, hlaut eptir þetta millibil að vera orðin nokkuð óvanalegri í eyrum mèr. En eg vissi með sjálfum mèr, að einginn mundi geta geingið að þessu starfi með meira áhuga og laungun til að vinna landinu gagn, enn eg, og eg hafði þá von, að eg mundi hitta hjá þíngmönnum alla þá hina sömu velvild, sem eg áður hafði átt að mæta af embættismönnum landsins og öðrum innbúum þess, sem eg hafði kynnzt við í embættisstörfum mínum. Von þessi styrkist nú einnig hjá mèr með því, að í þessu samkvæmi eru margir þeir menn, sem eru venzlaðir mèr með bandi virðíngar og vináttu. Skyldi því jafnvel svo bera að höndum, að eg áliti það skyldu mína endur og sinnum, að mæla móti því, sem þíngmönnum eður meira hluta þeirra litist, skyldi það bera að höndum, að eg yrði, þegar málin verða rædd, að taka til greina þau atriði, sem eg álít, að stjórnin geti ekki sleppt fram hjá sèr, jafnvel þó þau, þegar einúngis er litið til Íslands, kynnu máske virðast þíngmönnum ekki geta verið svo mikils áríðandi, þá treysti eg samt því, að eg ekki fyrir þá skuld veiki það traust, sem eg vona, að eg áður hafi aflað mèr, með því að keppa af hreinum og einlægum vilja til hins sama takmarks, sem er mið allra

athafna samkomu þessarar, nefnilega vaxandi velferð Íslands; og skyldi eg með því móti máske geta komið því til leiðar, að þingstörfin yrðu á gyldari rökum byggð og yrðu skoðuð á fleiri vegu, þá vil eg jafnvel halda, að eg hafi gjört það, sem í mínu valdi stóð, til þess að alþingið strax frá upphafi endurlifnunar sinnar nái þeirri stöðu, sem það á að hafa, svo það eptirleiðis, er vèr allir æskjum, geti eflzt og aukizt að trausti og áliti hjá konúnginum, að vinsældum og ást hjá þjóðinni. Með þessari von skulum vèr nú gánga til starfa vorra.

ALÞÍNGIÐ ER SETT.

Þegar ræðunni var lokið, tóku allir þingmenn undir í einu hljóði: „leingi lifi konúngur vor Kristján áttundi!“ Því næst skoraði KONÚNGSFULLTRÚINN á þingmenn, samkvæmt 47. grein í alþingistilskipuninni, að koma fram með mótmæli þau, er þeir kynnu að hafa gegn kosníngum þingmanna, og komu engin slík mótmæli fram af þingmanna hálfu. Konúngsfulltrúi tilkynnti þá þinginu, að alþingismaður Rángvellínga, læknir Thorarensen, og alþingismaður Barðastrandarsýslu, hreppstjóri Eyjólfur Einarsson, hefðu ekki sýnt skilríki fyrir því, að þeir væru kjörnir alþingismenn, eins og boðið sè í 46. gr. tilskipunarinnar; en þareð hann af skýrslu kanselliisins vissi, að þessir menn væru kjörnir alþingismenn, ætlaði hann sèr ekki að hreifa neinum mótmælum gegn setu þeirra á alþingi. Enn fremur gat konúngsfulltrúi þess, að þingmaður Suðurmúlasýslu, Sveinn Sveinsson, hefði lagt fram skýrslu frá kjörstjórninni þar, sem vottaði, að hún væri á því máli, að þareð Sveinn Sveinsson sè kosinn varaþingmaður, verði nú að álíta hann sem aðalþingmann, þareð hinn fyrst kosni alþingismaður sè fatlaður af sjúkdómi, og því hafi annar verið kosinn síðan til varaþingmanns, en konúngsfulltrúi áleit, að svo hefði ekki átt að vera; að öðru leiti kveðst hann í eingu vera því mótmæltur, að Sveinn Sveinsson taki setu á þinginu, og voru allir þingmenn þessu samdóma.

Assessor JOHNSEN stakk uppá, hvort ekki væri rèttast, að þingið lèti álit sitt í ljósi um það atriði, að kosníng þess síðar kosna varaþingmanns væri ógyld að lögum, því þetta gæti optar að borið; en þingið gæti með þessum hætti leiðrètt rángar meiníngar manna um þetta efni.

Þessu var justizíarius SVEINBJÖRNSSON samdóma, og sagði þar hjá, að af þessu mætti leiða, að ef hinn kjörni alþingis-

maður kæmist ekki aptur til heilsu, og varaþingmaður feingi farartálma, yrði sá hinn seinast kosni varaþingmaður að fara til þings, en hann ætti þá á hættu að verða rækur, og yrði að fyrirbyggja þetta vankvæði í tækan tíma.

Stephán hreppstjóri Jónsson mælti, að eptir hans áliti væri kosníng þessi raung, og lýsti það sèr á því, að nú væru í þessu kjördæmi 3 fulltrúar uppi í einu; en prófastur sèra Stephensen hèlt, að í þessu efni væri einúngis að því að finna, að hèr væri kosinn varafulltrúi en ekki aðalfulltrúi; assessor Johnsen mælti á móti að svo væri, heldur hefði hvorugan átt að kjósa, meðan varaþingmaður var viðlátinn. Thorsteinson konferenzráð áleit bezt, að skjóta þessari spurníng á frest, þángað til ef til vildi, að fleiri atriði viðvíkjandi þingsköpunum yrðu borin undir þingið; kvað hann þó spurníng þessa nokkru varða, að því leiti hann vissi til, að sumar kjörstjórnir vissu óglöggt, hvað í þessum og þvílíkum efnum ætti að gjöra, en allt færi fram eptir því, sem hverjum fyrir sig þætti bezt fara.

Konúngsfulltrúinn áleit þó, að slík spurníng sem þessi ætti að leiðast til lykta nú þegar; þó lèt hann þess getið, að honum sýndist ekki geta verið efi á því, hvað gjöra skyldi, þegar eins stæði á, þareð það væri ljóst af löggjöfinni, að ný kosníng ætti ekki að fara fram, nema bæði aðalþingmaður og varaþingmaður geingju úr leik; en þetta ætti sèr hèr ekki stað, þareð varaþingmaður væri til, og því væri kosníng varaþingmanns í Suðurmúlasýslu, eins og þingmaður Eyjafjarðarsýslu hefði sagt, að sínu áliti ógyld. Eptir að nokkrir fleiri af þingmönnum höfðu látið álit sitt í ljósi um þetta atriði, og Sveinn Sveinsson einnig gefið þá skýrslu, að kosníng sú, sem hèr ræðir um, væri orðin af þeirri orsök, að óvíst hefði verið, að hann mundi geta sótt þingið í ár sem varaþingmaður, leitaði konúngsfulltrúi atkvæðis þingmanna um gyldi kosníngarinnar í Suðurmúlasýslu 29. d. Apr. þ. á., og varð sú samhljóða ályktan þingmanna, að nefnd kosníng væri ógyld að lögum. Því næst bað konúngsfulltrúi stiptprófast sèra Árna Helgason, sem elztan af þingmönnum, að taka að sèr að sjá um kosníng forseta; hann gjörði svo, og kvaddi til prófast sèra Hannes Stephensen og prófast sèra Halldór Jónsson, til þess að skrifa atkvæði þingmanna.

Þegar búið var að leita atkvæða, hafði Bjarni Thorsteinson konferenzráð feingið 23 atkvæði, en jústizíarius Sveinbjörnsson 2, og varð Thorsteinson þannig alþingisforseti.

Því næst var jústizíarius Sveinbjörnsson kosinn varaforseti með 21 atkvæði; prófastur sèra H. Thordarsen fèkk 2, og assessor Johnsen 1 atkvæði.

Til skrifara voru kjörnir: umboðsmaður Jón Guðmundsson með 20, og assessor Jónassen með 17 atkvæðum, en til að búa alþingistíðindin undir prentun voru assessor Johnsen og kand. Jón Sigurðsson kosnir með 16 og 12 atkvæðum.

Kandidat Jón Sigurðsson kvaðst að vísu ekki vilja skorast undan, að vera í verki með að búa tíðindin undir prentun, en þareð hann kvaðst mundi fara aptur til Danmerkur í þínglok, og tíðindin, eins og prentsmiðjunni væri háttað, yrðu að líkindum ekki búin fyrr enn laungu eptir þínglausnir, skaut hann því til alþingis og einkum forseta úrlausnar, hvort hann mundi vera vel til þessa starfs fallinn, og svaraði forseti því, að þó þannig stæði á, mundi þó mega ætla á, að tíðindin yrðu við burtför hans búin nokkurnvegin undir prentun, þó eigi væri búið að prenta þau.

Konúngsfulltrúi gat þess, að hann hefði þegar, til þess að flýta fyrir alþingistíðindunum, látið prenta frumvörp þau, er stjórnin legði nú fram fyrir þingið. Jafnframt skoraði konúngsfulltrúi á þingmenn, að þeir vildu ákveða, bæði hvað mart ætti að prenta af alþingistíðindunum, og líka hvað dýr þau skyldu vera, en með því forseti sagðist verða að tala um prentunina við stiptsyfirvöldin, sem hefðu yfirstjórn prentsmiðjunnar á hendi, svo var þetta efni ekki útkljáð í þetta skipti.

Konúngsfulltrúi lagði því næst fram lagafrumvörp þau, er stjórnin hafði sent alþingi, og eru þau þessi:

1. Frumvarp til tilskipunar um hefð og fyrníngu rèttinda á Íslandi.
2. Frumvarp til tilskipunar um fardaga presta á Íslandi, og um rèttindi þau, er prestur sá, sem frá brauði fer, eður erfingjar hans, og einkum ekkjan, eiga heimtíng á.
3. Frumvarp til opins brèfs, um að halda hreppastefnur á Íslandi á öðrum tíma enn verið hefir.
4. Frumvarp til reglugjörðar um stjórn bæjarmálefna í kaupstaðnum Reykjavík.

5. Frumvarp til tilskipunar, er nákvæmar tiltaki það, sem fyrir er mælt í reglugjörð 17. Júlí 1782.
6. Frumvarp til opins brèfs fyrir Ísland, um nokkrar ákvarðanir þeim til trausts, er þinggjaldi eiga að lúka.
7. Frumvarp til opins brèfs fyrir Ísland, um að setja 2 kauptún, annað við Þórshöfn í norðausturamtinu, en hitt á Borðeyri við Hrútafjörð í vesturamtinu.
8. Frumvarp til opins brèfs fyrir Ísland, um að taka af skyldu manna til að flytja embættismenn kauplaust, þá er þeir fara í alþjóðleg erindi.
9. Frumvarp til tilskipunar um fjárforráð ómyndugra á Íslandi.

Því næst gjörði konúngsfulltrúi þinginu kunnugt, að honum væri af konúngi boðið að beiðast álits þingsins:

1. um, hvort almenn lagaboð þau, sem um árin 1839—44 hafa komið út handa Dönum, skuli verða leidd í lög á Íslandi (úrskurður konúngs 10. Novbr. 1844).
2. um það, hversu borga skuli alþingis-kostnaðinn (úrskurður konúngs 23. Apr. 1845, sbr. bls. 22).
3. um upphæð á tæripeníngum þeim, er kjörstjórum ber og aðstoðarmönnum þeirra (úrskurður konúngs 23. Apr. 1845).
4. að hve miklu leiti það þyki hlýða, að peníngar þeir, 11,000 dalir, sem verja skal til byggíngar skólans í Reykjavík, og teknir eru af hjálparsjóð þeim, sem stofnaður var með konúngsúrskurði 25. Júlí 1844, verði endurgoldnir með niðurjafnan á landið, svo hjálparsjóðurinn verði eins stór og hann var upphaflega, nefnilega 23,665 rbd. 24 skild. (konúngsúrskurður 16. Maí 1845, sbr. bls. 22).

Að lyktum lagði konúngsfulltrúi fram, til hliðsjónar fyrir þingið, eptirrit konúngsúrskurðar frá 8. Marz 1843, ásamt íslenzkri útleggíngu, og skýrir það frá áliti konúngs um, að hve miklu leiti breytíngar megi vænta á alþíngisskipaninni.

Konúngsúrskurður þessi er þannig látandi:

"Eins og Vèr ekki höfum fundið ástæðu til, að tilskipan um alþíng á Íslandi kæmi út með lagagyldi að eins fyrst um sinn, samkvæmt aðalatkvæði þíngmanna í Hróarskeldu, svo hefir Oss einnig þótt ísjárvert, eptir varaatkvæði Hróarskeldu þíngmanna, að skora á alþíngismenn, þá er þeir koma saman hið fyrsta sinn, að þeir segi álit sitt um breytíngar á alþíngistilskipuninni, eptir því, sem við þætti eiga á Íslandi, en hinsvegar skal alþíngi vera sett í sjálfsvald, þegar stundir líða

fram, og reynslan hefir sýnt, að slíkar breytíngar eiga vel við, að koma með uppástúngu þaraðlútandi. Með tilliti til slíkra breytínga síðar meir viljum Vèr, að niðurlag alþíngistilskipunarinnar sè orðað á líkan hátt því, sem segir í tilsk. 15. Maí 1834; en er sú tíð kemur að alþíng verður sett, skal fulltrúi Vor nákvæmar skýra alþíngi frá áliti Voru um þetta efni."

Prófastur sèra Hannes Stephensen bar því næst upp fyrir þínginu, að það yrði haldið í heyranda hljóði, og skoraði hann á forseta, að spyrja konúngsfulltrúa um, hvort ekki mætti svo vera, enda væru opnar dyr það, sem allir hèr á landi mundu óska eptir, með því alþíng hið forna hefði og verið haldið í heyranda hljóði; hèldi hann og þetta einkar afdrifamikið fyrir vinsældir þíngsins og þess gagnsemi.

Kandidat Jón Sigurdsson kvaðst hafa meðferðis bænarskrá um þetta efni, og lèt í ljósi, að þetta mundi vera skýlaus vilji allrar þjóðarinnar; hann gæti ekki heldur skilið í því, að vilji stjórnarinnar væri annar, þegar allrar góðrar siðsemi og reglu væri hæfilega gætt á þínginu, enda væri nauðsyn til þessa hèr á landi fremur enn í Danmörku, þareð alþíngistíðindin, eptir því er hann hefði komizt næst, yrðu töluvert misfara við þíngið, og að þessu leiti yrðu Íslendíngar því miður farnir enn Danir; og enn væri þess að gæta, sagði hann, að þetta væru forn rèttindi, er Íslendíngar hefðu áður notið.

Eyjólfur hreppstjóri Einarsson sagðist hafa bænarskrá meðferðis um sama efni.

Forseti sagði það sjálfsagt, að eptir löggjöfinni væri ekki faranda fram á, að hafa þíngdyrnar opnar í þetta sinn, en vildi þíngið fara þessu á flot, yrði það að vera í venjulegu bænarskrárformi, og vildi hann ekki farið væri leingra fram á þetta mál.

Konúngsfulltrúinn: Fyrir þá sök, að nokkrir alþíngismenn, sem rædt hafa um þetta mál, hafa bent til þess, að verið gæti að það stæði í valdi konúngsfulltrúa, að leyfa að alþíngi yrði haldið fyrir opnum dyrum, og eptir því, sem málið nú er vaxið, svo álít eg það skyldu mína, að taka nú þegar til orða.

Uppástúnga sú, er alþíngismaðurinn frá Borgarfjarðarsýslu hefir borið upp, innibindur í sèr, að því er mèr virðist, tvö mismunandi atriði, nefnilega: bæði að því yrði nú þegar komið til leiðar, að alþíngisdyrnar yrðu látnar opnar, og verði því

ekki framgeingt, þá að borin verði fram bænarskrá um það, að þingið verði háð í heyranda hljóði. Hvað hið síðara atriði þessarar uppástúngu snertir, þá er það í augum uppi, að ekki verður rædt um slíkt mál fyrr enn þess er gætt, sem lögin segja, að höfundurinn selji af hendi skrifaða bænarskrá, og konúngsfulltrúa feingið eptirrit hennar, og farið að því eins og alþíngistilskipanin segir. Eg sè því einganveginn, að eg þurfi að svo vöxnu máli, að fara orðum um sjálft efni (*Realitet*) þessarar uppástúngu, en geymi það til annarar stundar, ef þetta mál yrði borið upp á þínginu að lögum.

Hvað hinu fyrra atriði viðvíkur, þá er það ætlan mín, að það sè sprottið af misskilníngi, er menn hafa látið sèr um munn fara, að lögin bönnuðu ekki að láta opnar alþíngisdyr. Eptir að konúngur, samkvæmt tilsk. 28. Maí 1831, hafði boðað til fundar nokkra hyggna menn, að þeir segðu tillögur sínar, hvernig haga skyldi fulltrúaþíngum Dana, ræddu menn um það á þeim fundi, hvort þíngstörfin skyldu verða háð í heyranda hljóði, og rèðu menn þá frá því. Í tilskipun þeirri, er þá kom út um fulltruaþíngin, 15. dag Maím. 1834, er hvorki, nè heldur í tilsk. frá 8. Marz 1843, nokkurt beinlínis bann á móti því, að dyrnar verði opnar, en eingum hefir til hugar komið, að menn gætu útaf því leidt nokkurt leyfi, til að halda fulltrúaþíngin fyrir opnum dyrum, heldur var einmitt hið fyrsta sinn, sem þíng var átt í Hróarskeldu, borið það frumvarp upp, að öllum yrði leyfð inngánga í þíngsalinn, en þeim tilmælum neitaði konúngur. Þegar frumvarp til alþíngislaga handa Íslandi var lagt fyrir þíngmenn í Hróarskeldu, var heldur einginn efi á, að lagafrumvarpið bæri með sèr, að alþíng yrði haldið að luktum dyrum, og var það, sem í frumvarpinu stóð um það efni, sett óbreytt í alþíngistilskipunina; fyrir því bar Kristensen málaflutníngsmaður það breytíngaratkvæði upp, að þíngið yrði haldið að opnum dyrum, og á það breytíngaratkvæði fèllust menn í álitsskjalinu, að mig minnir, með 30 atkvæðum móti 25. En í stjórnarráða-tíðindunum má sjá, að konúngur hefir ekki fallizt á þessar tillögur þíngmanna. Það sèst einnig, þó það sè ekki sagt með berum orðum, af alþíngistilskipuninni, að þíngið getur ekki orðið haldið fyrir opnum dyrum, því að öðrum kosti hefði það, sem sagt er í 78. grein, um að kunngjöra athafnir þíngsins í tíðindum, einganveginn átt sèr stað. Þess vegna álít eg það laust við állan efa, liggja algjör-

lega í augum uppi, að konúngur vilji, að alþíng verði ekki haldið fyrir opnum dyrum, og skyldu alþíngismenn verða á öðru máli, þá yrði eg að álíta það skyldu mína, að grípa til þeirra ráða, sem nú verður ekki séð fyrir endann á.

Eg ætla enn að víkja einúngis nokkrum orðum að því, er einn af hinum virðulegu þíngmönnum sagði, og sem laut að þessu máli, því eg hygg, að eg geti eigi goldið þögn við því. Hann hefir sagt, að það sè vilji allrar þjóðarinnar, að þíngið verði haldið að opnum dyrum. Eg verð að biðja menn hyggja að því, að enn sem komið er, eins og málið er vaxið, þá verður einúngis spurn um vilja vors einvaldskonúngs, en ekki um hitt, að beita móti alkunnum konúngs vilja þjóðarinnar vilja. Sá hinn sami alþíngismaður hefir sagt, að feingju Íslendíngar ekki, að þíngið yrði haldið að opnum dyrum, þá ættu þeir í því tilliti við lakari kosti að búa enn Danir; þessu get eg nú einganveginn verið samdóma; því það er einúngis landslagi að kenna, að hvernig sem að er farið, hljóta alþíngisstörfin að verða seinni á sèr út um landið til eyrna manna, heldur enn þíngstörf Dana út um þeirra land, en hins vegar hvað það snertir, að þíngstörfin verði þjóðinni kunngjörð, hefir löggjöfin sett Íslendíngum allan hinn sama kost sem Dönum. Að lyktum hefir hinn sami virðulegi þíngmaður getið þess, að þar sem Íslendíngar æski þess, að þíngsalurinn verði opinn, svo sè það einúngis þau hin sömu rèttindi, sem þeir áður hafi notið. Eg svara því þannig, að það er konúngur, sem af sjálfs dáðum gaf Íslendíngum þíngið til ráðaneytis, sem hefir allt aðra sýslu á hendi, og nú á þessum tímum, þegar allt er öðruvísi ástatt, enn á dögum hins forna þíngs, sem hèt sama nafni, og getur það því ekki komið til orða, að alþíng hið nýja geti eignast hin sömu rèttindi, sem hið forna þíng hafði.

Kandidat Jón Sigurðsson: Þareð forseti hefir ekki enn bannað að tala framar um þetta mál, verð eg að leyfa mèr að svara nokkrum orðum uppá það, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi mælti. Það er þá í fyrstu "misskilníngur" hans, að eg hafi nefnt "vilja þjóðarinnar" í því skyni, að eg vildi í nokkru gjöra lítið úr vilja konúngs, því það er alkunnugt, að menn segja á íslenzka túngu, að menn eða þjóðir vilji eitthvað, þegar menn girnast, að einhverju verði framgeingt, sem álitið er nytsamlegt. Þarnæst er það og "misskilníngur", að eg hafi viljað telja það til sem halla á rèttindum vorum Íslendínga, sem leiðir af ásig-

komulagi lands þessa. Eg hefi einúngis talað um það, sem menn geta að gjört, en hitt ekki. Eg þykist sannfærður um, að konúngur hefir viljað eigi að eins láta oss njóta sömu rèttinda, og Danir hafa nú, heldur og einnig vorra fornu rèttinda, að svo miklu leiti, sem þau eru oss hagkvæm nú sem stendur; þess vegna hefir hann einnig í úrskurði 20. dag Maímán. 1840 vísað oss til ennar fornu þíngskipunar, að því leiti henni megi verða fylgt, og það ætla eg bezt haga í þessu atriði. Nú er svo ástatt, að þíngtíðindi hèðan hljóta að öllum líkindum að verða mjög misfara við þíngið, og þar af leiðir, að menn fá ekki þá vitneskju um, hvað fram hafi farið á þínginu, sem konúngur sjálfur hefir beinlínis ætlazt til og fyrir mælt, einmitt á þeim stað tilskipunarinnar, sem konúngsfulltrúi hafði upp, þar sem segir, að konúngsfulltrúi skuli sjá um, að atgjörðir þíngsins verði birtar fyrir alþýðu á prenti, sem fyrst að verða má. Ef þessum vilja konúngs hefði verið fylgt, þá hefðu tíðindin orðið þínginu samfara, og þó prentun þeirra hefði orðið allt að viku á eptir, þá mundu margir þíngmanna hafa beðið þeirra, jafnvel sèr til nokkurs baga, ef þau hefðu orðið svo fljótt búin, að þeir hefðu getað flutt þau með sèr. Þá hefði mátt segja, að vèr hefðum átt lík kjör og Danir, en nú er allt öðru máli að gegna, þareð svo horfist á, sem ráðstöfun prentunarinnar hafi tekizt mjög óhappalega, og tíðindin verði tveim eða þrem mánuðum misfara við þíngið. Þetta gat konúngur ekki fyrir sèð, en fulltrúi hans veit það, og þess vegna vænta menn, að eingin fyrirstaða verði á opnun þíngstofunnar, þegar allrar góðrar reglu er gætt. Með grein þeirri, sem konúngsfulltrúi færði til úr tilskipuninni, hefir hann ekki sannað neitt, því það er auðsætt, að grein sú yrði að vera óbreytt hin sama, þó allt færi fram á þínginu í heyranda hljóði, þareð svo yrði ástatt, hvernig sem væri, að minnstur hluti þjóðarinnar gæti heyrt, hvað fram færi, og þjóðin þyrfti eigi að síður tíðindanna við. Þareð nú svo stendur á, eptir minni fullkominni sannfæríngu, og áliti margra merkilegra manna, að konúngur hefir viljað láta oss njóta fornra rèttinda vorra, en vèr erum lángt frá að njóta þeirra, nema þíngstofan verði opin, og þareð sannað er, að konúngur hefir ekki með einu orði í tilskipuninni bannað, að þíngið færi fram í heyranda hljóði, svo þetta getur ekki verið óleyfilegt, þá verð eg enn að æskja þess, að fleiri menn, þeir sem hafa sömu sannfæríngu um þetta mál, láti vilja sinn í ljósi.

Assessor Johnsen: Eg ætlaði mèr að standa upp fyrri, til þess að mæla á móti uppástúngu alþingismanns Borgfirðinga, um að þingið yrði þegar í þetta sinn haldið í heyranda hljóði, en hinn virðulegi konúngsfulltrúi er búinn að færa þær ástæður, er eg ætlaði mèr að færa gegn þessari uppástúngu, og það lángtum ýtarlegar og greinilegar, enn eg mundi hafa verið fær um. Eg læt mèr því nægja, að víkja málinu að eins til þess atriðis, er alþingismaður Ísfirðinga nýskeð hreifði um, að það gæti ekki verið óleyfilegt að lögum, á þann hátt sem skeð er, að fara þessu á flot, eða þegar í dag að ljúka upp alþingisstofunni, og er það þetta atriði, hvar undir málefni þetta eingaungu er komið, og sem eg ekki get verið samdóma um. Eg álít það sumsè auðskilið hverjum þeim, sem les 78. grein alþingistilskipunarinnar, í sambandi við ástæðurnar til hennar í stjórnarráðatíðindunum, að þessi tilraun, til að fá þingstofunni lokið upp fyrir utanþingsmönnum, sè óleyfileg að lögum þeim, er þingið hlýtur að álíta sig bundið. Þar á móti er allt öðru máli að gegna, ef þingið vildi beiðast þess hjá konúngi, að það yrði haldið í heyranda hljóði, en þar um ætla eg þá sjálfsagt að semja ætti reglulega bænarskrá, sem farið yrði með á lögboðinn hátt, og að þetta atriði muni verða eitt meðal þeirra fleiri, er nokkrir þingmenn munu hafa í hyggju að bera upp fyrir þingið, viðvíkjandi breytíngu alþingislaganna.

Prófastur sèra Hannes Stephensen ætlaði að andsvara því, er assessor Johnsen hafði mælt móti meðferð málsins, en þá mælti forseti, að hann yrði að álíta þetta málefni nú til lykta leidt, og sagði fundinum slitið.

2. Júlí — annar fundur.

Allir á þingi. Þingbók frá 1. fundi lesin og samþykkt.

Forseti kvaðst sjá, að skrifararnir mundu ekki rísa undir öllum þeim skriptum, er á þeim lægju, og skoraði því á konúngsfulltrúa, að hann, samkvæmt alþingistilskipunarinnar 53. gr. 2. atriði, tæki tvo menn til aðstoðar skrifurum. Konúngsfulltrúi játaði því að sínu leiti. Var því þá skotið undir úrskurð og álit þingsins, en þingmenn fèllust á það allir; lèt þá konúngsfulltrúi kalla aukaskrifara inn í þingstofuna, kand. juris Oddgeir Stephensen og kand. theol. Sigurð Melsteð, og var þeim vísað til starfa.

Forseti stakk uppá því skriflega, að þingið færði konúngi þakklæti fyrir gjöf alþingis.

Kandidat Jón Sigurdsson: Það er að vísu, að því er mèr virðist, bæði skylda og nauðsyn, að ritað verði konúngi brèf af hendi alþingis, og það mál vil eg styðja af öllum mætti. Þess eins vil eg geta, að mèr virðist eigi hæfa, að ætla nefnd þeirri, sem kosin yrði til að semja brèf þetta, að semja einúngis þakklætisbrèf, heldur að hún megi einnig bera þar fram óskir um þau efni, sem land þetta þætti einna mestu varða; en skylt er það, að þakklætistilfinníngin yfirgnæfi, fyrir það sem konúngur hefir vel gjört við þetta land, bæði um þing þetta og í mörgum öðrum hlutum.

Konúngsfulltrúinn kvaðst einga athugasemd þurfa að gjöra við það, þó að í þessu atriði væri ekki svo beinlínis fylgt því, sem ákveðið er í alþíngistilsk. 8. Marz 1843, 62. gr., bæði með tilliti til þess, að frumvarpið talaði einúngis um þakklætisskrá, og líka af því, að hinn háttvirti forseti þegar í gærkvöldi hefði sent sèr eptirrit þessa frumvarps, og væri þannig, með tilliti til konúngsfulltrúans, ekki breytt á móti lögboðinni aðferð.

Forseti skoraði þá á þíngmenn að kveða upp, hve marga skyldi í nefnd kjósa til að semja þakklætisskrána til konúngs, og kvaðst prófastur Hannes Stephensen hyggja, að 4 manna nefnd bæri að nefna; fèllust flestir þíngmenn á það, og voru þá þessir til kosnir: kandidat Jón Sigurðsson með 20, varaforseti jústizíarius Sveinbjörnsson með 19, prófastur H. G. Thordarsen með 18, og stiptprófastur A. Helgason með 12 atkvæðum.

Forseti skoraði á þíngmenn að kveða upp, hve marga skyldi í nefnd kjósa til að skoða málefnið I, af þeim sem konúngsfulltrúi lagði fram í gær, og kvað Jón Guðmundsson umboðsmaður, að eigi mundi veita af 5 manna nefnd, þareð málefni það væri mjög svo áríðanda, er það snerti rèttindi allra manna svo að segja um land allt, og urðu allir þíngmenn á því; var síðan geingið til atkvæða, og hlaut assessor Johnsen 22, umboðsmaður Jakob Pètursson 20, Sveinn hreppstjóri Sveinsson 20, prófastur Halldór Jónsson 19, og hreppstjóri Eyjólfur Einarsson 17 atkvæði. Assessor Johnsen beiddi forseta leyfis, að mega, samkvæmt alþíngistilskipuninni 65. grein, kalla varaforseta og sýslumann Blondahl

til aðstoðar nefndinni; skoraði forseti á tèða alþingismenn um það, en þeir kváðust þess fúsir, að svo miklu leiti, sem tími og hentugleikar þeirra leyfðu.

Forseti skoraði á þingmenn að ákveða, hversu marga velja skyldi í nefnd um málefnið II, og þótti prófastunum Hannesi Stephensen og Halldóri Jónssyni þörf á 5 manna nefnd, og einum lögfræðing meðal þeirra; með atkvæða fjölda fèllst samt þingið á, að næg mundi 3 manna nefnd til yfirvegunar þessu máli; voru í hana kosnir: stiptprófastur A. Helgason og prófastur H. G. Thordarsen, hvor um sig með 19, og bóndi Jón Samsonsson með 11 atkvæðum. Prófastur Thordarsen beiddist, á líkan hátt og assessor Johnsen fyrri, að varaforseti vildi aðstoða nefnd þessa, og kvað forseti ekkert móti því, en þótti þó mega vara við, að meiníng slíkra, af þinginu ekki kjörinna, ráðaneytismanna, kæmi ekki útaf fyrir sig fram í sjálfum álitsskjölum nefndanna. Varaforseti kvaðst eigi óska, að meiníngar þeirra væri getið sèr í lagi í álitsskjölum nefndanna, en þótt hann væri kvaddur þeim til aðstoðar.

Þá mæltist forseti til að þingið kvæði upp, hversu marga skyldi í nefnd kjósa, til að skoða og undirbúa málefnið III. Eyjólfur Einarsson kvaðst hyggja 3 menn duga, og guldu allir þingmenn jákvæði við því. Hlutu þá sýslumennirnir Blondahl og Magnusen 19 atkvæði hvor, en Stephán hreppstjóri Jónsson 18.

Forseti mæltist því næst til, að einhver þingmanna kvæði á, hversu marga kjósa skyldi í nefnd til að íhuga málefnið IV; kvaðst Jón Guðmundsson hyggja, að 5 manna væri þörf; voru og allir þingmenn á því í einu hljóði, og voru þá kjörnir: skólaráðsmaður Thomsen með 22, stiptprófastur Á. Helgason, assessor Johnsen og prófastur H. G. Thordarsen, hver með 21, og kandidat Jón Sigurðsson með 19 atkvæðum. Assessor Johnsen beiddist enn að mælzt væri til, að varaforseti vildi veita nefnd þessari aðstoð, og kandidat Jón Sigurðsson stakk uppá, að umboðsmaður Jón Guðmundsson einnig væri til kvaddur, er hann mundi mörgum fremur kunnugur málefnum í Reykjavík, og fèllst assessor Johnsen á það.

Aðstoðarmaður konúngsfulltrúa: Af því menn úr tveimur nefndum hafa hver eptir annann, nú þegar í byrjun þingsins, óskað, að fleiri menn yrðu til nefnda kvaddir, þá verð eg að

benda þingmönnum til, að hentugra mundi, að þeir tækju til þegar í upphafi svo marga menn í hverja nefnd, sem þurfa þætti, svo það yrði eigi að stöðugri reglu, að nefndarmenn óskuðu að fá fleiri menn í nefndirnar. Svo verð eg og að geta þess, vegna þess sem hèr hefir verið í ljósi látið, að þeir menn, sem eptir beiðni nefndarinnar er bætt við hana (*tilforordnede*), hafa að minni hyggju sömu skyldur og rèttindi, sem hinir aðrir nefndarmenn. Svo mun og alþingistilskipanin gjöra ráð fyrir því, að nefndirnar biðji þá fyrst um að aukið verði manni við þær, þegar þær eru teknar til starfa.

Assessor Johnsen sagðist ekki geta fallizt á það, er nýskeð hefði verið mælt, að ekki væri eins hentugt að leita þvílíks ráðaneytis nú þegar, þareð 65. gr. alþingistilskipunarinnar ekki tæki það til, hvort heldur skyldi fara þessu á flot, áður nefndin tæki til starfa, eður eptir það, ef hún að eins sæi það fyrir, að slíks ráðaneytis væri þörf.

Aðstoðarmaður konúngsfulltrúa: Það var einganveginn ætlan mín, að grípa fram fyrir hendur á þingmönnum, heldur vilda eg einúngis benda þeim til þess, er eg hèlt bezt henta; og í tilliti til þess, að efi hefir verið borinn á, hvort nefndarmenn þeir, er seinna bætast við, hefðu sömu skyldur og rèttindi sem hinir, álít eg nóg að benda til orðatiltækjanna í alþingistilsk., 65. gr. að niðurlagi.

Forseti óskaði því næst, að einhver þingmanna kvæði upp, hversu margir skyldu kjörnir til nefndar um málefnið V, og kvaðst Magnusen sýslumaður hyggja, að eigi veitti af 5 að minnsta kosti; varaforseti mælti, að sú væri sín meiníng, að eigi bæri að hafa fleiri enn 5 í nokkurri nefnd að svo komnu, þareð þingið væri fáskipað og kraptar þess til starfa veikir. Fèllust allir þingmenn á 5 manna nefnd í þessu máli, og voru þessir kjörnir: prófastar Halldór Jónsson og Jón bóndi Samsonsson með 19 atkvæðum hvor, umboðsmennirnir R. Ólsen og Þ. Sivertsen hvor með 17 atkvæðum, og sèra Þorsteinn Pálsson með 15 atkvæðum.

Forseti tók þá til málefnið VI, og kvað varaforseti að nægja mundi 3 manna nefnd til yfirvegunar því máli; urðu allir þingmenn á það sáttir, og kjöru: Magnusen sýslumann með 19, hèraðslækni Skúla Thorarensen með 18, og Ásgeir bónda Einarsson með 14 atkvæðum.

Þessu næst bar forseti upp málefnið VII.

Kandidat Jón Sigurdsson: Mèr virðist frumvarp þetta vera þannig lagað, að ekki muni þurfa að kjósa nefnd til að ræða það. Það löggyldir að eins tvö kauptún, samkvæmt ósk alþýðu og tillögum embættismanna, og má ætla, að enginn þingmanna verði því mótfallinn. Ef nokkurn annmarka væri að nefna á frumvarpinu, sem umbóta þyrfti, þá væri það, að Þórshöfn getur ekki orðið löggylt kauptún fyrr enn 1847, af því stjórnin hefir, því miður, leyft kaupmönnum þeim, sem hafa undir flestar hafnir á norður- og austurlandinu, að hafa þar einokunar-verzlun til loka ársins 1846, en við þeim annmarka mun nú bágt að gjöra. Eg dirfist því að stínga uppá, samkvæmt 64. grein tilskipunar um alþíng, að þingið ráði til að frumvarp þetta verði lögleidt, án þess nefnd sè kosin til að ræða það.

Á þetta fèllust allir þingmenn í einu hljóði, og bætti Ásgeir bóndi Einarsson því við, að hann yrði því fremur að styðja það mál, sem hann kvað sèr kunnugt öðrum fremur um innsiglingu og höfn á Borðeyri, og nauðsyn á að löggylda þar kauptún.

Að svo mæltu lagði forseti til, að nefnd væri kjörin til yfirvegunar málefninu VIII. Blondahl sýslumaður kvað 3 manna nefnd mundi nægja, og fèllust allir þingmenn á það, en þeir: varaforseti, prófastur Hannes Stephensen, og Helgi Helgason voru kjörnir í þá nefnd með 19, 17 og 13 atkvæðum.

Þá skoraði forseti á þingmenn að stínga uppá, hversu marga kjósa skyldi í nefnd um frumvarpið IX. Varaforseti hèlt, að ekki mætti til nefna færri enn 5, og urðu allir þingmenn á því; hlaut sýslumaður Blondahl 21 atkvæði, varaforseti 20, Ólsen 19, Þ. Sivertsen 17, og Kr. Magnusen 13.

Þá las forseti upp úrskurð konúngs fra 10. Novbr. 1844, um það að alþíng skyldi segja álit sitt, hver lagaboð af þeim, sem komin eru út handa Dönum árin 1839—1844, ættu að lögleiðast á Íslandi, og minntist hann á titla þessara lagaboða.

Kandidat Jón Sigurdsson: Eg verð að spyrjast fyrir um, hvort ekki hafi verið send língað til lands nú í vor dönsk lagaboð frá því enu sama árabili, sem þessi, er nú voru fram lögð, ásamt venjulegri íslenzkri útleggíngu, til þess þau yrðu lögleidd hèr á landi, án þess að þíng þetta væri kvadt til ráðaneytis um þau.

Forseti: Það er venjulegt, að hin konúnglegu stjórnarráð, og sèrílagi kansellíið, senda amtmönnum öll almenn lagaboð, sem koma út handa Danmörku, og að amtmenn aptur senda þau sýslumönnum, til þess embættismönnum landsins verði kunnar enar helztu breytíngar í hinni almennu löggjöf. En að því, er viðvíkur löggjöf Dana um almenn sakamál, þá er slík löggjöf með berum orðum löggyld hèr með tilskipun frá 24. Jan. 1838; er það því eðlilegt, að þesskonar lagaboð, er hafa verið gefin út síðan, hafa verið send hingað svosem gyldandi eptir áðurnefndri tilskipun. Að öðru leiti er hlutaðeigendum lagt í sjálfsvald, að semja og leggja fyrir alþíng uppástúngu um, að sakmálalög Dana verði hèr eptir lögð undir álit alþíngis, áður enn þau öðlist lagagyldi, eins og nú er farið að með önnur lagaboð, þau er áhræra borgaraleg rèttindi manna.

Kandidat Jón Sigurdsson: Svar forseta fullnægir mèr ekki í þessu máli, því eg ætla, að tilskipanin frá 1838 sè með öllu ógyld um þetta atriði, eptir að konúngur hefir veitt oss alþíng. Hann hefir lofað, að kveðja þíng þetta til ráðagjörðar um lagafrumvörp þau, sem snerta rèttindi manna, og þess vegna einnig sjálfsagt um þau, sem snerta rèttindi sakamanna. Mèr virðist fullkomin nauðsyn á, að þíngið leiti rèttíngar á þessu máli.

Adstodarmadur konúngsfulltrúa: Í tilliti til þess, sem hinn virðulegi alþíngismaður frá Ísafjarðarsýslu hefir stúngið uppá, að tilskipanir þær, sem tala um óbótamál og meðferð þeirra, og sem eptir tilsk. frá 24. Jan. 1838 hafa lagagyldi hèr á landi, með þeim breytíngum, er segir í 2. og 3. grein þessarar tilskipunar, ættu að leggjast fyrir alþíng, verð eg að geta þess, að slík uppástúnga, sem bæði er yfirgripsmikil og áríðandi, einganveginn getur orðið rædd að eins lauslega (*incidenter*) jafnframt þessu málefni, heldur verður hún, ef henni verður á flot farið, að vera sem uppástúnga, og verða rædd sem málefni fyrir sig, eptir því sem mælt er í 62. grein alþíngistilskipunarinnar.

Assessor Johnsen gjörði þá athugasemd, að tilskipun frá 24. Jan. 1838, 1. gr., mundi verða að breyta, og þar um að gjöra uppástúngu, áður enn því yrði farið fram, að leggja nýjar löggjafir um sakamálefni undir álit alþíngis.

Adstodarmadur konúngsfulltrúa var þessu samþykkur.

Kandidat Jón Sigurðsson kvaðst og mundi fús á, að koma fram með uppástúngu í því efni, ef einginn gæfi sig fram til þess annar, sá er færari væri.

Þá vakti forseti enn máls á því, hvort þíngmönnum þætti ekki bera nauðsyn til, að nefnd manna væri kjörin til að segja álit sitt um, að hve miklu leiti tèð lagaboð skyldu ná gyldi á Íslandi, og kvað varaforseti mikla nauðsyn á því, og að 5 menn væru til kvaddir; fèllust einnig flestir þíngmenn á það, og voru þá valdir: varaforseti með 22, sýslumaður Blondahl með 20, assessor Johnsen með 19, assessor Jonassen með 14, og kandidat Jón Sigurðsson með 13 atkvæðum.

Forseti tók því næst fram tvo konúngsúrskurði: annann frá 23. Apr., og hinn frá 16. Maí þ. á.; þeir eru þannig látandi:

1) úrskurður frá 23. Apríl:

"Vèr leyfum allramildilegast, að kostnaður sá, er geingur til þíngfararkaups og daglauna handa fulltrúa Vorum á alþíngi, sem og til ymsra útgjalda, er staða hans leiðir með sèr, einnig til þíngfararkaups og daglauna handa aðstoðarmanni hans — en sá maður skal fá 3 rbd. dag hvern í kaup — og loksins til að kaupa hin fyrstu húsgögn og áhöld handa alþínginu, megi greiðast af jarðabókarsjóði Íslands, án endurgjalds til hans.

En að öðru leiti viljum Vèr hafa fulltrúa Vorum á hendur falið, að skora á alþíngismenn, að þeir allraþegnsamlegast semji álitsskrá um það, hvaðan taka skuli fè, bæði til útgjalda þeirra, sem nefnd eru í tilsk. 8. Marz 1843, gr. 79. atr. 1., svo og til annars kostnaðar, er alþíngi hefir í för með sèr, t. a. m. kaup handa hjálparmönnum skrifaranna, aðrar skriptir við alþíngið, útgjörð og prentun alþíngistíðinda og fleira þesskonar."

2) úrskurður frá 16. Maí:

"Vèr viljum allramildilegast, að fulltrúi Vor á alþíngi Íslendínga leggi á sumri þessu undir álit alþíngismanna, hvort þeir — til þess að aðstoðarsjóður sá, Íslandi til handa, sem stofnaður var með allrahæstum úrskurði 25. Júlí 1844, geti orðið að vöxtum aptur það, sem hann í upphafi var, nl. 23,665 rbd. 24 sk., áður enn allrahæstur úrskurður frá 2. degi þ. m. ákvarðaði, að af honum skyldi taka 11,000 rbd., til þess að lokið yrði til fulls og alls smíði skólahússins í Reykjavík, og sú niðurskipan gjörð,

sem fyrst þyrfti með — mættu finna ástæðu til, að sjóðurinn feingi aptur þá viðbót, er á vantar, með því móti, að niðurjöfnun yrði gjörð á allt landið, og felum Vèr háskóla- og skólastjórnar-ráði Voru á hendur, að skýra fulltrúa Vorum frá þessu efni, og gjöra honum kunnugt, að hann selji oss til handa álitsskjal það, er alþingismenn semja um þetta mál."

Forseti stakk uppá, að málefni þessi væru látin liggja á lestrarsalnum til næsta dags, áður nefnd væri kjörin í þau, þar menn mundu naumast vera búnir að kynna sèr þau til hlýtar.

Varaforseti kvað nú nefndir kjörnar í dag í ekki færri málefni enn 10, og mundu flestir í þær kvaddir, er þingmenn hefðu helzt traust á til þeirra starfa, en margir í fleiri enn eina; áleit hann því ekki gjöranda, að kjósa nefndir í fleiri málefni að sinni.

Sleit þá forseti fundi.

3. Júlí — þriðji fundur.

Allir á þingi. Þingbók frá 2. fundi lesin og samþykkt.

Konúngsfulltrúi tók til orða og mælti: Viðvíkjandi þingstörfum þeim, er í gær fóru fram, og sem rituð eru í þingbókinni, finn eg mèr skylt að gjöra nokkrar athugasemdir um fáein atriði, þó eg að öðru leiti skýrskoti til þess, er aðstoðarmaður minn hefir sagt; hafði eg, samkvæmt alþingistilsk. 41. grein, falið honum á hendur, að vera á þinginu, meðan verið væri að kveðja menn í nefndir.

Þegar ein nefnd, er alþingið hefir kjörið til að rannsaka eitthvert málefni, heldur, að hún þurfi til aðstoðar einhvern af þingmönnum, sem ekki eru í þeirri nefnd, getur hún að sönnu, eptir 65. gr. tilskipunarinnar, beiðzt þess, að einhverjum þingmanni verði enn fremur bætt við nefndina; en þessi ákvörðun greinarinnar gjörir þó ráð fyrir því, að nefndin hafi komið sèr saman um það, að bera slíka beiðni fram fyrir alþingið, og þess vegna álít eg það hagga rèttri reglu, að hver einstakur nefndarmaður, þegar nýbúið er að kjósa hann í nefnd, beiðist, og það áður enn nefndin hefir átt fund og lagt ráð sín saman, að einhver af þingmönnum verði til kvaddur að gánga í þá nefnd. Að öðru leiti álít eg sjálfsagt, bæði það, að sèr-

hver alþingismaður, þó ekki sè hann kvaddur í nefnd, muni verða fús til að gefa nefndunum utanfundar allar þær bendíngar og skýrslur, sem hann er fær um, svo og hitt, að sá þíngmaður, sem eitt sinn, eptir beiðni nefndarinnar, er af þínginu kvaddur í hana, gángi til starfa með henni með sömu rèttindum og skyldum, sem hinir aðrir í þeirri nefnd, svo hann jafnvel getur orðið framsögumaður nefndarinnar. Jafnvel þó eg enn fremur einganveginn vilji koma með útleggíngar líkra ákvarðana, sem menn á hinum dönsku fulltrúaþíngum hafa fallizt á, í því skyni að þær skuli vera fyrirmynd eður föst regla fyrir þennan þíngheim, þá get eg ekki annað enn getið þess, að samkynja ákvörðun í tilskipun um fulltrúaþíng Dana hefir ætíð verið skilin af þíngmönnum þar á þá leið, sem eg sagði áðan, og minnir mig ekki betur, enn að það hafi einmitt viljað svo til, að sá maður, sem seinna var kvaddur til viðbótar í eina nefnd, hafi verið kjörinn til að vera framsögumaður hennar.

Með tilliti til þess, sem alþingismaður Ísfirðínga hefir sagt um tilskipanir þær um rèttargáng í sakamálum og refsíngu sakamanna, sem, samkvæmt tilsk. 24. Jan. 1838, er snarað á íslenzku sem lögum hèr á landi, get eg þess, að eins og eg að einu leiti ekki get fundið í minnsta máta að því, þó þess verði löglega beiðzt á alþíngi, að áðurnefndri tilskipun verði breytt, nú þegar Ísland hefir feingið ráðgjafaþíng sèr, svo verður að hinu leitinu hver einn að játa, að meðan þeirri tilskipun er ekki breytt, væri það óhlýðni við þau lög, sem enn gylda, en sem kansellíinu vissulega ekki mun verða á, ef það skeytti ekki um að útleggja á íslenzku og senda híngað tilskipanir þær um sakamenn, sem síðan hafa komið út, og eptir tilskipuninni frá 1838 eru einmitt sjálflöggyltar hèr á landi.

Að lyktum verð eg, að svo miklu leiti, sem þessi hinn sami virðulegi alþíngismaður hefir sagt, þegar tilrædt varð um þakklætisskrá til Hans Hátignar Konúngsins eptir uppástúngu hins háttvirta forseta, að nefnd sú, er valin var, yrði að bera fram óskir landsmanna um þau málefni, er þeim þætti mest umvarðandi, einúngis að hafa það upp aptur, að eg einmitt með tilliti til efnis þessarar uppástúngu, sem segir, að skráin skuli einúngis vera þakklætisskrá, hefi látið mèr það lynda, þó menn vikju lítið eitt frá lögboðinni aðferð, þegar þetta mál var borið upp, og þareð alþíngið hefir einga ráðstöfun gjört um það, þegar nefnd var sett til að íhuga málið, að skrá-

in skyldi vera annars efnis, enn uppástúnga hins háttvirta forseta, svo álít eg það sjálfsagt, að skrá þessi geti ekki gjört sèr að umtalsefni annað enn það, sem er í uppástúngunni; einúngis bæti eg því við, að orð sjálfrar uppástúngunnar: "ávarpið virðist mèr í þetta fyrsta skipti ei passanlega geti innihaldið annað, enn skylduga og lotníngarfulla þakklætisviðurkenníngu um konúngsins umhyggju og viðleitni á, að laga þetta þjóðarþíng" o. s. fr., bera það með sèr, að hinn háttvirti höfundur álítur það ekki eiga vel við, að skráin verði annars efnis enn þess, að þakka konúnginum, og nefndin tæki sèr þá aðra sýslu á hendur, sem væri öldúngis gagnstæð ætlun höfundarins, ef hún færi einnig að fást við það, að búa sig undir að bera upp ymsar óskir þær, er verið getur að hreifi sèr hjá þjóðinni.

Forseti kvaðst verða að játa, að hann fèllist að öllu leiti á það, sem konúngsfulltrúi hefði þegar sagt um skyldur og rèttindi þeirra manna, sem einhver nefnd bæði um sèr til aðstoðar við meðferð og yfirvegun einhvers málefnis, og ætlaðist hann því til, að þetta yrði regla í því tilliti eptirleiðis.

Varaforseti sagðist með þessu ekki sjá, að hann, sem nú væri kosinn í fleiri nefndir, gæti gegnt skyldum sínum sem aðstoðarmaður nokkurrar nefndar, hverju assessor Johnsen aptur svaraði á þá leið, að þó hann yrði að fallast á það, sem konúngsfulltrúinn og forseti þegar hefðu sagt um skyldur og rèttindi aðstoðarmanna í nefndunum, vonaði hann þó, að varaforseti mundi ekki skorast undan að láta þá hjálp í tè, sem mælzt hefði verið til af honum.

Kandidat Jón Sigurdsson mælti, að þar hann væri þeirrar meiníngar, að nefndirnar, þegar svona stæði á, mættu kjósa sjálfar menn af þínginu sèr til aðstoðar, og þíngið að eins legði samþykki sitt á, en einganveginn sjálft kysi þessa aðstoðarmenn, svo leiddi þar af, að þessir menn gætu ekki haft sömu rèttindi og skyldu á hendi, og nefndarmenn sjálfir.

Konúngsfulltrúi: Eg ætla, að það muni ekki vera svo erfitt að hrinda því, sem hinn virðuglegi alþíngismaður Ísfirðínga sagði fyrir skemmstu. Þar sem svo er tekið til orða í niðurlagi 65. gr. í alþíngistilskipuninni: "nefndin má og beiðast þess á þínginu, að einhver meðlimur enn fremur verði í hana nefndur", þá verður það ekki skilið á annann veg, enn einmitt eins og þar hefði verið komizt svo að orði, að nefndin geti beðið

þingið um, að það kveðji í þá nefnd einhvern þingmanna auk þeirra, sem búið er að kjósa, og orðin „enn fremur“ sýna án efa, að sá maður, sem við hefir bætzt, er tekinn til jafns við og á að sæta sömu kjörum, sem hinir, er áður voru kvaddir í nefndina; að kvaðningu hans er eins hagað, sem hinna: að þingið gjörir það sjálft, en nefndin ekki. Eg get heldur ekki séð, að menn geti réttilega skilið lagagreinina á annann veg, því að öðrum kosti gæti það verið á valdi nefndarinnar, ef hún skeytti ekki um ákvarðanir þær, sem þingið hefir gjört, að taka í sína þjónustu tíð og erfiði þeirra alþingismanna, sem þingið hefði ekki kvadt í nefndina.

Forseti sagðist ætla, þegar nefnd nokkur beiddi um einhvern af þingmönnum, til að liðsinna sèr í meðferð einhvers málefnis, að skjóta því til þingsins, að nefna þennan aðstoðarmann, til að taka sæti í þeirri nefnd, sem hlut ætti að máli. Því næst skoraði hann á þingmenn, að þeir vildu kjósa nefnd, til að íhuga það í gærdag fram lagða málefni, viðvíkjandi því, hvort þeir 11,000 rbd., sem aðstoðarsjóðurinn hefði lagt út til byggingar skólanum, yrðu endurborgaðir tèðum sjóði með niðurjöfnun á landið, og þá með hverju móti þessu yrði bezt til hagað.

Johnsen assessor sagði, að ekki veitti af 5 manna nefnd til að íhuga þetta vandamál, og var meiri hluti þingmanna honum í þessu samdóma; var þá leitað atkvæða, og lentu flest atkvæði á þessum: kand. Jóni Sigurðssyni 17, Johnsen assessori 15, prófasti Stephensen 13, sýslumanni Blondahl 12, og umboðsmanni Jóni Guðmundssyni 10.

Að því búnu var, eptir fyrirmælum forseta, kosin nefnd í málefninu um, hvernig jafna skyldi niður á landið kostnaði þeim, sem ris af alþingi; voru 5 menn kosnir í þá nefnd: kand. Jón Sigurðsson með 17, umboðsmaður Jón Guðmundsson með 11, umboðsmaður Þ. Sivertsen með 10, prófastur Stephensen með 10, og skólaráðsmaður Thomsen með 8 atkvæðum.

Því næst bar forseti upp, að skorað væri á alþing að láta álit sitt í ljósi um, hversu mikið kjörstjórum og meðhjálparmönnum þeirra hèr á landi bæri fyrir ferðakostnað og fæðispeninga við kosningarnar til alþingis; bar hann undir þingmenn, hvort þetta málefni ætti ekki að afhendast til meðferðar nefnd þeirri, er í næst undangeingnu málefni hefði verið

kosin; en við þetta væri þó að athuga, að þetta málefni þyrfti að íhugast útaf fyrir sig. Yrðu þingmenn ekki á þessu, heldur álitu, að málefnið yrði að koma undir aðra nefnd, bað hann þá fyrst að ákveða, hversu margir ættu að sitja í nefndinni, og því næst að ákveða, hverjir fyrir því ættu að verða, um leið og hann lèt þess getið, að nokkrir fleiri bændur, er á þinginu sætu, mundu vita góða grein á þessu máli, og því vera vel tilfallið, að þeir ættu að nokkru leiti þátt í meðferð þessa máls í nefnd. Eptir að sýslumaður Blondahl hafði gjört uppskátt, að ekki mundu nægja færri enn 5 til að fara með þetta mál, var leitað atkvæða, og voru þeir sýslumaður Blondahl og Jón bóndi Samsonsson hvor með 10 atkvæðum, umboðsmenn Ólsen, Þ. Sivertsen og Jón Guðmundsson, hver með 9 atkvæðum, kosnir í nefndþessa. Því næst sagði forseti fundinum slitið.

4. Júlí — fjórði fundur.

Allir á þingi. Þingbók frá þriðja fundi lesin og samþykkt.

Forseti tjáði þinginu, að bænarskrár um bót á kjörum prestanna væru til sín komnar frá Suðurþingeyjarsýslu, Dalasýslu og Rángárvallasýslu; lagði hann skrár þessar fram og stakk uppá, hvort ekki mundi rèttast, að afhenda þær nefnd þeirri, er kjörin var til að rannsaka frumvarpið um reglugjörð frá 1782. Prófastur Halldór Jónsson sagði, að bænarskrár þessar væru nokkuð á annann veg enn frumvarp það, er nefndinni væri falið, og mundi þess því þörf, að nýrri nefnd væru falin þessi skjöl til yfirvegunar; studdi Ólsen það mál. Varaforseti kvaðst verða að álíta, að skjöl þessi ætti einnig að afhenda nefndinni, því þau sèu að sínu áliti sama eðlis og álræri sama málefni, og væri ný nefnd kjörin, mætti svo fara, að álit þeirra færist á mis, en það mætti því síður vera, sem hvortveggja nefndin hefði sama málefni til íhugunar.

Prestur sèra Þorsteinn Pálsson: Eg verð að leyfa mèr að mæla í móti því, eins og þegar búið er, að kosin sè önnur nefnd til að íhuga þétta málefni sèr í lagi, sem er svo náskylt því fyrra, því mèr finnst það mega koma undir sömu nefndina. Bænarskrá sú, sem eg hefi lagt fram úr Suðurþingeyjarsýslu, miðar eins til beggja málefnanna, er hún beiðist þess, að tekjum presta og kirkna sè ekki umbreytt frá því, sem nú

er, síðan tilsk. 8. Marz 1843 kom, þángað til búið sè að finna rèttara útgjaldastofn, laga tíundarlögin, meta fasteignirnar, og enda virða brauðin, og þetta finnst mèr líka nauðsynlegt.

Konúngsfulltrúi kvað það gagnlegra, að skjöl þau, sem nú er rædt um, yrðu seld í hendur nefnd þeirri, sem kjörin var til að rannsaka lagafrumvarp um breytíngu reglug. 17. Júlí 1782, heldur enn að kjósa menn í nýja nefnd, því jafnvel þó bænarskrá sú, sem borin hefir verið upp um þetta mál, telji til yms atriði, sem eigi eru nefnd í lagafrumvarpinu, svo eru þó allmörg atriði í bænarskránni að öllu leiti hin sömu, sem í frumvarpinu, og mætti þá svo fara, að tveimur nefndum kynni að sýnast sitt hvorri um sama atriði, en slíkt mundi vafalaust bæði tefja og flækja fyrir þíngmönnum í störfum þeirra.

Forseti skaut þá undir atkvæði þíngmanna, hvort kjósa skyldi nýja nefnd, eður hvort skjölin að öðrum kosti skyldi afhenda nefndinni, og urðu 21 atkvæði á þessu.

Forseti las þá upp kafla úr brèfi alþíngismanns Skaptfellínga til sín, hvarmeð fylgdi álitsskjal nafnlaust frá einum prestanna í Vesturskaptafellssýslu um bót á kjörum prestanna; hèlt forseti ekkert væri því til fyrirstöðu, að skjal þetta væri afhent tèðri nefnd, enn þótt það bæði væri nafnlaust og alþíngismaðurinn segði, að sumt hvað í því væri þess eðlis, að hann gæti ekki að sínu leiti mælt fram með því; þar mæltu eingir þíngmenn í móti.

Halldór prófastur Jónsson kvaðst einnig hafa meðferðis skjöl nokkur um þetta efni, er hann hefði sagt forseta frá í gær, og spurðist fyrir, hvort hann mætti ekki afhenda þau skjöl nefndinni, án þess eptirrit væri gjört af þeim.

Konúngsfulltrúi: Eg ætla, eptir því sem nú er ástatt, að þar sè eingin ástæða til, eins og hinn virðulegi annar konúngkjörni þíngmaður hinnar andlegu stèttar hefir mælzt til, að sleppa þeirri reglu, sem gefin er í 62. grein alþíngistilsk., því þó eptirrit skjala þeirra, sem um er rædt, fáist ekki í dag, geta þau líklega feingizt að fárra daga fresti, án þess það þurfi að tefja menn í störfum. Fyrir því get eg ekki leyft, að lögboðinni reglu sè sleppt, þó eg hinsvegar, eptir því sem þessu máli hagar til, fyrir mitt leiti ekki hefði álitið það ísjárvert.

Forseti hèlt, að nefndunum mundi ekki verða um, að það leyfðist og mætti gángast við, að alþíngismennirnir færðu þeim

eptir á, hvenær sem þeim litist, ný og ný skjöl viðvíkjandi málefnum, er falin væru þeim til meðferðar. Umboðsmennirnir Ólsen og Jón Guðmundsson kváðust sömu meiningar.

Varaforseti hèlt, að það mætti þó verða hindrunarlaust fyrir nefndirnar, ef slík skjöl væru afhent þeim innan tiltekinnar dagatölu.

Kandidat Jón Sigurðsson kvað það meiru varða í mikilvægum málefnum, að sem flest skýrteini feingjust þeim til stuðnings, svo þau yrðu sem fullkomlegast og bezt af hendi leyst, enn að því væri hraðað, að leiða þau til lykta.

Johnsen assessor hèlt, að þesskonar skjöl gætu ekki orðið afhent nefndunum nema á lögskipaðan hátt, eptir 62. gr. í löggjöfinni um alþíng.

Konúngsfulltrúi: Mèr virðist að það geti ekki átt við, að einskorða það við nokkurt fast ákveðið tímabil, hvenær skjöl skuli vera komin til handa nefndarmönnum. Þær bænarskrár eða uppástúngur, sem gjörðar verða að umtalsefni á þínginu, hljóta menn sjálfsagt að bera upp á þínginu, samkvæmt 62. gr. alþíngislaganna, og þá verður alþíng í hvert skipti að skera úr því, að hvað miklu leiti slíkum skjölum verður vísað til nefnda þeirra, sem þegar eru kjörnar; en í tilliti til annara skjala, sem kunna að fræða nefndirnar eður leiðbeina þeim, en sem ekki koma til umræðu á þíngi, verða nefndirnar sjálfar að ákveða, að hvað miklu leiti þær vilja taka við þeim eður hagnýta sèr þau, allt eptir því, hvað lángt þær eru á leið komnar með störf sín.

Forseti: Eg verð, með tilliti til þess, sem þegar er sagt, að álíta það gyldandi reglu framvegis, að afhenda skuli forseta öll skjöl, enn þótt þau sèu viðriðin þau málefni, er þegar eru nefndum falin, að svo miklu leiti þau innihalda ný atriði, er uppástúngumaðurinn ætlast til að skuli koma til umræðu í nefndunum og á þínginu, svo að slík skjöl verði lögð í lestrarstofuna alþíngismönnum öllum til yfirvegunar, áður þau eptir þíngsins ályktun eru feingin þeirri nefnd, er hefir til meðferðar það málefni, sem skjölin hníga að.

Forseti lagði þá fram bænarskrá frá Árnessýslubúum, um að löggylt yrði kauptún í Þorlákshöfn, og afhenti hana alþíngismanni Árnesínga, til að skýra þínginu nákvæmar frá innihaldi hennar; hann spurði þá, hvort betur mundi hlýða, að lesa þínginu allar bænarskrárnar eður einúngis ágrip þeirra, og

kvaðst hann að vísu vilja gjöra það, sem betur þætti hlýða, en sagðist þó ekki með öllu vera þess viss, að geta gjört svo nákvæmt ágrip af bænarskrá þeirri, er hèr ræddi um, sem þörf væri á, svo að eingu aðalatriði yrði sleppt.

Kandidat Jón Sigurðsson: Eg vil ekki mæla í móti að svo komnu, að bænarskrár verði lesnar hèr á þinginu, einúngis að ekki verði látin þar með fylgja sú regla, sem hefir verið höfð í Danmörku, að allt skuli prenta í þingtíðindum, sem upp er lesið á þinginu, því þeirri reglu verð eg öldúngis að mótmæla.

Konúngsfulltrúi: Eg fæ heldur ekki sèð, að nokkur nauðsyn beri til að allar þær bænarskrár, sem lesnar eru hátt í þingsalnum, verði prentaðar í alþingistíðindunum, þó þeirrar reglu hafi verið gætt á fulltrúaþingum Dana, því slíkt mundi gjöra tíðindin fjarska laung; að öðru leiti hygg eg, að hinn háttvirti forseti ætti fyrst að ráðgast um þetta efni við þingmenn þá tvo, er kjörnir voru til að standa fyrir ritun tíðindanna, og alþing síðan leggja sinn úrskurð á málið; en fyrir mitt leiti læt eg mig einu gylda, hvaða aðferð við er höfð í því tilliti.

Varaforseti: Mèr virðist ekki þörf að lesa hèr annað upp úr bænarskránum, enn ályktunarorð þau, er sèrhver bænarskrá hefir inni að halda, samkvæmt 62. gr. í alþingislöggjöfinni.

Forseti: Eg hlýt þó að álíta, að eptir alþingistilsk. sè að mestu leiti komið undir þeim, er leggjur fram bænarskrá nokkra, hve mikið eður lítið hann vill láta úr henni upplesa.

Assessor Johnsen las þá upp fyrir þinginu áðurnefnda bænarskrá frá 142 búendum í Árnessýslu, og mælti enn fremur:

Eg hefi sjálfur kynnt mèr landslagið við sjáfarsíðuna, og hvernig skipalegu þeirri hagar til, er beiðendur vænast að notuð verði við Þorlákshöfn, og eg hefi þannig sannfærzt um, að það, sem bænarskráin inniheldur hèraðlútandi, er satt og rètt. Þó brimrót verði töluvert í álandsvindi, eða með landsynníngi, þá er aptur höfnin svo stór og ummálsmikil, að skip, enda þegar svo stendur á, og einkum um sumartímann, með hægu móti munu geta bjargað sèr út fyrir tánga nokkurn, sem er að vestanverðu við legustaðinn og til skýlis mót útsynníngi, þareð skipin eins geta legið utarlega og við öllu búin á höfninni, sem innarlega. Eins eru mèr þau vankvæði kunnug við verzlunina á Eyrarbakka, sem drepið er á í bænarskránni, og ræður það að líkindum, að þar sem búendur sækja að úr

þremur svo fjölbyggðum sýslum, sem Árnes-, Rángárvalla- og Skaptafellssýslur eru, muni bæði landsmönnum verða seint gegnt af einum verzlunarstjóra, og líka opt verða skortur á vörum, þar sem í hæsta lagi tvö skip koma á ári, eða á að gizka 100 vörulestir; og er það ekki síður eðlilegt, að menn verði harðkeyptari á þessum verzlunarstað fyrir þá sök, að hann liggur svo fjarri öðrum kauptúnum, en það er hérumbil hálf önnur þingmannaleið frá Reykjavík og Hafnarfirði, yfir mikinn og erfiðan fjallgarð. En allir þeir, sem til þekkja, vita þar á móti, að mjög torvelt er að nálgast vörur frá Vestmannaeyjum, enda er þess einginn kostur, nema frá austurhluta Rángárvallasýslu, og verða Skaptfellíngar einnig að fara út í Eyjarnar þaðan eða úr Landeyjunum, þá sjaldan að þeir sækja þángað kaupstefnu.

Að öðru leiti þykir mèr það atriði einna mikilvægast, og bænarskránni einkum til styrkíngar, að einúngis eitt skip í senn getur legið nokkurnveginn óhult á Eyrarbakkahöfn, og að þess er einginn kostur, að þar verði verzlað við lausakaupmenn, en þar á móti er skipalegan við Þorlákshöfn einkar vel til þess kjörin, og er þá alllíklegt, að verzlunarkjör Árnesínga og nálægra hèraða mundu mjög svo batna, ekki einúngis á Eyrarbakka, heldur og í Þorlákshöfn, ef þar yrði sett kauptún, og lausakaupmenn feingju kost á, að bjóða föstum verzlunarmönnum þar byrginn, enda er atriði þetta einnig tekið fram í uppástúngu núverandi jústiziaríuss Sveinbjörnssonar til hins konúnglega rentukammers, dagsettri 8. Des. 1822, og er skjal þetta næsta meðmælt þessari bænarskrá. Að lyktum er það ósk mín og von, að bænarskrá þessi fái áheyrn hjá þínginu, og að 3 þingmenn, sem kunnugir eru, verði kosnir í nefnd, til að kveða upp álit sitt um hana; þó verð eg enn að geta þess, að bænarskráin er reyndar samin fyrir hönd, ekki einúngis Árnessýslu, heldur og Rángárvallasýslu innbúa, en þessir hafa þó ekki skrifað undir, og er það fyrir þá sök, að Rángvellíngar munu láta bera hèr upp á þíngi bænarskrá um verzlunarfrelsi, í hverri því er farið á flot, að útlendum þjóðum verði leyft að leggja hèr að landi, hvar helzt sem þeir fyrst koma, til að verzla við landsbúa, og leyfi eg mèr að skora á alþíngismann Rángvellínga, um að hann skýri þíngmönnum frá, að þetta sè einasta orsökin til þess, að þeir ekki hafi sett nöfn sín undir bænarskrána; en þaræð mèr á hinn bóginn virðist líta út fyrir,

að nefnd bænaratriði Rángvellinga muni eiga sèr leingri tíma til uppfyllingar af hálfu stjórnarinnar, enn hentar málefni því, er eg nú hefi þá æru að bera upp fyrir þínginu, svo virðist mèr ekki, að þetta atriði á nokkurn hátt geti verið eða ætti að vera því til tálma.

Læknir Skúli Thorarensen: Það, sem hinn virðulegi alþingismaður, er síðast mælti, skýrskotaði til mín um, verð eg að játa, að er satt í alla staði.

Forseti skaut því þar eptir til þíngsins, hversu marga skyldi til nefna í nefndina.

Stephán Jónsson kvaðst ætla, að málefni þetta mætti útkljá þegar á þínginu, án þess nefnd væri kjörin, en forseti vísaði honum til alþingistilsk., 63. greinar, og kvað þaðan ljóst, að nefndar þyrfti.

Varaforseti hèlt 3 manna nefnd nægja, eins og alþingismaður Árnesínga hefði viljað; að öðru leiti, sagði hann, þar sem hinn heiðraði alþingismaður Árnesínga hefir nýlega skýrskotað til brèfs frá mèr um það málefni, er hèr ræðir um og hann mælir með, þá hefir hann þar rètt að mæla, en með því eg þannig er búinn að kveða upp álit mitt um málefni þetta fyrirfram, hygg eg það ekki hlýða, að eg sè kjörinn í nefnd, þá er það skal íhuga.

Assessor Johnsen kvað þó varaforseta einkar vel fallinn í þessa nefnd, sakir þess hann væri öllum kunnugri því, hvernig á stæði, er hann hefði áður verið sýslumaður í Árnessýslu.

Forseti: Eg verð að taka það fram, að einginn einstakur alþingismaður kveði það upp, hverja þeir vilji helzt kosna í nefndir, heldur sè það allt látið vera á ráði þíngsins sjálfs, hverja það vilji helzt kjósa. Þíngmenn samþykktu allir, að þrjá menn skyldi kjósa í nefndina; var því næst geingið til atkvæða, og hlutu þeir: læknir Sk. Thorarensen 19, assessor Johnsen 14, varaforseti 12, og Jón Guðmundson 12 atkvæði, og rèði þá aldur með þeim 2 síðast nefndu (65. gr.), svo að varaforseti varð nefndarmaður.

Forseti lagði því næst fram bænarskrá frá Mýra- og Borgarfjarðarsýslum, um að löggylda kauptún í Straumfirði og Krossvík, og lásu hlutaðeigandi alþingismenn hvor um sig upp skrárnar, og mæltu fast fram með þeim; síðan skoraði forseti á þíngmenn, að kjósa nefnd í þessu máli, en prófastur Thordarsen hèlt, að þetta mál væri bezt að fela enni sömu nefnd, og þegar var kosin, og styrkti það mál Jón Guðmundsson, og stakk uppá,

að alþingismönnunum úr Borgarfjarðar- og Mýrasýslum væri bætt við nefndina, ef þetta að öðru leiti væri ekki gagnstætt réttri reglu.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að álíta það hagkvæmast, að hvorttveggja þetta málefni komist í hendur á nefnd þeirri, er kvödd var til ráða um verzlunarstað í Þorlákshöfn, því þegar rædt verður um öll þessi mál, verða menn sjálfsagt að aðgæta ymsar almennar athugasemdir og atriði viðvíkjandi því, að hve miklu leiti það sè æskilegt yfir höfuð að tala, að nýir kaupstaðir verði settir, þar sem skammt er til hinna eldri.

Það getur nefnilega ollað skaða kaupstöðum þeim, sem nú hafa staðið um hríð, og getur það sjálfsagt haft ill eptirköst fyrir verzlunina. Eg segi þetta ekki í þeim tilgángi, að menn skuli hugsa, að stjórnin sè ófáanleg til að fjölga kaupstöðum, sem eg einmitt ætla að ekki sè, heldur einúngis til þess, að benda mönnum til, að þegar rædt verður um þetta málefni, þá geta mætt mönnum þær almennu spurníngar, sem eiga jafnt heima í öllum þessum þremur málefnum, og sem þess vegna líklega fer bezt, að einni og sömu nefnd sèu á hendur falin.

Prófastur Hannes Stephensen kvaðst að sínu leiti ekki mæla í móti því, að þetta mál væri feingið nefnd þeirri til meðferðar, er kosin væri til að íhuga bænarskrána úr Árnessýslu.

Læknir Skúli Thorarensen sagðist ekki álíta þess þörf að svo stöddu, að bætt væri við nefndina fleiri meðlimum; einúngis vildi hann beiðast þess, að alþingismennirnir úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslum lètu nefndinni í tè allar upplýsíngar, sem þeir hefðu faung á, og kváðust þeir þess fúsir.

Assessor Johnsen æskti, að þeir væru þó til kvaddir og bætt við nefndina.

Konúngsfulltrúi: Mèr virðist að hèr sè talað um tvær spurníngar, og sè hvor annari ólík: fyrst um það, hvort alþíng eigi nú þegar að afráða að bæta mönnum við í nefnd þá, er Þorlákshafnar málefnið var feingið í hendur, nú eptir að verzlunarmálefnið á Akranesi og í Straumsfirði er feingið til rannsóknar þessari hinni sömu nefnd, og þarnæst um það, að hve miklu leiti nefndin, þegar hún hefir átt mót með sèr og er tekin til starfa, megi beiðast af þínginu, að einn eður fleiri menn, sem kunnugir eru landslagi, verði til kvaddir af þínginu að eiga þátt í störfum hennar. Vil eg því víkja því til hins

háttvirta forseta, hvort ekki ætti að leggja hina fyrri spurníngu undir úrskurð þíngmanna, og gjaldi þeir neikvæði við henni, þá verður svarið til hinnar síðari spurníngar að vera komið undir störfum nefndarinnar.

Forseti skaut því til atkvæða, hvort þínginu þætti þörf á, að mönnum væri bætt í nefndina nú þegar.

Kandidat Jón Sigurdsson sagði, að formaður nefndarinnar hefði getið þess, að ef alþíngismenn þeir, er báru upp bænarskrárnar, lètu nefndinni í tè þær upplýsíngar, er þörf væri á, þætti honum ekki þurfa að svo stöddu, að bæta þeim við nefndina, og því mundi ekki nú þegar þurfa að kjósa þá. Assessor Johnsen fèllst einnig á það, og Ólsen, og mælti enginn þíngmanna í móti.

Forseti skoraði á þíngmenn, að þeir segðu álit sitt um, hversu mart skyldi prenta af alþíngistíðindunum. Jón Sigurðsson kvað sèr virðast vafaminnst að fylgja því, er hinn mikilsvirði konúngsfulltrúi hefði byrjað, en hann hefði látið prenta af lagafrumvörpum konúngs 1000 exemplör; fèllust og allir þíngmenn á það, að svo mart skyldi prenta. Sagði þá forseti fundi slitið.

5. Júlí — fimmti fundur.

Forseti gat þess, að stiptprófastur Á. Helgason hefði látið sig vita, að hann gæti ekki í dag komið á fund.

Þíngbók frá fjórða fundi lesin og samþykkt.

Konúngsfulltrúi: Til athugasemdar fyrir nefndir þær, er þíngið hefir kvadt til þess að rannsaka lagafrumvörp þau, er stjórnin hefir lagt fyrir þíngmenn, og semja álitsskrár þær, er stjórnin hefir æskt að fá, vil eg geta þess, að hvað flest af þessum málefnum snertir, þá hefi eg í höndum talsverð skjöl, er skýra frá því, er áður hefir verið rædt um þessi mál, og æski hinar virðulegu nefndir, að kynna sèr skjöl þessi og fá þau hjá mèr, þá er eg fús á að ljá þeim þau.

Prófastur Halldór Jónsson mælti, að þar bætzt hefði við starfa nefndar þeirrar, er hann ætti þátt í, um lagfæríng reglugjörðarinnar frá 17. Júlí 1782, yrði hann að biðja um 2 aðstoðarmenn til að fara með það mál, og kvaðst mundu tilgreina þá menn, er hann vildi kjósa, eptir að þíngið hefði gefið leyfi til þess.

Forseti mælti, að í nefnd þessa væru þegar skipaðir 5 menn, sem væri það mesta er leyft væri, en eigi að síður mætti það atvikast svo, að sanngjarnt væri að auka einhverja nefnd þannig, sem mælzt væri til af prófastinum, og kvaðst hann því ekki vilja mæla á móti bæn hans.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að geta þess, að eg álít það bæði þarflegast og samkvæmast 65. gr. alþíngislaganna, að nefnd sú, er beiðist þess að bætt verði við sig mönnum, nefni sjálf þá menn á nafn, er hún vill að alþíngið kveðji til liðs við sig.

Prófastur Halldór Jónsson tilgreindi þá umboðsmann Jón Guðmundsson og assessor Jonassen, og lèt þá forseti gánga til atkvæða um það, hvort þessir menn ættu að taka þátt í störfum með nefndinni, og var því synjað með atkvæðafjölda.

Prófastur Halldór Jónsson kvað sèr virðast þessi aðferð nokkuð frábrugðin þeirri, er áður hefði verið fylgt, en forseti svaraði, að hann efaðist ekki um, að hver helzt þíngmanna, sem beðinn væri um liðsinni í meðferð einhvers málefnis, mundi fúslega láta alla þá aðstoð í tè, sem hann væri fær um úti að láta.

Forseti lagði fram bænarskrá frá Snæfellsnessýslu um ríkun í kjörum hreppstjóra, og var hún feingin í hendur alþíngismanni þaðan, sýslumanni Magnusen, að hann tæki fram atriði þau, er bænarskráin inniheldur; þetta gjörði hann einnig, og lèt þess getið, að þar bænarskrá þessi ekki gjörði neina uppástúngu, ætlaði hann að gjöra hana, og hneig hún að því, að hreppstjórum yrði launað annaðhvort úr sveitasjóðunum, eða úr ríkissjóðnum.

Kandidat Jón Sigurðsson spurði forseta, hvort eigi væri komnar neinar bænarskrár um stjórn sveitamálefna á Íslandi. forseti svaraði á þá leið, að til sín væru komnar bænarskrár um breytíng á fátækrareglugjörð frá 8. Janúar 1834, sem nú þegar yrðu bornar upp fyrir þínginu.

Stephán hreppstjóri Jónsson sagði, að hann yrði að vera meðmæltur frumvarpinu, en hann yrði þar á mót að verða því mótfallinn, að hreppstjórar feingju laun úr sveitasjóðunum.

Hreppstjóri Eyjólfur Einarsson mælti: Eg verð að vera á sama máli og hreppstjóri Stephán Jónsson, því auk þess, að sveitasjóðirnir eru ekki færir um að láta neitt af hendi við hreppstjóra, mundi slík ákvörðun ekki auka á vinsældir þeirra;

þar að auki hefðu þeir yfirhöfuð ekki vinsældum að farga hjá almenníngi.

Ásgeir Einarsson sagðist hafa meðferðis bænarskrá um sama efni, og í henni væri gjörð beinlínis uppástúnga, nema hvað ekki væri til tekið, hvaðan taka ætti þau umbeðnu laun.

Konúngsfulltrúi: Þareð hinn virðulegi þíngmaður, er borið hefir upp þetta bænarskjal, hefir bætt við það skýlausri uppástúngu, er ekki stóð í sjálfu bænarskjalinu, svo virðist mèr sem þeirri fyrirstöðu sè burtu kippt, sem að öðrum kosti mundi mæta manni í 62. gr. þínglaganna.

Forseti skoraði á þíngmenn að leysa úr því, hvort nefna ætti nefnd eða ekki, til að rannsaka þetta málefni, eða geyma það til þess, að búið væri að taka fram næsta málefni og var það samþykkt.

Konúngsfulltrúi: Eg vildi bera það undir hinn háttvirta forseta, hvort ekki mundi mega skjóta því á frest að kjósa menn í þessa nefnd, þángað til málefnið um breytíngar í fátækramanna-reglugjörðinni verður borið upp, í því skyni, að sú hin sama nefnd, eins og forseti áður hefir látið í ljósi, feingi hvorttveggja málefnið í hendur.

Forseti svaraði, að hann ekki fyndi ástæðu til þess, og það því síður, sem þessi málefni væru óliks eðlis.

Konúngsfulltrúi: Það var eigi heldur ætlan mín, að það væri nokkur sèrleg ástæða til þess, að sama nefndin tæki að sèr bæði þessi málefni, en eg ætlaði einúngis að benda til þess, að það mundi líklega ekkert vera því til tálmunar, að þá yrði fyrst kjörin nefnd, þegar búið væri að bera upp hvorttveggja málið, jafnvel þó þíngmenn kynnu að verða að lyktum ásáttir á það, að kjósa skyldi sína nefnd handa hvorju máli fyrir sig.

Forseti svaraði, að það yrði að standa við svo búið, þareð þíngið hefði ályktað, að nefnd skyldi kjósa.

Eptir að því næst hafði verið leitað atkvæða um, hversu margir ættu að vera í þessari nefnd, og flest atkvæði höfðu haldið með 3. manna nefnd, var sýslumaður Magnusen kosinn með 11, Blondahl með 7, og umboðsmaður Þ. Sivertsen með 6 atkvæðum.

Assessor Johnsen spurði, hvort þessi nefnd mundi rètt kosin eptir 65. grein, samanbr. 48. gr., þareð einn nefndarmanna hefði að eins 6 atkvæði. Varaforseti hèlt rètt mundi

kosið, enda yrði að öðrum kosti mesta tímatöf, þareð þá mundi opt þurfa að kjósa upp aptur.

Forseti sagðist skilja þá tilvitnuðu lagagrein þannig, að flest atkvæði réðu lyktum.

Assessor Johnsen skoraði á konúngsfulltrúa, að segja álit sitt um þetta mál.

Konúngsfulltrúi: Því verður að sönnu ekki neitað, að sumt mælir með því, sem hinn virðulegi alþingismaður fyrir Árnessýslu hefir sagt um vafasemi greinarinnar, þareð kosníng nefndarmanna getur orðið nokkuð undir tilviljun komin, þegar svo fá atkvæði, eins og nú sýndi sig, skapa nefndarmann; gæti atkvæðatala sú, ef til vildi, orðið enn minni, svo einn yrði valinn í nefnd með mjög fáum atkvæðum. Allt um það verð eg, samkvæmt efni og orðaskipun 65. greinar, að vera samdóma hinum háttvirta forseta, þareð greinin gefur þá skýlausu reglu, að þeir, sem fá fleiri atkvæði enn nokkur annar, skuli álítast kjörnir í nefndina, og bending sú, sem við er bætt, til hinnar 48. gr. ("annars á hèrmeð að fara eptir þeim sömu reglum, sem í 48., 50. og 52. gr. eru fyrirskrifaðar") sýnist þess vegna að snerta alla hina aðra aðferð, auk þessarar, þegar verið er að safna atkvæðum.

Assessor Johnsen: Eg er ánægður með þessa útskýríng konúngsfulltrúa og forseta; eg skaut þessu atriði einúngis þess vegna til úrskurðar, af því mèr virtist greinin nokkuð vafasöm, og þenman vafa ætti að taka af sem fyrst.

Forseti bar því næst upp bænarskrá frá Borgarfjarðar- og Rángárvallasýslum, um breytíng á fátækra reglugjörðinni. Kandidat Jón Sigurdsson sagðist ætla, að þetta mál ætti að afhenda til meðferðar nefnd þeirri, sem hefði málefnið um ríkun í kjörum hreppstjóranna til meðferðar, og sagðist sýslumaður Magnusen, ef svo yrði, ætla að biðja um 2 aðstoðarmenn í nefndina. Umboðsmaður Jón Gudmundsson sagði: Eg ætla þíngið hafi því að eins kvadt 3 menn í nefnd þá, er íhuga á málið um ríkun í kjörum hreppstjóranna, að það hafi ætlað henni einúngis það mál til meðferðar.

Forseti skaut því til þíngsins að skera úr, hvort ætti að kjósa, eða málið skyldi falið á hendur hinni fyrri nefnd. Urðu flest atkvæði á því, að 3. manna nefnd ætti að kjósa, og voru í hana kjörnir: Blondahl sýslumaður með 12, Stephensen prófastur með 10, og umboðsmaður Þ. Sivertsen með 8 atkvæðum.

Forseti gat þess, að umboðsmaður Jón Guðmundsson hefði feingið sèr bænarskrá frá innbúum Suðurþíngeyjarsýslu, áhrærandi rèttindi landsdrottins og leiguliða innbyrðis, selaveiði í nótum, skot, landhlut o. s. frv. Var bænarskrá þessi feingin flutníngsmanni, að hann tæki fram hin helztu atriði hennar; en jafnframt veik forseti þeirri spurníngu að konúngsfulltrúa, hvort ekki ætti að skipa nefnd manna hèr í landi til að íhuga landbúnað, og meðal annars rèttindi landsdrottna og leiguliða innbyrðis, og ef svo væri, mundi bænarskrá þessi bezt falin slíkri nefnd til meðferðar.

Konúngsfulltrúi: Því er svo varið, eins og hinn háttvirti forseti drap á, að Hans Hátign Konúngurinn hefir falið mèr á hendur að kalla menn í nefnd, er á að segja álit sitt um landbúnaðarlögin, um skattamálið, um rekagögn manna og veiðilög, áður enn stjórnin leggur nokkurt lagafrumvarp þar að lútandi fyrir alþíng. Þó eg nú ekki hafi köllun til að skylda þessa nefnd til að takast þetta málefni á hendur, þá er það þó ætlan mín, að þegar sú tíð er komin, að nefnd þessi verður skipuð, og hún fyndi, að málefnið væri nógu náskylt störfum hennar, þá muni ekkert verða því til fyrirstöðu, að nefndin taki einnig þetta mál til íhugunar. Að öðru leiti vil eg geta þess, að skyldu menn vilja, að þessi aðferð yrði við höfð, þá mun það naumast eiga svo vel við, að málinu verði nú skotið til alþíngis, því þar af leiðir, að þíngið verður að senda það, ásamt með álitsskjali sínu, til konúngs, og verður þess þá ekki von þaðan aptur til nefndarinnar, fyrr enn einhvern tíma á útmánuðum í vetur er kemur; verð eg því að álíta það gagnlegra, að alþíngismaður sá, er hafði þetta mál meðferðis, selji það í hendur nefnd þeirri, sem nú hefir verið rædt um, heldur enn að alþíng fari nú að hreifa við því, jafnvel þó eg enganveginn geti ábyrgzt það, að nefndin taki málið að sèr, þareð eg hefi ekkert vald til að skylda hana til þessa starfs.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson tók þá bænarskrá þessa aptur.

Forseti skýrði þínginu því næst frá, að til sín væri komin bænarskrá frá fulltrúa Strandasýslu, um forboð gegn selaskotum, og mælti nefndur fulltrúi fastlega fram með því, að þíngið gæfi bænarskrá þessari gaum, þareð mál þetta, að því er honum sýndist, væri miklu varðanda.

Forseti sagði: Þetta mál virðist náskylt því, sem næst á undan var rædt um, og mundi því bezt falið nefnd þeirri, er konúngsfulltrúinn á að setja, og áður er um getið.

Umboðsmaður R. Ólsen sagðist óska, að nefnd væri kosin í málinu, og það því heldur, sem hann hefði frá Húnavatnssýslu líkt mál til framburðar hèr á þínginu.

Forseti skaut því til þíngsins úrlausnar, hversu máli þessu ætti að haga, eða hvort ætti að afhenda það þeirri umgetnu nefnd, um leið og hann gat þess, að honum virtist ekki vera í bænarskrá þessari nein ný atriði, heldur að mestu leiti ítrekun opins brèfs frá 1. Marz 1843.

Konúngsfulltrúi: Mèr virðist þó, að þetta mál sè nokkuð einstaklegt, og eg óttast, að ef mörg þess kyns málefni koma, sem menn vildu vísa frá sèr til nefndarinnar, kynni henni máske að þykja sèr ekki vera það skylt, að taka þau til íhugunar, þó eg fyrir mitt leiti fyndi ekkert að því.

Var þá að forseta fyrirmælum leitað atkvæða um, hversu fara skyldi með málefni þetta, og varð sú ályktun, að það gæti ekki tekizt til greina af þínginu.

Forseti skýrði frá, að til sín væri enn fremur komin bænarskrá frá þíngmanni Mýrasýslu, um það að þíngstaðir þeir, er áður hefðu verið 10 í sýslunni, en nú væri fækkað eptir konúngsúrskurði til 4, yrðu aptur skipaðir hinir sömu. Skýrði forseti þínginu frá, hvernig til hefði geingið með fækkun þíngstaðanna, og að hann, þegar frumvarp frá sýslumanni hefði komið til sín sem amtmanns í vesturamtinu, hefði skipað honum að leggja málið undir álit hreppstjóra og allra merkisbænda í sýslunni; eptir því hann minnti til, hafi og hreppstjórarnir látið álit sitt í ljósi, og verið að mestu leiti meðmæltir uppástúngunni; að öðru leiti sè honum, sem hlutaðeigandi amtmanni, kunnugt, að allur þorri Mýrasýslubúa uni illa breytíngunni, og eptir seinna feingnum upplýsíngum í málinu, virtist honum og sjálfum mart að mæla með hinni upprunalegu þíngstaðaskipun og tölu; skaut hann því þareptir til alþíngis, hvort kjósa skyldi nefnd í þetta mál, og var þriggja manna nefnd kjörin, og í hana nefndir: Helgi hreppstjóri Helgason með 21, prófastur Hannes Stephensen með 16, og umboðsmaður Þorvaldur Sivertsen með 13 atkvæðum.

Forseti bar því næst fram bænarskrá, sem hann kvað til sín komna frá þíngmanni Snæfellsnessýslu, og er rituð af

ábúendum Skógarstrandar umboðsjarða, um það, að alþíng hlutist til, að þeir þurfi ekki að greiða landskuldir nè leigur af ábúðarjörðum þeirra í peníngum eptir verðlagsskránni, nema máske að einum sjöttúngi. Forseti gat þess jafnframt, að sèr sýndist, að málefni þetta í raun rèttri bæri undir hlutaðeiganda yfirvalds og stjórnarráða, en ekki alþíngis, atgjörðir og meðferð, og fèllst flutníngsmaður frumvarpsins á það álit forseta; þíngið aðhylltist og þetta, og fèll málið með því.

Að því búnu bar FORSETI upp bænarskrá með 24 undirskrifuðum nöfnum, er honum var til handa komin frá þíngmanni Ísfirðínga Jóni Sigurðssyni, og rituð er af íslenzkum kandidötum og stúdentum í Kaupmannahöfn; er þar beðizt, að þjóðskóli verði stofnsettur á Íslandi, m. m. Var bænarskrá þessi feingin flutníngsmanni, og las hann hana upp fyrir þíngmönnum, og lauk með þeim ummælum, að hann vonaðist til þess af þínginu, að það gæfi gaum að þessu málefni, þareð það væri þess eðlis, að varla mundi verða borið upp á þínginu það mál, sem væri eins áríðanda og afdrifamikið fyrir Íslands velferð og viðreisn, sem þetta mál væri; stakk hann uppá fimm manna nefnd til að íhuga þetta mál.

Bænarskráin er þannig látandi:

"Allstaðar meðal siðaðra þjóða er mentun talin aðalstofn allra framfara, andlegra og líkamlegra, og reynslan hefir sýnt að svo er. Því almennari, sem mentun verður meðal allra stètta, því nær verður komizt aðaltilgángi mannlegs fèlags, sem er, að sèrhver einstakur maður nái þeirri fullkomnun og farsæld, sem mest má verða, og allir eiga frá upphafi jafna heimtíng til að öðlast.

En af því hver þjóð er eins og einstök vera í þjóðatölunni, þá verður hin almenna mentun að vera löguð hjá hverri einstakri þjóð eptir eðli hennar, háttum og þörfum. Hafi ekki mentunin slíkan þjóðlegan blæ, verður hún að mestu leiti dautt nám, og nær ekki að blómgast og bera ávöxt.

Þá hefir mentun Íslendínga verið að tiltölu í beztu horfi, þegar þjóðskóli var að kalla mátti í hvers göfugs manns húsi; en á hinum síðari öldum hefir ekki enn tekizt að koma góðu lagi á þjóðmentun vora; því fyrst hefir aldrei verið framkvæmd skipun Kristjáns konúngs 3. (1542), að verja klaustraeignum á landinu til mentunar lærðra manna og alþýðu, og síðan hefir svo óhappalega til tekizt um fyrirsjón á eignum þeim, sem

latínuskólum voru ætlaðar, að telja má skólanum tapaða ⅔ andvirðis þeirra; og þó bæði hafi verið lagður niður annar skóli landsins, og hvorki fjölgað kennurum nè kennslugreinum, þegar á allt er litið, en lærisveinum fækkað, og þótt þángað hafi valizt til kennara hinir lærðustu menn, og sumir þeirra lagt mikinn hug á að gjöra kennsluna sem þjóðlegasta, þá vantar ekki litið á, að skólinn geti staðið jafnfætis hinum beztu latínuskólum í siðuðum löndum í norðurálfunni, því síður að hann geti veitt svo mikla og fjölhæfa mentun, sem öld vor og þarfir lands vors krefja. Og svo eru mikil brögð að þessu, að skólastjórnin á Íslandi hefir margopt orðið að vísa frá skóla, og stundum burt úr honum, þeim, sem einúngis hafa beiðzt tilsagnar á kostnað sjálfra sín; er að þessu því meiri bagi, sem reistar hafa verið skorður við heimakennslu, svo nú munu miklu færri læra í heimaskóla enn áður.

Það má fullyrða að einginn sá, sem hugsar til embættis, getur náð þeirri mentun í skólanum, eins og honum er nú fyrir komið, að það sè til nokkurrar hlýtar, og hagar þó svo til, sem þjóðkunnugt er, að mestur hluti þeirra, sem verða prestar á landinu, eiga ekki kost á meiri kennslu enn þeirri, sem í skólanum fæst. Það er og alkunnugt, að læknum og lögfræðíngum stendur eingin kennsla til boða í landinu sjálfu. Enn fremur vantar oss alla mentun handa sjómannaefnum, kaupmannaefnum og iðnaðarmönnum, og er þjóð vorri að því mikill söknuður nú þegar, og verður óðum meiri, eptir því sem landinu verður meir framfara auðið. Auk þessa vantar og alla mentunarskóla handa almúgastèttinni; því þó barnakennsla sè í góðu lagi, og vonanda sè hún verði það, ef þjóðin spillist ekki úr því sem nú er, þá er hún samt hvergi nærri einhlýt, til að koma upp tápmikilli og velmentaðri almúgastètt.

Hingað til hefir geingið svo, að allir þeir, sem girnzt hafa meiri mentun, hafa orðið að leita til annara landa, og hafa þeir á seinni öldum sótt til Danmerkur, eins og vonlegt var. En þó aldrei gæti orðið neinn tálmi á þessu, eins og reynslan hefir þó sýnt að við hefir borið nokkrum sinnum, og þó margir megi fúslega játa, að þeir hafi haft mart gott af utanferð sinni, þá er bæði, að þeim er þetta eins víst eptir og áður, og þar að auki er auðsætt, að landinu og þjóðinni er það að öllu heillavænlegra, að menn geti náð sem mestri mentun í landinu

sjálfu, og komið svo til annara landa sem mentaðir menn. Það er beinn ávinningur landinu, að eiga kost á slíkum skóla, sem úngir menn geti sótt allstaðar að um landið, og að eignast allt, sem þar til heyrir; og auðsætt er, að öll sú mentun, sem fæst í landinu sjálfu, verður miklum mun notameiri og hollari, og þar að auki miklu auðveldari í öllum greinum, enn sú, sem sækja verður til annara landa. Þeir menn geta einnig haft mest not af utanferðum, framað sig mest og unnið landinu mest gagn, sem eru bezt mentaðir undir.

Vèr vitum fyrir víst, að allir þeir Íslendíngar, sem annt er um þjóðerni vort og þjóðmentun, æskja þess af alhuga, að eiga í landinu slíkan skóla, að menn ættu þar kost á að ná þeirri mentun, sem þarfir landsins og framfarir krefja, og það er góðs viti, að skólastjórnarráðið hefir þegar 1838 beðizt álits stiptsyfirvaldanna á Íslandi um, hvernig haga skyldi umbót skólans, og hversu prestaefnum og læknaefnum yrði sèð fyrir sæmilegri mentun í landinu sjálfu.

Tími þessi er og auðsjáanlega kjörinn til að setja slíkt á stofn. Þjóðlíf vort er að vakna að nýju, og nýr hugur vex og nýtt fjör; það verður að frjófgast af mentuninni, til þess það beri góða ávöxtu.

Vèr vonum því, að vèr berum fram innilega og samhuga ósk allrar þjóðar vorrar, er vèr biðjum alþíngi að flytja fram þá bæn af Íslands hálfu fyrir konúng vorn:

> Að settur verði þjóðskóli á Íslandi, sem veitt geti svo mikla mentun sèrhverri stètt, sem nægir þörfum þjóðarinnar.

Vèr köllum skóla þenna þjóðskóla, meðfram vegna þess, að vèr æskjum, að öll kennsla renni af þjóðlegri rót, það er að skilja mentun þeirri, sem Íslendíngum er eðlileg, og þar hefir lifað í landinu frá alda öðli; þar af leiðir einnig beinlínis að vorri hyggju, að kennslan ætti að verða sameiginleg fyrir alla, sem mest að má, svo að þó hún greinist eptir því, sem sjálfar aðalgreinir hennar skiljast í sundur og stèttirnar heimta, þá verði þó allt einn skóli; með því móti verða og einnig bezt notaðir allir þeir kraptar, sem varið verður til kennslunnar.

Það er oss ekki ókunnugt að mart tálmar því, að slíkur þjóðskóli komist nú þegar á stofn, en vèr ætlum að þarfir þjóðar vorrar krefji, að bráður bugur verði þegar gjörður að,

að færa skólann í þessa stefnu. Fyrir þá sök biðjum vèr alþíngi í öðru lagi, að flytja þá bæn fyrir konúng:

1) að skóli vor verði nú þegar bættur svo og aukinn, að hann geti að minnsta kosti staðið jafnfætis hinum beztu skólum í Danmörku; ætlum vèr að til þess liggi næst, að þar verði ætlað rúm handa 60 piltum; að alúð verði lögð á að kenna íslenzka túngu, og íslenzka og norræna bókvísi; að kennd verði þjóðverska, enska og frakkneska; sömuleiðis að kennd verði náttúruvísindi, og stofnað náttúrugripasafn, sem þar til er nauðsynlegt; enn fremur að kennd verði saunglist, og íþróttir og uppdráttarlist.
2) að kennsla verði sett sem fyrst í forspjallsvísindum þeim, sem nú eru kennd undir hið annað próf (*examen philologico-philosophicum*) í háskólanum, og að próf í þessum greinum verði lagt til skólans.
3) að hið bráðasta verði stofnuð kennsla í skólanum handa þeim, sem girnast mentun, en ætla þó ekki að verða embættismenn.
4) að öll eiginleg guðfræðiskennsla verði nú þegar skilin frá skólakennslunni, og prestaskóli settur sèrílagi, sem veitt geti prestaefnum svo mikla guðfræðilega mentun, sem nauðsynleg er stètt þeirra.
5) að settur verði mentunarskóli handa læknaefnum, og svo handa lögfræðíngum; er auðsætt að landinu ríður á, að hvortveggja þessi stètt geti náð sem mestri mentun, að verða má, í landinu sjálfu, þareð ekkert er litið til Íslands þarfa í kennslu þeirri, sem þeim veitist við háskólann í Kaupmannahöfn.

Vèr erum þess ekki umkomnir, að segja hvaðan kostnað þann skuli taka, sem til þessa þarf, að því leiti sjóður skólans hrökkur ekki, en vèr treystum því örugglega, að konúngur vor, sem vill framför lands vors og velferð, eins og hvers annars hluta ríkis síns, muni örlátlega leggja það til, sem fulltrúum vorum tekst að sannfæra hann um að þörf sè á, eins og vèr ætlum hèr vera; vèr erum þess fullöruggir, að hann muni leggja þjóðskóla vorum nægan styrk, eins og hann hefir fyrir skömmu lagt töluverðan árlegan styrk úr ríkissjóðnum til háskólanna í Kaupmannahöfn og Kíl; og vèr teljum þetta því vísara, sem oss virðist allt benda til þess, að stjórnin hafi bundizt á hendur, að sjá fyrir skólanum að fullu og öllu, ept-

ir þeirri meðferð, sem höfð var, þegar hún tók að sèr eignir hans; hið sama virðist oss koma fram í úrskurði konúngs 7. dag Júnímánaðar 1841. Þar að auki vonum vèr, að landsmenn muni fúslega leggja nokkuð til, þegar þeir sjá að skóli kemst á, sem er að þeirra skapi.

Vèr treystum því, að alþíngi fylgi þessu máli fram með alhuga, þareð allir verða að játa, að undir meðferð og afdrifum þessa máls sè komin öll framför þjóðar vorrar, og hagur hennar, ef til vill, um lángan aldur.

Kaupmannahöfn 2. dag Maímánaðar 1845."

(24 nöfn undirskrifuð).

Forseti tók til orða, að hann mundi mega segja um þetta mál það sem mælt væri: að efnin hlytu að ráða, þareð bænarskrá þessi beiddist svo mikils, að honum virtist allur sá kostnaður, er þarmeð væri samfara, mundi ókljúfandi. Það væri líka athuganda, að enn væri èkki sèð fyrir enda á, hvernig hinum lærða skóla í Reykjavík yrði komið fyrir, og mætti því ekki vita, nema hann fullnægði öllum samngjörnum óskum þjóðarinnar, en meðan svo væri ástatt, yrði hann að álíta frumvarp þetta borið upp í ótíma. Að öðru leiti kvaðst hann samdóma kandidati Jóni Sigurðssyni í því, að málefni þetta væri mjög miklu varðanda, þareð það snerti eflíngu og viðreisn þeirra hluta, er þjóðinni væru dýrmætastir allra.

Konúngsfulltrúi: Þó eg taki nú til máls, til þess að vekja efa á því, hvort kveðja skuli menn í nefnd til að rannsaka þetta mál, þá vænti eg að menn taki það ekki svo, sem það sè sprottið af alúðar- eður ræktarleysi til þessa málefnis; þvert á móti er eg samdóma hinum virðulega alþíngismanni Ísafjarðarsýslu, að málefnið um haganlega niðurskipun á skólamálefni Íslendínga er eitthvert hið helzta, hið mest umvarðanda málefni hèr í landi, og eg þykist fyrr hafa sýnt rækt mína og alúð til þessa máls, með því að stuðla að því eptir mætti, að efni feingjust til þess, að skólinn yrði sem haganlegast endurbættur.

Menn verða að játa, að bænarskrá sú, sem upp var lesin, er mjög yfirgripsmikil og stórtæk. Hún lýtur að því, að hèr verði settur á stofn þjóðskóli handa öllum stèttum, nefnilega latínuskóli í sambandi við gagnfræðíngaskóla (*Realskóla*), og þessi skóli skyldi að minnsta kosti geta staðið jafnfætis beztu skólum í Danmörku. Enn fremur skyldi honum vera ætluð sömu störf sem "gymnasíunum", er svo heita, í Danmörku,

en þeim er það ætlað, að til þeirra verði lagt hið fyrsta próf, sem hingað til hefir verið við háskólann (*examen artium*), og fyrri hluti hins annars prófs (*examen philologicum*). Skólinn á Íslandi á að verða meiri enn þetta, því í honum skyldi einnig kenna þær vísindagreinir, sem eiga heima í hinum seinni hluta hins annars háskólaprófs (*examen philosophicum*). Þar sem nú bænarskráin þessu næst getur þess, að í sambandi við skólann ætti að setja hèr á stofn háskóla handa guðfræðingum, þá er ekkert við það að athuga, því sá hlutur er þess eðlis, að sumir af þeim mönnum, sem síðan verða prestar, verða að geta feingið mentun sína hèr í landi; en bænarskráin lætur ekki þarvið lenda, heldur er þess beiðzt, að þar að auk verði hèr settur lækna- og lögfræðínga-háskóli. Það liggur í augum uppi, að skyldi tilsögn í öllum þessum vísindagreinum eiga að verða nægileg, svo væri ekki nóg með því, að einum kennara yrði við bætt í hverri vísindagrein, heldur þyrfti ærið marga kennendur, og væri hèr þá kominn algjörður háskóli. Þannig nær bænarskráin, að minni hyggju, miklu leingra, enn menn geta vænzt, að stjórnin nokkru sinni vilji taka í mál, einkum þegar öldúngis ekki er bent til þess í bænarskránni, hvaðan taka eigi svo talsverðan kostnað, sem þurfa mundi til svo mikils skóla; því þó sú von sè látin í ljósi í bænarskránni, að landsmenn góðfúslega mundu vilja gjalda nokkuð í þennan kostnað, þá er það grunur minn, að sú von rætist ekki, einkum þegar þess er gætt, að skólahaldið í sjálfu sèr mun verða nokkuð dýrara eptir enn áður, vegna þess að skólinn var fluttur í Reykjavík.

Enn fremur verð eg að geta þess, að um þessar mundir eru miklar breytíngar að verða á kjörum og skipulagi latínuskólanna í Danmörku, er menn, eins og eg sagði áður, eru að setja á stofn "gymnasía" víðar enn á einum stað; mun þannig talsvert breytast sambandið millum háskólans og latínuskólanna. Það er ætlan mín, að það, hvernig því máli reiðir af, hljóti að hafa mikil áhrif á lögun hins íslenzka skóla, og til þess að geta skorið úr því, hvernig laga eigi þennan skóla, svo hann geti komizt í það samband við háskólann, sem vera ber, til þess útheimtist án efa, auk annars, yfirgripsmikil þekking á því, hvernig koma eigi góðu skipulagi á allt skólamálefnið. Slíkrar þekkíngar geta menn naumast vænzt hjá þessu þíngi, og jafnvel þó eg sjálfur sè einn í tilsjónarnefnd þeirri, sem sett er yfir einn af þeim latínuskólum í Danmörku,

sem í ráði er að breytt verði í 'gymnasíum", og eg þannig hafi átt kost á, fremur enn flestir aðrir embættismenn í minni stöðu, að kynna mèr mörg smáatriði í undirbúningi þeim, sem gjörður er til að koma þessum skólabreytingum á framfæri, þá verð eg þó að játa, að eg er ekki fær um að gefa allar þær leiðbeiningar, sem þyrfti, til þess að geta dæmt um þetta mál eins og vera ætti. Þess vegna get eg ekki annað, enn álitið það ísjárvert fyrir alþíng, að leggja út í þetta mál, án þess að þekkja allan þann málavöxt, sem menn hljóta að taka til greina, þegar ræða þarf um það. Það sýnist miklu eðlilegra nú, þegar einmitt er að því komið, að stjórnin ætlar að fara að koma betra skipulagi á skólamálefnið á Íslandi, að þeir menn sèu látnir sjá fyrir því, hvernig því verði sem bezt háttað, sem það er á hendur falið, og í því tilliti get eg þess, að mèr er kunnugt að það er í ráði, að sá maður, sem á að verða rektor skólans, fari utan í haust til Danmerkur, til þess að bera ráð sín saman um þetta málefni við skólastjórnarráðið og aðra, er fyrir því standa. Með þeim hætti er málinu gefin sú stefna, sem það á að taka, og að svo miklu leiti, sem þíngmenn skyldu halda, að þeir, með því að mæla fram með þessari bænarskrá, mundu geta styrkt nokkuð til þess, að stjórnin veitti skólanum meira fjárstyrk enn áður, þá þykist eg geta fullvissað alþíngið um, að vorum allramildasta konúngi er svo annt um, að skóla þessa lands verði sem bezt og skipulegast fyrir komið, að hann, jafnvel án þess alþíngið mæli fram með því, mun gjöra hvað í hans valdi stendur, til þess að veita skólanum nauðsynlegan fjárstyrk, að svo miklu leiti, sem allt annað, er tillit verður að hafa til, getur leyft. Eg fæ því ekki betur sèð, enn að einúngis eitt atriði sè í þessu máli, sem allvel væri að alþíngið segði álit sitt um, nefnilega, að hvað miklu leiti landsmenn væru fúsir til og færir um, að leggja nokkurt fè fram til kostnaðar þess, er stækkun og endurbót skólans útheimtir, en slíkt álit gætu menn látið í ljósi, án þess nauðsynlegt virtist að kjósa menn í nefnd til að rannsaka það málefni.

Kandidat Jón Sigurðsson: Beiðendur hafa einganveginn samið bænarskrá þessa í þeirri veru, að þeir hefðu vantraust á góðvilja konúngs í því að sjá um, að fyrirkomulag skólans yrði sem bezt; því enginn er sannfærðari, enn þeir, um mildilega umhyggju hans, eður þakklátari fyrir það, hversu

óræk merki hann hefir sýnt til þess, að honum sè umhugað um Íslands velfarnan, eins í þessu máli og öðrum. Eg ætla því ekki að fara um þetta fleiri orðum, en einúngis drepa á fáein atriði í ræðu ens háttvirta konúngsfulltrúa.

Þar sem enn háttvirti konúngsfulltrúi sagði, að frumvarpið yæri svo yfirgripsmikið og stórtækt, þá er þetta ekki rètt skoðað, því það er ekki yfirgripsmeira enn efnið útheimtir. Og í annan stað eru þau atriði, er menn æskja eptir, tekin svo greinilega fram, sem verða má í stuttu máli. Beiðendur ætluðust ekki til, eins og enn háttvirti konúngsfulltrúi sagði, að hèr yrði stofnsettur háskóli, sem veitti slíka mentun, sem háskólinn í Kaupmannahöfn veitir nú; þeir ætluðu heldur ekki að gjöra mönnum utanferðir óþarfar; þeir ætluðu einúngis að benda á þá stefnu, sem þeir hugsuðu beinasta, til þess að skólinn gæti smámsaman komizt í það horf, sem tími þessi og þarfir, og efni og framför þjóðarinnar, leyfðu og krefðu, svo að fullkominn þjóðskóli gæti orðið settur á stofn.

Til þess að slíkum tilgángi mætti verða framgeingt, er það þá í fyrstu ekki ofmikið, að tiltekin væri 60 pilta tala, því reynslan sýnir, að margir biðja um að komast í skólann á ári hverju, sem ekki ná þar aðgaungu. Kennsla í íslenzkri túngu og bókvísi er bæði nauðsynleg og nytsamleg. Að nýju málin yrðu kennd í skólanum er svo sjálfsagt, að á því getur ekki leikið nokkur efi, með því slíkt heyrir til og á sèr stað í hverjum og einum lærðum skóla á vorum dögum; að náttúrufræði yrði kennd, er ekki síður nauðsyn, enda er og þessi vísindagrein kennd, og safn náttúrugripa, sem þartil heyrir, sett á stofn, í mörgum af hinum dönsku skólum, en hitt vita allir, að náttúra Íslands er jafn auðug og margbreytt og merkileg, eins og hún er lítt kunnug, og helzt til lítið rannsökuð, einmitt af því, að eingin mentun fæst í skólanum í þessari vísindagrein. Saunglist, íþróttir og uppdráttarlist eru eigi síður nauðsynlegar greinir í hinni almennu mentun, enda er þeim og hvervetna mikill gaumur gefinn.

Að leggja til skólans forspjallsvísindi þau, sem nú eru kennd hið fyrsta ár við háskólann, er því nauðsynlegra, sem alkunnugt er, að leingi hefir verið hugsað fyrir því í Danmörku, og verði því framgeingt þar, áður enn skólinn hèr á landi er undir það búinn, þá er einginn kostur að ná þessari mentun fyrir þá, sem hèðan fara til háskólans, og verða menn hèðan þá öllum síðri, og líða hið mesta tjón á mentun sinni.

Þá er því næst að nefna mentun þeirra, sem ekki ætla að verða embættismenn. Þessir eru einkum, sem segir fyrr í bænarskránni, sjómannaefni, kaupmannaefni og iðnaðarmenn. Það er ljósara, enn frá þurfi að skýra, hversu mjög slíkir menn þurfa mentunar við, enda er mèr og kunnugt, að það er almenn ósk, að kostur mætti gefast á kennslu handa þeim, og þjóðin mundi fúslega styrkja til, að slíku mætti verða framgeingt.

Um guðfræðiskennslu sèrílagi er því sjálfsagðara, sem konúngsúrskurður 7. Júní 1841 mælir beinlínis svo fyrir, að hún skuli veitast, en að öðru leiti er ekki farið fram á, að sú kennsla mætti nú um sinn verða sem fullkomin háskólakennsla, enda er og kunnugt, að á mörgum háskólum, bæði í Svíþjóð og á Þýzkalandi, til dæmis að taka, eru að eins 2 kennarar í slíkum greinum, sem guðfræði og lögvísi. Þá er að síðustu að geta þess, að kennsla handa læknum og lögfræðíngum er með fullu og öllu nauðsynleg hèr á landi. Læknar eru hèr mikils til offáir, en vèr fáum þá aldrei nógu marga nema því að eins, að þeir nái að fá mentun hèr í landi. Þau laun, sem læknar hafa nú, eru svo lítil, að vèr þurfum aldrei að vænta, að margir duglegir menn takist á hendur að nema svo umfángsmikla vísindagrein í öðru landi, og standa í svo örðugum embættum fyrir jafn lítil laun. A hinn bóginn verður örðugt að launa svo mörgum læknum, sem vèr þurfum, svo vel sem þörf væri á, til að ná duglegum mönnum í þá stètt. Þó danskir læknar komi hingað, sem eru ókunnugir landi og þjóð, og allri landsvenju, og sumir varla ferðafærir, þá er það lítil bót í máli, því hingað veljast sjaldan aðrir enn þeir, sem lítils eiga úrkosti, og fyrirhöfn sú, sem konúngsbr. frá 8. Apríl í fyrra leggur þeim á herðar, er meiri enn svo, að ætla þurfi, að margir muni verða til að leggja nokkuð í sölurnar fyrir jafn lítinn ávinníng. Þess er og nákvæmlega að gæta, að í háskólakennslunni í Kaupmannahöfn er í þessari grein ekki litið til Íslands þarfa, eins og líka hins, að eðli sjúkdómanna og manna sjálfra, lifnaðarhættir og sèrhvað eina, er öldúngis ólíkt í Danmörku og á Íslandi. Að beiðendur hafi ekki farið oflángt í þessu atriði, má sjá á því, að skólastjórnarráðið hefir þegar 1838 beðizt álits stiptsyfirvaldanna hèr á landi um, hvernig læknakennslu yrði komið á í skólanum. Sama máli er að gegna um lagakennsluna við háskólann í Kaupmannahöfn, því þar er lítið sem ekkert litið til þessa lands, eða laga þeirra,

sem hèr hafa verið gyld að fornu og nýju. Íslenzkir kandidatar vita því mjög svo lítið í eiginlegum íslenzkum rètti, og leiðir aptur þar af, að þegar þeir taka við embættum, sníða þeir allt eptir dönskum lögum, og rísa þar af mörg vandkvæði.

Hinn háttvirti konúngsfulltrúi hefir fundið að því, að beiðendur hafi ekki mælt fyrir, hvaðan taka skyldi kostnað til umbóta skólanum, eða hversu mikill kostnaður þessi mundi verða. Þetta kemur þar af, eins og beiðendur sjálfir komast að orði, að þeir þóttust þess ekki umkomnir; þeir þóttust ekki heldur svo kunnugir fjárhag skólans, að þeir þyrðu að ákveða neitt um slíkt; en þeir væntu; að alþíng mundi hafa um það ljósari hugmynd. Eg vænti það muni og vera flestra manna ætlun og von, að konúngur vor líti á land þetta á líkan hátt, og á aðra hluta ríkis síns; þannig vita menn, að hann hefir nýlega veitt 60,000 dala árlega af ríkissjóðnum til háskólans í Kíl.

Hinn háttvirti konúngsfulltrúi ætlaði, að ekki mundi stoða að setja nefnd í þessu máli, þareð alþíng gæti ekki sagt neitt glöggt um það, nema, ef til vildi, hvort land þetta mundi vilja leggja nokkuð fram til kostnaðarins; en ekki skil eg, á hvern hátt að alþíng geti sagt nokkurn hlut um mál þetta, hvorki um kostnað nè annað, nema nefnd verði sett. Allt það, sem hèr kemur til álita, er svo einfalt, að hver bóndi getur haft um það skýra hugmynd, því ekki er að ætlast til, að hèr á þínginu skuli skipa niður um kennslumátann, eða segja fyrir um kennslutíma, heldur má ætla stjórninni það. En að öðru leiti vænti eg þess, að bænarskrá hèðan frá þínginu mundi geta styrkt mjög þetta mál, og eg ítreka þess vegna uppástúngu mína, að 5 manna nefnd verði kjörin til að rannsaka málið.

Konúngsfulltrúi: Eptir ræðu þá, sem hinn virðulegi alþíngismaður frá Ísafjarðarsýslu flutti, verð eg að gjöra nokkrar frekari athugasemdir. Þar sem hinn virðulegi fulltrúi hefir leitazt við að sýna, að bænarskráin fari ekki leingra, enn nauðsyn virðist krefja eptir málavöxtum, þá þarf eg ekki að telja upp aptur þau atriði í bænarskránni, sem að minni hyggju eru lángt um of yfirgripsmikil; eg ætla einúngis að skjóta því til þíngmanna sjálfra, hvort þeim sýnist ekki á sama veg sem mèr. Hinn virðulegi alþíngismaður hefir í ræðu sinni getið þess, að það gæti ekki heitið ofmikið, þó þess

væri beiðzt, að skólinn gæti tekið 60 lærisveina; hvað það snertir, vil eg einúngis geta þess, að eg hefi ekki sagt, að eg álíti að bænarskráin, einnig í þessu tilliti, ætlaðist til ofmikils, þareð eg einmitt ætla, að sú tala á lærisveinum sè við hæfi, og eg veit ekki betur, enn að hin nýju skólaherbergi sèu ætluð svo mörgum. Þar á móti get eg ekki breytt áliti því, er eg áður lèt í ljósi, að bænarskráin tæki ofmikið til, þar sem hún benti til, hvaða vísindagreinir ætti að kenna í skólanum. Eg ætla hinum virðulegu þíngmönnum sjálfum að skera úr því, hvort þeir hafa feingið nægaleiðbeiníngu af ræðu hins virðulega alþíngismanns, til þess að þeir geti haft gylda og góða sannfæríngu um það, hvernig skólamálefninu verði haganlegast komið fyrir, ellegar, hvort hitt sè ekki rèttara, að hlutaðeigandi embættismenn rannsaki málið fyrst, áður enn alþíng tekst í fáng að semja nokkurt álitsskjal um það. Þegar þetta mál verður rædt, þá munu mæta manni margar spurníngar, sem þurfa þess að þeirra sè vandlega gætt. Þannig getur það t. a. m. verið mjög vafasamt, hvort landinu er svo þarflegt, að þeir komist í læknis- eður lögfræðíngs-sess, sem ekki mega heita nema hálflærðir, sem ekki hafa annan lærdóm við að styðjast enn þann, sem þeir hafa numið hèr í landi, nema ef koma ætti kennslunni í það horf, sem einganveginn svarar til mannafla eða krapta landsins. Eg vil einganveginn neita því, að það kynni að vera þarflegt, að landlæknirinn kenndi einstöku lærisveinum í skólanum, sem til þess væru bezt lagaðir, helztu aðferð og handlagni við útvortis meinsemdir, er vera mætti til þeirrar nytsemi, að þeir gætu, þegar svo bæri undir, og ekki næðist nógu fljótt til læknis, komið til liðs hjálparþurfanda náúnga; en eg ætla, áð það muni ekki verða til gagns, eptir því sem læknisfræðinni nú er komið, ef menn færu að veita þeim mönnum læknisembættin hèr í landi, sem ekki hefðu notið annarar kennslu í læknisfræðinni, enn þeirrar, sem hèr gæti feingizt innanlands. Þetta kemur einnig heim við það, sem hið konúnglega danska kanselli hefir haldið, þar sem það hefir hætt að veita landlæknum fè það, er honum hefir áður verið veitt, til þess að kenna úngum mönnum læknisfræði. Með tilliti til lögfræðiskennslu hèr í landi þeim til handa, er síðan yrðu hèr embættismenn, mundi það án efa verða gagnlegra, að bætt yrði við í Kaupmannahafnar háskóla sèrstökum kennara, eður

að þar væru haldnir sèrstakir fyrirlestrar yfir hin frábrugðnu íslenzku lög, heldur enn að lögfræði yrði kennd í skóla hèr á landi. Eg hefi tilgreint þetta, sem nú er sagt, einkum til að sýna, að menn geta án efa sèð ymsa aðferð og útvegi, til þess að koma hagkvæmlegar fyrir skóla- og kennslu-málefninu, heldur enn bent er til í bænarskránni. Eg hygg því, að það muni fremur spilla enn bæta, ef alþingið færi að mæla fram með bænarskrá þeirri, sem það líklega viðurkennir sjálft, að sig skorti nægan undirbúning til að segja álit sitt um.

Með tilliti til þess, sem hinn virðulegi alþingismaður úr Ísafjarðarsýslu hefir sagt, að eg hafi getið þess, að í bænarskránni hefði átt að vera sýnt, hversu mikið fè mundi ganga til þeirrar skólaendurbótar, sem uppá var stúngið, þá verður því að valda einhver misskilningur, þareð það hefir ekki verið tilgángur minn, að segja nokkuð á þá leið, og eg ætla ekki heldur, að eg hafi sagt nokkuð það, sem þann veg gæti skilizt.

Að svo miklu leiti, sem hann enn fremur hefir getið þess, að ríkissjóðurinn leggi 60,000 rbd. á ári hverju til Kílar háskóla, þá virðist mèr þessi tala ærið mikil, en að öðru leiti er þar allt öðruvísi ástatt, og öðru máli að gegna enn því, sem hèr er að skipta.

Eptir þetta, sem nú er sagt, get eg ekki annað enn tekið það upp aptur, að eg hygg, að hèr sèu einúngis 2 atriði, sem komið geta til umtals að alþíngismenn ræði um, eður leggi tillögur sínar til, nefnilega annað það, að mæla með því við konúng, að fè það fáist, sem nauðsynlegt virðist til þess, að hagkvæmlegt skipulag komist á skólann, en slíka meðmælíngu álít eg óþarfa, þareð konúngurinn án alls efa mun gjöra allt, hvað ástand og efni leyfa, þó slík meðmæling komi ekki; hitt er það, að þíngmenn segi, að hvað miklu leiti við því má búast, að landsmenn leggi nokkuð til í kostnað þann, er endurbót skólans leiðir með sèr, og mætti kannske heyra, hvað hinum virðulegu alþíngismönnum lízt í því efni, án þess nokkur nefnd verði kosin.

Kandidat Jón Sigurðsson: Hinn háttvirti konúngsfulltrúi er fastur á því, að uppástúnga þessi fari of lángt, en þartil verð eg að svara, að hún fer ekki of lángt, ef hún fer ekki leingra enn svo, að sýnd verður augljós þörf landsins á því, sem uppá er stúngið, eptir því sem mentun og ásigkomulagi landsins er varið. Enn fremur er það til sönnunar því, að

ekki sè farið of lángt, að stjórnin sjálf, og allir þeir Íslendíngar, sem látið hafa í ljósi meiníngu sína um málið, hafa tekið fram öll þau atriði, sem hèr eru nefnd, nema lögfræðiskennslu, en eg hefi þegar sýnt, að hún er eins nauðsynleg og hitt, sem til er tekið.

Konúngsfulltrúinn ætlar það ekki þènanlegt, að læknum og lögfræðíngum væri kennt hèr á landi, en eg veit að það er almanna rómur, og þarmeð lækna sjálfra, að þeir, sem lærðu fyrrmeir hjá landlæknínum, hafi verið eins vel að sèr og eins þàrfir læknar, eins og margir af þeim, sem kennslu hafa feingið við háskólann í Kaupmannahöfn. Þar mun verða raunin á, bæði í þessu og öðru, að kennsla sú, sem feingin verður hèr í landi, mun verða happadrjúgust og notabezt, enda bægir hún og eingum frá að leita sèr meiri mentunar síðan.

Það, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi drap á, að bæta við kennslu í íslenzkri lögfræði við háskólann í Kaupmannahöfn, er svo vel fallið, að eg er viss um, að allir Íslendíngar tækju því með enum mesta fögnuði, og óskuðu, að því mætti verða framgeingt sem allra fyrst að verða má.

Það, sem eg sagða um tillögur úr ríkissjóðnum til Kílar háskóla, er satt; þar er svo ástatt, að háskólinn ekki á sjálfur nema sem svarar 3000 dala árlega, en styrkur sá, sem veittur var, hefir verið ákvarðaður til 60,000 dala.

Það ætla eg eflaust, að land þetta sè fært að bera kostnað þann, sem til skólans þarf, þegar öllu verður reglulega fyrir komið, því kostnaður sá mundi varla verða meiri fyrst um sinn, enn 15—16000 rbd. á ári hverju, en eg gjöri ráð fyrir, að eptir því, sem kostnaður kynni að vaxa, af því þarfirnar yrðu meiri og fleiri, þá mundu landinu aukast kraptar, til að verja meira fè til þessa mikilvæga augnamiðs.

Eg get ekki með neinu móti samsinnt því, að alþíng geti ekki sagt neitt um þetta mál, sízt þegar að er gætt, að höfuðatriði málsins er það, hvort landi þessu sè ekki nauðsynlegt, að kennsla veitist í öllum þeim vísindagreinum, sem bænarskráin til tekur, og eg dirfist því að lyktum enn á ný að ítreka þá ósk, að nefnd verði sett í málinu, því mèr finnst, að þíngið mundi með eingu móti geta forsvarað það fyrir þjóðinni, ef það vildi ekki líta við því máli, sem hverjum mentuðum manni og góðum Íslendíngi verður að þykja einna

merkilegast, eða réttara að segja, merkilegast af þeim málum, sem upp verða borin á þessu þingi.

Konúngsfulltrúi: Eg ætla ekki að leingja málið með því, að rekja það upp aptur, sem hinn virðulegi alþingismaður sagði í ræðu sinni um læknisfræðslu og endurbót á læknaskipun, því það málefni yrði líkast til að skoðast eitt sér; einúngis álít eg nauðsynlegt, að segja fátt eitt um einstöku atriði í tölu hans.

Eg hefi ekki viljað skýlaust mótmæla því, að ríkissjóðurinn legði árlega 60,000 rbd. til háskólans í Kíl; um það mál hefi eg ekki svo glögg skýrteini, að sögusögn mín geti verið óyggjandi um það; en þó nú svo væri, að svo mikið væri til háskólans lagt, þá er fjárhagur og reikníngur millum Danmerkur og hertogadæmis þess, þar sem Kílarháskóli er, svo gjörsamlega ólíkur því, sem ástatt er millum Danmerkur og Íslands, að þaðan verður ekki dæmi tekið til samanburðar, og færu menn að semja þann reikníng, mundi það sýna sig, að viðskiptin þar verða allt á annan veg Danmörku hagfeld eptir tiltölu, heldur enn viðskipti millum Íslands og Danmerkur, ef sá reikníngur yrði skoðaður.

Enn fremur hefir það ekki verið tilgángur minn að tala um það, að Ísland væri ekki fært um að standast kostnað þann, er þær tilbreytíngar, sem nytsamar og nauðsynlegar þættu, hefðu í för með sér, en að grennslast eptir því, álít eg að þessu sinni ekki eiga við.

Að lyktum vil eg einúngis geta þess, að svo framarlega, sem alþíngi skyldi virðast, þrátt fyrir það, sem nú hefir verið rædt um, að það gæti orðið skólanum og skipulagi hans til góðs, að þetta málefni yrði ýtarlegar prófað, þá skyldi eg verða seinastur manna til að ráða frá því, að nefnd yrði kjörin; eg hefi einúngis gjört það, af því eg var algjörlega sannfærður um, að menn gætu með þessu móti ekkert áunnið til gagns þeirri stiptun, sem nú hefir verið umtalsefni.

Forseti kvaddi þá þíngið til atkvæða um, hvort kjósa skyldi nefnd til að íhuga þetta mál, og féllust þíngmenn á það með 15 atkvæðum móti 8. Var þá nefnd kosin, og í hana nefndir: varaforseti með 19, kandidat Jón Sigurðsson með 18, prófastur Thordarsen með 13, assessor Jonassen með 12, og assessor Johnsen með 11 atkvæðum.

Varaforseti sagðist næstkomanda mánudag þurfa að sitja landsyfirrètt í tveimur einkamálum, og væri því í óvissu um, hvenær landsyfirrèttarins meðlimir þann dag gætu mætt á alþingi.

Sýslumaður Kr. Magnusen kvaðst einnig vera stefndur til að mæta í landsyfirrèttinum sama dag.

Forseti kvaðst því ætla að setja fyrst þingið þann dag kl. 12, en lèt þess um leið getið, að hann ætti að fá skriflega skýrslu hlutaðeigenda, þegar þeir gætu ekki sótt þingið; því næst sagði hann fundi slitið.

7. Júlí — sjötti fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá fimmta fundi lesin og samþykkt.

Kandidat Jón Sigurdsson: Nefnd sú, sem þingið hefir kosið, til að semja brèflegt ávarp til konúngs vors af þingsins hendi, hefir nú lokið þessu starfi, og falið mèr á hendur, að bera upp fyrir þinginu frumvarp til brèfsins; eg hlýt þess vegna að biðja hinn háttvirta forseta, að leyfa mèr að lesa upp frumvarpið og bera það undir þingið, svo það verði rædt, áður enn nokkurt annað málefni.

Forseti: Með því hinn virðulegi alþingismaður, er nú mælti, hefir áður sýnt mèr frumvarpið, er ekkert því til fyrirstöðu, að það sè nú þegar borið undir álit þingsins.

Kandidat Jón Sigurdsson las því næst þakkarávarpið, og fèllst forseti og allir þingmenn á, að það væri vel samið og í eingu ábótavant.

Það er þannig látanda:

"Allramildasti Herra og Konúngur!

Með glöðu og heitu þakklæti, fagnaðarfullri von, og staðföstu og sterku trausti á enum allramildasta konúngi vorum, kemur alþíng Íslendínga hið fyrsta sinn fram fyrir konúngsstól Yðar Hátignar. Nafn Yðar, Herra! mun verða ógleymanlegt, meðan land vort byggist og saga þess lifir, fyrir það, að Þèr hafið að fyrra bragði bænheyrt þá ósk þjóðar vorrar, að sjá hið forna þjóðarþíng vort endurlifna í nýrri mynd; og eingu síður er sú landsföðurlega velvild oss ógleymanleg, sem úrskurður Yðar Konúnglegu Hátignar 20. dag Maímánaðar 1840 lætur í ljósi um hið forna þjóðarþíng vort, sem leingi var tregað og ávallt mun verða hjartgróið þjóð vorri. Það er oss mikill

fögnuður að geta treyst því, að þetta hið nýja þjóðarþing, sem Yðar Hátign hefir sjálfur stofnsett, megi þróast undir viturlegri stjórn sjálfs gjafarans, og ná þeim þroska, sem samsvarar reynslunni og framförum þjóðarinnar.

Gleðilegt má það vera fyrir oss, sem til þings erum kvaddir, að njóta þeirrar sæmdar, að eiga kost á að neyta allra krapta vorra, til að styrkja Yðar konúnglegu ráð, landi þessu til heilla, þareð vèr erum þess fullvissir, að eins og Yðar Hátign hefir hingað til á margan veg sýnt mildilega og nákvæma umhyggju fyrir rèttindum vorum, þjóðerni og móðurmáli, mentun og framförum, svo munu Þèr vissulega enu sama fram halda, og á eingan hátt virða lítils þau ráð, sem þing þetta, eptir beztu vitund, og í fullu trúnaðartrausti um margreyndan viturleik Yðar og góðgirni, kynni fram að bera.

Þingið hefir með gleði orðið þess vart, að Yðar Konúnglegu Hátign er umhugað um, að bæta smámsaman bresti þá, sem vart verður við á stjórnarathæfi því, er þetta land snertir, að bæta og tryggja rèttindi manna, leysa fjötra þá, sem enn liggja á atvinnuvegum landsins, og efla góða reglu í landstjórninni; og eigi síður er hitt gleðiefni, að Yðar Konúngleg Hátign hefir þegar látið undirbúa og kvadt oss til ráðaneytis um nokkra grein sveitastjórnarinnar hèr á landi. Vèr treystum því þess vegna staðfastlega, að Yðar kröptuga konúnglega vilja og ráðvísi muni vonum bráðara takast að laga það, sem enn er ábótavant í lagastjórn lands þessa og öðrum stjórnargreinum.

Sèrhver Íslendíngur óskar af hjarta, að Yðar Konúngleg Hátign nái að sjá sem mestu framgeingt af því, sem vèr örugglega treystum, að Þèr hafið fyrirhugað þessu landi til viðreisnar, og vèr erum þess fullvissir, að framför og þroski landsins og þjóðarinnar mun bezt lýsa því í bráð og leingd, að landið og þjóðin er í allan máta verðugt þeirrar umhyggju, sem Yðar Konúngleg mildi vill því í tè láta.

Vèr biðjum hinn allsvaldanda guð að vernda og blessa Yðar Konúnglega Hátign og allt Yðar Konúnglega Hús."

Forseti lagði því næst fram bænarskrá frá Skagafjarðarsýslu um það, að lifandi fènaður væri öðruvísi lagður í tíund, enn verið hefir til þessa, o. s. fr.

Varaforseti: Mèr finnst bænarskrá þessi sumpart lúta að skyldum og rèttindum milli húsbænda og leiguliða, en sumpart að skattalögmálinu; verð eg því að álíta, að hún sè ekki

nú á réttum tíma borin upp hér á þingi, með því hinum mikilsvirða konúngsfulltrúa er falið á hendur af konúngi, að til nefna nefnd til að yfirvega og endurbæta Jónsbókar landsleigubálk og skattalögunina á Íslandi.

Konúngsfulltrúi kvað ekkert mundi því til fyrirstöðu, að slík skjöl væru afhent téðri nefnd til að yfirvega og undirbúa skattalögmálið á Íslandi, og úr því þessi nefnd væri sett, mundi stjórnin ekki leggja neinn úrskurð á slík málefni, þó þau væru borin fram fyrir hana, fyrr enn nefndin hefði lokið störfum sínum.

Forseti lagði þá fram bænarskrár úr Rángárvalla- og Norðurmúlasýslum, um skyldur og réttindi húsbænda og leiguliða, og lagði það undir álit þingmanna, hvort ekki skyldi afhenda bæði þessar tvær bænarskrár, og eins þá úr Skagafjarðarsýslu um tíundarbreytínguna, nefnd þeirri, er falin verður endurskoðun landsleigubálks í Jónsbók og skattalaganna, eins og konúngsfulltrúi hafi lagt til; samþykktust það allir þingmenn.

Forseti lagði fram bænarskrá frá kandidötum og stúdentum í Kaupmannahöfn um verzlunarfrelsi, er alþingismaður Ísafjarðarsýslu hafði haft meðferðis, og sagði að bænarskrár líks efnis væru til sín komnar úr flestum héröðum landsins, en ennþá væri ekki lokið eptirritun þeirra, en að henni aflokinni, skyldu þær allar verða lagðar í lestrarstofuna. Flutníngsmaður beiddist, að hann mætti lesa bænarskrá þessa alla í áheyrn þíngsins, og leyfði forseti það að þessu sinni. Bænarskrá þessi er þannig látandi:

"Undirskrifaðir Íslendíngar senda alþingismönnum í Reykjavík kveðju guðs og sína.

Sú er bæn vor til yðar, að þér styðjið að því af fremsta megni með öllum löglegum og leyfilegum atburðum, að Ísland nái fullu verzlunarfrelsi.

Að vísu erum vér fáir og flestir á fjarlægum stað, en vonum samt þér takið því sem bezt, þótt vér dirfumst að taka undir með þjóðbænum þeim um sama mál, er vér þykjumst vita hljóma muni á alþíngi úr öllum héröðum landsins. Vér hröpum og alls ekki að þessari bæn, því vér höfum hugsað málið vandlega svo árum skiptir, og rædt það tíðum með oss, bæði á fundum og í hversdagslegu viðtali. En ekki ætlum vér að heldur að tilgreina hér ástæðurnar, sem bæði eru margar

og gyldar, því vèr vitum þær verða bornar fram á þínginu, líkt því sem vèr höfum hugsað þær, og þó mörgu við bætt.

Vèr fulltreystum til þess glöggskygni yðvarri og viturleik, einurð og atorku og þjóðarást — og eigi síður vizku konúngs vors og gæzku hans og rèttvísi — að verzlunarokið verði bæði fljótt og að fullu brotið af þjóð vorri.

Í því skyni biðjum vèr alþíngi bera þá bæn fram fyrir konúng:

1. að Íslendíngar og þeir kaupmenn, sem búsettir eru á Íslandi, fái nú þegar leyfi til að taka skip og farma að leigu tolllaust, hvaðan sem þeir vilja eða geta úr útlöndum, og fara með til Íslands, og svo þaðan aptur, hvert sem þeim lízt.
2. að tollur á útlendri verzlun verði nú þegar lækkaður til 10 dala fyrir hvert lestarrúm, en að 3 árum liðnum til 2—4 dala fyrir lest hverja, og gángi jafnt yfir allar þjóðir.
3. að tekinn verði nú þegar af tollur sá, 14 mörk af lestarrúmi hverju, sem lagður er á alla farma, sem fluttir eru beinlínis frá Íslandi til annara landa, enn Danmerkur.
4. að öllum þjóðum verði leyft að flytja vörur til Íslands og verzla þar.
5. að hver danskur verzlunarfulltrúi (*Consul*) fái vegabrèfsform frá hinni dönsku stjórn, og leyfi til að veita vegabrèf; skal hann skýra frá, hver feingið hafi, og hversu á skipinu standi og farmi þess, eins og venjulegt er.
6. að lausakaupmönnum úr ríkjum Danakonúngs verði nú þegar leyfð frjáls verzlun tolllaus, þángað til hinn almenni tollur verður lagður á.
7. að yfirvaldinu (amtmanni) sè boðið að veita hverjum búanda manni, sem vill, leyfisbrèf til að verzla í hèröðum, nema maður sè illræmdur, eða á einhvern hátt óhæfur til þess.

Þar að auki virðist oss tilhlýðilegt, að stjórnin boðaði, að hún mundi veita leyfi til að reisa verzlunarhús og taka upp verzlun, hvar sem hentugt þætti, þegar þess yrði beðizt, ef landeigandi og hèraðsmenn væru þess fýsandi.

Vèr vitum þèr hafið vel hugleidt, hversu mikill munur er á verzlunarhögum Íslands og aðallanda Danakonúngs, sem og hitt, að þèr munuð allir skilja, að Ísland hefir híngað til orðið fyrir stórmiklum halla. En þá virðist oss einnig einsætt, að nota nú tímann og tækifærið, sem í mörgu tilliti eru betri enn

áður fyrrum, þar sem vèr eigum slíkan konúng að mildi og vizku, sem Kristján konúngur er hinn áttundi. Vèr ítrekum því enn bæn vora til yðar, að þèr knýið á konúngs fulltíngi, og berið vel og skýrt fram allar ástæður þessa máls, og því örugglegar, sem það er betra, og víst sómir það svo ágætum höfðíngja, er hann sèr nauðsyn landsins og rèttindi, að bæta að fullu hag vorn í þessari grein.

Guð allsvaldandi efli og farsæli allt yðvart ráð!

Skrifað í Kaupmannahöfn þriðja dag hvítasunnu 1845."

(Undirskrifað af 17 stúdentum og kandidötum).

Þessar bænarskrár voru þar að auki lagðar fram á þínginu viðvíkjandi verzlunarfrelsi:

1. Úr Strandasýslu ein bænarskrá, með 99 nöfnum.

   Hún biður einúngis um fjórða atriði.

2—3. Úr Rángárvallasýslu tvær, með 129 nöfnum.

   Hin fyrri biður um, að fleiri þjóðir enn Danir megi verzla við Íslendínga, og einkanlega að Noregsmönnum sè leyft að flytja híngað timburfarma tolllaust; einnig að leyfi sè gefið til að verzla á fleiri stöðum enn þar, sem nú eru hafnir, svosem í Þorlákshöfn og víðar, ef henta þykir.

   Hin síðari biður um, að Ísland megi fá frjálsa verzlun við allar þjóðir og á öllum stöðum; þó bætir hún því við, að ef menn væru hræddir um, að örðugt kynni að verða að ná gjöldum þeim, er kaupför eiga að greiða, þegar þau mega leggja að landi, hvar sem þau vilja, mætti taka til vissa kaupstaði, t. a. m. 2 í hverjum landsfjórðúngi, er kaupför skyldu fyrst koma við á, til að greiða gjöld sín. Verði tollur lagður á utanríkis kaupskip, vilja þeir að hann sè greiddur af hverju lestarrúmi, og að hlutaðeigandi sýslumaður krefji hann. Einnig beiðast þeir að tollur sá, sem lagður kann að verða á verzlunina, megi vera sem lægstur, og þar að auk, að hann verði greiddur í tekjusjóð landsins sjálfs.

4—6. Úr Snæfellsnessýslu þrjár bænarskrár, með 62 nöfnum.

   Tvær af þessum bænarskrám biðja um, að Ísland megi fá fullkomið verzlunarfrelsi bæði utan lands og innan, og hefir önnur bænarskráin þar undir skilið þessi atriði:

   a) að hverjum verzlunarmanni, sem híngað kemur, sè leyft að leggja að landi, þar sem hann vill, og dvelja þar svo leingi hann vill.

b) að sveitaverzlun sè leyfð.
c) það sem stendur í bænarskrá stúdenta sem 4. atriði.
d) það sem stendur í sömu bænarskrá sem 5. atriði.
e) sama atriði og hið 1. í sömu bænarskrá.
f) það sem stendur í bænarskrá stúdenta sem 3. atriði.

Auk þessa óskar bænarskráin þess, að alþíng mæli í móti, að verzlunarmál Íslendínga verði borin undir fulltrúa þíng Dana.

Hin þriðja bænarskrá fer einúngis því fram, að Noregsmenn megi flytja timbur til Íslands tolllaust, og Austurvegsmenn korn og aðra nytsama vöru.

7. Bænarskrá úr Dalasýslu, með 99 nöfnum.

Þar er óskað eptir, að verzlun Íslendínga verði gefin laus að öllu leiti, bæði utan lands og innan.

8—9. Úr Barðastrandarsýslu tvær bænarskrár, með 74 nöfnum.

Önnur þessara óskar að fá fullt verzlunarfrelsi, bæði utan lands og innan (sveitaverzlun). Hin biður líka um fullt verzlunarfrelsi, og telur þar til:

a) að verzlunarstöðum verði fjölgað í hverri sýslu, eins og þörf er á.
b) að lausakaupmenn, hverrar þjóðar sem eru, fái leyfi til að verzla á hverjum helzt stað, sem þeir vilja, á Íslandi, og eins leingi og þeir vilja.
c) að 50 rbdala tollur sá, sem hvílir á útlendri verzlun, verði afnuminn, og að hverri þjóð, sem vill, sè leyft tolllaust að flytja vörur sínar til Íslands.
d) atriði þau, sem til færð eru í bænarskrá stúdenta sem 3. og 5. atriði.

Þó hafa 7 af þeim mönnum, er hafa skrifað undir þessa bænarskrá, gjört þá athugasemd, að þeir að því leiti væru henni samþykkir, að þeir æsktu eptir, að verzlunarfrelsi meðal Íslendínga og útlendra þjóða verði töluvert rýmkað úr því, sem nú er; og í annan stað hafa 22 aðrir, sem hafa skrifað undir bænarskrána, einúngis beðið um, að lönd þau, er liggja næst Íslandi, fái leyfi til tolllaust að flytja nauðsynjavörur sínar hingað, og að verzlun lausakaupmanna frá Danmörk verði sem allra frjálsust.

10. Bænarskrá úr Ísafjarðarsýslu, með 182 nöfnum.

Hún óskar, að verzlanin verði látin frjáls að öllu leiti; en þyki það, vegna kaupmanna þeirra, sem nú eru, ísjár-

vert, að gefa öldúngis frjálsa verzlun fyrr enn að nokkurra ára fresti, þá þeir (kaupmenn) eru undir það búnir, er þess beiðzt, að öll bönd sèu nú þegar tekin af lausakaupmönnum, og þar á meðal einskorðun sú, að þeir megi ekki liggja nema 4 vikur á einni höfn. Undir eins óska þeir, að leyfi verði veitt kaupmönnum hèr, til að flytja vörur sínar á utanríkisskipum, og að síðustu, að 50 rbdala tollurinn, sem nefndur er í 2. atriði í bænarskrá stúdenta, sè nú þegar settur niður til helmínga. Þó þykir þeim mega banna utanríkismönnum að flytja híngað brennivín og romm, og máske allskonar vínfaung, en krefja þá aptur einkis gjalds, þegar þeir flytja einúngis nauðsynjavöru, og yfirhöfuð veita þeim frekari afslátt að því skapi, sem þeir flytja meiri nauðsynjavöru. Þar að auki biðja þeir um það, sem tilgreint er í bænarskrá stúdenta, 7. atriði.

11. Bænarskrá Húnvetníinga, með 280 nöfnum.

Þeir biðja um, að sèrhverri þjóð í Norður- og Vesturálfunni sè gefið leyfi til að verzla við Íslendínga, og að hver kaupmaður megi leggja að landi, þar hann vill, og setja þar verzlunarhús eptir samkomulagi við landsdrottinn; einnig að hver megi liggja á höfn eins leingi, og hann sjálfur vill; að ekki verði hærri tollur lagður á útlenda vöru, enn 5 rbdala af hverri lest, en af timburförmum skuli eingan toll greiða, og að útlendum kaupmönnum, sem híngað sækja, verði gjört að skyldu, að flytja nægar nauðsynjavörur, og einúngis innanríkispeníinga. Jafnframt leggja þeir á vald alþíngis, hvort það mætti virðast forsjállegra, að beiðast verzlunarfrelsis fyrst um sinn einúngis um 10 eða allt að 20 ára tíma til reynslu.

12—13. Tvær bænarskrár Skagfirðínga samhljóða, með 262 nöfnum.

Þar er beðið um, að verzlanin verði látin fullkomlega laus og heimil öllum þjóðum í Norður- og Vesturálfunni, og að hún verði hvorki einskorðuð við vissa staði í landinu, nè bundin öðrum böndum, þeim er skaðleg mættu virðast fyrir landsfólkið.

14—15. Úr Eyjafirði tvær bænarskrár, með 190 nöfnum.

Báðar þessar bænarskrár biðja um, að verzlanin sè látin laus (og með öllu tolllaus) við þjóðir þær, er búa við Eystra Salt, nefnilega, auk Dana, við Noregsmenn,

Svía, Rússa, Praussa og Meklenborgarmenn. Jafnframt er óskað eptir, að Dönum sè veitt öldúngis ótakmarkað leyfi að verzla sem lausakaupmenn, og að dvelja á hverri höfn, eins leingi og þeir sjálfir vilja. Þó hafa þeir menn, er undir hafa skrifað úr Saurbæjarhrepp, látið þá ósk í ljósi, að þeir vildu hafa frjálsa og tolllausa verzlun að minnsta *kosti* við allar þær þjóðir, er Danmörk hefir verzlunarviðskipti við.

16—17. Tvær samhljóða bænarskrár úr Suðurþíngeyjarsýslu, með 231 nöfnum.

Þar er beðið um, að tollum þeim, sem nú hvíla á verzluninni, verði sem fyrst af lètt, og að Dönum sè gefið leyfi til að verzla, hvar þeir vilja, og svo leingi, sem þeir vilja, á einum stað; einnig er þess óskað, að frjáls og tolllaus verzlan verði gefin, að minnsta kosti fyrst um sinn, þjóðum þeim, er oss eru næstar, nefnilega Dönum, Noregsmönnum, Svíum, Hamborgar- og Lýbikumönnum, svo og Hollendíngum, Bretum, Nýjujórvíkur- og Filadelfíuborgarmönnum, og loks, að óbundin sveitaverzlan sè leyfð með alla vöru, bæði útlenda og innlenda, nema vínfaung.

18. Bænarskrá úr Norðurþíngeyjarsýslu, með 69 nöfnum.

Þar er óskað eptir, að tollum þeim og álögum, sem híngað til hafa hvílt á útlendri verzlun, verði af lètt, að lausakaupmönnum verði leyft að verzla á hverjum stað, sem þeir vilja, og svo leingi, sem þeir vilja, og að innanlands eða sveitaverzlan sè heimil bæði með innlendan og útlendan varníng.

19—21. Þrjár samhljóða bænarskrár úr Norðurmúlasýslu, með 122 nöfnum.

Þessar bænarskrár taka fram þau 3 atriði:

a) að útlendum kaupmönnum sè leyft að verzla á Íslandi, án þess að greiða 50 rbdala tollinn eptir tilsk. frá 11. Sept. 1816, móti því, að þeir gjaldi allt hið sama, sem dönskum lausakaupmönnum er eða verður boðið að greiða, brúki danska vigt og mælir, og sè landslögunum undirgefnir, meðan þeir dvelja hèr við land, og njóti hèr í landi sömu rèttinda, og danskir lausakaupmenn.

b) að yfirvaldið sè látið gefa leyfisbrèf til sveitaverzlunar á hentugum stöðum, og að þeir menn, er slíkt verzlunarleyfi fá, njóti sama frelsis, og enir föstu kaupmenn í

kaupstöðunum hafa, bæði til þess að senda skip og farma til annara landa, og til að kaupa þar varníng þann, er þeir vilja.

c) að lausakaupmönnum, hvort heldur dönskum eða útlendum, verði leyft, ef eigi að verzla leingur enn mánuð á einum verzlunarstað í sömu ferð, þá samt að liggja á höfnum ángurslausir fyrir hinum föstu kaupmönnum, bæði fyrir og eptir, og að þeim, að liðnum verzlunartíma, gefist nægur tími til að taka á móti þeim vörum, er óloknar kynnu að vera af landsmönnum, og til að búa sig til ferðar; sömuleiðis að þeir bæði megi koma optar, enn einu sinni, til landsins á ári, og líka optar sigla inn á eina höfn í sömu ferð, og þar að auki sigla upp fleiri hentuga staði, þó eigi sè þar kaupstaður fyrir.

22—24. Þrjár bænarskrár úr Suðurmúlasýslu, með 83 nöfnum.

Þessar bænarskrár eru allar öldúngis samhljóða bænarskránum úr Norðurmúlasýslu; þó er við tvær af þeim bætt nokkrum athugasemdum, nefnilega:

Þeir menn, sem undir hafa skrifað úr Breiðdalshrepp, hafa játað sig samþykka bænarskránni í því, að verzlan danskra lausakaupmanna ætti að vera sem minnst bundin, sem og að því leiti, að bæði ætti innlend verzlan, eða sveitaverzlanin, að vera ótakmörkuð, og líka ætti Íslendíngum að verða gefið leyfi til, að fara með varníng sinn til annara landa, og taka þar aptur annan varníng í hans stað. Hitt virðist þeim þar á mót þurfa nákvæmari íhugunar, hvort núverandi ástand landsins ráði til, að öllum þjóðum sè leyfð hèr ótakmörkuð verzlan.

Stöðvarsóknarmenn óska, að danskir lausakaupmenn fái meira verzlunarfrelsi, enn þeir hafa áður haft. En hvað viðvíkur verzlun við útanríkisþjóðir, þykir þeim, hversu æskileg sem slík verzlan annars kynni að vera, efunarmál, hvort enn sè tími kominn til að beiðast slíkrar verzlunar, og hvort landsmenn, eptir þeirra núverandi efnahag og ásigkomulagi, geti hagnýtt sèr það þannig, að þeir hafi af því meira hagnað enn baga.

Reyðarfjarðarmenn fallast að sömu hèrumbil á öll atriðin í bænarskránni, en hafa þó bætt við þessum athugasemdum:

við a. Þeir vilja fela það á vald alþingis, hvort beiðast eigi allt í einu fullkomins verzlunarfrelsis við allar þjóðir, eður að eins fyrst um sinn við nokkrar þær, er haganlegast þætti að verzla við, t. a. m. Noregsmenn, Svía, Praussa, Þjóðverja, Enska, og ef til vill Spánverja. Einnig beiðast þeir ekki að eins, að 50 rbdala tollurinn sè lækkaður, heldur og að vegabrèf sèu gefin þeim, sem hingað sækja, af þeim danska "konsúl" í því landi, sem skipið er frá; líka þykir þeim nauðsyn, að útfærslutollurinn, eptir opnu br. frá 28. Des. 1836, annaðhvort sè tekinn af eða lækkaður.

við b. Þeir álíta það gagnlegt, að sveitaverzlan bæði með innlendar og útlendar vörur komist á, ef ekki óbundin með öllu, þá samt með eingu móti bundnari, enn hún var frá 1787 og til áranna 1792 og 1793, þá er úrskurðirnir frá 30. Maí og 17. Apríl voru gefnir, og óska þeir, að lagaboð þessi verði tekin af. Samkvæmt þessu vilja þeir, að alls eingum búanda manni yrði meinað, að kaupa af lausakaupmönnum nauðsynjavörur, og selja þær aptur hverjum sem vill.

Þeir, sem undir hafa skrifað úr Norðfjarðarhrepp, ætla það að sönnu nauðsynlegt, að vöruupplag sè til á vissum stöðum landsins eða hjá vissum mönnum, en þeir halda það sè gagnstætt flestra, ef ekki allra landa, verzlunarlögum, að allur almenníngur fái verzlunarleyfi, og álíta það eigi heldur sem hið óhultasta meðal, til að við halda vörubirgðum í landinu. Að öðru leiti fela þeir alþíngi á hönd, að skera úr þessu.

25—26. Tvær bænarskrár úr Skaptafellssýslum, með 169 nöfnum.

Önnur þeirra biður um, að öllum þjóðum sè leyft að eiga verzlun við Íslendínga, með sömu kostum og Danir.

Hin bænarskráin tekur þar á móti til þessi 3 atriði:

a) að kaupverzlan vor verði látin með öllu laus við allar þjóðir kvaðalaust, eða með þeim einum kvöðum, að eingin þjóð geti fyrir þær fráfælzt að sigla upp landið.

b) að kaupför megi leggja að landi, þar sem þau vilja, og ferma þar og afferma skip sín.

c) að bændum, bæði í grennd við kaupstaði og annarstaðar, þar sem leggja má skipi að landi, sé af yfirvaldinu veitt leyfisbréf til verzlunar.

27. Bænarskrá úr Árnessýslu með 185 nöfnum.

Þar er beðið um:

a) að kaupmenn úr hverju landi, sem vill, megi gjöra kaupferðir til Íslands, án þess að sækja vegabréf til kaupmannahafnar, heldur einúngis til ens næsta danska verzlunarfulltrúa, og verzla með fullu frelsi á hverri höfn, sem þeir vilja, þegar þeir hafa sýnt hlutaðeiganda yfirvaldi skilríki sín.

b) að útlendir og innlendir kaupmenn megi flytja vörufarma frá Íslandi, hvert sem þeir vilja, án nokkurs afgjalds.

c) að lítilfjörlegur tollur til almennra þarfa á Íslandi verði lagður á alla skipsfarma, er til landsins verða fluttir, nema á viðarfarma, og miög lítill á kornvöru.

d) að lagafrumvarp það, er af stjórnarráðunum kynni verða samið um þetta efni, verði lagt fyrir alþíngið á Íslandi sumarið 1847.

Að því búnu skoraði FORSETI á þíngmenn, hversu marga skyldi kjósa í nefnd til að íhuga mál þetta.

JÓN GUÐMUNDSSON umboðsmaður: Mál þetta er, eins og allir vita, mikilsvarðanda, og snertir velfarnan alls landsins; með því nú svo margar bænarskrár sama efnis eru afhentar enum mikilsvirta forseta, eins og hann drap á fyrir skemmstu, og það er mælt, að ekki sé jafn miklu eður margbreyttu verzlunarfrelsi farið á flot í öllum, en þessar bænarskrár allar munu síðar afhentar til íhugunar enni sömu nefnd, og nú verður kosin, þá mun einganveginn veita af því, að 5 séu valdir.

Kandidat JÓN SIGURÐSSON: Eg ætlaði einmitt að fara sömu orðum um þetta efni, og hinn heiðraði alþíngismaður úr Skaptafellssýslum nú gjörði, og mæli eg fram með 5 manna nefnd; fèllust allir þíngmenn á það, og voru þá kosnir: kandidat Jón Sigurðsson með 19, varaforseti með 16, umboðsmaður Jón Guðmundsson með 14, Hannes prófastur Stephensen með 12, og assessor Johnsen með 10 atkvæðum. Því næst sagði forseti fundi slitið.

8. Júlí — sjöundi fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá sjötta fundi lesin og samþykkt.

Forseti gat þess, að til sín væru komnar bænarskrár frá Barðastrandarsýslu og Suðurþingeyjarsýslu, hin fyrri um það, að ekki yrði gjörð nein breyting á sköttum eða kjörum prestanna, á meðan ekki væri búið að meta jarðagózið að nýju, og hin síðari um það, að skattabreytingu yrði ekki farið á flot, á meðan ekki væri búið að gjöra grein fyrir fjárhag landsins, og finna sanngjarnan útgjaldastofn.

Assessor Johnsen mælti, að hin fyrrnefnda bænarskrá, að því leiti hún ábræði einnig tekjur prestanna, rèttast mundi afhent nefnd þeirri, er sett væri til að íhuga málið um bót á kjörum prestanna, en hin síðari ætti heima hjá nefnd þeirri, er konúngsfulltrúi eptir boði konúngs ætti að skipa, til að yfirvega skattgjald á Íslandi o. s. frv.

Konúngsfulltrúi: Að minni hyggju er báðum þessum bænarskrám þannig háttað, að hvoruga ætti að fá í hendur nefnd þeirri, sem um er verið að tala. Bænarskráin úr Suðurþingeyjarsýslu lýtur einnig að því, að skattgjaldslögin verði óbreytt, þángað til búið sè að finna sannsýnilegan mælikvarða fyrir skattagreiðslu. En það mun einmitt verða höfuðatriði nefndarinnar, að finna þann mælikvarða, og fyrir þá skuld, að eingar bendíngar eru í þessari bænarskrá mönnum til leiðbeiníngar í því efni, þá held eg, að það komi að eingu liði, þó hún verði feingin nefndinni í hendur, og ætti því fyrst um sinn að leiða hana hjá sèr.

Hin bænarskráin, úr Barðastrandarsýslu, er meðal annars þess efnis, að ekki skuli hreifa við skattamálinu, fyrr enn nákvæm skýrsla er feingin um fjárhag Íslands í öllum greinum, og þar á meðal um hagi skólans, um „kollektupeníngana“, um mjölbótapeníngana, og um eignir Thorkillíi barnaskóla. Öll þessi atriði hefir stjórnin látið nákvæmlega rannsaka, og það er ekki ólíklegt, að nefnd þeirri, sem opt hefir verið áminnzt, verði einúngis sendar þær skýrslur, sem hún þarf nauðsynlega á að halda til þess starfa, sem henni verður feinginn, en hitt sýnist ekki nauðsynlegt, að senda henni þau skjöl, sem samin hafa verið um þessi nýnefndu atriði. Skyldu þess vegna alþíngismenn æskja þess, að skýrslur yrðu feingnar samkvæmt

inntaki bænarskrárinnar, þá yrði að ræða þetta mál hèr á þínginu, og vísa því ekki til nefndarinnar.

Forseti kvaðst vera sömu meiníngar, sem konúngsfulltrúinn, í þessu efni, um leið og hann gat þess, að til sín væru komnar fleiri bænarskrár líks efnis, sem síðar yrðu bornar upp á þínginu; og hann skaut því þess vegna til þíngsins, hvort nefndar bænarskrár ættu ekki að falla í burtu, nema ef það yrði álit þíngsins, að þær væru faldar þeirri nefnd, sem ætti að gjöra skipun á skattalögunum.

Kandidat Jón Sigurðsson sagði, að hann yrði að mæla fram með bænarskránum, að þeim væri gaumur gefinn, þareð það kynni að leiða til þess, að vissa feingist fyrir, hvernig fjárhag landsins væri háttað, en um það efni væru flestir í vafa og óvissu.

Stephán Jónsson sagðist hafa haft meðferðis bænarskrá líks efnis og þessar, og hefði hann afhent þær forseta, og mælti því fram með nefnd í þessu málefni.

Kandidat Jón Sigurðsson: Eg verð að ráða frá því, að bænarskrárnar verði látnar falla burtu, eins og hinn háttvirti forseti mælti fram með, og verð eg að mæla fram með, að bænarskráin frá Barðastrandarsýslu verði afhent nefnd þeirri, sem kosin er til að íhuga bót á kjörum prestanna, þareð hún einnig áhrærir það efni, en bænarskrána frá Suðurþíngeyjarsýslu held eg eigi að fá nefnd þeirri, sem á að íhuga skattgjaldslögin; en að öðrum kosti held eg ætti að kjósa nefnd, til að íhuga bænarskrár þessar.

Forseti svaraði, að hann með orðunum „að falla í burtu“ hefði meint, að þíngið ætti ekki að taka skrárnar fyrir, og kvaðst hann verða að láta þíngið skera úr því, hvað af þeim ætti að gjöra, og um leið gat hann þess, að reyndar væri bágt að segja, hvort tèðar bænarskrár stefndu, en væri farið eptir niðurlagi þeirra, þá hnigi bænarskráin frá Barðastrandarsýslu að kjörum prestanna, en hin að rannsókn á fjárhag landsins. Var þá leitað atkvæða, og urðu flestir á því, að bænarskráin frá Suðurþíngeyjarsýslu yrði afhent nefndinni í skattamálinu, þegar til kæmi.

Konúngsfulltrúi: Áður enn hinn háttvirti forseti lætur gánga til atkvæða um, hvað gjöra skuli við bænarskrána úr Barðastrandarsýslu, verð eg að benda til þess, að bænarskráin mælist ekki einúngis til að skýrslur þær fáist, er nefndar hafa verið, heldur ræður hún frá, og það er helzta og aðaluppá-

stúngan, að nokkuð verði sýslað við það málefni, að bæta kjör prestanna, fyrr enn feingin sè nákvæm skýrsla og glögg vissa um tekjur sèrhvers brauðs. Þannig er þessi bænarskrá ólík að höfuðefninu hinum skránum, sem hinn háttvirti forseti hefir sagt, að mundu verða bornar upp á þínginu, og sem snerta fjárhag ymsra stiptana. Það mundi því verða rèttast, að fara svo með þetta mál að skjóta því á frest, og leggja eingan úrskurð á að svo stöddu, fyrr enn hinar bænarskrárnar koma, og mætti vera, að eg þá fyndi mèr skylt, að segja eitthvað til leiðbeiníngar í málinu. En hvað efnið snertir í þessari bænarskrá um presta kjörin, þá hygg eg það vera til ónýtis, að ræða nú þegar nokkuð um það, þareð lagt hefir verið undir álit alþíngis lagafrumvarp frá konúngi um þetta efni, sem þíngmenn verða að leggja úrskurð á.

Kandidat Jón Sigurðsson: Því verður reyndar ekki neitað, að bænarskráin úr Barðastrandarsýslu talar um tvö höfuðatriði, sem eru hvort öðru nokkuð ólík, nefnilega: kjör prestanna, og að gjörð sè grein fyrir fjárhag landsins; en hvað sem því líður, virðist mèr annaðhvort eigi að vera, að bænarskrá þessi afhendist nefndinni um bót á kjörum prestanna, eður ný nefnd sè skipuð til að íhuga bænarskrána sèr í lagi.

Konúngsfulltrúi: Hinn virðulegi alþíngismaður fyrir Ísafjarðarsýslu hefir sagt, að tveir væru vegir, sem fara mætti með þessa bænarskrá, annar sá, að fá hana í hendur nefnd þeirri, sem kjörin er til að skoða lagafrumvarpið um breytíngu á reglugjörð frá 17. Júlí 1782, og get eg með eingu móti að því fundið. En hitt þykir mèr í alla staði gagnslaust, að nú verði kvaddir menn í nýja nefnd vegna þessarar bænarskrár, til þess að rannsaka fjáreignir ymsra stiptana, því á það atriði er einúngis lauslega minnzt í bænarskránni, og um það efni mun vera von á fleiri bænarskrám, eins og forseti hefir getið um.

Assessor Johnsen: Aðalefni þessarar bænarskrár hnígur að kjörum prestanna, og því er rèttast, eins og eg stakk upp á, að afhenda hana þeirri nefnd, sem kosin er í því máli.

Prófastur Hannes Stephensen var á sama máli og assessor Johnsen, en gat þess jafnframt, að biskup hefði fyrir nokkrum árum heimtað skýrslu af prestum landsins um ásigkomulag og tekjur brauðanna, og mundu skýrslur þessar vera komnar til biskupsdæmisins.

Ásgeir bóndi Einarsson sagðist vilja fá að sjá þessar skýrslur fyrir Strandasýslu, en forseti sagði, að þetta kæmi ekki efninu við, sem verið væri að ræða. Var þá, að forseta fyrirmælum, leitað atkvæða um, hvað gjöra ætti við bænarskrána, og urðu flest atkvæði á því, að fá hana í hendur nefnd þeirri, sem kosin er til að íhuga frumvarpið um kjör prestanna.

Forseti lagði þá fram bænarskrá frá Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslum, um breytíng á jarðadýrleika, svo að jöfnuður komist á jarðirnar innbyrðis.

Konúngsfulltrúi: Þó eg verði að álíta, að þessar bænarskrár ekki muni innihalda neinar þær upplýsíngar, er orðið geti skattanefndinni að liði, skal eg þó ekki mæla á móti því, að þær verði afhentar téðri nefnd; þær vitna þó að minnsta kosti um, að margir æskja eptir umbreytíngu á jarðadýrleika, og sanngjarnara mati jarða, enn nú er gyldanda.

Forseti skaut því til þíngsins úrlausnar, hvort bænarskrárnar ættu ekki að afhendast skattanefndinni, og urðu flest atkvæði því samþykk.

Þá lagði forseti fram bænarskrá frá Skaptafellssýslu, um að klausturjarðir þar verði metnar að nýju, og umboðsmenn klaustra teknir af, en sýslumönnum aptur falið á hendur umboð jarðanna. Forseti bað flutníngsmanninn, Jón Guðmundsson umboðsmann, að skýra þínginu frá hinum helztu atriðum í skránni.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Áður enn eg segi frá aðalinnihaldi bænarskrár þessarar, verð eg að leyfa mèr að geta þess, að niðurlag hennar er nokkuð frábrugðið því, sem farið er fram á í bænarskránni sjálfri; því þar er í rauninni því farið á flot, að skoðunargjörðin yfir konúngsjarðirnar í Skaptafellssýslu frá 1769 verði metin ógyld, og að fyrirskipanir ens konúnglega rentukammers frá 26. Marz 1842 og 5. Maí 1843, sem grundvallaðar eru á téðri skoðunargjörð, verði apturkallaðar, en klaustrajarðirnar síðan metnar að nýju, svo fljótt sem verður, eptir því ástandi, sem þær eru nú í, o. s. frv.

En aðalinnihald bænarskrárinnar er þetta:

Í Maí 1769 fól hið konúnglega rentukammer Skúla landfógeta Magnússyni, að skoða og meta klausturjarðir Þykkvabæjar, líklega fyrir þær sakir, að jarðamælíngin í Skaptafellssýslum, til undirbúnings enni almennu jarðabók frá 1760, hefir þótt óáreiðanleg, þareð hún fór fram rètt eptir hið mikla

sandfall úr Kötlu 1755, er lagði margar jarðir í eyði þar eystra. Skúli landfógeti fór samsumars austur, og mat þá tèðar klausturjarðir, og um leið bæði Kirkjubæjarklausturs og Flögu jarðir, og Bjarnarness umboð og aðrar konúngsjarðir í Skaptafellssýslum, og setti meira gjald á jarðirnar, heldur enn nokkru sinni hafði áður verið eptir eldri jarðabókum. Skoðunargjörð þessa staðfesti hið svo nefnda „norska kammer“ í öllum greinum 10. Apríl 1772; en um sömu mundir munu Skaptfellingar í einu hljóði hafa klagað þessa skuldsetníngu, því með brèfi frá 5. Apríl 1774 lagði sjálfur konúngur fyrir Björn lögmann Markússon, að skoða og meta konúngsjarðirnar í Skaptafellssýslu að nýju, en Skúla fógeta, að fara með honum og svara til gjörða sinna; jarðirnar voru þá enn metnar og skuldsettar af Birni lögmanni Markússyni, og með miklu minna gjaldi enn fyrri, og það sem merkilegast var: Skúli fógeti skuldsetti þá jarðirnar líka að nýju, og með töluvert minna gjaldi enn 1769, þó það væri ekki eins lítið og hjá lögmanninum. Það mun samt hafa þótt flanað nokkuð að þessari skoðunargjörð, því 1777 voru til nefndir af stjórninni *commissarii*, til að skoða enn og meta konúngsjarðirnar í Skaptafellssýslum, en það voru þeir Magnús lögmaður Ólafsson, og Jón sýslumaður Jónsson; skoðuðu þeir tèðar jarðir vandlega og möttu til afgjalds árin 1777, 1778 og 1779, og enn með miklu minna gjaldi enn 1769; nú kom 4 árum síðar hinn mikli jarðeldur 1783, er eyðilagði ótal jarðir þar eystra meira eður minna, og bera þær enn margar hverjar menjar þeirra enna óttalegu umbrota.

Eg má, enn sem komið er, ekki fullyrða það, en heyrt hefi eg mælt, að við skjalasafn stiptamtsins sè brèf frá rentukammerinu sjálfu, dagsett einhvern tíma á árinu 1787, er segi skoðunargjörðina frá 1769 ógylda framvegis; og víst er um það, að eingar hinar tèðu skoðunargjörðir voru á nafn nefndar, hvorki utan lands nè innan, svo menn til viti, fyrr enn nálægt 1830, að hið konúnglega rentukammer lagði fyrir, svona upp úr þurru, að á hverri þeirri jörð, er losnaði, skyldi hækka gjaldið að því, sem til tekið væri í skoðunargjörðinni frá 1769. Bæði sýslumaðurinn í Skaptafellssýslum — eg held eg megi fullyrða það — og líka eg, svo sem umboðsmaður Kirkjubæjar klausturs og Flögu jarða, skrifuðum á móti þessari ráðstöfun, svo sem við höfðum tök á; en það hafði ekki meira árángur enn svo, að hið konúnglega rentukammer skipaði með brèfum

frá 26. Marz 1842 og 6. Maí 1843, að hverja þá jörð, sem losnaði, og ekki væri boðin í forngyldan (den normale Afgivt), þ. e. gjaldið, sem margnefnd skoðunargjörð til tekur, skyldi bjóða upp til afgjalds við almennt uppboð; en sè forngyldan boðin umboðsmanninum, þá skuli bjóða jörðina samt upp til festugjalds, svo að — eptir því sem stjórnarráðið kveður að orði — jöfnuður verði sem mestur á kjörum leiguliðanna. Rentukammerið hefir þannig lagt fyrir, að bjóða upp hverja jörð, sem losnar, annaðhvort til afgjalds eður til festu; það hefir enn lagt fyrir, að allar landskuldir skuli greiða í peningum eptir meðalverði verðlagsskránna, nema á meðan eldri landsetarnir lifa, sem sitja við hinn forna leigumála; þá megi og hinir yngri landsetar gjalda hálfa landskuldina með 1 spesíu fyrir hverjar 24 álnir, en ekki leingur, en kúgylda leigur skuli gjalda í peningum eptir smjörverði verðlagsskránna.

Assessor Johnsen kvaðst vera gagnkunnugur málavöxtum, frá þeim tíma að hann hefði gegnt stiptamtmanns embættinu, og kvaðst hann verða að sanna það, meðal annars, rètt hermt, að brèf frá enu konúnglega rentukammeri sè til frá 1787, hann minnir dagsett 26. Júní, sem segi, að skoðunargjörðin frá 1769 sè óáreiðanleg; svo gat hann og þess, að hann hefði næstliðinn vetur skrifað um þetta efni til hlutaðeiganda stjórnarráðs, svo nú mundi mál það þegar vera tekið fyrir til íhugunar í rentukammerinu.

Konúngsfulltrúi hèlt, að þetta málefni ætti ekki að leggja fyrir alþíng að svo stöddu, þareð bygging og önnur meðferð konúngsjarða mundi bezt falin á hendur hlutaðeigandi embættismönnum og stjórnarráðum; þar að auki mundu fæstir þingmenn vita skil á þessu máli, að undanteknum hlutaðeiganda umboðsmanni, en það væri efi á, hvort honum væri fáanda þetta mál til rannsóknar, þareð bænarskráin færi því á flot, að umboðsmenn klaustra yrðu teknir af eptirleiðis.

Umboðsmaður Ólsen sagði, að þareð mart, að hans áliti, þyrfti lagfæringar, viðvíkjandi byggingu klausturjarðanna í norðurumdæminu, þá mælti hann fram með nefnd í málinu.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Hinn mikilsvirði konúngsfulltrúi sagði, að bezt mundi fallið, að bygging og önnur meðferð konúngsjarða væri falin á hendur hlutaðeigandi embættismönnum og stjórnarráðum, og því mundi ekki fara sem bezt á því, að alþíng kysi nefnd til yfirvegunar þessu máli;

að þingmenn allir mundu og vera málinu helzt of ókunnugir, til þess að leggja á það álit sitt; hinn mikilsvirði konúngsfulltrúi kvaðst ekki efast um, að mèr væri málefni þetta kunnugt, en sèr virtist samt sem áður, að það ætti miður við að kjósa mig í þá nefnd, þareð beiðendur hefðu farið því á flot, að eg væri sviptur umboðinu. Þessari tölu ens mikilsvirða konúngsfulltrúa verð eg að leyfa mèr að svara þannig: það hefir hvorki komið mèr til hugar, nè öðrum Skaptfellíngum, að fara fram á það, að taka ráðin af konúnginum í neinum þeim efnum, er hann hefir falið stjórnarráðunum til afskipta, nè öðru; það fer fjarri, heldur er einúngis fram á það farið, að aptur verði kallaðar bæði þær ráðstafanir hins konúnglega rentukammers, sem styðjast við skoðunargjörðina frá 1769, og svo sjálf hún, af því glundroði hefir komizt á rentukammerið í þessu efni, enda er og skoðunargjörðin áður ónýtt með síðari skoðunargjörðum, er fram hafa farið að fyrirlagi stjórnarinnar, og af því hún er af sjálfu enu háttnefnda stjórnarráði talin ógyld 1787. Eg hygg eingan sèrlegan kunnugleika við þurfa, til að segja álit sitt um þetta mál, því það verður eingaungu að byggja á skoðunargjörðum þeim og skjölum, er eg hefi skýrskotað til, og eru þau hèr við höndina í skjalasöfnum, bæði stiptamtsins og landfógetans. Þar sem hinn mikilsvirði konúngsfulltrúi segir ekki gjöranda, að kjósa mig í þessa nefnd, fyrir þær sakir, er eg áður hafði eptir honum, þá hygg eg þar á einga fyrirstöðu. Mýrdælíngar einir — en eingir fyrir austan Mýrdalssand, þar sem konúngslandsetar eru miklu fleiri — Mýrdælíngar einir hafa farið fram á það, að auki, í annari bænarskrá, að kúgyldin væru aftekin á konúngsjörðunum, en svo að sjóður landsins yrði ekki fyrir halla, sakir ímissis kvígildaleignanna — því þeir vilja ekki, að færðar sèu upp landskuldirnar að heldur — þá leggja þeir það til, að hafa einga umboðsmenn, svo að sá sjöttúngur gjaldanna, er þeir hljóta í umboðsþóknun, yrði sparaður, í stað leignanna, því þeir ætla sýslumanninum að hafa umboð beggja klaustranna og Flögujarða á hendi borgunarlaust. Þessu er nú auðvitað að ekki getur orðið framgeingt, fyrr enn mèr og hinum klausturhaldaranum er vikið frá, og fyrr enn sýslumannaskipti verða, því sá sýslumaður, sem búið er að veita sýsluna án þess skilyrðis, að hafa á hendi umboðin þóknunarlaust, mun vart takast þetta á hendur. Kirkjubæjarklausturs jarðir eru rúmar 30 tals, og Flögu-

jarðir að auki 8, og á þeim eru rúmir 80 búendur, en nálægt því jafn margar jarðir og ábúendur liggja undir Þykkvabæjarklaustur; allir þessir búendur, hátt á annað hundrað, eður meginþorri af bændum í Vesturskaptafellssýslu, mega sæta þessum hörðu kjörum, og hörð má þau kalla, því mèr hefir svo talizt, að verði ekki stemmdir stigar fyrir þessari ráðstöfun ens konúnglega rentukammers, heldur verði henni framgeingt, eins og til er ætlazt, þá megi Kirkjubæjarklausturs og Flögujarða landsetar gjalda víst 1200 rbd. í jarðargjöld árlega, frekar enn verið hefir. Eg leyfi mèr því enn að beiðast þess, að nefnd sè kosin í þessu máli; eg leyfi mèr að geta þess, að allir Skaptfellíngar höfðu hið mesta traust til alþíngis, að það mundi gjöra allt, sem í þess valdi stæði, til að rètta hluta þeirra í þessu efni.

Konúngsfulltrúi: Mèr getur ekki skilizt, að hinn heiðraði alþíngismaður Skaptfellínga hafi flutt gagn-ástæður móti því, er eg áður sagði um það, hverjir ættu að hafa á hendi stjórn konúngsjarðanna. Einúngis þegar umkvörtun verður um, að einum leiguliða sè órèttur gjörður, mætti það bera upp á þínginu. Það mætti verða mesti óhagnaður að því, ef alþíngið færi að skipta sèr af þvílíkum málefnum og atgjörðum stjórnarráðanna. Umboðsmönnunum verður sagt upp með ársfresti, og að öðru leiti mundi stjórnarráðið geta komið sèr saman við sýslumann um að taka að sèr umboðið, ef það þætti vel til fallið.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg ætlaði víst ekki að mistala mig, þó kann það að hafa orðið; eg vildi hafa sagt, að ekki yrði því komið við, sem Mýrdælíngar beiðast, fyrr enn mèr — og hinum umboðsmanninum — væri vikið frá; eg mundi það vel, að amtið hefir áskilið sèr og á frjálst á, að svipta mig umboðssýsluninni, eptir ½ árs uppsögn. Eg tek það fram enn, að vart mun nokkur sýslumaður, er áður er veitt sýslan, og ekki með því skilyrði, takast umboð beggja klaustranna á hendur án launa. Að Skaptfellíngar hafi orðið og verði tölu-vert hart úti í þessu efni, sèst bezt af því, er eg áður sagði, að Kirkjubæjarklausturs og Flögujarða landsetar eiga að láta hèrumbil 1200 rbd. meira, enn verið hefir, í jarðargjöld árlega, ef framgeingt verður þessum fyrirskipunum rentukammersins.

Forseti: Í tilliti til þess, sem assessor Johnsen skýrði frá, virðist mèr ekki vel henta að kjósa nefnd í málinu, enda

er hèr einkum umtalsefnið, að rentukammerið hafi ekki verið sjálfu sèr samkvæmt viðvíkjandi stjórn og meðferð konúngsjarðanna. Því næst skaut forseti því til atkvæða, hvort kjósa skyldi nefnd í málið, en einúngis 2 mæltu með nefnd, og datt þetta mál þannig niður.

Forseti lagði fram bænarskrá frá Suðurþíngeyjarsýslu, um að sýslumönnum yrðu veitt eptirleiðis föst laun úr konúngssjóði.

Assessor Johnsen: Meðferð þessa málefnis á heima hjá nefndinni í skattamálinu; var umboðsmaður Ólsen því samdóma.

Forseti: Eg man eigi betur, enn að mál þetta hafi fyrrmeir, nálægt enum seinustu aldamótum, verið undir ráðagjörð rentukammersins, en þareð mörg vandkvæði munu hafa þótt á því máli, og vandsèð, hvort breytíngin mundi verða á endanum almennúngi hagfelld, var því ekki framar fylgt fram að því simi. Að öðru leiti skaut forseti því til þíngsins atkvæða, hvort ekki ætti að fá þetta mál skattanefndinni, og urðu flestir þíngmanna á því, að svo skyldi gjört.

Því næst lagði forseti fram uppástúngu frá alþíngismanni Árnesínga, assessor Johnsen, um að leyft væri að selja ítök kirkna og rekarèttindi fyrir annara jarða landi. Forseti fèkk höfundi uppástúnguna, til þess hann tæki fram hin helztu atriði í henni.

Assessor Johnsen kvaðst ekki geta gjört það í stuttu máli, og hann yrði því að lesa upp bænarskráua. forseti sagði það mundi valda nokkurri tímatöf, og hann fyndi þess vegna ísjárvert, að bænarskráin yrði lesin upp, en það mundi þó verða svo að vera í þetta skipti.

Varaforseti: Þegar einum er leyft að lesa upp, verður að leyfa það öllum, og er auðsætt, hvílíka tímatöf af því leiðir fyrir þíngið.

Assessor Johnsen las því næst uppástúnguna fyrir þínginu, og er hún þannig látandi:

"Það er öllum þeim heiðruðu þíngmönnum kunnugt, að staðakirkjur og stundum bændakirkjur á Íslandi eiga víða, eptir máldögum og öðrum eignarskjölum, ítök í löndum annara manna, t. a. m. rètt til slægna, selstöðu, beit fyrir sauðfè, nautpeníng og hesta, skógarhögg, torfskurð o. s. frv., svo og rekarètt fyrir annara manna landi enu kirkjujarðanna sjálfra, enda fer það að líkindum, að kirkjurnar hafi hèr og hvar náð

þessum rèttindum með lángri óátalinni brúkun og venju, án þess þær hafi regluleg eða venjuleg eignarskjöl fyrir sig að bera. En hvort sem er, mun flestum hitt eins kunnugt, að einmitt þessi ítök og rèttindi kirknanna gefa tilefni til flestra misklíða og málaferla manna á milli, og horfir nú einkum til þess, eptir að kansellíið árið 1842 er búið að skora á alla umsjónarmenn kirkna, að halda undir þær eignum þeirra og ítökum, áður enn lög Dana um hefð og fyrningu rèttinda verða lögleidd hèr á landi. Málaferli þessi koma upp með ymsu móti. Þó eignarskjöl sèu til eða máldagar, þá eru þau opt óljós og ósamhljóða sín á milli; stundum eru örnefni þau, er eignarskjölin taka til sem takmörk ítakanna, orðin óljós og ókunn öllum þeim mönnum, er nú lifa, og vilja þeir, sem hlut eiga að máli, láta þau vera þar, sem hverjum fyrir sig er í hag; einn vill hafa rètt til beitar, þar sem máldagarnir taka til að hann hafi slægjuítak, og þvert á móti, þegar slá má, þar sem áður að eins var beitiland; annar vill eiga rètt til beitar og slægna, þar sem máldagarnir taka til selstöðu, og hinn þriðji vill mega leigja það ítakið öðrum, sem hann sjálfur eða kirkjan á í annars manns jörðu fyrir sjálfa sig eptir máldögunum, en jarðeigandi stendur á móti. Þó eru málaferli þau, er rísa af rekarèttindum kirkna fyrir annara jarða landi, einna margbrotnust; hèr kemur ekki einúngis fjörustaðurinn sjálfur og ummál fjörunnar til skjalanna, og þetta hvorttveggja er opt og einatt næsta óvíst, heldur er og títt, að ágreiníngur verður um, hvers kyns reka kirkjan eigi, og hverja leingd af trjáreka, og jafnvel, hvernig mæla eigi trèn, eða hvort telja eigi með til leingdarinnar þau svokölluðu trjálos til endanna, sem ekki verða höfð til neins, nema til eldsneytis. Enn hafa gefizt dæmi til þess, þó þau líklega muni vera fá, að fjárhaldsmenn kirkna, sem eptir máldögum þeirra eiga trjáreka með tiltekinni leingd, hafa viljað ná undir kirkjuna vogrekum, sem þeim (að leingdinni til) ekki eru eignuð í máldögunum, undan bændaeignum eða sjáfarjörðum, er áður hafa verið stólsjarðir, og sem eptir skilmálunum fyrir uppboði Skálholts stólsjarðanna, og opt ítrekuðum svörum rentukammersins, nú bera jarðeigendunum sjálfum með sama rètti sem stólnum, áður enn jarðirnar voru seldar (opið brèf frá 4. Maí 1778, 2. gr., smbr. kansellíbrèf frá 26. Ágúst 1809).

Það er sjálfsagt eins opt, ef eigi optar, að kröfurnar fyrir hönd kirknanna í þessum efnum eru á litlu sem eingu byggðar, og virðist það sèrílagi eiga heima, þegar svo stendur á, sem næst greindi, og hitt, að málefnin eru vafasöm; en hvort sem er, eru málaferli um rèttindi kirknanna orðin fleiri, enn nokkur önnur, manna á milli í landinu, og hefir eigi veitt ervitt að fá gjafsókn á þeim gegnum alla rètti, enda þó opt líti svo út, að lítið sè tilefni til þess, og að það, sem um er þrætt, sè einganveginn svo mikils kostnaðar vert, er af þeim rís, en kostnaðurinn er, eins og flest annað, tekinn úr vösum bændanna. Þó má eigi taka orð mín svo, að kirkjur skuli eigi hèreptir fá gjafsókn á þvílíkum málum, þegar nægar ástæður þykja vera til að höfða mál, enda sè eg ekki, að eignakirkjum verði gjört lægra undir höfði í þessu efni, enn staðakirkjum, á meðan fjárhaldsmenn hvorutveggja eru sömu skyldum bundnir við kirkjuna eða söfnuðinn, og er það líklega þess vegna, að eins kirknaeigendur, sem prestar, hingað til hafa rekið mál kirknanna vegna á enda til hæstarèttar á kostnað alþýðu. Eg ætla mèr þar á móti að stinga uppá öðru, til að komast hjá sífeldu þrasi um allt land útaf ítökum kirkna, og þeim kostnaði, er þar af leiðir fyrir bændur, og vilda eg helzt geta komið því svo fyrir, að álítast mætti, að uppástúngan væri eigi síður í hag fyrir kirkjur, enn bændur, eða þá, sem venjulega bera kostnaðinn. Alkunnugt er, að margar kirkjur í landinu eiga og þykjast eiga ítök í annara manna landi, og reka fyrir því, og eru þessi ítök opt í miklum fjarska frá kirkjustöðunum, og jafnvel í öðrum landsfjórðúngum, og er þá auðsætt bæði af reynslunni og í sjálfu sèr, að kirkjurnar einganveginn geta haft fullkomin not af rèttindum þessum, og er líku máli að gegna um sèrhvert ítak í annars manns jörðu, er eigi liggur við landamerki jarða þeirra, sem ítaksins eru aðnjótandi, en þetta er, ef til vill, aldrei, og sjálfsagt allsjaldnast. Þegar nú svo stendur á, þá er á hinn bóginn alllíklegt, að jarðeigandi sè tilleiðanlegur til að kaupa ítakið af kirkjunni, og gefa svo mikið fyrir það í peningum, að peningaleigan af söluverðinu verði jafnvel töluvert meiri, enn þau not, er kirkjan getur haft af ítakinu, því aldrei fer svo, að jarðeigandi hafi eigi meira baga af því, að annar á nokkuð í jörðu hans, enn einúngis svarar missinum af ítakságóðanum.

Nú býst eg við, að í móti þessu verði fram fært, að málssóknum um ítök kirkna verði eigi fækkað, þó leyft yrði að selja ítökin undan þeim, en þá er athuganda, að fyrst verður komizt hjá öllum málaferlum og kostnaði um þau ítök, er seld verða eigendum jarða þeirra, er þau fylgja, og í annan stað er eigi síður líklegt, að þó efi sè á, hvort kirkjurnar eigi einstöku ítök, og hver takmörk þeirra sè og rètt brúkun, þá verði bæði jarðeigendur tilleiðanlegir til að spara sjalfum sèr kostnað til málsins, eða kaupa sig lausa frá honum, og að kirkjuverjar kynnu eigi allsjaldan að vinna með þessum hætti það málið, er þeir að öðrum kosti, ef dómur geingi í málinu, yrðu að tapa, enda er, þegar svo stendur á, ítakið optast nær svo lítils virði, að háyfirvöldunum mundi eigi þykja taka því, að veita þeim gjafsókn, er hlut eiga að máli; en hins vegar ætla eg að hollast væri, að ítökin yrðu seld með samþykki stiptsyfirvaldanna, viðlíka og til er tekið í konúngsbrèfi frá 24. Febrúar 1747, og að það ætti að vera almenn regla, að selja mætti ítökin, þegar leigan af kaupverði þeirra er eins há eða hærri, enn ágóði sá, er kirkjurnar hafa af þeim, verður metinn til, þó svo, að stiptsyfirvöldin stöku sinnum, ef ástæður eru til, geti brugðið útaf þessari reglu.

Á því, sem nú er sagt, leyfi eg mèr að byggja þá uppástúngu, og beiðast álits hinna virðulegu þíngmanna um, hvort eigi beri nauðsyn til, að senda vorum allramildasta konúngi bænarskrá þess efnis:

> að selja megi ítök kirkna og rekarèttindi fyrir annara jarða landi, og að um þetta verði samið lagafrumvarp, er lagt verði undir álit alþíngismanna hið næsta sinn, er þeir verða kvaddir til þíngs".

Prófastur Hannes Stephensen kvaðst verða að mæla á móti frumvarpinu, þareð það svipti mörg brauð þeirra helztu hlynnindum, til að mynda þar sem varpeyjar, eður ömur slík hlynnindi, lægju undir brauðið fyrir annara landi, og mundi það verða brauðunum að hinu mesta tjóni, ef það væri gjört að skyldu, að selja ítökin undan kirkjunum.

Umboðsmaður Ólsen gat þess, að honum þætti bænarskráin taka um of fram fyrir hendur á þeim, er ættu prívat kirkjur.

Assessor Johnsen: Hinn virðulegi alþíngismaður Borgfirðínga hefir öldúngis misskilið mig, því að skylda nokkurn mann til, að selja eign sína móti vilja sínum, mun varla nokkrum

skynsömum manni geta dottið í hug; þar á móti er öllum auðskilið, að uppástúngan einúngis fer því fram, að leyfi sè gefið til að selja ítök undan kirkjum, til að komast hjá óþarfa-málaferlum.

Ásgeir bóndi Einarsson kvaðst verða að mæla fram með uppástúngunni, þareð hún væri þarfleg bæði fyrir kirkjurnar sjálfar, og þá bændur, sem ættu land, þar sem ítökin lægju.

Prófastur Halldór Jónsson sagði, um leið og hann mælti í móti frumvarpinu, að kirkjurnar mundu ekki fá, þó ítökin yrðu seld, eins mikið fyrir þau, og þau reyndar væru verð, enda væri ekki heldur auðvelt að meta slík hlynnindi.

Assessor Johnsen kvaðst sannfærðurum, að ef leyft yrði að selja ítökin, mundu þau optastnær verða keypt enda lángt yfir rètt söluverð; hann yrði þess vegna að álíta uppástúngu sína gjörða ekki síður í hag prestanna, enn bændanna.

Prófastur Halldór Jónsson: Eg verð þó að ætla, að hlutaðeigendur muni líta mest á sjálfa sig, og þannig síður fara að því, hvers virði ítakið sè í raun og veru, heldur enn hinu, að kirkjan hefði þess lítil not, og borga það að því skapi.

Konúngsfulltrúi kvaðst að sönnu ekki vera því mótmæltur, að innihald uppástúngunnar yrði rædt, en honum virtist ekki þurfa á uppástúngunni að halda, þar eð ekki væri bannað það, sem hún bæði um að leyft yrði. Þess bæri enn fremur að gæta, að almenníngur feingi af alþíngistíðindunum vitneskju um, að kaup og sala á slíkum ítökum mundi fást leyfð hjá hlutaðeigandi stjórnarráðum, þegar þess væri leitað, og þá farið eptir kríngumstæðum í hvert skipti.

Assessor Johnsen kvaðst verða að efast um, að slík sala væri nú sem stæði leyfileg, og dróg hann það af konúngsúrskurði frá 1747, sem leyfir að selja kirknakúgyldi, er þaraf mundi mega ráða, að eigi mundi leyfilegt að selja ítökin, og væri honum kunnugt, að margir prestar skildu það á þennan hátt; en ætti að fá leyfi í hvert skipti, væru við það mörg vandkvæði og tímatöf, þareð stjórnarráðin svöruðu opt ekki brèfum og fyrirspurnum frá Íslandi, fyrr enn eptir 1 eða 2 ár. Almennt leyfi væri því nauðsynlegt.

Varaforseti sagði, að ekkert yrði leidt frá úrskurðinum frá 1747 því til sönnunar, að ekki mætti selja ítökin, og kvaðst

hann því í öllu fallast á það, sem konúngsfulltrúi hefði sagt um það efni.

Assessor Johnsen ítrekaði aptur þau vandkvæði, sem leiddi af tímatöfinni, og þetta atriði væri þó mest umvarðanda í þessu efni, þareð óvíst væri, að kaupandi feingist að því að ári, sem nú byðist.

Konúngsfulltrúi: Þó að almennt söluleyfi á ítökum feingist, mundi þó verða haldið hinni sömu aðferð í því efni, sem fyrr, í hverju einstöku tilfelli.

Varaforseti sagði, að ekki mundi vera fyrir því ráð að gjöra, að verð ítakanna væri svo breytilegt, því ítökin lægju ætíð í eða fyrir annara manna landi, en svo mætti ætla, að landeigendur hefðu ætíð sömu óskir, að frelsa land sitt frá ískyldunni.

Assessor Johnsen ítrekaði að nýju vandkvæði þau, er leiddu af tímatöfinni, því þegar ætti að fara að sækja um leyfi til stjórnarráðanna, hvort selja mætti ítökin, yrði komið í mál, áður enn svar kæmi, en tilgángur hans með uppástúngunni væri sá, að girða fyrir óþarfa-málaferli.

Forseti lèt gánga til atkvæða um, hvort nefnd skyldi kjósa, og urðu 14 atkvæði á því, að svo skyldi vera. Voru þessir kosnir: assessor Johnsen með 15, prófastur Hannes Stephensen með 13, og prófastur Halldór Jónsson með 10 atkvæðum. Því næst sleit forseti fundi.

9. Júlí — áttundi fundur.

Forseti skýrði þínginu frá, að stiptprófastur Árni Helgason gæti ekki komið á fund í dag.

Þíngbók frá sjöunda fundi lesin og samþykkt.

Forseti lagði því næst fram bænarskrár úr Eyjafjarðarsýslu:

a. um reikníngsskil fyrir kollektupeníngunum.
b. " " " mjölbótapeníngunum.
c. " andvirði seldra stólsjarða.
d. " sömuleiðis seldra klaustra- og konúngsjarða.

Forseti skaut því til þíngsins, hvort ekki ætti að velja nefnd til yfirvegunar öllum þessum bænarskrám í einu lagi, þareð efni þeirra væri nokkuð skylt.

Stephán hreppstjóri Jónsson: Eg, sem flutníngsmaður bænarskránna, mæli ekki í móti, að allar tèðar bænarskrár

sèu faldar einni nefnd, en eg óska, að nefnd verði kosin í þær.

Konúngsfulltrúi: Áður enn nokkuð verður ákveðið um, hvort kjósa skuli menn í nefnd til að rannsaka þetta málefni, vil eg leyfa mèr að skýra þingmönnum frá ymsu, þeim til athugasemda og leiðbeiníngar. Allar þessar 4 bænarskrár, er upp hafa verið bornar, beiðast þess, að frekari skýrslur verði gjörðar um kollektupeníngana og mjölbótapeníngana, er svo heita, um verð stólsjarðanna, er seldar voru, og að lyktum um það, að hve miklu leiti afgjaldi klausturjarða, og rentum af andvirði hinna seldu klausturjarða, sè varið til Íslands þarfa.

Það er þá fyrst, hvað kollektupeníngana snertir, að stjórnarráð þau, er þar eiga hlut að máli, hafa þegar, svo árum skiptir, gjört lánga rannsókn um það málefni, svo vissa feingist um það, hversu mikið mundi enn vera óeydt af þessum peníngum, og var því máli ráðið til lykta með konúngsúrskurði 25. dag Júlím. árið sem leið. Kollektupeníngunum var safnað, eins og mönnum mun vera kunnugt, bæði í Kaupmannahöfn og annarstaðar um ríki Danakonúngs, eptir konúngsúrskurðum frá 10. Nóv. 1783 og 9. Febr. 1785, til þess að bæta úr neyð Íslendínga eptir eldgosin. Urðu peníngar þessir samtals 41,535 rbd. 77½ sk. í kúranti.

Af þessum peníngum voru veittir:

1) svo sem til bráðabirgða til flutníngs til Íslands á viðarförmum, nálægt 2,600 rd.; til þess að flytja 3 skipsfarma frá fiskiverum til hèraða þeirra, er þess þurftu við, nálægt 6,700 rd.; til þess að kaupa fyrir gánganda fè, nálægt 9,100 rd.; fyrir matvöru o. s. frv. handa þeim mönnum, er úr eldinum höfðu flúið, nálægt 4,450 rd. — samtals hèrumbil . . . . . 22,800 rd.
2) fyrir einn skipsfarm af húsavið, feingið verzlunarumboðsmönnunum árin 1786 og 1789 . . . 3,787 —
3) Gjafir, styrkur, og til fjárkaupa (1786—91) . 5,280 —
4) 200 tunnur af kornvöru, og 1000 rd. í peníngum, sent Ó. Stephensen stiptamtmanni og St. Thorarensen amtmanni, árið 1792 . . . 2,051 —
5) til byggínga eyðijarða . . . . . 1,031 —
6) handa þeim, er skaða biðu í veðrinu mikla 8. og 9. Janúar 1799 . . . . . 2,061 —

7) styrkur eptir harða veturinn 1800—1801 . . . 400 —
8 verðlaun handa kaupmönnum fyrir vöruaðflutninga að landinu 1802—1803 . . . . . 3,100 —
9) fyrir nauðsynja vörur, úthlutaðar 1802 . . . . 1,427 —
10) styrkur vegna misheppnaðra fiskiveiða 1806. 605 —
11) Útgjörð briggskipsins "Justitia" frá þrándheimi árin 1808—1809, skaði . . . . . 10,017 —

Þannig geta menn séð, að talsverðu fè hefir verið útbýtt í þeim tilgángi, sem að öllu leiti er samkvæmur þeim, er kollektunni var safnað í, og verður það því að koma af ókunnugleika um þetta efni, þegar efast er um í bænarskránni, að nokkru af kollektupeníngunum hafi verið varið til rèttra þarfa. Auk þeirra útgjalda, sem nú voru nefnd, var sú ákvörðun gjörð, samkvæmt konúngsúrskurði frá 28. Maí 1800, að af rentum kollektupeníngsanna skyldi taka kostnað þann, er geingi til stranda og hafna mælíngar á Íslandi, og til þessa starfs, sem hafið var ár 1801, en lokið ár 1820, hefir mikið fè verið goldið, og gjörðu menn árið 1835, að það mundi nema 44,155 rbd. í dönskum kúranti, og 39,956 rbd. silfurs.

Árið 1836 samdi bæði hið konúnglega rentukammer og þjóðskuldaráðið (*Statsgjeldsdirectionen*) reikníng um það, hversu mikið enn mundi vera óeydt af kollektupeníngunum. Var það eingin furða, þó mönnum bæri ekki að öllu leiti saman á endanum, þar sem slíkir reikníngar voru svo ákaflega margbrotnir. Eptir reikníngi þjóðskuldaráðsins var eptir óeydt af kollektupeníngunum 1. Jan. 1836 . . . . . 14,653 rbd. en eptir reikníngi rentukammersins . . . . . 28,049 —

Mismunurinn rís bæði af því, að mönnum bar ekki saman um, hvað feingizt hefði fyrir farminn af skipinu „Justitíu", og einkum af því, að þjóðskuldaráðið hætti að reikna rentur af því fè, sem út var goldið til bráðabirgða, frá útgjaldadegi, en rentukammerið hèlt, að reikna mætti rentur allt til ávísunardagsins.

Í allrahæstum úrskurði frá 25. Júlí 1844 er farið eptir reikníngi rentukammersins; þar segir, að heimta sú, sem ríkissjóðurinn (*Finantserne*) hafi til kollektupeníngsanna (fyrir strandamælíngar o. s. fr.) fram yfir það, sem renta kollektunnar hrökkvi til, skuli falla niður; að kostnaður sá, er gángi til skólahússins — og gjört er ráð fyrir allt að 12000 rbd. fram yfir það, sem mjölbótapeníngarnir hrökkvi til (en þeir eru

7,500 rbd.), skuli takast af kollektupeníngunum, en það, sem þá verði eptir, skuli geymast og verða aðstoðarsjóður handa Íslandi; enn fremur að það, sem þurfi til að koma út uppdrætti Íslands (2000 rbd. árlega í 4 ár), skuli greiðast af jarðabókarsjóðnum; svo skuli og það taka styrk handa iðnaðarmönnum, það sem geingur til frækaupa o. fl. Og að eptirlaun Borns kapteins, sem starfað hafði að strandamælíngum, verði greidd af eptirlaunasjóðnum.

Þannig má kalla, að kollektupeninga málefnið sè til lykta leidt, og mega menn ekki búast við að því verði breytt, fremur enn hverju öðru reikníngsmálefni yfir höfuð, þegar búið er að rannsaka þau til hlýtar, og konúngur hefir lagt sinn úrskurð á málið. Og þegar nú það, sem hèr er sagt, sýnir, að konúngur í úrskurði sínum hefir einkum haft hag Íslands fyrir augum, og skorið úr málinu á þann veg, sem þessu landi var haganlegastur, þá þykir mèr það ekki eiga vel við, að beiðast frekari skýrslu um þetta mál.

Nú vík eg máli mínu þángað, sem eru mjölbótapeníngarnir, og er saga þeirra nokkuð styttri.

Með nefndardómi, frá 8. Febr. 1772, var hið almenna verzlunarmannafèlag dæmt í 4,400 rbd. bætur fyrir þá skuld, að þeir höfðu sent út híngað skemmt mjöl árið 1768. Svo var í fyrstu til ætlað, að fè þessu skyldi skipta með þeim, er orðið höfðu fyrir skaðanum, en þess var enginn kostur, að finna þá menn alla, og þó þeir hefðu fundizt, þá hefðu menn aldrei getað skipt rèttilega á millum þeirra. Konúngsúrskurður frá 13. Apríl 1773 kvað svo á, að stofna skyldi af peníngum þessum sjóð Íslandi til gagns, og menn skyldu segja uppástúngur sínar um það, hvernig skyldi hagtæra honum. Ymsar uppástúngur voru og gjörðar, en á þær varð ekki fallizt, og var því eingin ályktun um það gjörð, en þar á móti voru allt að 1812 tekin þaðan yms útgjöld, einkum til garðyrkju og jarðabóta. Síðan hefir á ári hverju verið goldið nokkurt fè af gjaldasjóðnum (*Zahlkassen*) og jarðabókarsjóðnum fyrir kálgarðafræ, túngarðahleðslu, púður til að spreingja með grjót o. fl., og varð fè þetta samtals, frá 1816 til 1841, 1537 rbd., og hefir það verið tekið af mjölbótasjóðnum. Við árslokin 1842, þegar reikníngur um peninga þessa var gjörður að fullu og öllu, urðu renturnar til samans 3,643 rbd. 92 sk. Samþykkti kon-

úngur þann reikníng með úrskurði sínum 7. Des. 1842, og með úrsk. 25. Júlí 1844 ákvarðaði hann, að þeir 7,500 rbd. þaraf, sem stæðu í ríkisskuldasjóðnum, skyldu gánga til skólasmíðisins.

Af því, sem nú hefir verið sagt, mun það án efa vera ljóst, að einnig hefir verið gjörð nákvæm rannsókn um mjölbótapeníngana, áður enn konúngur sagði sinn úrskurð um vöxt þeirra og brúkun, og verð eg nú að bera það undir alþíngismenn, hvort þeim sýnist það eiga við eður vel sæma, að beiðast nú frekari skýrslu um það málefni, sem þannig er til lykta leidt.

Hvað nú hina þriðju bænarskrá snertir, sem beiðist þess, að þíngmenn skyldu biðja konúng, að lagðir verði fyrir alþíng glöggir reikníngar um stærð og brúkun andvirðis þess, sem feingizt hefir fyrir seldar stólsjarðir, þá vil eg geta þess, að í ríkisreikníngunum, sem út hafa komið fyrir árin 1841—1843, og í áætlunar-reikníngum (*Budgetter*) fyrir árin 1841—1845,— og hefi eg feingið hinum háttvirta forseta eitt exemplar af þeim bókum, til þess þíngmenn gætu kynnt sèr þær á lestrarsalnum —, finna menn nákvæmlega skýrt frá jarðaverði þessu og hvað við það er gjört, og þó menn í þesskonar höfuðreikníngum ríkisins einganveginn geti búizt við að finna hvert einstakt atriði, þá efast eg þó um, að sá reikníngur fáist, sem skýri frá öllum þeim smáatriðum, enda þótt þess væri beðizt, og sýnir þó aðferð sú, sem við hefir verið höfð, þegar reikníngar þessir hafa verið samdir, að það hefir einganveginn verið áform stjórnarinnar, að draga nokkra skýlu á þetta málefni. Þar sem svo er að orði kveðið í bænarskránni, að Hólastólsgóz hafi verið selt fyrir hèrumbil 140,000 rbd., eður hèrumbil 70,000 spesíur, þá er það ekki sem rèttast, því andvirði þess var rúmlega helmíngur, eða nálægt 72,000 rbd.

Hvað hina 4. bænarskrá snertir, sem telur efa á því, að árlegum tekjum af klausturjörðum, og andvirði þeirra klausturjarða, sem seldar hafa verið, sè varið Íslandi til gagns, þá verð eg meðfram að geta þess, að bænarskrá þessi tilgreinir einga „vissa uppástúngu“, og hefði eg því einúngis fyrir þá sök nægа ástæðu til að æskja þess, að henni yrði á burt vísað. En nú ætla eg ekki að fara því á flot, vegna þess hún er í sambandi við bænarskrá þá, er hèr var næst á undan, heldur geta þess til bendíngar í þessu

máli, að hinar árlegu tekjur af klausturjörðum þeim, sem óseldar eru, eru ritaðar í ársreikníngum þeim, sem áður eru nefndir, meðal inngjalda jarðabókarsjóðsins, en þar á móti er ekki þannig skýrt frá rentum af andvirði hinna seldu jarða, þareð andvirðið er goldið í ríkisskuldasjóðinn, eins og venjulegt er að fara með verð það, er kemur fyrir konúngsjarðir eða aðrar þjóðjarðir í Danmörku og hertogadæmunum. Eg vil jafnvel játa, að vafi getur verið á, hvort, og að hve miklu leiti, þessar rentur séu, að því er Ísland snertir, settar í réttan dálk í ríkisreikníngunum, en hvernig sem því nú er varið, þá yrðu menn að rannsaka þá spurníngu útaf fyrir sig.

Eg hlýt því að taka það upp aptur, að eg fæ ekki séð, að það geti átt við, að kveðja menn í nefnd til að rannsaka þessar fjórar bænarskrár.

Kandidat Jón Sigurðsson: Eg hlýt að mæla fram með því, að nefnd verði sett til að rannsaka bænarskrár þær, sem hinn virðulegi alþíngismaður frá Eyjafjarðarsýslu hefir borið upp, viðvíkjandi fjárhag lands þessa. Mótmæli þau, sem enn háttvirti konúngsfulltrúi hefir borið fram, finnast mèr ekki geta á nokkurn hátt aptrað þínginu frá að kjósa nefnd í málið, þareð öllum hlýtur að vera í augum uppi, að hin mesta nauðsyn er að fá glöggva þekkíng á fjárhag lands þessa í öllum greinum, áður enn þíng þetta verður, ef til vill, kvadt til ráðaneytis um breytíngar á skattgjaldslögum landsins, og um endurbætur á ymsu því, sem óneitanlega þarf stórrar viðgjörðar, og krefur töluverðan kostnað, ef því á að verða framgeingt landi þessu til viðreisnar og þjóð vorri til heilla. Það er og allra manna von hèr á landi, að konúngur vor muni ekki neita um, að auglýstar verði allar þær skýrslur, sem nauðsynlegar eru í þessu máli. Það er alkunnugt, að hann hefir eigi fyrir skömmu ákvarðað, að land þetta skuli sjálft borga kostnað fyrir sèr; hinn háttvirti konúngsfulltrúi hefir þegar borið upp hèr á þínginu tvö mál þaraðlútandi: annað um það, hvernig alþíngiskostnaðinn skuli gjalda af landinu; hitt um það, að jafna á landið 11,000 dala, til að bæta upp aptur enn svo nefnda styrktarsjóð, eða kollektusjóðinn. Í þriðja lagi hefir hinn háttvirti konúngsfulltrúi boðað, að hann ætti að setja nefnd til að rannsaka skattalögin, án efa í þeim tilgángi, að fá meiri tekjur af landinu. Þegar nú þannig er ástatt, er það að minni

hyggju skylda alþingis, að beiðast skýrslu um öll þau atriði, sem lúta að fjárhag landsins, til þess það neyðist ekki til að leggja ályktun á slík mál í blindni. Hinn háttvirti konúngsfulltrúi hefir bent til, að fullkominn og skýr reikníngur sè gjörður um það, er viðvíkur þessum atriðum í fjárhag þessa lands. Þessu hlýt eg öldúngis að neita, því fyrst hafa reikníngar þeir, sem sèzt hafa, einúngis snert viðskipti þeirra sjóðanna: gjaldasjóðsins í Kaupmannahöfn og jarðabókarsjóðsins, og því næst hafa reikníngar þessir aldrei verið birtir á íslenzku, eða hèr á landi, nema hvað einstakir menn kunna að hafa sèð þá af hendíngu; þeir hafa heldur ekki verið birtir sèrílagi, heldur einúngis sem lítill þáttur í ríkisreikníngum Dana. Enn er og eitt atriði: menn hafa leingi kvartað yfir í Danmörku, hversu óglöggir væru reikníngar þeir, sem við koma ríkinu; en margfalt óglöggari hafa verið reikníngar Íslands, að minnsta kosti þángað til hin síðasta áætlun kom fyrir sjónir; þeir hafa að mestu lent við það, að sagt hefir verið, að skotið væri til þessa lands 15,000, eða stundum jafnvel 20,000 dala á ári, og þetta án þess, að nokkur sæi, hvernig slíkt væri komið fram. Og svo er þetta orðið ríkt innprentað mönnum, að jafnvel nú, eptir að stjórnin hefir sjálf ekki talið meira enn 8,300 dala, sem til landsins væri skotið, er almanna rómur, að landinu sèu lagðar 15 eða 20 þúsundir á hverju ári; já, þessu hefir verið svo almennt trúað, að sjálfur fulltrúi vor Íslendínga á Hróarskelduþíngi hefir tekið undir það sem óræk sannindi.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að leyfa mèr, að skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort hinn virðulegi þíngmaður fyrir Ísafjarðarsýslu grípi ekki fram fyrir hendur á þíngmönnum með ræðu sinni; að sönnu veit eg til þess, að í dag verður borin upp á þínginu bænarskrá um almennan fjárhag og reikníngа Íslands, en nú, sem stendur, er einúngis spurníngin sú, hvað gjöra skuli við þær 4 bænarskrár, er eg áður hefi talað um, og að því, sem eg fæ sèð, gefa þær ekki minnsta tilefni til, að fara að telja upp smáatriði þau, er þíngmaður þessi var tekinn til á.

Forseti mælti, að hann áliti þetta málefni að svo stöddu nægilega rædt, og það væri mikið æskilegt, að þeir, sem lètu meiníngu sína í ljósi um það, hvort nefnd skyldi velja eður ekki, í slíkri ræðu hèldu sèr til efnisins yfirhöfuð, án þess þá undir eins að gefa til kynna meiníngu sína um

málefnanna einstöku atriði; því næst skoraði hann á þingið, að það skæri úr, hvort nefnd skyldi velja; urðu 16 á því, en 7 á móti. Forseti biður þá einhvern þingmanna að tiltaka, hve marga skuli kjósa. Flutningsmaður stakk uppá 5 manna nefnd, og samþykktu það allir, og voru þá kosnir: Jón Sigurðsson með 21, Jón Guðmundsson með 19, assessor Johnsen með 15, varaforseti með 13, og prófastur Hannes Stephensen með 12 atkvæðum.

Forseti lagði þá fram bænarskrá úr Eyjafjarðarsýslu um, að fyrir alþing væru lagðir árlegir reikningar jarðabókarsjóðsins og lögstjórnarsjóðsins, einnig allskonar sveitareikningar á landinu o. s. frv.

Forseti: Eg verð að gjöra þá athugasemd, að eg held þingið komist ekki yfir, að yfirfara jarðabókar og justizkassa reikningana til neinna gagnsmuna, og því síður alla sveitareikninga úr hverju hèraði landsins; virðist mèr og óþarfi að auglýsa þá á prenti suma hverja, t. d. alla sveitarreikninga. Spítala- og jafnaðarsjóðsreikningar eru árlega prentaðir í vesturumdæminu, og er þinginu einnig kunnugt, að ágrip af enum síðarnefndu reikningum nú er prentað í suðurumdæminu.

Konúngsfulltrúi: Þó eg ekki geti sèð nokkurt samband millum hinna fjögra bænarskjala, er áður voru nefnd, og þessa, sem nú er um rædt, þareð hin tala einúngis um þess kyns fjárefni, sem konúngur hefir ráðið til lykta með úrskurði, en þetta talar einúngis um eptirkomanda reikningshag landsins og hreppanna, þá þykist eg þó af því, hvernig atkvæði fèllu nú fyrir skemmstu, geta sèð nokkurnveginn fyrir, hver endir verði á þeirri spurníngu, hvort kjósa eigi menn í nefnd eður ekki, til að rannsaka málefni það, er nú er verið að ræða um, og því vil eg ekki að svo stöddu fara þar um fleirum orðum, en áskil mèr rètt að tala um það síðar, þegar málið verður rædt, þó eg annars geti ekki annað, enn verið samdóma því, sem hinn háttvirti forseti sagði áðan.

Forseti kvaddi þingmenn til að skera úr: 1) hvort nefnd skyldi velja, og urðu 13 með því, en 11 á móti; 2) hvort fela skyldi málefni þetta enni sömu nefnd, og síðast var kosin; það samþykktu allir.

Forseti lagði þá fram bænarskrá frá iðnaðarmönnum í Reykjavík, og beiðast þeir að fá frí flutning á iðnarverkefnum með póstduggunni; bar hann undir þingmenn, hvort nefnd skyldi

kjósa, og gat þess jafnframt, að sèr virtist málið ekki rèttilega borið hèr upp nú, heldur ætti það að gánga til hlutaðeigandi embættismanna; þingmenn höfnuðu því allir, að nefnd væri kosin.

Forseti lagði enn fram bænarskrá frá alþingismanni Árnessýslu, um að bæjarmenn í Reykjavík yrðu teknir í fèlagskap brunabótafèlaganna í Danmörku, og afhenti hana tèðum alþingismanni, til þess að gjöra innihald hennar nákvæmar kunnugt þingmönnum; uppástúngumaður mælti, að innihaldið gæti hann ekki kunngjört í styttra máli, enn með því að lesa bænarskrána alla. Forseti skýrskotaði til þess, er hann áður, optar enn í eitt skipti, hefði gefið til kynna hèr á þinginu, og seinast í gærdag, um að eingin nauðsyn væri á, að lesa upp allar bænarskrárnar, þar þær áður væru þinginu að nokkru leiti kunnugar, með því þær hefðu legið í lestrarstofunni; að öðru leiti kvaðst forseti ekki banna upplestur á bænarskránni. Las uppástúngumaður hana þá upp, og mælti fastlega fram með henni. Bænarskráin hljóðar þannig:

"Það mun vera flestum hinum virðulegu þingmönnum kunnugt af frèttum þeim, er gefnar voru út í Kaupmannahöfn á íslenzka túngu árið 1840, að því var farið á flot við fulltrúaþing Dana, er þau áttu fund með sèr það ár, að kaupstaðurinn Reykjavík yrði tekinn í brunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða; urðu þær málalyktir við fulltrúaþing Jótlands, að frá þessu var ráðið með 40 atkvæðum móti 4; en við fulltrúaþing Eydana urðu 47 atkvæði á móti, en 18 með uppástúngunni; en þó var það samþykkt með 38 atkvæðum á móti 27, að útvega skyldi nákvæmari skýrslur frá Reykjavík um ásigkomulag húsa þar og millibil og afstöðu, svo og um það, hversu mikils virði þau væru, svo að þar af yrði sèð, hve mikil áhætta væri, að taka Reykjavíkínga í fèlag með Dönum í þessu efni. Þessar málalyktir voru síðan kunngjörðar þeim, er hlut eiga að máli, í kansellíbrèfi frá 27. Febrúar 1841 til stiptamtmannsins, eptir boði Hans Hátignar Konúngsins, og var í brèfinu lagt á vald bæjarstjórnarinnar, að hreifa málinu á ný, og útvega skýrslur þær, er Eydani vantaði.

Við málefni þessu var nú ekki hreift, fyrr enn árið 1843, þá er bæjarfulltrúar stúngu uppá því við bæjarfógeta, að hann sæi um, að hús bæjarmanna yrðu virt, fyrst og fremst

til þess, að þeir gætu notið réttinda þeirra, er bundin eru við virðíngu húsanna eptir 3. gr. alþíngistilskipunarinnar, þareð ekki leit út fyrir, að þeir tækju sig fram um það sjálfir, svo margir sem vera bar, og í annan stað til þess, og með þeim hætti, að skýrslur þær, sem fulltrúaþíngi Eydana þótti vanta, til að geta lagt dóm á málið um hluttekníng Reykjavíkur í brunabótafèlagi hinna dönsku kaupstaða, yrðu feingnar um leið, og fèllust bæjarmenn, þá er þeir, 13. dag Desemb. 1843, voru kvaddir til atkvæða um frumvarp bæjarfulltrúa, allir á það í einu hljóði; þó skyldi kostnaði þeim, er leiddi af nákvæmari lýsíngu húsanna, afstöðu þeirra og stærð og virðíngunni á þeim o. s. frv., lokið úr bæjarsjóðnum, ef alþíngi tækist ekki að útvega bænum fèlagsskap við dönsku kaupstaðina, eða brunabætur á annan hátt, en ella vildu þeir síðar, hver eptir tiltölu, takast á hendur að endurgjalda sjóðnum kostnað þann, er fyrirfram yrði að taka úr honum. Þessar atgjörðir bæjarmanna hefir amtmaðurinn yfir suðuramtinu samþykkt, og hafa húsin síðan verið virt, og lýsíng á þeim búin til; á því var byrjað 20. dag Júnímánaðar í fyrra, og lokið við það 1. dag Septembers s. á. Eg leyfi mèr nú að leggja fram lýsíngar- og virðíngargjörð þessa fyrir þetta heiðraða þíng, því til eptirsjónar, og í þeirri von, að hún bæti nægilega úr þeim bresti, er fulltruaþíngi Eydana þótti vera við áðurnefnda uppástúngu, og hefi eg, sem oddviti bæjarfulltrúa, eigi getað hliðrað mèr hjá, að ánýja þessa uppástúngu og bera hana upp fyrir þínginu. Eg fæ ekki varizt þess, að láta málefni þetta liggja mèr mjög svo á hjarta, og eg get ekki komizt hjá, ef eg á að bera það hèr upp, að víkja lítið eitt á mótmæli þau, er uppástúngan hefir orðið fyrir við fulltrúaþíng Dana.

Svo lítur út, sem allir fulltrúarnir, eða flestir, beri þá velvild til vor Íslendínga, að þeir hefðu fegnir viljað verða við bón vorri í þessu efni, og eg þekki suma þeirra svo vel, að einginn getur verið betur sannfærður um velvild þeirra til Íslands og Íslendínga, enn eg, enda þó sumir af þeim eingu að síður hafi mælt á móti uppástúngunni; en á hinn bóginn fæ eg eigi glögglega sèð, hversu menn geta látið góðan vilja yfirbugast af ótta fyrir, að brunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða hafi vanhag af því, að eiga fèlagskap við oss í þessu efni, en þótt eigi sè að

sjá, að tjónið eða hættan af fèlagskapnum geti verið meiri enn svo, að þau kjör, sem boðin eru, megi þykja samsvara hættunni, eins og hinn háttvirti konúngsfulltrúi við fulltrúaþíng Dana hefir fært sönnur á.

Eg skal síðar leyfa mèr að benda til þess, að málefni þetta er harla áríðanda, ekki að eins fyrir kaupstaðinn Reykjavík, heldur og fyrir alla landsbúa, og mèr skilst ekki, í hverju velvild Dana til Íslendínga gæti betur komið í ljós, enn ef þeir vildu liðsinna oss í þessu efni.

Vèr sjáum sjálfir fullvel, að vèr eigum ekki rètt á því að lögum, er vèr biðjum um, og að vèr höfum eingu öðru að treysta, enn velvild bræðra vorra Dana til vor; vinni hún ekki á þá, er málinu tapað, og sè þessu máli tapað, þykir oss vandsèð, að vèr getum ætlað á þá velvildina, eða gjafir í neyðinni, þær er eigi þiggja laun; en oss hryllir við, að hugsa til að komast á vonarvöl, ef ógæfuna að bæri, og mèr virðist, að allir geti ímyndað sèr þetta, án þess að leiða sèr í hug, að það sè tilgángur vor að þreingja oss inn í fèlag við Dani að nauðsynjalausu; því þó sú heppni hafi verið yfir bænum nú í meir enn 50 ár, að eldsvoði hafi eigi orðið hèr að skaða, þá má það þó vera öllum í augum uppi, að það er óframsýni ein, að leita ekki ráða til að vera búinn við óhappinu, þó það sè eigi fyrir að sjá með neinni vissu. Eg ætla, að öllum hinum virðulegu þíngmönnum sè auðskilið, að bæjarbúum í Reykjavík sèu allar bjargir bannaðar í þessu efni, ef eigi kemur liðveizla frá Dönum eða hinni dönsku stjórn. Að stofna brunabótafèlag í kaupstaðnum sjálfum er frágángssök, því enn, sem komið er, eru húseigendur hèr svo fáir, og margir þeirra svo efnalitlir, að það tekur eigi tali, að safnað verði tillögum, sem nokkru nemi, til að stofna hèr brunabótasjóð í viðlögum. Svo er og eptir landsháttum og öðru ásigkomulagi öllum auðskilið, að Reykjavík getur hvorki haft hag af, nè heldur átt kost á, að gjöra samtök við aðra verzlunarstaði á landinu í þessum tilgángi, og loksins eru jarðeignir í svo margra manna höndum út um allt land, og svo lítils virði hvers eins hluti, að því verður ekki farið á flot, að jarðeigendur hèr á landi taki að sèr ábyrgðina, ef út af ber. Eg hefi átt tal við nokkra kunnuga menn um það, hvort eigi mundi vera kostur á, að útlendir verzlunarstjórar eða aðrir ríkismenn, eður og fèlög, t. a. m. í Hamborg eða á Einglandi, tækju að sèr ábyrgð húsa vorra, ef þau brynnu;

en mèr hefir verið svarað, að þeir að vísu þyrðu það, eptir þeirri skýrslu, er þeir hafa feingið um ásigkomulag húsanna og bæjarins alls, með þeim kostum, er vel mætti við una, en að þeim þyki ekki taka því, þareð árságóðinn af brunabótatillaginu mundi að eins nema nokkrum hundrað dölum.

Enn fremur hefir því verið hreift á þjóðþingum Dana, að húsin í kaupstaðnum sèu byggð með þeim hætti, að eins mikillar hættu sè von af ábyrgðinni á þeim, og á húsum þeim í Danmörku, sem eru stráþakin, og menn eru nú að losa sig við, til að komast hjá allri hættu, svo og að eldsneyti Reykjavíkínga eða mórinn sè svo eldfimur, að hann auki enn meira hættuna. En hvað hið fyrra atriðið snertir, þá hafa þeir Tillisch kammerherra og Castenschjold kammerherra fært sönnur á hið gagnstæða, Tillisch af reynslunni á Færeyjum, og Castenschjold af reynslunni á Sveizalandi, og hefir Tillisch kammerherra auk þessa með reynslu sinni á Færeyjum hrundið þeirri ástæðu, er byggð var á því, að mórinn væri mjög eldfimur; og af því sá fulltrúi, er menn hèr sízt væntu, en sem allir hljóta þó að hafa mikið traust á, hefir komið fram með ástæðu þessa, þá hlýt eg að skora á hina virðulegu þingmenn, að þeir segi álit sitt um þetta atriði, eptir því, sem hver hefir reynslu til. Eptir sjálfs míns reynslu er eg sannfærður um, að mór sá, sem kynt er í Reykjavík, er, ef til vill, óeldfimari enn nokkurt annað eldsneyti, enda veit eg ekki til, að nokkurn tíma hafi orðið hætta af eldi í reykháfum, þar sem mó er kynt, og að því, sem mèr er kunnugt, stíflast ofnpípurnar fyrr, enn að í þeim kvikni, þó þær verði fullar af mósóti; svo er og kunnugt af reynslunni, að það trè brennur naumast, sem móreykur hefir leikið á. Það er svo langt frá, að tjöruð timburþök vor eigi nokkuð skylt við þök þau, er lögð hafa verið af heyi sumstaðar í hinum dönsku kaupstöðum, að eg, eptir því, sem eg hefi haft tækifæri til að sjá og reyna, bæði í Danmörku og á Íslandi, held eigi ofhermt, að múrbyggingum Dana, þar sem viði er kynt, sè ekki öllu óhættara fyrir ofneldum og reykháfaeldum — og munu þesskonar eldar þó optast valda húsbrunum, þegar eingin ódáðabrögð eru höfð í frammi — enn timburhúsum vorum, þar sem mórinn er hafður til eldsneytis. Að neistar geti falizt í öskunni undan mónum og komið að tjóni, ef aðgætni er eigi við höfð, er að vísu eins eðlilegt, eins og

hitt, að þeim, sem hefir orðið fyrir þvílíku tjóni, stendur beygur af öllu því, er hann þykist geta kennt um tjónið.

Enn hefir sú mótbára komið fram, að vatnið mundi, sökum kuldans á Íslandi, frjósa í slökkvitólunum, svo þau yrðu sjaldan notuð, og má líklega nægja, til þess að hrinda þessari mótbáru, að frostið í Reykjavík verður sjaldan harðara á vetrum, enn í Danmörku, og ber opt við, að það þvert á móti er linara.

Eptir virðingargjörðinni eru hús þau, er menn ímynda sèr að ættu að koma undir ábyrgð, og verða bætt brunabótum, ef þau brynnu, samtals 186,530 rbd. virði, og eins og eg hefi haft nóg tækifæri til að sannfærast um, að virðingin er gjörð með samvizkusemi, svo ætla eg, að lýsing á bænum og húsunum, og afstöðu þeirra allri o. s. frv., sè svo nákvæm og skilmerkileg, sem auðið er; en að fá nýan uppdrátt yfir bæinn, til að leggja fram að nýju á fulltrúaþingi Dana, yrði svo kostnaðarsamt, að bærinn mundi ekki rísa undir því; svo er og uppdráttur til yfir bæinn, er Frakkar bjuggu til árið 1836, og mun hægt, að fá hann til sýnis handa þjóðfulltrúum Dana, ef mál þetta yrði að nýju borið undir þá.

Reykjavíkurbúar vilja allt til þess vinna, að geta hlotið vernd á eignum sínum og munum á móti voðanum, ef hann bæri að, og eru þeir allir ásáttir um, að vilja gjalda eins mikið í brunabótasjóðinn, og í fyrstunni var stúngið uppá, en það eru 20 skildíngar af 100 rdl., þegar hús er í 20 álna fjarlægð frá öðru húsi; 25, þegar hús er nær, enn 20 álnir, og fjær, enn 10 álnir, og 30, þar sem millibil húsanna er minna, enn 10 álnir. Eg hefi jafnvel heyrt nokkra segja, að þeir væru fúsir til að gjalda allt að hálfum dal fyrir hvert 100 rdla, sem væru teknir í ábyrgð til brunabóta, heldur enn að eiga allt á hættu; en þareð margir húseigendur í bænum eru næsta efnalitlir, get eg þó eigi stúngið uppá, að svo mikið sè goldið inn í brunabótasjóðinn á ári, því þá ætla eg eigi, að skylda mætti alla til að fá brunabótaábyrgð fyrir hús þeirra, og held eg þó að hinu leitinu, að það ætti að vera.

Reykjavíkurbúar ætlast eigi enn til, að þeir fái allan þann skaða bættan, er þeim er búinn af eldsvoða, ef þeir að eins eiga ekki allt á hættu, ef hús þeirra brynnu og búsgögn; það er því ekki heldur ætlan mín, að stínga uppá því, að verð það, sem húsin hafa verið eða verða metin til, sè allt tekið til ábyrgðar, jafnvel þó eg sè sannfærður um, af því, sem eg þekki til húsavirðingar í

Danmörku sakir brunabótanna, að sú virðing, sem búið er að gjöra hèr, sè ekki að sínu leiti hærri, enn sú virðing, sem tíðkast í Danmörku, eða gjörð með minni nærgætni og samvizkusemi; og þareð mèr, eins og máli þessu nú er komið, virðist næsta áríðanda, að sýna Dönum, er vèr í þessu efni eigum allt undir, að allt komi hliðdrægnislaust fram af vorri hálfu, þá álít eg að öllum hentaði bezt, að menn gjörðu sig ánægða með ábyrgð á $\frac{2}{3}$ hlutum af virðingarverðinu. Sömuleiðis verð eg að vera við það, er í fyrstu var stúngið uppá um endurvirðing húsanna þriðja hvert ár.

Á meðan mál þetta er eigi leingra komið, finnst mèr óþarfi að taka til, hvenær og hversu skuli greiða brunabótatillagið af hendi húseigenda á ári hverju, með hverjum hætti virðing skuli fram fara eptirleiðis, og annað þesskonar, sem miðar til meðferðar á málefninu að fullnustu; því eg ætla að betra sè, að laga þessháttar hluti í hendi sèr, þegar frumvarp yrði lagt fyrir þíngið til nýmælis um þenna hlut; eg þarf enn einúngis að geta þess, að bæjarstjórninni þótti bezt hlýða, að virðíngargjörðin færi fram samkvæmt tilskip. frá 29. Febrúar 1792, 2., 3. og 13. gr., fyrir kaupstaðina í Danmörku, og eins og til er tekið í erindisbrèfi því, er bæjarfógetr fèkk 17. dag Júní 1844 virðíngarmönnum þeim, er til voru kvaddir, en þeir voru báðir meðlimir byggínganefndarinnar, og vanari, enn nokkrir aðrir, við þau störf, og einna bezt til þeirra hæfir. Að vísu get eg ímyndað mèr, að sumum af þeim virðulegu mönnum, er hèr sitja, kunni að detta í hug, að málefni þetta varði þá lítils; en eg veit á hinn bóginn, að öllum þeim er mjög annt um sèrhvern hluta af landi þeirra og samlöndum, og slíkt hið sama er eg þess fullviss, að málefnið er mjög áríðanda, ekki einúngis fyrir bæjarbúa í Reykjavík, heldur og að minnsta kosti fyrir alla íbúa suðuramtsins, og jafnvel búendur hinna fjórðúnga landsins. Menn setji sèr fyrir sjónir, hversu færi, ef Reykjavík yrði fyrir eldsvoða, og einkum, ef verzlunarhúsin þar brynnu; þá yrði ekki þarmeð búið, að flestir bæjarmenn kæmust á vonarvöl, þeir er ættu þau hús, er brynnu, heldur má sjá í hendi sèr, að verzlunarmenn t. a. m. mundu eigi byggja hús sín upp aptur, þó þeir ættu kost á því og hefðu efni til þess, heldur mundu þeir fara úr landi hèðan, þeir sem frá Danmörku eru komnir og hèr hafa verzlun, og hætta ekki meginhluta efna sinna í annað sinn. Hèraf mundi og kvikna

slíkur geigur hjá öðrum mönnum, við að setjast hèr að eða annarstaðar á landinu, eða að hafa hèr fasta kaupverzlun, að menn mættu eiga á hættu, hvort verzlunarmenn þeir, er annars geta átt nokkurn kost, tækju sig eigi hèðan upp, á meðan þeir geta ekki feingið ábyrgð á efnum sínum og húsum á móti eldsvoða, ef þau brynnu. Eg er því þess fullöruggur, að þèr, virðulegu þingmenn! látið yður mál þetta miklu skipta, og að þèr af alefli viljið mæla fram með því, enda ber eg það nu fram með því meira trausti og því betri von, sem sá maður, er frumkvöðull var til þess frá upphafi, og vèr allir höfum svo mikið traust á, er kominn hèr á meðal vor fyrir hönd hans Hátignar Konúngsins.

Að svo fyrir mæltu leyfi eg mèr að stínga uppá, að alþíng sendi vorum allramildasta konúngi bænarskrá um:

að kaupstaðurinn Reykjavík verði tekinn í brunabótafèlag, annaðhvort með kaupstöðum eða landsbygðarmönnum í Danmörku, eða með hvorumtveggja, eður og loksins inn í brunabótafèlag Kaupmannahafnar búa, eða þá að öðrum kosti, að Hans Hátign Konúngurinn allramildilegast takist ábyrgðina á hendur, allt með þeim hætti, er honum allramildilegast mætti þóknast að ákveða í nýmæli, er lagt yrði fyrir alþíng svo fljótt, sem málefni þetta getur orðið til hlýtar undir það búið."

Varaforseti: Þó eg væri sannfærður um, að allir þeir heiðruðu alþíngismenn, er hèr sitja, hefðu ljósa þekkíngu á, hvað brunabótafèlög og brunabætur eru, hvar um eg ekki vil láta neinn efa í ljósi, svo held eg þó, að bænarskrá þessi sè óþarflega hèr upp borin og of snemma, á meðan ekki er sèð fyrir endann á því, hvort brunabótafèlög Eydana vilja taka Reykjavík í fèlagskap sinn, og er þetta því fremur athuganda, sem eg ætla, að stjórnin geti ekki skipað Eydönum þetta, ef þeir ekki vilja; svo er og varla til þess ætlanda, að stjórnin vilji takast þessa umsýslun á hendur.

Assessor Johnsen: Það hlýtur að vera eini vegurinn fyrir Reykjavíkurmenn, að leita ásjár hjá alþíngi um þetta mál, og fyrir alþíng, eptir að það er orðið til, að senda konúngi bænarskrá um það; en hann skipar aptur fulltrúaþíngum Dana (Eydana og Jótlands) að taka málið á ný, eins og því er nú komið, og það verður borið upp fyrir hann af hendi alþíngis, til yfirvegunar; og er þessu einmitt þess vegna farið á flot,

að ekki er útséð um, að Danir taki oss í félagsskap við sig, fyrr enn þeir hafa feingið þær skýrslur, er þeim þótti áður vanta.

Forseti skoraði á þingið um, hvort nefnd skyldi kjósa, og hversu marga í hana skyldi nefna; urðu fleiri á að kjósa nefnd, og allir á, að 3 mundu duga, og voru þá kosnir: assessor Johnsen, assessor Jonassen og stiptprófastur Á. Helgason, með 16, 12, og 11 atkvæðum; prófastur H. G. Thordarsen hlaut einnig 11 atkvæði, en varð að víkja fyrir aldurs sakir.

Forseti skoraði bréflega á þingið, hversu dýrt skyldi selja hvert exemplar af þingtíðindunum með tilheyrandi konúngs lagafrumvörpum, hvernig skyldi haga sölu þeirra, og hvort ekki mundi líklegast, að velja einhverja 2 þingmenn, er heimili ættu í Reykjavík, til umsjónarmanna í fjærveru forsetans, með þeim manni, er salan yrði falin á hendur.

Þingið féllst á, að hvert exemplar tíðindanna mætti selja á 1 rbd., svo að útbreiðsla þeirra yrði því greiðari, og að öllum líkindum almenníngi hagfelldari; enn framar féllst þingið á, að fela forseta að semja við sölumann, og að velja skyldi meðal þingmanna þeirra, er í Reykjavík ættu heimili, 2 menn til umsjónar með sölumanni; voru þá til þess kosnir: assessórarnir Johnsen og Jonassen með 18 og 16 atkvæðum. Því næst var fundi slitið.

11. Júlí — níundi fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá áttunda fundi lesin og samþykkt.

Forseti skýrði þinginu frá, að honum væru afhentar bænarskrár frá Eyjafjarðarsýslu og báðum Þingeyjarsýslum: 1) um það, að útvega konúnglegt lagaboð um friðun æðarfugls allstaðar á Íslandi; 2) um að æðarfuglsveiði yrði leyfð, samkvæmt fyrirmælum Jónsbókarlaga. Þegar forseti var búinn að taka fram þau hin helztu atriði, er hvorirtveggja höfðu borið fram máli þeirra til styrkíngar, og jafnframt leidt athuga þíngsins að því, hversu miklu varðanda mál þetta væri fyrir landið yfirhöfuð, gat hann þess, að honum virtist réttast, að fá málið í hendur nefnd þeirri, er konúngsfulltrúi á að tilskipa, til að íhuga skattgjaldið, landsleigubálk, og veiðilög hèr á landi o. s. frv., en hann legði á þíngsins vald að skera úr, hvort það vildi fallast á þetta álit hans, eða kjósa nefnd til að yfirvega þetta mál.

Konúngsfulltrúi: Áður enn alþingið leggur nokkurt ráð á um það, hvort kveðja skuli menn í nefnd, til að rannsaka málefni þetta, ætla eg ekki óþarft, að gjöra nokkrar athugasemdir, er vera mætti að leiðbeindu mönnum til að leysa úr spurníngu þessari.

Árið 1839 bar Bjarni heitinn amtmaður Thorarensen, á nefndarfundi embættismanna í Reykjavík, upp frumvarp um ný veiðilög, er einkum laut að því, að æðarvarp yrði betur friðað hèr á landi enn áður. Nefndin gat þó ekki fallizt á frumvarpið, að svo miklu leiti sem það áhrærði almenn veiðilög handa Íslandi, og virtist henni það mega bíða, þángað til búin væri endurskoðun Jónsbókar, en hins vegar beiddist nefndin, að það yrði leidt í lög, að þau mál, sem risu af brotum manna gegn lögunum um friðhelgi æðarfugls, yrðu rekin sem almenn lögreglumál; þar um er og, eins og hinum virðulegu þíngmönnum er kunnugt, síðan komið út lagaboð. Enn fremur hófst lagadeila í Syðri Þíngeyjarsýslu árið 1843, millum eiganda Laxamýrar og 22ja manna á Tjörnesi, í Húsavík og í Naustavík, út af drápi og netaveiðum á æðarfugli. Dómur var lagður á málið í hèraði 15. dag Apríls sama ár, og fèkk Laxamýrareigandi sigur í málinu, en mótstöðumenn hans voru dæmdir til fèbóta. En landsyfirrètturinn lagði þann dóm á málið, 25. dag Sept. s. á., að flestir þeirra, er sekir urðu um fèbætur í hèraði, urðu sýknir þeirra bóta.

Eigandi Laxamýrar beiddist að mega skjóta máli þessu til hæsta rèttar, en kansellíið lèt svara honum, að það feingist ekki fyrir þá skuld, að menn þættust sjá, að málslok mundu verða þar allt að því hin sömu, sem í landsyfirrèttinum. En þar á móti þótti kansellíinu hlýða, að ritast á við rentukammerið um það, hvort ekki mundi þörf að semja ný lög um friðhelgi æðarfugls. Rentukammerið hèlt að sönnu ekki, að gefa ætti ný lög einúngis um þetta efni, en þótti þó vel til fallið, að hin almennu veiðilög og lögin um friðhelgi æðarfugls, sem bæði væru óljós og á sundrúngu (t. a. m. í Jónsbók, tilsk. 13. Júní 1787, konúngsúrsk. 21. Júlí 1808 og 17. Júlí 1816, opnu brèfi 1. Marz 1843, sbr. kgl. úrsk. 19. Apríl 1784 og 22. Júní 1785), væru tínd saman í eina almenna tilskipun, og breytt og bætt við þau eptir þörfum. Lèt rentukammerið þess getið, hvort ekki mundi fara vel á því, að nefnd þeirri, sem sett verður til að rannsaka og undirbúa landbúnaðar málefnið, yrði

einnig falið á hendur, að semja ný lög um allskonar veiðar, og um friðhelgi æðarfugls. Kansellíið fèllst á það, og hefir því selt mèr í hendur skjöl þau, er snerta áðurnefnt málefni, til að fá þau í hendur nefndinni. Eg get því ekki annað enn haldið, að bænarskrár þær, sem nú er rædt um, eigi sjálfsagt að afhendast nefnd þeirri, er eg hefi getið um, og sem á að rannsaka einmitt það málefni, sem talað er um í bænarskránum.

Varaforseti: Eg get einganveginn fallizt á það, sem hinn háttvirti forseti mælti, að rèttast mundi að fá málefni þetta, um æðarfugls friðun, nefnd þeirri til meðferðar, er hinn hæstvirti konúngsfulltrúi áður hefir sagt, að hann, að konúngs boði, eigi að skipa hèr á landi, til að yfirfara skattalög lands þessa, landbúnaðarlög, veiðilög og rekarèttarlög. Ekki þarf mig að vísu að taka sárt til nefndarinnar, þó í hana sè kastað, líkt og í aðra ruslakistu, nokkru af því, sem hèr er í ár fram borið, ef það á nokkurn hátt virðist að eiga skylt við áðurnefnt málefni. En af því mèr hefir ekki getað betur skilizt af orðum konúngsfulltrúa, enn að nefndin eigi að hafa lokið störfum sínum á einu ári, svo verk hennar (sjálfsagt eptir yfirsýn stjórnarráðanna) verði borin undir alþíngið 1847, svo virðist mèr það ekki sóma alþínginu í ár, sem veit, hversu naumur frestur nefndinni er veittur til starfa, og á að vita, hversu umfángsmikil, flókin og þó áríðandi áðurnefnd málefni eru, að skjóta frá sèr, og inn á nefndina, því, sem hjá verður komizt. Ekki neita eg því, að málefni það, sem nú er upp borið, hvort æðarfugl eigi að vera að öllu friðhelgur, eða sè rèttdræpur, hvar sem hann verður staðinn, í fljótu bragði sýnist að hníga að veiðilögum landsins; en það er ekki nema að ytra áliti, því ef betur er skoðað virðist það ljóst, að almenn veiðilög gánga fram eptir almennum ástæðum, og snerta mest þaraðlútandi og þar á byggð rèttindi manna innbyrðis; en það er ekki þeirra, að hafa eina skepnu, sem lifir í náttúrlegu frelsi, fremur annari að öllu undanþeigna veiði, nema svo sè, að löggjöfin hafi, einhverra orsaka vegna, áður birt um það vilja sinn sèr í lagi. Það er nú þetta, hvað æðarfuglinn snertir, sem á seinni árum er farið að gjöra vafasamt, og af því eg ætla, að málefnið sè næsta áríðanda fyrir landsheillir, þar sem eg tel mèr óhætt að fullyrða, að varppláz landsins, sem stendur, gefi af sèr í dúni og eggjum fullt 30—40,000 rbd. virði á ári, og gæti þó orðið tvöfalt eða meira, ef friður væri á, svo verð eg af allri alvöru

að styðja að því, að málefnið sè hèr þegar tekið fyrir, meðhöndlað í 3 manna nefnd, og af alþingi leitað konúnglegs úrskurðar, annaðhvort af eða á. Gæti þá svo farið, að þetta atriði væri um garð geingið, áður enn nefndin tekur veiðilögin til yfirferðar. Eins árs bið, og eins árs skemmdir í þessu efni, bætast eigi á mörgum árum. Það, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi mælti um landsyfirrèttardóminn í æðarfuglsmálinu að norðan, þá skildist mèr, að stjórnarráðin hefðu talið konúngsúrskurðinn frá 21. Júlí 1808 meðal Íslands gyldandi laga um æðarfuglsfriðun, en það er einmitt þessi löggjöf, sem landsyfirdómurinn viðurkennir ekki, og þar á eru að mestu byggð afdrif málsins við landsyfirdóminn.

Assessor Johnsen: Það er þeim, sem áttu hlut að landsyfirrèttardómi þeim, sem þegar var getið, ekki lítil ánægja, að heyra af munni konúngsfulltrúa, að hið konúnglega danska lögstjórnarráð hafi aðhyllzt þær ástæður, sem dómurinn er byggður á; en hvað sem þessu líður, viðurkenni eg, að þetta málefni snertir einn af þeim atvinnuvegum landsins, sem er áríðanda að njóti verndar, en eptir löggjöfinni virðist mèr það ekki vera svo, og álít eg því þurfa, að endurskoða og umbæta löggjöfina í þessari grein. Að öðru leiti get eg þess, að mèr virðist hinn háttvirti konúngsfulltrúi hafa gjört þinginu svo skýra grein fyrir því, hvar meðferð máls þessa ætti rèttast heima, nefnilega hjá nefnd þeirri, er ætti að íhuga veiðilögin o. s. frv., að eg að öllu leiti verð að fallast á þetta álit konúngsfulltrúans, eins og mèr virðist það augljóst, að ef nefnd á að skipa í þessu máli og ræða það á þinginu, og að lyktum bera það fram fyrir stjórnina til hennar úrskurðar, þá muni það leiða til þess, að málinu seinna, enn ella, mundi verða ráðið til lykta, því niðurstaðan mundi verða sú, að það yrði sent þeirri umgetnu nefnd, áður enn það væri útkljáð, auk þess að það er auðsèð, að konúngurinn ætlar sèr ekki að gefa nein veiðilög út, fyrr enn nefnd þessi er búin að segja álit sitt þaraðlútandi.

Varaforseti: Eg verð að skýrskota til þess, sem eg áður sagði, og eiga undir þingsins úrskurði, hvað rèttast sè í meðferð þessa máls, en að mínu leiti verð eg að mæla fram með nefnd í málinu nú þegar.

Sýslumaður Kr. Magnusen sagðist vera sömu meiningar, sem varaforseti, og mæla fram með nefnd til að íhuga þetta mál.

Forseti bar þá undir þingið, hvort setja skyldi nefnd í málinu, og var það samþykkt með atkvæðafjölda; voru þessir þrír í hana kosnir: varaforseti með 18, umboðsmaður Þ. Sivertsen með 6, og Þorsteinn prestur Pálsson með 6 atkvæðum.

Þá bar forseti upp, að til sín væru komnar bænarskrár, 17 að tölu, um breytíngar á alþíngistilskipuninni. Lèt forseti þess jafnframt getið, að ein af þessum bænarskrám væri afhent sèr af alþíngismanni Ísfirðínga, kandidati Jóni Sigurðssyni, og rituð af 17 kandidötum og stúdentum í Kaupmannahöfn, og þar þessi skrá væri hin greinilegasta, og bæri upp þær breytíngar á þíngsköpunum, sem um væri beðið, skilmerkilega, lèt hann afhenda flutníngsmanni skrána, sem las hana upp, og er hún þannig látandi:

„Undirskrifaðir Íslendíngar senda alþíngismönnum kveðju guðs og sína.

Yður er öllum kunnugt, að það hefir verið leidt í ljós á margan hátt, og birt á prenti bæði utan lands og innan, að brýn nauðsyn þyki á vera, að breytt sè þíngsköpum yðrum. Ástæður til þessa eru lagðar fyrir almennings augu í Frèttum frá fulltrúaþíngi í Hróarskeldu 1842, 7. ári Fjölnis (1844), og 5. ári af Nýjum Fèlagsritum (1845), og biðjum vèr, að allt, sem þar er fram flutt með voru máli, verði tekið rètt til greina. En það er mál vort, að vèr biðjum alþíngi að bera þessi atriði fram fyrir konúng vorn:

1) að kosníngarrèttur verði ekki bundinn við annað, enn fjárforráð og óskerta mannvirðíng, eða að minnsta kosti ekki við meiri fjáreign, enn fimm hundraða.
2) að kjörgeingi verði með öllu óbundin við fjáreign.
3) að kosníngar verði látnar vera einfaldar.
4) að þjóðin megi kjósa sèr 42 fulltrúa, en kjósa annaðhvort einga varafulltrúa, eða kjósa þá sèr í lagi.
5) að öll alþíngisstörf fari fram á íslenzka túngu.
6) að öllum verði leyft að hlýða á það, sem fram fer á þíngi.

Guð láti öll yðar störf verða fósturjörðu vorri til heilla og hamíngju.

Skrifað í Kaupmannahöfn mánudaginn í 4. viku sumars 1845."

(Undirskrifað af 17 stúdentum og kandidötum).

Flutníngsmaður: Mèr þykir eingin nauðsyn til að fara mörgum orðum um þetta mál, þareð allir verða að játa, að það

er eitt af þeim mikilvægustu, sem upp verða borin á þessu þíngi; er þar þrennt samfara: fyrst eru allir samdóma um, að málið sè hið mikilvægasta; því næst eru allir þeir menn, sem um það hafa rædt, á einu máli um, að kosníngarlögin þurfi bráðrar og góðrar umbótar, og í þriðja lagi hafa flestir þíngmenn bænarskrár fram að bera um þetta efni. Eg leyfi mèr því að mæla fram með nefnd í málinu, og að 5 menn verði nefndir í hana.

Þar að auki eru komnar til alþíngis þessar bænarskrár úr sýslum á Íslandi:

1—2. Úr Norðurmúlasýslu tvær bænarskrár, með 170 nöfnum. Hin fyrri biður um:

a) að orðið "*udelukkende*", sem stendur í 1. gr. tilskipunarinnar, verði annaðhvort afmáð, eður flutt aptur fyrir þau orð: "vedkommende Love og Foranstaltninger".

b) að til alþíngismanna veljist: 1 fyrir bæinn Reykjavík, og 2 aðalfulltrúar, en einginn varafulltrúi, úr Ísafjarðarsýslu, 2 úr Húnavatnssýslu, 2 úr Skagafjarðarsýslu, 2 úr Eyjafjarðarsýslu, 2 úr báðum Skaptafellssýslum, og 3 úr báðum Múlasýslum; að konúngur velji 6 fulltrúa, eins og nú, og þar að auki 2 fyrir verzlunarstèttina, annan fyrir sunnlendínga- og vestfirðínga-fjórðúng, og hinn fyrir norðlendínga- og austfirðínga-fjórðúng.

c) að kosníngarrètt fái allir þeir búendur, sem eiga eptir Jónsb. Þegnsk. 1. kap. að gjalda konúngi skatt og þíngfararkaup, og af þeim, sem ekki eiga skattfè: a) allir þeir búendur, sem eiga 5 hndr. tíundarbærs fjár, hvort heldur í föstu eða lausu; b) allir þeir menn við sjáfarsíðuna, sem hafa byggíngu fyrir jörð, og eiga að minnsta kosti 4 eða 6 manna far, sem þeir halda til sjáfar; c) allir þeir húsmenn, sem eiga sitt eigið hús, og hafa grasnyt fyrir 1 kú eður 6 ær, og halda út í hið minnsta 4 eða 6 manna fari til fiskiveiða; d) allir þeir, sem hafa borgararètt í einhverju af verzlunarplázum landsins, hvort sem eru verzlunarmenn eður handverksmenn, sem halda þar bú.

d) að kjörgeingi sè ekki bundin við neina eign, en megi veitast öllum þeim, sem leyfður er kosníngarrèttur eptir 4. grein, eru þrítugir að aldri, og annaðhvort hafa alizt upp í landinu til tvítugs aldurs,

eða hafa búið þar að minnsta kosti í 20 ár, og hafa heimili í löndum konúngs vors, Íslandi, Danmörku eður hertogadæmunum, og geta talað íslenzka túngu.

e) að allir, sem kosníngarrètt hafa, skuli sjálfir mæta á kjörþínginu, nema einhver sèrleg forföll hindri þá, en sè svo, megi þeir senda kjörstjóra atkvæði sitt skriflegt, með sinni eigin og tilkvaddra tveggja votta undirskriptum og innsiglum, í læstum seðli, á kjörþíngið.

f) að kosníngarnar fari ætíð fram á vor- eða manntalsþíngi því, sem haldið er ári áður enn alþíngismenn skulu byrja ferð sína, hvort sem þær verða einfaldar eður tvöfaldar, en hvort hagkvæmara sè, biðjum vèr alþíng nákvæmar að hugleiða; (þykir oss það mæla fram með hinum tvöföldu — en þótt vèr fremur óskum, að þær væru einfaldar, eptir 3. grein hèr að framan — að þær eru vandaminni fyrir alþýðu, og líka, að svo sem vèr vonum, að sèrhvers hrepps innbúar muni velja þá hyggnustu menn og ráðhollustu, sem þeir þekkja í hreppnum, svo geta þeir kosnu fulltrúar ráðfært sig við þessa menn um þau vandamál, sem þeir annaðhvort vita til, að verða tekin fyrir á næsta alþíngi, eða sem þeir finna mesta nauðsyn á, að rædd verði á næsta þíngi, og þessir kjörmenn geta aptur borið það undir þá skynsömustu menn í hrepp sínum, og ritað fulltrúanum álit sitt og þeirra).

g) að í stað þeirrar ákvarðanar, að stiptamtmaður leyfi þeim embættismanni, sem kosinn kynni að verða alþíngismaður, að taka á móti kosníngunni, megi sá embættismaður, sem valinn er, kunngjöra það næsta yfirboðara sínum; sè það prestur, þá prófasti; sè það prófastur, þá biskupi; sè það sýslumaður, þá hlutaðeiganda amtmanni, svo þessir embættismenn geti gjört ráðstöfun fyrir embættisfærslunni í fjarveru hins kosna embættismanns; en sè amtmaður kosinn, að honum verði þá gefin fullmakt til, að ráðstafa embættisfærslunni í fjærveru sinni í hendur þess manns, sem honum þykir til þess bezt fallinn.

h) að sèrhverjum alþíngismanni sè leyft, að taka skriflega saman athugasemdir sínar um sèrhvert málefni, sem fram er borið á þínginu, og lesa þær svo upp, til þess,

að allir alþingismenn geti því betur yfirvegað uppástúngu hans og ástæður, og hann fái sem skipulegast fram borið meiníngu sína um sèrhvert efni.

i) að einginn sèrlegur tollur verði lagður á landið til þess, að borga alþingiskostnaðinn.

Hin síðari bænarskráin biður um:

a) að kosníngarrèttur verði ekki bundinn við annað, enn fjárforráð og óskerta mannvirðíngu.

b) að kjörgeingi verði með öllu óbundin við fjáreign eða fasteign.

c) að kosníngar verði látnar vera einfaldar.

3. Úr Suðurmúlasýslu ein bænarskrá með 134 nöfnum.

Hún biður um:

a) að kosníngarrèttur sè ekki bundinn við fasteignarhald einúngis, heldur við eign tíundbærra fjármuna yfirhöfuð.

b) að allir búfastir menn, bæði embættismenn og bændur, sem eiga 5 hndr. í jörðu, tíundarbæru lausafè, eða hvorutveggja til samans, svo og allir, sem eiga hús, það er sè 400 rbd. virði, megi á þann hátt taka þátt í kosníngum, að þeir velji kjörmenn þá, er kjósa skuli alþíngisfulltrúa.

c) að velja megi einn kjörmann úr hverjum hrepp fyrir hverja 6 af hreppsmönnum þeim, er kjörrètt hafa; að þeirra skuli ekki gæta, sem eru yfir 6, þegar þeir eru 3 eða færri, en sèu þeir fleiri, teljist þeir sem 6, svo velja megi tvo kjörmenn fyrir 10, þrjá fyrir 16 o. s. frv., og þessir velji síðan alþíngisfulltrúa á aðalkjörþíngi sýslunnar; sömuleiðis, að aðrir, enn kjósendur, megi vera við kosníngar, samkv. tilsk. 8. Marz 1843, 25. gr.

d) að kjörgeingi sè óbundin við fjáreign, eða að eins við sömu fjáreign, sem kosníngarrèttur, og fáist hvorugt þetta, þá samt einganveginn meir takmörkuð enn svo, að kjörgeingir verði allir þeir, sem í næstu fardögum á undan völunum áttu 10 hndr. í tíundbærum fjármunum, jörð eða lausafè, eða hvorutveggja samtöldu.

e) að þjóðkjörnir fulltrúar verði 26, auk þeirra 6, er konúngur kýs.

f) að alþíng segi álit sitt um, hvort ekki sè nauðsynlegt:

a) að breyta þeirri ákvörðun í 46. gr. alþíngistilskipunarinnar, sem býður alþíngismanni, sem hindraður

sè, að lýsa því fyrir konúngsfulltrúanum, að hann þá geti kallað varafulltrúann.

b) að konúngsfulltrúi fái vald til að veita þeim, er óska kynnu, leyfi til að skrifa tölur þær, er þeir vilja flytja.

4. Úr Skaptafellssýslu ein bænarskrá með 75 nöfnum.

Hún biður um:

a) að kjörgeingi sè með öllu óbundin við fjáreign, en fáist það ekki, þá í allra mesta lagi við 10 hndr. í fasteign eða lausafè.

b) að kosníngarrèttur sè með öllu óbundinn við fjáreign, en fáist það ekki, þá að eins við 5 hndr. í föstu eða lausu.

c) að kosníngar verði tvöfaldar, og sè í hverjum hrepp valinn 1 kjörmaður fyrir hverja 7 kosníngarmanna, og velji kjörmenn þessir alþíngismanninn á kjörþíngi sýslunnar.

Úr sömu sýslu brèf til konúngs með 76 nöfnum.

a) að kosníngarrèttur veitist hverjum búanda manni, sem á fimm hundraða virði á landsvísu, eða þaðan af meira, í tíundbærum fjármunum, og kjörgeingi fái allir án undantekníngar.

b) að alþíngisfulltrúar sèu bærir að ráða, hvert málefni tekið verði til meðferðar, í annaðhvort skipti.

c) að heldur sè valinn innlendur maður, enn útlendur, til konúngsfulltrúa.

5. Úr Ráng árvallasýslu ein bænarskrá með 25 nöfnum.

Hún biður um:

a) að kosníngarrèttur inn verði rýmkaður þannig, að 5 hndr. í fasteign eða lausafè, eða hvorutveggja samantöldu, verði álitinn nægur kjörstofn.

b) að tvöfaldar kosníngar verði lögleiddar í stað hinna einföldu, og kjörgeingi fríuð við alla eignarkosti.

c) að þeim þjóðvöldu fulltrúum verði fjölgað um 10.

d) að íslenzk túnga verði eptirleiðis eingaungu töluð á alþíngi.

e) að jafnóðum geti út komið á prenti það sem fram fer á alþíngi.

6. Úr Árnessýslu ein bænarskrá með 216 nöfnum.

Hún biður um:

a) að kosníngarrèttur verði rýmkaður þannig, að 5 hndr.

í fasteign eða lausafè, eða hvorutveggja samanlögðu, verði álitinn nægur kjörstofn.

b) að tvöfaldar kosníngar verði lögleiddar í stað hinna einföldu, og kjörgeingi annaðhvort losuð við alla eignarkosti, eða þá að eins bundin við 5 hundraða stofn í föstu og lausu, eins og kosníngarrètturinn.

c) að hver megi kjósa sèr fulltrúa á kjörþíngi þess hèraðs, sem hann er búsettur í.

d) að þeim þjóðvöldu fulltrúum verði fjölgað um 10; af þeim fái norður- og austuramtið 4, en hin ömtin sína 3 hvort.

e) að íslenzk túnga verði framvegis — hvenær sem sá nú kjörni konúngsfulltrúi hættir að hafa umboð konúngs á alþíngi — eingaungu við höfð á þínginu; og

f) að nægar ráðstafanir verði gjörðar til þess, að þíngtíðindin geti strax komið út á prenti, meðan á þínginu stendur.

7. Úr Mýra- og Hnappadalssýslu ein bænarskrá með 53 nöfnum.

Hún biður um:

a) að kosníngarrètt hafi hver sá, sem hefir óflekkað mannorð, og á 10 hndr. í tíundbærum fjármunum, hvort sem eru lönd eða lausir aurar, og sè hann að öðru leiti að lögum fjár síns ráðandi.

b) að kjörgeingi sè ekki bundin við neina vissa fjáreign, heldur megi kjósa hvern mannorðsgóðan fullveðja mann.

c) að kosníngarrèttur sè bundinn við kjósenda heimili, en ekki afstöðu fasteigna.

8. Úr Dalasýslu ein bænarskrá með 64 nöfnum.

Hún biður um:

a) að kosníngarrèttur verði við einga fasteign bundinn, heldur að hver maður í landinu, í hverri stètt sem er, sem heldur jörð, stendur í öllum lögskilum, þiggur eingan styrk af fátækra sjóði, er kominn til lögaldurs, er sjálfráði fjár síns, og hefir óflekkað mannorð, hafi kosníngarrètt; en verði ekki hjá því komizt, að binda kosníngarrètt við fjáreign, þá sè hann ekki bundinn við meiri eign í tíundbærum fjármunum, enn svari 5 hundruðum til samans í lausafè og fasteign.

b) að kjörgeingi verði að öllu óbundin við fjáreign, og presta megi kjósa til alþíngismanna, eins og hverja aðra.

c) að hver alþingismaður og varafulltrúi sè kosinn á sama þingi, en hvorút af fyrir sig.

d) að kosníngar verði einfaldar, og kosníngarmenn, sem ekki geta mætt á kjörþínginu, en fá sannað lögmæt forföll sín, megi senda þángað skrifleg atkvæði sín, er til greina verði tekin; þó sèu allir, sem geta, skyldir að mæta sjálfir, ella missi þeir atkvæðarèttar síns á því þingi.

e) að alþingisstofan sè opin, og öll þingmálefni sèu þar töluð og skráð á íslenzka túngu.

f) að fulltrúi konúngs skuli eigi síður, enn hver annar þar á þingi, geta mælt og ritað til hlýtar á íslenzka túngu.

g) að ef einhver alþingismanna yrði löglega hindraður heima í hèraði frá þingreið, þá sè hann skyldur að sanna það fyrir kjörstjóra hèraðsins, er þá hafi vald til að kalla varaþingmanninn strax í hans stað.

h) að alþingisstaðurinn sè við Öxará, og Þingvalla kirkja verði svo endurbætt og löguð, að brúkuð yrði fyrir þingstofu, en þingmenn allir hærri og lægri stèttar búi þar í tjöldum sínum.

i) að alþingismenn fái að launum 2 ríkisdali um dag hvern, og fyrir fram verði ákveðið ferðakaup hvers um sig eptir vegaleingd til þings; en við kjörþíng sè ekki annar kostnaður, enn sannsýn borgun fyrir kjörstjóra og meðhjálpendur hans.

k) að alþingiskostnaður verði borgaður með tolli, lögðum á óþarfa þjáls — og einkum drykkjuvörur, sem flytjast til landsins; en hrökkvi hann ekki til, þá sè viðbótin tekin af fasteignarskattinum.

l) að auglýst verði fyrir fram frumvörp stjórnarinnar, sem eiga að koma fyrir á næsta alþingi, svo þau verði hugleidd í tómi, en síðan fullráðin á alþingi, en fái þetta ekki áheyrn, þá að eingin frumvörp verði ráðin til lykta, fyrr enn þau eru borin upp á næsta þingi.

m) að alþingi verði haldið á þeim tíma ársins, sem öllum getur orðið hentugastur, með hliðsjón af búhöldum og atvinnuvegum manna.

9—10. Úr Snæfellsnessýslu tvær bænarskrár með 234 nöfnum. Hin fyrri að öllu samhljóða þeirri úr Dalasýslu.

Hin síðari biður um:

að kosníngarrèttur verði ekki bundinn við meiri fjáreign, en fimm hundraða yfirhöfuð, og kjörgeingi verði með öllu óbundin við fjáreign.

11—12. Úr Barðastrandarsýslu tvær bænarskrár með 151 nafni.

Hin fyrri biður um:

a) að kosníngarrèttur inn sè að fjáreigninni til á eingan hátt bundinn við meiri eign, enn 5 hndr. samtals í tíundbærum aurum, föstum eða lausum, og að þeir menn hafi þar að auki rètt til kosníngа, sem á einhvern hátt þjóna að opinberum málefnum, t. a. m. hreppstjórar, sættamenn, stefnuvottar o. s. fr., þó þá bresti á áskilda fjáreign.

b) að kjörgeingi sè að öllu leiti óbundin við fjáreign.

c) að tölu alþíngisfulltrúanna fyrir landið sjálft sè fjölgað til helmínga við það, sem nú er á kveðið, og að einginn fulltrúi sè valinn til leingra tíma, enn fjögra ára.

d) að daglaun alþíngisfulltrúanna verði lækkuð að helmíngi, eður um hálfan annan ríkisdal.

e) að kostnaður sá, er leiðir af kosníngum, falli að öllu leiti niður, nema máske til hinna nauðsynlegustu sendiferða, og að alþíngiskostnaður verði eigi á lagður, fyrr enn menn fá ástæður fyrir, hvernig fjárhagur landsins er ásigkominn, og búið er að semja tilskipun um jöfnun skattanna hèr á landi.

Hin síðari biður um:

a) að kosníngarrèttur sè ekki bundinn við aðra fjáreign, enn fimm hundraða lausafjártíund; að kosníngar sèu einfaldar, og að kosið sè heima í hverjum hrepp á haustum, en ekki á manntalsþíngum; að kjörgeingi sè óbundin við alla fjáreign og alla staði í landinu, og að ei sè kosið í hvert sinn nema til fjögra ára.

b) að alþíngismönnum verði fjölgað svo, að þjóðin kjósi 42, að þeir verði 48 alls; að 1 varafulltrúi verði kosinn fyrir hverja sýslu, og að bæði aðalfulltrúar og varafulltrúar verði kosnir beinlínis.

c) að eingaungu verði talað íslenzkt mál á þínginu, og sá verði konúngsfulltrúi, sem talað getur íslenzku.

d) að alþingishúsið megi standa opið, svo allir megi hlýða á það, sem fram fer.
e) að vèr fáum alþingistíðindin heim í sýslur sem allra fyrst.
f) að alþingisstaðurinn verði ekkert bundinn við Reykjavík, svo þingið megi færa að Þingvöllum, ef mönnum svo líkar.
g) að laun fulltrúanna verði lækkuð til 1½, eða hæst 2ja dala daglega.

13. Úr Ísafjarðarsýslu ein bænarskrá með 194 nöfnum.
Hún biður um:
a) að allir bændur, húsmenn, þeir, er hafa yfirvalds leyfi til húsmennsku, embættismenn, og þeir, sem hafa borgararètt í verzlunarstöðunum, fái kjörrètt (kosningarrètt).
b) að kjörgeingi verði öldúngis óbundin.
c) að tala hinna þjóðkosnu fulltrúa verði aukin, í hið minnsta til 38.
d) að kosningar verði tvöfaldar.
e) að sýslumenn kveðji varafulltrúa til þingfarar.
f) að ekki verði mælt nema á íslenzka túngu á þinginu.
g) að allt skuli ræða í heyranda hljóði.
h) að alþingismenn fái 2 rbd. um daginn, auk ferðakostnaðar.
i) að alþingistíðindunum verði útbýtt ókeypis.

14. Úr Strandasýslu ein bænarskrá með 91 nafni.
Hún biður um:
a) að þjóðkjörnum fulltrúum verði fjölgað annaðhvort á þann hátt, sem Kristensen málafærslumaður hefir stúngið uppá á þinginu í Hróarskeldu 1842, eða þannig, að 2 fulltrúar verði valdir fyrir hverja sýslu, án tillits til þeirra innbúafjölda, og 2 fyrir Reykjavík, en eingir varafulltrúar verði valdir til alþingis.
b) að kosningarrèttur sè veittur hverjum þeim búsettum manni, sem hefir þá eiginlegleika, er til teknir eru í alþingistilskip. 4 gr., án tillits til hans eigna upphæðar, en þyki slíkt of yfirgripsmikið, þá þó að minnsta kosti þeim, er eiga 5 hndr. og þar yfir í tíundbærum fjármunum, fasteign eða lausafè, eða hvorutveggja samtöldu.

c) að kjörgeingi sè að öllu óbundin við fjáreign, en veitt þeim einum, sem hafa þá eiginlegleika, er 4. gr. tilskipunarinnar ákveður, eru búsettir í landinu, eða íslenzkir að ætt og uppruna, þó dvelja kynnu erlendis.

d) að kosningaraðferðinni verði annaðhvort hagað eptir uppástúngu kammerráðs Melsteðs í Október 1841, þyki betur fallið, að völin sèu tvöföld, þó svo, að kjörmaður sè valinn fyrir hverja 5 kjósendur í hverjum hrepp; ellegar, þyki einfaldar kosníngar hagkvæmari, að prestur og hreppstjóri semji árlega og sendi sýslumanni, ásamt hreppaskýrslunum á haustin, lista yfir alla þá, er kosníngarrètt eiga í hverjum hrepp, og yfirskoði sýslumaður þá og leiðrètti, þar þurfa þykir, en kosníngar fari fram eptir þeim á manntalsþíngum vorið eptir, bæði þegar nýjar aðalkosníngar þurfa fram að fara, og eins, þegar kjósa þarf einstakan alþíngismann í stað einhvers fráfallins eða fatlaðs fulltrúa; að kjörstjórnin eigi fund að manntalsþíngum afstöðnum, til að bera saman atkvæðin og skera úr atriðum þeim, sem yfir kynni að verða kvartað og snerta kosníngar. Hvor kosníngaaðferðin, sem við höfð sè, eigi hvor um sig, þó einkum hin síðari, að fara fram án borgunar.

e) að alþíngið sè haldið á Þíngvelli.

f) að konúngsfulltrúinn sè fær um og skyldaður til, að mæla á íslenzka túngu á alþíngi.

g) að alþíngismanna frumvörp sèu rædd og lögð til atkvæða jafnframt hinum konúnglegu, og hin konúnglegu sèu gjörð þjóðkunnug áður, enn alþíng er haldið í hvert skipti.

h) að allt fari fram fyrir opnum dyrum og í heyranda hljóði.

i) að laun alþíngismanna verði 2 rbd. daglega.

15. Úr Eyjafjarðarsýslu ein bænarskrá með 284 nöfnum.

Hún biður um:

a) að kosníngarrèttur sè veittur öllum myndugum mönnum, með óspjölluðu mannorði, og í hverri stètt, sem þeir eru, sem eiga fimm hundruð í tíundbæru fè, föstu eða lausu, eða hvorutveggja til samans, eða hús í verzlunarstöðum, sem metið sè þar á borð við eptir tiltölu.

b) að kjörgeingi verði látin óbundin með öllu.

c) að alþingið fái 42 þjóðkjörna þingmenn, sem skiptist niður á sýslurnar eptir því, sem fyrir er mælt í breytíngaratkvæði málafærslumanns B. Kristensens í Hróarskeldu 1842.

d) að alþingiskostnaðurinn verði fyrir fram tekinn af gjaldasjóð landsins, þángað til færi gefst á að lagfæra skattalögin og útvega sjóðnum rífari inngjöld.

16. Úr Suðurþíngeyjarsýslu ein bænarskrá með 202 nöfnum. Hún biður um:

a) að alþingið sè haldið á Þíngvöllum, nema alþíngismönnum virðist Bessastaðir einir til þess hentugri.

b) að þjóðkjörnir fulltrúar verði 42, en eingir varafulltrúar, og konúngkjörnir 3, auk konúngsfulltrúa.

c) að kosníngarrèttur sè ekki bundinn við meiri fjáreign, enn fimm hundraða í föstu eða lausu, eða hvorutveggja.

d) að kjörgeingi verði óbundin við fjáreign, stètt og aldur fyrir ofan lögaldur.

e) að þeir, sem eru forfallaðir, megi senda skriflega kosníngu sína með eigin innsigli.

f) að kosníngar fari fram í hljóði, en hver megi lesa kosníngu sína bókaða.

g) að menn megi kjósa árlega, ef þeim þannig líkar, og jafnótt og hvert sæti losnar.

h) að kjósendur sjálfir velji meðhjálpara kjörstjórans.

i) að kosníngar fari fram á manntalsþíngum, þegar því verður við komið, annars skiptist hver sýsla í tvö kosníngarumdæmi.

k) að alþíngismaður fái 2 rbd. í daglaun (á Þíngvöllum).

l) að allt fari fram á alþíngi í heyranda hljóði.

m) að fulltrúi megi senda atkvæði sitt skriflegt á þíngið, sè hann forfallaður um einn eða fleiri daga, þegar atkvæðum er safnað.

n) að allt á þínginu fari fram á íslenzku, og konúngsfulltrúinn tali íslenzku.

o) að alþíngismenn megi flytja tölur sínar skriflega, að minnsta kosti á ½ arkar, og standi að vísu fyrst upp, en megi síðan víkja til sætis, og halda þaðan fram ræðu sinni.

p) að öll konúngleg eyrindi verði kunngjörð öllum fulltrúum, ekki seinna enn með brèfaduggunni vetur þann

næsta, er alþíng skal haldið að sumri, og taki þau að eins upp hálfan alþingistímann; en þingtímann megi leingja eður stytta allt að viku, ef forseta og fullum helmíngi fulltrúa þætti brýn nauðsyn til bera; og

q) að það fái konúnglegra laga gyldi, sem á þremur alþíngum í röð verður samþykkt með meira hluta atkvæða.

Konúngsfulltrúi: Þar sem eg hefi tekið til orða, til þess, að láta í ljósi álit mitt um þetta mál, áður enn menn gánga til atkvæða um það, hvort kjósa skuli nefnd eður ekki, þá verð eg fyrst að geta þess, að það er í raun og veru ekki tilgángur minn, að mæla móti því að nefnd verði kosin. Mèr þykir það vera gleðilegt merki um áhuga þann, er stiptun alþíngisins hefir vakið hjá þjóðinni, að til alþíngis eru komnar svo margar bænarskrár frá landsmönnum um breytíngu á þíngsköpunum, og mèr finnst það jafnvel þarflegt, að álit alþýðu á málinu gæti skýrzt nokkuð við störf þau, sem ein nefnd gæti afrekað, og sem í alþíngistíðindunum kæmu fyrir allra sjónir; en af því eg ætla, að aðalstörf nefndarmanna mundu verða í því fólgin, að rannsaka það, hvort, og að hve miklu leiti, senda ætti bænarskrá, að svo vöxnu máli, til konúngs, og af því eg hygg, að nefndin mundi vafalaust verða á því máli, að ekki skyldi senda bænarskrá, þá verð eg að skjóta því undir álit þíngmanna, hvort það muni þarflegt nú, þar sem þíngið á svo mörgum störfum að gegna, þar sem búið er að kjósa svo margar nefndir, að bæta á störf þeirra, sem beztir eru verkamenn á þíngi, en sem þó hlyti svo að vera til þess, að þetta yfirgripsmikla mál yrði rannsakað.

Það hlýtur að vera hverjum manni ljóst, að eingin stjórn, sem halda vill þeirri stöðu, sem hún á að halda í augum þjóðarinnar, getur, þegar hún setur aðra eins stiptun, eins og alþíngið er, á stofn, hagað svo ráði sínu, að hún skömmu eptir það, að þessi stiptun er komin á fót, láti gánga út frá sèr mörg ný lagaboð, sem að miklu eður öllu leiti breyta því, sem hún áður hefir boðið, eður skyldi, að eg komist svo að orði, vera að berja í brestina jafnóðum, og þeir koma í ljós; sú smíði mundi verða næsta óskipuleg og mjög í molum. Þegar stjórnin hefir eitt skipti, eptir nákvæma umhugsun, sett stiptunina á þann stofn, sem henni þótti bezt henta, þá verður hún að láta þannveg sitja, þángað til hún bæði sjálf hefir feingið

glöggva hugmynd um, að hve miklu leiti, og hvernig breytíngin sè þarfleg eður nauðsynleg, og líka getur feingið nægilega vitneskju um óskir þær, er í því tilliti væru almennar og á gyldum rökum byggðar hjá þjóðinni, til þess að breytíngin geti komið að liði, og orðið meira enn hálfverk eitt. Nú er það þíngmönnum kunnugt, að þegar tilrædt varð um alþíngismálefnið á fulltrúaþíngi í Hróarskeldu, beiddust fulltrúar þess, að alþíngistilskipanin feingi lagagyldi að eins fyrst um sinn, þángað til alþíngið gæti sjálft sagt álit sitt, eður í annan stað, að hinu fyrsta þíngi veittist kostur á, að hreifa áliti sínu um breytíngar þær, er því þætti við eiga eptir ásigkomulagi Íslands. Hvorug af þessum uppástúngum geðjaðist konúngi fyrir þá skuld, að honum fannst rèttara, að bíða og láta reynsluna sýna mönnum, hverra breytínga þíngsköpin þyrftu við. Þessa reynslu hafa menn, enn sem komið er, ekki getað feingið, og eg ætla, að bænarskrár þær, sem til þíngs eru komnar, sýni ljósast, að álit þjóðarinnar um þarflegar breytíngar á þessu máli sè enn þá, í mörgum höfuðatriðum málsins, ekki orðið nógu skýrt. Þannig eru að sönnu flestar bænarskrárnar samhljóða í því, að kjörstofninn verði talsvert lækkaður, og eru í því tilliti flestir á því, að hann verði 5 hundraða eign í löndum og lausum aurum, sem tíund er goldin af; en af þeim 11 bænarskrám, sem skýlaust hafa talað um kosníngaraðferðina, hafa 4 beiðzt þess, að kosníngar yrðu einfaldar, en 7 að þær yrðu tvöfaldar, og hefir þá ekki verið haft tillit til þess, að stjórnin mundi miklu fremur vera tilleiðanleg til að lækka kjörstofninn, þegar kosníngar yrðu tvöfaldar, heldur enn ef þær yrðu einfaldar. Svo greinir menn ogsvo mjög á í þessum bænarskrám um þíngstaðinn, og stendur það, ef til vill, ekki á svo stóru, en þar á móti er hitt aðgætanda, að bænarskrárnar eru hvor annari sundurþykkar, þegar þær minnast á tölu alþíngismanna, þar sem uppá því er stúngið, að fjölgað verði þjóðkjörnum mönnum allt að 26, 27, 30, 38 og 42, og líka beðizt hins, að mínkuð verði við þá dagkaupin, svo og, að alþíngiskostnaður verði tekinn af hinum almennu tekjum, en ekki jafnað niður á landið. Eg hygg nú, að jafnvel þíngmenn sjálfir geti ekki enn þá haft glöggva hugmynd um sum af þessum atriðum, fyrr enn þeir að minnsta kosti hafa lokið fyrsta þíngi. Það er því án efa gyld ástæða til að halda, að hvorki stjórnin, þjóðin eða alþíngið, hafi enn þá feingið svo

ljósa hugmynd, svo mikla reynslu, sem nægir til þess, að gjöra þarflega breytíngu á þíngsköpunum, og verði nefnd sett í þessu málefni, þá mun hana bera þar að í rannsókninni, að einga bænarskrá eigi að senda konúngi að sinni um þetta mál, og þó nú svo færi, að bænarskrá verði send, eru ekki mikil líkindi til, að konúngur muni, að svo vöxnu máli, gjöra breytíngu á alþíngisskipuninni. Eg verð því að taka það upp aptur, að þó eg fyrir mitt leiti sè því ekkert mótfallinn, að nefnd verði sett til að rannsaka málið, þá efast eg þó um, meðan málið er svo vaxið, sem enn er, að það komi að því liði, sem samsvari þeirri tímatöf og þeim vinnumissi, sem af þessu starfi leiðir.

Forseti: Eg get ekki annað, enn verið því meðmæltur, að bænarskrár þessar verði feingnar í hendur nefnd til að íhuga þær, því eg er sannfærður um, að það mundi verða beiðendum mikill hugfrói, að fá að vita, að alþíng hefði tekið vel undir þær. Öðru máli gegnir það, hvort þíngið, sem bæði hefir nauman tíma, og hefir þegar feingið mörg og mikilvæg verkefni, annar því, að fara með mál þetta, eins og við þarf og það á skilið, því allir verða að játa, að það varðar miklu, að það sè íhugað með alúð og skoðað nákvæmlega. Eg get þess enn fremur, ef þíngið fellst á, að nefnd sè kosin til að fara með þetta mál, að alþíngismaður Ísafjarðarsýslu er þegar búinn að stínga uppá 5 manna nefnd, og vildi eg þíngmenn vildu nú kveða upp, hvort nefnd á að kjósa, og þá, hversu margra manna nefnd. Var þá leitað atkvæða um, hvort nefnd ætti að kjósa, og urðu flestir á því máli. Prófastur Halldór Jónsson kvaðst mæla með 5 manna nefnd, og aðhylltust þíngmenn það. Var þá leitað atkvæða, og lentu flest atkvæði á þessum: kandidati Jóni Sigurðssyni 18, prófasti Hannesi Stephensen 12, assessor Johnsen 11, sýslumanni Blondahl 10, og varaforseta 9. Assessor Jónassen og umboðsmaður Þ. Sivertsen feingu og 9 atkvæði, en fyrir aldurs sakir varð varaforseti nefndarmaður.

Þá gjörði forseti þínginu kunnugt, að álitsskjal um konúnglegt frumvarp, um að löggylda kauptún í Þórshöfn og á Borðeyri, væri fullbúið, og lèt hann þíngskrifara assessor Jónassen lesa það, og fundu þíngmenn ekki að.

Þá heiddist forseti álits þíngsins um, hvernig það vildi haga til með staðfestíngu og hina dönsku þýðíngu á álitsskjölum þíngsins, þar sem alþíngistilskipanin segði svo fyrir, að

þingið legði samþykki á þýðínguna, og mætti þetta verða með þeim hætti, að þýðingin væri lesin upp á þínginu, eða í annan stað kjörnir 2 menn, til að skoða þýðínguna fyrir hönd þingsins, ásamt með forseta, eða í þriðja lagi þýðingin lögð í lestrarstofuna, svo allir þingmenn gætu athugað hana. Mælti þá prófastur Thordarsen, að honum virtist bezt hæfa, að þeir menn, sem hefðu á hendi útgáfu þingtíðindanna, yfirlitu þýðínguna ásamt forseta, en assessor Johnsen kvað þá ekki mundu fá tómstund til þess. Kandidat Jón Sigurðsson sagði það eðlilegast, að sá þingskrifaranna, sem gjörði þýðínguna alþingisins vegna, hefði þetta starf á hendi með forseta, og varð það sameiginlegt álit þingsins. Var þá fundi slitið.

12. Júlí — tíundi fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá níunda fundi lesin og samþykkt.

Forseti lagði fram álitsskjal nefndarinnar um konúnglegt lagafrumvarp, um fardaga presta og náðarár ekkna á Íslandi, og afhenti það framsögumanni nefndarinnar, prófasti H. G. Thordarsen, en hann las það upp, og er það þannig látanda:

„Vèr, sem höfum verið kvaddir í nefnd, til að yfirfara og segja álit vort um: „Frumvarp til tilskipunar um fardaga presta á Íslandi, og um rèttindi þau, er prestur sá, sem frá brauði fer, eður erfingjar hans, og einkum ekkjan, eiga heimtíng á", getum ei annað, enn verið því fullkomlega samdóma í öllu aðalefninu. Það er svo leingi, vandlega og ýtarlega búið að velta þessu málefni fyrir sèr á ymsa vegu, að oss virðist ei nema óþörf málaleingíng, að ítreka hèr enn að nýju þær sömu ástæður fyrir gagnsemi og nauðsyn þessa lagaboðs, sem áður hafa verið fram færðar svo opt, og þingmenn hafa fyrir sèr prentaðar.

Vèr viljum því, án leingra formála, taka fyrir þær greinir í frumvarpinu, sem oss virðast þurfa endurbótar eður breytíngar við, og er það einkum önnur og þriðja greinin. Fáum vèr ei betur skilið, enn að nærfelt sè hin sama meiníngin í þeim báðum, en ætlum þó, að það eigi ei við í lagaboðum, að þar sè hið sama tekið upp aptur; hèr að auki fannst oss meiníngin óljós; en væri nú svo, að meiníngin væri bæði áþekk, en þó óljós, þá mundi flestum verða fyrir, að vilja í nýrri grein búa sèr til nýja meiníngu, og mætti svo rísa af þessu ágreiníngur og misskilníngur.

Báðar greinirnar víkja að því, er svo ber undir, að presti er veitt brauð eptir fardaga; þó er sá orðamunur, að í annari grein stendur: „sè það ekki veitt fyrir fardaga", en í þriðju: „þegar liðnir eru næstu fardagar eptir að brauðið losnaði, og það stendur enn óveitt." Og þótti þetta ei verða öðruvísi skilið, enn að í báðum greinunum sè gjört ráð fyrir hinu sama: að presti sè ekki veitt brauð, fyrr enn eptir fardaga. En sá er meiníngarmunur á inntaki greinanna, að þegar svona stendur á með veitíngu (að hún er eptir fardaga), þá skal prófastur eptir fyrri greininni ábyrgjast prestsþjónustu, en eptir hinni síðari er prestinum gefinn kostur á, hvort hann vilji sjálfur gánga að brauðinu á fardagaárinu eður ekki, án þess honum sè þó boðið, að tilkynna prófasti hèrum vilja sinn. Þetta allt þótti nokkuð ógreinilegt, og, ef til vildi, undirorpið misskilníngi. Virtist nefndinni bezt hlýða, að sitt væri inntakið í hvorri grein, svo að sú fyrri hlýddi uppá það, sem reglulegast og æskilegast er, sem er: að prestur, sem brauð er veitt fyrir fardaga, fari að því strax, og taki að sèr allan vanda og rèttindi; en að taka svo til í seinni greininni það tilfelli, þegar presti er veitt brauð skömmu eptir fardaga. Þótti þá hart að neita presti, að fara að brauði sínu, ef hann gat og vildi; en þó var við að búast, að opt mundi fjarlægð eður aðrar kríngumstæður hamla honum frá því, og í margan máta þótti þessi árstími óhaganlegur til brauðaveitínga, — einkum þótti það koma illa við, ef ekkja eptir hinn fyrverandi prest sæti að prestsetrinu, því þegar brauð veittist svo seint, gæti hún ei í tíma vitað, hvort prestur mundi koma eður ekki, og virtist því sómalegra og tilhlýðilegra, að áskilja henni rètt til að mega sitja jörðina árlángt, og þetta er prestinum, sem að fer, því minni bagi, sem hann, hvort sem er, eptir 4. gr. í frumvarpinu, verður að gefa af við hana hálfa jörðina, en verður með þessu móti laus allra mála um að veita henni þetta jarðnæði seinna, og nær svo allri jörðinni, þegar hann kemst að henni. En þó nú þetta eina væri áskilið, þá áleizt sjálfsagt, að prestur mætti, ef vildi, koma sjálfur, til að þjóna prestsembættinu og njóta inntektanna, en bú hans gæti staðið þar, sem það var áður; því þó það brauð yrði veitt, þá segir það sig sjálft, að það mundi ei verða fyrr enn undir haust, þar sem fyrra brauðið var veitt fyrst eptir fardaga, og gæti svo einginn prestur, hvort sem væri, flutt að því fyrr enn í næstu

fardögum. En það þykir miklu skipta, að sérhver prestur, sem veitt er brauð svo snemma eptir fardaga, að hann vill og getur geingið að því, tilkynni prófasti sem fyrst, hvað hann ætlar fyrir sér.

Af þeim ástæðum, sem nú eru tilgreindar, höfum vèr ætlað, að breyta þyrfti fyrnefndum greinum þannig:

2. grein.

„Frá fardögum eignast sá, sem brauðið er veitt, tekjur þess, eins og hann líka flytur þá að brauðinu, og upp frá því gegnir öllum prestsverkum".

3. grein.

„En sè brauðið ekki veitt fyrir fardaga, heldur skömmu eptir, þá má sá, sem það hefir hlotið, ef hann er prestur á öðru brauði, velja um, hvort hann vill samstundis taka við brauðinu, og njóta svo þess inntekta — nema ef svo stendur á, að ekkja sè við bú á prestsetrinu, þá má hann ekki eptir fardaga flytja þángað búferlum, og ei fyr enn í næstu fardögum — eða annarsvegar, ef hann vill, þá má hann vera við það brauð, er hann áður hafði, til næstu fardaga, og gegnir þar, sem áður, prestsverkum og nýtur inntektanna, en prófastur lætur annast prestsþjónustu í því kallinu, sem honum var veitt, ef hann kýs heldur að vera kyr, eptir tilsk. frá 3. Febr. 1836. En hvort sem hann heldur ræður af, þá tilkynnir hann það sem fyrst prófasti".

5. grein.

Hèr þætti betur til fallið og ljósar í stað orðanna: „eins og prestur tekur við þeim" (á dönsku: „og det saaledes, som Præsten oppebærer dem") að breyta þannig til: „greiðir prestur þetta af hendi, eins og honum er goldið sjálfum".

Þetta var það eina, er vèr fundum athugavert við frumvarp þetta, en í öðrum greinum erum vèr því fullkomlega samdóma".

Framsögumaður mælti síðan: Nefndin hefir fundið nokkrar athugasemdir við hið íslenzka frumvarp, þegar það er borið saman við hið danska frumrit, og vilda eg leyfa mèr að spyrjast fyrir um það nú, þá nefndarálit verður rædt hèr á þingi hið fyrsta sinn, hvort nefndin eigi ekki að skipta sèr um, þar

sem þeim finnst vafi á, hvort sem réttast sè útlagt; og tek eg til dæmis í þessu frumvarpi í annari grein, þar sem stendur: „allar tekjur"; þetta virðist mèr gagnstætt fimmtu grein, þar sem gjört er ráð fyrir, að þegar ekkja þiggi náðarár, þá hafi hún ⅓ inntekta, og verður þá eigi fortakslaust sagt, að prestur hljóti allar tekjur, enda er ekki svo að orði kveðið í frumritinu danska.

Forseti: Það mun verða að standa við þau íslenzku frumvörp í þetta skipti, eins og þau nú eru; en hafi útleggingin einhverstaðar fjarlægzt meininguna í frumritinu, þá er nefndarmönnum, sem það frumvarp hafa til yfirvegunar, hægt að finna þá réttu meiningu, með því að bera saman útleggingina við hið danska frumrit, er ætíð fylgir með skjölum málefnanna, sem afhent verða nefndunum.

Konúngsfulltrúi: Það verður naumast hjá því komizt, að í útleggingum lagafrumvarpanna kunni að verða smáyfirsjónir af völdum þeirra manna, er semja útleggingarnar, einkum þegar hið danska frumrit er ekki þrædt eptir orðunum; en eg ætla, að það sè í sjálfsvaldi nefndanna, að benda mönnum á þessar yfirsjónir, þegar þær verða fyrir þeim, svo þær verði þá lagfærðar.

Assessor Johnsen: Mèr finnst nefndin ekki hafa haft næga ástæðu til að stínga uppá breytíngum á 2. og 3. grein frumvarpsins, heldur máske einúngis til að taka betur fram innihald 3. greinarinnar um, hvenær prestar skuli taka við brauði.

Varaforseti kvaðst verða að samsinna framsögumanni um það, að 2. og 3. grein frumvarpsins væru ógreinilegar, og segir þá uppástúngu betri, er embættismannanefndin í Reykjavík hafi haft í frumvarpi sínu, 1. grein.

Blondahl sýslumaður: Eg leyfi mèr einúngis að geta þess, að þar sem í 5. greininni eru taldar upp þær vissu tekjur prestakallsins, er ekkjan á að taka fjórðúng úr, vantar að bæta við prestsmötunni, og virðist mèr þess þörf, þareð allar aðrar tekjur eru taldar.

Prófastur Hannes Stephensen: Greinarmunurinn milli 2. og 3. greinar virðist mèr ekki nógu skýrt tekinn fram; virðist mèr prestur sá, sem veitíngu fær fyrir brauði rètt fyrir fardaga, eiga sama rètt og hinn, sem veitínguna fær rètt eptir fardaga, til að velja um, hvort hann vill fara að hinu veitta brauði, eður sitja kyr, og færi betur á, að tiltekið væri, hversu

seint hann ætti að hafa feingið tilkynníngu um veitínguna, ef honum mætti vera í sjálfsvaldi að sitja kyr.

Framsögumaður: Prestur sá, sem brauðið er veitt, á hægt með að láta hlutaðeiganda prófast vita, hvort hann geti komið að brauðinu það ár eður ekki.

Varaforseti kvaðst verða að álíta það nauðsynlegt, að fardagar væru bundnir við tiltekinn mánaðardag, t. d. 6. Júní.

Konúngsfulltrúi: Eg ætla, að margar af athugasemdum þeim, er bæði nefndin og ymsir aðrir þíngmenn hafa gjört, muni hverfa, þegar menn lesa frumvarpið, og rekja þráðinn í því með athygli.

1. grein talar um tekjur eins brauðs frá því það losnar, og til næstu fardaga, og er svo fyrir mælt, að tekjur þessar skuli greiðast þeim presti, er við brauðið hefir verið, ef hann flytur frá því, en ekkju hans, ef hann er dáinn.

2. grein talar um það, hver við tekjum skuli taka frá næstu fardögum, nefnilega annaðhvort sá nýi prestur, ef búið er að veita honum brauðið og hann hefir tekið við því, ellegar sá, sem settur hefir verið til að þjóna brauðinu á þann hátt, sem segir í tilsk. frá 3. Febr. 1836. IV.

3. grein getur þess, hvernig gegna skuli prestsverkum á brauðinu, þegar það er óveitt í næstkomandi fardögum, og gjörir þá mun á þessu tvennu:

a) hvort það er veitt þeim, sem er prestur á öðru brauði, ellegar

b) þeim, sem ekki hefir áður verið prestur.

4. grein talar um rètt ekkna, til að njóta nokkurs hluta af hinum föstu tekjum hið næsta fardagaár.

Eg fæ þannig ekki sèð, að 2. og 3. gr. tali um hið sama efni, eður að ósamhljóðan sè á milli þeirra; en þar á móti verð eg í tilliti til þess, sem áður var getið um hina íslenzku útleggíngu frumvarpanna, að játa, að í 2. gr. þessa lagafrumvarps er sú villa, að þar segir „allar tekjur", og lendir þess vegna þeirri grein í mótsögn við hina 5., þegar svo er ástatt, að ekkja er í brauðinu, þareð hún þá nýtur ½ af hinum föstu tekjum; þessi villa er ekki í frumritinu danska. Eptir þeirri uppástúngu, sem nefndin hefir gjört til að breyta 2. og 3. gr., yrði sú óregla á, að þegar prestur andaðist nokkru fyrir fardaga, þá mundi það atvik, hvort brauðið er veitt nokkrum dögum fyrir, eða nokkrum dögum eptir fardaga, gjöra ekkjunni þann

mikla mismun, að væri það veitt fyrir fardaga, yrði hún alveg að flytja frá prestsetrinu, en væri það veitt eptir fardaga, mætti hún búa á því árlángt til næstu fardaga, og þá yrði og í 3. grein þeirri, sem uppá hefir verið stúngið, að gjöra nákvæmari ákvörðun um viðskipti ekkju þeirrar, sem á brauðinu býr, og hins aðkomanda prests, þegar hann flytur að því búlaus, hvort honum skyldi ei veita mötu, húsnæði o. fl.

Svo er og í uppástúngu nefndarinnar ekkert ákveðið um, að sá, sem eptir fardaga er veitt brauð, og ekki hefir áður verið prestur, skuli svo fljótt, sem verður, fara og taka við brauðinu.

Eg ætla þannig, að menn verði að taka lagafrumvarpið, eins og það kom frá stjórninni, fram yfir það, sem það er nú, eins og nefndin hefir breytt því, og mér þætti þá illa tiltakast, ef lagafrumvarpið skyldi þykja svo myrkt í máli, að mönnum virtist þess vegna nauðsynlegt, að fallast á breytíngarfrumvarp nefndarinnar, sem þó má heita lakara, enn stjórnarfrumvarpið.

Framsögumaður: Mér er orðið ljóst það, sem hinn ágæti konúngsfulltrúi mælti, af orðum sjálfs hans, en ekki af frumvarpinu; því eitt er, að taka við prestsverkum, og annað, að taka við brauðinu, eins og í frumvarpinu er tekið til orða; á okkar máli er það, að taka við brauði, eptir því, sem almennt er skilið, þegar presturinn tekur við öllu: prestsverkum, prestssetrinu og tekjum. Enginn lagamaður var kosinn í nefnd þessa; einúngis 2 prestar og 1 bóndi; en þó svo sé, uggir mig, að það verði almennúgi miður skiljanlegt, sem við ekki feingum skilið; en þar á ríður meira, enn öllu öðru, að lögin séu skiljanleg. Nefndin fylgir heldur ekki öðru fast fram, enn að lagafrumvarp þetta fái þá endurbót, að það verði sem greinilegast og auðskildast.

Konúngsfulltrúi: Eg ætla þó ekki, að þau orð í 2. og 3. grein lagafrumvarpsins: „tekjur“ og „brauð“, sem hinn virðulegi framsögumaður nefndarinnar vitnaði til, olli nokkrum misskilníngi. Í 2. gr. er einúngis talað um tekjurnar, en í 3. gr. er talað um það, þegar svo er ástatt, að prestur, sem brauð hefir verið veitt, má kjósa, hvort hann vill fara strax að brauðinu eður ekki, fari hann strax að því, svo tekur hann við hvorutveggja, bæði störfum brauðsins (prestsverkum) og tekjum þess, og var því eingin ástæða til á þeim stað, sem um er rædt, að hafa það orð,

sem eingaungu snerti störf brauðsins, án þess líka að innibinda tekjur þess, og orðið „brauð", eður hið danska „Kald", sem innibindur hvorttveggja, er því réttilega viðhaft.

Hins vegar get eg ei annað, enn verið samdóma hinum virðulega framsögumanni í því, að það væri vel til fallið, að ákveðið væri, að prestur sá, sem brauð hefir verið veitt, gæfi prófasti svo fljótt, sem verður, til kynna, hvort hann ætlaði sèr strax, eður ekki, að flytja að brauði sínu, jafnvel þó gjöra megi ráð fyrir, að prófastur, þó ekki væri það í lögum boðið, mundi sem fyrst komast að sönnu um það.

Varaforseti: Mèr skilst til fullnustu það, sem hinn mikilsvirti konúngsfulltrúi mælti, um það, að 2. grein sè um tekjur, en hin 3. grein um það, hver brauðinu skuli þjóna; það er samt nauðsynlegt, að greinilegar sè tekið fram, hvað meint sè með orðunum: „en ef öðruvísi er ástatt", sem mèr hefir skilizt, að hinn mikilsvirti konúngsfulltrúi meinti að lytu að því, ef brauðið væri veitt stúdenti, kandidati eða búlausum presti.

Prófastur Hannes Stephensen: Ef prestur sá, sem brauðið er veitt, á frjálst að velja um, hvort hann vill vera kyr eður ekki, rís af því enn meiri vandi fyrir sýslumann og prófast, er sjá eiga um, að prestsetrið verði sæmilega hirt, því opt mun prestur sá, sem brauð er veitt nærri fardögum, heldur sitja kyr næsta ár við brauð það, er hann hefir haft, ef hann á þess kost. Því er nauðsynlegt að tiltaka vissan tíma, á hverjum prestur á að fá vitneskju um brauðsveitínguna, til þess hann sè skyldur að flytja að því brauði.

Konúngsfulltrúi: Það mundi þó naumast ráðlegt, eins og hinn virðulegi alþíngismaður Borgfirðínga hefir stúngið uppá, að setja presti vissan tímafrest, er hann skyldi flytja að brauðinu. Það atriði, sem hèr ræðir um, nefnilega, að brauðið hefir losnað fyrir fardaga, en er veitt eptir fardaga presti þeim, sem öðru brauði þjónar, ber þó ekki svo opt að höndum, og getur því prestur sjaldan neytt kosta þeirra, sem honum þá eptir 3. gr. frumvarpsins er leyft að kjósa á milli. En það þótti nauðsynlegt, að gjöra þessa áminnstu lagaákvörðun fyrir því, að þetta atriði vafalaust getur borið að höndum; menn sáu þess eingan kost, að gefa þau lög, sem ætíð í hvert skipti ættu við, um það, hvenær prestur skyldi flytja frá því brauði, er hann sat að, til hins nýja, er honum var veitt. Þegar brauðið er veitt skömmu eptir fardaga, og skammt eitt er að flytja,

þá mun það almennt koma prestinum bezt, að flytja strax samsumars að hinu nýja brauði, og eignast hann þá tekjur þess. En sè brauðið veitt seinna, og búi hann í öðrum landsfjórðúngi, þá mun opt svo á standa, að hann geti eigi flutt að brauðinu, fyrr enn að nokkrum mánuðum liðnum, og, ef til vill, ekki fyrr enn sumarið eptir.

Prófastur Hannes Stephensen: Eg fellst að vísu á það, er hinn hæstvirti konúngsfulltrúi mælti, en óska, að biskup, um leið og hann tilkynnir prófasti hverjum, að brauðið sè veitt, og býður honum, að taka það út og setja prestinn inn, segi prófasti fyrir, hvernig fara skuli með brauðið, og hvort hann og sýslumaður skuli hafa af því nokkur afskipti. Því ella virðast mèr þeir á flæðiskeri staddir, ef prestur máske um jónsmessuleiti kemur til brauðsins, en þeir hafa áður feingið mann til að hirða jörðina og rækta; meiga þeir þá búast við vanþökk prestsins fyrir umsýslun sína, en að bóndi sá, sem þá hrekst frá prestsetrinu, heimti, að þeir annist sig og fjölskyldu sína.

Framsögumadur: Nefndin hafði líka slíkt dæmi fyrir augum; en eg hygg, að presturinn gèti þó tilkynnt prófastinum, áður á laungu líði, hvort hann komist að brauðinu það ár; um slíkt hefir og aldrei verið neitt ákvarðað í eldri lögum, og hefir aldrei stór bagi orðið að. Mönnum er ætíð auðgefið, að tína til ótal slík smáatvik, sem lögin einganveginn geta gjört ráð fyrir nè girt fyrir.

Prófastur Hannes Stephensen: Það er eingin afsökun, þó hin eldri lög hafi ekki ákvarðað slíkt; hafi sá galli verið á hinum eldri lögum, ber enum nýrri að bæta úr því; en víst er hitt, að brauð hafa mikið tjón beðið af óvissu þeirri, er prófastar einatt hafa verið í um það, hvort presturinn mundi koma til brauðsins eður ekki, og ætla eg að biskupi, sem veit, hvenær brauðið er veitt, og fer því næst, hvenær presturinn fái þar um vitneskju, veiti hægast, að ætlast á um, hvort presturinn muni koma til brauðsins eður ekki.

Konúngsfulltrúi: Mèr virðist uppástúnga sú, sem hinn virðulegi alþíngismaður gjörði, um að gjörð yrðu nýmæli um störf prófasta og sýslumanna við umsjón og úttekt prestsetra, ekki vera í nákvæmu sambandi við lagafrumvarp það, er nú er rædt um, og eg læt ósagt, hvort það væri til gagns, að bera upp breytingaratkvæði um það efni. Án efa geta mörg

þvílik atvik borið að höndum, sem menn verða að ráða úr eptir því, sem á stendur, án þess gefnar verði reglur um það í hinum almennu lagagreinum, og eru allar líkur til þess, að biskup mundi, þegar svo væri ástatt, eins og nú var sagt, gefa þeim, er hlut ættu að máli, allar þær bendíngar og tilsögn, sem í hans valdi stæðu, þó lögin hefðu ekki neina ákvörðun um það efni.

Prófastur Hannes Stephensen: Ekki fæ eg fallizt á það, er hinn hæstvirti konúngsfulltrúi nú mælti; ætla eg, að orð mín séu víst í sambandi við frumvarpið, því bæði talar það um brauð, prestþjónustu og brúkun bújarðar, gjörir ráð fyrir, að prestsekkja megi eiga ábúðarrètt á hálfri jörðinni, líka að prestur eigi hann allan; því ætti það einnig að gjöra ráð fyrir hinu þriðja, sem að getur borið, að hvorki sè prestsekkja til, nè prestur vilji sjálfur brúka jörðina; ætti það því að kveða á, hvern veg þá skuli með fara.

Framsögumaður: Það er eptir eldri löggjöf skylda sýslumanns og prófasts, að annast um prestsetur, ef prestur kemur ekki, og það nægir eins hèr eptir, sem hingað til.

Prófastur Hannes Stephensen: Sú ákvörðun, sem gjörð er í enum eldri lögum, á nú miður við, þegar það nýja frumvarp er orðið lögleidt; ætla eg því nauðsynlegt, að prófastur og sýslumaður mættu óhultir verða fyrir ámælum af því, er þeir gjöra, eður þykjast gjöra, eptir skyldu sinni.

Forseti: Eg verð að álíta fullrædt um þessar smágreinir, en vil einúngis geta þess, að hinum virðulega alþíngismanni úr Borgarfjarðarsýslu er í sjálfsvaldi, að flytja fram breytíngaratkvæði um þau atriði, er honum þykir ábótavant í frumvarpinu, þá málefnið verður rædt til lykta.

Kandidat Jón Sigurðsson: Eg sakna ákvörðunar um eitt atriði í þessu máli, sem mèr finnst nokkru varða; það er kunnugt, að opt ber það við hèr á landi, að presti er veitt brauð, en síðan afsakar hann sig og vill ekki þiggja; er síðan það brauð veitt öðrum presti; nú virðist mèr, sem hèr af megi spretta nokkur vafi um rèttindi hins síðara prests og prestsekkjunnar á brauðinu, og vil eg skjóta því til nefndarinnar, hvort henni mætti virðast nauðsyn á, að óska ákvörðunar um þetta atriði.

Jón Guðmundsson umboðsmaður: Mèr finnst mikil nauðsyn, að bæta því við í 4. grein, að erfingjar prests þess, er

deyr milli jóla og fardaga, njóti sama rèttar, og ekkjunni er hèr áskilinn, nefnilega, að þeir einnig megi búa á prestsetrinu hálfu til móts við hinn nýja prest næsta fardagaár. Það er auðvitað, að opt stendur svo á, að prestur er ekkjumaður, og býr með uppkomnum börnum, og er þeim, ef til vill, eins mikill bagi, og ekkju, að vera hrakin frá prestsetrinu í ótíma út á ekkert; þar af getur það leidt, að gott bú, sem kann að vera sveitarstoð, getur lagzt í eyði.

Prófastur Hannes Stephensen: Hin eldri löggjöf leyfir ekki erfingjum ens dána prests, að búa á prestsetrinu leingur, enn til næstu fardaga eptir andlát prestsins. En að eg svari því, er hinn heiðraði þingmaður Ísfirðinga mælti, get eg þess, að með umburðarbrèfi stiptamtmannsins í fyrra er prestum kunngjört, að önnur bænarbrèf um prestaköll verði ekki tekin til greina, enn þau, er hinn biðjandi sjálfur hefir skrifað, eður trúnaðarmaður hans eptir skýlausri fullmakt; ætla eg því, að hèr eptir sè hver sá prestur, sem brauð verður veitt, skyldur að flytja að því.

Konúngsfulltrúi: Mèr er ekki ókunnugt, að það hefir stundum borið við, að sá prestur, sem feingið hefir brauð, hefir þeðizt, og feingið leyfi til, að mega sitja kyr við hið fyrra, sem hann áður hafði, og verða laus við hið síðara. Að vísu er þess ekki að æskja, að þetta bæri opt að, en eins og slíkt hefir stundum orðið í öðrum löndum og í ymsum embættum, svo virðist mèr, að það sè fremur ráð fyrir því gjöranda á þessu landi, enn annarstaðar, að þetta beri optar að höndum, og veldur því landslagið. Prestar þeir, sem leingst búa hèðan, mundu opt og tíðum verða sviptir tækifæri til að sækja um brauð, ef þeim væri ekki leyft að láta einhvern heimilisfastan mann hèr syðra sækja sín vegna, og verður þá vart hjá því komizt, að þessir menn sæki stundum um þau brauð, sem prestur sjálfur hefði ekki sótt um. Eg sè þó ekki, að fyrir þá sök þurfi að setja nokkra sèrlega lagareglu; því hvað þann prest áhrærir, er frá brauðinu fer, eður ekkju hans, þá stendur á sama, hvort hinn nýi prestur þiggur brauðið eður ekki, þareð rèttindi þau og skyldur, sem leiða af veitíngu hans, fá strax lagagyldi, þegar veitíngarbrèf hans er gjört, þótt hann síðan fái sig lausan við brauðið; og hvað þann prest áhrærir, sem brauðið er veitt, þegar sá fyrri gekk aptur úr skaptinu,

þá er það ætíð í sjálfsvaldi þess, sem brauðið veitir, að setja þær reglur, sem í hvert skipti þykja við þurfa.

Prófastur Hannes Stephensen: Eg læt mèr að vísu skiljast það, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi nú mælti, en ætla þó, eptir rèttum skilníngi hins áminnsta brèfs frá stiptamtinu, að hèr eptir sè vissa fyrir, að eingum geti veitzt annað brauð, enn það, er hann vill, og er sjálfsagður að flytja að.

Kandidat Jón Sigurðsson: Eg leyfi mèr, að áskilja mèr rètt til breytíngaratkvæðis um það, er eg áðan mælti, ef mèr þykir þess þurfa.

Varaforseti: Eg leyfi mèr einnig, að áskilja mèr breytíngaratkvæði um, að 1. grein í frumvarpi embættismannanefndarinnar um þetta efni verði tekin til greina.

Forseti sagði þá fundi slitið.

14. Júlí — ellefti fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá tíunda fundi lesin og samþykkt.

Forseti sneri þá fyrst máli að konúngsfulltrúa, og mælti: Eg hefi hèrmeð þá æru, að afhenda þeim háttvirta konúngsfulltrúa þakkarávarp það, sem alþíngið hefir í fyrsta sinni samið til Hans Hátignar Konúngsins; eru það tilmæli mín, að hinn háttvirti konúngsfulltrúi vilji fram bera fyrir hans konúnglegu hátign þetta þakkarávarp, með skyldugri lotníngu af þíngsins hendi, og hefi eg þíngsins vegna þá öruggu von, að þetta þakkarávarp verði af hans konúnglegu hátign allramildilegast meðtekið.

(Þakkarávarp þetta er áður prentað, sjá 54. bls.)

Konúngsfulltrúi kvaðst glaður takast á hendur, að gegna þeirri köllun sinni, er sèr veittist nú hið fyrsta sinn, að eiga að flytja Hans Hátign Konúnginum ávarp alþíngis, og kvaðst þess fullviss, að Konúngur mundi veita því móttöku mildilega, eins og hans væri venja.

Síðan afhenti forseti konúngsfulltrúa álitsskjal þíngsins um löggyldíngu verzlunarstaða á Þórshöfn og við Borðeyri.

Álitsskjal þetta er þannig látanda:

"Yðar konúnglegu hátign hefir allramildilegast þóknazt, að láta bera upp á Íslands alþíngi lagafrumvarp um það, að löggylt yrði eitt kauptún í Þórshöfn í norðurumdæminu, og annað á Borðeyri í vesturumdæminu, í þeim tilgángi, að þíngið allraþegnsamlegast lèti í ljósi álit sitt um þetta lagafrumvarp.

Þegar frumvarp þetta var rædt á þínginu, kom öllum saman um, að það væri þess eðlis, að ekki þyrfti að fá það í hendur til meðferðar og undirbúnings nokkurri nefnd meðal alþingismanna, þareð það væri svo augljóst, að frumvarpið varðaði einúngis slíkri ráðstöfun, sem, eptir þíngmanna nákvæmu þekkingu á öllum þaraðlútandi kríngumstæðum, væri bæði nauðsynleg og hagfelld öllum þeim byggðarlögum, sem hlut ættu að máli, en hingað til hefðu átt að búa við þúng kjör, vegna fjarlægðar þeirra frá þeim löggyltu verzlunarstöðum, hvað eð aptur hefði leidt af sèr mörg og ýmisleg vandræði fyrir atvinnu þeirra og hagsæld.

Þessum vandkvæðum er nú hrundið með frumvarpi því, er yðar konúnglega hátign hefir látið bera upp, og er því þíngið samhuga í því, að biðja um, að það megi öðlast lagagyldi, því þó það enda mætti svo atvíkast — fyrir hverju þó að öðru leiti ekki er nokkur vissa — að þau kauptún, sem hingað til hafa notið þess hagnaðar, að eiga verzlunarviðskipti við byggðarlög þau, er hèr ræðir um, eptirleiðis færu á mis við þennan hagnað, getur þetta atriði, í samanburði við þau vandkvæði og þann óhagnað, sem frumvarpið lèttir af herðum allra þeirra, er hins vegar eiga hlut að máli, ekki tekizt til greina, og það því síður, sem hagnaður þessi, eptir því, sem í því tilliti er sannað og upplýst, reyndar er og hlýtur að vera litlu varðandi fyrir þá verzlunarmenn, sem hingað til hafa setið yfir kaupum við tèð byggðarlög, með því líka svo hagar til, að kauptúnum hèr á landi er ekki veittur neinn einkarèttur, til að eiga verzlun á vissum stöðum og við tiltekin byggðarlög, með útilokun annara.

Samkvæmt því, sem þannig er tilgreint, leyfir alþíng sèr í einu hljóði allraþegnsamlegast að mæla fram með því:

Að frumvarp það, sem hèr ræðir um, öðlist lagagyldi“.

Forseti tók þá fram álitsskjal nefndarinnar í málinu um hreppaskilaþíng, og lèt hann afhenda það framsögumanni, sýslumanni Blondahl, sem las upp álitsskjalið, og er það þannig látanda:

„Frumvarpi því, sem hèr hefir fram lagt verið til opins brèfs, um að halda hreppastefnur á Íslandi á öðrum tíma, enn verið hefir, er nefndin að öllu leiti samþykk, og meinar einnig, að sú þartil ákveðna tíð, frá 16. til 24. Júní, muni vera sú hentugasta, af þeim ástæðum, sem til eru færðar við frumvarpið; þó þætti mèr, sýslumanni Magnusen, betur fara, að tíð þessi

væri leingd til 30. Júní, vegna þess, að í Dalasýslu, og víðar vestanlands, liggja margir bændur við sjó allt til jónsmessu, og geta þess vegna ekki mætt á hreppastefnu fyrr enn eptir hana.

Ei að síður álítur nefndin æskilegt, að sú siðvenja, sem um lángan tíma hefir verið við höfð í norður- og austur-amtinu, og víst sumstaðar í suðuramtinu, að halda hreppastefnur vor og haust, feingi ei einúngis að viðhaldast, heldur mætti lögleiðast, bæði vegna þess, að hreppanna þarfir í mörgu tilliti útheimta, að slíkar samkomur haldist bæði vor og haust, því víða er það, sem einn hreppur liggur í fleirum kirkjusóknum, svo hreppstjóri getur ei fundið alla hreppsbúa sína við kirkjusamfundi, og ráðgast við þá um ymsar sveitarnauðsynjar, sem opt kann þó með að þurfa, og þar að auki sýnist sanngirni mæla fram með því, að þeim tíund gjöranda leyfist á haustum, að segja til þeirra vanhalda, sem orðið hafa á fènaði hans á sumrinu, en þótt Gissurar tíundar-statúta bjóði, að telja allt það fè til tíundar, sem menn eigi skuldlaust í fardögum, því tíund sú, sem af fènu geldst, sýnist þó í raun réttri að vera afgjald af þeim ávexti, sem það gefur af sèr um það næsta ár, eptir að það er til tíundar fram talið, og allur sá ávöxtur til fellur þó af lifandi skepnum einúngis um sumar- og hausttímann, og er þá eins sanngjarnt, að tíund af því fè, sem tapast öndverðlega sumars, rýrni eða burt falli, en þótt það fargist eptir jónsmessu, eins og af því, sem fargast milli fardaga og jónsmessu.

Í sumum sveitum ætlum vèr einnig, að það sè siðvenja, að setja sveitarómaga niður frá veturnóttum til veturnótta, sem vel kynni að mega við haldast, en allstaðar, hvar svo á stendur, verða þó hausthreppskilin nauðsynleg. Tíundar-statútan ákveður einnig: „samkomur skulu menn eiga um haust í hrepp hverjum eigi fyrri, enn 4 vikur lifa sumars, og skipta tíundum; skipta skal tíundum drottinsdag enn fyrsta í vetri.“

Almenna venju ætlum vèr það og vera, að hreppstjórar á haust-hreppaskilum grenslist eptir um verð á þeim vörum, sem hafa verið seldar og keyptar í hreppnum um þann næstliðna vor — og sumartíma, til þess þar á að geta byggt skýrslu sína til verðlagsskrár þeirrar, sem semjast á næstkomanda vetur, en þessa skýrslu er ómögulegt að fá fyrr enn á haustin, þar geldur sauðfènaður selst ekki fyrri, enn um og eptir

rèttir, og verðlagsskrárnar binda einnig verð hans einmitt við hausttímann.

Það er auk þessa almenn og gömul venja hèr í landi, að ákvarða ekki aukaútsvar búenda fyrr enn á haustum, hvað ogsvo sýnist að vera sanngjarnt, því ýmislega geta atvinnuvegir og ástand bænda breytzt um sumartímann, og það verður því ætíð nauðsynlegt, að halda samkomur í þessu tilliti á haustin.

Nefndin leyfir sèr því hèrmeð að stínga uppá, að því áformaða lagafrumvarpi um þetta málefni verði þannig breytt:

Hreppastefnur á Íslandi skulu hèðan af árlega haldnar dagana milli hins 16. og 24. dags Júnímánaðar, og aptur dagana milli þess 1. og 20. Októbermánaðar.

Reykjavík 9. dag Júlímánaðar 1845.“

Síðan bætti nefndin þessu við:

„Vegna þess, sem rædt hefir verið um þetta málefni á alþínginu, kemur undirskrifuðum saman um, að til tekið verði í frumvarpinu: að hreppastefnur í Júnímánuði skuli vera til tíundarframtals og til landbúskapartöflunnar, og í Októbermánuði til sveitarómaga ráðstöfunar og aukatillags niðurjöfnunar, samt annara sveitaratgjörða.

14. dag Júlímánaðar 1845.“

Forseti: Það virðist vera misskilníngur nefndarinnar, að frumvarpið ætlist til, að hreppaskilaþíng verði tekin af á haustum; báðir þessir fundir eru og nauðsynlegir, og hafa hvor sitt ætlunarverk. Vorþíngið miðar til, að fá framtölu búenda á tíundarfè þeirra til búskapartöflunnar, en á haustþínginu er jafnað aukaútsvörum á bændur, ómögum ráðstafað o. s. frv., og þetta hefði betur farið, að nefndin hefði tekið fram í álitsskjali sínu; svo virðist það og auðsætt, að gjöra megi bændum að skyldu, að koma á bæði þíngin, þareð þau eru í almennings þarfir.

Framsögumadur: Nefndinni þótti betur fara, að tiltaka haustþíngið með berum orðum, er hún óttaðist fyrir, að bændum mundi annars hafa þótt, að þeir væru ekki skyldir að sækja þetta þíng.

Eyjólfur hreppstjóri Einarsson: Eg fæ ekki skilið, hvaða gagn er í, eða hver nauðsyn á þessum vorþíngum, því hægt er að ná tíundarframtalinu eins vel við kirkjufundi. Þar að auki er ómögulegt, vegna kríngumstæðanna, í minni sveit, að

koma þinginu við, þareð búendur eru ekki við heimili sín á þeim tíma; haustþingin eru þar á móti nauðsynleg og ómissandi.

Framsögumaður: Þessar kríngumstæður munu vera einstakar fyrir þann hrepp, sem hinn virðulegi þíngmaður Barðastrandarsýslu stýrir, en almennt lagaboð getur ekki farið eptir svo einstöku atriði.

Ásgeir bóndi Einarsson: Eg verð að fallast á það, sem þíngmaður Barðastrandarsýslu nýlega sagði, og bæti því við, að þar fundur þessi á vorum yrði almenníngi ekki nema til byrði, mundi hann og verða óvinsæll hjá öllum, sem hlut ættu að máli.

Varaforseti: Eg er samdóma forseta í því, að vel megi gjöra hlutaðeigendum að skyldu, að koma á bæði þíngin, ef þess þarf við. Eg verð þess vegna að mæla fram með því, og jafnframt stínga uppá, að eptir orðið „hreppastefna" væri bætt við: „til tíundar framtölu."

Eyjólfur hreppstjóri Einarsson: Mèr getur ekki skilizt, hvernig þessum vorþíngum hreppstjóranna verður komið á, þegar litið er til þeirra vandkvæða, sem eg hefi drepið á í þessu efni.

Forseti: Eg skil ekki, að fleiri vandkvæði þurfi að vera á þessu máli í vesturamtinu, enn í hinum umdæmunum, hvar slík þíng eru almenn og hafa viðgeingizt leingi. Það er sjálfsagt, að almenníngur hlýtur að vera skyldur til að sækja þessi þíng, þegar þartil er nauðsyn í einhverju tilliti, en geti einhver ekki farið á þíngið, gæti hann þó sent skil fyrir sig þángað.

Konúngsfulltrúi: Eg vil þó ekki, út af því, sem hinn háttvirti forseti hefir sagt, láta þess vera ógetið, að þegar hèr er talað um haustþíng, þá er reyndar ekki ætlazt til, að þau sèu hin sömu, sem hreppskilaþíngin. Störf þau, sem eptir álitsskjali nefndarinnar eiga að gjörast á haustþíngum, t. a. m. ráðstafa sveitarómögum, jafna niður aukaútsvari, safna skýrslum til verðlagsskránna og til búnaðartaflanna, eru naumast þann veg löguð, að vel verði komið við að gegna þeim á því þíngi, þar sem saman er kominn múgur manns, heldur mun hitt fara betur, að prestur og hreppstjóri gjöri þau, og kveðji til með sèr hina hyggnustu bændur í hreppnum. Eg hygg því, að spurníngin verði þessi: hvort halda skuli hreppskilaþíng á haustin, eins og hingað til í vesturumdæminu, eða á vorin,

eins og nú hefir verið um tíma í suðurumdæminu; því stjórnarfrumvarpið hefir vart ætlazt til, að halda skyldi tvisvar hreppskilaþíng á ári hverju, því slíkt mundi gjöra talsverðan byrðarauka á bændum.

Assessor Johnsen: Eg held, að ekki geti verið efi á, að hreppastefnur enn þá eigi að halda á haustin, eptir reglugjörð frá 8. Janúar 1834, 10. gr.; er það auðsèð, að frumvarpið ætlast ekki til að taka þetta lagaboð af, og virðist mèr því, að óskum hvorutveggja, bæði þeirra, sem vilja hafa hreppastefnurnar á haustin, og líka hinna, sem vilja þær á vorin, eða þá bæði haust og vor, sè og verði fullnægt svo, að einga breytíng þurfi að gjöra við frumvarpið aðra enn þá, sem hinn heiðraði varaforseti nýlega stakk uppá, að bætt yrði við orðunum: „til tíundar framtölu", og gætu þá allir þar af sèð, hvers vegna hreppastefnurnar á vorin eru haldnar, og að haust-hreppastefnurnar eptir sem áður vara við.

Eyjólfur hreppstjóri Einarsson: Eg verð að spyrja, hvernig er mögulegt, að útsvar búenda geti rèttilega orðið byggt á vortíundinni, þar sem þó mart misferst að sumrinu, og sumarágóðinn af skepnunum er eini arðurinn af þeim.

Assessor Johnsen: Það má fara eptir því, hvernig á stendur á haustin undan sumrinu.

Eyjólfur hreppstjóri Einarsson: Eg hlýt að ítreka það, sem eg sagði áðan, að eg álít hreppaskilaþíng á vorum bæði óþörf og óhentug öllum búendum.

Kandidat Jón Sigurðsson: Mèr er kunnugt, að búendur í Ísafjarðarsýslu vilja helzt, að hreppaskilaþíng sè haldin á haustin, því þeir skildu frumvarpið svo, að ekki væri ætlazt til, að haldið yrði nema eitt þíng. Vorþíngin eru þeim óhentug, einkum á þeim tíma, sem frumvarpið til tekur; en væri þar haldin þíng á vorin, mundi þeim vera hentugastur tími frá vertíðarlokum til sláttar.

Forseti: Það getur satt verið, að frumvarpið hafi ekki ætlazt til, að það yrði nema eitt hreppaskilaþíng á ári; en haustþínganna mundi þó þurfa, til að ræða um framfæri þurfamanna sveitarinnar, og því þætti mèr eiga bezt við, að til tekið væri einúngis, að leyft væri að halda haustþíng, en gjört að skyldu að halda vorþíngin.

Eyjólfur hreppstjóri Einarsson: Ef bændum er ekki gjört að skyldu að sækja þíngið, sitja þeir heima og fara hvergi.

Framsögumaður sagðist verða að fallast á það, sem forseti hefði sagt í þessu efni.

Prófastur Hannes Stephensen: Þann í frumvarpinu ákveðna tíma, frá 16. til 24. Júní, hlýt eg að álíta hinn óhentugasta til hreppaskilaþínga á vorin (en að því leiti, mèr er kunnugt, var byrjað á þeim í suðuramtinu hèrumbil 1837), og hefi eg þó í þessu efni töluverða reynslu, en hún hefir líka kennt mèr, að tilgángi þessa vorþings hefir ekki orðið framgeingt, því bændur eru einmitt á þeim tíma bundnir við sjóróðra og sjósóknir, því vertíð er, eins og alkunnugt er, fyrst úti með 24. Júní eða jónsmessu; geta hreppstjórar því ekkert áreiðanlegt framtal feingið, þar mjög fáir bændur koma, eða geta komið, á þíngið, svo hreppstjórar verða annaðhvort að skapa hlutaðeigendum tíund að handahófi, og við það skirrast þeir flestir, eða þeir verða að fara, svo að kalla, heim á hvern bæ, til að fá framtalið. Þá er og þess að gæta, að enginn hreppstjóri veit á vorin, hvernig hagur hreppsins og þarfir muni verða að haustinu, en þá er það einmitt og einkum, að fátækum er hugsað fyrir forsorgun, en þar eptir fara aptur aukaútsvörin, því tíundirnar eru í fátækum hreppum, sem ekkert sè, hinum fátæku til framfæris. Sá bóndi, sem rètt vill segja til tíundar, getur og, þó komið sè haust, gjört það, og þarf ekki að óttast, að hann hafi gleymt fjáreign sinni frá því um vorið, og þar sem borið er fyrir, að vorþíngin þurfi, til að fá framtalið til búnaðartaflanna, ætla eg þær töflur muni fyrst vera sendar frá amtmönnunum með póstskipinu.

Loks get eg þess, að allir bændur í mínu byggðarlagi óska, að vorþing leggist niður, en haustþíng takist upp aptur.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Hvað mína sveit snertir, þá er sá í frumvarpinu ákveðni þíngtími hinn óhentugasti; einmitt frá 16. til 24. Júní eru bændur í Skaptafellssýslu mestum önnum kafnir; á þeim tíma eru fráfærur, lángar skógarferðir, og undirbúníngur til kaupstaðarferða, og allir farnir af stað þann 24. Júní; eg geymi mèr því breytíngaratkvæði í þessu tilliti.

Helgi hreppstjóri Helgason: Eg er að öllu leiti samdóma enum virðulega þíngmanni Borgarfjarðarsýslu.

Konúngsfulltrúi: Við það, sem eg áður sagði, vil eg bæta því, að vilji alþíngismenn, sem ráð er fyrir gjöranda að þekki nákvæmlega, hvernig allstaðar til hagar í landinu, allir

fallast á, að hreppskilaþingin verði haldin á haustin, í stað þess, sem frumvarpið segir, á vorin, þá mun stjórnin naumast verða því mótfallin. En að bjóða, að tvisvar skuli halda þing þessi á ári hverju, það virðist mèr bæði ísjárvert, enda sè eg ekki heldur, að nauðsyn beri til þess.

Jón bóndi Samsonsson: Eg verð að mæla fram með tvennum hreppaskilaþingum, haust og vor, og að vísu er það almenn ósk í mínu hèraði, hvar búendur sækja þessi þing rækilega.

Ásgeir bóndi Einarsson: Mèr virðist vel eiga við, að halda tveimur hreppaskilaþingum í þeim sýslum og sveitum, hvar þau nú þegar eru innleidd, en láta vera að innleiða þau þar, sem þau eru ekki nema á haustin eða vorin.

Framsögumadur: Eg verð að mæla með vorþingum, enda veit eg, að bændur í minni sýslu halda með þeim sem þarfri tilskipun, og sækja þau rækilega, þó ekki sè þeim gjört að skyldu að koma, því þeim er heimilt að senda framtalið á fundinn og biðja, t. a. m. prestinn, að skrifa það fyrir sig.

Prófastur Hannes Stephensen: Eg verð, eins og áður, að mæla á móti vorþingum hreppstjóranna, og þykist eg hafa leidt gyld rök að því, hvað þau eru óhagfelld almenníngi, og til lítilla nota í sjálfu sèr.

Umboðsmaður Runólfur M. Ólsen: Eg held það ætti vel við, að gjöra það að skyldu, að halda hreppaskilaþíng að haustinu, en leyfa það að vorinu, eins og hlutaðeigendum þykir bezt haga.

Assessor Johnsen: Eg hefi eingan heyrt kvarta yfir venju þeirri, sem komin er á í norðausturamtinu og suðuramtinu, að halda hreppastefnur á vorin, og eg held það sè óvíða, að sveitabændur um þann tíma, sem þær eru haldnar, sèu að heiman til sjóróðra, en að þeir flestir að eins láti vinnumenn sína róa, þegar vetrarvertíð er lokið, enda sè eg ekki, að það geti hamlað hreppastefnunum, að bændur eigi eru viðlátnir að koma á þær, því þá ber þeim mönnum, sem jafna eiga niður sveitarútsvarinu, og taka við framtali tíundar, að gjöra bændunum það útsvar og þá tíundarupphæð, sem þeim eptir sanngirni þykir vera eiga.

Prófastur Hannes Stephensen: Sú aðferð, sem hinn heiðraði fulltrúi Árnessýslu mælir fram með, opnar dyrnar fyrir allskonar ójöfnuði, sem orðið getur, þar hreppstjórum er með þessum hætti lagt í sjálfsvald, að skapa tíund hjá

bændum eptir eiginn hugþótta, en með því þykir mèr ekki vera mælanda, enda virtist hinn háttvirti konúngsfulltrúi að gefa nokkurnveginn vissu um, að stjórnin muni ekki fyrirskipa, að tvö hreppskilaþíng skuli haldin, og þá mundi vorþíngið falla niður.

Assessor Johnsen: Eg held þó, að sá heiðraði alþingismaður, þegar hann gáir betur að, finni ekki neina ástæðu til að drótta að mèr þeim ójöfnuði gegn bændunum eða gjaldendum, sem hann nú vèk á. Hann veit bezt sjálfur, að þeir, sem jafna niður og ákveða tíundarupphæðina, eru kunnugir, skynsamir og ráðvandir menn, og að þeir hafa rètt til þess, er eg sagða (tilskip. 17. Júlí 1782, 3. gr.), og er það þar að auki í augum uppi, að sèrhverjum, sem þykist verða fyrir nokkrum halla, stendur opið að bera sig upp fyrir æðri valdamönnum, og veit eg ekki betur, enn að þessum framgángsmáta jafnan hafi verið, og enn þá sè, allstaðar fylgt í landinu.

Konúngsfulltrúi: Hinn virðulegi þingmaður fyrir Borgarfjarðarsýslu drap á eitt atriði í ræðu sinni, sem eg hlýt að minnast á. Eg ætla, að eg hafi ekki sagt neitt það, er gæti tekizt eins og fullvissa frá minni hálfu fyrir því, að ekki mundu verða fyrirskipuð tvö hreppskilaþíng á ári hverju, því yrði meiri hluti þingmanna á því, að þau skyldu vera 2, þá getur svo farið, að stjórnin fallist á það.

Eyjólfur hreppstjóri Einarsson: Mig furðar á, hvaða mismunur getur verið í norðausturamtinu og vesturamtinu, að það er hagfellt nyrðra þar, sem er gagnstætt vestra, einkum í minni sýslu, því það segi eg, sem áður, að í minni sýslu yrðu vorþíng óhagfelld og almenníngi að óliði, því menn yrðu að missa, auk þeirra tveggja daga, sem geingju til manntalsþíngsferða, aðra tvo til að sækja hreppskilaþíngið.

Þorsteinn prestur Pálsson: Mig furðar á, að þingið skuli ekki geta jafnað sig og komið sèr saman í þessu efni, svo sem að biðja um hreppskilaþíng á haustin, því heldur sem þau tíðkast víða og þykja hagfelld almenníngi.

Umboðsmaður Jakob Pètursson sagðist verða að fallast á það, er Suðurþingeyjarsýslu heiðraði fulltrúi hefði nú sagt í þessu efni.

Stephán hreppstjóri Jónsson: Í minni sýslu eru hreppskilaþíng haust og vor almennt tíðkuð, og þykja hagfelld; er á vorþínginu ekki einúngis tekið fjártal hjá búendum, heldur

er og rædt um mörg sveitarmál, svo sem um grenjaleitir, vegabætur og mörg önnur málefni, og sækja búendur rækilega þessi þing. Það er því mitt álit, að heldur megi missa vorþingið enn haustþingið, en hagfelldast að bæði sèu haldin.

Prófastur Thordarsen: Mèr hefir skilizt svo, sem hreppastefnur sèu viðteknar bæði haust og vor í norður- og austurumdæminu, og þætti mèr miklu skipta, að þeir menn, sem eru þaðan hèr á þinginu, lètu upp meiníngu sína, hvernig þeim þætti sú breyting, því eg ætla hún sè ei á komin fyrir svo laungu, og geta þeir því borið saman, hvort þeim þyki betur að fara eptir enn áður, en ef þeim þætti betur, þá er auðsætt, að reynsla í svo miklum hluta landsins er eptirtektaverð fyrir þá, er í móti mæla. Eg ætla því, þegar svona er ástatt, og sumir af þingmönnum halda fram með vorþingum og aðrir með haustþingum, en sumir með báðum, að þá yrði bezt miðlað málum í þessu efni, þegar hvorttveggja þingið væri haldið, svo menn, eptir því sem til hagar í hverjum hrepp, gætu haldið uppá það þingið, sem hagfelldast þykir.

Prófastur Hannes Stephensen: Það eru ekki, nema svo sem 10 ár, síðan farið var að halda hreppskilaþing á vorin í minni sýslu, en þar hafa þau þótt óhagfelld, og eru því óvinsæl.

Framsögumaður: Eg man eptir, þegar ekki voru haldin hreppskilaþing, nema á haustin, en nú eru hreppskilaþing á vorin fullt svo vinsæl.

Jón bóndi Samsonsson staðfesti þessa sögusögn framsögumanns, og sagði það væri og álit sjálfs sín og helztu merkismanna í sínu hèraði.

Sýslumaður Kr. Magnusen skýrskotaði til þess, sem forseti hefði sagt um þetta efni, og mælti fram með hreppskilaþingum á vorin.

Varaforseti sagðist áskilja sèr rètt til að fá viðbætt eptir „hreppastefnu“ orðunum: „til tíundar framtölu“.

Forseti: Mèr virðist nú sè búið nægilega að ræða þetta mál til undirbúnings.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson kvaðst áskilja sèr breytíngaratkvæði um það, að fyrir Skaptafellssýslu verði vorþíng ákveðin í fardaga vikunni, en ekki, eins og frumvarpið segir, frá 16. til 24. Júní.

Þá lagði forseti fram álitsskjal nefndar þeirrar, er íhuga átti málið um skylduflutníng embættismanna á landi hèr, þegar

þeir fara í opinberum erindagjörðum, og lèt hann afhenda álitsskjalið framsögumanni, prófasti Hannesi Stephensen, en hann las það upp fyrir þingheimi, og er það á þessa leið

„Það heiðraða alþing hefir, á móti 2. dag Júlímánaðar, með atkvæðafjölda, falið oss, sem hèr ritum nöfn vor undir, það á hendur, að segja upp álit vort um „konúnglegt frumvarp til opins brèfs fyrir Ísland, um að taka af skyldu manna til að flytja embættismenn kauplaust, þá er þeir fara í alþjóðleg erindi“, og verður það svo vaxið:

Þegar um þetta mál er að ræða, virðist oss, sem fjórir geti verið vegir máli þessu til úrslits:

1. að fararbeinakvöðin haldist, sem áður var, og það án endurgjalds til þeirra, sem láta fararbeinann í tè.
2. að fararbeinakvöðin haldist að vísu, sem áður, en sá, er í tè lætur, fái sanngjarnt endurgjald.
3. að fararbeinakvöðin sè aftekin með öllu, en embættismenn þeir, er hennar krefjast, en það eru þeir: biskup, amtmennirnir, landlæknirinn og fjórðúngalæknar, þegar þeir menn fara í alþjóðlegar erindagjörðir, leggi sèr, og það án endurgjalds, allt það til, sem þeir þurfa til ferðarinnar; og
4. að embættismenn þeir, sem nú krefjast ókeypis fararbeina, leggi sèr hann að vísu sjálfir til, en njóti fyrir það í hvert skipti endurgjalds eptir rèttum reikníngi.

Viljum vèr nú íhuga sèrhverja þessara aðferða nokkru ná kvæmar.

til 1. Hin fyrsta aðferðin virðist oss ekki framar takandi í mál, þareð hún ollir svo mikils ójafnaðar, sem verða má, milli alþýðumanna. Hesta- og fylgdarmannakvöðin, og annar fararbeini, sem í tè þarf að láta, lendir þá, eins og embættismannanefndin frá árinu 1839 og rentukammerið hafa á vikið, á þeim sveitum og sóknum einum, sem næst liggja vegum þeim, er áðurnefndir embættismenn eiga að fara um í alþjóðlegar erindagjörðir, og líta þeir því, sem fyrir kvöðinni verða, ekki án orsaka öfundarauga til hinna, sem fjær búa og eingan skerf leggja til. Ekki er heldur svo ástatt, vegna afarviðáttu sýslna og umdæma, að kvöðin geti geingið milli manna í umdæminu öllu, svo hún að lyktum geti komið á alla, því þá yrðu fararskjótar og fylgdarmenn frá þeim hèröðum, sem fjærst liggja vegi embættismanna, opt að fara nokkrar dagleið-

ir, áður enn þeir komist þángað, sem fararbeinans skal neyta, og er þá auðskilið, að þeir bíða þýngst af, sem fjærst búa, og yrði þá ójöfnuðurinn mestur, ef jafnaðar væri leitað á þessum vegi.

til 2. Ef ekki virðist fært, að aftaka fararbeinakvöðina með öllu, hvar um talað verður í næstu grein hèr á eptir, er það víst, að hin önnur aðferðin ollir nokkurrar hægðar á flestar síður, og kvöðin kemur jafnar niður, þá sumir hinir skuldbundnu leggja sjálfan fararbeinann fram, þar sem hægast er að ná honum við leiðarstefnu embættismanns, en taka aptur laun hjá hinum, sem fjær búa, fyrir ómak sitt og tilkostnað; en samt hefir oss, þegar vèr nákvæmar hugsuðum og ræddum málið, þótt annað tiltækilegra, sem síðar mun sagt verða, og færum vèr gegn þessari aðferð bæði það, að oss þykir uggvænt, að þeir, sem endurgjaldið láta af hendi, sjái ofsjónum yfir þeim, sem við eiga að taka, og meti það ekki sem bæri, er hinir hafa fram lagt; vèr getum líka til, að það megi olla embættismanninum allmikils farartálma, óhæginda og óþægðar, að hljóta á dagleið hverri, stundum kannske optar enn einu sinni, að skipta fararskjótum og fylgdarmanni. Það, sem þó mest hefir deyft huga vorn til aðferðar þessarar, er íhugan sú, að vèr ætlum, að tilkostnaður til fararbeinans verði með þessu móti tvíslíkur því, sem vera þarf. Vèr gjörum ráð fyrir, að fylgdarmaður og fararskjótar frá hèraði hverju fari dagleið áleiðis með embættismanni, og þar taki aðrir við; sá, sem við skildi, verður þó að fara sömu dagleiðina heimleiðis aptur með hesta sína, og tekur að vonum laun fyrir starf sitt, sem og eigendur hestanna fyrir þá. Svona fer um dagleið hverja, hvort sem embættismaður ferðast áleiðis eða heimleiðis, og er þó ekkert gætt tímatafar og kostnaðar til að safna hestum, koma þeim á áfángastað, og skila eigendum þeim heim aptur, en niðurstaðan verður, að borgaðar verða þar tvær ferðir embættismanns, þar sem ekki er nema ein. Vèr getum því ekki fallizt á, eða mælt fram með þessari aðferð.

til 3. Að svipta embættismenn þá, sem áður eru tilgreindir, og sem nú njóta fararbeina ókeypis, þessum hagnaði, væri því að eins æskilegt, að það væri ekki órèttvíst. Vèr

vitum að vísu, að tildrögin til rèttinda þessara hèr á landi, á dögum Hinriks Bjálka höfuðsmanns, eru fremur lítilfjörleg (sjá Árb. Ísl., VI. D., bls. 132); konúngsbrèf 10. Maí 1650 veitti honum fararbeina ókeypis, og að líkindum öðrum höfuðsmönnum eptir hann. Ekki er oss ljóst, hvar á rèttindi þessi, hvað amtmenn snertir, eru byggð, hvort heldur á nefndu kóngsbrèfi, eða öðrum seinni tilskipunum; en hvað biskup áhrærir, byggist rèttur hans til ókeypis fararbeina á kgsbr. 5. Maí 1749; en um lækna vitum vèr ekki svo gjörla. Oss er heldur ekki ókunnugt, að rèttur þessi er hjá alþýðu óvinsæll, og er það ekki að undra, ef hann að eins styðst við almenníngi ókunna, og sumpart afgamla, lögskipun, en virðist á seinni tímum veittur æ fleirum, þó þeir ekki gjöri annað, enn embættisskyldu sína, fyrir hverrar fyllíngu þeir að öðru leiti þiggja laun af allsherjar fè. Meinum vèr þetta, ef ekki til nokkurra þeirra áðurtöldu, þá þó til sýslumannanna, sem, almenníngi næstum óvitandi, njóta ókeypis fararbeina í sakamálum. Þó nú máli sè þannig varið, og það vel mætti lúta að því, að ókeypis fararbeini ætti, ef ekki að aftakast með öllu, þá samt að takmarkast, viljum vèr þó ekki gjöra neina ákveðna uppástúngu þarað-lútandi, því oss virðist það sumpart ísjárvert, og sumpart órèttvíst. Ísjárvert að því leiti, að svo mætti að bera, ef fararbeinarètturinn væri tekinn frá embættum þeim, sem nú njóta hans, að einhver þá á seinni tímum lèti þess vegna skorta nauðsynlegt eptirlit í þeim efnum, hverra vegna embættisferðir nú eiga að gjörast; órèttvíst að því leiti, að þeir embættismenn, sem nú njóta ókeypis fararbeina, hafa sezt að þeim embættum í von um, að rèttur þessi væri teingdur við uppfyllíngu skyldu þeirrar, er hann svarar til.

til 4. Þá er eptir hin fjórða aðferðin óskoðuð, en sú er, að embættismenn þeir, er hèr eiga hlut að máli, leggi sèr sjálfir til fararbeina allan til embættisferða, en fái þess endurgjald.

a) annaðhvort með ákveðinni peníngaupphæð árlega, hvort þeir ferðast eða ekki.

b) það árið, sem ferðin er gjörð, og þá aptur:

a. annaðhvort með vissri peníngaupphæð, eða

b. eptir vegaleingd að rèttum reikníngi.

Hvað a. snertir, meinum vèr, að það ekki síður geti orsakað tómlæti í að fara embættisferðir (sem þó, einkum amtmanna og biskupa, meinast þarflegar), að laun fyrir þær verði svo að segja föst, sem hitt, að endurgjaldið sè ekkert, og

hvað b. *a.* viðvíkur, er ekki svo hægt að ætlast á það, að hvorki sá, sem ferðina fer, nè hinir, sem eiga að endurgjalda hana, hafi halla. Verðum vèr því helzt að fallast á það, sem um getur í b. *b.*, að embættismaðurinn fái ferðargjald eptir vegaleingd, og er það höfuðatriði frumvarpsins, sem um er að ræða; þó verðum vèr að bæta þar við þeirri athugasemd, að oss virðist betur fara, að ákveðin sè upphæð endurgjaldsins fyrir hvern embættismann sèr í lagi, þeirra er rèttarins njóta, og það á hverja þíngmannaleið, er hann ferðast á landi; sjóferða endurgjald er ekki hægt að ákveða, og verður því borgun þeirra ferða að byggjast á rèttum reikníngi hlutaðeigandi embættismanna.

Hefir okkur þá komið saman um, að biskupi sèu hæfilega ætlaðir 4 rbd. 32 sk. á þíngmannaleið, amtmanni, landlækni og hèraðslækni, að því leiti þessum bæri ferðakostnaðar endurgjald, þeim fyrst nefnda 3 rbd. 64 sk., þeim öðrum 3 rbd., og hinum seinast nefnda 1 rbd. 64 sk. á þíngmannaleið hverja. Mismunur endurgjaldsins er byggður á mismun tölu hestanna, sem vèr ætlum hverjum þessara manna, eptir þeirri vegaleingd áleiðis, sem vèr gjörum ráð fyrir, að hver þeirra þurfi að fara. Að endurgjald þetta, að því leiti það á að greiðast, sè tekið af jafnaðarsjóðum amtanna eptir þeirri tiltölu, sem seinna skilur, mun nú vera sjálfsagt.

Vèr getum eingaungeinn fallizt á ena síðari grein frumvarpsins, að því leiti hún gjörir lausafjártíundar upphæð í hverju amti að mælikvarða hvers amts endurgjaldsskyldu, þegar biskup t. a. m. ferðast úr einu amti í annað; þetta virðist oss leiða til lángt meiri ójafnaðar, enn áður var, meðan flutníngsskyldan var bundin við takmörk sèrhvers amts. Gjörum ráð fyrir, að biskup hefði 1843 tekizt ferð á hendur til kristindómsskoðunar í vesturamtinu; fer hann þá að eins tvær þíngmannaleiðir á að gizka í suðuramtinu, en átti frá takmörkum þess 9 þíngmannaleiðir, eða meir, beina stefnu að Aðalvík í Ísafjarðarsýslu, en 4 í Snæfellsnessýslu. Nú voru árið 1843 liðugt 21,000 tíundarhundruð í suðuramtinu, en víst ekki meira enn helm-

ingur þess, og kannske ekki meira enn þriðjúngur þess, í vesturamtinu, og ætti þá, ef þessi mælikvarði er við hafður, suðuramtið fyrir þessar tvær þíngmannaleiðir, sem þó ekki eru farnar í þess þarfir, máske af 30 þíngmannaleiðum, er hann hafði farið, að bera $\frac{2}{3}$, eða jafnvel $\frac{3}{4}$, hluti kostnaðarins, og yrði því miklu ver farið enn áður. Nokkru betur kæmist suðuramtið af við norðuramtið, þegar svo stæði á, að biskup færi norður í slíkar erindagjörðir, og ef sami mælikvarði væri við hafður, því bæði ætti biskup leingri leið yfir suðuramtið, enn á vesturferð, og líka er tíundarhæð norðurlands (en hún er oss ekki kunn) svo miklu meiri, enn vestra; þó leiddi regla frumvarpsins einnig þar til ójafnaðar.

Vèr getum því ekki annað, en fallizt á meiníngu embættismannanefndarinnar, að en eldri fararbeinakvöð sè lögð til grundvallar við skiptin, þannig að litið sè til þíngmannaleiðatölunnar, sem farið er yfir í hverju amti.

Að vísu játum vèr, að þíngmannaleiðaskilin eru ekki svo viss, sem skyldi, en samgjarnari greinarmunur verður þó trauðlega fundinn, og enn í dag er þíngmannaleiða niðurskipan enna eldri tíma víðast hvar alkunnug; gjörum vèr líka ráð fyrir, að hægra veiti, að gjöra rèttan reikníng vegaleingdar, þegar èn nýja afmálan landsfjórðúnganna er fullgjörð og birtist almenníngi.

Hvað embættisferðir landlæknis til vestur- og norðuramtsins snertir, ef þær eiga að endurgjaldast, þá meinum vèr eingin endurgjaldsskylda, í hans tilliti, eigi að leggjast á suðuramtið, því bæði er það, að landlæknirinn fer hvorki norður nè vestur í suðuramtsbúa þarfir, enda er suðuramtið eingu betur farið að læknisskipun, enn hin ömtin, þó landlæknirinn sè með talinn, nema þeim mun miður, sem hann, eptir erindisbrèfi sínu 25. Febr. 1824, 15. grein, ferðast verður til hinna amtanna til lífsölubúðaskoðunar, í hið minnsta 3. hvert ár. Þegar það aðgætist, sem að framan er skráð, er það álit vort, að frumvarp til „opins brèfs fyrir Ísland, um að taka af skyldu manna til að flytja embættismenn kauplaust, þá er þeir fara í alþjóðleg erindi,“ eigi að orðast þannig:

1. grein.

Þeir, sem hingað til hafa átt að veita stöku embættismönnum, þá er þeir fara í alþjóðleg erindi, flutníng ókeypis,

skulu hèr eptir vera lausir við þá kvöð, en þeir, sem hafa rètt á skyldufararbeina þessum, eiga hèðan af sjálfir að sjá sèr fyrir honum, en fá ferðakostnað sinn í hvert skipti þannig endurgoldinn af jafnaðarsjóði hlutaðeiganda amts, að biskup njóti 4 rbd. 32 sk., amtmaður 3 rbd. 64 sk., landlæknir 3 rbd., og hèraðslæknir 1 rbd. 64 sk., á þingmannaleið hverja, er þeir ferðast í tèðum erindagjörðum; sjóferð borgist eptir rèttum reikningi.

2. grein.

Ef biskup ferðast til kristindómsskoðunar úr einu amti í annað, þá skal jafna kostnaði þeim, er þar af verður, á jafnaðarsjóðu þeirra amta, hvar biskup fer yfir, þannig, að hvert amt gjaldi kostnað allan, sem leiðir af yfirferðinni í því amti".

Framsögumaður: Eg hefi eingu hèr við að bæta, nema að geta þess, að við nefndarmenn höfum haft fyrir augum, að koma sem mestum jöfnuði á þessa skyldukvöð, sem og að girða fyrir, að embættismenn yrðu fyrir misjöfnum grun og umtali fyrir það, hve mikinn ferðakostnað þeir tækju. Allir, sem unna jöfnuði, munu því verða áliti nefndarinnar samdóma.

Konúngsfulltrúi: Eptir álitsskjali því, er hin virðulega nefnd hefir samið, hefir henni verið óljóst, að hve miklu leiti væri á lögum byggður rèttur sumra hlutaðeigandi embættismanna til skyldufluttnings ókeypis, og vegna þess, að nefndinni hefir verið þetta óljóst, hefir rannsóknin leidt hana að því miði, sem hana hefði annars að líkindum ekki borið að. Eg vil því í stuttu yfirliti benda til þeirra laga, sem þar um gylda.

1. Um Stiptamtmann. Heimild fyrir ókeypis farbeina hans er í opnu brèfi frá 10. Maí 1650, sem nefndin vitnar til; þar segir svo: „Hver og einn, sem býr og byggir á áðurnefndu landi voru Íslandi, skal vera viðbúinn, þegar lènsmaður Vor, sá sem nú er, og þeir, sem eptir hann koma, svo og þjónar þeirra og fulltrúar, þurfa að ferðast, eður eru sendir um landið í Vorum erindum, að veita þeim fararbeina til lands og sjáfar án nokkurs endurgjalds." Rentukammerbrèf frá 3. Marz 1792 getur þess, að það sè einúngis stiptamtmaður, og ekki amtmaður, sem í nýnefndu opnu brèfi sè veittur ókeypis fararbeini í konúngserindum. Og loksins hefir konúngsúrsk. frá 16. Maí 1829,

sem tilkynntur er stiptamtmanni frá rentukammerinu 13. Júní s. á., ákveðið, að amtmenn á Íslandi skuli árlega ferðast um umdæmi sín, og „hafi rètt til að heimta og fá fararbeina ókeypis, eptir umferð rèttri, hjá inmbúum þeirrar sveitar eður sýslu, sem þeir fara yfir, þó svo, að ekki skuli til landferðar heimta nokkru sinni fleiri hesta, enn 12, á einum stað, til ókeypis farbeina, og stiptamtmaður ekki fleiri enn 14, en til sjóferða ekki stærra skip, enn sexæring, nema einhver sèrleg atvik beri að höndum."

2. Um biskup. Í erindisbrèfi biskupa, frá 1. Júlí 1746 12 gr., segir, að biskup eigi á visitaziuferð sinni í hverju hèraði ókeypis flutníng, og það, er hann neytir, og menn þeir, er hann þarf til ferðar með sèr. Skal sýslumaður gángast fyrir því. En vegna þess menn kvörtuðu undan því, að biskup hefði svo marga í för með sèr, bauð konúngsbrèf 5. Maí 1749, að hann eigi eptir því, sem framast geti orðið, að takmarka föruneyti sitt á visitaziuferðum, bæði að mönnum og hestum.
3. Um amtmenn. Skylduflutníngur þeirra er byggður á konúngsúrsk. frá 16. Maí 1829, sem áður er nefndur.
4. Um sýslumenn. Skylduflutníngur þeirra í opinberum málum er byggður á aukatekjureglug. frá 10. Sept. 1830, 13. gr., er segir, „að í opinberum sökum skuli eingin rèttargjöld greiðast, en þar á mót rèttarins þjóna þar af orsökuðu verulegu útgjöld að endurborgast, eptir rèttum og greinilegum reikníngi, meðal annars málskostnaðar", eins og eptir 16. gr., að „amtmanni er gefið vald til, að fyrirskrifa slíkar nákvæmari reglur fyrir ferðakostnaðar ákvörðun, sem eptir plázanna ásigkomulagi álítast að vera passandi."
5. Um landlækni. Í erindisbrèfi hans frá konúngi, sem út er gefið 25. Febr. 1824, segir í 4. gr., að hann eigi tafarlaust að vitja allra sjúkra manna, er þurfi og beiðist hjálpar hans, hvort sem eru ríkir eður fátækir; þó skal veita honum ókeypis uppheldi og áreiðanlegan flutníng, og á hann að láta sèr lynda hið síðar nefnda eptir því, sem hver einn, eptir ásigkomulagi og efnum, getur úti látið. Eins og landlæknir á ókeypis fararbeina, þegar hann vitjar fátækra sjúklínga, svo hafa menn allt til þessa álitið, að hann ætti rètt til ókeypis fararbeina, þegar hann ferðast í opinberar erindagjörðir, t. a. m. til að skoða lifsölubúðir í hinum um-

dæmunum, og í kansellíbrèfum frá 18. Júlí 1840, og 23. Júní 1842, er landlækni leyft að fá flutníng til þessara skoðunarferða, þannig, að kostnaðurinn leggist að þriðjúngi á jafnaðarsjóð suðurumdæmisins, og að tveimur þriðjúngum á jafnaðarsjóðu hinna umdæmanna, sem hlut eiga að (þar sem lífsölubúðin er). Annars má þess geta, að kansellíbrèf frá 1. Des. 1843 ákveður, að hlutaðeigandi hèraðslæknir megi halda þessa áminnstu skoðunargjörð, meðan ekki er annar læknir í Reykjavík, sem geti gegnt embætti landlæknis, meðan hann er í ferðum.

6. Um hèraðalækna er lík ákvörðun því, sem nú var sagt, í erindisbrèfi þeirra frá 25. Febr. 1824, 4. gr., og segir þar enn fremur: „spítala- og fasta ölmusulimi, og þá menn, sem í varðhaldi eru, skoðar hann og læknar ókeypis, en fær fyrir það, ef hann þarf að takast ferð á hönd, fararbeina ókeypis og dagkaup“.

Uppástúngu þeirri, er nefndin hefir gjört til að breyta frumvarpinu, er ábótavant í því, að þegar taldir eru þeir, sem skylduflutníng eiga ókeypis, þá er tveimur sleppt, stiptamtmanni, þegar hann sem stiptamtmaður þarf að takast ferð á hendur, og sýslumönnum, þegar þeir fara eitthvað í opinberum málum. Enn fremur er það ekki sem bezt valið, að nefndin hefir ákveðið fast endurgjald handa hverjum embættismannaflokki fyrir þíngmannaleið hverja, því það er í augum uppi, að hver þessara embættismanna þarf fleiri hesta, þegar hann fer í þær sveitir, sem lángt eru burtu, heldur enn í þær, sem skammt eru frá heimili hans, og getur því svo farið, að endurgjald það, sem nefndin hefir stúngið uppá, hrökkvi ekki til í kostnaðinn, þegar lángt er farið, en aptur hins vegar verði meira, enn til er kostað, þegar skammt eitt er farið, og auki þannig að þarfleysu á kostnað alþýðu. Þar að auki ætla eg, að það sè ekki sem gagnlegast, að það verði í lögum ákveðið, hversu mikið greiða skuli þeim, er ókeypis fararbeina eiga, því hestleiga getur breyzt, þegar fram líða stundir, og yrði þá í hvert skipti, sem hestleigur breytast, að breyta lagaboðum þeim, er þar ættu við. Eg held þess vegna, að það kæmi sèr bezt, bæði hjá almenníngi og þeim mönnum, sem eiga ókeypis skylduflutníng, að endurgjaldið, eins og viðgeingizt hefir, og verða mundi eptir stjórnarfrumvarpinu, væri ákveðið eptir hestatölunni, og venjulegast eptir dagatali, og sjálfsagt sett

eitthvert takmark fyrir því, hversu marga hesta sérhver embættismaður mætti hafa.

Þannig er það einúngis í einu atriði, er eg ætla, að álitsskjal nefndarinnar gæti orðið frumvarpinu til bóta, en það er þar, sem talað er um að jafna kostnaðinum niður á umdæmin. Nefndina hefir vantað skýrslur um samanburð lausafjárhundraða í umdæmunum, af hverjum goldin eru tillög til jafnaðarsjóða hvers umdæmis. Mèr er ánægja að því, að geta gefið þá skýrslu, er mèr var næsta auðfeingin. Voru lausafjárhundruðin eptir því

árið	í suðurumdæm.	í vesturumdæm.	í norðausturumdæm.
1839	17,136	7,840	21,183
1841	19,463	8,652	23,946
1843	22,029	10,021	27,465.

Má af því sjá, að nefndinni hefir ekki skakkað í því, að setja lausafjárhundraðatölu vesturumdæmisins millum $\frac{1}{2}$ og $\frac{1}{3}$ af lausafjárhundraðatölu suðurumdæmisins. Ástæður þær, er stjórnin hefir haft til að fylgja reglu þeirri, sem við er höfð í frumvarpinu, hvað niðurjöfnun kostnaðarins snertir, eru tilgreindar í hinu prentaða frumvarpi. En því verður þó ekki neitað, að sú regla getur leidt til nokkurs ójafnaðar, einkum hvað suðurumdæmið snertir, og fyrir því efast eg ei um, að stjórnin mundi gefa gaum að tillögum alþingis um það efni, ef menn gætu fundið þá reglu, eptir hverri kostnaðurinn kæmi jafnar niður, án þess að leiða til þeirra efasemda og ágreinings, sem menn vildu sporna á móti með lagafrumvarpinu.

Framsögumaður: Af orðum þess heiðraða konúngsfulltrúa er eg nú sannfærður um, að þeim áminnstu núverandi embættismönnum ber fararbeini; en það ætla eg, að stiptamtmaður nú á dögum sè nokkuð annað, enn lènsmaður til forna, er hann hafði þá meðfram á hendi störf amtmanna, er eingir voru þá hèr í landi. Að öðru leiti minnir mig ekki betur, enn konúngsúrskurður sá, er konúngsfulltrúi vitnaði til, en hvers niðurlag við ekki feingum að heyra, ákveði, að embættisferðir amtmanns megi ekki yfirstíga 100 rbd. árlega; en það mun hægt að sanna, að fram yfir hefir þó farið í þessu tilliti.

Eptir að nefndin hafði samið álitsskjal sitt, fèkk hún skýrteini um fararbeina hinna upptöldu embættismanna; en þar, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi talaði um, að rètt væri, að ferðakostnaður reiknaðist eptir hestatölu þeirri, sem brúkaðir

eru á embættisferðinni, þá gleður það mig, að nefndin hefir einmitt hitt á hið sama, því þannig eru ágizkunarreikningar nefndarinnar samdir. Biskupi, sem mest skriptastörf hefir á hendi á embættisferðum sínum, þar sem hann skal skrifa hverrar kirkju visitaziu í tvær bækur, auk margs annars, sem fyrir kann að koma, ætluðum vèr, að hafa skyldi í fylgd sinni skrifara sinn, þènara og fylgdarmann, samt flutníng á einum hesti. Verða það, þegar 2 hestar eru ætlaðir hverjum manni, og 2 undir flutníng, 10 hestar, og 2 mk. fyrir hvern hest (sem er 8 sk. meira fyrir hestinn, enn amtmenn ákveða sýslumanni), og 1 rbd. handa fylgdarmanni. Þetta allt á þíngmannaleið hverri verður til samans 4 rbd. 32 sk. Amtmanni þar á móti, sem miklu minni ritstörf hefir á embættisferðum sínum, og ekki gjörir sèr króka úr leið frá sýslumanni til sýslumanns til að skoða hreppsbækur, sáttanefndabækur o. fl., ætluðum við að eins einn þènara og fylgdarmann; þess vegna tveim hestum minna enn biskupi, og því að eins 3 rbd. 64 sk. á þíngmannaleið hverja. Landlækni á skoðunarferðum hans til hinna amtanna ætluðum við að eins fylgdarmann og 6 hesta, en það eru 3 dalir á þíngmannaleið. Hèraðslæknum og landlækni á ferðum í umdæmum þeirra í opinberum erindum ætluðum við að eins 1 fylgdarmann og 2 hesta, það er 1 rbd. 64 sk. á þíngmannaleið. Að flestum embættismönnum þessum sè svo launað af opinberum sjóði, að alþýða þurfi ekki að leggja þeim annað til, enn flutníng, hygg eg öllum kunnugt. Þó hefir á stundum kostnaður ferða þessara virzt miklu hærri, enn líkindi þóttu til eða sanngirni, og hafa þeir því ekki sloppið fyrir álasi, hvort með verðskuldun verið hefir eða ekki. Mega því hlutaðeigandi embættismenn fremur þakka, enn vanþakka, nefndinni, að hún hefir tekið þessa stefnu í meðferð þessa máls, og alþýða máske líka, er nú yrði auðreiknað, jafnvel fyrir fram, hvað geingi til hverrar slíkrar embættisferðar, sem mætti vera almenníngi því hughægra, sem kostnaður þessi á stundum hefir þótt óskiljanlegur og óþolandi.

Konúngsfulltrúi: Að eg hefi ekki, þá er eg nefndi konúngsúrsk. frá 16. Maí 1829, getið fjár þess, er úrskurður þessi veitir amtmönnum af jarðabókarsjóðnum, og sem er allt að 100 rbd., kemur af því, að fè það, sem þannig er goldið amtmönnum, er einúngis endurgjald fyrir annan kostnað, er þeir hafa á ferðum sínum, en snertir ekki skylduflutníng þeirra, sem hèr

er einúngis umræðuefni. Þar sem hinn virðulegi framsögumaður hefir ætlað, að uppástúnga nefndarinnar miði einmitt til að ákveða endurgjald farbeinans eptir hestafjölda þeim, er embættismaðurinn hefir meðferðis, og hnígi þess vegna að hinu sama, sem eg hefi álitið rèttast, þá verð eg að geta þess, að sá er mismunurinn, sem þó er talsverður, að uppástúnga nefndarinnar miðar til þess, að ákveða visst endurgjald, sem hver embættismaður ætti að fá, án þess að breyta í nokkru til eptir því, sem ástatt er í hvert skipti, en eg hefi ætlað, að greiðinn skyldi gjaldast eptir þeim hestafjölda, sem sannað væri, að til hverrar ferðar hefði farið. Þannig hefir nefndin ætlað, að biskup yrði að hafa skrifara með sèr á ferðum sínum, en amtmenn þyrftu þess ekki við. Eg verð að geta þess, að árið 1822, að því sem mig minnir, varð stiptamtmaður sá, er hèr var þá, að fara norður í land til þess, að ráðstafa amtmannsembættinu nyrðra, að Thorarensen konferenzráði látnum, og hefir hann þá án efa orðið að hafa skrifara með sèr til þeirrar ferðar.

Þar sem nefndin hefir stúngið uppá, að endurgjaldið skyldi verða bundið við þíngmannaleiðir, þá vil eg enn fremur geta þess, að þareð hèr í landi eru eingin áreiðanleg vegamörk, og þareð það yrði lítt mögulegt á sumum ferðum, að skýra frá vegaleingd, eða hversu margar þíngmannaleiðir farið hefði verið, þá er það að líkindum ekki svo vel til fallið, að byggja reikníngа á slíkum mælikvarða, einkum þegar þess er gætt, að einn embættismaður fer miklu hraðara yfir, heldur enn annar, og þess vegna er mjög líklegt, að endurgjaldið fari eptir dagleiðunum, sem almennt er haft tillit til, þegar hestleiga er goldin.

Framsögumaður: Af orðum hins heiðraða konúngsfulltrúa hefi eg nú feingið rèttan skilníng konúngsúrskurðar frá 16. Maí 1829, um þá þar nefndu 100 rbd. Gleður það mig, að nefndin hefir verið ríf, og að amtmenn því síður hafa tilefni til óánægju yfir borgun þeirri, sem þeim er ætluð fyrir embættisferðir þeirra, sem þeir fá að auki þessa þokkabót; en mèr liggur við að halda, að ferðakaup biskups sè af þessari orsök ákveðið heldur naumlega af nefndinni, fyrst hann nýtur ekki þessara hlynninda að auki, en jafnan hefir almenníngur hèr unnt biskupi sínum fullt svo vel hugástum, sem amtmönnum. Hvað viðvíkur því, er konúngsfulltrúinn sagði um það, að borgun ætti rèttast að fara eptir dagleiðum, en ekki þíngmanna-

leiðum, þá virðist mèr það miður samgjarnt, því hver, sem hestana leigir, vill og á skilið, að fá meiri borgun fyrir leingri dagleiðir.

Forseti: Mèr virðist konúngsfulltrúi hafa svo upplýst öll hin helztu atriði þessa máls, að eg hefi þar ekki neinu við að bæta; þó get eg þess, að eg, sem gagnkunnugur, hvernig ferðum hagar í landi hèr, þykist geta fullyrt, að ákvörðun nefndarinnar eptir leiðarleingd á ekki við, enda eiga þíngmannaleiðir ekki saman nema nafnið, og það leiðir til misjafnrar borgunar; það mætti máske finnast ísjárvert, að trúa hlutaðeigandi embættismönnum fyrir að semja ferðakostnaðarreikníinginn, en þetta mun þó verða svo að vera, og eiga það undir ráðvendni þeirra, að þeir gjörðu hann rèttan. Mèr sýndist því bezt, að 1. gr. í frumvarpinu stæði óbreytt í þessu efni, en í 2. gr. er eg samþykkur nefndinni, svo t. a. m. þegar biskup ferðaðist til vesturamts, þá borgi suðuramtið ferð hans að Hvítá, en vesturamtið síðan; því þó eg að vísu sjái glöggt, að vesturamtið hefði hag af fyrirmælum frumvarpsins, er mèr eingu að síður annt um það, sem rèttsýni og samgirni mælir fram með, og svo er það og í þessu máli.

Framsögumaður: Eg er að vísu samþykkur þeim heiðraða forseta í því, er hann segir álíræarandi það, að mismunur sè nokkur á þíngmannaleiðum, en held þó, að hver jafni upp aðra, og optar mun sú þíngmannaleið, sem liggur yfir vondan veg, ákveðin skemmri, enn sú, sem liggur yfir greiðan veg. Kunnugt er mèr og, að vegir eru víða torfærir í vesturamti, en þar er og amtmanni, sem opt á yfir firði að sækja, í sjálfsvaldi, að gjöra reiknínga fyrir sjóferðir sínar.

Að því leiti forseti mælti, að æskilegt sè, að 1. grein frumvarpsins stæði óröskuð, virðist mèr, sem til einkis mundi þá verða, að leggja frumvörp fram fyrir alþíng til álita og íhugunar, ef eingu ætti að breyta, og til þess ætla eg þíngmenn hèr komna, að þeir láti í ljósi álit sitt án áverkunar annara. Að öðru leiti verð eg enn þá að álíta þann mælikvarða, sem nefndin hefir tekið til, þann hagfelldasta, nefnilega að reikna kostnaðinn eptir leiðarleingd; ættu þá hvorki sýslumenn, nè aðrir hinir lægri embættismenn, undir rentukammersins áliti, sem í þessu efni er hèr miður kunnugt. Annars hefi eg ekkert á móti því, að alþíngið ákveði hærri borgun, ef þurfa þykir; en það er fullkomin sannfæríng mín, að hentast sè, að ætíð

sè samt farið eptir leiðarleingd; því þó okkar núverandi embættismönnum megi trúa, kann þó svo að fara, áður enn land vort eyðist, að sá yrði embættismaður, sem ekki vílaði fyrir sèr að gánga á alþýðu, og gjöra henni rángt til með reikníngum sínum.

Konúngsfulltrúi: Eg sè ekki, að hinn virðulegi framsögumaður hafi haft nokkra ástæðu til að komast svo að orði, sem hann gjörði nú, að ekki mætti breyta lagafrumvörpum stjórnarinnar, þareð eingum hefir til hugar komið, að banna nokkrum að segja hreint og beint það, sem honum sýnist vera, eptir hvers eins sannfæríngu, heldur hefir einúngis verið tilrædt um það, hvað rèttast væri og þarflegast.

Framsögumaður: Ekki ætlaðist eg til, að orð mín, þau er eg mælti til forseta, þegar hann sagði, „að æskilegt væri, að frumvarpið, sem hèr ræðir um, stæði óraskað", yrðu skilin öðruvísi, enn eg meinti þau, en það var í þeim skilníngi, að hver þíngmanna lèti í ljósi álit sitt um þau frambornu málefni með fullu frelsi, og það þykist eg sjálfur hafa sýnt nú í dag hèr á þínginu.

Konúngsfulltrúi: Eg vil einúngis bera það undir hinn háttvirta forseta, hvernig hann hefir skilið orð framsögumanns, og hvort þau innibindi ekki þá hugsun, er eg benti til.

Forseti: Eg verð að játa, að eg skildi orðin á þá leið, að þau meiddu mig fremur innvortis; en í þeim ummælum mínum, sem þíngmaður Borgarfjarðarsýslu tekur fram, og lutu að því, að mèr sýndist hagfelldast, að 1. grein í frumvarpinu væri óröskuð, lá einúngis mín sannfæríng, að svo færi bezt. Eg ætla þar á móti sjálfsagt og auðvitað, að hver helzt þíngmanna eigi frjálst að bera fram meiníngu sína, þó hún hnígi að breytíngum á því, sem upp er borið, þegar ástæður eru fyrir, og mèr gat ekki dottið í hug, að vilja þraungva um rètt nokkurs þíngmanna í þessu tilliti.

Assessor Johnsen: Eg fæ heldur ekki betur sèð, enn að „æskilegast" sè, að halda 1. grein óumbreyttri, og að þetta einmitt sè meiníng sjálfrar nefndarinnar, er hún einnig vill, að ferðakostnaður sè goldinn úr jafnaðarsjóðum amtanna; en þareð mèr eigi skilst betur, enn að hinn háttvirti konúngsfulltrúi hafi fullkomlega lagt fyrir sjónir, að það muni verða bændum þúngbærra, að borga ferðakostnaðinn eptir vegaleingd eða þíngmannaleiðum, þegar þar að auki er haft tillit til króka

þeirra, er embættismennirnir opt verða að fara í á ferðum þeirra, enn eptir dagatali, svo ætla eg að ákilja mèr breytíngaratkvæði, ef þurfa þykir, á þá leið, að hinni annari grein frumvarpsins sè sleppt, og í hennar stað ákvarðað, að ferðakostnaðinn skuli gjalda eptir dagatali ferðanna, nálægt þeirri upphæð fyrir hvern dag, sem nefndin hefir stúngið uppá fyrir hverja þíngmannaleið, þó svo, að farið sè eptir sönnuðum reikníngum fyrir þann ferðakostnaðinn, sem leiðir af ferðum embættismanna sjóveg, og að jafnaðarsjóðir hvers amts borgi þann kostnaðinn, sem varið er til ferðanna, um hvert þeirra útaf fyrir sig.

Varaforseti: Það var ekki nefndarinnar meiníng, að útiloka neinn embættismann, sem nú nýtur skylduflutníngs, frá að njóta þessa rèttar; hún sagði einúngis, að rèttindi þessi byggðust sumpart á afgömlum, og sumpart á öðrum, almenníngi ókunnum, ráðstöfunum; nefndinni hefir og ekki komið í hug, að stiptamtmenn þyrftu að ferðast öðruvísi, enn amtmenn, um amt sitt.

Forseti: Þar enginn ræðir frekar um þetta mál, álít eg það sè nægilega rædt til undirbúníngs.

Þá lagði forseti fram álitsskjal nefndar þeirrar, er íhuga átti málið viðvíkjandi breytíngu í fátækra mála reglugjörðinni frá 1834, og lèt hann fá það í hendur framsögumanni, prófasti Hannesi Stephensen, sem las það upp á þínginu, og er það þannig látanda:

„Það heiðraða alþíng hefir, á móti 5. dag Júlímánaðar, með atkvæðafjölda falið oss, sem hèr ritum nöfn vor undir, að segja álit vort um þegnlegt frumvarp alþíngismanns Borgfirðínga, og bænarskrár frá Rángárvalla-, Mýra- og Snæfellsnesssýslum, um breytíngu ennar sjöttu greinar reglugjörðarinnar frá 8. Janúar 1834, og verður það á þessa leið:

Leingi höfðu lög vor um framfæri fátækra manna verið óviss, og mest undir venjum komin og ályktunum amtmanna; en þareð þeir einatt höfðu sína meiníngunа hver, geingu sín lög í umdæmi hverju; olli það einatt ágreiníngi, einkum milli umdæmanna, þegar t. a. m. þeim fátæka var visað frá suðuramtinu, hvar fæðíngarhreppurinn var framfærsluhreppur, til vesturumdæmisins, hvar 20 ára vinnuhreppur var framfærsluhreppur, og undu menn þessu að líkindum illa. Allir tóku því fegins hendi reglugjörð þeirri, sem út kom 8. dag

Janúars 1834, um lögun og stjórn fátækra málefna um sinn á Íslandi, og ætluðu, að nú mundi öllum deilum lokið um framfæri hinna fátæku, öllum vandkvæðum þar við hrundið úr vegi. En margur var sá, er ekki hafði lesið meir enn 6 enar fyrstu greinir tèðrar reglugjörðar, þegar hann þóttist sjá fyrir, að deiluefnið nú fyrst var gefið, og vandkvæðin, ef til vildi, aukin; þetta hefir líka rætzt í ýtrasta máta, og er hverjum manni í landinu, embættismönnum og bændum, kunnugt orðið, hversu illar afleiðíngar þessi stutti, og eptir lands vors ásigkomulagi óhagkvæmlega valdi, vinnutími fyrir framfærslurètti nú þegar haft hefir; hefir það berlega sýnt sig, að eins og hinn stutti vinnutími, fimm ár, sem tèðrar reglugjörðar 6. gr. ákveður, er ósanngjarn, svo er hann líka óhagkvæmur, og verkar illa á þeinkíngarhátt manna og breytni, og að þessu öllu viljum vèr með sem fæstum orðum færa rök.

1. Sá, sem frá því hann hefir náð 16 ára aldri, og hefir í enum sama hrepp verið uppbyggilegur, búandi eður sem hjú, í 40 til 50 ár, og þess eru mjög mörg dæmi í landi voru, hvar flutníngur úr einni sveit í aðra er sízt algeingur í hjúa- og bændastètt, einkum ef bærilega geingur, getur einhverra orsaka vegna á efra aldri flutzt úr þeim hreppi í annan, og eptir fárra, það er 5 ára, dvöl þar, orðið þurfamaður, annaðhvort vegna uppáfallandi ófara og efnamissis, eða vegna tilfallins sjúkdóms og ellihrörnunar; nú getur ekkert ósanngjarnara hugsast, enn að sá hreppurinn, sem naut vinnu og gagns mannsins um lángan tíma, jafnvel 40 eður 50 ár, sè laus við forsorgunarskylduna, en hinn sè henni bundinn, sem um 3 ár hin seinustu ein hefir, sèr til lítilla hagsmuna, átt þann mann að fèlagslimi.
2. Eins og samheldi og góð stjórn er hinum stærri fèlögum nauðsynleg, eigi allt vel fram að fara, og fèlagið allt, og hver einstakur limur þess, að þrífast, svo er það og í hinum minni fèlögum; innbyrðis einíng og góð sveitarstjórn eru máttarstólpar hreppanna velmegunar; en svo virðist, sem hvorutveggja þessu hafi með reglugjörð þessari hnignandi farið, því í staðinn fyrir, að styrkja með ráðum og dáð hina efna- og ráðdeildarminni bændur, hefir það á hinum seinustu árunum litið svo út á sumum stöðum, sem sveitarfèlagið hafi með ánægju sèð velmeg-

unarhrörnun þeirra fèlagslima, sem enn ekki hafa með 5 ára dvölinni unnið sèr framfærslurètt, og sveitarstjórnin verið afskiptalaus um þeirra hagi, í þeirri von, að þeir annaðhvort flosnuðu upp, og neyddust til að bregða búskap, eða hlytu að kalla eptir sveitarstyrk; er það öllum auðsætt, hversu skaðleg þessi aðferð er, hvílíkt volæði og hrakníng það orsakar hinum fátæku, hvílíkt niðurdrep mönnum og góðu uppfóstri barna þeirra, og reynsla flestra hreppa mun sanna, að um hin næstliðnu 11 ár hefir tala ómaganna og sveitarþýngslin aukizt að fullum þriðjúngi; því hljótum vèr að samsinna, að sá stutti vinnutími fyrir framfærslurètti sè óhagkvæmur.

3. Auk þeirra illu verkana, sem tèð lagaboð hefir á samheldi og sveitarstjórn, hvers getið er í undanfarinni grein, hefir það einnig allvíða, og, ef til vill, allstaðar í landi, komið til vegar áður hèr óþekktri harðýðgi, er sveitarstjórar, til að verjast þýngslum og sveitarvandræðum, banna bændum að halda hjú þau, sem annaðhvort eru farin að eldast, eða eru heilsutæp, þó þau annars kostar sèu húsbændum sínum geðfelld, og vegna dyggðar sinnar uppbyggileg; hefir með þessu búskap margra hnignað, og þeir, sem til boða stóð, að vinna sèr brauð enn í nokkur ár, eru orðnir ölmusumenn og hreppanna byrði; af sömu rökum eru jafnvel bjargálnamenn reknir frá, eða þreyngt burtu af jörðum, og orðnir að vandræðamönnum, og þegar þessi harðýðgis aðferð er sumstaðar, og ekki á fám stöðum, brúkuð, leiðist hún af vana og nauðsyn inn víðar; verður þannig hinum aldraða og efnalitla hvergi vært, nema í framfærsluhrepp sínum; sá neisti ættrækni, sem enn er eptir í landi, er og niðurkæfður með þessari sömu aðferð, því sveitarstjórnin bannar þeim, sem viljann hafa að annast fátæka ættmenn, jafnvel föður og móður, ef ekki er auður svo mikill fyrir hjá hjálparmanninum, sem þyki full borgun þess, að sá, sem frændastyrkinn þiggur, verði ekki þess hrepps byrði, þó leingur, enn 5 árum, sæti þannig í því sveitarfèlagi.

Þess eru heldur ekki allfá dæmi, að eigin tíundir, og jafnvel lítilfjörlegur sveitarstyrkur annar, er fèlitlum, annarstaðar sveitlægum, bændum, og það stundum án vitundar þeirra og móti vilja þeirra, lagður, áður enn þeir

hafa full 5 ár dvalið í hreppnum, til að lösna með þessu móti við framfærsluskylduna, ef á þyrfti að halda, og sömu brögðum er beitt við hjú þau, sem annaðhvort vegna ómegðar, heilsuleysis eða elli, þykja lík til að þurfa á seinni tímunum sveitarstyrk; er það, að áliti voru, ekki lítill annmarki við lagaboð þetta, að það þannig freistar manna til harðýðgi og ýmislegra undirferla, og spillir svo siðgæði manna, fremur enn hin eldri venjan, að láta 20 ára vinnu ávinna framfærslurètt.

4. Að lagaboð þetta orsakar misjöfn þýngsli á hreppunum, er sú fjórða athugasemd vor. Af öllum hreppum eru sjáfarhrepparnir vest farnir, meðan þetta lögmál er í gyldi, því það er venjan, að þeir, sem búskapurinn til sveita lætur illa, sem misst hafa bústofn sinn, og vegna elli eða heilsuleysis geta ekki unnið fyrir sèr í sveit, taka sèr bólfestu við sjó, hvar bæði þarf minni efni að búa við, og minni vinnukrapta til grunnaróðra, sem þó í góðum fiskiárum geta forsorgað þann, sem ekki er fjölskyldu búinn. Þannig fyllast sjáfarhreppar á hinum betri fiskiárum fjölda efnalausra og dugnaðarlítilla gamalmenna, og fèlitilla fjölskyldumanna, sem nú fella óðum af, og komast á þrot og sveitaframfæri, þegar aflinn bregðst; verða svo þeir, sem í raun rèttri voru þurfamenn, þegar þeir komu inn í sjáfarhreppana, eptir fárra ára dvöl, hreppnum gagnslitla, þeim að þeirri byrði, er þeir geta ekki undir risið.

5. Til svo mikilla miskliða og óvildar millum hreppanna innbyrðis hefir lagaboð þetta tilefni gefið, að varla verður frá sagt, og að slíkt sè illt í sjálfu sèr, og orsök til siðaspillíngar, mun einginn neita. Daglega koma þar að auki deilur og arg sveitarstjóranna inn til sýslumannanna, frá þessum til amtmannanna, og ef þeim semur ekki, eða menn fá ekki gjört sig ánægða með úrlausn þeirra, þá til stjórnarráðsins, sem opt hefir fundið tilefni til að breyta úrlausnum hinna innlendu embættismanna, og meðan á þessum deilum stendur, sem varað geta í 2 ár eða fleiri, ala hlutaðeigendur úlfúðina sín í milli, en hinum fátæka er með ógeði og af nauðúng látin líknin í tè; þola þeir þannig skort og volæði, og, ef úngir eru, fullan brest á menníngu og uppfræðíngu; fyrir slíku

væri ekki eins opt, og máske aldrei, ráð að gjöra, ef framfærslu-vinnutíminn væri leingri.

Reynsla hinna fyrri tímanna hefir frædt oss um það, að 20 ára vinnutími fyrir sveitarframfæri sè sanngjarnastur og hagkvæmastur, og reynsla seinustu áranna, að 5 ára vinnutíminn sè ósanngjarn, óhagkvæmur, leiði menn til harðýðgi og rángsleitni við ena fátæku, og í innbyrðis skiptum við aðra, orsaki ójöfnuð hreppanna á milli, meir enn vera þarf, og gjöri öllum þeim, sem af fátækra málefnum eiga að hafa afskipti, óþarfa mæðu og umsvif, en hinum fátæku margfalt volæði.

Því er það, eptir framanskrifuðum ástæðum, sameiginlegt álit vort, að í öllu tilliti færi betur, að vinnutíminn fyrir sveitarframfæri væri, að óskum þeirra, sem bænarskrárnar ritað hafa, leingdur allt að 20 árum, og hið heiðraða alþíng vildi þar um gjöra allra undirgefnustu bón til hans hátignar konúngsins, að sá í reglugjörð frá 8. Janúar 1834, 6. gr., tiltekni 5 ára tími, sem veitir rètt til framfærslu þeim, sem í samfellu hefir þann tíma verið búfastur eða vistfastur í sömu sveit, verði breyttur í 20 ára tíma."

Konúngsfulltrúi: Mèr virðist, sem álitsskjal það, er hin virðulega nefnd hefir samið, skýri ekki nógsamlega frá öllum þeim atriðum, er menn sjálfsagt hljóta að hafa augastað á, ef menn eiga að vera færir um að leggja nokkurn glöggvan úrskurð á málefni það, sem nú er til umræðu komið. Til þess er öldúngis ómissanda, að rennt sè auga bæði yfir það, hvað allt til þessa hafi verið í lögum skipað viðvíkjandi framfærslutímanum, yfir þær almennu grundvallarreglur, sem menn verða að hafa tillit til, þegar nokkuð skal ákveða um að leingja eður stytta þennan tímafrest, og yfir ástand og ásigkomulag í hinu einstaklega, sem á einum stað getur haft mikil áhrif á ákvörðun manna um tímafrestinn. Eg hefi álitið mèr skylt, að gjöra nokkrar athugasemdir um þessi atriði.

Það mun hinum virðulegu þíngmönnum kunnugt, að eptir framfærslubálki Jónsbókar viðgekkst hèr nokkurskonar sambland af ættíngja framfærslu, einstakra manna góðgjörðum, og almennings skyldu til framfærslu. Ættíngjar voru, þegar svo bar undir, skyldir að veita framfærslu fátækum ættmönnum sínum allt að fjórða lið. Hvernig almenníngur treysti því, að

einstakir menn mundu gjöra fátæklíngum gott, er auðsèð af því, að víða er gjört ráð fyrir, að þeir sèu fluttir bæ frá bæ. Hin almenna skylda, til að veita framfærslu fátækum mönnum, er ákveðin í 9. kap. í framfærslubálki, þar sem yfir er ritað: um löghreppa og hreppstjórnarmenn; þar er ákveðið tíundargjald til handa fátækum mönnum, þeim er hreppsmenn eru. En þeir voru hreppsmenn kallaðir, er í hreppnum höfðu uppfæðzt, eður áttu þar erfíngja í þriðja lið. Ómaga þá, er ekki áttu neitt þesshátta athvarf, skyldi flytja um þá hreppa, þar sem þeim þótti sèr mest hjálparvon.

Gallarnir á þessari löggjöf eru auðsèðir. Það getur opt verið mjög erfitt, að segja, hvar einn maður sè uppalinn, meðan ekki er til tekið neitt æfiár, við hvert uppeldið skuli heita á enda; þar að auki var það ekki sanngjarnlegt, að sá hreppur, er maður var alinn upp í, skyldi skuldbundinn til að veita framfærslu, og ekki sá hreppur, þar sem maður hafði dvalizt hinn bezta hluta æfi sinnar, og verið nýtur maður í því fèlagi. Hvar fátækur maður á erfíngja, hefir litla þýðíngu í tilliti til framfærsluskyldu, og að flytja fátækan mann þángað, sem menn gjörðu sèr í lund, að honum yrði helzt liðsinnt, var á of veikum fæti byggt.

Það þarf því ekki að undra, þótt umkvartanir um fátækralögin og deilur þær, er þar af risu, væru endalausar, og fyrir þá skuld komu háyfirvöld vestur-, norður- og austur-umdæmanna sèr saman um nokkrar reglur um framfærslurètt, og kunngjörðu þær í umdæmum sínum 15. Apr. 1810, í þeirri von, að konúngur mundi fallast á þær. Reglur þessar tóku af skyldu ættíngja til framfærslu, nema í upp- og niðurstígandi línu; einúngis skyldi skora á aðra ættíngja, allt að fjórða lið, að þeir tækju við fátækum frændum sínum. Framfærslu skyldu menn eiga á þeim hrepp einum eða tveimur, þar sem menn höfðu, eptir tvítugs aldur, átt bú eður verið í vinnumennsku 20 ár; hefði maður ekki á þann veg unnið sèr framfærslurètt nokkurstaðar, skyldi maður eiga þar sveit, sem móðir átti heima, þegar maður var borinn. Amtmanninum í suðurumdæminu þótti ísjárvert, að fallast á þessar reglur fyrir sitt umdæmi, einkum vegna þess, þær takmörkuðu þá framfærsluskyldu ættíngja, sem í lögum var boðin, en vegna annmarka þeirra, sem af því leiddi, að ein lög geingu ekki yfir öll umdæmin, svo auglýsti stiptamtmaður einnig í sínu umdæmi

reglur þessar 26. Nóv. 1821, í þeirri von, að konúngur mundi samþykkjast þær.

Það fer nú að líkindum, að þegar menn sleppa þeim grundvallarreglum, að fátækir skuli eiga framfæri hjá ættíngjum, og styðjast við góðgjörðir einstakra manna, en taka hitt upp í staðinn, að skylda menn til að veita fátækum framfærslu, þá verður ekki hjá því komizt, enda þótt þessi breytíng sè nauðsynleg, að allstaðar leiði af því mikla annmarka, og jafnvel tvísýn afdrif. Það er alkunnugt, hversu byrði sú, sem leiðir af fátækra framfærslu, er orðin smámsaman svo stór í öðrum löndum, að menn fyrir nokkrum árum hefðu haldið, að einginn mundi geta risið undir. Mönnum hefir komið til hugar, að sameina einstakra manna góðgjörðasemi við framfærsluskylduna. Í þessu tilliti geta yfirvöldin ekki komið miklu til leiðar, en þar á móti hafa einstakir menn geingið í fèlög nú á seinni tímum, og komið miklu til vegar. Að þessi sama breytíng á grundvallarreglum framfærslunnar einnig hèr á landi gjörði mörgum manni byrði, og kom af stað mörgum umkvörtunum, er án efa í minnum margra hinna virðulegu þíngmanna, og sèst meðal annars á álitsskjali nefndarinnar. Því var það, að M. Stephensen heitinn konferenzráð sendi kansellíinu árið 1816 frumvarp til nýrrar tilskipunar um fátækra málefni; frumvarpið þótti flókið, og sniðið um of eptir lögum Dana, og fyrir því lèt kansellíið stytta það og greiða úr því, og því næst var það sent öllum yfirvöldum á Íslandi til athugasemda. Eptir að þær athugasemdir voru komnar til kansellíisins, og búið að rannsaka málið, birtist reglugjörðin frá 8. Jan. 1834.

Þegar semja skal nýja tilskipun um fátækra málefni, þá ber eitt atriði að höndum, sem mjög er erfitt að finna, hvar hið rètta sè, en það er að ákveða, hversu mörg ár þurfi að dvelja í einum hrepp til þess, að maður verði þar sveitlægur. Að rata hèr meðalhófið, sem öllum gæti geðjast að, er því erfiðara, sem menn almennt eru gjarnir á, að eigna þessari áratölu þá byrði og þau þýngsli, sem lenda á einum hrepp, jafnvel þó þau reyndar sèu almennt sprottin af framfærsluskyldu þeirri, sem lögin neyða til. Aðalástæða sú, á hverri byggð er áratalan til að vinna framfærslurèttinn, er af því risin, að þegar einhver maður hefir farið úr einni sveit í aðra, og dvalizt þar lánga hríð, þá er hann orðinn ókunnugur

og laus við það, sem áður batt hann við hina fyrri sveitina, en þar á móti orðinn venzlaður og bundinn við hina síðari; verður honum því hægra, að fá þar atvinnu, og líka taka menn þar fremur hlutdeild í kjörum hans, þegar að þreyngir, og leggja honum fremur lið, enn á þeim stað, þar sem hann er ókunnugur. Þegar ákveða skal þennan framfærslutíma, þá er tvennt, sem forðast þarf, að hann verði hvorki of langur nè of stuttur. Verði hann of stuttur, þá ofhleðst í þær sveitirnar, þar sem atvinna er hægri, enn á öðrum stöðum, því þángað leita þeir jafnan, sem litla hafa búsældina, til þess að geta dvalizt þar um hríð, áður enn sveitin tekur við; þar að auki verða menn í þessum sveitum ófúsir á að hjálpa þesskonar mönnum, sem þar hafa einúngis verið stutta stund, þareð þeir voru þegar komnir á vonarvöl, er þeir komu þángað í sveit, og höfðu sjálfir að kalla sèð sèr út framfærsluhreppinn, og hreppsbændur eru einkum áhyggjufullir út af vinnuhjúum, svo þeim er naumast leyft, að vera leingi í sveitinni, en aðrir vinnandi menn eiga erfitt með að ná föstu heimili og atvinnu, einúngis af ótta fyrir því, að þeir verði sveitlægir. Skaði sá, er af þessu leiðir, er augljós, en hins vegar er það ekki minni vandkvæðum undirorpið, að hafa framfærslutímann of lángan. Með því móti kemur maður sjálfsagt því til leiðar, að framfærsluskyldan lendir miklu optar á fæðíngarhreppnum, þareð hinn fátæki hefir sjaldan átt svo lánga dvöl á einum stað; en í fæðíngarhreppnum, þar sem hann, ef til vill, hefir ekki komið svo mörgum árum skiptir, og þekkir þar eingan, verður honum miklu erfiðara að fá nokkra atvinnu, til þess að lètta undir framfærslu sína, og verður hún þá miklu kostnaðarmeiri, eins og það opt getur aukið kostnaðinn talsvert, að verða að flytja þurfamann á fæðíngarhrepp sinn. Til þess, að geta ratað meðalhófið, þarf nákvæman kunnugleik á landsháttum öllum, er mjög geta verið ólíkir á ólíkum stöðum. Í Danmörku var, frá árinu 1803, framfærsluhefðin þriggja ára tími, en með opnu brèfi frá 6. Nóv. 1839 var sá tími leingdur til 5 ára, og var sú breyting gjörð að ráði fulltrúaþínganna, og voru þau öll eins samhuga í því, að ráða til að 5 ár yrðu ákveðin, eins og í því, að ráða frá að áratalan yrði leingd meir enn það. Í hertogadæmunum Slesvík og Holsetulandi er þar á móti 15 ára tími ákveðinn; er það einkum gjört til þess, að allur sá fjöldi vinnandi manna, sem þángað drífur, einkum norðan af Jótlandi, skuli því síður ná þar fram-

færslurètti. Á Íslandi verður nú einkum að hafa tvennt fyrir augum, uppsveitirnar og veiðistöðurnar við sjóinn, því það liggur í augum uppi af því, sem áður er sagt, að ef of stuttur er heiðartími framfærslunnar, þá verða þýngslin of mikil í veiðistöðunum, en þar á móti þýngir aptur á uppsveitunum, ef tíminn er hafður of langur. Þegar yfirvöldin á Íslandi áttu að segja álit sitt um fátækra reglugjörðina, kom þeim ásamt um, að 10 ára tími mundi verða sá hentugasti, en stjórnarráðunum þótti sterkari ástæður mæla fyrir 5 ára tímanum. Vegna þess, sem sagt er í einni af bænarskránum, verð eg að geta þess, að 5 ára tíminn var ákveðinn öldúngis án þess, að nokkurt tillit væri haft til hinna dönsku laga, því um þær mundir var þar farið eptir öðrum framfærslutíma, eins og ráða má af því, sem áður er sagt, og mætti heldur segja, að dönsku lög í þessu atriði sèu löguð eptir hinum íslenzku, heldur enn hin íslenzku eptir þeim dönsku. Stjórnin lætur sig það einúngis mestu varða, að hitta það, sem bezt á við á hverjum stað, og fer hún þá einkum að ráðum þeirra manna, sem vel þekkja til á þeim eða þeim stað. Eg neita því ekki, að þegar eg hafði dvalizt hèr um hríð í landi, og eg kynntist landslaginu, og yms þess háttar mál höfðu komið fyrir, þá sannfærðist eg um, að 10 ára tíminn mundi bezt eiga hèr við í þeim málefnum.

Með þessum athugasemdum hygg eg, að eg hafi stuðlað til þess, að menn geti skoðað þetta mál á fleiri vegu, enn bent er til í álitsskjali nefndarinnar. Einúngis eru það fáein atriði í þessu álitsskjali, sem eg verð að minnast á.

Þar sem sagt er, að allir hafi með gleði tekið við reglugjörðinni frá 8. Jan. 1834, vegna þess þeir ætluðu, að allar ástæður til deilu og umkvartana væru með henni horfnar, þá efast eg mjög um, að allir á þessu landi hafi verið því svo ókunnugir, hvers þeir máttu vænta af nýrri tilskipun um þetta efni, að þeir ekki fremur hafi búizt við því, að sèrhver þesskonar tilskipun, hversu vel sem hún er samin, mundi gefa tilefni til margrar deilu og vandkvæða.

Þar sem litlu seinna er sagt, að margir hafi verið þeir, sem ekki hafi lesið nema 6 fyrstu greinirnar, þegar þeir hafi sèð fyrir, að nú væri fyrst efni komið til deilu og vandkvæðin aukin, þá ætla eg, að nefndinni skjátli einnig í þessu, því vart gátu margir haft þá reynslu og það yfirlit, að þeir gætu glögglega sèð fyrir afdrifin af slíkum lagagreinum.

Því verð eg og að neita, að reynslan hafi nógsamlega sannað, að hèr ætti bezt við, og væri sanngjarnastur, 20 ára tíminn, þareð þetta tímabil, að því sem áður er sagt, hafði einúngis gylt um stutta stund, og menn allt eins þá stundina kvörtuðu opt undan framfærsluskyldunni.

Þar sem að lyktum nefndin mælist til, að alþíng, samkvæmt óskum þeirra, er hafi ritað nöfn sín undir bænarskrárnar, beiðist þess, að framfærslutíminn verði leingdur til 20 ára, þá get eg þess, að þess er einúngis æskt í bænarskránni frá Borgarfjarðarsýslu, að tíminn verði leingdur til 20 ára, en að allar hinar bænarskrárnar nefna 10 til 12 eður 15 ára.

Framsögumaður: Hinn heiðraði konúngsfulltrúi hefir misskilið orðið deilur, sem hann útleggur „*Klager*", en það útleggst réttara „*Tvistigheder*". Þar sem hann því næst hefir eptir nefndinni orðin: „allir tóku með fegins hendi reglugjörðinni frá 1834, og hèldu, að nú væri öllum deilum lokið um framfæri fátækra manna", þá hnigu þau að því, að nú geingju ein lög í landi öllu, gagnstætt því, er áður hefði við geingizt, er svo að segja sín viðtekt hafði verið í hverju amti. Hvað því viðvíkur, sem stendur í niðurlagi álitsskjals nefndarinnar, nægir að geta þess, að þar eru ekki tilnefnd aðeins 20 ár, heldur allt að 20 árum.

Konúngsfulltrúi: Eg hefi hèr í höndum bænarskrár úr Snæfellsnes-, Mýra- og Rángárvalla-sýslum, og get eg ekki sèð, að nokkur af þeim beiðist þess, að framfærslutíminn verði 20 ár.

Að öðru leiti gjörði eg þá áminnstu athugasemd viðvíkjandi deilum þeim, er út af reglugjörðinni hefðu spunnizt, einkum til að sýna, að þar sem í álitsskjali nefndarinnar var bent til þess, að reglugjörðin væri samin með nokkurskonar hirðuleysi, svo gallar hennar væru í hvers manns augum, þá væri sú aðfindni á eingum rökum byggð, þareð reglugjörðin var einmitt samin eptir það, að nákvæmlega var búið að velta málefninu fyrir sèr, og rannsaka það á alla vegu.

Forseti: Hinn háttvirti konúngsfulltrúi hefir í ræðu sinni útlistað þetta mál til hlýtar, svo allur þess aðdragandi og kríngumstæður eru teknar fram. Eg vil því ekki vera margorður um það, en geta þess einasta, að eg var embættismaður í 13 ár í vesturamtinu á undan reglugjörðinni frá 1834, og get eg sagt með vissu, að eptir að lagaboð þetta kom út, hafa öll

sveitamálefni geingið reglulegar, enn áður, og líka hafa miklu minni deilur orðið milli sveitastjórnendanna, enn eg hafði gjört mèr hugboð um, og hægra að fá þeim ráðið til lykta; reglugjörðin hefir þannig borið góða ávöxtu. Eg fæ því ekki betur sèð, enn að nefndin um of hallmæli reglugjörðinni, og einkum ákvörðun þeirri, sem 6. gr. inniheldur, sem að vísu er næsta hagfelld, þó ekki verði komizt hjá öllum vandkvæðum. Þar sem nefndin segir, að reglugjörðin hvetji til harðýðgi við fátæka menn, er það ekki svo, heldur leiðir slíkt af, og er að kenna, vondri sveitarstjórn; þar að auki bannar reglugjörðin berlega, að fara illa með þurfamenn. Að endrum og sinnum komi upp ágreiningur í þessum efnum milli amtmanna, er náttúrlegt, en að minni vitund hefir slíkt miðlazt með góðu, og sjaldan þurft að leita kansellíisins úrlausnar. Þegar reglugjörðin var í undirbúningi, stakk eg, meðal annara embættismanna, uppá 10 árum til þess, að nokkur gæti unnið framfærisrètt, en stjórnarráðið hefir ekki fallizt á það. Eins var í undirbúningi til reglugjörðarinnar haft tillit til líklegs þyngslamismunar milli sveitar og sjópláza, hvað framfærisskylduna snertir, en stjórninni mun ekki hafa litizt á, að gjöra slíkan greinarmun, þar hann mundi orsaka óreglu og vandræði í stjórn sveitanna. Eg verð líka að geta þess, að mèr virðist nefndin hafa farið of lítið eptir því, sem stúngið er uppá í hinum öðrum bænarskránum um þetta efni, en haft einkum tillit til bænarskrár úr Borgarfjarðarsýslu.

Framsögumaður: Eg verð að skjóta því til hins háttvirta forseta, sem innfædds Íslendíngs, að skera úr því, hvort orðin: „allt að 20 árum", megi ekki skilja um, eða innibinda, 10, 12, 15, þar 20 ár er mest til tekið.

Forseti: Þá má líka skilja svo orðin: frá 5 til 20 ára.

Assessor Johnsen: Eg held, að þau vandkvæði, sem í máli þessu ræðir um, sèu risin út af því, að 21. gr. í reglug. frá 8. Janúar 1834 ekki er fullnægt af pólitístjórnendum eða sýslumönnum, eða þar af, að þeir sèu of gæfir í því, að standa á móti þyrpíngu tómthúsmanna og þurrabúðarfólks að sjónum, enda er kvartað yfir 6. grein í reglugjörðinni einkum af þeirra hálfu, er búa við sjáfarsíðuna, og það þá líklega þeirra orsaka vegna, er hinn háttvirti konúngsfulltrúi hefir drepið á. Ef það því eigi þykir nóg, að beiðast þess hjá stjórninni, að hún á ný skori á hlutaðeigandi embættismenn, um að fylgja tèðu lagaboði stranglega, og ef þíngið fellst á, að breyta þeim í 6. gr. reglugjörðarinnar

ákveðna tíma, ætla eg mèr að bera það varaatkvæði upp, að tíminn sè ákveðinn ekki 20 ár, heldur 10 ár, í staðinn fyrir 5 ár eptir nýnefndri grein.

Eyjólfur hreppstjóri Einarsson: Mèr er nær geði, að gefa atkvæði fyrir 15 árum, en læt mèr þó lynda 10 ár, ef það þykir hagfelldara.

Ásgeir bóndi Einarsson: Sýslubúar mínir eru allir óánægðir með 5 ára framfærishrepp, og mæla fram með 15 árum.

Prófastur Thordarsen: Mèr þykja 15 ár heldur lángt tímabil, en 5 ár aptur of stutt, og því verð eg að mæla fram með 10 árum sem hagfelldastri áratölu.

Læknir Skúli Thorarensen kvaðst vera þessu samdóma.

Stephán hreppstjóri Jónsson mælti fram með 10 til 15 árum, og sagði sveitarmenn sína una illa við 5 ára hreppinn.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg fellst að vísu á 10 ára tíma, en vil þó, að forsorgunarskyldan lendi á þeim hreppunum, þar sem hlutaðeigandi hefir alið beztan aldur sinn um 10 ár samfleytt, en það eru árin frá 25 til 50, því mèr þykir það sjálfsagt, að þar sem einhver gjörir mest gagn fèlaginu, þar eigi hann og helzt rètt til að njóta framfærslu. Nú er það tiltekna tímabil 25 ár, og því getur svo á staðið, að hlutaðeigandi hafi unnið sín 10 ár í hvorjum hrepp, og ættu þeir þá báðir að annast hann sem ómaga.

Konúngsfulltrúi: Uppástúnga sú, er hinn virðulegi þíngmaður fyrir Skaptafellssýslu hefir gjört, mundi þó leiða til nokkurra vandkvæða, og meðal annars mundi af því koma óregla sú, að annar af hreppum þeim, er hinn fátæki hefði náð framfærslurètti í, gæti átt kost á að ákveða, hvenær þurfamaður skyldi takast á framfæri, og hversu mikið honum skyldi leggja, og þegar svo væri ástatt, gæfist öðrum hreppnum færi á, að ráða fyrir eignum hins hreppsins.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg held, að hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hafi misskilið mig, því eg tiltók tímann, sem maðurinn er í broddi lífs síns, frá 25 til 50 ára, og þar, sem hann ynni 10 ár samfleytt á þessum aldri, vildi eg, að hann ætti framfæri, og hefði hann þessi árin unnið sín 10 ár í hvorjum hrepp, þá ætti hann framfærslu að þeim báðum; hinn hæstvirti konúngsfulltrúi gjörði ráð fyrir, að af þessu gæti risið ójöfnuður, er sá hreppurinn, er ómaginn verður til þýngsla, gæti þá heimtað af hinum hreppnum forlagið. Þetta getur að borið,

en optar mun það verða, að ómagimn er kominn í þriðja hrepp, þegar hann þarf forlag.

Konúngsfulltrúi: Eg ætla þó, að eg hafi ekki misskilið hinn virðulega alþingismann; því jafnvel þó eg sjái glöggt, að vart muni svo á standa, sem eg gjörði ráð fyrir, þegar þurfamaður er á dvöl í hinum þriðja hrepp, og ekki í þeim tveimur hreppum, þar sem hann á sveit, þá getur þó svo farið, að hann á þeim tíma, þegar hann þarfnast sveitarstyrks, eigi heima í öðrum hvorjum þeirra tveggja hreppa, sem hann er orðinn sveitlægur í, og þá kemur sú óregla að höndum, sem eg áður nefndi.

Forseti: Eg verð að fallast á það, sem konúngsfulltrúinn sagði, að ef svona ætti að miðla málum, mundi það olla töluverðu þrasi, og opt verða vandhæfi á að meta, hvar hlutaðeigandi hefði unnið sín beztu ár.

Eyjólfur hreppstjóri Einarsson: Eg verð að samsinna því, sem hinn háttvirti forseti sagði, fyrir minn hrepp; eg þekki marga, sem eru efnilegri, og sem vinna betur 16, enn 25 ára gamlir.

Umboðsmaður Jón Gudmundsson áskildi sèr breytíngaratkvæði um það, er hann áður mælti.

Forseti sagði málið þannig nægilega rædt til undirbúnings.

Þá tók forseti fram álitsskjal nefndar þeirrar, sem kosin var til að íhuga bænarskrá um fjölgun þíngstaða í Mýrasýslu, og lèt hann framsögumann, prófast Hannes Stephensen, lesa það upp á þínginu. Það er þannig látanda:

„Hið heiðraða alþíng hefir á fundi, 5. dag Júlímánaðar, falið oss, sem ritum nöfn vor hèr undir, að segja álit vort um bænarskrár frá Mýra- og Hnappadals-sýslu, um að taka upp aptur ena fornu þíngstaði í þeirri sýslu, sem niður eru lagðir fyrir 10 árum, og verður það þetta:

Þíngstaðir hafa frá alda öðli í Hnappadalssýslu verið þessir:

1. Fáskrúðarbakki í Miklaholtshrepp.
2. Hrossholt í Eyjahrepp, og
3. Kaldárbakki í Kolbeinsstaðahrepp.

En í Mýrasýslu þessir:

1. Lækjarbugur í Hraunhrepp.
2. Smiðjuhóll í Álptaneshrepp.
3. Eskjuholt í Borgarhrepp.

4. Hjarðarholt í Stafholtstúngum.
5. Dýrastaðir í Norðurárdal.
6. Norðtúnga í Þverárhlíð, og
7. Sámsstaðir í Hvítársíðu;

alls 10 þíngstaðir í báðum sýslunum, sem nú eru að einni orðnar.

Sýsla þessi er víðlend, og á allmörgum stöðum ill yfirferðar, vegna foræða og óvega; þetta fann sýslumaður Eyríkur Sverrisson, sem hèlt sýslu þessa frá 1827 til 1837, og beiddist hlutaðeiganda amtmanns liðsinnis til, að lètta á sèr þeim ferðalögum um sýsluna, sem mögulegt var af að lètta, og bera fram þá bæn sína við stjórnarráð konúngs, að þeir nefndu 10 þíngstaðir sýslunnar mættu flytjast og fækka, svo að fjórir einir yrðu eptir, þó ekki nema 2 af hinum fyrnefndu, nefnilega:

1. Hrossholt, hvar undir liggja skyldi Fáskrúðarbakka- og Kaldárbakka-þínghár, með Hrossholts eigin þíngsókn.
2. Norðtúnga, hvar undir Dýrastaða- og Sámsstaða-þínghár skyldu eptirleiðis liggja, ásamt Norðtúngu fornu þíngsókn, en 2 nýir þíngstaðir skyldu takast upp, nefnilega þessir:
3. Álptártúnga, og þángað sækja þíngmenn þeir, sem verið höfðu í Lækjarbugs- og Smiðjuhóls þínghám, og
4. Sólheimatúnga, hvert bændur úr Eskjuholts- og Hjarðarholts-þíngsóknum skyldu sækja. Amtmaður sendi sýslumanni bænarskrána aptur, og tjáði honum, að hún væri þá fyrst frambærileg, er hann hefði feingið hlutaðeigandi hreppstjóra samþykki til breytíngar þessarar, en þeir hreppstjórarnir aptur bændanna; sendi þá sýslumaður amtmanni síðan samþykki hreppstjóranna sumra, eða flestra; þó mæltu sumir þeirra með öllu móti þeirri breytíngu, hvar á meðal hreppstjórinn í Hraunhrepp, en bændur í öllum sýslunnar hreppum vænast þess, að þeir aldrei hafi verið þessa leyfis kvaddir, og þá heldur aldrei gefið það. Nú sendi amtmaðurinn bænarskrá sýslumannsins til hlutaðeiganda stjórnarráðs, fyrir hvers tilhlutun konúnglegt leyfi fèkkst árið 1835 til þessarar breytíngar, yfir hverri bændur í Mýra- og Hnappadals-sýslu hafa síðan iðuglega kvartað, jafnvel fyrir hlutaðeiganda amtmanni, sem þó ekki hefir þeirra vegna getað feingið breytíngu þessa aptur kallaða; því hafa nú bændur og hreppstjórar úr flestum hreppum tèðrar sýslu,

ásamt sýslunnar prófasti, sent til alþingisins bænarskrár um, að það vildi bera fram fyrir hans konúnglegu hátign, og mæla fram með ósk þeirra, að hinir gömlu þingstaðir, hvar þinghúsin enn standa, mættu aptur takast upp, en hinir nýju leggjast niður, hvar þinghúsin eru ekki byggð, að fráteknu einu.

Eptir að vèr höfum þannig sagt sögu þessa málefnis, með svo fáum orðum sem vèr gátum, viljum vèr þar við gjöra fáeinar athugasemdir:

1. Eins og það er bændum inndælt, svo mun það líka gagnlegt, að sýslumaður, í hið minnsta einu sinni á ári, komi í hrepp hvern, kynni sèr skipulag, ástand og stjórn hreppsins, og greiði nærstaddur úr ymsum hreppsmálefnum, sem fyrir hann verða borin; þessu fær sýslumaður ekki við komið, þar sem hann heldur manntalsþing tveggja eður þriggja hreppa á einum degi, en í flesta hreppana kemur hann, ef til vill, aldrei ár eptir ár; verður hann þeim svo um alla embættistíð sína ókunnur, nema af því einu, sem brèflega fer millum hans og þeirra, og vita allir, að ekki er ætíð eins mikið á það að ætla, og hitt, sem menn sjá fyrir augum sèr, og svo að segja hafa handa í milli; hætt er líka við, að sýslumaður láti sèr minna hugað vera um hag ókunnugra, enn þeirra, sem honum eru vel kunnugir, og sjá allir, hve mikið illt getur af því hlotizt í mörgum efnum; ekki er heldur þess að synja, að vèr ottumst, að sýslubúar kynnu álíta sýslumann þann, sem þeir aldrei sjá, nema á skattaþingunum, sem tollheimtumann að eins, og svo má þó ekki vera.
2. Tíminn leyfir ekki sýslumanni, þegar á einum degi taka á þegnskyldu manna úr 2 eða 3 hreppum, að birta lagaboð þau, sem út koma, svo að öllum verði kunn, þareð þinghúsið tekur að eins innbúa eins hrepps í senn, þó byggt væri, hvað enn er ekki skeð, nema á einum þeirra nýju þingstaða, Sólheimatúngu; þykja bændum líka þúngar búsifjar, að hljóta að standa úti, stundum holdvotir í illviðrum, tvo þriðjúnga dagsins, og eiga svo þaðan að sækja, þannig til reika, lánga leið til heimila sinna.
3. Bændur verða að halda við enum gömlu þinghúsum, svo hreppskilaþingin verði í þeim haldin, því hvorki vilja hrepp-

stjórar kalla bændur úr þeirra gömlu þínghám til enna nýju þíngstaða, enda mundi þeim ekki haldast uppi slík lögleysa, og þár á ofan eiga þeir kostnað að hafa af byggíngu enna nýju þínghúsa, ef þau ættu að byggjast, og viðhaldi þeirra síðan, sem virðist oss óviðurkvæmilegur og óþarfur byrðarauki. Á hinu leitinu tjá bændur sig fúsa, að byggja hin fornu þínghúsin svo rúmgóð og sæmileg, að ráði sýslumanns, að vel megi líka.

4. Úr sumum hinna fornu þínghánna eiga menn nú að sækja yfir illfærar og hættusamar ár, t. a. m. Kolbeinstaðahreppur allur yfir Haffjarðará, Hraunhreppur yfir Álptá, Borgarhreppur yfir Gljúfraárós, meiri hluti Stafholtstúngna yfir Norðurá, og Hvítársíða öll yfir Þverá, og kemur annmarki þessi fyrir alþýðuna ekki að eins við manntalsþíngaferðina, heldur í hvert sinni, sem einhver verður kallaður til vitnaleiðslu, eða annara réttarins atgjörða. Þess getur einn af oss, eg Helgi Helgason, að svo eru vegir torfærir úr Álptártúngu, að ekki verður yfir komizt, nema klaki sè í jörð; hefir manntalsþíng þess vegna verið haldið þar um, og jafnvel optast fyrir, sumarmál, þángað til næstliðið vor, og reyndust þá vegir ófærir; svo snemma má nú framvegis ekki halda manntalsþíng, eptir boði konúngs í úrskurði frá 22. Marz 1843, en á hina fornu þíngstaði í því byggðarlagi, Smiðjuhól og Lækjarbug, eru bæði betri vegir, og skemmra yfir ófærurnar að sækja.

5. Það þykir óviðurkvæmilegt og ósanngjarnt, að lítilsverð hægð þess eina mannsins, sem fulla borgun tekur fyrir starf sitt, leggi þvílíka óhægð á alþýðu, sem tveggja eða þriggja daga ferðalag má bóndanum verða, og flutníngur þínggjaldsins um lángan og vondan veg; getur fyrirhöfn sú og vinnumissir orðið bóndanum dýrkeyptara á stundum, enn gjaldi því nemi, sem hann á að greiða.

Af hèr upp töldum ástæðum er það álit vort sameiginlegt, að allt mæli fram með þeirri sanngjörnu bæn bænda í Mýra- og Hnappadals-sýslu:

Að hinir fornu 10 þíngstaðir brúkist þar hèr eptir, eins og hingað til allt að 10 enum seinustu árum, og að alþíngið beri fram og mæli með, að bæn þessi fái hans konúnglegu hátignar allramildustu bænheyrslu."

Enginn vakti umræðu um þetta mál, og sagði FORSETI, að það yrði í næsta sinn rædt til lykta.

Því næst var fundi slitið.

16. Júlí — tólfti fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá ellefta fundi lesin og samþykkt.

FORSETI lagði fram, undir ýtarlegri og síðustu meðferð, málefnið um fardaga presta o. s. frv., og afhenti skjöl þess framsögumanni nefndarinnar, prófasti H. G. THORDARSEN, en hann mælti:

Hinn háttvirti forseti hefir nú feingið mèr aptur í hendur nefndarálit um fardaga presta o. s. frv.; var fyrir skemmstu rædt um þetta efni hèr á þingi, en í dag á það að ræðast til lykta, og gánga til úrskurðaratkvæðis. Eg finn skyldu mína, að mæla eitthvað með því, en sè þó, að eigi hlýðir, þegar nú er komið undir málalok, að tala eitthvað út um hvippinn og hvappinn um hitt eður þetta, heldur vildi eg, ef svo vel mætti takast, hneigja hugi alþingismanna að einhverjum þeim aðalatriðum málsins, sem mættu gjöra þeim greiðara fyrir, að fella rèttan dóm á málefnið.

Þá er fyrst að taka á því, að þegar eg rifja upp fyrir mèr, eins og eg get bezt, það er seinast kom til umræðu, þá minnist eg eigi þess, að nokkur bæri það nefndinni á brýn, að hún hefði spillt frumvarpinu, með því annaðhvort að undanfella nokkurt áríðanda atriði í því, eður með að bæta inn í það nokkru, er mætti verða að ógagni. Það var eigi heldur tilgángur nefndarinnar, því hún áleit frumvarpið, eins og hún gat skilið það, gott og nytsamt fyrir landið. Eg bið því þingmenn, að geyma það í huga sèr, að eigi hefir það verið lagt nefndarálitinu til lýta, að það hafi breytt frumvarpinu að efninu til.

Samt sem áður vil eg eigi draga dulur á það, sem kannske við ýtarlegri skoðun kynni sýnast undanfellt eða við bætt, og vík eg mèr þá að 3. gr. í frumvarpinu, þar sem hún seinast tekur svo til: „þegar öðruvísi er ástatt" o. s. frv. Vil eg nú geta þess, að þessi grein muni eigi allskostar ljós, þar sem, að mig minnir, ágætur lögfræðingur seinast á þingi áskildi sèr breytingaratkvæði um hana, einmitt þess vegna, hvað hún væri óljós; samt vil eg skilja hana, á móts við það, sem komið er á undan, svo, að hèr sè gjört ráð fyrir þeim,

sem komið er á undan, svo, að hèr sè gjört ráð fyrir þeim, sem eigi höfðu áður prestakall, svo sem kandidatar eða stúdentar. Að gjöra ráð fyrir þessum, þótti oss nú öldúngis óþarft, því kandidat eða stúdent, sem hefir feingið brauð og er vígður, er þá orðinn prestur og bundinn þeim sömu lögum, sem í frumvarpinu eru sett sèrhverjum presti, sem er, að hann á tilteknum tíma fari að brauði sínu, ef hann getur, og er hèr ekkert nýtt boð fyrir kandidata eður stúdenta, því með orðunum: „en verði því ekki við komið“ o. s. frv., er undantekníng gefin eins fyrir þá, sem aðra presta. Af þessum rökum gekk nefndin fram hjá þessu sem öldúngis óþörfu, þótt það hefði verið ljóst, sem ekki heldur er.

En áður eg skilji við þessa grein, verð eg að minnast þess, að orðatiltækið: „eptir að það losnaði“, samanborið við það, að taka við brauðinu, á ekki saman, því einginn getur tekið við brauði, nema það sè veitt, og vèr köllum, að brauð losni, þegar prestur annaðhvort deyr, eður fær annað brauð. Annað, sem sýnast má, að nefndin hafi við bætt umfram það, sem er í frumvarpinu, er, að hún áskildi ekkju, ef brauð er veitt eptir fardaga, að mega sitja að öllu prestsetrinu. Oss þótti það blítt og mannúðlegt, þegar svona stæði á, að þraungva eigi að ekkjunni, sem þá mundi eiga bágt með að fækka, ef til vill, eður koma niður peningi, að koma hjúum af sèr, eður að hafa hýbýli nóg handa sèr og sínum. Nefndinni var annars illa við þessa sambúð prests og ekkju, sem ákveðin er í 4. gr., þareð annaðhvort, sem optast, mundi fara halloka fyrir öðru, eptir lundarlagi eður ástæðum; en þegar brauð er fyrst veitt eptir fardaga, þótti, sem viðkomanda presti mundi eigi síður henta, að hafa bú sitt kyrt á þeirri jörðu, er hann bjó á, og að það mundi honum sem optast kærara, enn að fara í tvíbýli á móti ekkju. Þennan rètt á ekkjan eigi, nema þegar brauðið er veitt fyrir fardaga, en sè það veitt áður, á hún að eins rètt á hálfri jörðinni, eins og segir í 4. gr. Að vísu játum vèr, að líkt kann að standa á fyrir ekkju, þótt brauð sè veitt skömmu fyrir fardaga, eins og skömmu eptir, en hèr varð að tiltaka vissan tíma, og eigi mátti gefa henni þann rètt, sem gæti orðið prestinum til of mikils skaða.

Þannig vildi eg væri ljóst, að nefndin hefir ekkert undanfellt úr frumvarpinu, nè við það bætt, nema því einu, sem á

góðum rökum og gyldum muni byggt vera, enda hefir eigi hingað til stórlega ágreint um þetta.

En það, sem nefndin í upphafi einkum fór fram á, var, að 2. og 3. gr. frumvarpsins væru harðla óljósar, og að lítið skildi meininguna í báðum, og mun eg eigi ofherma, þó eg segi, að nær því enginn muni hafa verið hèr á þingi, sem hafi þókzt skilja þann meiningarmun, sem gæti verið á þessum greinum, svo að hann gæti gjört það sèr eða öðrum ljóst, — og eru hèr þó margir greindir menn saman komnir, og þar á meðal ágætir lögfræðingar —, þángað til hinn ágæti konúngsfulltrúi með skarpleika sínum og viturleik skapaði meininguna, sem með eitt sýndist upplýsa þetta myrkviðri, því þegar hann talaði, var meining hans ljós, eins og það an var við að búast, en nefndin verður enn að vera á því, að sú meining, sem af hans munni var ljós, sè það þó eigi af orðum frumvarpsins, og að 2., samt 3. grein, tali bæði um tekjur og prestsþjónustu. Einstakt, kynlegt, næstum hjákátlegt dæmi væri það, ef það getur verið ljóst í sjálfu sèr, sem enginn Íslendínga hèr á þingi, enn þótt lögfróður væri, skildi fyrir fám dögum, áður það væri útlagt, en allir höfðu þó fyrir sèr prentað á móðurmáli sínu. Væntir mig þess, að þíngmenn fylgi því fram ásamt mèr, að frumvörp þau, sem lögð eru fyrir alþíng, megi verða svo ljós, sem kostur er á, og sem samkvæmust hugsunarmáta þjóðarinnar og eðli málsins.

Virðist mèr svo að lyktum, sem það sè tvennt, er þíngmenn verða nú helzt að hugsa um, áður enn geingið verður til úrskurðaratkvæðis: 1) hvort álit nefndarinnar hafi nokkuð spillt frumvarpinu að efninu til, og 2) hvort ljósara sè frumvarpið, eða þær breytíngar, sem nefndin hefir gjört á því. Og reynist nú það, að eingu sè spillt, en efnið gjört ljósara, þá vona eg, að þíngmenn verði á máli nefndarinnar. Og að svo fyrir mæltu vil eg setjast niður.

Konúngsfulltrúi: Af því, sem hinn virðulegi framsögumaður hefir sagt, finn eg mèr skylt að gjöra nokkrar athugasemdir. Eg ætla, að eg hafi áður sýnt, að þegar menn lesa lagafrumvarpið allt saman, þá sè hið innra samband millum allra greina þess ljóst. Slíkt samband er vart í frumvarpi nefndarinnar, og þess vegna hefi eg sagt, að eptir mínu áliti mundi lagafrumvarpið ekki taka bótum við breytíngu nefndarinnar.

1. grein lagafrumvarpsins getur nefnilega einúngis um tekjur brauðs til næstu fardaga, eptir að það losnaði, 2. grein um tekjur frá næstu fardögum, og til þess, er hinn nýi prestur tekur við brauðinu. Frumvarp nefndarinnar til 2. greinar talar þar á móti bæði um tekjur og prestsverk á brauðinu eptir fardaga, og kemur þess vegna ekki í eins reglulegri niðurröðun og sambandi við fyrstu greinina, eins og lagafrumvarpið gjörir.

3. grein lagafrumvarpsins talar einúngis um það, hvernig að skuli fara, bæði með að taka við brauðinu, og gegna prestsverkum á því frá fardögum, eptir að það varð laust; það er tíminn, þegar það losnaði, en ekki þegar það var veitt, sem hèr er aðalspurníngin um.

Að svo miklu leiti, sem nefndin hefir í frumvarpi sínu gefið aðrar reglur, heldur enn stjórnarfrumvarpið hefir, um rètt ekkna til að búa á prestsetri, þá virðist mèr þó, að lagafrumvarpið hafi nógsamlega gefið gætur að þörfum ekkjunnar, og mundi vart ráðlegt, eins og nefndarfrumvarpið gjörir, að fyrirmuna hinum nýja presti allan rètt til, þegar ekkja er í brauðinu, að flytja þángað með fólk sitt og fè árlángt frá fyrstu fardögum, eptir að sá prestur dó, er þar var áður.

Assessor Johnsen: Eg held nú, að frumvarpið sè orðið flestum þíngmönnum nokkurnveginn ljóst, eins og það er samið af stjórnarinnar hálfu, og að þeir flestir felli sig við það, enda sè eg ekki betur, enn að þær ákvarðanir, sem nokkrum þíngmanna hefir þótt vanta við frumvarpið, sèu fremur þess eðlis, að þær eins vel, og máske betur, komist á og lagist, í löggjafans anda, í hendi biskups og prófasts, á líkan hátt og verið hefir, enn að þær þurfi að vera, eða eigi að vera, lagaákvarðanir, sem eigi verður vikið frá. Að öðru leiti virðist 2. grein frumvarpsins að eins ræða um aukatekjur presta (fyrir extraverk þeirra), hvar á móti 5. grein beinlínis nefnir fastar tekjur, og virðist mèr því, að orðunum „allar tekjur“ í 2. gr. ætti að breyta, ekki eins og nefndin hefir stúngið uppá, heldur, til enn meiri aðgreiníngar, í orðið „aukatekjur“.

Framsögumaður: Eg verð enn að skýrskota til þess, er eg áður mælti, og mæla fram með uppástúngu nefndarinnar; frumvarpið er, og verður mèr, óljóst, og svo mun það öllum, og enn óljósara fyrir þá hina nýju útleggíngu, er alþíngismaður sá, er síðast mælti, nú hafði við, og sem aldrei hefir

heyrzt fyrri. Í 3. gr. hygg eg víst talað um, hversu þjóna eigi brauðinu, en einginn getur tekið við því, þó laust sè, ef það er ekki veitt honum. Þegar brauð nefnilega losnar, þá verður einhver að annast prestsþjónustuna, en í 3. gr. er ekki talað um prestsþjónustu, þegar milli presta er, heldur er þar orðið „losnaði“ sett í samanheingi við: að taka við brauðinu, og getur það eigi sagzt fyrr, enn brauðið er veitt. En hvað það snertir, að það væri ekki sem samkvæmast réttri hugsun, að í breytíngu nefndarinnar væri undir eins talað um tekjur og prestsverk, þá ætla eg þetta innbyrðis sameinað í eðli sínu, líkt og innvortis og útvortis, eða skyldur og réttindi, og annað því um líkt.

Konúngsfulltrúi: Hvað það snertir, sem hinn virðulegi alþíngismaður fyrir Árnessýslu hefir sagt, að orðið „tekjur“ í annari gr. lagafrumvarpsins ætti að breytast til „aukatekjur“, þá ætla eg, að menn geti ekki í dag hugsað til þess, vegna þess, að áður hefir ekki verið getið um, að bera upp breytíngaratkvæði þar að lútandi, og fyrir því ætla eg ekki að skýra frá þeim ástæðum, vegna hverra eg hygg, að slík breytíng mundi ekki vera rètt.

Sýslumaður Blondahl: Þegar þetta málefni var hèr síðast rædt, gat eg þess, að mèr virtist vanta í 5. grein frumvarpsins, að nefna smjörgjald það, er prestar fá af annex- eður útkirkjum, og færði eg síðan þeim háttvirta forseta breytíngaratkvæði mitt um þetta; hann meinti þá, að breytíng þessi mundi óþörf, þar þetta gjald, eður hin svonefnda prestsmata, væri innifalin í öðrum afgjöldum „af kirkjujörðum“, því prestsmatan væri partur af leigum þeim, sem gjaldast eiga af jörðum annexkirknanna, og fèllst eg í þann svipinn á þetta. En síðan hefi eg rifjað upp fyrir mèr, að eg þekki til fleiri enn einnar annexkirkju, sem ekki á neitt jarðarhundrað, hvorki í þeirri jörð, á hverrar lóð hún stendur, nè annarstaðar, og hlýtur þó eigandi hennar að svara smjörgjaldi til prestsins. Og af mikið áreiðanlegum mönnum, sem hèr eru á þínginu, hefi eg nú einnig frètt, að á líkan hátt standi á fyrir fleiri kirkjum, sem alls ekkert jarðagóz eigi. Þesskonar smjörgjald virðist mèr því, að orðið afgjald geti ekki í sèr fólgið, og fyrir því verð eg að álíta, að sú breytíng, sem eg stakk uppá, eður viðbót við 5. grein frumvarpsins, sè nauðsynleg.

Forseti: Eg verð að fallast á, að það er satt, sem hinn heiðraði konúngkjörni alþingismaður nú mælti, en þegar mál þetta var síðast rædt, áskildi hann sèr ekki að flytja breytíngaratkvæði um þetta. En hins vegar verð eg að álíta þetta umtalsefni svo lítilfjörlegt, að eg get ekki annað haldið, enn að hin heiðraða samkoma fallist á, að breytíng þessi verði tekin til atkvæða án frekari umræðu.

Prófastur Halldór Jónsson: Mèr finnst nauðsyn hefði verið á, að taka fram í 3. grein frumvarpsins, með hvaða kostum prestur, er brauð hefir feingið, mætti vera við sitt fyrra brauð, ef honum væri veitt annað brauð um fardagaleitið (því eins getur honum verið ómögulegt að flytja sig, þó honum hefði verið veitt brauð rètt fyrir fardaga). Nú er aðalreglan í frumvarpinu, að prestur taki á móti brauði í næstu fardögum, eptir að það losnaði; í álitsskjalinu er nú valinn sá vegurinn, sem mèr finnst síður eiga við, að prestur njóti inntekta af sínu fyrra brauði, því af þessu getur leidt, að hann um heilt ár njóti inntektanna af tveimur brauðum.

Framsögumaður: Ef slíkt skal taka til greina, leiðir það til rekistefnu einnar útaf einstökum og smásmuglegum tilfellum; virðist mèr óþarfi, að gefa slíku gaum, eður breyta fyrir það, því þegar presti, sem frá fer, er veitt brauð eptir fardaga, þá getur ekki það brauð, er hann áður hafði, orðið veitt fyrr, enn á áliðnu sumri eður um haust, og sè þá borguð prestsþjónustan eptir tilsk. frá 1836, þá verður um smámuni eina að tefla.

Prófastur Hannes Stephensen: Í tilliti til þess, sem rædt hefir verið um hinn síðara hluta 3. greinar: „þegar öðruvísi er ástatt“, og þar, eptir skilníngi flestra, er meint til kandidata eður stúdenta, virðist mèr mótsetníngin, sem í orðunum liggur til hins fyrra hluta greinarinnar, góð og að öllu nauðsynleg. Því þá, sem ekki hafa áður átt neinu brauði að gegna, og við ekkert eru bundnir, ætti að mega skylda til, að takast strax á hendur embættisþjónustu í brauðum þeim, er þeim eru veitt, ef mögulegleiki leyfir, og þeir eru innanlands, enn þótt presti þeim, er situr við brauð og bú, sè leyft að kjósa, hvort er hann heldur vill, vera á hinu fyrra brauði, eður fara að hinu síðara.

En hvað áhrærir uppástúngu nefndarinnar til breytíngar í hinni 4. grein, að ekkjan skuli eiga rètt á að búa á öllu prestsetrinu, ef brauðið er veitt eptir fardaga, þá get eg ekki annað,

enn fallizt á meiníngu konúngsfulltrúa, að ójöfnuður sè hinum komanda presti gjör, ef honum er með öllu bægt frá búskap á prestsetrinu, því auðveldlega má svo á standa fyrir honum, að hann hljóti að óska þess, og honum standi það á miklu. Hinn háttvirti framsögumaður gjörði að eins ráð fyrir tvennu, er gjöra kynni sambúðina í tvíbýli á prestsetrinu ógeðfellda og amalega, nefnilega, að annaðtveggja væri prestur gæfur og tilslökunarsamur, og geingi þá allt á hans hluta, ellegar hann væri sèrdrægur og harðbýll, og þraungvaði kosti ekkjunnar; fyrir hinu þriðja, sem gjörir alla sambúð inndæla, gjörði hann ekki ráð, því nefnilega, að þau sýndu hvort öðru velvilja og tilslökun, og fyrir þessu ætlaði eg heldur ráð að gjöra, og ætti það ætíð að vera.

Uppástúnga sýslumanns Blondahls er að minni meiníngu öldúngis nauðsynleg, því víða geingst það við, að þaðan er smjörgjald til prests, sem hvorki er kirkjujarðeign nè kúgyldi, og svo er í mínu brauði.

Konúngsfulltrúi: Mèr virðist, að enn bregði því fyrir hjá æði mörgum af hinum virðulegu þíngmönnum, er rædt hafa um þetta mál, að það, sem segir í 3. grein, sè þeim ekki algjörlega ljóst. Grein þessi, sem talar um forstöðu brauðsins, og tekjur þær, er þar með fylgja frá fardögum, eptir að það losnaði, innibindur í sèr tvö atriði, sem aðgreind eru hvort frá öðru með púnkti. Hið fyrra atriðið gjörir ráð fyrir, að brauðið sè veitt eptir fardaga, þótt það hafi losnað fyrir fardaga, og þá er tvennt til: annaðhvort fær sá brauðið, sem áður hefir verið prestur, eða sá, sem ekki hefir áður verið prestur (kandidat eða stúdent). Hið síðara atriði, sem er gagnstætt því fyrra, gjörir þess vegna ráð fyrir, að svo sè ástatt, að bæði losni brauðið og sè veitt fyrir fardaga, og mælir þá svo fyrir, að sá, sem brauðið var veitt, skuli taka við því þegar í fardögum, eða svo fljótt, sem verður.

Framsögumaður: Mèr verður enn, sem fyrri, ljós meiníngin af skarpvitrum útlistunum ens ágæta konúngsfulltrúa, en það er ekki nóg; hún verður að vera öllum ljós af lögunum sjálfum; sú útlegging, sem hinn ágæti konúngsfulltrúi nú flutti, hefir víst eingum komið til hugar fyrri. Ekki get eg fallizt á það, er sá alþíngismaður, er mælti nú næst á undan konúngsfulltrúa, fór fram á. Hvorki kandidatar nè stúdentar eru skyldir að fara að brauðinu eptir 3. gr. frum-

varpsins. Auðvitað er, að þeir geta fatlazt, eins og aðrir menn. Þegar búið er að vígja þá, hafa þeir sömu skyldur og réttindi, og aðrir prestar, enda er ekki í sjálfu frumvarpinu, sem liggur prentað fyrir þingmanninum, gjört ráð fyrir undantekningum fremur fyrir þá (kandidata og stúdenta), enn aðra presta.

Varaforseti: Eg verð að álíta frumvarpið næsta ógreinilegt, og getur ekkert verið frekar til sönnunar því, enn það, hve ýmislega það er útlagt hèr á þinginu. Alþingismaðurinn fyrir Árnessýslu flutti nú fyrir skemmstu nýja útleggingu á 2. gr., að þar, sem stæði „allar tekjur“, ætti að skilja „aukatekjur“, og mun það einganveginn mega standast. Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hefir einnig nú komið með nýja útleggingu á 3. gr., sem hann hefir ekki hreift við fyrri, og þegar nú verða svo margbreyttar meiníngar um rèttan skilníng frumvarpsins, virðist mèr betra eingin lög að hafa um þetta efni, eða með öðrum orðum, að láta standa við það, sem eldri lög ákveða, heldur enn að gjöra það að lögum, sem menn í meðferðinni skilja og misskilja, hver uppá sinn máta.

Kandidat Jón Sigurðsson: Jafnvel þó eg geti ekki neitað, að ýmislegt sè óglöggvara orðað og ákveðið í frumvarpi stjórnarinnar, enn eg vildi hafa óskað, ætla eg þó að gefa atkvæði mitt á þá leið, að það verði staðfest, af því eg vona, að þó frumvarpið yrði samþykkt hèr með atkvæðafjölda, muni stjórnin gefa gaum að því, sem útá það hefir verið sett, og laga það eptir því.

Forseti: Með því nú virðist útrædt um þetta mál, kveð eg þingmenn til að gefa atkvæði sín um:

1. hvort 2. og 3. grein frumvarpsins eigi að standa óbreytt, eður uppástúngu nefndarinnar eigi að taka í stað þeirra. Var þá tèðum greinum frumvarpsins hrundið, en uppástúnga nefndarinnar samþykkt með 17 atkvæðum móti 7.
2. hvort breyta ætti þeim orðatiltækjum í 5. grein: „eins og presturinn tekur við þeim“, eptir því, sem nefndin vildi, þannig: „eins og þær eru prestinum goldnar“; það var samþykkt með 20 atkvæðum móti 4.
3. hvort bæta skyldi inn í 5. grein, eptir uppástúngu sýslumanns Blondahls: „smjörleigur prests af útkirkjum“; á það fèllust allir þingmenn.

Forseti lagði þá fram, til ýtarlegri og síðustu umræðu, málefnið um fríflutníng embættismanna, og afhenti það framsögumanni nefndarinnar, prófasti Hannesi Stephensen.

Framsögumaður: Svo er mál þetta fyrir skömmu rædt, að eg hygg það öllum kunnugt, og ástæður þær, sem í nefndarálitinu eru færðar því til gyldis, ætla eg öllum í fersku minni, og svo skiljanlegar, að óþarfi einn væri, að hafa þær nú upp aptur. Fel eg því þingmönnum mál þetta til úrlausnar, og vil að eins lesa upp ályktunargreinirnar (og las hann þær upp); er sú fyrri samhljóða frumvarpinu, og ekki nema í litlu einu breytt, nefnilega í niðurlaginu, þar sem við er bætt einskorðuðum reikningi yfir ferðaborgun til hvers embættismanns. Hin síðari greinin er einkum frábrugðin frumvarpinu í því, að áskilið er, að hvert umdæmi borgi ferðakostnað, sem leiðir af yfirferð að eins yfir það.

Assessor Johnsen: Mèr ber að færa fram ástæður fyrir breytingaratkvæði mínu í þessu máli við 2. grein frumvarpsins. Eg hefi fyrst og fremst stúngið uppá, að greininni sè breytt einúngis að því leiti, sem hún tekur til, að ferðakostnaðinn, þegar farið er úr amtinu og í annað amt, skuli greiða úr jafnaðarsjóðum amtanna, eptir lausafjártíundarupphæðinni í hvoru amti fyrir sig, og ætla eg, að þingmenn allir sèu nefndinni og mèr samdóma í því, að þetta sè ókostur mikill, einkum fyrir suðuramtið, ekki að eins, eins og nefndin hefir ætlað, þegar biskup fer skoðunarferðir í hin ömtin, heldur og, þegar landlæknirinn ferðast til að rannsaka lifsölubúðir í þeim, og þegar stiptamtmaður og amtmenn, eins og við getur borið, fara embættisferðir til hinna amtanna, eða úr þeim í suðuramtið. En eg hefi því að eins til vara stúngið uppá breytingaratkvæðinu um, að greininni sè sleppt, og önnur ákvörðun tekin í hennar stað, um lúkníngu ferðakostnaðarins með vissri upphæð fyrir hvern embættismann eptir tímaleingd ferðanna, af því mèr þykir þetta ráðlegra enn uppástúnga nefndarinnar, um að gjalda kostnaðinn með ákveðinni upphæð eptir vegaleingd eða þingmannaleiðum, enn þótt eg sjái ekki betur, enn að alþýðu líka verði þessi ákvörðun yfirhöfuð þúngbærri, enn hin, sem eg fyrst og fremst hefi stúngið uppá, og getur það eins borið við, að embættismenn sjálfir á stundum verði fyrir hallanum, hvort heldur uppástúngu nefndarinnar, eða varaatkvæði mínu, er fylgt. Hvað uppástúngu nefndarinnar snertir, þá er það sýnt og sannað af hinum háttvirta konúngsfulltrúa, að hún getur leidt til mikilla vandkvæða hèr í landi, hvar vegaleingdin allstaðar er ómæld og óviss, og fjölga

vandkvæði þessi því meir, sem málið er betur skoðað. Embættismenn þeir, sem hèr ræðir um, verða opt að fara í króka, og verður vegaleingdin þá enn síður ąkveðin; það er öllum kunnugt, að vegir eru opt ófærir um vetur, og að því verður eigi farin hálf þingmannaleið á dag; aptur virðist bændum ofþýngt með þeirri borgun fyrir hverja þingmannaleið, er nefndin hefir stúngið uppá, á sumrin, því auk þess, að embættismenn, eins og aðrir, einkum ferðast um sumartímann, og þegar vegir eru sem beztir, er það margreynt, að þeir, sem ríða lausum hestum, geta farið allt að tveim þingmannaleiðum á dag, og jafnvel leingra, og mundu þeir því fremur hraða ferð sinni, sem þeir eiga hærri borgunar von eptir vegaleingd.

Mèr er að mestu leiti ókunnugt, hvernig biskup og amtmenn fá ferðakostnað þeirra greiddan, eða með hverri upphæð, en eigi get eg haldið, að amtmenn yfirhöfuð fylgi annari reglu í tilliti til ferðakostnaðar sjálfra sín, enn þeir hafa setta þeim embættismönnum, er þeir eru settir yfir, að því leiti, sem hún getur átt við, að þeir nefnilega fara eptir tímaleingd ferðanna í þeim greinum, sem tímaleingd á við. En hvað sýslumenn snertir, þá þekki eg svo vel til ferðakostnaðar þeirra í opinberum málefnum í suðuramtinu, að eg get sagt það með vissu, að hann yrði alþýðu þúngbærri, ef fara ætti eptir uppástúngu nefndarinnar, og er líku máli að gegna að því, er landlækni og hèraðslækna snertir. Eptir þeim reglum, sem gylda í suðuramtinu, yfirstígur ferðakostnaður sýslumanns sjaldnast 1½ ríkisbánkadal á dag, og þetta ætla eg líka, að hèraðslæknum megi nægja, og landlækni, þá er hann ferðast sem hèraðslæknir, enda er mèr það kunnugt, að hann og þeir ferðast opt án fylgdarmanna, og sjaldan gjöra reikníngínn svo háfan, sem nú var sagt.

Við varaatkvæði mitt er það aptur athuganda, að jafnvel þó það sè byggt á þeirri aðalreglu, sem nú gyldir, nefnilega að reikna ferðakostnaðinn eptir tímaleingd eða dagatali, þá er það þó máske ísjárvert, að fastsetja ákveðna borgun fyrir hvern dag, því bæði getur embættismaðurinn fatlazt eða lagzt sjúkur, eða með öðrum hætti tepzt á ferðinni, og líka er hætt við, að sumir embættismenn, eptir því sem á stendur, hraði ekki ferð sinni svo sem vera ber, ef ætti að borga þeim fyrir hvern þann tíma, sem þeir eru frá heimilinu, enn þótt eg sè þess fullviss, að borgun sú, er eg hefi tekið til, sè eigi hærri

enn svo, að flestir þeirra muni kjósa á, að flýta ferðum sínum eptir mætti, og er það meðal annars þess vegna, að eg ætla, að breytíngaratkvæði mitt sè tiltækilegra og alþýðlegra, enn nefndarinnar.

Loksins má eg geta þess, að eg hefi eigi fundið ástæðu til, að kveða upp aðra borgunarstærð fyrir amtmenn, enn stiptamtmann og biskup, þegar haft er tillit til ferðalaga þeirra, og kríngumstæða á ferðum hvers um sig, og að eg held eigi, að þörf sè á eða gjörlegt, að draga þann stutta tíma, sem embættismennirnir eru á ferð sjóveg, frá hinum ferðatímanum.

Framsögumaður: Aðalbreytíngaratkvæði þíngmanns þess, er síðast mælti, kemur að öllu heim við uppástúngu nefndarinnar, og legg eg til, að á það sè fallizt; fellur þá af sjálfu sèr varaatkvæðið, hverju mèr finnst þar hjá því minni þörf að hrinda, sem framsögumaður hefir bezt gjört það sjálfur. Hann gjörði ráð fyrir, að alþýðu yrði ferðaborgunin eptir dagleiðum þúngbærri, þareð ymsir farartálmar, sjukdómar, illviðri og ófærðir, einkum á vetrum, og mótvindar, þá yfir sjó skal sækja, geti að munum tafið ferðina. En hitt, að embættismenn tefji för sína fyrir þessa borgunaraðferð, mun sjaldan að bera; þó má, eins og hinn virðulegi þíngmaður mælti, einnig gjöra ráð fyrir því.

Konúngsfulltrúi: Þareð svo skammt er liðið síðan, að þetta mál var lagt í frumpróf hèr á þínginu, og þíngmenn vafalaust muna það, er eg þá sagði, svo ætla eg nú einúngis að bæta við fáum athugasemdum.

Þar sem hinn virðulegi framsögumaður hefir sagt, að hin fyrri grein í uppástúngu nefndarinnar gjörði að eins litla breytíngu á 1. gr. lagafrumvarpsins, þá neita eg því öldúngis, því að minni hyggju eru í uppástúngu nefndarinnar tvær talsverðar breytíngar á frumvarpinu. Samkvæmt lagafrumvarpinu eiga nefnilega þeir sömu embættismenn, sem áður hafa átt heimtíng á ókeypis farbeina, eptirleiðis rètt á endurgjaldi í stað þessa skylduflutnings; en ef frumvarp nefndarinnar yrði gjört að lögum, þá mundu tveir flokkar embættismanna, stiptamtmaður, þegar hann ferðast sem stiptamtmaður, og sýslumenn, missa þenna rètt, þareð frumvarp þetta nefnir þá með berum orðum, sem þykja eiga rètt til skylduflutnings, en getur ekki þessara manna. Önnur höfuðbreytíngin er hið ákveðna endurgjald, sem nefndin stíngur uppá fyrir hvern embættismannaflokk, og reiknar það

eptir þingmannaleiðum, í stað þess, að eptir því, sem hingað til hefir við geingizt, og eptir lagafrumvarpinu, skyldi goldið eptir því, hversu margir hestar hefðu verið hafðir til ferðarinnar og eptir dagatali.

Önnur grein í frumvarpi nefndarinnar er að sínu leiti eins frábrugðin lagafrumvarpinu, þareð nefndin nefnir einúngis biskup, sem þann embættismann, er orðið geti fyrir því, að ferðast um önnur umdæmi, meðan bæði þingmaðurinn fyrir Árnessýslu, og eg sjálfur áður hefi bent til þess, að þetta geti komið að fyrir fleirum embættismönnum.

Jöfnuður sá, sem nefndin hefir stúngið uppá, að skipta kostnaðinum eptir millum amtanna, er einnig öldúngis óákveðinn. Endurgjald fyrir ferðakostnaðinn skyldi fara eptir þingmannaleiðum, en þareð landamerki umdæmanna eru ekki svo nákvæmlega tiltekin á fjöllum uppi, nè heldur þingmannaleiðir vissar, svo mundu menn vaða í villu og svíma um, fyrir hversu lánga leið hvert umdæmi skyldi greiða kostnað. Í því tilliti þykir mèr breytíngaratkvæði þingmannsins fyrir Árnessýslu, um ákveðið gjald eptir dagatali, miklu betra, því fyrir þá sök, að menn gætu vitað, hversu margar dagferðir hefðu verið farnar í einu umdæmi, áður enn ferðamaður kom í fyrsta áfángastað í næsta umdæmi, svo væri þar með burtu rýmt vandkvæðum þeim, sem bent hefir verið til.

Kandidat Jón Sigurdsson: Eg verð öldúngis að fallast á fyrri greinina í þessu frumvarpi, og hvað hinni seinni grein viðvíkur, fellst eg einnig á hana, með því að fylgt verði breytíngaratkvæði því, er hinn virðulegi þingmaður fyrir Árnessýslu hefir borið upp, og hinn virðulegi framsögumaður nefndarinnar fallizt á; mèr virðist, að betra muni vera og alþýðu haganlegra, að tiltekin verði ferðalaun embættismanna eptir dagleiðum, enn eptir þingmannaleiðum, því eg sè ekki, að embættismanni geti geingið neitt til, að lötra svo ferð sinni, að hann komist ekki nema eina þingmannaleið á dag. Hinn virðulegi þingmaður fyrir Árnessýslu hefir falið mèr á hendur, að segja þinginu, að þessi hafi einnig verið hans meiníng, en hann hafi ekki tekið það fram með berum orðum vegna þess, að það sè nú almenn venja, að embættismenn reikni þannig ferðir sínar.

Forseti: Þar einginn lætur framar meiníngu sína í ljósi, verð eg að álita mál þetta þannig rædt til lykta, og eg verð

að álíta, að 1. gr. frumvarpsins sè samþykkt af öllum; kveð eg því þingmenn til að gefa atkvæði um:

1. hvort önnur grein frumvarpsins á að standa óbreytt; því var neitað af öllum.
2. aðalbreytingaratkvæði alþingismannsins úr Árnessýslu við 2. grein frumvarpsins, að hvert amt skyldi standast ferðakostnað hlutaðeiganda embættismanns innan sinna takmarka, var samþykkt af öllum.
3. skal tilgreina borgunarupphæð ferðakostnaðarins? það var samþykkt af 14 móti 10.
4. skal borgun binda við þingmannaleiðir, eins og nefndin vill, eður við dagleiðir, eptir breytingaratkvæði alþingismannsins úr Árnessýslu? Það fyrra — við þingmannaleiðir — var samþykkt af 13 atkvæðum móti 11.

Forseti lagði þá fram málefnið um fjölgun þingstaða í Mýrasýslu, og skyldi það mál ræða til lykta, og afhenti forseti framsögumanni, prófasti Hannesi Stephensen, skjöl málsins; mælti hann enn fram með málinu. En þar enginn þingmanna mælti í móti, kvaðst forseti verða að álíta, að þingið samþykktist í einum huga uppástúngu nefndarinnar.

Assessor Johnsen gat þess, að nefnd sú, er á að segja álit sitt um löggyldíng kauptúna í Þorlákshöfn og á fleiri stöðum, mæltist til, að þeim, prófasti Hannesi Stephensen og hreppstjóra Helga Helgasyni, væri bætt við í nefnd þessa, og var það mótmælislaust af þinginu samþykkt.

Því næst var fundi slitið.

17. Júlí — þrettándi fundur.

Forseti tilkynnti þinginu, að jústiziarius Þórður Sveinbjörnsson gæti ekki vegna sjúkleika komið á fund í dag.

Því næst var þingbókin frá tólfta fundi lesin og samþykkt.

Forseti bar því næst upp til ályktunar málefnið „um hreppastefnur".

Framsögumaður, sýslumaður Blondahl, skýrði þá frá, hvað ætlað væri hvorri hreppastefnunni um sig, vor og haust, og mælti fram með báðum.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg vilda að eins leyfa mèr að geta þess, að eg get ekki fallizt á uppástúngu þá, er

hinn háttvirti varaforseti hefir gjört, þá rædt var síðast um vorhreppskilaþíng, nefnilega, að þegar talið væri fram til landbúskapartöflunnar á vorin, þá skyldi telja til tíundar um leið. Eg sè ekki ástæðu til, að búa svo vel um rètt tíundatakenda, að byggja megi á spásögum einum þá heppni tíundagreiðenda, að öll óhappa eða vanhalda tilfelli sèu ómöguleg, sem þó er einganveginn, og getur þessi uppástúnga því síður tekizt til greina, sem hún raskar meira grundvallarástæðu tíundarlaganna, er gjöra ráð fyrir, að $\frac{1}{10}$ ágóða hins tíundbæra fjár sè rèttgoldin tíund, og þetta getur ekki leiðzt í ljós fyrr enn á haustin, því þá ættu að takast til greina sannaðar ástæður þeirra, er verða fyrir vanhöldum á tíundarfè sínu.

Framsögumaður kvaðst fyrir sitt leiti ekki hafa neitt að mæla móti þessu, en ekki væri í frumvarpinu hnytmiðað við daginn.

Assessor Johnsen: Eg læt mèr nægja, að skýrskota til þess, sem eg, við undirbúníngsumræðu þessa máls, vèk á, að það sè sjálfsagt, að hreppastefnur eigi enn að halda á haustin, samkvæmt reglug. frá 8. Janúar 1834, 10. gr., að það sè því óþarfi, að fá nýja löggjöf eða lagaleyfi til að halda þær þá, að frumvarpið auðsjáanlega eigi hafi ætlazt til, að gjöra nokkra breytíngu á tèðri lagagrein, heldur einúngis til að löggylda hreppastefnur líka á vorin, eins og þær nú hafa verið tíðkaðar í mörg undanfarin ár, fyrst í norðausturamtinu, og síðan í suðuramtinu, og þareð menn hafa fellt sig við þær, og mörgum enda þykja þær ómissandi í báðum þessum ömtum, sè eg ekki heldur, að neitt verulegt verði haft á móti þeim, ásamt haust-hreppastefnunum, í vesturamtinu, svo að þær verði gyldandi að lögum yfir allt land.

Prófastur Thordarsen: Um leið og eg er samþykkur þeim heiðraða Árnessýslu fulltrúa, skildust mèr svo orð hins heiðraða varaforseta næstliðinn dag, sem tíund sú, er einhver gjörir að vorinu, sè lögð til grundvallar fyrir næstkomanda árs útsvari.

Prófastur Hannes Stephensen: Mèr virðist auðsætt, að sú meiníng, sem hinn konúngkjörni fulltrúi, prófastur Thordarsen, tók úr orðum varaforseta, geti ekki staðizt, því sá, sem í ár reisir bú, og kaupir þar til fènað þann allan, er til tíundar er talinn, mun þó eiga að svara tíund af honum búreisuár sitt, og sama er um þá, sem flytja úr einum hrepp í

annan. Er það því vafalaus meiníng mín, að haustþíng ættu allstaðar að vera lögboðin, en vorþíng þar, sem það þykir vel fara.

Sveinn hreppstjóri Sveinsson kvaðst öldúngis samdóma Borgarfjarðarsýslu heiðraða þíngmanni.

Framsögumadur: Eg verð að vísu að fallast á álit Borgarfjarðarsýslu fulltrúa, hvað tíundarskylduna snertir, en þó tíund sè fyrst tekin á haustin, eru vorþíngin samt nauðsynleg til annara starfa.

Umboðsmaður Jakob Pètursson: Eg get ekki annað, enn fallizt á, að hreppastefnur sèu þarflegar, eptir því sem frumvarpið tiltekur, milli 16. og 24. Júním., til þess, að búendur telji þá fram fè sitt til þeirrar lögboðnu landbúskapartöflu, og ráðagjörðar um aðrar hreppsins nauðsynjar, en þar hjá tel eg vafalaust, að haustþíng eigi að halda framvegis, eins og verið hefir venja í landi hèr, til að telja fènað fram til tíundar, ráðstafa sveitarómögum o. s. frv., samkvæmt landsleigubálki í Jónsbók, X. og XII. kapitula; þetta er því nauðsynlegra, sem eg þekki marga hreppa svo fjölbyggða, að allt þetta getur ekki komizt í verk á einum degi.

Umboðsmaður Jón Gudmundsson: Þegar mál þetta var rædt hèr til undirbúníngs, bar eg upp það breytíngaratkvæði, að ákvarðað verði, að hreppastefnurnar á vorin, sem eg álít næsta þarfar, og eru vinsælar í Skaptafellssýslum, sèu haldnar í fardagavikunni, en ekki frá 16. til 24. Júní, eins og frumvarpið tiltekur; eg leiddi þá samstundis nokkur rök að þessu breytíngaratkvæði mínu, og vildi það hefði orðið þíngmönnum ljóst, að það sè með öllu ómögulegt, að halda þar hreppastefnur um það leiti, sem frumvarpið á kveður, þar sem allir búendur þar væru þá þeim önnum kafnir, sem hvorki mætti fresta, nè yrði hjá komizt, t. d. fráfærum, laungum skógarferðum úrsveitis, og undirbúníngi og byrjun kaupstaðaferða; bæði fyrir þessar sakir vona eg og óska, að þessi heiðraða samkunda gefi gaum að breytíngaratkvæði mínu, og svo hygg eg líka, að það styðjist við nokkurskonar lagaheimild, því mig minnir ekki betur, — og hinn hæstvirti konúngsfulltrúi mun geta borið um, hvort mig minni það ekki rètt —, enn að konúnglegt opið brèf um það, hvenær manntalsþíng skuli halda hèr á landi yfirhöfuð, segi, að þau skuli halda á öðrum tíma og fyrri í Skaptafellssýslu, enn annarstaðar á landinu.

Framsögumaður kvaðst ekki geta verið því mótfallinn, að vorþingin yrðu haldin einhvern tíma í Júnímánuði, og hin á haustin, eins og vanalegt hefir verið í hverju byggðarlagi.

Eyjólfur hreppstjóri Einarsson kvaðst, eins og fyrri, vera samdóma þingmanni Borgfirðinga, og mæla fram með lögboðnum haustþingum, en að hin einúngis væru leyfð þar, sem haga þætti.

Forseti: Mèr virðist nú málið þannig vera nægilega rædt, og vil eg því nú leita atkvæða þingsins um:

1. hvort lagafrumvarpið eigi að löggylda með geymdum rètti til breytíngar; það var samþykkt af öllum.
2. hvort eptir orðin „16. til 24. Júní“ ætti að bæta við: til tíundarframtals; því var neitað með 17 atkvæðum móti 6.
3. hvort þing skuli aptur halda á haust 1. til 20. Október, til sveitarómaga ráðstöfunar o. s. frv.; það var samþykkt með 19 atkvæðum móti 4.
4. hvort breytíngaruppástúngu þingmanns Skaptafellssýslu um, að vorþing þar sè haldin í fardagavikunni, eigi að samþykkja eður ekki; það var samþykkt með 19 atkvæðum móti 4.

Að því búnu var málefnið, viðvíkjandi breytíngu í 6. grein reglugjörðar frá 8. Jan. 1834, tekið til ályktunar, og tók framsögumaður, prófastur Hannes Stephensen, aptur fram atriði þau, er helzt höfðu verið umtalsefni, og mælti fram með frumvarpinu; svo tók hann og fram breytíngaratkvæði þingmannsins fyrir Árnessýslu og þingmannsins frá Skaptafellssýslu.

Assessor Johnsen: Þegar mál þetta seinast var rædt, varð eg þess áskynja, að flestir, ef ekki allir, þingmenn eru á því, að leingja tíma þann, sem ákveðið er, í 6. grein reglugjörðarinnar frá 8. Jan. 1834, að þurfi til að ná framfærslurètti í einhverjum hrepp, og þareð eg líka held, að flestir sèu fremur á uppástúngu minni um 10 ár, enn nefndarinnar um 20 ár, ætla eg það óþarfa, að mæla meira eða annað fram með henni, enn þegar er mælt af þeim háttvirta konúngsfulltrúa; að eins vil eg skjóta því enn fremur til þingsins, hvort því þyki hlýða, um leið og konúngi er send bænarskrá í þessu máli, að drepa á það í ástæðunum til hennar, að lögreglustjórar sporni eigi allir, svo sem ber, við þyrpíngu tómthúsmanna og þurrabúðarfólks að sjónum, og að eigi væri vanþörf á, að minna þá á, að gæta skyldu þeirra dyggilega í þessu efni, eptir 21 gr. í

nefndri reglugjörð, því á því er eg enn, að þetta atriði sè tilefni bænarskránna, fremur enn það, að 5 ára tíminn eigi ekki við á Íslandi yfirhöfuð, enda eru þær bænarskrár, sem fram eru komnar, úr sjáfarsveitum.

Umboðsmaður Jón Gudmundsson: Frumvarp það, sem hèr ræðir um, miðar til að koma af þeim ójöfnuði og þeim vandkvæðum, sem nú þykja á forsorgunarrètti þurfamanna. Sami ójöfnuður, en á annan veg, mundi verða á, ef því yrði framgeingt, sem nefndin hefir stúngið uppá, nefnilega 20 árum. Því hafa nú og flestir þíngmenn lagt til, að tiltækilegast væri að ákveða 10 ára tíma til að vinna forsorgunina; en ef það eru þau 10 árin, þar sem ómaginn er síðast, þá mundi víst enn standa af því nokkur ójöfnuður, þó hann yrði minni, enn áður, en að ójöfnuður yrði sem minnstur, til þess eru menn þó nú að ræða um þetta mál hèr á þíngi, og til þess miðar og breytíngaratkvæði mitt, er eg hreifði, þá málið var síðast rædt. Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi fann því þá helzt til, að svo gæti farið, þegar 2 hrepparnir ættu að forsorga ómagann, að annar þeirra gjörði hinum útsvarið, en það gæti valdið bæði ójöfnuði og þrasi; þetta var víst gyld ástæða, og eg mundi af þeim rökum hafa fallið frá breytíngaratkvæði mínu, hefði mèr ekki rètt á eptir komið til hugar, að vel mætti sjá við þessu vandkvæði. Þegar svo stendur á, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi gat, mætti víst einskorða, að sá hreppurinn, sem forlagið er kallað af, ætti frjálst að taka ómagann, og fá jafnmikið forlag af hinum hreppnum, og sá hreppurinn kallaði eptir, og mun þá ekki hraðað eptirkallinu, nè haft ósanngjarnt, og hverfur þá ójöfnuður sá og þras, er hinn háttvirti konúngsfulltrúi taldi víst; eg vil gjöra þetta ljósara með einu dæmi: maður hefir dvalið 10 ár í Seltjarnarneshrepp á aldrinum frá 25 til 50 ára, fer á enum sama aldri í Álptaneshrepp, og dvelur þar enn í 10 ár, en að þeim liðnum verður hann ómagi; nú kallar Álptaneshreppur ½ forlag af Seltjarnarneshreppi; þá skal þessi hreppur eiga frjálst, að kalla til sín ómagann, og jafnmikið í hálft forlag og Álptaneshreppur heimti áður. Eg verð að halda ennþá fram breytíngaratkvæði mínu, þar sem af því leiðir miklu minni ójöfnuð, enn af hinu, að binda forsorgunarrèttinn við seinustu 10 árin; ekkert getur verið sanngjarnara, enn það, að þar eigi hver maður fyrst og fremst rètt á forsorgun, sem hann hefir unnið mest gagn; tvennt er það

annað gott, er standa mun af því, ef þessu verður framgeingt; hrepparnir, sem fólk elur í bezta aldur sinn, munu leggja meiri alúð á það, enn verið hefir, að halda duglegu fólki, úr því það skal eiga þar framfærslu hvort eð er, og það, sem þingmaður Árnesinga lèt í ljósi fyrir skemmstu, að hann svo mjög óttaðist þyrþing og þyngsli af uppgjafa fólki í sjóplázin, er það ynni þar framfærslurètt á uppgjafa aldri, fèlli þá í burtu.

Framsögumaður: Fái ekki nema 10 ár að ráða framfærslurètti eptir þingsins áliti, en ekki 20 eða 15 ár, svo fellst eg á breytingaratkvæði þingmanns Skaptfellinga, því sýnilega eru hin 10 síðustu ár hin óhagfelldustu í þessu tilliti.

Prófastur Thordarsen: Breytingaratkvæði þingmannsins úr Skaptafellssýslu get eg ekki fallizt á; dæmið um Seltjarnarnes- og Álptanes-hrepp á hvergi við; það þarf ekki fremur að taka til 2 hreppa, og sízt svo nálæga; það má taka til 3 og 4 hreppa, og fjarlæga, og þá mundi koma aptur að hinni gömlu rekistefnu og þrasi, sem öllum var svo ógeðfellt.

Sveinn hreppstjóri Sveinsson: Það getur aldrei að borið, og á hvergi við, sem hinn heiðraði konúngkjörni fulltrúi nú sagði, því þegar tíminn, eins og þingmaður Skaptfellinga hefir stúngið uppá, er tekinn milli 25 og 50 ára, þá getur aldrei orðið spursmál um forsorgunarskylduna milli fjögra hreppa.

Sýslumaður Blondahl: Eg verð að álíta nauðsynlegt, að það verði seinustu 10 árin, sem ráði forsorguninni, þar sem annars mundi ekki verða komizt hjá þrasi og misklíðum.

Eyjólfur hreppstjóri Einarsson: Eg verð að fallast á, að forsorgunarskyldan sè bundin við 15 ára dvöl í sveitinni.

Prófastur Halldór Jónsson: Með 15 árum verður hætt við, að byrðin til forsorgunar lendi helzt á fæðingarhreppnum, og mæli eg því fram með 10 árum, þareð þetta virðist að fara bil beggja.

Forseti mælti, að þareð þingið sýndist að vera samhuga í, að það sè hentugast, að breyta 6. grein reglugjörðarinnar, þá sýndist honum náttúrlegast, að árafjöldinn væri færður fram frá 5 til 10 ára, en sjálfsagt yrði að tilgreina árafjöldann, eins og það væri sjálfsagt, að þær aðrar, í reglugjörðarinnar 6. gr. tilgreindu, ákvarðanir hlytu að standa, þar enginn hefði stúngið uppá, að þar á skyldi gjöra breytingu. Hvað að öðru leiti snertir uppástúngu þess heiðraða þingmanns frá Árnessýslu, um að þingið skyldi biðja hans konúnglegu hátign, að áminna landsins embættismenn, er hlut ættu að, að þeir gættu betur

skyldu sinnar í því, að tómthúsmenn bældu sig ekki niður í lagaleysi við sjáfarsíðuna, þá sýndist honum öldúngis ósæmilegt, að þíngið færi slíku á flot, þar ekki væri til annars að ætla, enn að þeir í þessu, sem öllu öðru, uppfylltu lögboðnar skyldur sínar.

Framsögumaður: Sè tíminn til forsorgunar ákveðinn til 10 ára, finn eg ósanngjarnt, að hin seinustu 10 ár helgi hrepp, og því ítreka eg aptur, að eg aðhyllist breytíngaratkvæði þíngmanns Skaptfellínga, því þá hvílir forsorgunarskyldan á þeim hrepp, hvar þurfamaður var gagnlegastur og var uppá sitt hið bezta, en sè forsorgunar- eða framfærsluskyldan bundin við 15 ár eða 20, gegnir öðru máli, og þá er hæfilegt, að hin seinustu ár ráði málalyktum.

Konúngsfulltrúi: Það eru tvö atriði í þessu máli, sem eg vildi minnast á, áður enn þíngið leggur úrskurð sinn á það, annað er breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Skaptafellssýslu, hitt er um framfærslutímann, eður tímaleingd þá, sem maður verður að hafa dvalið í einni sveit, til þess að eiga þar framfærslurètt.

Hvað breytíngaratkvæðið snertir, þá er það byggt á þeirri sanngirni, sem mælir með því, að þeir hreppar, sem maður hefir átt heimili í um beztan kafla æfi sinnar, hjálpist að, til að veita þeim manni framfærslu, þegar hann er orðinn hjálpar þurfi. En samt sem áður mundi af slíkri ákvörðun, sem þessari, leiða lángt um of mikil vandkvæði. Hinn virðulegi þíngmaður Skaptfellínga hefir hugsað, að bæta mætti úr vandkvæðum þeim, er eg hafði bent til, þá er mál þetta var rædt hèr hið fyrra sinni, með því að setja það í lög, að þegar 2 hreppar ættu að veita þurfamanni framfærslu, þá skyldi sá hreppurinn, sem þættist of mikið útsvar eiga að gjalda til þurfamanns, eiga kost á, að taka sjálfur við þeim hinum fátæka manni, og fá svo með honum af hinni sveitinni útsvar það, er áður var það an krafizt. Þetta gæti nú að sönnu tekizt, þegar 2 hreppar ættu að skiptast við, og skammt væri á milli þeirra, en opt yrði því einganveginn komið heim, þegar sinn hreppur væri í hvorjum landsfjórðúngi. Væri nú þurfamaður annarstaðar, þegar hann þyrfti styrks við, enn í öðrumhvorum þeim hrepp, sem veita ætti honum framfærslu, þá mundu þar af rísa ný vandræði. Fyrst yrði þá spurt að, á hvorn hreppinn ætti að flytja hinn fátæka, og gæti þá orðið vafi á, hvort heldur á þann hrepp, sem skemmst er til, þaðan, sem hann

þá er, eða á þann, sem hann hefir leingst dvalið í, eður þángað, sem hann var síðast. Þegar þessu væri nú svarað, þá hlýtur þó vafalaust sá hreppur, sem við honum tekur, þegar fram líða stundir, að verða þess ráðandi, hversu miklar tillögur þurfi til uppeldis honum, eður hversu miklu hinn hreppurinn skuli svara, og af því mundi sjálfsagt leiða marga prætu milli hreppanna.

Hvað hið síðara atriði snertir um tímaleingdina, til að vinna framfærslu í einni sveit, þá þarf eg ekki að benda neinum hinna virðulegu þíngmanna til þess, að það stendur á mjög miklu í viðskiptum manna á millum, þegar skera þarf úr spurníngum þeim, er að höndum bera, hverja áratölu menn velja af þeirri, sem uppá hefir verið stúngið, svo að 10 ára tímabil hefir eigi sjaldan aðrar afleiðíngar fyrir hvern einstakan hrepp, heldur enn 12 ára tími, aptur 12 ár aðra afleiðíng, enn 15 ár, og svo framvegis. Það er því einkum áríðanda, að fá glöggva hugmynd um hina ýmislegu afleiðíngu af ýmislegum tímabilum, eptir því, sem sveitum hagar misjafnlega til, og komast að, hvert sè álit þeirra manna, sem landslag þekkja, og hafa látið álit sitt í ljósi. Mèr virðist þar að auki, að umræðan um þetta atriði, og um orð álitsskjals nefndarinnar þar að lútandi, tæki þá stefnu, þegar rædt var um málið hið fyrra sinn, að það sýndist, sem eg í athugasemdum mínum, er eg þá gjörði, annaðhvort ekki hefði tekið eptir, ellegar ekki skilið þessi orð í álitsskjali nefndarinnar: „allt að 20 árum.“

Bæði vegna þessa málefnis, og vegna sjálfs mín, neyðist eg því til, að minnast enn á þetta atriði, og ætla einúngis að halda mèr við orðin í nefndarskjalinu, og bera þau saman við bænarskrár þær, er upp hafa verið bornar.

Málsgrein sú í nefndarskjalinu, sem um er rædt, er svo látandi:

„Því er það, eptir framanskrifuðum ástæðum, sameiginlegt álit vort, að í öllu tilliti færi betur, að vinnutíminn fyrir sveitarframfæri væri, að óskum þeirra, sem bænarskrárnar ritað hafa, leingdur allt að 20 árum, og hið heiðraða alþíng vildi þar um gjöra allra undirgefnustu bón til hans hátignar konúngsins, að sá í reglugjörðinni frá 8. Jan. 1834, 6. gr. tiltekni 5 ára tími, sem veitir rètt til framfærslu þeim, sem í samfellu hefir þann tíma verið búfastur í sömu sveit, verði breyttur í 20 ára tíma.“

Nú spyr eg, hvort ekki allir, sem lesa þessa grein, og hversu sem menn binda sig við orðin „allt að“, verði að játa, að nefndin mælist til, að þingið ráði til tvímælalaust, að tíminn verði leingdur til 20 ára, og hún skýrskotar bæði til sannfæringar sjálfrar sín, og óskar þeirra manna, sem ritað hafa undir bænarskrárnar.

En gætum nú að, hvað þar segir:

Bænarskráin úr Mýrasýslu, með 26 nöfnum undir, biður um . . . . . 10 eða 12 ár.
Bænarskrá úr Snæfellsnessýslu, með 18 nöfnum, um . . . . . 10 eða 15 ár.
Önnur bænarskrá úr sömu sýslu, með 12 nöfnum, um . . . . . 10 til 15 ára.
Bænarskrá úr Rángárvallasýslu, með 13 nöfnum, mælir bæði á móti 20 ára tíma, eins og á móti 5 árum, en vill ekki hafa neinn fast ákveðinn tíma. Það er einúngis ein bænarskrá, úr Borgarfjarðarsýslu, eða þó heldur frá hinum virðulega framsögumanni, er einn hefir ritað nafn sitt undir, sem biður um 20 ár, og bætir þó við: „eður að minnsta kosti 15 ár.“ Eg get nú ekki dregið af þessu aðra ályktun enn þá, að af 57 búendum, sem nefnt hafa ákveðið tímabil, hefir einúngis 1 mælt fram með 20 árum, og þó ekki öldúngis vafalaust, en allir hinir 56 með 10 árum, eða þá 12 eða 15. Enn er eitt atriði, sem einkum er aðgætanda, þegar ákveða skal framfærslutímann, og er það þetta: þegar 20 ára tíminn til framfærslurèttar hafði ráðið um hríð, eptir reglum amtmanna, voru öll yfirvöld, sem þó öðrum fremur kynnast því, er við ber, á einu máli um, að 10 ára tíminn ætti bezt við. Að svo mæltu get eg ekki annað ætlað, enn að 10 ára tími, til að ná framfærslurètti, verði sá, er flestir mundu kjósa, og sem bezt mundi eiga við, eptir því, sem landi þessu er háttað.

Framsögumaður: Það lítur svo út, eins og nefndinni sè borið, að hún hafi afbakað það, er stóð í bænarskránum um áratöluna, en eg ætla samt ekki að fara þar um mörgum orðum; í bænarskránum sjálfum eru ákveðin 10, 12, 15, og í einni 20 ár; nefndarmenn voru allir á 20 árum, eg ætlaði og nefndarmönnum heimilt, að fallast á hverja þá meiníngu, er þeim var bezt að geði. Þar sem því í upphafi hinnar síðustu greinar álitsskjalsins stendur: „allt að 20 árum,“ þá lýtur það að orðum bænarskránna; en þar sem í niðurlagi sömu greinar standa 20

ár, þá er það nefndarinnar eigið álit. Að öðru leiti verð eg aptur að ítreka, að eg, ef þingið ekki aðhyllist breytingu þingmanns Skaptfellinga, sem eg þó ekki sè neinum vandkvæðum bundið, er sýslumenn og amtmenn hæglega geta miðlað milli hreppanna, verð aptur að halda því fram, að áratíminn sè ákveðinn til 15 eða 20 ára.

Konúngsfulltrúi: Það er einúngis eitt atriði í ræðu hins virðulega framsögumanns, sem eg vildi víkja málinu að. Þar sem hann hefir ætlað, að vandkvæði þau millum hreppanna, sem bent hefir verið til, mundu hverfa við það, að það yrðu ekki hreppstjórar, heldur sýslumenn og amtmenn, sem skera ættu úr, hversu mikið einn hreppur skyldi öðrum gjalda, þá verð eg að geta þess, að einmitt þetta sýnir, að millum hreppanna mundu rísa deilur, sem einúngis yrðu til lykta leiddar með úrskurðum yfirvaldanna, en þessar deilur eru það einmitt, sem lögin ættu, að því sem verður, að sporna við.

Forseti: Nú ætla eg mál þetta til hlýtar rædt, enda tekur nú enginn fremur til umræðu, og því vil eg skjóta því til þingsins, sem hefir að nokkru leiti látið vilja sinn í ljósi, að 6. grein reglugjörðarinnar yrði breytt:

1. hvort svo skal vera, og urðu öll atkvæði á því.
2. hvort forsorgunin skuli bundin við 20 ár, eins og nefndin hefir stúngið uppá, eða eins og þingmaður Árnessýslu hefir í breytingaratkvæði borið upp, við 10 ára dvöl í hreppnum; því fyrra var hrundið, en hið síðara samþykkt með 14 atkvæðum móti 9.
3. hvort breytingaratkvæði þingmanns Skaptfellinga skuli tekið til greina eða ekki; því var neitað með 14 atkvæðum móti 9.

Því næst tók forseti fram, til undirbúningsumræðu, málefnið um skattakvittunarbækur, og var álitsskjal nefndarinnar afhent framsögumanni, sýslumanni Kr. Magnusen, sem las það upp og mælti fram með frumvarpinu, og þó einkum, að sýslumenn feingju borgun fyrir innsiglun og löggyldingu kvittunarbókanna, og að þeir skyldu leggja þær til sjálfir mót borgun, um leið og hann leiddi þingsins athuga að því, að sýslumönnum mundu aukast skriptir og fyrirhöfn með þessu móti til muna.

Álitsskjal nefndarinnar er þannig látanda:

„Vèr undirskrifaðir, sem alþingi hefir þóknazt að kjósa í nefnd þá, er yfirvega skyldi konúnglegt frumvarp til opins brèfs fyrir Ísland, um nokkrar ákvarðanir þeim til trausts, er þegngjaldi eiga að lúka, höfum hèrmeð þá æru, að framleggja fyrir þingið álitsskjal vort í greindu efni.

Vèr getum ekki annað, enn álitið það nauðsynlegt, samkvæmt því, sem embættismannanefndin í Reykjavík hefir stúngið uppá, að hver gjaldþegn hafi kvittunarbók, og virðist okkur, mèr lækni Thorarensen og mèr bónda Ásgeiri Einarssyni, að nægja megi sú löggyldíng bókarinnar, að sýslumaður innsigli hana með sýslunnar innsigli; sparaði sýslumaður þar við tíma, en bændur kostnað, en bókin yrði eins löggyld og áður; en til þess, að hver gjaldþegn hafi slíka bók, er það nauðsynlegt, að sýslumanni sè leyft að útvega og gylda þessar bækur fyrir þá menn, er forsóma kynnu að útvega sèr þær sjálfir, og senda þær sýslumanni í tækan tíma; skal þá gjaldþegn vera skyldugur til að borga bókina, því sè þessa ekki gætt, yrði hver sá bóndi, er forsómað hefði að útvega sèr kvittunarbók, og senda hana sýslumanni til löggyldíngar, og til þess í hana yrði ritað það, sem gjalda ætti, án bókar, og það svo leingi, sem hann forsómaði að útvega hana. Kjósi bóndi, að útvega sèr kvittunarbókina sjálfur, hafi hann leyfi til þess, og sendi hana svo sýslumanni til löggyldíngar, en sýslumaður ákveði ár hvert, á hverjum tíma hann vill, að tèðar bækur úr sýslu hans sèu til hans komnar, til að rita í þær gjaldaupphæð þess árs, er þá yfir stendur, en að því búnu sendi hann þær bændum, eða afhendi þeim þær á þínginu, og riti þá inn í þær, ef tími leyfir, allt, sem bændur gjalda; þeir skulu annars skyldir til, að hafa með sèr kvittunarbók sína á manntalsþíngið, og í hvert skipti, sem þeir gjalda sýslumanni, það er þeir á manntalsþínginu vangoldið hafa; en komist sýslumadur eigi til að rita í bækurnar á þínginu, skal bóndi vera skyldur að senda þær heim til sýslumanns á þeim tíma, sem hann ákveður.

Þareð sýslumönnum aukast talsverðar skriptir og ómak við innfærslu framannefndra kvittunarbóka, get eg, sýslumaður Magnusen, ekki orðið samdóma nefndarmönnum um það, að sýslumenn löggyldi bókina betalíngslaust, en leyfi mèr þar á móti að stínga uppá því, að allir, sem þar um megnugir eru af gjaldþegnum, betali bókarinnar löggyldingu með 8 sk. s. m., samkvæmt frumvarpsins uppástúngu, en öreigar öðlist hana

betalíngslaust; að öðru leiti kemur oss saman um álitsskjalsins innihald.

Af ástæðum þeim, er meiri hluti nefndarmanna hefir fallizt á, leyfum við okkur virðíngarfyllst að stínga upp á því, að þriðju grein frumvarpsins sè umbreytt þannig:

„Kvittunarbók sú, sem nefnd er í annari grein, skal vera örk pappírs að stærð að minnsta kosti; skal hún sendast sýslumanni, þegar hann ákveður, til að setja á hana sýslunnar innsigli, og rita í hana gjaldaupphæð bænda; skal hann gjöra það uppá embættisvegna, og einga borgun fyrir hafa; skal hann og skyldur til að útvega þeim bókina, er forsóma í tíma ákveðinn hana að innsenda, mót sannsýnni borgun fyrir pappír og band."

Í öllu öðru tilliti föllumst vèr á frumvarpið, og þær ástæður, sem embættismannanefndin, og það hið konúnglega rentukammer hefir tilfært, og látum hèr með fylgja til baka skjöl þau, er snerta málefni þetta, hver þínginu þóknaðist að fá oss í hendur.

Reykjavík 7. Júlí 1845.

Thorarensen. Á. Einarsson.

Samkvæmt þeirri af mèr gjörðu athugasemd í þessu skjali undirskrifar

C. Magnusen.

Síðar við bætt:

Sem framsögumaður í framan tilgreindu málefni um skattakvittunarbækur, fellst eg, sýslumaður Magnusen, aldeilis á það hið konúnglega frumvarp, samkvæmt þeim ástæðum, sem embættismannanefndin í Reykjavík hefir tilfært, og í tilliti til þeirra athugasemda, sem gjörðar voru í gærdag á alþínginu.

Reykjavík 18. dag Júlí 1845.

C. Magnusen."

Konúngsfulltrúi: Mèr virðist, að í álitsskjali nefndarinnar sè ekki teknar nógu greinilega fram spurníngar þær, sem um er verið að ræða. Eg ætla fyrst að minnast á spurníguna um löggyldíngu skattakvittunarbókanna, og þá sè eg, að spyrja má að því, hvort löggyldíng þessi skyldi gjörast án borgunar, eður fyrir 8 skildínga borgun, eins og ráð er fyrir gjört í lagafrumvarpinu, en sá greinarmunur þykir mèr lítils verður, sem gjörður er í nefndarskjalinu, þar sem til er ætlazt, að sýslumaður þurfi ekki annað, enn innsigla bækurnar, en rita ekki á þær, enda væri það ný grundvallarregla í tekjulögunum, að

menn þættust því að eins skyldir að borga fyrir löggyldíngu, þegar hvorttveggja væri gjört, bæði innsiglað og ritað, en ekki skyldir að borga, þegar sýslumaður setti einúngis innsiglið á, en ritaði ekki þau fáu orð, sem þyrfti til löggyldíngar. Enn fremur kollvarpar hin 3. grein, eins og nefndin hefir orðað hana, og þegar hún er lesin í sambandi við ástæður nefndarinnar, öldúngis þeirri reglu í 2. gr. lagafrumvarpsins, sem er undirstaða þess, þeirri nefnilega, að kvittunarbækurnar skyldu vera til staðar, og í þær skyldi rita á manntalsþíngum, og hvenær, sem nokkuð endranær væri goldið, en nefndin hefir stúngið uppá, að sýslumönnum skyldi gefið í sjálfsvald að ákveða, hvenær bændur skyldu senda þeim kvittunarbækurnar, og hvenær þeir skyldu aptur fá þær frá sýslumönnum. Skyldi mönnum nú virðast, að aðalreglu þeirri, sem lagafrumvarpið styðst við, yrði komið á, þá hlytu menn eflaust að láta berast að annarihvorri af þeim tveimur uppástúngum, sem áður hafa verið gjörðar, sem skýrt er frá í ástæðum lagafrumvarpsins, og sem eg þess vegna ætla ekki nú að fara fleirum orðum um.

Forseti: Það, sem konúngsfulltrúi sagði, er eptir mínu áliti á góðum rökum byggt, og mèr getur ekki annað, enn sýnzt það undarlegt, að sýslumenn skuli að eins setja sýslusignetið á kvittunarbókina, en ekki nafn sitt, með hverju bókin þó einúngis löggyldist, og þar að auki er það nokkuð smásmuglegt, að vilja hlífa almenníngi við að borga 8 sk. fyrir löggyldínguna, þar þetta gjald kemur ekki að nema í eitt skipti, og frumvarpið að öðru leiti augljóslega sýnir, að sýslumenn eru skyldir að rita árlega borgunarlaust í bókina, hvar með þeim er lögð margbrotin, og ekki lítil, ný byrði á herðar.

Prófastur Hannes Stephensen: Mèr virðist það mætti vera lagt bændum í sjálfs vald, hvort þeir vilja útvega bókina eða ekki, og eg sè ekki heldur, hver hagur sýslumönnum er í, að hafa slíkar bækur til sölu handa bændum, nema þeir ætluðu að græða á þeim; en þekki eg bændur rètt, munu þeir ekki láta bækurnar vanta, þó þeir eigi sjálfir til að leggja, þegar þeir eiga vissa von, að fá strax í stað kvittering fyrir þinggjöldum, er þeir lúka.

Framsögumaður: Eg ætlast ekki til, að sýslumenn skuli græða á bókum þessum, en seint mun þeim verða komið á gáng, ef bændur eiga að leggja þær til sjálfir.

Læknir Skúli Thorarensen: Eg verð, fyrir bænda hönd, að stínga uppá, að þeir bændur, sem eru ekki í skiptitíund, þurfi ekki að borga bókina, heldur fái hana ókeypis.

Kandidat Jón Sigurdsson: Það finnst mèr áríðanda fyrir hvern gjaldþegn, að fá kvittun fyrir því, sem hann lýkur í gjöld sín, eins og hverju öðru. Ekki þykir mèr heldur svo mikið í varið 8 skildínga gjald það, sem 3. grein frumvarpsins til tekur, en hitt virðist mèr, að bókin verði ekki gyldari í sjálfri sèr fyrir því, þó hún sè löggylt, heldur enn þegar sýslumaður ritar nafn sitt undir kvittun fyrir gjöldunum í hvert skipti, líkt eins og hver annar kvittar fyrir það, sem hann tekur við. En ef gyldínguna þykir þurfa, ætla eg sannglarnt, að sýslumaður gjöri það fyrir ekki neitt. Eg áskil mèr því það breytíngaratkvæði í þriðju grein, að niðurlag hennar verði þannig orðað: „og skal sýslumaður fullgylda hana og innsigla kauplaust".

Framsögumadur: Eg prótestera öldúngis í þessu tilliti.

Stephán hreppstjóri Jónsson: Eg get ekki sèð, að löggyldíng bókarinnar af sýslumanni sjálfum, sem hlutaðeiganda öðrumegin, geti verið svo nauðsynleg eða mikils metandi, en það ætla eg, að flestum gjaldþegnum muni þykja kvittunarbækur nauðsynlegar.

Sýslumaður Blondahl: Eg verð að stínga uppá, að bætt sè við í 2. grein orðunum: „ef hann (þ. e. gjaldþegninn) vill".

Assessor Johnsen: Mèr þykir það líka alllíklegt, að flestum bændum muni koma frumvarpið vel, og að þeim þyki æskilegt, að fá ákvarðanir þess um kvittunarbækurnar, því það er auðsætt, að sèrhverjum gjaldanda má vera mikils varðanda, að geta ætíð sèð, hvað, og hversu mikið, hann á að gjalda, er búinn að gjalda, og á eptir að gjalda. Að öðru leiti skildist mèr það helzt á álitsskjali meira hluta nefndarinnar, að hann sè reyndar líka á því, að 1. og 2. grein frumvarpsins sè haldið óumbreyttri, og að meiníngarmunurinn að eins sè orðinn í nefndinni útaf þeim umræddu 8 skildíngum, sem til eru teknir í 3. grein; væri það því, ef svo er, æskilegt, að meiri hlutínn léti það þínginu í ljósi, að þetta sè ekki rángskilið, til að komast hjá óþörfum málaleingíngum.

Læknir Skúli Thorarensen: Það var einúngis meiníng nefndarinnar, að sýslumenn skyldu löggylda bókina ókeypis.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að gjöra þá athugasemd, að þar sem stjórnin í lagafrumvarpinu hefir stúngið uppá borguu til sýslumanna fyrir löggyldíngu kvittunarbókanna, svo hefir hún eflaust haft ekki einúngis tillit til umstángs þess, er af löggyldíngunni einni saman leiðir, heldur og til starfauska þess yfirhöfuð að tala, er bættist á sýslumenn við það, að bækur þessar yrðu tíðkaðar.

Framsögumaður: Eg ætla, að min uppástúnga sè samkvæm frumvarpinu, og ætla mèr ekki að gjöra mas útaf 8 skildínga borguninni, þar sem eg helzt vildi að eingar slíkar bækur væru.

Ásgeir bóndi Einarsson: Mèr virðist ákvörðunin um kvittunarbækur nauðsynleg, og það ætla eg megi fullyrða, að bændur vilji heldur borga bókina hver um sig, enn vera án hennar. Að öðru leiti ber umræða þessi vitni um, að sýslumenn, sem þó víðast hvar eiga við sæmileg laun að búa, eru ekki mjög fúsir á að vinna mart fyrir bændur ókeypis. Enn má eg geta þess, að það mundi verða bændum þúngbært, ef þeir ættu þannig að borga hverja helzt kvittun, eins og hèr er gjört ráð fyrir.

Stephán hreppstjóri Jónsson: Eg verð að stínga uppá, að hreppstjórar löggyldi bækur þessar, hver í sínum hrepp; þeir eru flestir þínggjaldafríir, og þess vegna óviðkomandi, og mundu gjöra þetta ókeypis.

Eyjólfur hreppstjóri Einarsson: Eg vil þá, að sýslumaður sè skyldur, hvenær sem er, að kvittera í bókina, en þetta sè ekki látið koma undir hægð sýslumanns og góðum vilja.

Framsögumaður: Þetta verður þó að vera komið undir störfum sýslumanns; hann er opt á manntalsþíngum svo miklum önnum kafinn, að hann mundi ekki fá því við komið, en ekki er að ætlast til, að hann leggi saman nótt og dag.

Eyjólfur hreppstjóri Einarsson: Þetta verður þó nauðsynlegt, eigi bókin nokkuð að þýða, og hrökkvi sýslumanni ekki dagurinn til þínghaldsins, munu bændur mega bíða til næsta dags.

Forseti: Þar einginn ræðir nú leingur þetta mál, hlýt eg að álíta það nægilega undirbúið, en þar nokkrir þíngmenn hafa hagað orðum sínum á það leið, eins og þær bækur, sem

hèr ræðir um, væru óþarfar, svo verða þeir, sem eru á því máli, að geyma sèr rètt til breytíngaratkvæðis.

Nú var rædt frumvarpið um laun til hreppstjóra, og las framsögumaður, sýslumaður Kr. Magnusen, upp álitsskjal nefndarinnar, sem er þannig látanda:

„Hinu virðulega alþíngi hefir þóknazt, 5. dag. þ. m., að kjósa oss undirskrifaða í nefnd til að yfirvega þegnlegt frumvarp frá ymsum hèruðum landsins, um betrun á kjörum hreppstjóranna, hver frumvörp við þá meðtókum, og hèrmeð afhendum þínginu aptur, og verður álit vort þetta eptirfylgjanda:

Það hefir um lánga tíma verið mikið ræðuefni allra á milli, hvernig hreppstjórar á Íslandi gætu öðlazt sanngjörn laun, sem fátækraforstjórar, fyrir starfa sinn, en öllum hefir komið saman um, að viðurhlutamikið væri, að leggja nýjan skatt á almenníng, hvers vegna launaákvörðunin hefir dregizt úr hömlu. Hreppstjórar hafa, sem vonlegt var, látið í ljósi óánægju sína yfir launaleysinu, sèrdeilis síðan konúngsboð frá 14. Apríl 1819, og kansellíbrèf frá 11. Júlí 1818, gjörði þeim að skyldu, að lúka, sem aðrir sveitarbændur, tíund og aukatillagi til fátækra, samt jafnaðarsjóðspeníngum, frá hverju þeir höfðu verið fríaðir við það af landsins háyfirvöldum útgefna instrúx frá 24. Nóvember 1809, sem enn fremur gefur von um, að hreppstjórum verði útveguð sanngjörn laun að verðskuldun, þegar hentugleikar leyfðu, en þareð þessu ennnú ekki hefir orðið framgeingt, og hreppstjórnarinnar fyrirhöfn, skriptir og fleira hafa þó töluvert aukizt, þá hefir slíkt ollað sveitum töluverðs baga, þar bæði flestir hreppstjórar hafa nauðugir tekizt hreppstjórnina á hendur, og sumir flutt burt og flúið hreppinn, til að sleppa þar frá, og fáir tollað í þjónustu þessari þrem árum leingur, hvað því skaðlegra má virðast, sem hreppstjórar þá fyrst hafa feingið þá æfingu og þann kunnugleika, sem nauðsynlegur er, til að geta gegnt köllun sinni með dugnaði. Þetta er líka af almenníngi viðurkennt, því mörg vitum vèr þess dæmi, að hreppsbændur hafa framboðið hreppstjórum þóknun af sveitarfè, eður sameiginlegu tillagi sínu, til þess þeir væru við hreppstjórnina. Sú litla þóknan, sem hreppstjórar nú hafa í launa skyni, getur eigi talizt önnur enn sú, að þeir eru undanþegnir að greiða skatt, gjaftoll, lögmannstoll og tíund til konúngs, sem einganvegínn getur heitið nokkurt endurgjald, einkum þegar hreppstjórinn ekki er efnamaður, og kemur hèr að auki

svo ójafnt niður, að dugnaðarhreppstjóri, sem er fátækur, fær lítið, þegar hinn, sem máske er lángtum framkvæmdarminni, fær mikið, og þetta var nú líka tilfellið, meðan þeir voru fríteknir frá útsvari til fátækra.

Til þess nú að fá leiðréttíngu hèr á, og hindra þennan ójöfnuð, finnst oss nauðsyn til bera, að ákveða, hversu mikið sanngjarnlegt væri að launa hreppstjórum, og hvaðan samngjarnast væri að taka það. Oss virðist, þegar litið er til efnaástands landsins og annara kríngumstæða, sem launin megi eigi há vera, og einúngis ákvörðuð þannig, að haft sè tillit til hreppstjórans vinnumissis, og hann því feingi árlega hèrumbil vinnumannskaup í allt; vèr höldum því, að launin ættu eigi nè geti fyrst um sinn orðið ákveðin hærri, enn 120 álnir, og eigi lægri, heldur enn 60 álnir í landaurum, og ætlum vèr það hvergi sanngjarnlegar tekið, enn af hreppanna sjóði, því bæði er, að vèr getum eigi fundið, hvaðan launin yrðu tekin, nema með nýjum skatti, sem ekki er mælanda með, og á hinn bóginn höldum vèr það rèttast, að hèrað það, hverju maður þjónar, sè skyldast til að endurgjalda þjónustuna, og getum vèr ekki haldið, að sú ákvörðun, að launa hreppstjórum af sveitarfè, yrði alþýðu óvinsæl. Vèr stíngum því uppá, að þíngið mæli fram með því, og beiðist hans hátignar konúngsins allramildustu fyrirskipunar, er hjóði:

> Að hreppstjórar hèreptir öðlist laun af viðkomanda hrepps sjóði, frá 60 til 120 álna árlega í landaurum, og að hlutaðeigandi sýslumaður ákveði í hvert skipti, hvað af þessu hann álítur samgjarnast eptir hreppsins stærð, fjárhag, hreppstjórnarinnar erviðleika, og hreppstjórans efnaástandi, en hver sá, er vanhaldinn þykist af þeim úrskurði, er sýslumaður fellir, kæri það fyrir amtmanni, er skeri úr þrætum".

Framsögumaður: Það er kunnugt, að kjörum hreppstjóra hèr í landi er skipað miklu miður, enn vera bæri, og því mun það almenn ósk, að á því máli gæti orðið lagfæríng; að því hníg-ur og álitsskjal nefndarinnar, og vona eg til, að það því mæti góðri áheyrslu hjá þínginu, og það því heldur, sem eg ætla, að það, sem hún stíngur uppá, sè á góðum rökum byggt, og verði ekki alþýðu að töluverðri byrði.

Eyjólfur hreppstjóri Einarsson: Eg verð að mæla, eins og áður, gegn því, að hreppstjórar fái laun úr sveitarsjóðunum, því eg ætla, ekki geti hjá því farið, að það mundi verða

mjög óvinsælt hjá allri alþýðu, enda virðist mèr, þar sem sýslumenn fela hreppstjórum mörg verkefni á hendur, að það standi og þeim næst, að leggja dálitið af við hreppstjórana af launum sínum.

Framsögumaður: Ekki get eg fallizt á, að nokkur rèttur sè til þess, að sýslumenn miðli af embættislaunum sínum við hreppstjóra; launin eru sýslumönnum ákveðin í konúnglegu veitíngarbrèfi afdráttarlaust í þessu tilliti, og þar að auki fá hreppstjórar hjá sýslumönnum, eptir aukatekjureglugjörð, borgun fyrir þau störf, er þeir fela þeim á hendur, t. a. m. uppboð o. s. frv.

Eyjólfur hreppstjóri Einarsson: Eptir því, sem mèr er kunnugt, eru það einúngis þau störf, sem ekki borga sig, sem sýslumenn fela hreppstjórum, og er það því ekki nema eintóm byrði fyrir hreppstjóra, að gegna þeim, og ættu þeir því að vera lausir við slík störf.

Framsögumaður: Þetta leiðir af köllun hreppstjóra og instrúxi, og þó þeir hafi gegnt þessari köllun, hefi eg ekki heyrt hreppstjóra kvarta yfir því, með því þeir þó hafa tekið nokkur laun í aðra hönd, sem hèrumbil munu borga fyrirhöfn þeirra.

Eyjólfur hreppstjóri Einarsson: Eg kalla þetta ekkert annað enn byrði fyrir hreppstjóra, og eg veit ekki heldur, hvort hreppstjórar geta verið skyldir til að gegna skipun sýslumanns í þessu efni; eg held, að bæði eg og aðrir hreppstjórar yrðu fegnastir því, að vera lausir allra mála í þessum erindagjörðum sýslumanna.

Framsögumaður: Eins og eg hefi sagt, er þetta þó gjört hreppstjórum að skyldu með instrúxi þeirra og öðrum yfirvalda ráðstöfunum.

Konúngsfulltrúi: Opt hefir verið um það hugsað og ráðgast af hlutaðeigandi yfirvöldum, hvernig bætt yrðu kjör hreppstjóranna, þareð menn hafa ætíð játað, að endurgjald það, er hreppstjórar nytu, væri mikils til of lítið, í samanburði við erfiðismuni þá, er störf þeirra legðu þeim á herðar. Fyrir þá sök mundi stjórninni vera það mjög geðfellt, ef hún gæti feingið frá alþíngi frumvarp til haganlegrar tilskipunar um þetta málefni. En þvílíkt frumvarp er vart að finna í álitsskjali nefndarinnar. Hreppstjórnarverkin snerta og fleira, enn fátækra málefnin ein, og væri það einúngis í því tilliti óviðfelld-

ið, ef gjalda ætti þeim einúngis af fátækra sjóði, og tekjur þær, sem einúngis eru ætlaðar í fátækra þarfir, þannig geingju til annars. Borgun sú, sem uppá er stúngið, nefnilega frá 60 til 120 álna, mundi og í allmörgum hreppum ekki nást, nema með of miklum útgjöldum af fátækra sjóðnum; því þó eg, nú sem stendur, geti ekki haft í höndum nákvæmar skýrslur um fjárhagi og ástand hvers hrepps, þá ætla eg þó, að slík útgjöld af sveitarsjóðunum gætu valdið því, að í sumum hreppum yrði búandi hver að gjalda 6 eða 7 álnir til sveitar. Eptir því, sem mönnum hafa farizt orð hèr í dag um þetta mál, þá hygg eg, að það mundi ekki verða hreppstjórum allskostar að gagni, ef þesskyns álögur væru lagðar á hreppsbændur fyrir sakir hreppstjóranna. En þar að auki er enn eitt atriði, sem gjörir það ísjárvert, að mæla fram með uppástúngu þessari. Nú um þessar mundir hníga hugir manna mjög að því, að rýmka um og endurbæta hreppsfèlögin (*Communalforholdene*), að láta þau sjálf eiga meiri þátt í stjórn sinni, enn hingað til. Ef þessu á að geta orðið framgeingt, þá þarf þess við, eins og dæmin sýna í Danmörku, að margir menn ókeypis leggi fram tíð sína og atorku til fèlagsins þarfa. Eg ætla því, að þess vegna sè ekki ráðlegt, einmitt nú að ákveða laun handa þeim eina embættismanni, sem hrepparnir hafa átt til þessa, og það þannveg, að greiða skyldi launin úr sjóði þeim, sem einúngis snertir eina tegund af hreppsefnunum.

Framsögumaður: Eg verð eigi síður að mæla með frumvarpinu, en fellst á, að ákveðið verði í fátækum hreppum minnst 40 álnir.

Assessor Johnsen: Eg gaf atkvæði mitt fyrir, að nefnd yrði kosin í þessu máli, af því mèr þótti það áríðanda, að kjör hreppstjóranna, ef það væri unnt, yrðu bætt, en eg er deigur á að mæla fram með uppástúngu nefndarinnar, því eg óttast fyrir, að hreppstjórar, sem hinn virðulegi alþíngismaður frá Barðastrandarsýslu, víst ekki án orsaka, hefir sagt, að fremur sèu óvinsælir meðal sveitarbúa, þá verði enn óvinsælli, ef taka á laun handa þeim beinlínis af sveitartillögum bændanna eða úr sveitarsjóðnum; en mèr hefir komið til hugar, hvort ekki mundi tiltækilegra, að launa þeim af sveitinni í nokkuð öðru formi, eða að fría þá við útsvar til fátækra framfærslu. Þessi launamáti virðist mèr einnig að hafi það fram yfir hinn, að hreppstjórar þá feingju laun að því skapi, sem þeir hafa meira

fyrir hreppstjórninni, því mest er fyrirhöfn þeirra og umsvif í þeim hreppum, sem eru hinir fátækustu, og ómaga-byrðin er mest. En þó er eg, á meðan ekki fleiri þingmenn láta meiningu sína í ljósi hèraðlútandi, í þvílíkum vafa um þetta mál, að eg treystist ekki til að sinni, að áskilja mèr varaatkvæði í því skyni, er eg þannig vèk á.

Prófastur Hannes Stephensen: Það er mín vafalaus meiníng, að borgun þessi, sem hinn virðulegi þingmaður Árnessýslu stakk uppá, sè í öllu miður fallin, enn uppástúnga nefndarinnar, því einatt ber það við, einkum í hinum fátæku hreppum, að hreppstjóri er fátækur og útsvar hans því lítið, og verður því á stundum minnst borgun fyrir mest starf.

Framsögumaður: Mèr getur ekki skilizt, að sú borgun úr sveitarsjóðnum, sem stúngið er uppá handa hreppstjórum, þurfi að verða þúngbær eða almenníngi óvinsæl, þar sem þó lítið eitt kemur á hvern búanda.

Eyjólfur hreppstjóri Einarsson: Þetta er komið undir ásigkomulagi hreppsins, og nær virðist mèr það, að launin sèu tekin, eins og alþíngismaður Árnesínga sagði, þó mèr ekki heldur þyki það tiltækilegt.

Forseti: Um það, hvernig hreppstjórum yrði útveguð laun, mun fáum hafa veitzt tilefni til að hugsa optar, enn mèr, en þó hefir mèr ekki tekizt að finna málefni þessu hagfellda undirstöðu. Eg verð að álíta, að verði hreppstjórum, eins og nefndin kveður upp, launað úr sveitarsjóðnum, mundi það vekja óvild alþýðu, og sama mundi koma upp, þó uppástúngu hins heiðraða alþíngismanns frá Árnessýslu væri fylgt. Eigi að síður játa eg, að það er öll nauðsyn á því, að bæta kjör hreppstjóra, en vandinn er að leysa úr því, hvernig því verði við komið.

Framsögumaður: Fái frumvarpið ekki framgáng, áskil eg mèr, þegar málið verður rædt í þriðja sinni, rètt til að koma fram með breytíngaratkvæði þess innihalds, að hreppstjórar verði lausir við útgjöld til allra stètta.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg fyrir mitt leiti felli mig miklu betur við breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Árnessýslu, enn uppástúngu nefndarinnar. Hins vegar finnst mèr, að hvorki undanþágu frá sveitarútsvari, nè nein önnur laun, ætti að veita nokkrum hreppstjóra fyrr, en hann um tiltekna áratölu, t. a. m. 5 ár, er búinn að sýna þann dugnað, að tilvinnanda sè að

launa honum, svo hann verði við hreppstjórnina. Hver hreppstjóri, sem er kosinn, er skyldur að hafa starfa sinn á hendi um 3 ár eptir lögunum; að þeim liðnum, og máske fyrri, verða menn, ef til vill, fegnir, að hann sleppi hreppstjórninni aptur, og þegar svo er, vil eg ekki að honum sè launað. Sjái eg því, að breytíngaratkvæði assessors Johnsens vinni meðhald hèr á þínginu, áskil eg mèr einnig breytíngu á því atkvæði hans, eins og eg nú mælti.

Sýslumaður Blondahl: Eg held það leiddi til mikils ójafnaðar, ef bót væri ráðin á kjörum hreppstjóra með því, að frítaka þá fyrir útsvari til fátækra, því opt stendur svo á, að hreppstjóri er góður efnamaður, og annar fátækur, svo stundum yrðu launin töluverð, stundum svo að kalla eingin, og er því ekki byggjanda á svo hvikulum grundvelli, en þessi ójöfnuður fellur í burtu, ef frumvarpi nefndarinnar er fylgt í þessu efni, og víst mundi það ekki verða nokkrum hrepp svo þúngbært, eins og hinn virðulegi konúngsfulltrúi nýlega gjörði ráð fyrir.

Assessor Johnsen: Þareð eg nú þykist hafa orðið þess áskynja, að þíngmönnum falli betur, að laun sèu ákveðin fyrir hreppstjóra með þeim hætti, er eg vèk á, enn á þann hátt, sem nefndin hefir stúngið uppá, held eg, að eg verði að ráða það af, að áskilja mèr breytíngaratkvæði á sagða leið.

Að öðru leiti var það ekki að eins meiníng mín, að hreppstjórum ætti að hlífa við að gjalda aukaútsvar til uppheldis fátækra hjá öðrum, heldur líka við því, að halda nokkurn sveitarómaga sjálfir, og þetta ætla eg, að hrepstjórum mundi koma því betur, sem þýngslin á ómagahaldinu sjálfu munu vera meiri í þeim hreppunum, hvar ómagarnir eru mjög margir, enn í hinum, þar sem þeir eru færri, að tiltölu eptir stærð hreppanna, og það því fremur, sem þess er nú hèr getið, að hreppstjórar líka sèu fátækari, þar sem hreppsómagar eru fleiri að tiltölu, enn annarstaðar.

Konúngsfulltrúi: Þar sem hinn virðulegi konúngkjörni þíngmaður, er talaði fyrir skemmstu, sagði, að vart mundi sá hreppur til vera, er svo þyrfti mikið fram að leggja til launa hreppstjórum, sem það, er eg tók til, þá vil eg taka til dæmis Selvogshrepp í Árnessýslu, þar sem að eru mjög fáir bændur, er tíund svara, og Austurhrepp í Norðurmúlasýslu, þar sem ekki kvað vera nema 6 bændur.

Sýslumaður Blondahl: Þar sem hreppsbændur eru fáir, mætti setja launin niður, svo 30 álnir yrði hið minnsta.

Sveinn hreppstjóri Sveinsson: Eg get sannað það, sem konúngsfulltrúi mælti; til eru þeir hreppar í minni sýslu, að ekki eru þar nema 6 til 10 bændur, og þessum yrði þá, eins og hann sagði, útsvarið til hreppstjóranna fullt svo þúngbært, eins og hann gjörir ráð fyrir. Eg get því ekki fallizt á uppástúngu nefndarinnar, nè heldur á breytíngaratkvæði alþíngismannsins úr Árnessýslu.

Eyjólfur hreppstjóri Einarsson: Eg verð fyrir mitt leiti og mína sýslu að mæla í móti launum að sinni handa hreppstjórum, en bíða heldur í þeirri von, að hreppstjórum á sínum tíma muni veitast hæfileg verkalaun.

Prófastur Hannes Stephensen: Eg er enn, sem fyrr, sömu meiníngar, að ósanngjörnust verði borgun hreppstjóra þar, sem þeir hafa mest starf á hendi, það er að skilja í þeim fjölmennu, en fátæku hreppum, því ekki er vit bundið við efnin ein, en þann vilja menn hreppstjóra hafa, sem er greindur og sanngjarn, þó fátækur sè, og ekki ætla eg það bæti kjör hreppstjóra, sem þíngmaður Árnessýslu nú bætti við, að hreppstjórar skyldu einnig vera lausir við ómagahald, því það ætla eg þeim hafi að undanförnu verið bannað, enda er það í sveitum mest umtalsefni, að allir vilja halda ómagann.

Stephán hreppstjóri Jónsson: Eg verð að vera því mótfallinn, að laun hreppstjóra sèu innifalin í fríun frá útsvari til fátækra, því eg held, að reynslan hafi sýnt þann ójöfnuð, sem þar af leiðir, og eg hefi haft það dæmi fyrir augum á þeirri tíð, sem það við gekkst, að í einum hrepp var hreppstjóri stórríkur maður, svo útsvar hans til fátækra mundi hafa orðið nokkur hundruð fiska, en í öðrum hrepp var hreppstjóri blá-fátækur ómagamaður, svo útsvar hans gat litlu eða eingu numið. Eg hefi líka nokkur dæmi nýskeð, að hreppsbændur hafa tekið uppá því, að launa hreppstjórum sínum, helzt þeim, sem þeir hafa verið búnir að reyna og þeir ekki vildu missa, en hvort þeir yrðu eins fúsir á það við óreynda hreppstjóra, eður ef þeim væri gjört það að lagaskyldu, veit eg ekki. Eg verð líka, í tilliti til þess, sem minnst var á sýslumenn, að viðurkenna, að hreppstjórar í Eyjafjarðarsýslu, að því leiti eg þekki til, njóta óskertrar borgunar fyrir uppboð, sem þeir halda fyrir sýslumann.

Kandidat Jón Sigurðsson: Eg er eins sannfærður um það, eins og eg held allir verði að vera, sem kunnugir eru ásig-

komulagi þessa lands, að hreppstjórar ættu í mörgu tilliti skilið, að bót væri gjörð á kjörum þeirra, en allt fyrir það virðist mèr, af því, sem hèr hefir komið fram, að slíkir annmarkar sèu bæði á frumvarpi nefndarinnar, og á því, sem hinn virðulegi þingmaður fyrir Árnessýslu hefir borið upp, að þingið geti með eingu móti mælt fram með því. Mèr finnst einnig, að þegar taka skal til borgun á annað borð, þá verði hún að vera svo rífleg, að hún megi heita að bæta manni fyrir ómak sitt og fyrirhöfn, en að ákveða borgun, sem er svo lítil, að sá, sem við teknr, er eingu nær enn áður, finnst mèr að sè til að venja menn á sultarskap, og að heimta þóknun fyrir hvert handarvik, sem menn gjöra, þó þeir gjöri það eins í sínar þarfir og annara. Það er nauðsynlegt og mjög áríðanda, ef menn vilja að nokkur þjóðarandi lifni við hèr á landi, sem eg ætla allir muni óska af heilum hug: að koma þeim hugsunarmáta inn hjá alþýðu, að nokkuð sè gjöranda fyrir sæmdina, og ekki að eins fyrir smásmuglega metið endurgjald í peningum. Þetta atriði, sem hèr er tekið fram í frumvarpinu, áhrærir þar að auki einúngis eitt lítið atriði úr öllu sveitastjórnarmálinu, en þingið vantar auðsjáanlega mikið til, að geta komið fram með fullkomið frumvarp um það málefni allt að þessu sinni. Hins vænti eg heldur, að stjórnin mundi vilja búa til frumvarp um það mál, sem er svo mikils áríðanda, og mèr virðist þinginu bjóðast hèr tækifæri til að beiðast þess af stjórninni; eg áskil mèr því það breytingaratkvæði, að frumvarp þetta verði ekki samþykkt, heldur sent til stjórnarinnar með þeim fyrirmælum, að konúngur vildi láta búa til frumvarp til sveitarstjórnarlaga hèr á landi.

Konúngsfulltrúi: Það mundi þó eflaust vera mjög lítið tilefni til mjög mikils starfa, ef menn sendu uppástúngu þessa, sem nú er rædt um, til stjórnarinnar, með þeirri bón, að hún vildi fyrir þá sök semja frumvarp til tilskipunar fyrir hreppsfèlögin. Til slíkra starfa þyrfti nú sjálfsagt mart, sem áður væri undirbúið, og alþingið yrði þá að minnsta kosti að benda til þess, hvaða stefnu ástand og efni hreppsfèlaganna hèr á landi mundi geta tekið, því það liggur í augum uppi, að sú aðferð, sem við hefir verið höfð í Danmörku til þess, að koma skipulagi á þetta málefni, getur einganveginn leiðbeint mönnum hèr á landi. Það mætti enn fremur, eins og eg áður hefi vikið á, virðast því heldur áhorfsmál, að senda þessa uppá-

stúngu, og biðja stjórnina, að koma betra skipulagi á hreppamálefnin, sem hið nýja skipulag á þesskyns málefnum eflaust yrði að gjöra ráð fyrir því, að þeir skyldu eingin laun taka, sem eitthvert hreppsembætti hefðu á hendi, en uppástúnga þessi miðar einmitt til hins gagnstæða.

Kandidat Jón Sigurðsson: Eg játa það fullkomlega, eins og eg líka sagða í þeim orðum, er eg mælta fyrir skemmstu, að atriði það, sem hèr er borið upp, er mjög lítil grein úr sveitastjórnarmálinu; en það, sem eg hefi fyrir augum, er það, að eg óskaði, að þingið sýndi, að það viðurkenndi sjálfa grundvallar-orsök frumvarpsins, og vonaði þarhjá, að ósk þingsins kynni að koma því til leiðar, að stjórnin tæki til að búa undir frumvarp til nýrra laga um sveitarstjórnina hèr á landi.

Konúngsfulltrúi: Eg get ekki enn sannfærzt um, að þingið hafi nokkra ástæðu til að senda þessa uppástúngu til stjórnarinnar. Það yrði þá að vera í öðru hvoru þessu skyni, annaðhvort til þess, að fá endurbætt kjör hreppstjóranna, ellegar til þess, að flýta fyrir, að samin yrði tilskipan um málefni hreppanna. En hvað hið fyrra snertir, þá mun það láta nærri, eptir því, sem hèr hefir verið rædt í dag, er eg hygg að verða muni tillögur þingmanna, að þessu geti ekki orðið framgeingt með því móti, sem uppá hefir verið stúngið, en að senda uppástúnguna einúngis með þeim ummælum, að alþing hafi ekki getað sèð nokkur úrræði til þess, að ná því takmarki, er það vildi ná, mun án efa vera öldúngis gagnslaust. Hvað hið síðara snertir, þá ímynda eg mèr, að tilskipan á málefnum hreppsfèlaganna mundi vart með öðru móti komast á stofn, heldur enn ef einhver hinna virðulegu alþingismanna tæki saman þess kyns frumvarp, og leiddi rök að ástæðum þeim, er það væri byggt á, svo að aðalatriðin gætu komið til umræðu, og alþing gæti átt kost á, að segja tillögur sínar um þær aðalreglur, er því sýndist að byggja ætti á, þegar málinu væri ráðið til lykta. En að senda þánnig, eins og hinn virðulegi þingmaður fyrir Ísafjarðarsýslu bar upp, stjórninni uppástúngu þessa, sem miðar til annars, og beiðast þess, að stjórnin vildi skerast í og koma skipulagi á sveitamálefnin, án þess að þar með fylgðu nokkrar ástæður, eður skýrslur um ósk alþingis í höfuðatriðum málsins, það get eg ekki ætlað, að yrði máli þessu til hins minnsta gagns, og stjórninni kæmi einmitt til hugar, að alþing

væri heldur ekki í þessu efni fært um að finna rètta undirstöðu, sem svo mætti reisa mál þetta á. Eg verð því að taka það upp aptur, að eg fæ ekki sèð, að þingið hafi nokkra ástæðu til að senda uppástúngu þessa til stjórnarinnar, í hvorugum þeim tilgángi, er eg nefndi fyrir skemmstu.

Ásgeir bóndi Einarsson: Eg verð að fallast á það, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi hefir sagt, að ekki mundi vera ráð, að senda bænarskrá um skipun á sveitastjórn til konúngs, fyrr enn komin væri skýrsla um þau mál frá mörgum, eða öllum, hèruðum landsins; svo virðist mèr og, að miður ríði á, að máli þessu verði ráðið fljótt, enn vel, til lykta. Í minni sýslu hugsuðu menn bezt væri, að þetta mál biði þángað til búið væri að laga skattgjaldslögin.

Forseti kvaðst ætla, að nú mundi mál þetta nóg rædt til undirbúnings.

Þá skýrði forseti þinginu frá, að til sín væri komin bænarskrá frá þingmanni Ísafjarðarsýslu, viðvíkjandi betri læknaskipun í landi hèr, og lèt hann fá bænarskrána í hendur flutníngsmanni, sem las hana upp, og er hún þannig látandi:

„Það er kunnugra, enn frá þurfi að segja, að umhyggja fyrir læknahjálp er hin mesta nauðsyn í hverju landi, og það land fer ómetanlegra gæða á mis, sem vantar nauðsynlega og haganlega læknaskipun. Landsins velferð ríður á lífi og heilbrigði manna, og þegar ekki er fyrir því sèð til hlýtar, að því leiti sem sèð verður, þá verður tregara um framför og velfarnan hvers lands.

Afskipti stjórnarinnar um læknaskipun á Íslandi má að nokkru leiti telja að hafi byrjað ár 1650 og 51, þegar spítalar voru settir hèr á stofn, til „uppheldis holdsveikum mönnum og vanfærum", en engin læknatilsjón var veitt spítölum þessum fyrr enn ár 1760, þegar Bjarni Pálsson var settur hèr til landlæknis. Í erindisbrèfi hans, 4. gr., var honum ætlað, að kenna út frá sèr 4 efnilegum piltum, sem ætlazt var til að yrðu síðan settir til lækna í hèruðum þeim, sem fjarlægust voru landlækninum, og var þeim lagður uppheldisstyrkur með konúngsbrèfi frá 10. Maí 1762. Þar eptir voru settir fjórir hèraðalæknar, meðan Bjarni Pálsson lifði, en eptir hann liðinn var landlækni að eins leyft að kenna tveimur, og þar á eptir lagðist kennsla þessi niður um hríð, meðan Klog var hèr landlæknir, enda hefir

ekki læknum verið fjölgað, nema um tvo, síðan 1781, nema ef telja skal fastan lækni settan í Húnavatnssýslu.

Nú, sem stendur, hefir því land þetta, sem er talið 14—1800 ferhyrningsmílur, og er þar að auki mjög svo örðugt yfirferðar, ekki nema 8 lækna alls, það er 1 lækni á hèrumbil 200 ferhyrningsmílna svæði, og handa rúmum 7000 manna á einu hinu strjálbygðasta landi. Það fer þessvegna að líkindum, að mörg hèruð eru að kalla án læknishjálpar, og má telja til þess Múlasýslu norðan Smjörvatnsheiðar, Skaptafells sýslur báðar, Borgarfjarðarsýslu að miklum hluta, Mýrasýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslu, nokkurn hluta Ísafjarðarsýslu, Strandasýslu og Norðurþingeyjarsýslu; þar að auki verður læknahjálp í hinum hèruðunum víða lítil, vegna fjarlægðar, og er þó enn ekki þess getið, þegar læknir er farinn að eldast, eða honum er á einhvern hátt óhægt um ferðir. Þegar sóttir ganga, verða þær margfalt mannskæðari, enn þær mundu verða, ef nægileg væri læknishjálp, sem forn og ný dæmi sýna, og það fer að líkindum, að margsháttar ill venja, bæði í lifnaðarháttum, barnauppfóstri og mörgu öðru, liggur hèr í landi miklu lengur fyrir það, að tilsjón lækna, ráð og bendíngar vantar því nær hvervetna. Þetta lýsir sèr einnig í manndauðanum hèr á landi, því hvort heldur litið er til barnadauðans sèrílagi, eða til manndauða á öllum aldri, verður þetta land 10—20 % mannhættara en öll þau lönd sem mèr eru kunnug, t. a. m. England, Norðurameríka, Frakkland, Prussaland og Austurríki, og þó mun það verða sannað, að hèr sè hollara loptslag, og að eingu hættumeira enn í þessum löndum, svo orsökin hlýtur að vera skortur á læknahjálp og annmarkar á lifnaðarháttum manna, sem læknar gæti hvað mest og bezt lagað.

Það virðist því vera ein hin mesta nauðsyn lands þessa, að bætt verði hèr læknaskipun, og er það án efa hin fyrsta þörf, að smámsaman verði fjölgað svo læknum, að ekki yrðu færri læknar alls á landinu enn sýslur eru, og væri þó skipt læknaumdæmum eptir landslagi, en ekki eptir sýslutakmörkum, framar enn hentugt væri.

En þó þannig væri fjölgað læknum, mætti ekki segja að læknishjálp feingizt til hlýtar, í bráðum tilfellum; þess vegna er nauðsynlegt, að sèð verði um, að kenndar verði blóðtökur og annað handbragð það, sem þarf til að kippa í lið, binda um sár eða beinbrot, setja bólu, og annað þvíumlíkt; þetta þyrfti

að kenna svo mörgum, að í hverri sveit væri maður sem þetta kynni, og hefði lækna leyfi til að hjálpa í slíkum tilfellum, þegar með þyrfti.

Hver sá, sem athugar hvernig ástatt er hèr á landi, mun verða að játa, að þessari hinni miklu þörf lands þessa geti aldrei orðið fullnægt, svo vel sè, nema því að eins, að mentunarskóli handa læknum, og spítali eða sjúkrahús, verði sett hèr á landi, því þó slíkur skóli gæti ekki veitt svo umfángsmikla mentun, sem háskólinn í Kaupmannahöfn, eða aðrir enir beztu háskólar, veita nú sem stendur, þá yrði hann bezti undirbúningur undir háskóla-mentun, og er að því leiti ómissandi, sem innlend kennsla og æfing á innlendum spítala veitir manni miklu nákvæmari þekking á eðli manna, sjúkdómum og sèrhverju öðru, sem íslenzkur læknir þarf að hafa fyrir augum, enn kennsla í öðru landi getur veitt, þegar hina vantar að öllu. Slíkan spítala mundi að svo komnu vera hentugast að stofnsetja í Reykjavik, en þegar tímar líða og efni leyfa væri spítalar nauðsynlegir á fleiri stöðum þar sem læknar væri. Til kennslu við spítala þennan mundi fyrst um sinn verða komizt af með tvo kennara, þó án þess að landlæknirinn væri talinn þar með.

Efni þau, sem nú eru fyrir hendi til læknaskipunarinnar, eru þessi:

a)	það sem nú er varið til læknaþarfa af landsins sjóði, sem er (auk þess sem yfirsetukonum er veitt). .	3,630	rbd. árl.
b)	viðbót sú, sem nú er veitt lækni í Húnavatnssýslu	100	— —
c)	það sem ætlað var lækni í Árnessýslu með kon. úrsk. 4. Sept. 1839	100	— —
d)	sjóðir spítalanna, sem nú standa á leigu, hèrumbil 11,500 rbd.	460	— —
e)	spítalajarðirnar má telja að minnsta kosti 10,000 dala virði, eður afgjald þeirra árlega.	400	— —
f)	spítalahlutir árlega	1,000	— —
g)	kennslustyrkur, sem veittur hefir verið landlæknum með kon. úrsk. 28. Febr. 1806.	60	— —
	Tilsamans . . .	5,750	rbd. árl.

Eru þá rúmar 2,000 dala árlega afgángs því, sem nú er varið til læknaskipunar. Þar að auki er enn aðgætanda, að sjóður spítalanna vex í hendi, meðan ný tilhögun væri að komast á, spítalahluti mætti að líkindum auka nokkuð með haganlegri stjórn, og svo mundi mega haga aðferð læknabótarinnar, að litlu eður eingu þyrfti við að bæta, þegar þess væri gætt, að fjölga læknum og færa fram aðrar endurbætur eptir því, sem efni jykist, án þess að skerða þann sjóð sem nú er til, eða smámsaman safnast; en vildu menn leggja meira fram, til þess að endurbót þessari yrði fyrr framgeingt, þá virðist allvel fallið, að taka til læknasetníngar 400 dali þá, sem nu gánga til fátækrameðala, og svo að enum svo nefndu kristfjárjörðum væri varið til launa hèraðslækna, því hvorttveggja þetta má verða bæði fátækum og ríkum að miklu meiri notum, ef því væri þannig varið, enn það er nú sem stendur; sjóð ens forna Gufunesspítala mundi og mega leggja hingað til. Að sjóði spítalanna verði varið til þessa augnamiðs, ætla eg megi þykja vel til fallið, þareð svo má heita, sem spítalarnir sèu þegar niður lagðir; þeir hafa og, að allra dómi, verið til lítilla nota, og aldrei samsvarað tilgángi sínum; enda hefir það og verið samhljóða meiníng margra hinna vitrustu manna hèr á landi, að haganlegast mundi verða að verja sjóði þeirra til endurbóta á læknaskipun landsins. Þar á móti er nauðsynlegt, að ætlað væri herbergi sèrílagi á enum nýja spítala, handa nokkrum holdsveikum, þeim er menn hèldi læknandi, til þess reyna mætti til hlýtar, hvort ekki yrði kostur á að lækna þennan sjúkdóm, sem er landi þessu til svo mikils tjóns.

Eg dirfist þessvegna að stínga uppá, að alþíng beri upp þá bæn við konúng vorn:

Að læknaskipun hèr á landi verði bætt svo fljótt sem verða má, og læknum fjölgað, á þann hátt:

1. að spítali verði settur í Reykjavík, með tveimur læknum, að ótöldum landlækni, og verði þar ætlað herbergi sèrílagi handa holdsveikum, sem menn ætla læknandi.
2. að læknum verði smámsaman fjölgað, þángað til læknir yrði að minnsta kosti í hverri sýslu.
3. að kenusla á meðferð einföldustu sjúkdómstilfella, og leyfi til að fara með þau, veittist svo mörgum, að slíkir aðstoðarlæknar yrði í hverri sveit á landinu.

Reykjavík, 14. Júlí 1845."

Kandidat Jón Sigurdsson: Það fyrsta, sem mèr ber að mæla með þessari uppástúngu er það, að biðja hið virðulega þíng fyrirgefníngar á, að eg ber þetta mál upp nú, eptir að svo mörg og merkileg mál eru komin fyrir þíngið; en eg vona að það verði mèr til afsökunar, að málið er mjög mikilvægt, sem eg vona að einginn neiti. Þar næst þykir mèr nauðsyn að fara nokkrum orðum um tvö atriði, sem að frumvarpinu lúta, til þess þau skuli ekki valda misskilníngi. Annað atriðið er það: í hverju sambandi þetta frumvarp stendur við bænarskrá þá, sem eg hefi borið upp um endurbót skólans. Það er hèr um að segja, að eg tek þetta frumvarp sem einn kafla skólamálsins, það er þann kaflann, sem við kemur læknakennslunni. Hitt atriðið, sem kynni þurfa útskýríngar við, er það, hvert samband eg hugsi mèr millum læknaskóla og þessa skólans á aðra hönd, en háskólans á hina. Þetta hugsa eg mèr svo: að þegar maður er útskrifaður úr skóla, og hefir numið forspjallsvísindi þau, sem nauðsynleg eru hverjum mentuðum manni, áður hann byrjar á vísindagrein þeirri, sem hann ætlar sèr til embættis, þá fari hann í þjónustu spítalans, eins og almennt er venjulegt, ef hann ætlar að nema læknisfræði, og þegar hann hefir þjónað þar um tíma, og lært það sem ætlað er undir lærdómspróf, þá megi hann fá hin lægri læknaembætti — því eg hugsa mèr embættin með misjöfnum launum — þó hann fari ekki til háskólans, eða taki annað próf enn við læknaskóla þennan. Hinir aðrir, sem hugsa til enna betri embætta, og hafa efni eða færi á að ná meiri mentun, hugsa eg muni fara utan og leita sèr meiri lærdóms, og hygg eg þá, að kennsla sú, sem þeir hafa fengið hèr, muni í engu spilla þeim, heldur bæta, eins og mèr virðist nokkur dæmi þegar sýnt hafa.

Forseti kvað flutníngsmann nú haf nóg rædt um innihald og augnamið bænarskrárinnar, og gjörði jafnframt þínginu kunnugt, að til sín væru komnar bænarskrár viðvíkjandi spítalanum á Hallbjarnareyri og í Möðrufelli, að þeir báðir yrðu lagðir niður, kæmu bænarskrár þessar að því leiti hinni fyrstnefndu við, að þær allar snertu meðferð spítalanna í þessu landi, sem allar bænarskrárnar vildu annaðhvort taka af, eða breyta frá því sem nú er. Hann skaut þvínæst til þíngsins úrlausnar: 1) hvort velja ætti nefnd til meðferðar hinni fyrstnefndu bænarskrá, og urðu flestir þíngmenn á því, og 2) hvort hinar aðrar bænarskrárnar

ættu ekki að afhendast þessari nefnd til meðferðar, og fèllust allir þingmenn á það. Var þá kosin nefnd og fengu þessir flest atkvæði: Kandidat Jón Sigurðsson 18, læknir Skúli Thorarensen 13, Blondahl 11, prófastur Thordarsen 9, og þeir assessor Johnsen, stiptprófastur Árni Helgason og umboðsmaður Þ. Sivertsen hver 8 atkvæði, og rèði því aldur, svo að stiptprófastur Árni Helgason varð nefndarmaður.

Þá bar FORSETI upp, að bænarskrá væri komin til sín frá alþingismanni Ísafjarðarsýslu um það, að öll sakamála lög, sem ætluð eru Íslandi, verði lögð fyrir alþing, eins og bænarskráin ber með sèr; lèt forseti fá skrána flutningsmanni, sem las hana upp, og að því búnu mælti fram með þriggja manna nefnd í málinu.

KONÚNGSFULLTRÚI: Áður enn geingið er til atkvæða um það, hvort kjósa skuli nefnd manna til að rannsaka þetta mál, vildi eg gjöra nokkrar athugasemdir. Eg neita því ekki, að meðan það boð gyldir, sem segir í 1. og 7. gr. tilskip. frá 24. Jan. 1838, þá sýnist svo, sem alþing hafi ei öll hin sömu störf á hendi, sem hin dönsku fulltrúaþing. En atriði þetta virðist þó fremur snerta hið ytra snið málsins (*Formalitet*) heldur enn efnið sjálft (*Realitet*). Hin almennu hegningarlög mega álítast, að svo miklu leiti þau leggja refsingu við þeim gjörðum manna, sem allstaðar eru kallaðar misgjörðir, eiga jafnt við allstaðar, einúngis með smá breytíngum, er snerta refsíngar aðferðina, og er sèð fyrir því, hvað Ísland snertir, í 3. og 4. gr. tilskip. 24. Jan. 1838. Til þess að segja, að hvað miklu leiti þesskonar lög eigi vel við, þarf þessvegna eingan sèrlegan kunnugleika til landslags í sèrhverju landi, heldur einúngis næga þekkíngu á hinum almennu aðalreglum lögvísinnar, og næga glöggskygni til að sjá, að hve miklu leiti hegníngarlög þau, sem þá skulu samin, standa í sambandi við hin eldri lög þess kyns. Ennfremur má geta þess, að það er næsta mikill lèttir fyrir íslenzka lögfræðínga, að hegníngarlögin hin íslenzku eru að öllu leiti samkvæm hinum dönsku, og alþýðu manna á þessu landi er það einginn skaði, þareð ekki er til þess ætlazt, að alþýðan skuli fara að grafa sig niður í þesshátta störf, og sèrhver veit þaraðauki hvað misgjörð er, og hvað ekki. Það er því mjög efasamt, hvort það mundi gott og gagnlegt fyrir Ísland, ef það ráð væri nú tekið upp, sem leidt gæti til þess, að hegníngarlög yrðu önnur á Íslandi

enn í Danmörku. Eg verð þannig að skjóta því til alþingis, hvort þetta mál sè þess eðlis, eða svo áríðanda, að kveðja skuli menn í nefnd til að ræða það gjör, einkum þegar nú er svo ástatt, að störfin eru mörg, sem þingmenn eiga að gegna, en þegar komið lángt fram á þingtíð.

Kandidat Jón Sigurdsson: Mèr finnst einúngis tvö atriði þurfa svars við, í því, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi mælti. Hann sagði fyrst, að hèr væri einúngis um „form" að tala; en þó aldrei væri þetta nema „form", þá er þessi „form" svo áríðandi, að ef þingið hirti ekki um hana, þá kastaði það frá sèr rèttindum þeim, sem konúngur sjálfur hefir veitt því með berum orðum, og það á með fullum sanni; en slíkt væri vottur ens fráleitasta hirðuleysis. Hinn háttvirti konúngsfulltrúi lèt þvínæst í ljósi, sem mál þessi væri þess eðlis, þareð þau væri einúngis almenn hegníngarlög, að ekki þyrfti að bera þau upp nema á enum dönsku þíngum; en ef þetta væri rètt, þá þyrfti heldur ekki að leggja slík lög fram á tveim þíngum í Danmörku nè hertogadæmunum, heldur yrði nóg að leggja þau fram á einu þíngi, en þetta hefir hvorki stjórninni nè nokkrum öðrum komið í hug. Þess má einnig geta, að lagaboð þessi eru ekki öll um almennar hegníngar, heldur er hið annað lagaboð (tilsk. 6. Sept. 1841) öldúngis laust við að ákvarða nokkra hegníngu. Öll þau lagaboð, sem eru sama eðlis og þessar tilskipanir, virðist mèr alþíng eiga að beiðast ráðaneytis um, hvort sem sett yrði kennsla í íslenzkri lögfræði við háskólann eður ekki.

Konúngsfulltrúi: Hvað tilskipun frá 6. Sept. 1841 snertir, sem hinn virðulegi þíngmaður Ísfirðínga minntist á, get eg þess einúngis, að mèr er sú tilskipun ekki kunnug, og hún finnst ekki heldur í hinu almenna tilskipana-safni.

Kandidat Jón Sigurdsson: Eg sá sjálfur í Kaupmannahöfn lagaboð þetta, meðan stóð á prentún þess, og skrifaði þá upp hvenær það væri gefið; nú má vera, að dagsetníngin hafi misskrifazt, en sè hún rètt rituð, þá ætla eg að eg muni hafa satt að mæla.

Forseti: Eg get ekki heldur synjað fyrir það, að mèr þykir það eiga vel við, að málið sè tekið undir nefndarálit, því mèr virðist undarlegt, að alþíngi sèu send lagaboð til íhugunar viðvíkjandi borgaralegum málum, en sakalög ekki, sem þó að sínu leiti einnig varða mikilvægum rèttindum manna, enda sýnist það einnig að forminu til að vera rètt, sem bænarskráin fer fram á, og verð eg nú með þessum ummælum að

skjóta því til þingsins úrskurðar, hvað við bænarskrá þessa eigi að gjöra, og hvort kjósa eigi nefnd til að yfirvega hana.

Var þá leitað atkvæða, og urðu flestir á að nefna ætti þriggja manna nefnd í þessu máli. Til að sitja í nefnd þessari voru kosnir: assessor Jonassen með 14, assessor Johnsen með 12, og kandidat Jón Sigurðsson með 12 atkvæðum.

Þar eptir sagði forseti fundi slitið.

19. Júlí — fjórtándi fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá þrettánda fundi lesin og samþykkt.

Varaforseti: Það er hinum heiðruðu þingmönnum kunnugt, að eg gat ekki sótt fund hèr í fyrra dag fyrir lasleika sakir; þá var rædt til undirbúnings málefnið, hvorsu bæta skyldi kjör hreppstjóranna, og var mèr því ekki unnt að bera upp breytingaratkvæði á rèttum tíma í því máli. Eg vil því leyfa mèr að bera það undir enn háttvirta forseta, hvort mèr leyfist ekki að bera þetta breytingaratkvæði upp nú, en það er: „að hreppstjórar fái til launa eina alin af hverjum búanda í hreppnum".

Forseti: Það er að vísu ekki beinlínis tekið til í alþingistilskipuninni, hvenær bera skuli upp breytingaratkvæði, en menn verða að álíta sjálfsagt, að ætið eigi að bera þau upp þegar málið er rædt til undirbúnings; ef koma mætti með þau smámsaman eptir það, mundi sú aðferð valda bæði ruglingi og tímatöf. Eg verð því að mælast til og álíta rèttast, að hinn heiðraði konúngkjörni þingmaður hreifi ekki tèðu breytingaratkvæði sínu að þessu sinni.

Forseti tók þá fram málefnið um kvittunarbækur (konúnglegt frumvarp VI.), útlistaði með fám orðum það, er til atkvæða skyldi gánga í þessu máli, og kvað það, er sýslumaður Blondahl hefði stúngið uppá, að bætt væri inn í 2. gr. frumvarpsins „ef þeir vilja", mundi mega álíta sem breytingaratkvæði.

Prófastur Halldór Jónsson: Ef kaupa skal gyldíngu kvittunarbókanna, vil eg að því sè bætt við, sem Blondahl sýslumaður stakk uppá; eg álít nefnilega, að tilgángur kvittunarbóka þessara sè sá, að tryggja rètt bændanna, og hygg því ekki hlýða að gjöra þeim að skyldu að hafa þær.

Prófastur Hannes Stephensen: Ef svo skyldi vera, mundi tilgángi frumvarpsins, þeim, að allir bændur hefðu kvittunarbækur, aldrei verða framgeingt, og ekki nema fáeinir bændur hafa þær. Vil eg því, að lögmálið gjöri bændum öllum að skyldu að hafa þessar bækur.

Prófastur H. G. Thordarsen: Eg verð með öllu að fallast á það, sem hinn virðulegi alþingismaður Borgarfjarðarsýslu nú mælti. Eg vil ekki einúngis, að bændum sè gjört að skyldu að hafa kvittunarbók, heldur og að hafa hana með sèr á þingið; hún getur minnt bóndann á það, í hverjum tilgángi hann sækir þing, á það, að hann á að gjalda, hvað mikið hann á að gjalda og að hann á að gjalda það strax; og þetta verð eg að álíta jafnþarft fyrir bóndann og sýslumanninn.

Framsögumadur: Eg verð að halda mèr til frumvarpsins, og breytínga þeirra, er meiri hluti nefndarinnar hefir uppá stúngið.

Varaforseti: Eg verð að vera sömu meiníngar og þeir enir heiðruðu þíngmenn, er mæltu næst á undan framsögumanni. Það verður að gjöra bændum það að skýlausri lagaskyldu, að kaupa eður útvega sèr kvittunarbækurnar.

Konúngsfulltrúi: Því til styrkíngar, sem bæði hinn virðulegi alþíngismaður úr Borgarfjarðarsýslu hefir sagt og fleiri af þíngmönnum, að hver bóndi skuli skyldur að hafa kvittunarbók, vil eg einúngis geta þess, að ef það væri ekki almennt, að menn hefðu bækur þessar, þá mundi það þykja, að sá bóndi tryði ekki of vel sýslumanni, sem beiddist að fá slíka bók, og væri þá albúið, að af því kæmi rígur á milli sýslumanns og sýslubúa hans.

Varaforseti: Eg verð með öllu að fallast á meiníngu ens hæstvirta konúngsfulltrúa, því sè sumum gjört að skyldu að hafa bækurnar, en sumum leyft að gjöra hvort þeir heldur vilja, þá yrði lagaboðinu ekki framgeingt.

Eyjólfur hreppstjóri Einarsson: En verði bændum gjört að skyldu að útvega sèr bækurnar og hafa þær á þíng, vil eg einnig það sè gjört sýslumönnum að skyldu, að rita í þær strax á þínginu, bæði hvað mikið ætti að gjalda og hvað mikið væri goldið.

Forseti: Þar eg verð að álíta, að nú sè útrædt um þetta mál, og að sú sè meiníng allra þíngmanna, að frumvarpið skuli lögleiða, þá skýt eg nú til atkvæða þeim breytíngum, sem uppá hefir verið stúngið.

1. breytíngaratkvæði alþíngismannsins úr Ísafjarðarsýslu: skulu sýslumenn skyldir að löggylda kvittunarbækurnar kauplaust? samþykkt með 19 atkv. gegn 5.
2. breytíngaratkvæði meiri hluta nefndarinnar: skulu sýslumenn skyldir að útvega kvittunarbók, gegn sanngjörnu verði fyrir pappír og band, hverjum þeim bónda, er ekki hefir útvegað sèr hana sjálfur? samþykkt með 16 atkvæðum gegn 8; og varð fyrir það eingin þörf að leggja breytíngaratkvæði Blondahls sýslumanns undir úrskurð þíngsins.

Forseti skaut þá til ýtarlegri og síðustu umræðu málefninu um betrun á kjörum hreppstjóra, og kvað búið að sleppa breytíngaratkvæðum þeim, er upp voru borin hið fyrra sinn þá mál þetta var rædt til undirbúníngs.

Eyólfur hreppstjóri Einarsson: Eg vil, að frestað sè öllum aðgjörðum um þetta mál; og víst má bæta kjör hreppstjóra svo, að vinsælla verði og haganlegra, á annan hátt, enn nefndin hefir stúngið uppá, en þótt það geti ekki orðið umræðu efni að þessu sinni.

Stephán hreppstjóri Jónsson: Eg er viss um, að hreppsbændur sjálfir hafa einhver úrræði til þess, að launa þeim hreppstjóra, sem þeir vilja ekki sjá af, að ramleik sjálfra sín og án þess það sè lagaskylda; og því hygg eg bezt að fresta því, að svo komnu, að ákveða hreppstjórum viss laun.

Assessor Johnsen: Eg áskilda mèr, þá er mál þetta síðast var rædt, breytíngaratkvæði í því á þá leið, að hreppstjórar yrðu fríaðir við útsvar til fátækra í hverjum hrepp, og sèrílagi við að halda ómaga sjálfir, af því eg bæði hèlt, að þeim bezt með þessum hætti yrði launað, sèrhverjum eptir fyrirhöfn þeirra og umsvifum fyrir hönd hreppsbúa, og líka, að þessi máti að launa þeim á, yrði nokkuð vinsælli, enn sá, sem nefndin hefir mælt fram með; en eptir því, sem eg síðan hefi komizt að raun um, hjá nokkrum af þeim virðulegu alþíngismönnum, er bezt þekkja til, óttast eg fyrir, að eg máske fari villt í þessu efni, enda er mèr það sagt, að flestir sèu tilleiðanlegri til að halda ómagana fyrir ákveðið meðlag, enn að leggja þeim, án þess að halda þá sjálfir, og verð eg því að ráða það af, að falla frá tèðu breytíngaratkvæði mínu.

Prófastur H. G. Thordarsen: Eg verð með öllu að fallast á það, er hinn heiðraði alþíngismaður úr Eyjafjarðarsýslu mælti. Hreppstjórarnir eru skyldir að lögum að gegna

hreppstjórnar störfum um 3 ár. En að þeim liðnum mundi eingum hreppstjóra verða veitt verðugri nè sómasamlegri laun enn þau, er hreppsbúar tækju sig saman um sjálfkrafa að láta af hendi við hann, til þess að missa hans ekki frá hreppstjórninni.

Kandidat Jón Sigurdsson: Eg get ekki, eins og eg sagða þegar málið var rædt hið fyrra sinn, fallizt á frumvarp þetta um bót á kjörum hreppstjóranna, og verð því að gefa atkvæði mitt móti því; en breytíngaratkvæði það, sem eg áskildi mèr, hefi eg látið niður falla, vegna þess, sem enn háttvirti konúngsfulltrúi lèt í ljósi á enum fyrra fundi, að stjórnin mundi ekki treysta sèr til að koma fram að fyrra bragði með frumvarp til sveitastjórnarlaga.

Forseti skaut þá undir atkvæði: vill þíngið að uppástúnga nefndarinnar nái lagagyldi.

Hrundið með 18 atkvæðum gegn 6, og fèll málið þannig, samkvæmt 61. grein í alþíngistilskipuninni.

Forseti lagði þá fram til undirbúnings-umræðu málefnið um hefð og skuldafyrníng (konúnglegt frumvarp I.), og afhenti álitsskjal nefndarinnar framsögumanni hennar Assessor Johnsen, las hann það upp og mælti með uppástúngu minna hlutans, og kvaðst bíða átektar um frekari umræður, þartil einhverjir þíngmenn mæltu í móti.

Álitsskjalið er þannig látanda:

„Alþíng hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að segja upp álit vort um frumvarp það til tilskipunar um hefð og fyrníngu rèttinda á Íslandi, sem Hans Hátign Konúngurinn hefir látið bera upp fyrir þínginu. Hafa nefndarmenn geingið í tvær sveitir um þetta mál, því vèr, prófastur Halldór Jónsson, umboðsmaður Jakob Pètursson og hreppstjóri Sveinn Sveinsson, álítum það mjög ísjárvert, að lögleiða á Íslandi hefð á móti sönnuðum eignarrètti, 1) vegna þess, að víða stendur svo á, að eigendur eða umboðsmenn jarðanna eru í afarmiklum fjarska frá þeim, svo þeim hlýtur að vera ókunnugt um, hvernig um þær fer, og þó umsjónarmaður sè settur yfir þær, sannast stundum máltækið: „einginn er öðrum sjálfur"; 2) vegna þess, að löndin eru sumstaðar ummálsmikil, og landamerkin óglögg og ógreinileg, svo með áseilni og yfirgángi getur tekizt að ná parti frá einni jörð undir aðra, helzt þar sem fákænn og friðsamur — eða þá hirðulítill — maður á hlut að máli; 3) vegna

þess, að eignir og einkum ítök liggja opt í afsíðis dölum, eður á fjöllum uppi, þar sem hægt er að nota þau af öðrum, án þess eigandi eða umráðandi viti neitt af, til hagabeitar, hrísrifs, grasatekju o. s. frv.; honum sjálfum er, ef til vill, ekki að eins ómögulegt að nota þau, heldur einnig að leigja þau; vèr tökum til dæmis: selstöður, rekaítök — þar sem sjaldan og lítið rekur — fjárupprekstrarrètt, skipsuppsátur, skógarhögg o. s. frv. Á mart af þessu sèr í lagi heima um kirknaítök; en sumstaðar skiptir opt um presta, og hver þeirra fram af öðrum kann að hafa lítið bú, en svo kemur á eptir sá prestur, sem bæði hefir efni og dugnað til að nota hlynnindi prestakallsins, og þá getur það orðið um seinan, eður hlynnindin verið geingin undan, ef tuttugu ára hefðin gyldir, sem síður yrði, ef hefðartíminn væri leingri. Ef tuttugu ára hefð væri lögtekin, gæti líka eigendum og umráðamönnum eigna og ítaka — einkum þar sem 100 ára hefð hingað til hefir gyldt — verið skaði búinn af því, að sá, sem eptir nýjár 1849 gæti sannað 20 ára hefðarhald á einhverri eign eða ítaki, skyldi verða eigandi þess, því skeð gæti, að sá fyrri eigandi seinna gæti feingið skjöl fyrir eign sinni eða rètti sínum, þó hann gæti ekki verið búinn að ná þeim og kæra mál sitt fyrir nýjár 1849. Af þessum ástæðum er

aðalatkvæði meira hluta nefndarinnar:

að hefð megi ekki vinna móti sönnuðum eignarrètti, en þar sem löggylda sönnun vantar, gyldi 20 ára hefðarhald; en hvað kirkjur áhrærir, mæli eg, prófastur Haldór Jónsson, með því, að 16. grein í tilsk. frá 1. Júlí 1746 standi óbreytt, af ástæðum þeim, sem til eru færðar í Tíð. frá Nefndarf. í Reykjavík 1841, bls. 185—87, og í ástæðunum fyrir frumvarpinu;

en varatkvæði:

að hefð — sem löggyld heimild móti áreiðanlegum skjölum eða löglegum vitnum — ekki vinnist á styttra tímabili enn 50 árum, allra sízt á brúkun eða ítökum.

En skyldi þingið á hvorug af þessum atkvæðum fallast, er meiníng mín, prófasts Halldórs Jónssonar, og mín, umboðsmanns Jakobs Pèturssonar, og svo einnig annars af þeim lögfróðu mönnum, sem hafa verið nefndinni til ráðaneytis, að leingri frestur ætti að gefast enn til 1849, áður enn dæmt verður eptir þeim nýju hefðarlögum, og ætlum við tiltækilegast, að fresturinn sè leingdur til 1855.

Þar á móti erum við, minni hluti nefndarinnar, eg landsyfirrèttar-assessor Johnsen og hreppstjóri Eyjólfur Einarsson, alveg á það fallnir, að frumvarpið eigi að fá lagagyldi á Íslandi, eins og það er lagt fyrir alþing, og eru sömuleiðis þeir lögfróðu menn, er geingið hafa nefndinni til handa, á því máli. Þareð ástæðurnar fyrir frumvarpinu, sem allir þingmenn hafa í höndum, útaf fyrir sig virðast mega nægja til að mæla fram með því, ætlar minni hluti nefndarinnar það einúngis hlýða, að bæta við þær fáeinum athugasemdum, með tilliti til röksemda meira hlutans, þeirra er færðar eru gegn frumvarpinu, að því sem hefðina og hefðartímann snertir, eptir 1. grein.

Við fáum eigi leidt hjá oss, fyrirfram að víkja á það atriði, að eins og allar siðaðar þjóðir hafa álitið hefðina og tiltekinn hefðartíma nauðsynleg til verndar eignarrèttindum, og það ætíð þeim mun nauðsynlegri, sem þær hafa orðið siðaðri, og meðölin til framfara þjóðanna og eflíngar velgeingni og rèttinda hafa fjölgað og aukizt, svo virðist, að þessi nauðsyn þess heldur eigi sèr stað á Íslandi, sem það er öllum kunnugt, að eignarètturinn óvíða verður hèr sannaður manna á milli, nema maður styðji sig við eignarhaldið (*Besiddelsen*), því auk þess, að víða vantar kaupbrèf og skilríki fyrir eignunum sjálfum, svo hagar þannig á Íslandi, sem óvíða eða máske hvergi annarstaðar hjá siðuðum þjóðum, að landamerkin alveg eru óviss og óákveðin í öllum eða flestum eignarskjölum, en það eru einmitt þau, sem optastnær valda ágreiníngi millum jarðeigenda, og er þá ekki eptir öðru að fara, enn eptir því, hvað sèrhver nágranna hefir yrkt og notað af landinu sem eign sína; en eigi sá, sem brúkað hefir landið, er hann ekki vissi betur enn hann ætti, um 20 ár, þannig, að sá, sem á móti á, varð að hafa eða gat haft vitneskju um það — og annars á ekki hefðin við — að verða af þessum brúkunarrètti að svo laungum tíma liðnum, ef hinn loksins kynni að komast yfir einhverjar gamlar skræður af máldögum eða vitnisburðum fyrir því, að landspildan heyri undir jörð hans, þá er öllum í augum uppi, að eignarrètturinn yrði því óvissari og valtari, sem hefðin er í minni metum, eða hefðartíminn er leingri, og er það þá eigi síður á þess hlið, sem hefir eignarskjölin fyrir sig að bera, því þess styttri sem hefðartíminn er, þess meiri hvöt hefir hann til að gæta rèttar síns, og sjá um að ekkert gángi undan

eign sinni, hvar á móti sönnunarbyrðin fyrir óátalinni brúkun á hins hlið verður því þúngbærari, sem hefðartíminn er leingri.

Að öðru leiti er þess að geta við tvær hinar fyrstu ástæður meira hlutans, að eins og það á einn bóginn verður að vera á sèrhvers eigin valdi, að sjá eður láta sjá svo um eign sína, þó hún sè í fjarska, að ekkert fari forgörðum af henni, svo virðist það ófært og ójöfnuður einn, að láta þann, sem brúkar eða lætur brúka, að ætlun hans með rèttu, landið sem eign sína, gjalda hirðuleysis þess manns eða umsjónarleysis, sem á móti á; en eigi er fremur hèr í landi, enn hjá Dönum, fyrir því að óttast, að heil jörð, stór eða lítil, gángi undan eigandanum við hefð.

Hvað hinni 3. ástæðunni viðvíkur, þá er því eigi hættara, að sá, sem ítök þau á, er liggja afsíðis eða á fjöllum uppi, líði hallann af hefðarlögunum, enn hinn, sem notar ítökin, að ætlun hans sem eign sína; því viti ekki eigandi eða umsjónarmaður, eða geti ekki vitað, neitt af hefðarhaldinu, á hefðin eigi við ítökin, en hagi svo til, að hann geti vitað eða hljóti að vita af því, virðist, eins þegar svo stendur á, að gjört sè á hefðanda hluta, ef taka mætti af honum eignarnot þau, sem hann veit ekki betur enn að hann hafi haft með rèttu í 20 ár; en á hinn bóginn er það þar á móti sjálfsagt, að prettir eða leynileg aðferð eigi fær grundvallað neina hefð, og þareð hefðandi hlýtur að sanna eignarhaldið, ef eignarskjöl eru á móti, er eigi hætt við, að það eignarhaldið verði neinum að tjóni, sem fer fram með prettvísi eða á laun við aðra.

Eins er það með þau ítökin, er sjaldan sem aldrei koma að notum, t. a. m. hvalreka fyrir annars landi, að hefðarlögin ná eigi til þeirra, og er það dómstólanna, þegar svo stendur á, að taka fleiri kríngumstæður til greina, og vega þær hverja á móti annari. Þar á móti eru varla þau viðrekaítök til, að eigi beri nokkurt trè upp á fjöruna ár hvert, eða að ítakseigandi geti ekki sèð um eða vitað, hver fjöruna eða trjárekann notar um 20 ára tíma, og á þetta eins við þau önnur ítökin, sem nefnd eru til dæmis af meira hluta nefndarinnar, og eigi síður við kirknaítök í annara manna landi, og rekaítök kirkna fyrir annara manna landi, enn annara ítakseigenda; því ef hirðuleysi prestanna ætti að mæla fram með kirkjunum í þessu efni, þá yrði einmitt ein af þeim höfuðástæðunum, sem hefð ítakanna er byggð á, meðalið til þess, að gjöra á þeirra hluta

fremur enn annara, sem við kirkjur hafa að skipta, enda yrði þessi ójöfnuður því auðsjáanlegri, sem ekki að eins skiptir um umsjónarmenn kirknanna, eða prestana á brauðunum, heldur líka um eigendur sjálfseignanna, við sölu, makaskipti, erfðir o. s. frv., auk þess, að eigi skiptir optar um leiguliða á kirknajörðum, enn á öðrum jörðum í landinu.

Ef muninn ætti að gjöra prestanna vegna, væri líka jafngyld ástæða til, að láta eins eignakirkjur og sjálfseignir annara manna bera lægra hlutann, enn staðakirkjurnar, en það væri þó kynlegt, að bændur hefðu minna rètt gegn einni kirkjunni enn annari.

Það er ein af höfuðástæðunum fyrir hefðarlögum Dana á Íslandi, að það er sýnt og sannað, að dómendurnir, einkum á seinni tímum, hafa farið eptir þeim; því hverja helzt hugmynd sem alþýða gjörir sèr um gyldi þeirra meðal vor, er næsta ísjárvert að bregða af rèttarvenju þessari, sem mörgum hlýtur að vera orðin kunn, en sè hún ekki þjóðkunnug orðin, er það eigi síður ísjárvert, að dómar fari út í landinu, og það í þeim málum, sem eru þau flestu og svo mjög snerta eignarrèttindi manna, á þeim lögum byggðir og ástæðum, sem landsmenn eigi þekkja til eða rámar í.

Það er loksins því síður nein ástæða til, að halda 26. kap. í landsleigubálki í gyldi, eða láta eignarskjöl hrinda vel feingnu hefðarhaldi í 20 ár á Íslandi, sem þess er minni þörf hjá oss, að gjöra nokkra þesskonar ákvörðun, til verndar skuldaheimtumönnum eða veðlánum þeirra, sem borin var upp fyrir fulltrúaþingum Dana árið 1838, á meðan veðskuldabrèf eigi eru hèr meira tíðkuð, enn þau hafa verið hingað til, og virðast minna hluta nefndarinnar þær ástæður, sem færðar voru gegn og hrundu frumvarpi konúngs hèraðlútandi á fulltrúaþingum Dana, þess meira virði, sem þörfin til þeirra þó hlaut að álítast meiri hjá Dönum, enn oss, og eignarskjöl Dana og landamerki eru fullkomnari og vissari, enn hèr á landi.

Bæði vegna þess, að sú rèttarvenja þegar fyrir laungu er orðin algeing í landinu, að dæma eptir hefðarlögum Dana, og að mörgum landsmönnum mun vera það kunnugt orðið, og líka vegna hins, að tveggja ára tími virðist nægilegur til að binda enda á eignaþræturnar, svo að þeim sem fyrst linni, eða til að búa sig undir hefðarlögin, fyrir þá, sem ekki eru undir þau búnir, erum vèr, Johnsen, Eyjólfur Einarsson og Sveinn

Sveinsson, á því, að frumvarpið ætti að fá lagagyldi, eins og það sjálft tekur til, við byrjun ársins 1849, og er annar hinna lögfróðu manna, sem geingið hafa nefndinni til handa, einnig á því.

Viðvíkjandi ákvörðun frumvarpsins um skuldafyrníngu, eru allir nefndarmenn samhuga í, að mæla fram með henni, samkvæmt ástæðum þeim, sem fram eru færðar af hálfu konúngsfulltrúa.

Það er því álit minna hluta nefndarinnar:
að frumvarpið óumbreytt eigi að fá lagagyldi, og verði hefðarlög Dana löggyldt á Íslandi, er eg, Sveinn Sveinsson, einnig á því, að þau ættu að gylda frá byrjun ársins 1849, en allir erum vèr á sama máli um það, nema eg, prófastur Halldór Jónsson, ef hefðartíminn yrði styttri enn 50 ár, að hefðarlögin, hver sem væru, eigi að vera hin sömu fyrir kirkna sem annara eignir í landinu."

Prófastur Halldór Jónsson: Minni hluti nefndarinnar hefir jafnan gjört ráð fyrir, að sá, sem brúkar landið, viti ekki betur enn hann eigi það; en það er hvorttveggja, að eg ætla, að hefðarlögin dönsku hafi ekki þessa ákvörðun, enda mundi optastnær bágt að sanna, að öðruvísi væri, eða að prettir og leynileg aðferð hefði verið við höfð; en á þeim, sem í 20 ár hefir brúkað landið, liggur að eins sönnunarbyrðin fyrir óátalinni brúkun, en óátalin getur hún verið, þó maður hafi vitað að annar ætti, og jafnvel brúkað pretti og leynilega aðferð. Ekki var það meiníng mín, að gjöra staðakirkjum hærra undir höfði enn sjálfseignarkirkjum, þó eg tæki fram þá ástæðuna, sem sèrílagi á sèr stað viðvíkjandi þeim fyrrnefnda flokki kirknanna. Það er annars sjálfsagt, að enn verr eru staðakirkjur farnar, enn sjálfseignarkirkjur, í þessu efni, því prestar eru ekki eignarmenn kirknanna hlynninda, en það eru fjárhaldsmenn sjálfseignarkirknanna. Ekki ætla eg það neinn ójöfnuð af lögunum, að úthluta rèttindunum misjafnt, eptir misjöfnum þörfum, og að kirkjur hafi meiri þörf á vörn gegn ágángi, enn sjálfseignamenn, flýtur af því, að þær verða að hafa umsjónarmenn, og geta ekki valið þá sjálfar, og missa einn eptir annan; og yfirhöfuð held eg, að enn sè sú sama nauðsyn til að vernda rèttindi þeirra fremur enn sjálfseignir, sem var, þegar löggjafinn fann nauðsyn til bera, að gjöra þá undantekníng, sem mörgum kemur nú svo illa. Hvað

hefðarlögin dönsku annars yfirhöfuð snertir, þá þori eg að fullyrða — að því er eg þekki til —, að í áliti og ímyndun almennings er rótgróin sú sannfæring, að eingin hefð gyldi nè eigi að gylda á Íslandi, nema eptir Jónsbókinni, það er að segja sem sönnunarmeðal. Loksins held eg það lítinn heiður fyrir dómarana, ef sannað yrði, að þeir hefðu dæmt eptir öðrum lögum enn þeim, er í landinu hafa gyldt, og sviða má þeim, sem lægri hluta hafa borið í hefðarmálum, þegar þeir af alþingisfrèttunum fá að vita, hvað það var, sem hnekkti málstað þeirra (nefnil. að ekki hafði verið dæmt eptir landsins lögum). Svo sem til dæmis uppá það, hvaða meiníng landsmenn hafi um hefð, vil eg að eins nefna afsalsbrèf fyrir jörðum og byggíngarbrèf, þar sem vanalega mun nefnt vera: „það sem jörðunni fylgt hafi og fylgja eigi", eða: „fylgt hafi og fylgja eigi að fornu og nýju", eða eitthvað þessþáttar; eg verð því enn að mæla fram með aðalatkvæði meira hluta nefndarinnar, eða með öðrum orðum: með því, að þíngið ráði frá að frumvarpið verði látið öðlast lagagyldi.

Framsögumadur: Eg verð að svara því fyrst, sem hinn heiðarlegi konúngkjörni fulltrúi mælti síðast: Dómstólarnir hafa einganveginn farið fram í lögleysu, eða dæmt á móti landsins lögum; eg hèlt, að allir þíngmenn hefðu kynnt sèr ástæðurnar til frumvarpsins, og þá getur sèrhver lesið sèr það til, að dómendur hafa haft lagaástæður fyrir því, að dæma eptir hefðarlögum Dana, og einkum má það ráða af erindisbrèfi biskupanna, að löggjöfin hefir ætlazt til, að hefð gyldi hèr í landi á móti sönnuðum eignarskjölum, því varla hefði erindisbrèf þetta látið hefð hrinda eignarskjölum kirkna, ef hún ekki gæti hrundið slíkum skjölum manna á milli yfirhöfuð, en því að eins er hefðartíminn, eptir erindisbrèfi þessu, óvenjulega lángur á móti kirkjum, að kirkjum, eptir þeirra tíða skoðunarmáta, var gjört hærra undir höfði enn öðrum eigendum eða privatmönnum. Dómstólarnir hafa því lángt frá dæmt eptir velþóknan, heldur eptir bendíngum löggjafans á seinni tímum og laganna anda, og ber öll nauðsyn til þessa í hefðarmálum hèr á landi, ef eignarrètturinn ekki á að vera svo valtur, sem verða mundi, ef Jónsbókar Landsleigubálks 26. kapit. væri fylgt, og hèlt eg þetta sýnt og sannað, bæði í ástæðunum fyrir frumvarpinu og í nefndarskjalinu, af minna hlutanum. Að vísu útheimtist fyrst og fremst til að vinna

hefð, óátalin brúkun, en sè brúkunin leynileg eða með prettum, getur hún eigi leidt til eigna missis fyrir neinn, því þegar hefðandi á að sanna brúkunina, ber hann, með sömuninni, böndin að sjálfum sèr, ef hann fer fram með prettvísi; en hvort heldur eigandi er hirðusamur eða hirðulítill, eða eigi til hlýtar lætur hirða um eign sína, er ójöfnuðurinn hinn sami á þess hlið, sem eignina brúkar og eigi veit betur enn hann eigi, ef hann á að missa hennar eptir 20 ára brúkunartíma, og væri það eins kynlegt, ef þessi ójöfnuður ætti að koma fremur kirkjum, og það einkum staðakirkjum, að haldi, enn öðrum eigendum, eða þá sjálfseignarkirkjum; því það lítur enda svo út, sem staðakirkjur sèu öllu betur á vegi staddar, enn aðrir jarðaeigendur í landinu, þar sem fyrst prestur, svo prófastur, og loksins biskup og stiptsyfirvöld, allir ala önn fyrir þeim í einu. Að öðru leiti má eg geta þess, að nefndinni eigi þótti hlýða, að greiða úr þeim smásmuglegu spurníngum, er risið hafa útaf hefðarlögunum meðal lögfræðínga, er henni eigi þótti sem það mundi leiða til annars enn málaleingíngar eintómrar.

Varaforseti: Mèr virðist það næsta sèrlegt, að aðalatkvæði meira hluta nefndarinnar sýnist í fljótu áliti hefðinni hlynntara enn varaatkvæðið, og líka, að aðalatkvæðið þó skiptist í tvo hluti, hvað eð sýnir, að meiri hlutinn hefir eigi haft glöggvar hugmyndir. En eg ætla, að meiri hluti nefndarinnar, sem líka hefir með minna hlutanum í einu hljóði fallizt á, að 5—14—4 væri hèr lögleiddur, hafi eigi gætt þess, að 5—14—4 byggist að öllu leiti á sömu laga-ástæðum sem 5—5, því það er ljóst, að 5—14—4 gjörir ráð fyrir, að skuldheimtumaður hafi skuldabrèfið í höndum, og geti því sannað rètt sinn til skuldarinnar, en að hann í 20 ár hafi forsómað allt, sem orðið gat til þess að viðhalda rèttindum hans. Það er því næsta fráleitt af meira hlutanum, að láta rèttindanna fyrníngu með 20 ára forsómun ráða öllu í þessu efni, en ekki um önnur rèttindi. Hvað kirkna rèttindi snertir, eptir erindisbrèfi biskupanna 1. Júlí 1746, § 16, þá verð eg að vera við mína fyrri meiníngu, að allir undirsátar laganna eigi hjá þeim að njóta sömu rèttinda. Eg vil mæla að öllu leiti með frumvarpinu.

Prófastur Halldór Jónsson: Meiri hluti nefndarinnar fèllst á meiníng minna hlutans um skuldafyrníngar, vegna þess hann gat ekki sèð eins mikla hættu búna af því.

Eg tók það líka fram fyrir skemmstu, að eg vildi eingan mun gjöra á staða kirkjum og bænda, þóað eg framfylgði heldur þeirri ástæðunni sem sterkari var, því gjöra má yfirhöfuð ráð fyrir því, að umsjónarmenn sèu ekki eins árvakrir og eigendur.

Prófastur H. G. Thordarsen: Eg ætla mèr ekki að fara mörgum orðum um þetta mál yfirhöfuð, þar sem ágætir lögfræðíngar hafa áður fyrri og aptur nú rædt það og undirbúið; og eg játa það, að víst eiga lögin að ná jafnt til allra, og ekki vera hlèdræg fremur við eina enn aðra, þar sem um sömu skyldur og rèttindi er að tala; þetta er vafalaust rètt yfirhöfuð. En lögin eiga líka vandlega að gæta allra kríngumstæða, haga sèr eptir þeim og breyta útaf aðalreglum þeirra vegna, þar sem þess er þörf, og þess hygg eg einmitt þörf hèr, þar sem ræðir um hefðartíma kirknanna. Kirkjugóz allt er eign þjóðarinnar og henni viðkomandi; gángi undan gózi þessu, þá líður ekki einn maður skaða, heldur þjóðin öll, og að henni rekur, ef prestar missa viðurlífis-stofn sinn, kirkjueigurnar, fyrir vanskipun laganna. Einstakra manna eignir gánga úr eign eins og í eign annars; en kirkjugóz eru stöðug og föst eign þjóðarinnar. Vera má, að af 100 ára hefðinni hafi ekki staðið eins mikið gagn fyrir kirkjurnar, eins og til var ætlazt með fyrsta; eg mæli ekkert í móti því, að helmíngi styttri hefðartími kunni að nægja. En eg vildi það yrði ljóst af því, er eg nú mælti: að samgirni og rèttvísi og nauðsyn tali fyrir því, að kirkjur hafi leingri hefðartíma enn einstakra manna eignir.

Framsögumaður: Í þeim skilníngi, sem hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður, er seinast mælti, kallar kirkjur eign þjóðarinnar, eru það fleiri eignir enn þær, sem svo mega heita, og eigi mega gánga úr eins í annars eign; því auk þess, að hèr til má telja eignir opinberra stiptana, svo eru t. a. m. í Danmörku margar þær eignir til, einkum af hinum stærri jarðaeignum, sem eigi mega gánga úr einum ættlegg í annan, og eru undan skildar kaupum og sölum, og engum hefir þó enn komið til hugar, að eigi mætti beita eins almennri lagahefð við þær, eins og aðrar prívateignir. Mèr skilst heldur eigi betur, enn að eins kirkjum, sem öðrum, sè það meira í hag, ef hefðartíminn er eigi leingri enn svo, að hann haldi mönnum vakandi, og gjöri þá hugsunarsamari um eignarrèttindi sín,

því sè hann mjög löngur, t. a. m. 100 ár, eins og til er tekið um kirkjurnar, virðist það ekki ólíklegt, að margir í leingstu lög, og þá máske einkum prestarnir, hliðri sèr hjá, að vinna það undir kirkjurnar, sem þeir halda að enn vanti mikið á að sè undan þeim geingið, en sè þessu nú svo varið, sem farið er fram á kirknanna vegna, þá ætla eg, að þeim og prestunum öllu fremur sè gagn enn ógagn að nokkuð styttra, eða 20 ára, hefðartíma.

Varaforseti: Mèr sýnist sá heiðraði konúngvaldi fulltrúi, sem nýskeð mælti, hafi látið þá meiníngu í ljósi, að allt missist kirkjunum ef hefðartíminn yrði styttur til 20 ára, og að óttast væri fyrir, að prestar við það kæmust á vergáng; en fyrir því get eg ekki óttast, því það er sjaldan svo mikils vert sem um er að gjöra, og þó það væri, þá er það sjálfum þeim og kirknanna tilsjónarmönnum að kenna. Að þjóðin, sem þjóð, hafi stærri rètt móti einstökum en einstakir móti henni, það er, að minni meiníngu, sama, og að það opinbera megi kúga einstaka, hvað eg víst veit að ekki var meiníng þess konúngvalda fulltrúa. Að mikið hafi geingið undan kirkjunum, jafnvel með 100 ára hefðinni, er nú opt sagt, en aldrei sannað, og eg þori að fullyrða, að með 100 ára hefðinni hefir meira geingið undir kirkjur frá einstökum mönnum, enn undir þá frá kirkjum.

Að 100 ára hefðin byggist á hættunni, að hefðað kynni að vera af kirkjunum, ætla eg ekki vera, heldur að hefð þessi sè leifar páfadóms frá fyrri öldum.

Prófastur Hannes Stephensen: Eg verð að samsinna því, er enn heiðraði konúngkjörni þíngmaður hinnar andlegu stèttar mælti fyrir skemmstu um hefðartíma kirknaeigna. En þar hjá hygg eg yfirhöfuð, að ákvarðanir dönskulaga um hefð eigi næsta illa við hèr á Íslandi, og miklu verr enn í Danmörku. Þar eiga menn óliku hægra með að sjá um eign sína enn hèr, og vil eg, með einu dæmi, leyfa mèr að gjöra það ljósara, hversu óhafandi að er 20 ára hefðin hjá oss. Eigandi sá, er býr fjarri eign sinni, byggir hana leiguliða um 20 ár, og eigandinn hefir ekki fyrir sèr nema sögusögn hans, að ekkert gángi undan jörðunni; en áleitinn nágranni kann ámeðan að hafa fært sèr í nyt gúnguskap og hirðuleysi leiguliða, og hefðað svo með óátalinni brúkun hálfa jörðina undan eiganda, áður enn hann gat feingið vitneskju um. En við það, sem fram-

sögumaður hefir farið fram á, 20 ára hefðartímanum til styrkíngar, nefnilega, að eignarskjöl vor sèu miklu ófullkomnari enn eignarskjöl Dana, virðist mèr sanna hið gagnstæða, nefnilega, að vèr þurfum því leingri hefðartíma; því ófullkomnari sem eignarskjölin eru, þess erfiðara veitir að sanna með þeim èign sína, og því hægra að hefða hana undan, ef hefðartíminn er stuttur.

Mèr finnst, sem einganveginn megi mismun gjöra milli staða og sjálfseignarkirkna, þvíað hvorutveggju njóta, að minni hyggju, sömu verndar, og hvorutveggjum er jöfn hætta búin. Prestar og prófastar eru einskonar umboðsmenn staðanna, en einginn er öðrum sjálfur, og munu umboðsmenn yfirhöfuð aldrei gæta rèttar eignarinnar eins vandlega og eigandi sjálfur, því síður umboðsmaður umboðsmanns, en fjárhaldsmenn kirkna verða einatt að fela öðrum umsjón yfir fjarlægum eignum og ítökum kirknanna. Ítök kirkna eru opt lángt undan, í eður fyrir landi annara jarða, með óglöggum og ótilteknum takmörkum, og er því hægt hverjum þeim, sem ásælinn er, að hefða slíkt undan kirkjum, þegar ekki er um leingri tíma að tefla enn 20 ár; og er stöðum því meira tjón búið af missi ítakanna, sem þau eru aðallhlynnindi margra brauða; og því varúðarverðara að eiga missi þenna á hættu, sem fyrir honum verður, ekki eign einstaks manns, heldur stöðug eign allrar þjóðarinnar, (eins og hinn konúngkjörni þíngmaður andlegu stèttarinnar áður mælti), er ætlað er að launa heilli stètt, er þannig getur mikils í mist, og á því fremur á hættu mikinn missi, sem fyrir honum má fremur ráð gjöra, er rèttur eigandi aldrei hefir, nè getur haft, nákvæma tilsjón með þessu, og bægt burtu öllum vandkvæðum. Þar sem því var áðan farið fram, að preststèttin stæði miklu betur að, til að gæta rèttinda staðanna, enn hver sjálfseigandi, þá hygg eg það fjarri; sè presturinn hirðulaus í þessu efni, þá er ekki hægt viðgjörðar, hvorki fyrir prófast nè biskup, að bæta úr því, þar sem prófasti er vart annað hægt, enn að trúa sögusögn prestsins, og biskupi svo að segja nauðugur einn kostur, að trúa sögusögn prófastsins. Eg verð því að álíta, að eigi megi leyfa, að hefðað sè undan kirkjum á skemmri tíma enn 50 árum, en álít 100 ára tímann farsælastan, eins og verið hefir.

Framsögumaður: Þegar málið að eins er skoðað á þess hlið, sem eignina eða ítakið á, má svo virðast í fljótu bragði, sem gjört

sè á hans hluta; en ef vel á að fara og jafnaðar að gæta, verður líka að láta hinn njóta rèttar, sem brúkar eignina eptir beztu vitund sem sína; og fæ eg eigi skilið annað, enn að hefð hljóti að vera þar nauðsynlegust, sem eptir litlu sem eingu öðru verður farið, enn brúkun landanna, og þar sem eignarskjölin og landamerkin eru svo ógreinileg og óviss, einsog hèr í landi. Það mætti miklu heldur virðast, að menn gætu verið án hefðarlaga t. a. m. í Danmörku, þar sem lönd öll eru umgirt, og varla verður neinn vafi á um landamerki, en þó eru þau álitin þar ómissandi; en eigi bóndinn að líða undir hirðuleysi annara, eða sèrílagi umráðamanna kirknanna, og þá eins allra annara þjóðeigna, verður hann fyrir óbærilegum halla, og ójöfnuðurinn verður þess auðsjáanlegri, sem hinn, er eigi á við kirkjur, nýtur annars og betri rèttar.

Varaforseti: Skuli það verða ástæður fyrir lagahefð kirkna, að jarðir þeirra eru þjóðeign og launa heilli stètt, þá mundi sama mega segja um allar aðrar þjóðeignir landsins, er afgjöld gánga einnig af til launa embættismanna og annara landsins þarfa; og ættu þær þá, eptir sömu ástæðum, að hafa jafnlángan tíma til varnar því, að ekkert yrði undan þeim hefðað, og þetta væri raunar ekki annað, enn að gefa hinu opinbera rètt til að kúga sjálfseignarmenn.

Prófastur H. G. Thordarsen: Mèr finnst það óvíst, hvort þjóðjarðir verði teknar til jafns við kirkjujarðir. Þjóðjarðir hafa verið seldar margar; með kirkjujarðir er þó ekki farið að fitja þetta upp enn, og fyrir því verð eg að álíta þær stöðugri og óhræranlegri eign, enn hinar svonefndu þjóðjarðir.

Prófastur Halldór Jónsson: Því, sem hinn háttvirti varaforseti mælti nú fyrir skemmstu: „að 100 ára hefð gæfi hinu opinbera rètt til að kúga sjálfseigendur“, finnst mèr rèttara að snúa við, og segja: að 100 ára hefðin hamli sjálfseignarbændum frá að kúga hið opinbera; því ekki er kirkjum gefinn rèttur til að hefða undir sig á skemmri tíma enn öðrum, t. d. ekki á 5 árum; heldur er leingri hefðartími gefinn þeim, til þess, að ekki verði of auðvelt að hefða undan þeim.

Kandidat Jón Sigurðsson: Eg get ekki betur sèð, enn að frumvarp þetta muni fá öldúngis gagnstæðar afleiðíngar tilgángi þeim, sem eg þykist vita það hafi, að tryggja eignarvissu manna hèr á landi. Þegar litið er á málið sjálft, án þess að skoða enar föstu laga-ákvarðanir, sem ekki líta á sanngirni,

heldur á fasta, almenna reglu, þá virðist mèr að komi fram tveir hlutaðeigendur, hvor móti öðrum, sem krefja hvor um sig vernd og umhyggju stjórnarinnar. Annar hefir eignazt nokkuð og haft það um stund, en nú er það komið undan eigu hans, móti vilja hans og vitund ef til vill, og komið í hald annars manns, og þessi hefir haft það og haldið um 20 ár. Nú er auðvitað, að þeim er sárt að missa sem haldið hefir, en hinum er einnig tilfinnanlegt að verða að láta það, sem hann getur ljóslega sannað að hafi verið sín fullkomin eign, og komið úr eigu sinni án vilja síns og vitundar. Mèr virðist, að lögin fari næst að leysa úr þessu, þegar þau ákvarða, sem Jónsbók, að sá skuli hafa sem haldið hefir, nema annar sanni eignarrètt sinn. Þar á móti finnst mèr hin dönsku lög á eingan hátt fullnægja samgirniskröfunni í þessu máli, því eg veit ekki betur enn þau ætlist til, að sá hafi sem haldið hefir, án þess hann þurfi að sanna neitt, og missi ekki þó hann hafi feingið órèttilega eða ólöglega. Þetta sannast bæði af því, hvernig hefðin er komin fram í Danmörku, af orðum laganna sjálfum, og af nokkrum lagagreinum, sem gjöra ráð fyrir, að hefð megi verða þar, sem rètta heimild vantar.

Íhugi menn nú því næst, hvernig ástatt er hèr á landi, þá verður enn ljósara, að þessi löggjöf á ekki við. Í Danmörku eru lönd lítil ummáls, svo hver maður getur litið yfir land sitt dagsdaglega, að heita má; hèr eru aptur flestar jarðir svo, að þær eiga geysi mikið land og ítök, sumt í fjarlægð, og þó mikils virði. Sumir menn eiga jarðir sínar lángt frá sèr, og geta illa gætt þeirra. Ef nú lögin bregðast, og vernda ekki rèttindi manna, þá er auðsætt, að margir missa eignar sinnar fyrir það, sem þeim var ófært við að gjöra, og fá einga vernd rèttar síns. Þetta ásigkomulag eignanna hèr á landi virðist mèr vera svo fjarlægt að sè ástæða til að taka upp hin dönsku hefðarlög, að mèr virðist það vera hin gyldasta ástæða til hins gagnstæða. Minni hluti nefndarinnar sjálfrar hefir tilgreint hvalreka, sem bágt yrði að fá inn undir þessi hin nýju lög, af því það kann opt við að bera, að ekki reki á 20 árum tvo hvali á einum stað. Og þó allt væri svo vel um hnútana búið sem yrði, afsalsbækur og veðmálabækur gjörðar, og hvað sem heiti hefir, þá yrði þó aldrei svo um hnútana búið, eptir því sem ástatt er hèr á landi, að eignarrètti manna væri ekki hætt, ef hin dönsku hefðarlög væri hèr lögleidd.

Eg vil taka til dæmis, að einn kann að hafa keypt jörð, og stendur kaupið bókað hjá sýslumanni í afsalsbrèfa-bókinni; síðan kann jörðin að ganga þriggja eða fjögra manna á milli, sem ganga eptir því sem bókað er, en þegar að síðustu kemur eigandi, sem fer að skoða eign sína, þá kann annar maður, nágranni jarðarinnar, að vera búinn að ná undan jörðinni hálfri landareigninni, eptir dönskum hefðarlögum, því hann getur gjört það þegjandi, án þess að gjöra á nokkurn hátt vart við sig; hann þarf hvorki að lögfesta nè að þínglýsa. Þetta hafa menn og einmitt fundið í Danmörku, og þessvegna hefir það frumvarp verið borið þar upp, að breyta skyldi enum hörðu hefðarlögum á þann hátt, að eignarrètturinn feingi meiri vernd. Þessu varð nú að vísu ekki framgeingt, en þó svo færi, þá sannar það á eingan hátt, að hin dönsku hefðarlög sèu betri enn Jónsbókarlög, allrasízt hèr á landi; því það er ekki að undra, þó Danir vildu ekki fallast á að breyta hefðarlögum þeim, sem þeir voru orðnir vanir og allt var lagað eptir, og taka upp önnur í staðinn, og getur einginn leidt þar af þá ályktun, að þeir mundu hafa tekið upp sín lög í stað Jónsbókarlaga, ef þeir hefðu haft þau á undan. Eg er miklu fremur sannfærður um, að ef þeir hefðu haft þessi í stað sinna laga, hefðu þeir aldrei tekið við þeim sem þeir hafa nú.

Ekki finnst mèr neitt tilefni til að segja, að ákvarðanir Jónsbókar sèu hvikular og óvissar, og eg þekki til meðferðar á tveimur íslenzkum málum fyrir hæstarètti, sem eg ætla einmitt hafi verið dæmd eptir Jónsbók. Ekki bar heldur á því, að þar yrði neinn vafi eða vandræði útúr þeim enum gömlu „skræðum“, þó býsna gömul eignarskjöl kæmu fram í hvorutveggja málinu. Annað af þessum málum, sem eg meina til, var þrætan um Fjósatúngu skóg, milli Fjósatúngu og Þórðarstaða í Fnjóskadal; þar var gamalt eignarskjal, frá 15du öld, fyrir skógarpartinum; tilkall jarðarinnar til hans og hald var rakið þaðan af, gegnum jarðabók Árna Magnússonar og fleiri önnur skilríki, til seinustu tíma; skógarparturinn bar og nafn jarðarinnar. Með öllum þessum gögnum áleit hæstirèttur eignarrètt jarðarinnar fyrir skógarpartinum sannaðan, og dæmdi henni hann eptir Jónsbók. Annað málið var milli Arnarbælis kirkju í Ölfusi og bóndans á Hrauni, útúr reka á Hraunsskeiði; þar hafði kirkjan bæði máldaga og visitazíur biskupanna að styðjast við, auk annara skilríkja; bóndi hafði einnig eigi allfá

eldri og nýjari eignarskjöl, en fyrir því, að hæstirèttur áleit, að heimildarskjöl kirkjunnar væru ekki svo ugglaus, að þau gæfu kirkjunni skýlausan rètt, þá dæmdi hann bónda rekann, eins og hann hafði haft að mestu um alllángan tíma. Þetta sýnir, að mèr virðist, að vafinn er ekki svo stór, sem menn gjöra sèr í hugarlund og láta nú í veðri vaka.

Þar sem minni hluti nefndarinnar kemur fram með, að dómendur dæmi hèr á landi og hafi dæmt eptir dönskum lögum, þá hefir slík játníng vakið hjá mèr hina mestu undrun, og eg er viss um, að hver sem heyrir það eða les, hann verður að álíta það makalaust, og þó eigi síður hitt, að kalla slíkt rèttarvenju, og bera það fram sem ástæðu til þess, að breyta lögunum eptir slíkri óvenju. Dómendur játa þá hèr á landi, að þeir dæmi ekki eptir þeim lögum, sem þeim er skipað að dæma eptir, heldur eptir öðrum útlendum lögum, sem þeim hafa aldrei verið feingin í hendur til eptirbreytni, og eptir þessum lögum, sem þeir hafa sjálfir sett sèr, vilja þeir láta breyta lögum landsins. Eg verð að spyrja: hvort er rèttara, að lögin láti undan dómaranum eða dómarinn undan lögunum? Eg ber ekki á móti því, að auðveldara kann að vera að dæma eptir enum dönsku lögum, en eg ætla að dómarinn sè sèttur í embætti sitt til að gjöra skyldu sína, en ekki til að gjöra það sem honum er hægast. Eg verð einnig að játa, að eg get varla trúað, að slík venja hafi verið eða sè komin á hjá mörgum dómendum hèr á landi.

En þó hin dönsku hefðarlög yrðu nú lögleidd hèr, þrátt fyrir alla þessa annmarka, þá get eg ekki verið því samþykkur, sem unnið hefir samþykki meira hluta nefndarinnar: að þau skuli ná hèr gyldi þegar 1849. Það er augljóst, að þessi tími er lángt um of stuttur, ef á að ætla mönnum að geta varað sig og gætt rèttinda sinna — því eg þykist vita, að ekki muni vera tilgángurinn, að koma með þetta lagaboð svo hastarlega yfir menn, að þeir geti ekki varað sig, og hljóti þessvegna að missa þess, sem þeir eiga með rèttu. Það er í augum uppi, að ef frumvarpið yrði nú samþykkt hèr, getur það ekki komið út fyrr enn í vor er kemur, og þá hafa menn að eins tvö ár til að búa sig undir, vera sèr úti um heimildarskjöl, og annað þvíumlíkt. Menn verða þá annaðhvort neyddir til, at láta allt fara sem má, eða að byrja mál allstaðar hvar sem nokkur ástæða er til, meðan tíminn er, og eg er viss

um, að svo mörg mál muni þá rísa um allt land, að það verði sem blossandi logi; verða það þá fyrst og fremst kirkjurnar, og mun þeim varla verða neitað um gjafsóknir, en þaraf mundi rísa slíkur kostnaður, að eg ætla hann trauðlega kljúfanda.

Eg verð þessvegna að fallast á, ef það er meiníng meira hluta nefndarinnar, að þessu frumvarpi verði frá ráðið, en sè það ekki álit meira hlutans, að svo skuli vera, þá verð eg að áskilja mèr það breytíngaratkvæði.

Prófastur Halldór Jónsson: Meiníng meira hluta nefndarinnar er sú, eins og eg hefi áður sagt, að frumvarpinu verði hrundið.

Framsögumaður: Hinum heiðraða þíngmanni Ísfirðínga hefir einnig orðið það á, að taka málstað eigendanna, en hinna ekki, sem eigi vita betur enn þeir eigi, þó ekki hafi þeir eignarskjöl fyrir sig að bera, eða þeirra, sem vinna hefð. Þessir hljóta að sanna brúkun sína eða hefðarhald, og þá rekur að því atriðinu, að þeir hafa brúkað með raungu, ef svo er; eins líka verða þeir af brúkunarrèttinum, ef eigandi eigi gat haft vitneskju um hann; eins er það sýnt, að hefð eigi á þar við, hvar brúkunin er svo sjaldgæf, að mörgum árum skiptir, án þess að hennar sè neytt, og á þetta einkum við hefð á hvalreka. Það er hvorki sýnt nè sannað, að dæmt hafi verið á móti lögum, þó dómendur eigi hafi farið eptir Jónsbók í hefðarmálum, heldur eru þvert á móti færð rök til þess, að lög Íslendínga, þau er nýrri eru enn Jónsbók, bendi á hefðarlög Dana sem gyldandi hèr á landi. Hvað það svo kallaða Fjósatúngumál snertir, þá man eg eigi betur, enn að farið væri eptir hefðarhaldinu, og að þau atriði kæmu fyrir í máli þessu, sem ráða mátti af, að hæstirèttur líka fór eptir því, er hann lagði dóm á málið; en í tilliti til Arnarbælis rekamálsins, má eg segja það með vissu, að brúkun eða hefðarhald bóndans um lángan tíma var tekið til greina; og sýndi það, hve ástæðulaus krafa prestsins í þessu máli var, að dómarnir geingu á móti honum gegnum alla 3 rètti eins. Að tíminn sè of stuttur tekinn, til ársins 1849, til að fá enda á eignarþrætum útaf hinum nýju hefðarlögum, get eg einganveginn fallizt á, og eg held, að landi og lýð megi vera þökk á, að þær taki enda sem fyrst, ef þær annars verða nokkrar, eða ef eigi allir fyrir laungu eru undir þær búnir, eptir lagaskipun og rèttarvenju þeirri, sem híngað til hefir gyldt.

Kandidat Jón Sigurdsson: Hinn virðulegi framsögumaður hefir, að mèr virðist, ekki rètt að mæla í því, að eg hafi að eins haft eignarrèttinn fyrir augum. Eg þykist einmitt hafa haft fyrir augum samngjörn rèttindi ens haldanda á eina hlið og eignarrèttinn á hina, en mèr skilst hinn virðulegi framsögumaður hafi að eins fyrir augum rèttindi þess sem haldið hefir, eða, rèttara að segja, hagræði hans. Hinn virðulegi framsögumaður talar svo, sem hin dönsku hefðarlög væru þegar lögleidd hèr, en ef þau væru það, til hvers væri þá þetta frumvarp, sem einmitt þykist ætla að lögleiða nokkuð af þeim. Hvað viðvíkur málum þeim, sem eg til færði, þá er það víst, að hæstirèttur dæmdi í enu fyrra eptir Jónsbók, því mèr er kunnugt, að málafærslumaður við hæstarètt, Guldberg sálugi, flutti mál þetta og vann það, og skírði hann mèr frá því nákvæmlega. Um rekamál Arnarbælis kirkju er mèr einnig nákvæmlega kunnugt; það var svo lángt frá, að prestur hefði hafið það ástæðulaust, að það var álitið hið mesta vafamál, og eg ætla víst, að presturinn hefði unnið það, ef ekki hefði verið álitið svo, sem Skálholts biskupar hefðu áður afsalað kirkjunni í Arnarbæli rekarètt þann, sem þrætan var um. Hinn virðulegi framsögumaður óskar, að endir verði á þrætunum, en eg ætla þó ekki einúngis undir því komið, að á þeim verði endir svo fljótt, einsog að á þeim verði góður endir, og slíkur sem samsvarar rètti og sanngirni. Þetta er það eina, sem mèr fannst nauðsyn á að svara hinum virðulega framsögumanni.

Framsögumadur: Þjóðinni ríður á að vita, hver lög gylda í landinu, en þeir munu vera hinir flestu, sem eigi vita, hvernig Llb. 26. kap. er skilinn, eða hverjum grundvallarreglum rèttirnir fylgja í hefðarmálum; og þegar þeir nú enn betur komast að raun um, að dæmt hefir verið eptir anda hinna dönsku hefðarlaga, og þetta vita aptur aðrir nú þegar, þá virðist öll nauðsyn bera til, að öllum vafa sè hrundið með nýrri löggjöf.

Kandidat Jón Sigurdsson: Hèr er enginn vafi sem hrinda þarf, því Jónsbók er að minni ætlun fullkomlega ljós, og tryggir nógsamlega rèttindi manna í þessu efni.

Forseti kvað þá — er enginn mælti framar — mál þetta fullrædt til undirbúnings, og tók síðan fram málefnið um fjárforráð ómyndugra (konúnglegt frumvarp IX.), afhenti álitsskjal nefndarinnar framsögumanni, jústizíarius Þórði Sveinbjörnssyni, og stakk hann uppá, hvort ekki mundi bezt henta, að

lesa hverja grein sèr, svo jafnótt væri um hana rædt, og fèllst forseti á það.

Álitsskjal nefndarinnar er þannig látanda:

„Alþingið hefir með atkvæðafjölda kjörið oss, sem hèr ritum nöfn vor undir, í nefnd, til að yfirvega konúnglegt frumvarp til tilskipunar um fjárforráð ómyndugra á landi þessu, og birtum vèr huga vorn um frumvarpið:

Það þykir oss æskilegt, að málefni þetta fái með nýrri löggjöf nokkra staðfestu, er það í lángan tíma virðist á fleiri stöðum að hafa verið í ólagi, og hefir fyrir það margur ómyndugur mist síns; hefir því mest ollað það, að sýslumönnum hvergi berlega var skipað, að hafa neina yfirumsjón með fjárforráðum ómyndugra í sýslu þeirra; þau hafa því allvíða um lángan aldur geingið á trèfótum, enþótt einstakir dugandis sýslumenn hafi á seinni árum látið sèr annt um, að koma nokkru skipulagi á þetta mikilvæga málefni í sýslu sinni. Að Jónsbókar ákvarðanir þarum væru orðnar miður hagkvæmar fyrir þessa tíma, var ekki að undra; en tilskipun frá 21. Des. 1831 I. 1. gr. gjörir litla sem einga skipun á um fjárforráðin, heldur að eins ber það upp, að það skuli eptir Dönsku L. 3. bók. 17. kap. metið, hvenær ómyndugs og hálfmyndugs aldri slítur. Það er því víst, að vèr höldum fulla nauðsyn til bera, að málefni þetta verði með löggjöf einskorðað; en vèr getum þó að öðru leiti ekki dulizt þess, að oss virðist frumvarp það, er hèr skal um rædt, í vissum greinum æði hart, og nákvæmara, brotnara og umsvifameira, enn lands þessa einföldu þörfum hentar að svo stöddu; þó viljum vèr ekki slá hendinni móti löggjöf þessari, heldur viljum vèr við sèrhverja grein hennar láta þess getið, sem oss virðist mætti öðruvísi vera.

Um 3. gr. Oss virðist þær mörgu skriptir, er síðari hluti þessarar greinar talar um, harðla óþarfar, opt og tíðum fyrir fárra dala virði, og svo má optar til bera, að slík umsvif komi þeim ómynduga í eingar þarfir, heldur sè til skaða. Gjörum ráð fyrir, að arfur hafi tæmzt þeim ómynduga í sýslu á takmörkum umdæmis nokkurs, og það um veturnætur, og sè það kýr, en lögborinn fjárhaldsmaður og erfingi sitja á næsta bæ hinumegin takmarka, og væri það þá of nákvæmt, ef fjárhaldsmaður mætti eigi hirða kúna fyrri, enn allir hefðu skrifast á: skiptaráðandi til yfirfjárráðamanns, þessi til

amtsins, amt til amts, amt til skiptaráðanda, hvað sem meira væri; mundi, eptir sem hèr er ástatt með póstgaungur, gánga til þess fullt árið, en kýrin er á meðan í reiðileysi. Vèr höldum því, að þessi grein, frá: „En arfinn má flytja", eigi að orðast þannig:

„Sá eptir áðursögðu lögborni eða skipaði fjárhaldsmaður ens ómynduga má gjöra, hvort er honum virðist hagkvæmara þeim ómynduga, sjálfur að nálgast arfinn, eða æskja yfirfjárráðamannsins umsýslunar um arfsins flutníng."

Um 4. gr. Það, sem þessi grein fyrir mælir um rèttarmismun milli þess, að fè ómaga sè full 5 hundruð eða þar yfir, eða 5 hundruðum minna, er án efa lagað eptir Jónsbókar ákvörðunum um fjárforráð ómyndugra (Jónsb. Arfat. XXI. og XXII. kap.), en þessi ákvörðun Jónsbókar er án efa byggð á þeirri skyldu, sem hún lagði ættíngjum ens únga manns á herðar, að annast eigi að eins fjárhald hans, heldur einnig framfæri, ef fèlaus væri. Þessi regla getur nú vart haldizt, þegar það er ekki leingur lagaskylda að framfæra jafnvel systkyni (reglug. 8. Jan. 1834 gr. 4), og það eins opt má að bera, að fjárhaldsmenn sèu skipaðir og óskyldir enum únga manni, sem lögbornir. Nú eru kríngumstæður svo margbrotnar: sá úngi maður er ómálga barn, er kominn til vika, er orðinn matlaunamaður. Við sèrhvert þetta getur það að borið, að fè hans sè lítið eða mikið, líka að fjárhaldsmaður sè honum nákominn eða vandalaus; sè hann vandalaus, en ómagi barn, sjá allir, að það væri hið mesta ránglæti, að þvínga hann til að veita ómaga forsorgun og allt hvað hann þarf, fyrir arð af 10 hndr., hver máske öll væru annaðhvort arðlaust lausafè, eða þá fènaður, sem fremur er fjárvarðveizlumanni til byrði enn gagns. Vèr höfum því haldið, að í þessari grein eigi undir liðnum a. fyrir 5 hndr. að standa 20 hndr., og ætlum, að af þessum 20 hndr. megi koma árlega sá arður, að nægi til forlagseyris þeim únga manni, ef hann er bæði barnómagi, og sè skipuðum fjárhaldsmanni á hendi. Af þessari breytíng leiðir þá:

a) að öll þau fjárhöld, sem eru 20 hundruðum minni, koma undir samníng, eptir ásigkomulagi milli yfirfjárforráðamanns og fjárhaldsmanns.

b) að reikníngskapur frá fjárhaldsmönnum verður sjaldgæfari, hvað vèr, eptir því sem hèr er ástatt, höldum æskilegt; og

c) að liðurinn b. fellur úr, en að liður c. verður b., og að þar fyrir 10 hndr. á að standa 20 hndr.

Vèr höldum einnig, eptir því sem hèr er sagt, að orðin: „og má þó eigi — nauðsyn beri til" (hver þar að auki eru í þeirri prentuðu íslenzku rángfærð) eigi burt að falla.

Um 5. gr. Eptir „því að eins" höldum vèr eigi að standa: „að fè hins ómynduga, eptir gjörðum samníngi milli yfirfjárráðamanns og fjárhaldsmanns (4. gr. a.), gjöri betur enn að vinnast þeim ómyndugu til framfæris, eða sè 20 hndr. eða þaryfir (4. gr. b.), og fjárhaldsmaður þar að auki ekki sè afi, foreldri eða bróðir hins ómynduga".

Eptir „koma á vöxtu" ætti að vera: „strax, er feingnir eru 25 rbd. að upphæð".

Eptir „er í landaurum" ætti að vera: „þá skal fjárhaldsmaður gjöra grein fyrir því eptir verðlagsskrá, er gyldir við árslokin, en vilji hann það ekki, sè það selt mót peníngum við opinbert uppboð á manntalsþíngum".

Ástæður þessara breytínga eru: að hin 1. breytíng leiðir af því, sem sagt er við 4. grein. Sú önnur virðist oss greinilegar gjöra það fjárhaldsmanni að skyldu, aldrei að sitja með 25 rbd. meira ávaxtarfè hins ómynduga; og í þriðja lagi þykir oss það ósanngjarnt, að skylda fjárhaldsmann ætíð til að taka ýmislegt, þó í landaurum sè, til sín eptir verðlagsskrám, sem byggðar eru, sem öllum er kunnugt, á prísum landauranna, sem hæstir voru fyrir meir enn ári síðan.

Um 7. gr. a. Vèr getum ekki fallizt á, að leggja skuli undir amtmanns álit, hvort nauðsyn sè að selja jarðarpart ómyndugs manns, því vèr ætlum það gjöri fjárhaldsmanni óþörf umsvif, og að vel mætti hlýta yfirfjárráðamanns áliti um þetta, og það þess heldur, sem hann á að fella úrskurð á reiknínga fjárhaldsmanns, og er ábyrgðarmaður fjárhaldsins, en amtmaður ekki.

b. Allur þessi liður greinarinnar virðist oss bæði flókinn og ógreinilegur, hvað þó því síður hentar, sem það optar verða bændur, er hans skulu neyta. Liðurinn gjörir

ráð fyrir mörgum atvikum með miklum orðafjölda, en vèr ætlum vel megi nægjast með, að þessi liður orðist þannig:

b) „Lausafè má eigi selja, þegar það er lagt í arf við skipti milli þess hjónanna, sem leingur lifir, og ómyndugra barna beggja þeirra, eða barnabarna, nema það eptirlifandi óski þess. En ef að eigur ens ómynduga eru eigi seldar úr búinu, þá setji það hjóna, er leingur lifir, fullkomið veð fyrir arfinum í búsins föstu og lausu munum, og sè þeim veðrètti þinglýst. Nú giptir sig móðir þess ómynduga, þá skal stjúpfaðir gjöra nýja veðsetníngu, er einnig skal þinglýsa, ef hann vill að ómagaeyrir standi í búi hans, og yfirfjárráðandi og fjárhaldsmaður, með ráði nánustu ættíngja ens ómyndaða, álíta hann fullveðja skuldunaut. Vilji það hjóna, er leingur lifir, ekki halda fjármununum hjá sèr óseldum, skulu þeir ætíð seldir á uppboðsþíngi, þó eptir samkomulagi yfirfjárráðanda og fjárhaldsmanns, nema svo mætti sýnast, að hinn ómyndugi, eptir aldri hans og ásigkomulagi fjárins, gæti sjálfur haft not af meira eða minna af slíku lausafè. Andvirði þess selda lausafjár meðhöndlist sem aðrir peníngar hins ómynduga".

c. Sá úngi maður getur nú átt fleiriháttar skuldabrèf, enn frá jarðabókarsjóðnum, og varðveitir fjárhaldsmaður eins vel hin, sem þessi; því mætti burtfella: „í jarðabókarsjóðinn".

Um 8. gr. Oss þykir uggvænt um, að þær fjölbrotnu og umsvifamiklu ráðstafanir í þessari og eptirfylgjandi greinum gjöri það að verkum, að einginn óski lántöku hjá ómyndugum, meðan einhverstaðar annarstaðar er lán að fá, hjá prívatmönnum öðrum; vèr ætlum því, að þetta mætti vera nokkru óbrotnara, viljum því, frá „verði" í 4. línu greinarinnar og til „eið af þeim", orða þannig:

„er jörðin er metin til við virðíngu, og skal hún ætíð gjörð af tveimur, af sýslumanni til nefndum og í eið teknum, óvilhöllum mönnum, ef fjárhaldsmaður óskar þess, vegna ókunnugleika þess framboðna veðs; vill og sjálfur ekki ábyrgjast fullgyldi þess. Sýslumaður skal ekki kaup hafa, þó hann nefni til virðíngarmenn og taki eið af þeim".

Eptir „hversu virt er" (bls. 91. l. 13) orðum vèr þannig: „þá synji þeir lánsins með öllu. En ef sá, er láns æskir, er ekki ánægður með virðínguna, þó fjárhaldsmaður sè það, þá má hinn óska, að jörðin virðist að nýju af fjórum til nefndum óvilhöllum mönnum, er einnig sèu í eið teknir, og borgar hann þá hvorutveggja virðínguna, samkvæmt reglug. 10. September 1830, 67. gr.", o. s. frv.

Um 9. gr. Vèr getum ekki sèð nauðsyn til, að amtmaður orðfæri veðskuldabrèfið, og þykir það því órèttvísara, sem þessi embættismaður einga ábyrgð hefir á neinni meðferð á eigum ómyndugra, en hinn ómyndugi, eptir 18. gr., á veðrètt í eigum yfirfjárráðanda. Amtmenn eru eigi annað enn umsjónarmenn yfirfjárráðanda, en þó eingu ansvari bundnir. Vèr orðum því þannig, eptir „veðskuldabrèf við": „svo lagað, sem yfirfjárráðandi segir fyrir. Nú„ o. s. frv. Líka setjum vèr af sömu ástæðum þar „yfirfjárráðandi", sem „amtmaður" er annarstaðar nefndur í þessari grein.

Um 10. gr. Þessi grein þykir oss nú ein hin harðdrægasta og fjölbrotnasta í öllu frumvarpinu, hvar t. a. m. ekkert virðist gætt gjaldlíðunar, sem 13. grein gefur skuldunaut, heldur er strax hrapað að sölu veðsins; ekkert talað heldur um, hver fái afgánginn, ef veðið geingur meir, enn fyrir skuldinni og kostnaði. Margar geta hèr í landi verið orsakir til, að lögleiga ekki komi fram í rèttan gjalddaga, og sem skuldunautur ekki getur við gjört; það má að vísu segja, að uppboðsfyrirvarinn komi í stað gjaldlíðunar eptir 13. gr., en oss, sem skuldunautum, er það eigi nóg, að of hraparleg uppboðsauglýsing í öllum sveitum, á því, sem vèr höfum veðsett, svipti oss gjaldtrausti (*Credit*) hjá öðrum, og sýni þeim oss sem skuldaþrjóta. Vèr ætlum að nokkuð mætti um bæta, ef eptir „greidd" (3. línu) er sett: „í rèttan gjalddaga, samkvæmt 13. grein, og má þá bjóða veðið upp án dóms og laga. Komi því ekki lögleiga fram áður Júnímánuði er lokið, má að honum liðnum birta uppboðið„ o. s. frv.

Við enda greinarinnar viljum vèr bætt hafa: „fáist meira fyrir veðeignina, hverfur það, sem framyfir hefir, til jarðeiganda„.

Um 13. gr. Eptir „hefir verið" (línu 7.) bætist inn í: „og

skal þess þar einnig getið, að kvittað sè á sjálft veðskuldabrèfið“.

Um 14. gr. Greinin ætlum vèr eigi að byrja þannig: „höfuðstól (innstæða) skal jafnan segja upp með hálfs missiris fyrirvara, til gjalddaga hins 11. dags Júnímánaðar, ef eigi“ o. s. frv.

Vèr sjáum ekki ástæður fyrir, að fjárhaldsmaður fái styttri fyrirvara, enn skuldunaut er ákveðinn í upphafi greinarinnar, og ætlum því, að lok greinarinnar eigi að orðast þannig:

„Skuldunautur á jafnan rètt til að segja upp innstæðanum til lúkningar á þeim gjalddaga, sem áður er nefndur, og skal hann veita fjárhaldsmanni sama fyrirvara, og skuldunaut er veittur í upphafi greinarinnar“.

Um 15. gr. línu 2. „Að lokum“ höldum vèr vel megi falla niður.

Um 16. gr. Eptir því, er vèr höfum áður getið við 4. grein, fellur „eða c“ hèr niður.

Vèr höfum vikið á það við 3., 7. og 9. grein, að vèr finnum einga nauðsyn á, og opt skaðlegt, að amtmenn hafi önnur afskipti af högum ómyndugra, enn sem tilsjónarmenn (*Controlleurer*) með yfirfjárráðendum, enda þótt yfirfjárráðendur í tveimur ömtum eigist við; oss þykir nægja, að amtmenn sèu gjörðir vitandi um það, er fram fer þeirra á milli, en að hitt sè einfaldara og umsvifaminna, að allt fari fram beinlínis milli yfirfjárráðenda; það er líka sjálfsagt, að það er amtmanna að leysa úr þeim þrætum, er rísa mættu milli yfirfjárráðenda innbyrðis, eða milli fjárhaldsmanns og yfirfjárráðanda, og að leysa úr þeim efasemdum, er yfirfjárráðendur mættu undir hann bera. Eptir þessari vorri meiningu er það, að vèr höldum, að fyrir greinina: „eða ef — yfirfjárráðamanns“, línu 14., eigi að setja: „Flytji fjárhaldsmaður og hinn ómyndugi í annað amt, skal sá yfirfjárráðandi, sem við tekur, skýra amtmanni sínum frá viðtökunni. Báðir“ o. s. frv.

Um 17. gr. Eptir „ef málsástæður“ bætist inní: „og efnaásigkomulag hans“.

Um 19. gr. *b*. Í staðinn fyrir „18 vetra“ ætlum vèr, sam-

kvæmt tilskip. 30. April 1824, 3. gr., eigi hèr að vera: „16 vetra“.

1) Eptir því, sem getið er um við 4. gr., á „og *b*“ að vorri meiníngu að falla niður; líka „5 hndr. eða“ og „eptir því, í hverjum liðnum er“, en fyrir „10 hndr.“ setst „20 hndr“.

2) Eptir „veðeigninni“ bætist við: „hvar slíkar skal við hafa, eptir 8. grein“.

Um 20. gr. 22. l., eptir „máli“ setst inn: „samkvæmt 10. grein“; en fellist úr: „ef þeir hafa — gott og gylt“.

Í enda greinar, eptir „frá hvort“, ætti að vera: „nokkurs sèr í lagi hafi þótt áfátt“, í staðinn fyrir: „nokkur — ólestri“.

Við orðfæri þessa frumvarps, sem að líkindum verður að lögum, og hvers íslenzka þýðíng þá máske verður við höfð, viljum vèr einnig gjöra fáeinar athugasemdir:

2. gr. 4. línu „borinn“, mætti vera: lögborinn eða ættborinn.

3. gr. 8. l. „meðkenníng“ höldum vèr sè lakara enn kvittun, sem líka er brúkað í 13. gr.

6. gr., 15. gr., 19. gr., 20. gr., og máske víðar, er „Decision“, „decidere“ þýdt „dómur“, „að leggja dóm á“; þetta er nú ekki rètt, heldur ætti það að vera: úrskurður, að fella úrskurð á.

8. gr., 12. gr., er „*i Almindelighed*“ þýdt „reyndar“; máske betra sè: að jafnaði eða annað þvílíkt. „Lánnautur“ er hèr við haft og í 9. gr. líka, en seinna verður það, í 10. gr. og víðar, skuldunautur, og teljum vèr það betra orð og kunnara.

14. gr. og í reikníngsfyrirmyndunum „höfuðstóll“ er einganveginn eins gott, og það forna „innstæði“ (karlk.)

„en ef skuldunautur á einga sök á“: þetta er nú allshendis rángt eptir daglegu máli, en á að vera: en ef skuldunaut er það ekki að kenna, eða: ef skuldunaut alls eingin sök verður gefin á því.

„hallokalaust“ sýnist oss óverðugt orð í lagamáli; mætti vera: hinum ómynduga að skaðlausu.

20. gr. um orðið „hængur“ gjörum vèr sömu athugasemd (það þýðir líka svil-lax); mætti vera: En nú eru eingin slík vandkvæði á.

Hvað reikníngsfyrirmyndirnar snertir, megum vèr að lyktum geta þess, að þær að líkindum aldrei verða að liði einföld-

um bændamönnum, svo margbrotnar sem þær eru, og bændur eru það þó, er fjárhöld ómyndugra optar eru í hendi. Sumt í þessum fyrirmyndum er oss líka að öllu óskiljanlegt, t. a. m. bls. 103. 1. athugasemd: „og greiðslu skatta þeirra, er á veðið hafa fallið (í. s. L.)“, því vèr þekkjum ekki, hverjir slíkir skattar eru hèr á landi. Líka eru nokkrar breytíngar sjálfsagðar, ef það, er áður er af oss til fært um sjálft frumvarpið, nær nokkurri festu. Þannig ætti seinast í Nr. 1. bls. 105. að standa milli sviga: „eða eptir upphoðsgjörð, sem fylgir með“; sjá um 5. grein. Flokkaskipanin breytist líka, hvað fjárupphæðina snertir, ef breytíngu vorri á 4. gr. veitist meðhald. Eins er um það, bls. 103, að amtmanni hafi verið sent skuldabrèfið til áritunar; sjá um 9. gr.

Með framantöldum breytíngum höldum vèr, að alþíng eigi að biðja konúng, að skipa það umtalaða frumvarp landi voru sem lög.“

Framsögumadur (um 3. grein): Nefndinni þótti það varða miklu, að fjárhaldsmaður mætti taka strax við arfinum, og þirfti ekki annað enn tilkynna það strax yfirfjárráðamanni, svo að komizt yrði hjá þeim miklu umsvifum og skriptum, sem ella mundu leiða af reglunum í þessari grein frumvarpsins.

Konúngsfulltrúi: Mèr getur ekki skilizt, að grein þessi heimti meiri umsvif og meiri brèfaritun enn nauðsyn krefur. Það er þrennt, sem hèr er ráð fyrir gjöranda. Þegar arfur skiptist ómyndugum, og þeir eru báðir í sömu sýslu, arfur og ómyndugur, þá annast sýslumaður um, bæði sem skiptaráðandi og yfirfjárráðamaður, að arfi verði skipt og seldur í hendur fjárhaldsmanni hins ómynduga. Þegar hinn ómyndugi er í annari sýslu, en í sama umdæmi, þá ritar sá sýslumaður, í hvers sýslu að arfurinn er, þeim sýslumanni, í hvers sýslu hinn ómyndugi er, til þess að gjörð verði ráðstöfun fyrir, hvenær senda skuli arfinn og selja af hendi, o. s. frv. Þegar hinn ómyndugi er í öðru umdæmi, þá neita eg því ekki, að arfurinn gæti stundum farið úr einu umdæminu í annað, án margra umsvifa, áñ þess að gánga gegnum hendur háyfirvaldanna, t. a. m. ef arfur í Eystri Skaptafellssýslu skyldi flytjast til Suðurmúlasýslu. En yfirhöfuð að tala, og optast nær, verður arfur sá, sem til er orðinn hèr í suðurumdæminu, ekki sendur til norðausturumdæmisins svo fljótara verði, eða hagkvæmara þeim, sem við eiga að taka, heldur enn með því móti, að láta hann

gánga gegnum hendur amtmannanna í Reykjavík og nyrðra. Þegar nú þaraðauki yfirlit sýslumanna yfir ómyndugra fjármuni, er þeir hafa handa í milli, eptir því sem seinna segir í lagafrumvarpinu, á að vera undir tilsjón amtanna, og þareð amtmönnum er ómögulegt að hafa þessa tilsjón með þeim arfi, sem úr öðru umdæmi kemur, án þess, að ráðstafanir þær, sem gjörðar eru þegar flytja skal arf millum umdæma, gángi gegnum hendur á amtmönnum, þá finnst mèr, að lagafrumvarpið í þessu tilliti hafi skipað svo fyrir, sem eðlilegast var, og, þegar á allt er litið, átti bezt við. En jafnvel þó fyrir því sè ráð gjört, sem nefndin hefir getið um, þá er ekkert að því, þó þeir, sem hlut eiga að máli, taki það ráð upp, sem þá sýnist bezt henta, áður enn amtmaður getur lagt úrskurð á málið, einúngis að hinn ómyndugi biði ekki skaða víð það; því ábyrgð sú, sem eptir niðurlagi greinarinnar liggur á þeim, er, áður enn leyfi háyfirvaldsins er feingið, selur arfinn af hendi, getur þó ekki orðið neinum til skaða, þegar það ráð, sem upp var tekið, á vel við, og er þeim til gagns, sem ekki var sjálfur ráðandi fjár síns.

Loks vil eg geta þess, að mèr virðist, að niðurlag greinarinnar, einsog nefndin hefir viljað orða það, komi ekki sem bezt heim við hinn fyrra hluta greinarinnar í lagafrumvarpinu, sem nefndin vill láta vera óumbreyttan, því eptir niðurlagi nefndarinnar ætti það að vera á sjálfsvaldi fjárhaldsmanns, hvort hann sjálfur tæki móti arfinum, eður lèti sýslumann taka við honum og afhenda sèr, en eptir upphafi greinarinnar í lagafrumvarpinu á sýslumaður jafnan að sjá um, að arfurinn komist í hendur fjárhaldsmanni. Færi því svo, að menn fèllust á uppástúngu nefndarinnar, mundi eflaust verða að breyta allri greininni.

Framsögumaður: Eg get enn ekki sannfærzt af því, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi mælti, að nefndarinnar áliti eigi ekki að halda. Fjárhaldsmaður tekur ekki arfinn eptir sinni vild, heldur eptir skipun yfirfjárráðanda. Yfirfjárráðandi á að skýra sínu amti frá arfi, sem kominn er; skiptaráðandi sínu amti frá arfi, sem fallinn er. Þannig fá hvorutveggju ömtin fullkomna vitneskju, og geta haft þá yfirumsjón, sem vera byrjar og við þarf. Þegar arfur fellur innan amts, má þó flytja arfinn til ens ómynduga eður fjárhaldsmanns hans í fjarlægri sýslu, án þess amtinu sè það tilkynnt fyrr enn um árs-

lokin; svo ætti einnig að komast hjá skriptum og umsvifum, þegar arfur fellur í öðru amtinu en á að lenda í hinu.

Konúngsfulltrúi: Eg ætla þó, enn sem fyrr, að amtmenn geti ekki haft þá tilsjón, sem til er ætlazt, ef ekki er fylgt aðferð þeirri, sem ákveðin er í lagafrumvarpinu. Tilsjón þessi er fyrst og fremst í því innifalin, að gæta að því, að allur sá arfur, sem ómyndugum hlotnast í umdæminu, komist undir þá stjórn, sem lögboðin er. Hvað þann arf snertir, sem í umdæminu sjálfu hefir tæmzt, þá getur hver amtmaður séð og sannfærzt um, með því að skoða skiptabækur sýslumanna, að eingum arfi sè sleppt. En öðru máli er að gegna þegar arfur flytst úr einu umdæmi í annað, því fái amtmaður ekki um þesskonar arf nægа vísbendíngu frá þeim amtmanni, í hvers umdæmi arfurinn er fallinn, svo getur hann í því tilliti reyndar einga tilsjón haft, og verður einúngis að styðjast við traust það, er hann hefir til þeirra sýslumanna, er þar eiga hlut að máli, að þeir felli ekki undan úr yfirlitsskrám sínum neinn þesskonar arf.

Assessor Johnsen: Mèr virðist, að glöggt megi sjá það af 7. gr., liðnum b, að löggjafinn hefir eigi ætlazt til í 3. grein, að landaurar, sem leggjast ómyndugum út við skipti, hvort heldur eru dauðir munir eða fríður peníngur, skuli verða fluttir frá einu lögsagnarumdæmi til annars, og enn síður úr amtinu í annað amt, heldur er það auðsèð af tèðum staflið, að yfirfjárráðandi, sem er hinn sami og skiptaráðandinn, á, einkum þegar svo stendur á, að hinn ómyndugi er í öðru lögsagnarumdæmi, að ráðfæra sig við fjárhaldsmann um sölu lausafjárins; og eg get því ekki ímyndað mèr, að það nokkurntíma geti komið fyrir, að flytja lausafè, eða til dæmis kú, mjög lángar leiðir, og allrasízt amta á milli, og því eigi heldur, að umsvif geti flotið nokkur hèraðlútandi af 3. grein, þótt ákvarðanir hennar að vísu annarsvegar sèu næsta umsvifamiklar.

Framsögumaður: Alþíngismaðurinn úr Árnessýslu hyggur, að lausafè verði sjálfsagt selt við opinbert uppboð, þar arfur tæmist. En eg hygg þetta einganveginn sjálfsagt; yfirfjárráðandinn þar veit ekki, og getur ekki vitað, hvort selja skal, fyrr enn hann er búinn að fá vitneskju um, hvernig stendur á þeim ómyndugа í hinu amtinu.

Mèr skilst það vel, að ekki geti tilsjón amtmanna með fjárforráðum ómyndugra verið fullkomin, nema þeir hafi fyrir sèr bókuð skilríki; en eg verð að efa, að tilvinnandi sèu fyrir þær sakir þau margbrotnu umsvif og skriptir, sem leiðir af því, ef fyrirlagi greinarinnar í frumvarpinu er fylgt.

Assessor Johnsen: Það er sjálfsagt, að fjárhaldsmaður verður settur hinum ómynduga þegar við skiptin, ella geta þau ekki farið fram að lögum; enda er tiltækilegast þá þegar, og áður enn að skiptalokum kemur, að ráða það af, hvað selja skuli af fjármunum búsins, og á síðan að skipta því upp á millum erfingjanna, sem fæst fyrir þá í peningum, og þetta ætla eg að muni vera venja, einnig hèr í landi, þegar svo hagar til einsog hèr er gjört ráð fyrir, og ætla eg, að skiptaráðandi bæði megi og eigi að ráðfæra sig við hlutaðeigendur, og að gjöra þá ráðstöfun, sem þörf þeirra krefur í hvert skipti, svo fljótt sem verður, eptir að skipti nokkur eru fallin til eða byrjuð, um sölu fjármunanna og hvernig með þá skal fara yfirhöfuð. Það er eigi að síður eins sjálfsagt, að fjárhaldsmaður sá, er hinn ómyndugi fær seinna, á þeim stað hvar hann hefir dvöl, ásamt yfirfjárráðanda þar, fær ráðin yfir arfahluta hans, eptir að báðir yfirfjárráðendur eru búnir að skrifast á um flutninginn á honum.

Framsögumaður: Þar sem talað er um kúna í álitsskjalinu, þá er það tiltekið til að gjöra það sem ljósast, hvaða baga megi leiða af þeirri aðferð, sem í frumvarpinu er fyrir lögð, en hefir tillit til alls lausafjár sem erfist. En þó farið sè að eins og nefndin stingur uppá, þá fá amtmenn samt þá vissu um arfinn, er má nægja. Skiptaráðandi er yfirfjárráðamaður á meðan arfurinn er í hans umdæmi, og því tilkynnir hann sínum amtmanni allt um þann tilfallna arf, og einnig það, að hann sè eður verði fluttur í hitt amtið, þar sem hinn ómyndugi er; mun þá sá amtmaðurinn, er tilkynninguna fær, rita hinum amtmanninum, þar sem hinn ómyndugi er, allar nauðsynlegar upplýsingar um arfinn.

Konúngsfulltrúi: Athugasemdir hins virðulega þingmanns fyrir Árnessýslu virðast mèr vera því til sönnunar, að ekki muni leiða sèrleg umsvif og erfiðismuni af hrèfaviðskiptum yfirvaldanna; því þareð þó verður, áður enn erfðaskiptum er lokið, eptir samkomulagi við tilsjónar-fjárhaldsmann erfingja þess, sem eigi er sjálfur viðstaddur, að gjöra einhverja

ákvörðun um, hvað gjöra skuli við erfðagóz það, er ekki virðist eiga að geyma, þá mun vart þurfa svo brátt að heyra tillögur hins rètta fjárhaldsmanns hins ómynduga, eður þess, sem það á að verða.

Framsögumaður: Þegar skiptaráðandi hefir feingið kvittunarbrèf fyrir arfinum, þá hefir hann nóga vissu bæði fyrir sig og sitt amt. Amtmaðurinn getur, því er það, sèð upphæð arfsins í skiptabókinni, en hitt, hvað af honum er orðið, af kvittunarbrèfinu.

(Um 4. grein).

Nefndinni varð að þykja það mjög áríðanda umtalsefni, hvort 10 hundraða arfur megi aldrei mínka, en það, sem þar er framyfir, skyldi jafnan vaxa. Reyndar er lögunum ómögulegt að ná út fyrir öll tilfelli og gjöra ráð fyrir þeim. En hèr verður að taka til þess, sem óhaganlegast er þeim ómynduga, að hann sè úngbarn og vandalaus fjárhaldsmanni; en að fjárhaldsmaður hinsvegar sè ekki látinn gánga meir á eign hins ómynduga enn nauðsyn krefur. Sú var og meining nefndarinnar, að amtmaður einúngis skyldi skera úr því, hvort samníngur milli fjárhaldsmanns og yfirfjárráðanda eigi að standa, ef þá greinir á í því efni.

Konúngsfulltrúi: Það verða menn eflaust að játa, að atriði það, sem nefndin ræðir hèr um, er mjög svo umvarðanda, og að það mundi stórum gjöra tilskipunina viðfángsbetri og óflóknari, ef menn gætu farið eptir uppástúngu nefndarinnar. Þegar verið var að semja lagafrumvarp þetta í stjórnarráðunum kom það ogsvo til orða, hvort ekki mundi mega sleppa sundurgreiníngu þeirri, sem er í þessari grein. En mönnum þótti ísjárvert að sleppa að öllu leiti takmarki því, sem Jónsbók hafði ákveðið, millum fjár þess, er geymast átti, og hins, sem eyðast mátti, og mönnum þótti, sem ákvörðun þessi hefði nokkurnveginn gætt þarfa hinna ómyndugu. Með því, að færa út þessi takmörk og gjöra mun á þeim, og þaraðauki bæta við þeim ákvörðunum, er gæfu amtmönnum heimild til að leysa menn undan þessari reglu, ef svo væri ástatt, að hún ætti miður við, þá ætluðu menn að komast hjá hinum hèlztu annmörkum við takmörk þessi, en halda því sem bezt þótti. En samt sem áður mun stjórnin ekki verða ófáanleg til að fallast á uppástúngu þá, er nefndin hefir gjört, og sem miðar til þess, að ákveða einúngis eitt takmark, talsvert rýmra

enn fyrr, ef þingmenn skyldu hèr verða sannfærðir um, að takmark þetta væri nægilegt til að tryggja þá ómyndugu. Eg vil einúngis, hvað það snertir, geta þess, að nefndin gjörir einkanlega ráð fyrir að svo standi á, að hinn ómyndugi sè barn og sè feinginn vandalaus maður til fjárhaldsmanns, þar sem það þó almennt getur að borið, að hinn ómyndugi er á heimili ættíngja sinna, eður annara, sem sjá munu á hag hans, og ekki krefjast fullrar borgunar; eins og líka hinn ómyndugi, ef hann er ekki barn að aldri, opt getur sjálfur nokkuð studt að uppeldi sínu. Ef takmarkið verður sett svo hátt, eins og nefndin hefir stúngið uppá, nefnil. 20 hndr., svo ekki þyrfti að semja nákvæman reikníng á ári hverju, ef arfur er minni enn þessi upphæð, svo lægi þar í einskonar upphvatníng, ogsvo fyrir ættíngja hins ómynduga, að varðveita ekki óeyddan arf hans, jafnvel þó hann væri talsverður að vöxtum. Með þessum athugasemdum vil eg skjóta því til hinna virðulegu þíngmanna, að skera sjálfir úr, hvað bezt muni eiga við, eptir því sem þeir þekkja að til hagar í landinu.

Það er hinsvegar ljóst, að villa sú, sem nefndin getur um í niðurlagi greinar þessarar, hefir komið í útleggíngunni, þar sem segir: „ef fèð er minna enn til er tekið í liðnum c“, þareð í frumritinu danska er talað einmitt um það gagnstæða: þegar fèð er svo mikið að vöxtum, sem segir í liðnum c.

Forseti: Eg verð að fallast með öllu á meiníngu hins heiðraða framsögumanns, og þykir vænt um, að hinn hæstvirti konúngsfulltrúi mótmælir því ekki. Þetta er að minni hyggju sú greinin, sem mestur athugi er gefandi og vandasömust er í öllu frumvarpinu; að minni hyggju er það nefnilega sjálfsagt, að einginn únglíngur, frá 1. til 14. aldurs árs, venjulega og að tiltölu geti forsorgast af minna ávexti enn af 20 hundruðum.

En þar sem frumvarpið talar um hundrað á landsvísu, þá virðist sem það gjöri ráð fyrir því, að allir munir dánarbúa sèu virtir til landaura verðs, en það veit eg ekki hvort er sem tiltækilegast.

Framsögumaður: Í niðurlagi greinarinnar er sèð við því, sem hinn mikilsvirði forseti nú gat um, að honum þætti ekki sem tiltækilegast. Ekki get eg fallizt á það, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi lèt á sèr skilja, að ef 20 hundruð og þaðan af meira væri það eina, sem fjárhaldsmönnum bæri að lara með og standa reikníng af, eptir því, sem fyrir er lagt í

frumvarpinu, þá mundi það verða hvöt fyrir þann fjárhaldsmann, er þó er nákominn enum ómynduga, að brúka arfinn verr og hagtæra honum lakar enn ella, o. s. frv.; nokkuð — og mikið — má ætla rækt skyldmenna til nákomins ómaga, en hitt tilsjón yfirfjárráðanda.

Forseti: Eg uni að vísu vel við útskýringu þá, er hinn heiðraði framsögumaður kom nú með, um virðinguna. Einúngis vilda eg geta þess, að verðið í verðlagsskránum er opt hærra enn hið sanna verð á mörgum dánarbúsmunum, eins og líka kunna að falla til arfs þeir aurar, sem ekki eru nefndir í verðlagsskránum.

Framsögumaður: Það er að vísu satt, en þó er ráð fyrir hinu gjöranda, að samgjarnlega sè virt, og upphæð virðingarinnar síðan metin til hundraða eptir verðlagsskránni.

Assessor Johnsen: Mèr þykir þó næsta mikið í þá athugasemd varið, sem hinn háttvirti forseti gjörði, viðvíkjandi því, að ákvörðun vantar í greinina um, hvenær auka skal fè hins ómynduga, og hvenær taka má af því, honum til framfæris, þegar það er í peníngum, sem eg ætla að opt muni verða, í hið minnsta að nokkru leiti, en borið getur það við, að þó hinn ómyndugi hafi nærri samni til framfæris af jarðeign hans, og máske 10—20 hndr. í fríðum peníngi, að lögleiga af peníngaeign hans samt ekki hrökkvi til.

Framsögumaður: Eg fæ þó ekki skilið, að ekki sè eins hægt að meta peninga til landsvísu hundraða eptir verðlagsskránum eins og hitt, — sem kannske er að vísu algeingara — að meta landaura eptir þeim til peninga, og „fè“ (í litr. c.) má bæði skilja um peninga, fríðan penníng og lausafè.

Assessor Johnsen: Það er að vísu auðgjört, að telja til, hvað landaurar hlaupi í peníngum og peníngar í landaurum, eptir verðlagsskránum, en eigi að síður mun það koma fyrir, að 10 eða 20 hundraða virði í peníngum eigi gefi nægan ávöxt til framfæris hinum ómynduga, og þó að menn gjöri 20 hundruð allt að 400 dölum, mun opt standa svo á, að leigan af þeim eigi hrökkvi til uppeldis og framfæris hinum ómynduga.

Framsögumaður (um 5. grein): Hèr áleit nefndin sjálfsagt, að fjárhaldslaunin væru líka innibundin í samníngnum milli yfirfjárráðamanns og fjárhaldsmanns. Það er jafnáríðanda og sjálfsögð skylda fjárhaldsmanns, að koma á vöxtu öllu því fè hins ómynduga, er ekki geingur til forlags honum,

og því er einganveginn sá tilgángur frumvarpsins, að fjárhaldsmaður megi láta hjá sèr liggja óávaxtaða 24 rbd. árlega, heldur skal hann koma fènu (peníngunum) á vöxtu jafnóðum og verður; þessvegna er nauðsyn að bæta inní orðinu „strax“.

Eins fannst nefndinni það sjálfsagt, að fjárhaldsmanni mætti vera á sjálfsvaldi, hvort hann vildi heldur láta landaura ótalda og gjöra grein fyrir þeim eptir verðlagsskránni, eður koma þeim í penínga.

Konúngsfulltrúi: Vera má, að hin íslenzka útlegging greinarinnar sè hèr ekki sem ljósust. Í danska frumritinu er „*saasnart*“, og eptir því verður reglan sú, að fjárhaldsmaður má sem optast tafalaust setja eigur hins ómynduga á vöxtu, þegar þær eru 25 rbd. að upphæð. En allt fyrir það gæti þó verið, að það yrði ekki sem rèttast að gjöra regluna svo skuldbindandi, sem verða mundi ef bætt væri við orðinu „*strax*“. Svo getur á staðið, að maður einhver vilji taka leigufè, t. a. m. 50 rbd., að fjárhaldsmaður hafi af eigum hins ómyndaga þvínær svo mikið, og vanti lítið eitt, en eigi innan skamms von á því sem á vantar. Þegar þannig væri ástatt, mætti fjárhaldsmaður eflaust, eptir lagafrumvarpinu, láta dragast að setja fèð á vöxtu, til þess, er það, sem á vantaði, væri komið, og hefðu þeir hag af báðir, bæði lánnautur og hinn ómyndugi.

Framsögumaður: Mèr finnst þá, að hinn hæstvirti konúngsfulltrúi sè samþykkur nefndinni í því, að „*saasnart*“ sè á íslenzku „*strax*“.

Konúngsfulltrúi: Eg fæ þó ekki betur sèð, enn að það sè beinlínis skipað — ef orðinu „*strax*“ er við bætt — hvernig sem ástatt er, tafarlaust að setja fèð á vöxtu, undir eins og það nær 25 rbd.; reglan er að sönnu lík í danska frumritinu, en þó ekki skuldbindandi, að fjárhaldsmaður geti ekki, án þess honum verði gefin sök á, þegar svo er ástatt eins og nú var sagt, látið dragast stutta stund að setja fèð á leigu, þángað til það er komið, sem á vantaði fjárupphæð þá, er maður vildi taka á leigu.

Framsögumaður: Eg skal líka fús á að fallast á þessa meiníngu, þegar komið er með íslenzkt orð yfir „*saasnart*“, sem útþýði það betur enn „strax“.

(um 7. grein):

Hèr var sú meiníng nefndarinnar, eins og reyndar víðar mun bregða fyrir í álitsskjali hennar, að amtmenn ættu ein-

úngis að hafa yfirumsjón, og einkum skera úr þeim þrætum og ágreiníngi, sem verða kynni milli fjárhaldsmanns og yfirfjárráðamanns. Stjúpafi og stjúpamma er hèr ógreinilegt; mèr skilst, að meint muni vera til föður eða móður stjúpa eður stjúpu, og getur nefndin ekki fallizt þar á frumvarpið, að þau skuli hafa sama rètt og stjúpforeldrar; sá sem er fjærsifjaður á ekki að hafa meiri rètt enn sá, sem er nær, eptir D. L. 3—17—9, og er þó sýnd tortryggni þar gegn stjúpa.

Forseti: Eg get, fyrir mitt leiti, ekki fallizt á, að ekki þurfi amtmanns samþykki yfirhöfuð, þá selja skal fasteign ómyndugra. En til mundi mega taka eitthvert ákveðið hundraða tal, er samþykkis þeirra fyrir sölunni bæri að leita; t. d. til sölu á 10 hundraða jörð og þaryfir skyldi jafnan leita samþykkis amtmanns, enn ekki til sölu á minni fasteign.

Konúngsfulltrúi: Eg fellst á það, sem hinn háttvirti forseti hefir sagt, um það, að ísjárvert væri, að láta yfirfjárráðendur ómyndugra (sýslumenn) skera úr því, hvort selja skuli fasteignir þeirra, og bæti einúngis því við, að sýslumaður er einnig uppboðshaldari, og gæti því auðveldlega gefið mönnum þann grun um sig, að hann liti á sinn hag, þegar hann væri að skera úr því, hvort selja skyldi eður ekki. En efa verð eg það, hvort það er haganlegt, einsog hinn háttvirti forseti stakk uppá, að ákveða, að fasteign sú skyldi ná vissri hundraðatölu, sem amtmanns leyfi þyrfti til að selja, þareð slík upphæð verður jafnan nokkuð undir tilviljun komin, og fyrir því ætla eg drjúgast verði að fara að því, er frumvarpið segir, því tilgángur þess er, að varðveita fasteignina handa þeim ómyndugu, og er það í sjálfu sèr æskilegt.

Framsögumaður: Eg verð þó að halda fram áliti nefndarinnar í þessu efni. Sýslumenn eru líka uppboðshaldarar á öðru fè ómagans, og það (lausafèð) er opt meira enn fasteignin, og má þó það selja án samþykkis amtmanna; þar til er fasteign sjaldan seld ámeðan hinn ómyndugi er á ómagaaldri, og verði jörðin ella seld, á ómaginn eingan aðgáng að amtmanni, enn þótt hann hafi samþykkt sölúna. Þar sem í frumvarpinu segir: „og ber þess einkum að gæta, hvort lausafèð er fríður peníngur, er leigja má fyrir hærra eptirgjald“, þá þótti nefndinni hin mesta nauðsyn á að breyta því; því fjárhaldsmaður mun yfirhöfuð vilja heldur losast við lifanda fènað, heldur enn búa undir honum og gjalda eptir hann. Eins getur

það leidt til ens mesta ójafnaðar — og það á tvo gagnstæða vegu — sem hèr er lagt fyrir í frumvarpinu: „annaðtveggja — eptir þeirri virðíngu, er á er í lóðseðlinum“ — þar sem ómaginn getur, ef til vill, orðið fyrir helmíngs skaða, og fjárhaldsmaðurinn eins á hinn bógimn, til dæmis: ef verð skepna hækkar eða lækkar að helmíngi, á meðan hinn ómyndugi er á ómaga aldri. Fyrir þessar sakir vildi nefndin heldur leggja það til, að lausafèð mætti selja, ef fjárhaldsmaður æskti þess, heldur enn að frumvarpinu væri fylgt; og er þess alls getið til að sýna, að nefndin hafði fullgyldar ástæður til að fara fram á, að sleppt væri öllu þessu atriði frumvarpsins (stafliðnum b), en kæmi í staðinn uppástúnga nefndarinnar. Nefndinni fannst það bæði rètt og nauðsynlegt, að fjárhaldsmaður geymi öll skuldabrèf hins ómynduga; en í frumvarpinu er einúngis þeirra getið, sem eru frá jarðabókarsjóðnum.

Konúngsfulltrúi: Hvað c-lið greinar þessarar snertir, þá neita eg því ekki, að lagareglur þær, er þar eru, yrðu styttri og auðskildari, ef farið væri eptir breytíngar-uppástúngu nefndarinnar, og er það að vísu mjög æskilegt; en samt ætla eg, að inntakið í grein lagafrumvarpsins sè eingu síður fullkomið og eigi eins vel við.

Framsögumaður (um 8. grein): Sú aðferð, sem frumvarpið hèr leggur fyrir, þegar taka skal að láni penínga ómyndugra, er svo umsvifamikil, að erfitt mun veita að koma þeim á vöxtu annarstaðar enn í jarðabókarsjóðinn. En víst væri betra — og sá mun og tilgángur stjórnarinnar — að landsbúum væri gjört sem auðveldast að fá að láni fè ómyndugra gegn lagavöxtum, og að þetta feingist með sem auðveldustu móti. En frumvarpið gjörir það síður enn ekki auðvelt. Óþarfi einn virðist t. a. m., að hafa í þessu skyni 2 eiðsvarna virðíngarmenn; bæði geta hreppstjórar virt, og svo eru víst í suðurumdæminu víðast eiðteknir úttektarmenn, og geta einnig þeir virt. Svo virðist og, að fullveðja fjárhaldsmanni megi vera í sjálfsvald sett, að taka gylt veðið án virðíngar, ef hann vill, og að minnsta kosti er það óþarfi að hafa stöðuga og fyrirfram í eið tekna virðíngarmenn.

Ef það væri gjört að reglu, sem frumvarpið leggur fyrir, að fjárhaldsmenn mættu hafna veðinu, ef þeim líkar ekki virðíngin, þá væri þeim gefið á sjálfsvald að hafa að leik að misbjóða og vekja tortryggni gegn þeim, er lánsins þarfnast,

Hitt virðist nefndinni vel til fallið, að sá, er lánsins æskir, megi láta virða jörðina aptur af 4 mönnum, á sinn kostnað, ef hann vill, og honum þykir fyrri virðingin hvorki sanngjörn — þó fjárhaldsmaður sè á því — nè svo, að hann geti feingið eins mikla peninga að láni gegn veðinu, og hann þarfnast, — og að fjárhaldsmanni beri þá að láta undan, og lána meiri peninga, ef síðari virðingin fer svo, að veðið fyrir þeim sè nægilegt.

Konúngsfulltrúi: Það virðist mèr þó mjög ísjárvert, að láta fjárhaldsmann ráða því, hvort veðið sè nægilegt eður ekki, án þess það sè skoðað og matið. Virðingarstörf eru einnig gjörð í því skyni, að yfirfjárráðendur og amtmenn hafi fulla vissu fyrir, að fènu sè borgið með nægilegu veði, og án slíkra virðingastarfa hefðu menn einga aðra vissu, enn aðgáng að fjárhaldsmanni; væri að sönnu ekkert að því, þegar hann væri efnamaður, en væri það nú ekki, þá væri vissan eingin. Hvað hina aðra breytíngar-uppástúngu nefndarinnar á grein þessari snertir, þá miðar hún til þess, að lánmautur sá, er hefir látið virða eign sína nægilega hátt, í samanburði við fè það, er hann vildi taka á leigu, skyldi geta þraungvað fjárhaldsmanni til að leigja sèr fè, jafnvel þó fjárhaldsmanni þætti eign sú ekki nægilegt veð móti fè hins ómynduga. Þegar nú þess er gætt, að slíkar virðíngar, einsog reynslan sýnir í öðrum löndum, eru opt og tíðum mjög háfar, þá ætla eg, að það liggi í augum uppi, að slík ákvörðun yrði mjög skaðsamleg eignum ómyndugra.

Framsögumaður: Það er einganveginn hinn lántakandi, er þvíngar fjárhaldsmann til að hafa lánið meira, heldur hinir 4 eiðsvörnu yfirvirðíngarmenn. En eigi að fylgja enum hörðustu reglum í þessu — sem eg þó hygg að ekki eigi við — þá er víst betra, að fjárhaldsmaður ráði því, hvort hann vill álíta jörðina nægilegt veð eður ekki.

(Um 9. grein.)

Við breytíngu þessarar greinar hafði nefndin fyrir augum sèr það, er eg áður gat um, að amtmenn bæri að eins að álíta sem yfirtilsjónarmenn, á þann veg, að þeir ættu að skera úr öllum þrætum og ágreiníngi með hlutaðeigendum.

Konúngsfulltrúi: Það færi þó eflaust bezt á því, að veðskuldabrèf um eignir ómyndugra væru löguð öll á einn veg, en þessu verður þó ekki við komið með öðru móti enn því, að

amtmenn fái yfirfjárráðendum fyrirmynd (*Schema*) veðskuldabrèfa.

Framsögumaður: Amtmenn geta gefið þetta sýnishorn strax, og fyrir alla, og þarf þá ekki í hvert skipti að rita það yfirfjárhaldsmanni.

(Um 10. grein.)

Af þessari grein verður ekki það sèð, — sem reyndar er tekið fram í 13. gr. — hvenær gjalddaginn sè, og það er merkilegt, að sá fær 6 mánaða frest, sem kaupir jörð, en sá, sem lán tekur og veðsetur, eingan. Þessar enar straungu reglur munu og girða fyrir það, að einginn taki til láns peninga ómyndugra.

Konúngsfulltrúi: Þar sem nefndinni hefir þótt, að ákvarðanir þessarar greinar væru mjög harðar og flóknar, þá hygg eg, að það sè að nokkru leiti komið af misskilníngi; því ákvörðunin í upphafi greinarinnar um rèttan skuldadag („á rèttum gjalddegi") hefir, einsog við má búast, tillit til 13. greinar, þar sem sagt er að rèttur gjalddagur nái til enda Júní mánaðar. Enn fremur verð eg að gjöra eina almenna athugasemd viðvíkjandi grein þessari. Löggjöfin hefir 2 kosti fyrir höndum, um það, hvernig fara skuli að við þann skuldunaut, sem ekki hefir goldið leigur á rèttum gjalddaga. Annaðhvort verður fjárhaldsmaður að draga skuldunaut fyrir dómarann, og fá dóm uppkveðinn yfir honum, áður enn hann getur farið leingra frammá að ná skuldinni hjá honum, ellegar þá, að fjárhaldsmanni getur leyfzt, sjálfsagt eptir ákveðinn frest, að selja veðið, til þess að því, sem hinn ómyndugi á útistandandi, verði náð. Til þess að komast hjá laungum málarekstri og skaða þeim, sem hinn ómyndugi getur af því beðið, hefir lagafrumvarpið tekið hinn síðara kostinn, en hefir þó, skuldunauti til gagns, bætt þeirri ákvörðun við, að hann geti stöðvað sölluna, þegar hann geldur leiguna og kostnað allan á undan hamarshöggi á uppboðsþíngi. Þessar ákvarðanir, sem eru samkvæmar því, er áður hefir við geingizt í Danmörku, geta menn þó naumast kallað mjög harðar. En að hinsvegar sá hluti kaupverðsins, sem afgángs verður kröfu hins ómynduga, hljóti að lenda hjá eiganda veðsins, leiðir eflaust svo beinlínis af hlutarins eðli, að þar um þarf einga beina lagaskipun.

Framsögumaður: Mèr skilst til fullnustu meiníng ens hæstvirta konúngsfulltrúa. Þess vegna hefir líka nefndin látið þessa

grein standa óbreytta, að undanteknum þeim hinum litla viðauka, sem hún vill að prjónað sè aptanvið. Eru margar greinir frumvarpsins svo fjölorðar, að hvorki mun stínga í stúf nè vera um of þó þessu sè við bætt.

Assessor Johnsen: Eg get að vísu eigi verið í efa um, að sá í grein þessari umræddi rètti gjalddagi sè sá, sem 13. grein tekur til, og nær til Júní mánaðar enda, heldur ekki um það, að afgángurinn af veðeigninni, þegar hún er seld, eigi geti borið öðrum enn eigandanum sjálfum, en það er önnur ákvörðun í grein þessari, sem er mèr vafameiri, og eg einganveginn get fellt mig við, sú nefnilega: að selja mégi veðið, þegar lögleiga er ekki greidd á rèttum gjalddegi, „án dóms og laga", og eg er sannfærður um, að það muni koma fram, sem sú heiðraða nefnd hefir spáð, að enginn óski lántöku hjá ómyndugum, meðan einhverstaðar annarstaðar er lán að fá hjá prívatmönnum öðrum, ef þessi ákvörðun á að halda sèr. Hún er tekin úr frumvarps-tilskipun frá 7. Febr. 1794, að mig minnir 12. grein; henni hefir sjaldan sem aldrei verið fylgt í Danmörku, og rèttirnir hafa þar ætíð hliðrað sèr hjá, að dæma eptir henni, og þýdt hana á þann veg, sem bezt gegndi fyrir skuldunauta, þángað til hún með öllu var afmáð með tilskip. 25. Jan. 1828. Þegar nú svo að segja veðsetníngum á að koma á hèr í landi með þessum hætti, þá ætla eg að næsta óheppilega sè byrjað, og eg held ekki, að neinn sá, sem nokkuð sèr fram í veginn, gefi sig fánginn undir þessi lög, sem svo hæglega geta svipt menn eign sinni fyrir svo lítið verð, að hvergi nærri nemur því sanna, og það enda án þess, að skuldunautur geti sèð það fyrir, er rentugreiðslan að vísu getur dregizt, margra orsaka vegna, sem honum ekki verður kennt um. Enn þótt eg nú ekki geti fundið að þeirri ákvörðun greinarinnar, að komið sè að borgun höfuðstólsins, þegar lögleiga eigi er greidd á rèttum gjalddegi, því hún þykir mèr að eigi vel við, svo get eg hinsvegar eigi annað, enn sterklega ráðið frá þeirri greindu ákvörðun, sem við þessa er bundin, að bjóða skuli upp veðið án dóms og laga, og eg verð því að áskilja mèr breytíngaratkvæði við greinina í þessu skyni.

Konúngsfulltrúi: Ákvörðunin í lagafrumvarpinu stefnir einmitt til hins sama takmarks, sem hinn virðulegi þíngmaður úr Árnessýslu hefir miðað til með breytíngaratkvæði sínu. Menn hefðu nefnilega gylda ástæðu til að óttast, að ef skuldu-

nautar opt prettuðust um að borga leigur o. s. frv. og fjárhaldsmenn neyddust til að taka uppá sig alla þá erfiðleika, tímatöf og kostnað, sem leiðir af málaferlum, þá mundu þeir, fjárhaldsmennirnir, reyna að komast hjá þessu öllu saman með því, að setja ekki ómyndugra fè á vöxtu hjá einstökum mönnum, heldur koma því á vöxtu í jarðabókarsjóðinn.

Assessor Johnsen: Mèr skilst það vel, að ákvörðunin falli fjárhaldsmanni vel í geð, því hún er vel til þess fallin, að halda skuldunaut í skefjum, en öllu öðru máli er að gegna þegar taka skal hagsmuni skuldunautar til greina, enda sè eg ekki, að nein hætta sè á ferðum fyrir hinn ómynduga, þó fjárhaldsmaður hans verði að sækja skuldunaut að lögum; lögleiguna fær hann eigi að síður óskerta, auk kostnaðar við málssóknina, allt eptir dómi, ef eigi verða fyrri endalok á við sættanefndina, og eru þvílík mál svo óbrotin, að þau ekki þurfa að kosta fjárhaldsmann mörg umsvif, enda er það skuldunaut mjögsvo áríðanda, að eigi sè hrapað allt í einu að sölu eignar hans, svo að hann eigi má vera sèr úti um kaupanda jarðarinnar fyrir bærilegt verð, ef á annað borð eingin önnur úrræði gefast enn að selja hana.

Framsögumaður samsinnti konúngsfulltrúa í því, er hann síðast mælti, og bar enn fremur upp þessar athugasemdir til styrkíngar breytíngum nefndarinnar:

Við 13. grein: að það, sem nefndin hefði stúngið uppá, væri skuldunaut til tryggíngar; ekki væri hann ætið sjálfur við, til að borga rentuna, og sjá, að þess væri getið á skuldabrèfinu, og væri því nauðsynlegt, að kvittunarbrèfið bæri það með sèr; þetta væri ætið brúkað við landfógeta embættið.

Við 14. gr.: að nauðsynlegt sè, að bæði skuldunautur og skuldheimtumaður hafi jafnan fyrirvara, því full óvissa sè fyrir því, að fjárhaldsmanni sè jafnan auðgefið að koma peníngunum á ávöxtu, enda sè það lagt fyrir í 7. gr., að fyrst eigi að bjóða peníngana til leigu, áður þeir sèu settir í jarðabókarsjóðinn.

Við 15. og 16. grein skýrskotaði hann til álitsskjalsins.

Við 17. gr.: að gjafsóknir sèu helzt til of tíðar, og væri því rètt að láta undir efnahag komið, hvort gjafsókn skyldi veitá.

Við 19. gr.: fyrst að tilsk. frá 30. Apr. 1824 leyfi stúlkum 16 vetra að ganga í hjónaband, þá geti og eigur ómyndugra geingið undan ráðum fjárhaldsmanns á þeim aldri.

Konúngsfulltrúi: Að við hin sèrstöku kvittunarbrèf yrði gjörð sú viðbót, sem nefndin hefir stúngið uppá við 13. grein, ætla eg mundi skaðlaust og nauðsynjalaust, þareð það breytir eingu til um rèttindi og skyldur þeirra, sem hlut eiga að máli, eptir því sem sagt er fyrir í greininni. Viðvíkjandi 14. gr. get eg þess, að eg sè einga ástæðu til að neita skuldunaut um þann lètti, sem greinin leyfir honum, að hann geti goldið fè það, er hann hefir tekið á leigu, með hálfs missiris fyrirvara, þareð fjárhaldsmaður jafnan mun geta boðið fèð upp til leigu á manntalsþingum, og lánað eða sett á vöxtu í jarðabókarsjóðinn, þegar hann hefir orðið þess vísari, hálfu missiri fyrir gjalddaga, að fèð yrði sèr goldið. Hvað 16. gr. snertir, þá bendi eg til þess, er eg áður sagði, að ef amtmenn ættu að geta haft tilsjón á fjárvarðveizlu ómyndugra, þá yrði þeim og að verða gefinn kostur á því, með skýrslum þeim, er til þess væru nauðsynlegar.

Framsögumaður las úr álitsskjalinu athugasemdir nefndarinnar við málið á frumvarpinu.

Assessor Johnsen: Eg verð, áður enn skilið er við þetta mál, að geta þess, að mèr þykir nefndin hafa farið leingra enn hún þurfti, eða átti að fara, í tilliti til þýðingar frumvarpsins á íslenzka túngu, — og verð eg fyrirfram að gjöra þá athugasemd yfirhöfuð: að mèr ekki skilst betur, enn að þingið eigi að taka frumvörpin til yfirvegunar, eins og þau eru lögð fyrir það á íslenzka túngu, og að finna að þeim að eins sem lagafrumvörpum, en einganveginn sem þýðingu úr dönsku máli, því það yrði til gagnlausrar málaleingingar og tímatafar, enda er ekki nema eitt exemplar lagt fyrir þingið á dönsku máli, og munu fæstir þingmenn geta komið því við, að kynna sèr það, og bera saman við þýðinguna, þó þeir allir vildu, og væru eins vel færir í báðum málunum. Hvað nú þau íslenzku orðin útaf fyrir sig snertir, sem fundið er að, þá sè eg ekki, að orðið „borinn" eigi miður við enn orðin „lögborinn eða ættborinn", á þeim stað sem til er vísað, og eg ætla öll þessi orð eins auðskiljanleg, þó mig fyrir mitt leiti gyldi einu, hvort orðið helzt er við haft af þeim öllum; sama er að segja um orðin „meðkenning" og „kvittun". Orðin „dómur", og „að leggja

dóm á", eiga í algeingu máli eigi að eins við þá dómana, sem enda með þessu atkvæði: „undir aðför að lögum", og eg sè ekki að þau sèu rángt brúkuð á þeim stöðum, hvar þau koma fyrir; eigi að síður get eg líka fellt mig við orðatiltækin: „úrskurður", „að fella úrskurð á", þó eg haldi, að þau ekki komi betur við enn hin. Sama máli gegnir um orðið „reyndar", sem fundið er að. Orðið „lánnautur" hefir það þó framyfir önnur orð, sem nefndin hefir við haft, t. a. m. „innstæði" og „að tæmast arfur", að það er öllum auðskilið, en hin orðin skilja varla aðrir nú á tímum, enn þeir, sem hafa lesið Grágás, og munu fæstir þíngmanna hafa gjört það; enda held eg ekki að orðið sè illa valið. Þar á móti er öllum auðskilið, að rángt er til orða tekið, þar sem í frumvarpinu stendur: „en ef skuldunautur á einga sök á". Orðin „hallokalaust", og „hængur" eru víst öllum auðskilin, í því samanheingi, sem þau eru brúkuð í, og geta varla hneixlað neinn, eða álitist „óverðug" í lagamáli, þegar þau koma við eins og þau gjöra í frumvarpinu, og virðist það að minnsta kosti eigi síður óverðugt, að nefndin hefir tekið þá þýðíngu af orðinu „hængur" til dæmis: að það líka þýði „svil-lax".

Forseti sagði þá mál þetta nægilega rædt til undirbúnings; kvaðst hann verða að áminna þíngmenn um, að mjög væri nú liðið á alþíngistímann, og því væri nauðsyn, að nefndirnar hröðuðu að koma af málefnunum; tilnefndi hann einkum, að álitsskjöl vöntuðu í málefninu um 11,000 rbd. af kollektupeníngunum, um alþíngiskostnaðinn, og um frumvarpið til breytíngar á tilsk. 17. Júlí 1782.

Því næst var fundi slitið.

21. Júlí — fimtándi fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá fjórtánda fundi lesin og samþykkt.

Þá var aptur rædt í seinasta sinni frumvarpið um hefð og skuldafyrníngu.

Forseti: Áður enn mál þetta verður fremur rædt, skal eg stuttlega láta í ljósi meiníngu mína þar um, þó þar til að öðru leiti ekki sè þörf, þareð hún í aðalefninu er áður kunnug, af þeim prentuðu ástæðum, sem fylgja í sjálfu lagafrumvarpinu. Eg skal fyrst geta þess, að mèr fyrirfram varla hefði dottið í hug, að meiníngar-ágreiníngur mundi verða hèr á þínginu,

um, hvort innleiða eigi þau dönsku lög um hefð og fyrníngu rèttinda, eða ekki, því eg hefi ætið verið, og er ennþá, sannfærður um, að slík löggjöf muni vera hèr í landi, ef eigi nauðsynleg, þá þó nytsamleg, til verndar fyrir lángvarandi og óákært eignarhald, samt til að fyrirbyggja þrætur og kostnaðarsöm málaferli. Þar sem ogsvo hefir verið stúngið uppá því, að, ef hefð yrði hèr lögleidd, skyldi hún takmarkast við 50 ár, þá get eg ekki sèð, að þetta sè á nægilegum rökum byggt, einsog mèr ekki heldur er kunnugt, að slík hefð, hvað áratöluna snertir, sè í nokkru landi lögleidd. Skyldi hefð að öðru leiti nú verða lögleidd hèr, sýnist mèr eingin nauðsyn til, að þetta lögmál ekki öðlist krapt fyrr enn 1855, þar það er alkunnugt af embættismannanefndar-tíðindunum, að slík löggjöf hefir verið í undirbúníngi síðan 1839. Eingu að síður er eg ekki neitt fastheldinn á minni meiníngu hèr um, ef að eins þau dönsku almennu hefðarlög verða innleidd. Að því er hreift hèr á þínginu, að kirkju eignir og rèttindi sèu þjóðarinnar óhræranleg eign, og að, ef nokkuð af þessu tapast við hefð, hljóti þjóðin að bæta það upp á ný, svo hið geistlega stand ekki missi neins í, þá vil eg láta þetta standa við sitt verð, og einúngis geta þess, að hèrumbil það sama mun mega segja um allra opinberra stiptana góz, og að það þó mundi líta nokkuð undarlega út, ef kirkjur og stiptanir gætu unnið frá öðrum með 20 ára hefð, ef hún verður hèr lögleidd, en einginn unnið frá kirkjum og öðrum opinberum stiptunum nema með 100 ára hefð. Frekara álít eg ónauðsynlegt að tala hèrum, þar eg er fullviss um, að sèrhver þíngmanna er orðinn gagnkunnugur öllum höfuðatriðum þessa máls, og er nú fær um, nær til atkvæða kemur, að segja vissa meiníngu sína þarum.

Konúngsfulltrúi: Þegar mál þetta kom til umræðu hið fyrra sinnið, þótti mèr ekki þörf að segja álit mitt um það, því mèr virtist, að bæði ástæður lagafrumvarpsins og álitsskjal nefndarinnar telji til öll þau helztu atriði, sem hèr geta orðið umhugsunar- og umtalsefni; en áður enn menn nú, á fundi þessum, ræða málið til lykta og gánga til atkvæða, þá þyki mèr skylt, að því leiti sem mèr er unnt, að gjöra það ljóst fyrir hinum virðulegu þíngmönnum, hvað það sè í raun og veru, sem þeir eiga nú að gefa atkvæði sín um, og hvað af því geti leidt, ef atkvæði manna skiptast á ymsa vegu.

Eflaust munu allir verða á einu máli um það, að, þegar alls er gætt, þá sè það verra að vaða í villu og svíma um það, hvað rètt sè, heldur enn hitt, að hafa þau lög, er miður eigi við en sèu þó vafalaus. Þetta á sèr nú einkum stað um þau lög, er ræða um það, hvernig maður eigi að vera kominn að eigninni, til þess það geti veitt eignarrètt; sèu lögin um það óljós og efasöm, getur enginn maður verið óhultur um, að hann fái haldið eign sinni; hann fær ekki varast, eður haft gætur á, þeim atriðum, er einmitt geta ráðið því, hvort hann heldur eignarrètti sínum eður missir hann. Því þarf ekki það að undra, þótt stjórnin hafi hugfest, að endir skyldi á verða myrkviðri því og efasemdum, sem nú á tímum drottna á landi þessu um hefðarlögin. Vil eg nokkuð gjör leiða rök að því, að þessu sè þannig varið, sem nú hefi eg sagt. Hin helzta, eður einasta lagagrein í Jónsbók, sem talar um eiginlega hefð, er í landsleigubálki 26. kap.; er nákvæmlega skýrt frá inntaki hans í „ástæðum fyrir lagafrumvarpinu um hefð" o. s. frv., á 3. bls. Lagagrein þessa hafa menn skilið á ymsa vegu. Sumir hafa sagt, að þar væri talað bæði um fasteignir (skóg, eingi) og ítök (*Servituter*); aðrir þarámóti — og einn maður af þeim flokki var kallaður ágætur lögfræðingur hèr á landi, var hann fyrst einn af dómendum í landsyfirdóminum og síðan amtmaður nyrðra og eystra, og er nú látinn fyrir fáum árum — hafa sagt, að lagagrein þessi tali einúngis um ítök, og „skógur" þýði skógarhögg í annars landi, og „eingi" þýði tilkall til slægna í annars eingjum. Þannig kemur mönnum ekki einusinni saman um aðal-undirstöðuna, hvernig skilja eigi lagagreinina, hvert inntak hennar sè. Þegar nú þessu næst segir í lagagreininni, að hefð skuli ekki gylda móti þeim, sem leiðir lögleg vitni að því, að hann eigi hlutinn, þá hafa menn viljað leiða þar af þá ályktun, að hefð gyldi ekki móti annari löglegri heimild; en það liggur í augum uppi, að lagagrein þessi nefnir einúngis vitnisburð, og geta menn ekki þaðan ályktað til annarar heimildar eður skriflegra afsalsbrèfa. Það mundi verða mjög ísjárvert, að teygja þýðingu orðsins á þann veg í því landi, þar sem það er ekki lögboðið að þínglýsa heimildarskjölum; því það er í hvers eins valdi, þegar hann gefur öðrum afsalsbrèf fyrir eign sinni, að lýsa þannig í afsalsbrèfinu takmörkum eignarinnar, að það nái yfir nokkuð af lóð nágrannans, og þó nú nágranninn sitji í kyrð að sínu, svo mörgum árum skipti, þá gæti hinn þriðji, sem afsalsbrèf-

ið hefði nú eignazt, er enginn vissi hvað á var ritað, að lyktum komið fram með það og krafizt að fá lóðarhluta þann, er brèfið gefur honum heimild til. Það er jafnvel mjög efasamt, hvaða vitni það er, sem um getur í lagagreininni; eru flestir á því, að sá, sem hlut á að máli, skuli færa sönnur á, að hluturinn áður hafi verið löglega í eign hans, en þarámóti hèlt lögfræðingur sá, er áðan var getið um, að þýðing þessara orða: „að hann á“ yrði að verà sú, að hann skyldi ekki einúngis sanna fyrri eignarrètt sinn, heldur og, að hann ætti hlutinn enn, með öðrum orðum: að hluturinn hefði aldrei geingið úr hans vörzlum, eður hann afsalað hann undan sèr. Slíkan vitnisburð yrði nú þvínær ætíð ómögulegt að gefa, því einginn lifandi maður leiðir jafnan með sèr 2 vitni hvert sem hann fer, sem geti sagt frá, hvað hann selur af hendi eður ekki.

Þareð nú þannig hið sanna inntak þessarar lagagreinar í svo mörgum aðalatriðum er bæði óljóst og efasamt, svo er það eingin furða, þótt íslenzkir lagamenn, er dæma skyldu eptir henni í ymsum atvikum, er að höndum báru, hafi orðið að leita í hinni nýjari löggjöf, hvort ekki fyndist þar þau atriði, er leidt gætu mann að meiníngu löggjafarans. Verður þá fyrst á vegi manns erindisbrèf biskupa 1. Júlí 1746, og eru í 16. grein þess máldagar kirknanna staðfestir, svo sem heimildarskjöl fyrir kirkjueignum, og því næst er sagt, að ef nokkur kemur fram með 100 ára hefð og þar yfir, móti máldögunum, þá skuli stiptamtmaður og biskup rannsaka þá hefð, eður skjal það, er fram hefir verið borið, áður enn dæma megi eptir því. Það er í augum uppi, að eptir þessu getur hver einstakur maður með 100 ára hefð náð undan kirkju hlut þeim, sem hún hefir heimild fyrir. En þareð lagagreinin miðar til þess, að kirkjurnar hafi nokkurskonar forrètti, svo leiðir þar af, að vinna mætti undan einstökum mönnum, þótt þeir hefðu löglega heimild við að styðjast, á styttri tíma, sem ekki gæti verið annar enn 20 ár. Í tilsk. 15. Apr. 1776, 5. gr., er þess getið, að þær jarðir, sem um hefðartíð hafi verið óirktar, ekki geti verið nokkurs manns eign, en að einn eður annar, fyrir sakir lángrar brúkunar eður annara hluta vegna, gæti átt nokkurskonar heimtíng til slíkrar jarðar. Virðist þetta benda til þess, að löggjafarinn hafi kannazt við hefðarrèttinn. Grundvallarregla sú, sem óðalshefð er byggð á, í tilsk. 14. Jan. 1771 og tilsk. 17. Apr. 1833, eptir hverjum ein ættkvísl getur, þegar hún hefir átt eina jörð í 10 ár,

öðlazt rètt til þess, að leysa hana út frá hverjum þeim, sem síðan hefir eignazt hana, gjörir ogsvo ráð fyrir, að hefð geti átt sèr stað móti annari heimild; eins og líka konúngsbrèf frá 18. Apr. 1761, er leyfir, að úthluta megi prestum jörð í sóknninni, einúngis ekki frá þeim, sem hafi setið að einni jörð um 20 ár, gefur 20 ára eignarhaldi sèrlegt forrètti fyrir öðrum rèttindum. Nú þó lög þessi, sem upp hafa verið talin, ekki beinlínis skipi, að hefð skuli gylda hèr á landi eptir dönsku lögum, þá hljóta þau samt að styrkja þá ætlun manna, að löggjafarinn hafi viðurkennt, að grundvallarástæða hefðarlaganna, eptir því sem hún er í Danmörku, ætti sèr einnig stað á Íslandi, og að minnsta kosti nægir það til þess, að sýna, að eins mikið talar fyrir þeirri ætlan einsog hinni gagnstæðu. Það fer því mjög að líkindum, þótt íslenzkir lögfræðíngar hafi ekki allir verið á einu máli um þetta efni. Vil eg nú færa eitt til dæmis, sem allvel lýsir því. Þegar fyrst var farið að hreifa því, að hvað miklu leiti skyldi gjöra hèr að lögum dönskulaga ákvarðanir um hefð, voru margir af sýslumönnum beðnir að segja álit sitt um það. Tveir af þeim rèðu þá frá því, að þau yrðu lögleidd hèr, en ástæður þeirra voru öldúngis gagnstæðar: annar sagði, að grundvallarreglur og ákvarðanir dönskulaga um það efni væru svo viðurkenndar hèr á landi, og eptir þeim væri farið manna á milli, að þess væri eingin þörf með berum orðum að gjöra þau hèr að lögum, en hinn sagði, að sèr þætti ákvarðanir dönsku-laga um hefð með eingu móti eiga við hèr á landi, eða geta komið að notum. Svona var nú lagað álit undirdómaranna á máli þessu. En nú viljum vèr hyggja að, hver verið hefir ætlan yfirdómendanna. Af orðum þeim, sem hinir virðulegu dómendur landsyfirrèttarins hafa talað hèr í salnum, hafa þíngmenn sjálfir heyrt, að yfirdómur landsins hefir um lánga tíð dæmt í hefðarmálum eptir grundvallarreglum dönsku-laga; en vèr höfum einnig heyrt einn af hinum virðulegu þíngmönnum skýrskota til orða eins af málaflutníngsmönnum hæstarèttar, sem nú er dáinn, að hæstirèttur hafi álitið grundvallarreglur dönsku-laga ekki eiga við hèr á landi, heldur dæmt eptir Jónsbókar lögum. Nú höfum vèr þannig fyrir oss eigin orð hinna lifandi landsyfirdómenda, móti orðum hins dána málaflutníngsmanns um álit hæstarèttar. Eg ætla ekki að grennslast eptir því, hvort af þessu muni rèttara vera, en það sýnir þó, að minnsta kosti, að menn, sem skyn

bera á málið, geta haft gagnstætt álit á því; og þegar vèr höfum nú enn fremur heyrt þennan hinn sama virðulega alþingismann kveða dóm sinn upp yfir landsyfirrèttinum, og kalla aðferð hans í þessu efni „makalausa", þá þykir mèr þó öllu fremur hitt vera „makalaust", að menn skuli heyra hèr, í þessum sal, slíkan dóm, byggðan á slíkum ástæðum.

Vilji menn nú eyða villu þeirri og vafa, sem ekki verður neitað að á sèr stað í þessu mikilvæga efni, þá eru einúngis tveir vegir fyrir höndum, annaðhvort að semja ný lög, og byggja á þeim grundvelli, sem menn þykjast finna í Jónsbók, þó óglöggt sè, ellegar lögleiða hèr hefðarlög Dana. Meiri hluti nefndarinnar virðist að hafa verið á því, að menn skyldu taka þann veginn, er fyrr var nefndur, þángaðtil henni breyttist hugur, hið fyrra sinnið þa málið var rædt, á þá leið, að að menn skyldu öldúngis ráða frá lagafrumvarpinu. En vart mun meiri hluti nefndarinnar hafa sèð fram á alla þá annmarka, sem leiða af því, að semja slík ný lög, að minnsta kosti hefir hann ekki bent til þess, hvernig þeim annmörkum yrði bægt af leiðinni. Aðalregla þessara nýju laga skyldi vera sú, að hefð gylti ekki móti annari heimild. En það yrði mjög erfitt að segja, hvað þá skyldi kallast nægileg heimild, einkum hvort kirkna máldagar skyldu halda gyldi því, til að gefa heimild, sem þeim hefir verið veitt, hvort þá ekki ogsvo klaustra máldagar og rekaskrár, sem að mestu leiti má jafna við kirkna máldaga, ættu að hafa sama gyldi, jafnvel þó allir þessir máldagar og rekaskrár sèu mjög myrk og margopt hvort á móti öðru; enn fremur, hversu gylda skyldu vitnisburðir um eldra eignarhald, svo og um lögfestur; hversu menn skyldu sameina þessa aðal-grundvallarreglu hefðarinnar við óðalshefðina og við 100 ára hefðina móti kirkjunum, sem, eins og áður er sýnt, er gagnstæð þeirri aðalreglu, er menn hafa þótzt geta leidt út af Jónsbókinni. Það er hægt að sjá, að hvernig sem hin nýja löggjöf vildi reyna að greiða úr öllum þessum spurníngum og mörgum öðrum, sem mæta kunna, þá mundi það þó aldrei verða vinnanda verk, að gjöra svo, að öllum líkaði vel, að margir yrðu ekki óánægðir, og komast hjá öllum annmörkum og efasemdum, sem aptur mundu leiða menn hópum saman útí deilur og málaferli.

Þegar meiri hluti nefndarinnar breytti aðal-uppástúngu sinni, þótti mèr því eingin þörf að mæla móti því, þareð eg

þóttist sjá fram á það, að stjórnin mundi verða næsta ófús á að semja ný lög í þá átt. Eptir þessari breyttu uppástúngu hefir nú alþíngið um tvennt að velja, annaðhvort, að ráða frá því, að lagafrumvarpið verði að lögum gjört, og þá er að vaða, eins og að undanförnu, í villu og svíma um það, hvað lög sèu, ellegar að fallast á lagafrumvarpið, með eður án tilbreytínga í tilliti til hefðartímans. Með því að fallast á lagafrumvarpið að öllu leiti, mundu menn fá á þessu viss og glögg endalok. Hinir dönsku lögfræðíngar hafa svo nákvæmlega útlistað þetta efni, að vart getur sú spurníng mætt manni, að ekki veiti hægt úr að leysa. Menn hafa sagt, að aðalregla hinna dönsku hefðarlaga væri ósanngjörn; mèr virðist fremur hún vera nauðsynleg til þess, að styrkja mann til að halda þeim rètti, sem hann leingi er búinn að hafa, án þess móti hafi verið mælt. Það er og aðgætanda, að hvað ítök snertir, eður rèttindi á annars manns lóð, þá er einúngis talað um þau ítök, sem nokkrar sýnilegar menjar láta eptir sig, sýnileg ítök er svo heita, þar sem þessvegna eigandi getur orðið var við brúkun aðkomumanns, svo framarlega sem hann gáir nokkuð að eign sinni. Þannig verður aldrei unnin hefð á hvalreka, sem kemur einúngis sjaldan að, og eingar sjást menjar eptir. Að eignir manna sèu fremur á sundrúngu á Íslandi enn í Danmörku verður ekki með rökum sagt, því þar eru einnig margir menn, sem eiga eignir víðs vegar um landið, og verða því, hvað það snertir að varðveita rèttindi eigna sinna, að treysta á þá, sem þeir hafa á hendur falið umsjón eignanna. Að jarðir í Danmörku eru hver innanum aðra leiðir miklu framar til þess, að þar gefst fremur tækifæri, heldur enn hèr á Íslandi, fyrir einn nágrannann til að draga undir sig rèttindi þau, sem annars lóð eiga að fylgja. Hefðarlögunum dönsku fylgir og sá kostur, að öllum er gjört jafnt undir höfði, að einum er ekki veittur sá rèttur sem hinn hefir ekki. Eg hygg og, að staðamenn mundu einkis í missa þó lögunum yrði breytt; því auk þess, sem reynslan hefir ekki sýnt, að þeir sèu hirðulausir um rèttindi sín, mundu hefðarlög Dana, ef þau yrðu hèr lögleidd, hvetja þá til að gefa enn betur gaum að sínu.

Hvað vara-uppástúngu meira hlutans snertir, að breyta skyldi hefðartímanum til 50 ára, þá vil eg skýrskota til þess, er hinn háttvirti forseti sagði áðan, og bæti einúngis því við, að slík ákvörðun mundi bæði verða gagnstæð Jónsbókar og

dönsku lögum, og mundi að mestu leiti kollvarpa tilgángi hefðarlaganna, þareð menn mjög sjaldan mundu geta leidt vitni að því, að menn hefðu brúkað einhverja eign eður rèttindi svo lánga tíð, sem leingri er enn menn almennt lifa, þegar talið er frá því, er menn eru komnir svo til vits og ára, að þeir geti borið vitnisburð um það, er þeir hafa gefið gætur að.

Framsögumadur: Eg hefi litlu sem eingu að bæta við það, sem áður er mælt í þessu máli fram með því konúnglega frumvarpi, og hlýtur það nú að vera öllum þíngmönnum í fersku minni, enda er þeim það, sem fram með því mælir, nú orðið enn ljósara, af því, er hinn hæstvirti konúnglegi fulltrúi og forseti nú nýskeð mæltu, og má þíngið sèrílagi kunna þeim hæstvirta konúngsfulltrúa miklar þakkir fyrir hans greinilegu og ágætu tölu í þessu máli, er eg ætla að flestir þíngmenn, einkum við hana, sèu nú til hlýtar orðnir undir það búnir, að gefa þvílíkt atkvæði í máli þessu, sem bezt hentar landi og lýð. Eg vildi að eins minnast þess, hver afdrif það nú muni hafa fyrir Íslendínga, ef þíngmenn, mót von, skyldu ráða frá frumvarpinu, og það eigi yrði lögleidt. Hèr eru nú komnar fram svo margar ágreinandi meiníngar í þessu máli, að alþýða, þegar hún sèr þær á prenti, verður öllu verr farin og veður í enn meiri villu og svíma um það, hvað lög sèu og rèttur, enn áður, svo að rèttar-ástandið í landinu, um eitthvert hið mest áríðanda málefni, eða um eignarrèttindi manna á milli, hlýtur að fara vesnandi, á meðan eingin önnur lög, og eingar ljósari hugmyndir fást í þessu efni, enn landsmenn nú hafa. Dómendurnir þar á móti hljóta að dæma, eins eptir sem áður, eptir þeim lögum og lagaástæðum, sem þeir híngað til hafa farið eptir.

Kandidat Jón Sigurdsson: Eg ætla ekki að jafnkýta hinum háttvirta konúngsfulltrúa, sízt þar mèr virðist, sem honum hafi ekki tekizt sem heppilegast að snúa fyrir sèr því, sem eg hafði sagt. Eg ætla eg muni hafa haft fulla ástæðu til að segja það, sem eg sagði um dómana, þegar minni hluti nefndarinnar segir skýlaust í álitsskjalinu, að það sè orðið algeingt í landinu að dæma eptir hefðarlögum Dana, og þetta segir minni hlutinn sama daginn, sem borið er upp hèr á þínginu frumvarp um, að lögleiða skuli hin dönsku hefðarlög. Þar sem eg nefndi Guldberg, þá var það ekki til að bera saman meiníngu hans

og landsyfirrèttarins um Jónsbók, heldur til að sanna, að hæstirèttur dæmdi eptir þessum lögum, og eg veit ekki betur enn hæstirèttur sè enn á lífi.

Mèr virðist ekki enn, að Jónsbók sè svo óskilmerkileg, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi vill ætla, og mèr þykir það undarlegt, að eg veit ekki til að hennar ákvarðanir hafi verið undirorpnar neinum vafa þángaðtil á seinni tímum, það er að segja, síðan íslenzkir lögfræðíngar fóru að læra einskostar dönsk lög, og afrækja hin íslenzku. Annars virðist mèr, sem lagagreinir þær, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi færði til sönnunar fyrir því, að hin nýjari landslög bentu til dönsku hefðar, miklu framar bendi til Jónsbókar, svo sem t. a. m. tilsk. 15. Apríl 1776, að undanteknu erindisbrèfi biskupanna; en óðalshefðin, sem um er getið, er býsna ólíks eðlis, þareð hún er einúngis til þess að vernda eign í kynþáttum, en ekki til að vinna eign.

Menn hafa sagt, að hin dönsku hefðarlög væri svo ljós og vafalaus, en mèr virðist sem það sè ljóst af því, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi og minni hluti nefndarinnar hefir sagt frá þeim, að þau muni þó ekki vera svo vafalaus, þegar betur er að gætt. Hinn háttvirti konúngsfulltrúi segir nú, að ekkert verði hefðað nema sýnileg ítök; minni hluti nefndarinnar segir, að ekki verði hefðað undan þeim, sem ekki viti af hefðarhaldinu, og að leynileg aðferð fái eigi grundvallað neina hefð; en þetta ætla eg sè gagnstætt því, sem lögfróðir menn segja að sè meiníng laga þessara, enda er og ljóst af orðunum sjálfum, að það er misskilníngur að binda hefðina einúngis til þess manns, sem hefir hefðarhald hrekkjalaust (*bonæ fideí*), því hann getur eins hefðað eptir dönskum lögum með hrekkjum (*mala fide*). Minni hlutinn segir á öðrum stað, að maður verði að „styðja sig" við eignarhaldið, en það gjörir maður eigi síður þó fylgt sè Jónsbókarlögum. Þar sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi talar um, hversu menn hafi skilið Jónsbók ýmislega, þá kann það svo að vera og mun opt verða svo um flest, en það undrar mig, að nokkurntíma geti orðið ágreiníngur um, hverni skilja eigi orðin: „að hann á", því þau virðast auðskilin hverjum manni.

Þar næst verð eg að geta nokkuð um aðferð þá, sem höfð er í frumvarpinu til að lögleiða hèr hin dönsku hefðarlög, og eg vil biðja þíngmenn vandlega að hyggja að þessu atriði.

Hin fyrri grein frumvarpsins segir, að ákvarðanir Jónsbókar skuli nú vera úr gyldi, og dönsku laga fimtu bókar fimti kapítuli koma í staðinn; en hvar er nú þessi fimtu bókar fimti kapítuli? hann hefir ekki komið fram hèr á þínginu, eða verið prentaður á íslenzku mönnum til eptirsjónar; eg hefi einúngis sèð hann íslenzkaðan á lausu blaði, og eg ætla að margir þíngmanna hafi ekki litið hann augum; en mèr finnst það þó sanngjörn krafa, að menn fái að vita hvað það er, sem á að lögleiða, og það einmitt í því formi, sem það á að vera í þegar það verður lög. Verði nú frumvarpið samþykkt, þá verður annaðhvort, að þessi eini kapítuli gyldir hèr á landi í einhverri íslenzkri útleggíngu, eptir því sem hún kann að verða, án þess að neitt annað verði lögleidt úr dönskum lögum um hefðir; en þá yrði þessi lög harðari enn í Danmörku sjálfri, og vil eg einúngis benda til annarar greinar, sem talar um hefð á brúkun, að þar undir munu flestir skilja allt það, sem brúkað verður, og einkum öll ítök, þegar ekkert er greinilegar tiltekið; að öðrum kosti verður svo, að menn taka svo frumvarpið, sem mönnum sè vísað til dönsku-laga, og taka þessvegna allt til aðstoðar sem þar stendur, og allt það, sem hinir dönsku lögvitríngar hafa ritað því til útskýríngar. Um allt þetta vita menn nú ekki neitt, þegar frumvarpið er þannig lagt fyrir þíngið. Vilji menn hafa en dönsku hefðarlög lögleidd hèr, því er þá ekki búin til regluleg tilskipun um það efni, sem ákveður skýrt hvað lög skuli vera, og þannig lögð fyrir þíugið?

Það hefir svo opt verið sagt, að öll hefð tryggi rèttindi manna; eg get ekki varizt því, að færa til nokkur orð Örsteðs viðvíkjandi því efni, jafnvel þó eg vilji helzt taka ástæður þær, sem liggja í málunum sjálfum, heldur enn að styðjast við tíguleg nöfn. Örsteð hefir sagt um hefð á ítökum: „Ekki geta menn reyndar sagt, að hefð á ítökum sè nauðsynleg til að tryggja eignarrètt, heldur er það þvert á móti, því hún getur miklu framar komið í bága við hinar merkilegustu ráðstafanir, sem lögin hafa gjört til að vernda eignarrèttinn." (*Örsteds Haandb.* IV. 306). Eg ætla þó, að þessi maður þekki svo vel eðli hefðarinnar og hin dönsku hefðarlög einsog hver annar lögvitríngur.

Eg veit, að sumir vilja að styttur verði hundrað ára hefðarrèttur kirknanna, til þess jafnt gángi yfir alla. Þó veit eg, að hinn háttvirti konúngsfulltrúi hefir áður fyrrum verið því

mótfallinn. En vilji menn gjöra þetta, þá má búa til frumvarp um það sèrílagi, því þó kirkjurnar hefði það gagn af þessum lánga tíma, sem menn innbyrla sèr, er eg ætla þó að ekki muni vera, þá munu þær naumast gjöra útaf við bændur á þessum tveimur árum, til næsta þings.

Hvað viðvíkur fresti þeim, sem setja skyldi þángað til hin nýja hefð kæmist á, þá er eg fastur á því, að tími sá, sem frumvarpið setur, sè of stuttur; eg sè, að embættismannanefndin hefir stúngið uppá 5 ára fresti, frá því frumvarpið yrði lögleidt, og sá tími finnst mèr öllu sanngjarnlegri og betur til fallinn.

Að svo mæltu hefi eg ekki meira fram að bera í þessu máli.

Konúngsfulltrúi: Af því, sem hinn virðulegi alþingismaður hefir sagt, verð eg að gjöra enn nokkrar athugasemdir.

Þar sem hinn virðulegi þingmaður hefir ætlað, að eg hafi ekki að fullu skilið það, sem hann sagði um orð eins dáins málaflutníngsmanns við sig, þá hygg eg þó þvertámóti, að eg hafi fullvel skilið, bæði þessi orð hans og þvínæst dóm þann, er hann kvað upp yfir landsyfirrèttinum. Hvað lög þau snertir, er hefðina áhræra, er eg hefi minnzt á, og sem yngri eru enn Jónsbók, þá get eg þess, að eg hefi ekki minnzt á þau til þess, að sýna, að ákvarðanir dönsku-laga um hefð skyldu með því hafa verið lögleiddar hèr á landi, því þá hefði þess eigi þurft nú, að gjöra nýtt lagafrumvarp þar að lútandi; heldur til að sýna, að full ástæða var til þess, að menn væru í óvissu um, hvaða aðalreglum og lögum hèr ætti að fylgja í þesskonar málefnum. Eg ætla, að það mundi verða of lángt, ef eg færi nú með vísindalegri rannsókn að grennslast eptir því, hver undirstaða mundi rèttust þessa máls, eptir almennum grundvallarreglum, eður hver mundi rèttust þýðíng orða þeirra, er hinn virðulegi þingmaður hefir seilzt til úr laungu riti hins mikla lögvitríngs. Þar sem þingmaður þessi hefir sagt, að orð þau í Jónsbók, er eg tilgreindi, þar sem segir: „að hann *á*", ekki mundu geta skilizt eins og eg sagði, nefnilega, að orðið *á* skyldi skiljast eptir bókstafnum í núlíðandi tíðar formi (*in præsenti*), þá get eg þess, að hver, sem nokkuð þekkir til þess, er gjörðist á embættismanna fundum í Reykjavík 1839 og 1841, mun sjá, að amtmaður heitinn Thorarensen tók orðið í þeirri þýðíngu, eins og sjá má í álitsskjölum hans. Þar sem þíng-

maður þessi ennfremur hefir getið þess, að nauðsyn bæri til að lög þau, sem ættu að komast á, yrðu sett inn í þessa nýju tilskipun, þá verður eigi um það atriði rædt nú framar, fyrst þess var ekki gætt hið fyrra sinnið að áskilja sèr um það nokkurt breytíngaratkvæði; en einúngis verð eg að geta þess, að það sýnist því minni nauðsyn til reka, að breyta nú útaf þeim hætti, sem opt hefir verið við hafður, sem alþýðu manna hèr á landi ekki ríður á öðru, enn að vita, hvaða grundvallarregla hèr skuli gylda um hefð. Að lyktum vil eg geta þess, að um leið og eg selda hinum háttvirta forseta í hendur lagafrumvarpið og ástæður þess, þá fylgdi þar með íslenzk útleggíng þeirra greina í dönsku lögum, sem lögleiða átti, og get eg því ekki ætlað, að nokkrum sè ókunnugt um, hvaða greinir það sèu í lögbókinni, sem lögleiða átti, þareð lagafrumvarpið er í því tilliti öldúngis ljóst og vafalaust.

Prófastur Halldór Jónsson: Eg hygg öllum þíngmönnum í fersku minni þau vandkvæði, sem á seinasta fundi voru talin því til sönnunar, að hefðarlögin dönsku ættu ekki við á Íslandi, og að ekki mundi verða með þeim náð þeim tilgángi, að tryggja eignarrèttinn, og skal því ekki fjölyrða um það í þetta skipti, því síður, sem eg get skýrskotað til þess, sem hinn virðulegi þíngmaður frá Ísafjarðarsýslu mælti áðan. Sèu hefðarlögin íslenzku óljós og vafasöm, er eg þó hræddur um, að ekki mundi vafinn, og enn síður hættan fyrir eignarrèttinn, verða minni, þó dönsku hefðarlögin kæmust á; hèr á landi er líka, fremur enn um eignarhefð, að gjöra um brúkunar og ítakahefð; og hèr sýnist hættan vera mest. Að meiri hluti nefndarinnar hafi verið sjálfum sèr ósamkvæmur í því, að vilja hrinda hefðinni, en fallast á dönsk lög um skuldafyrníngu, held eg ekki sè rètt skoðað, því auk þess, sem eg á seinasta fundi tók fram, að hèr hefði ekki nein hætta sýnzt vera á ferðum, finnst mèr skuldafyrníngin vera byggð á öðrum grundvelli enn hefðin; það er t. a. m. aldrei að gjöra ráð fyrir því, að skuldunautur viti ekki betur enn hann eigi það, er hann hefir til láns tekið, en það er þessi ákvörðun, sem minni hluti nefndarinnar hefir brúkað til að mæla fram með sanngirni hefðarinnar; það er stakt hirðuleysi frá eigandans hálfu, sem getur svipt hann eign sinni eptir lögunum um skuldafyrníngu, en það er sýnt og sannað, að fleira enn hirðuleysi eitt getur verið orsök þess, að landamerki raskist fyrir 20 ára hefð, og ítök gángi undan

einni jörð undir aðra; og líka er sá mikli munur á hefð og skuldafyrníngu, að þar sem hefðandi getur haft, og verður að hafa, svo mikla viðburði til að ná undir sig eða tryggja eignarrètt sinn yfir einhverri eign, hefir skuldunautur ekkert meðal í sínu valdi til að láta skuldina fyrnast. Enn er í því tilliti öðru máli að gegna um skuldafyrníngu enn um hefð, að ítak eða jarðarpartur missist ekki ætíð fyrir það, þó eigandi hafi ekki notað hann eða nota látið í meir enn 20 ár, hafi hann t. a. m. verið notaður af ábúendum tveggja eður þriggja jarða til skiptis, en af hverjum um styttri tíma enn 20 ár, en þessu getur ekki verið þannig háttað um skuldafyrníngu. Þar er einlægt gjört ráð fyrir forsómun eigandans og hann látinn gjalda hennar. Það sem annars hefir verið rædt um málefni þetta hèr á þínginu, til að sýna, að hefðarlög Dana sèu oss Íslendíngum nauðsynleg og hentug, hefir ekki getað sannfært mig að fullu, eða leidt mig úr efa um, hvort breytt mundi verða til betra; fyrir því verð eg enn að mæla fram með því, að þíngið ráði frá að lögleiða frumvarpið.

Framsögumaður: Hefði hinn heiðraði þíngmaður Ísfirðínga lesið leingra áfram í handbók Örsteðs, hefði hann vissulega komizt að raun um það, að það einganveginn er, eða hefir verið hans meiníng, sem hinn heiðraði þíngmaður nú vildi telja þínginu trú um, viðvíkjandi því, að hefð ekki sè æskileg með tilliti til ítakanna. Nafnið Örsteð hljómar líka svo skært á meðal vor Íslendínga, að mèr virðist það næsta ísjárvert, að rífa einstöku atriði í ritum hans útúr rèttu samanheingi, og þannig að telja mönnum trú um, að önnur sè meiníng hans enn í raun rèttri er; en sú er bót í máli, að einginn hinna lögfróðu manna, sem hèr sitja, ennþá sem komið er, hafa látið þá meiníngu eða álit í ljósi, sem gagnstætt er frumvarpinu, eða mælir á móti löggyldíngu þess, og ætla eg, að þetta atriði sè næsta mikils varðanda og leiðbeinanda fyrir þá af þíngmönnum, sem eigi eru sjálfir lögfróðir menn, og þessvegna eigi geta haft sem ljósastar hugmyndir um mál þetta eptir eðli þess, en skyldi nokkur af þeim lögfróðu mönnum, sem enn ekki hafa mælt í máli þessu, vera í nokkrum vafa um það, væri það mjögsvo æskilegt, að þeir vildu láta meiníngu sína í ljósi, áður enn geingið er til atkvæða í því.

Prófastur Hannes Stephensen: Svo hefir mart og merkilegt verið rædt í máli þessu, að eg fæ að vonum litlu þar við

bætt, en mundi þó ekki hika við að standa upp og taka til orða, þó eg vissi, að orð mín væru að eingu höfð.

Nú er að því komið, að vèr eigum atkvæði að gefa í þessu mest varðanda málefni, atkvæði, sem ákveða skulu hinn helgasta rètt vorn, eignarrèttinn, og ekki einasta vorn, heldur niðja vorra, ef til vill, um margar ókomnar aldir. Það er bert fyrir augum mínum, að ef vèr gefum því atkvæði, að hefðarrèttur Dana verði hèr lögtekinn, þá opnum vèr ásælni, sèrplægni, undirferli hinar víðustu dyr, sem seinna verður erfiðara að láta aptur. Auk þess, sem eg áður hefi sagt í þessu máli, verð eg nú að geta þess — sem eg ætlaði ekki að minnast á — af því það getur verið máli þessu til upplýsíngar, að eg veit þess dæmi, og á hægt með að sanna það, að maður sá, er fjárhaldsmaður var opinberrar eignar, lèt af hennar lóð brúka, eða leið að brúkað væri, mikið land, af ábúanda eigin-eignar sinnar, í full 20 ár, og mundi land það hefðað hafa verið, ef hin dönsku hefðarlög hefðu þá hèr við geingizt. Sýnir þetta dæmi oss ofaná, hvernig fara mundi fram í landi voru ef vèr lögtækjum lög Dana um hefðarhaldið, hvar svo er strjálbyggt og umhirðíng eignanna svo erfið og allvíða ómöguleg.

Framsögumaður: Þau atriði, er hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga nú vèk á, eru áður til hlýtar, að ætlun minni, nægilega rædd, og ástæður þær, sem hann dregur af þeim, til hlýtar hraktar, svo að eg ekki sè neina þörf á, að taka það upp aptur sem áður er sagt; en að vísu er það svo, að málið er eitt af þeim, sem einna mestu varðar í landinu, og þess vegna virðist mèr það mikið áhorfsmál, að kljá það hèr á þann hátt, að menn verði enda enn verr farnir enn áður; því hèr skiptir ekki nema í tvö horn: annaðhvort að öðlast vissar lagareglur, sem allir geta farið eptir, rèttindum þeirra til verndar, eða að rata í enn meiri óvissu enn áður, án þess nokkur bót verði á ráðin. Að öðru leiti eru nú þíngmenn reknir úr skugga um það, að allir hinir lögfróðu menn, er hèr eiga setu, eru frumvarpinu alveg meðmæltir, þareð einginn þeirra mælir á móti því.

Konúngsfulltrúi: Eins verð eg enn að geta, af því, sem hinn virðulegi þíngmaður frá Borgarfjarðarsýslu sagði. Þegar embættismenn þeir, sem trúað er fyrir þjóðjörðum, breyta svo á móti skyldu sinni, að þeir vilja, eigin hagsmuna vegna, ólöglega leyfa öðrum að irkja jarðarpart af þesskonar jörðum,

þá verður þess einginn munur, hvort hin dönsku hefðarlög gylda hèr eður ekki; því þegar leingra liði frá, mundi það þó almennast verða ómögulegt fyrir hið opinbera, að sanna eignarrètt sinn, þareð heimildarskjölin eru sem optast mjög ónákvæm í tilliti til landamerkja. Eg ætla einmitt, að ætið, þegar þesshättar atvik bæru að höndum, væri það æskilegast, að eignarhald hinna síðustu 20 ára rèði málalyktum.

Ásgeir bóndi Einarsson: Mèr virðist það ísjárvert fyrir þingmenn hèr, að gefa atkvæði sitt fyrir lögleiðslu hefðarlagafrumvarpsins nú þegar hèr á þinginu, áður enn umræður þær um málið, sem orðið hafa hèr á þinginu, eru komnar fyrir almennings augu, því eg veit, að margir af alþýðu eru því mótfallnir, og svo er og um þá lögfróðu menn, sem eg hefi átt tal við um málið. Verði frumvarp þetta löggylt nú, er ekki víst að því verði hæglega kippt aptur í liðinn, þó það reynist óhaganlegt eða óhagfelt þjóðinni eptirá. En þó frumvarpinu nú sè frá vísað, geta landsmenn síðar borið fram óskir og meiningar sínar um þetta efni, og það aptur á sínum tíma orðið tekið til yfirvegunar.

Þareð einginn framar lèt meiningu sína í ljósi um þetta mál, lèt forseti gánga til atkvæða, og var með 16 atkvæðum gegn 8 ákveðið af þinginu, að ráða ætti frá, að lagafrumvarp þetta öðlaðist lagagyldi.

Þá lèt forseti taka til undirbúnings-umræðu málefnið um Reykjavíkur bæjarmálefna stjórn, og var Assessor Johnsen framsögumaður í því máli, las hann upp álitsskjal nefndarinnar og fór þeim orðum að lyktum um það, að það mundi mæla fram með sèr sjálft og miða til verulegrar umbótar í frumvarpinu.

Álitsskjalið er þannig látanda:

„Vèr undirskrifaðir, sem alþing hefir kosið í nefnd, til að kveða upp álit vort um frumvarp til reglugjörðar um stjórn bæjarmálefna í kaupstaðnum Reykjavík, leyfum oss hèrmeð að fullnægja þessari skipun þingsins, og eru þær athugasemdir, sem oss hefir þótt þörf á að gjöra við einstakar greinir frumvarpsins, þessar:

1. gr. Hèr segir, að skilnaður fátækrastjórnar kaupstaðarins og Seltjarnarneshrepps skuli hefjast um byrjun hins fyrsta reikningsárs, eptir að þessi tilskipun er „flutt til

Reykjavíkur“, en vèr ætlum betur hlýða, að í þessara orða stað komi orðin: „birt í Reykjavík“.

Samkvæmt þeim breytíngum, sem oss þykir þurfa við 18. grein, og seinna skal getið, virðist oss tala þeirra fátækrastjóra, sem eiga að vera í fátækranefndinni, auk prests og bæjarfógeta, eiga að vera 3, í staðinn fyrir 2.

Nefnd þá, er skipta skal fè og álögum milli kaupstaðarins og hreppsins, virðist oss að amtmaður eigi ætti að kjósa, heldur hreppsbúar fyrir hönd hreppsins, á kjörfundi fyrir sýslumanni, en bæjarstjórnin fyrir hönd kaupstaðarins, þareð vèr ekki getum treyst amtmanni eins vel og hverjum þessara fyrir sig, til að kjósa þá, sem bezt sèu kjörnir til þessa starfa. Eptir þessu ætti að orða niðurlag greinarinnar þannig: „þessi skipti skulu gjörð af nefnd þeirri, sem á hendi hefir stjórn fátækramálefna í báðum hreppum, ásamt 5 dánumönnum, tveimur úr kaupstaðnum Reykjavík, sem bæjarstjórnin skal kjósa fyrir hönd bæjarins, og þremur úr Seltjarnarneshrepp, sem hreppsbúar kjósa fyrir hönd hreppsins á kjörfundi fyrir sýslumanni“.

4. gr. Í staðinn fyrir „töku borgarabrèfs“ í þessari grein ætlum vèr heldur ætti að standa: „að ná borgararètti“, og fyrir orðin „á vera“, orðið: „standa“.

5. gr. Fyrir orðin: „sóttur hefir verið að lögum“, þykir oss betur hlýða: „liggur undir lagasókn“.

6. gr. Í staðinn fyrir orðið „forfeður“ ætlum vèr nægja að hafa „feður“.

7. gr. Orðunum: „sem óliðinn er af þeim 6 árum, þegar hinn fór frá“, ætlum vèr að betur væri komið fyrir á þessa leið: „sem þá er eptir af þeim 6 árum“.

8. gr. Orðunum: „sýslutíminn“ og „hlutkast“, höldum vèr að rèttara sè að breyta til: „sýslutími hans“ og „hlutkesti“.

9. gr. Fyrir orðin í byrjun greinarinnar: „einn hinn næsta dag“ o. s. frv., höldum vèr betur valið: „einhvern hinn næsta dag“; fyrir „að hafa þarf við kosníngu, er eigi varð fyrir sèð“, orðin: „að kjósa þarf misreitis, eptir 7. grein“, og fyrir orðin: „er ennþá hefir starf sitt“, þessi orðatiltæki: „sem þá er“.

10. gr. Í staðinn fyrir orðin: „opnu brèfi“ í byrjun, og „hlutkast“

í enda greinarinnar, þykir oss betur eiga við: „auglýsingarbrèfi“ og „hlutkesti“.

12. gr. Vèr sjáum ekki næga ástæðu til, að gefa amtmanni í suðuramtinu það vald, sem tekið er til í grein þessari, til að ónýta kosníngu fulltrúanna, enda þó eingin efasemd hafi orðið um löggyldi hennar meðal kjörstjóra, og ekkert sè á móti henni haft af þeim, sem hlut eiga að máli, og þykir oss, þegar svo stendur á, mega nægja, að amtmaður sendi efasemdir sínar kanselliinu til úrskurðar, án þess að hann með öðrum hætti fái gjörða nokkra ákvörðun um ógyldi kosníngarinnar, og er þetta að öllu leiti samkvæmt tilskipun frá 24. Októbr. 1837, 13. gr.; oss virðist því, að breyta ætti kafla greinarinnar: „þyki honum nú — 14 dagar sè liðnir“, á þessa leið: „þyki honum nú eigi að síður, sem ekki sè við höfð lögleg aðferð í kosníngunni, skal hann bera málið undir úrskurð kanselliis vors, og gefa kjörstjórninni það til vitundar, eður og samþykki sitt, ef hann finnur ekkert að kosníngunni, innan 14 daga frá því er hún fór fram“. En eptir orðin „skýrslum sínum“, þykir oss þurfa við að bæta: „og skal hann leggja úrskurð á það mál, eins áður 14 dagar sèu liðnir“.

13. gr. Fyrir orðið: „skrásett“, í byrjun greinarinnnar, ætlum vèr að heldur ætti að standa: „skriflegt“.

14. gr. Orðinu „með - bæjarmanna“ í þessari grein virðist eiga að breyta í „sam - bæjarmanna“.

15. gr. Hèr þykir oss vanta ákvörðun um, hve margir fulltrúar skuli vera á fundi, til þess að málin geti orðið rædd þar til lykta, og ætlum vèr, að hún komi beinast við á eptir orðunum „atkvæðafjölda“, þannig: „og skulu að minnsta kosti 3 fulltrúar vera á fundi ef mál nokkur eiga að geta ráðist til lykta“.

16. gr. Fyrir orðið „atbúnað“ þykir oss betur valið orðið “gögn“.

18. gr. Oss virðist það varða miklu, þar sem flokkur tómthúsmanna í umdæmi bæjarins er svo stór, og að vísu mun fara vaxandi, að einn úr flokki þeirra eigi setu í fátækranefndinni, þannig, að fátækranefndar menn yrðu samtals 5, og að hinn fimmti ávallt sè fulltrúi tómthúsmanna. Það er mjög svo áríðanda, að fátækragjaldkeri sè í þeirri stöðu, að hann geti varið gjöldum þeim, sem greidd verða til fátækrasjóðsins, sem haganlegast, bæði fyrir bæinn,

eða fátækra sjóðinn, og gjaldendur; en þareð fulltrúarnir eiga að kjósa tvo menn, er sitja eiga í fátækranefndinni, ætlum vèr, að þeir með þessum hætti fái sèð svo um, að annar þeirra að minnsta kosti sè vel kjörinn til að taka að sèr gjaldkerasýsluna.

Vèr sjáum því síður ástæður til að bregða útaf 19. gr. í tilskipun frá 24. Október 1837 í Reykjavík, um það, að fulltrúar skuli kjósa þá tvo menn í byggínganefndina, er kjósa á meðal annara bæjarbúa enn sjálfra þeirra, sem amtmaðurinn yfir suðuramtinu optastnær mun þekkja öllu minni deili á högum og hæfilegleika bæjarmanna í þessu efni enn fulltrúarnir, sem þaraðauki eru 6 talsins. Þessu samkvæmt ætlum vèr, að greininni ætti að breyta þannig: að í staðinn fyrir: „skuli framvegis — úr flokki sjálfra fulltrúa“ komi: „og skulu 2 fátækrastjórar, er sitja í fátækranefndinni (1. grein) kosnir af fulltrúunum, og annar að minnsta kosti úr flokki sjálfra þeirra, en einn skal ætíð vera fulltrúi tómthúsmanna“. Að orðinu „einnig“ í seinni hluta greinarinnar sè sleppt, og að á milli orðanna: „sjálfra sín“ og „er setu eiga“, sè hleypt inní greinina: „2, og af öðrum bæjarbúum 2“, en að síðasta hluta greinarinnar þarámóti sè sleppt.

19. gr. Byrjun seinni hluta greinar þessarar þykir oss betur hagað á þennan veg: „áætlun þessi skal og innibinda skýrslu um efni þau, sem til eru að borga með útgjöldin, og síðan skýra frá, hversu miklu þurfi að jafna niður á bæjarmenn.“

Að öðru leiti ætlum vèr það mjögsvo áríðanda, að jöfnuður sá, sem hingaðtil hefir verið við hafður við niðurjöfnun útgjalda á hús bæjarmanna, sè felldur af. Nú sem stendur er hèrumbil helmingi af öllum þeim útgjöldum, sem jafnað er niður á alla gjaldendur í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, lokið af eigendum timbur- og steinhúsa í bænum, eptir ferhyrnings-ummáli húsanna; þó eru hèr frá þær undantekningar, að eigi hefir í mörg ár verið neinu lokið til bæjarsjóðsins af kirkjunni, og að þau hús, sem eigi er sperruþak á, og nefnd eru skúrar, og brúkuð sem mó - og hey - hlöður, hesthús og fjós, o. s. frv., eru undanþegin niðurjöfnun þessari, svo hefir eigi heldur í mörg ár neinu verið jafnað niður á hús nè lóð tómthús-

manna, sem búsettir eru beggjamegin kaupstaðarhúsanna. Því hefir verið farið á flot af hálfu bæjarfulltrúanna, að hèr á yrði nokkur breytíng gjörð, einkum hvað það snertir, að flatþakshúsin ekki eru tekin með, til að jafna niður á bæjargjöldin, og að næstum öll útgjöld til bæjarsjóðsins af þeirra hálfu, sem eiga eða byggja steinhús eða timburhús, eru látin leyda á húsunum, svo að það hæsta útgjald, sem nokkurntíma hefir verið jafnað niður á eiganda nokkurs húss, eptir atvinnuvegi hans og tekjum, eru 4 rbd. á ári, en hlutaðeigandi valdsmönnum hefir, enn sem komið er, eigi litizt að gjöra nokkra breytíngu í þessu efni. Vèr vitum eigi betur, enn að bæjargjöldunum annarstaðar, og einkum í hinum dönsku kaupstöðum, allstaðar sè jafnað niður á fasteignir bæjarmanna, að tiltölu, eptir hvers eins lóð, og vèr sjáum því síður, að þessu nú ekki megi koma við í Reykjavík, sem frumvarpið nú töluvert dregur af útgjöldum þeim, er jafnað hefir verið niður á húsin, en þar á móti hleypir upp útgjöldum, sem jafna á niður á bæjarbúa eptir efnum og ástandi þeirra, og þareð bærinn eða byggínganefndin hans vegna á fullt í fángi með, að verða við heimtíngum bæjarbúa, sem byggja vilja ný hús á lóð bæjarins, á meðan eingar skorður eru reistar við þeim, eða á meðan þeir, sem byggíngarstæðisins krefjast og lóðarinnar, sjá, að þeim að eins er hagnaður en eingin byrði að lóðinni, hversu ummálsmikil sem hún er. En þótt það sè álit vort, að hèr um ætti nú þegar að ákvarða, hvað kaupstaðarbúa þá snertir, sem hafa timbur- eða steinhús undir, svo þykir oss það á hinn bóginn þó ísjárvert, nú sem stendur, að stínga uppá því, að tómthúsmönnum sèu settar reglur í þessu tilliti, því bæði eiga þeir flestir við harða kosti að búa, og minni efni enn aðrir bæjarbúar yfirhöfuð, og líka er það athuganda, að sumir af þeim hafa grædt út túnbletti og byggt kálgarða við bæi sína með svo ærnum kostnaði, að það mundi gegna ójöfnuði ef álögur þessar yrðu hinar sömu fyrir tómthúsmenn og aðra bæjarbúa, og þykir oss því betur fara, að reglugjörð þessi að eins taki það fram: „að ákvörðun seinna verði tekin um niðurjöfnun útgjaldanna á tómthúsin, þegar bæjarstjórnin er búin að komast að mælikvarða þeim, sem fylgja eigi". Þar á móti leyfum

vèr oss að stínga uppá því, að þeim kaflanum í grein þessari, er þannig hljóðar: „fyrst um sinn eptir þeim jöfnuði, er í slíku hefir áður verið við hafður“ sè hleypt úr, en í hans stað aptur hleypt inn: „eptir ummáli lóðar þeirra hvers um sig, og stakkstæða, niður að flæðarmáli“.

Litlu seinna í greininni stendur „á“, í staðinn fyrir, „í“, landeign kaupstaðarins. Ákvörðun þessari í niðurlagi greinarinnar: „og skal jafnan taka athugasemdir þær til greina ár það, er áætlunarskráin nær yfir“, þykir oss ofaukið, og eingin nauðsyn bera til, að amtmaður skuli geta hrundið áætlun þeirri, sem 6 þeir menn, er bæjarmenn hafa mest traust á, og kunnugastir eru þörfum bæjarins, fyrir hans hönd í einu hljóði hafa gjört, og þykir oss amtmanni gefið allt það vald, er með þarf, í bæjarins hag, þegar hann getur komið í veg fyrir að eins þá áætlun bæjarbúa, sem mikið er komið undir um fleiri ár enn eitt; oss þykir því og betur henta, að í staðinn fyrir orðin næst á eptir: „en ef þær snerta leingri tíma“, o. s. frv., komi: „en sè mikið undir þeim komið til leingdar“, o. s. frv., og er breytíngaratkvæði þetta samkvæmt endanum í 20. grein af tilskipun frá 24. Október 1837, og álítum vèr, að sami tími, sem þar er tekinn til fyrir bæjarstjórnina, nefnilega 14 daga, megi einnig taka hèr til, svo að málið þess fyrr geti komið til úrskurðar í kansellíinu.

20. gr. Samkvæmt því, er vikið var á við 19. grein, yrði byrjun þessarar greinar að víkja við þannig: „Ef amtmaður gjörir eingar athugasemdir um áætlunarskrána, eður ef bæjarstjórnin fellst á athugasemdir hans, skal fè því“, o. s. frv. Í staðinn fyrir orðin skömmu seinna: „að jafnri tiltölu“, ætlum vèr að betur eigi við: „eptir sameiginlegum mælikvarða“, og í upphafi næsta kafla greinarinnar, í staðinn fyrir „gjaldkera“: „bæjargjaldkera“, til aðgreiníngar frá fátækragjaldkera.

Það hefir opt orðið bæði bænum og fátækrasjóðnum að miklum baga, að gjaldendur híngaðtil margir hafa hliðrað sèr hjá að lúka tillögum sínum fyrr enn að árslokum, og þó bæjarmenn í fyrra hafi geingizt undir, að greiða bæjarsjóðnum tillögin fyrir miðjan Júlí mánuð, lítur samt eigi út fyrir, að mjög margir ennþá fari að þessari reglu;

en þareð það er öllum bæjarbúum, og þó einna helzt þeim efnaminnstu eða tómthúsmönnum, sem á veturna afla sèr bjargar úr sjónum, hægast, að greiða tillög sín um vortímann, og einkum í Maí og Júní mánuði, svo þykir oss öll nauðsyn bera til, að þetta nú þegar sè lögtekið í þessari reglugjörð, og vèr leyfum oss þannig að stínga uppá, að bætt verði inn í greinina, eptir orðin: „er gjald greiðir“, þessari ákvörðun: „og skal öllum gjöldum, sem jafnað er niður á bæjarbúa, lokið innan Júní mánaðar loka ár hvert“; í staðinn fyrir orðið „ávísun“, rètt á eptir, kjósum vèr heldur „ávísunarbrèf“.

22. gr. Í staðinn fyrir „fè gjört upptækt“, í byrjun greinarinnar, föllumst vèr heldur á: „þær (þ. e. tekjurnar) teknar lögtaki“; svo og, að orðunum: „annaðhvort sjálfur, eða láta þjóna þá, er hann hefir undir sèr“, sè hleypt úr, sem óþörfum.

23. gr. Orðinu „gjaldkera“ ætti einnig í þessari grein að breyta til „bæjargjaldkera“. Þareð vèr ætlum, að með orðunum: „ákvarðanir þær, er snerta kosníngu gjaldkera“, eigi að eins sè miðað til kosníngarinnar sjálfrar, heldur einnig til skyldna hans, sem vant er að taka til í erindisbrèfi því, sem honum er feingið, þykir oss greinilegra, að bætt sè við, eptir „gjaldkera“, orðunum: „og skyldur hans“.

24. gr. Undireins og vèr getum þess, að í staðinn fyrir orðið „uppheldisfè“, í grein þessari, sè betur valið „eptirlaun“, þykir oss það eitt við hana athugavert, að öllum þeim málefnum, sem hún ræðir um, skal skotið til úrskurðar kansellíisins, því bæði eru þau mörg þess eðlis, að þau munu þurfa fljótari úrlausnar við, enn þannig yrði feingin, og líka þykir oss mjögsvo óliklegt, að mikilvæg breytíng nokkur yrði gjörð á þeim ráðstöfunum, er þau snerta, og valdamenn hèr í landi, eða bæjarstjórnin og amtmaður, fèllust á, þó þær yrðu bornar undir kansellíið. Fyrir þessar sakir ætlum vèr það ráðlegast, að þvílík málefni sèu borin upp fyrir amtmanni, og þá að eins af honum fyrir kansellíinu, ef honum þykir þess þurfa og bæjarstjórar allir eigi eru á eitt sáttir, og ætti þá að orða niðurlag greinarinnar þannig: „Þegar nokkuð af þessu ber að, svo að bæjarstjórn má eigi skera úr, skal málinu skjóta til amtmanns, og fylgi því skýrsla allra, er hlut eiga að; ber hann þá

málið upp fyrir kansellii Voru, ef honum þykir þess þurfa, og allir bæjarstjórar eigi eru á eitt sáttir, eða og ef málið þarf eigi skjótra úrræða; en kanselli Vort ber það aptur upp fyrir Oss", o. s. frv.

Vèr leyfum oss því að ráða til, að alþíng allraþegnsamlegast mæli fram með, að frumvarpið fái lagagyldi, með þeim breytíngum, sem hèr að framan eru tilgreindar".

Konúngsfulltrúi: Eg get þó ekki með öllu orðið samdóma hinum virðulega framsögumanni um það, er hann sagði síðast, þareð eg ætla þvertámóti, að lagafrumvarpið mæli fram með sèr sjálft, móti athugasemdum þeim, er nefndin hefir gjört við það. Eg ætla að sleppa framhjá mèr þeim mörgu athugasemdum, sem nefndin hefir gjört, um smábreytíngar á orðfæri og orðaskipun, og einúngis víkja máli mínu að aðalbreytíngum þeim, er nefndin hefir gjört við lagafrumvarpið. Eg verð þessvegna, viðvíkjandi athugasemdum þeim, er nefndin hefir gjört við 1. grein, að geta þess, að ef hreppsbændur ættu sjálfir að kjósa fulltrúa sína við þetta tækifæri, þá yrði fyrst að ákveða nokkrar reglur um kosníngaraðferð og kosníngarrètt, og mætti það virðast óþarfi, að gjöra það vegna þessa eina atviks. Ef amtmaður nefndi menn þessa, mundi hann eflaust fyrst leita atkvæða sýslumanns, og sýslumaður að líkindum fara að ráðum hinna hyggnustu bænda, og með þessu móti yrðu kosníngarnar eins vel af hendi leystar.

Um 12. gr.: Í ástæðum frumvarpsins er það sýnt, hvers vegna amtmanni er veittur meiri rèttur í þessu efni í Reykjavík heldur enn í kaupstöðum í Danmörku, og þareð það leiðir af fjarlægð Íslands, að úrskurður kanselliisins getur ekki komizt híngað fyrr, enn 4 eða 5 mánuðum eptir árs byrjun, og ef til vill ekki fyrr, enn að eins árs fresti, svo virðist vera gyld ástæða til að gjöra þá breytíngu.

Um 18. gr. Amtmanni þætti víst ekkert að því, þó hann væri laus við að kjósa 2 menn í byggínganefndina; en ákvarðanir lagafrumvarpsins munu þó fremur stuðla til þess, að nefndarmenn þessir verði hagkvæmlega kosnir, verði fjölbreyttari og skoði málin á ymsa vegu. Svo gæti þó farið, þó eg ekki þarmeð segi að svo hafi farið, eða að svo muni fara, að einn maður meðal bæjarfulltrúa rèði svo miklu við hina fulltrúana, að hann þvínær að öllu leiti rèði, hverjir kosnir yrðu í byggínganefndina, og gæti það orðið

ísjárvert, einkum hèr í Reykjavík, þar sem byggínganefndin opt verður að fást við þesshättar málefni, sem snerta einstakra manna hagsmuni, er ríða í bága hverjir við aðra.

Um 19. gr. Það mundi þó naumast koma að miklu liði, þó alþíngið gjörði uppástúngu um það, að hvað miklu leiti útgjöld til bæjarins skyldu greiðast eptir stærð húsanna, eður eptir ferhyrníngsmáli lóðarinnar, og sá er grunur minn, að flestum hinna virðulegu þíngmanna muni þykja sig skorta kunnugleika á bænum, til þess, að geta lagt nægan úrskurð á það mál. Skyldi annars þessi breytíng komast á, þá ætti það bezt við, að lóð sú, er tómthúsin standa á, væri metin til afgjalds. Það virðist bezt henta, að hèr verði farið eptir því, sem lagafrumvarpið bendir til, nefnilega, að þessu verði hagað fyrst um sinn eins og híngað til hefir verið; gæti þá sjálfsagt málefni þetta orðið rædt síðarmeir og yfirvöld þau, sem þar ættu hlut að, ráðið því til lykta, þegar bæjarstjórnin væri tekin til starfa, eptir það hin nýja skipun væri á komin.

Að úrskurður amtmanns hljóti að gylda árlángt, leiðir beinlínis af því, sem áður er sagt um fjarlægð þessa lands. Uppástúnga nefndarinnar, að svo miklu leiti sem hún nefnir þau málefni, sem mikið er komið undir til leingdar, mundi eflaust gefa tilefni til þess, að hún yrði skilin á marga vegu.

Um 20. gr. Hvað tíma þann snertir, á hverjum greiða skal útgjöldin, þá munu flestir þíngmenn ekki þykjast svo kunnugir hvernig til hagar í Reykjavík, að þeir geti gefið nokkra uppástúngu þar að lútandi. Þegar bæjarstjórnin er komin á stofn, mætti og fá ákvörðun um þetta hjá hlutaðeigandi yfirvöldum. Að öðru leiti mundi regla sú, sem stúngið er uppá, að greiða skyldi allt gjaldið á miðju því ári, sem það er jafnað niður á, vera gagnstæð þeim reglum, er í því tilliti er fylgt annarstaðar.

Um 24. gr. Það er að sjá, að nefndin vilji hèr veita amtmanni miklu meira vald, heldur enn hann hefir í Danmörku, en það er þá reyndar einúngis þegar svo er ástatt, að hann er á sama máli sem bæjarforstjórarnir.

Framsögumaður: Sú aðal-athugasemd hins hæstvirta konúngsfulltrúa, gegn ymsum breytíngaratkvæðum nefndarinnar við frumvarp það, sem hèr ræðir um, að færstir þíngmanna sèu

svo kunnugir högum bæjarins Reykjavíkur, að þeir geti haft svo ljósar hugmyndir, sem þurfi, til að segja, hvað tiltækilegt sè og haganlegt bænum í sèrhverju atriði bæjarstjórnarinnar, virðist mèr þó vega næsta lítið, þegar þess er gætt, að frumvarpið nú á annað borð er borið undir þingið, og þykir mèr líklegt, að það sè í þeirri veru, að það sè bært að dæma um, hversu ráðlegt yfirhöfuð og í einstökum greinum frumvarpið sè; enda verð eg að geta þess til, að þeir af þingmönnum, sem ókunnugastir hafa verið málefnum kaupstaðarins, hafi látið sèr vera um það hugað, að útvega sèr alla þá þekkingu um þau, síðan þeir komu hingað og urðu áskynja um, að leita átti ráða þeirra og álits um þetta mál.

Viðvíkjandi vandkvæðum þeim, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hefir talið á breytíngaratkvæði nefndarinnar við 1. grein, má eg geta þess, að nefndin áleit það sjálfsagt, að allir hreppsbændur hefðu atkvæðarètt til að kjósa þrjá hina hæfilegustu til skiptanna, og að sýslumaður að öðru leiti, hvað kosníngarmátann snerti, gæti og ætti að fara að reglum þeim, er almennast gylda, og einkum um kosníngu alþíngismanna, að því leiti sem þær geta átt við, og að líka mætti skrifast á um þetta við amtmann, hvar á móti nefndinni þótti það eiga öllu betur við, að bændur sjálfir kysu þá, er þeir helzt vildu og treystu, enn amtmaður, sem eigi heldur, eptir frumvarpinu, er bundinn við tillögur sýslumanns.

Ástæðum nefndarinnar fyrir breytíngaratkvæði hennar við 12. grein skilst mèr ekki að sè hrundið af hinum hæstvirta konúngsfulltrúa, og nefndinni þótti því síður nokkur nauðsyn bera til, að hèr væri vikið frá þeim reglum, er gylda í Danmörku, sem eigi er meiri hætta á ferðum hèr enn þar, þó látið sè standa við ákvarðanir kjörstjórnarinnar, á meðan enginn ber sig upp undan þeim, þángað til kansellíið, ef amtmaður eigi samþykkir þær eða kosníngaraðferðina, er búið að leggja úrskurð á málið.

Eg held, að maður geti vikið því við, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hefir á móti breytíngu nefndarinnar við 18. gr., að nefnilega einn af bæjarfulltrúum geti mátt sèr svo mikils meðal fulltrúanna, að það sè undir honum einum komið, hverjir kosnir verða í byggínganefndina, ef fulltrúar ættu að kjósa nefndarmenn alla, og haft jafn mikla ástæðu, ef ekki meiri, til að ætla amtmanni það vald og verkun á bæjarfulltrúa og aðra

bæjarmenn, að honum veiti hægt að fá þá kosna í nefndina, sem hann sjálfur helzt kýs; en nefndinni þótti það því ísjárverðara, að áskilja honum beinlínis rètt til þessa, þvert á móti því sem gyldir í Danmörku, sem sjaldnast mun vera til þess ætlanda, að amtmaðurinn í suðuramtinu þekki svo gjör þarfir og hagi bæjarbúa, eða þá sjálfa, að honum sè betur trúanda til að kjósa þá hæfilegustu enn 6 bæjarfulltrúum. Að öðru leiti skilst mèr ekki betur, enn að það sè hið æskilegasta, að fulltrúarnir komi sèr saman, og öllu betra, að þeir geti sannfært hver annan um það, sem bezt gegnir og þeir halda vera bænum til gagns, enn ekki.

Nefndin hefir, að því er hún ætlar, fært góðar og gyldar ástæður fyrir breytingaratkvæði sínu, með tilliti til niðurjöfnunar bæjarútgjaldanna á fasteignir eða lóð bæjarmanna, eptir 19. gr., og henni virðist, að nú sè einmitt tími sá fyrir höndum, sem bezt sè til þess fallinn, að gjöra breytingu á því sem verið hefir, um leið og hinn nýi mælikvarði fyrir niðurjöfnun útgjaldanna á hús bæjarmanna, og eptir efnum þeirra og ástandi, sem þessi grein frumvarpsins inniheldur og nefndarmenn að öðru leiti hafa fallizt á, er lögtekin. En með tilliti til tómthúsmannanna er einnig ráðið til þess af nefndinni, sem vel má duga, þángað til lóðartollur, eptir að bæjarstjórnin til hlýtar er búin að gaumgæfa þetta málsatriði, sem að eins getur verið nokkur vafi á, líka er ákveðinn að þeirra leiti eptir málavöxtum, og sèrhvers þeirra kríngumstæðum, hvað lóðina snertir.

Með tilliti til áætlunarskrárinnar, þá virðist nefndinni, að eingu að minnsta kosti sè spillt, þó farið sè eptir uppástúngu hennar og reglu þeirri, sem gyldir í Danmörku, en þykir þar á móti mjög svo ugganda, að amtmaðurinn í suðuramtinu geti farið þörfum bæjarins og bæjarbúa nær í þessu efni, enn 6 nákunnugir bæjarfulltrúar, og hefir nefndin þaraðauki sèð við því, að ágreiníngur allur hèraðlútandi, á milli amtmanns og bæjarstjórnarinnar, verði kljáður í kansellíinu, á þann hátt, er bezt gegnir og bezt á við þarfir bæjarins í hvert sinni.

Breytíngaratkvæði nefndarinnar við 20. grein, í tilliti til gjaldtímans, er byggð á þeim ástæðum, sem reynslan hefir sýnt að hèr eiga við, og er það í þessu efni athuganda, að eingu enn þá er safnað í sjóð bæjarins, til að greiða með útgjöld í hans þarfir fyrirfram, og er þess atriðis getið af nefndinni, sem

færir sönnur á það, og að bæjarbúar í þessu efni eru nefndinni samhuga.

24. grein tekur til mörg þau málsatriði, sem ófært væri að láta bíða úrskurðar kansellíisins; þau þar á móti, sem ekki þurfa svo fljótrar aðgjörðar við o. s. frv., er amtmanninum í sjálfsvaldi að bera undir kansellíið, og sýnir breytíngaratkvæði þetta, að nefndin hefir eigi viljað taka ráðin af amtmanni um skör fram.

Konúngsfulltrúi: Eg æski helzt að geta svarað sem styttst; en hinn virðulegi framsögumaður gjörði eina athugasemd, sem eg verð algjörlega að mæla móti. Hann hefir nefnilega komizt svo að orði, eins og eg hefði sagt yfirhöfuð, að alþíng væri ekki fært um að leggja úrskurð á þetta mál. Þessu verð eg öldúngis að neita, því eg veit glöggt, að þareð þetta frumvarp hefir verið lagt undir álit þíngmanna, svo verða þeir og að álítast færir um að segja álit sitt um það. Þar á móti hefi eg einúngis í tilliti til tveggja einstakra uppástúngna frá nefndinni sagt, að meiri hluti hinna virðulegu þíngmanna — og talaði eg það helzt til þeirra, sem ekki búa hèr eður nærlendis — mundu finna með sjálfum sèr, að sig vantaði nákvæman kunnugleika til þess, að leggja rèttan úrskurð á þessar tvær uppástúngur.

Þess ber og vel að gæta, að þessar 2 uppástúngur snerta þau atriði, sem einganveginn er ætlazt til að lagafrumvarpið leggi úrskurð á, og sem, að ætlan minni, ekki er rètt að ráðið verði þannig til lykta. Það er nefnilega spurt sumpart um það, hvort ákveða skuli útgjöld eptir húsa stærð, eða eptir því, sem hver lóð er að ferhyrníngsmáli, og sumpart um það, hvaða gjaldtíma væri bezt að ákveða. Eg efast enn um, að margir af þíngmönnum sèu hèr svo kunnugir öllu ástandi, sem þó þarf nákvæmlega að hafa tillit til; mèr er nær að halda, að margir þeirra viti ekki einusinni, hversu mikið útsvar þarf að greiða árlega í kaupstaðnum. Eg hygg því, að eg hafi nógsamlega rèttlætt það, sem eg hafði sagt, að alþíng mundi naumast leggja úrskurð á þessar 2 uppástúngur nefndarinnar, sem ekki eru heldur í lagafrumvarpinu.

Enníá verð eg að bæta einúngis einni athugasemd við, vegna þess, sem hinn virðulegi framsögumaður sagði, og sem laut að 18. gr. Eg hafði fundið að því, að bæjarfulltrúar skyldu einir velja alla í byggínganefndina, því þá væri hætt við, að völin yrðu nokkuð einræníngsleg. Þessa aðfinníngu hefir

hinn virðulegi framsögumaður viljað kenna ákvörðun þeirri í lagafrumvarpinu, sem eg hefi mælt með, eptir hverju amtmaður skyldi velja 2, en bæjarfulltrúar hina 2. Millum þessara tveggja frumvarpa er sá mikli greinarmunur, að eptir öðru þeirra ættu sömu mennirnir að velja alla í nefndina, en eptir hinu ættu tvennir ólíkir valdsmenn að kjósa sinn helmínginn hvorir. Eg get því ekki séð, að þessi 2 atvik eigi nokkuð skylt hvort við annað.

Framsögumaður: Það mun þó vera sjálfsagt, að sè þingið bært að dæma um frumvarpið sjálft, megi það líka geta haft sannfæringu, og borið um þær breytingar í því, sem þurfa þykir; nú hefir þingið kosið 5 menn í nefnd, þá sem að öllum líkindum þekkja bezt til, hversu til hagar í bænum og hversu högum bæjarins og stjórn sè bezt varið, og hefir nefndin þarhjá notið ráðaneytis tveggja gagnkunnugra manna og hefir annar þeirra ætíð verið til staðar á nefndarfundum.

Það er eins í Danmörku og hèr er stúngið uppá af nefndinni við 18. grein, að bæjarfulltrúar einir kjósa alla meðlimi byggínganefndarinnar, og verð eg að öðru leiti að skýrskota til þess, sem eg áður mælti um þetta atriði.

Nefndinni hefir eigi þótt það nægja, að það einúngis sè í 19. grein tekið fram, að lóðargjöld skuli fyrst um sinn leggja á eptir þeim jöfnuði, sem í slíku hefir áður verið við hafður, og heldur hún, að þess verði, eptir kríngumstæðunum, mjög lángt að bíða, að breyting verði hèr á gjör, ef hún ekki verður nú, enda hefir nefndin skýrt frá því, hversu mikil gjöld til bæjarsjóðsins nú liggi á lóðinni, eða húsunum, svo að þíngmenn allir geta farið því fram í þessu efni, sem bezt á við.

Viðvíkjandi athugasemdum hins hæstvirta konúngsfulltrúa, um gjaldtímann fyrir tillögur bæjarbúa til bæjarsjóðsins, þá hefir það ætíð híngaðtil verið venja, að greiða tillögin einusinni á ári, og hefir að vísu átt að greiða þau við byrjun ársins, en það hefir orðið í undandrætti fyrir flestum til árs loka; en þetta veldur aptur því, að næsta litlu hefir orðið framgeingt af verkum þeim, sem þurft hefir með í þarfir bæjarins. Eptir ásigkomulagi því og kríngumstæðum, sem skýrt er frá í álitsskjalinu, getur það eigi heldur átt hèr við, eins og víðast hvar í Danmörku, að heimta tillögin greidd fyrir missiri hvert eða hálft missiri, svo hèr er varla neinn annar vegur enn sá, sem nefndin hefir stúngið uppá. Að öðru leiti vona eg, þegar

að hafa svarað gagnástæðum hins hæstvirta konúngsfulltrúa á móti álitsskjali nefndarinnar.

Konúngsfulltrúi: Eg vil einúngis geta þess, af því, sem hinn virðulegi framsögumaður minntist á síðast, að byggínganefndin hèr í Reykjavík hefir, auk annars, það starf á hendi, að úthluta húsasvæði, eður þá lóð, þar sem reisa má hús á, og snerta þau störf mikilega hagsmuni einstakra manna; þar á móti er þetta starf ekki falið á hendur byggínganefndum í kaupstöðunum í Danmörku.

Prófastur H. G. Thordarsen: Viðvíkjandi því, að nefndin vildi hafa lögboðinn gjalddaga innan útgaungu Júní mánaðar, þá var það byggt á því, að reikníngar eiga, eptir frumvarpinu, að gánga frá nýjári til nýjárs, og þótti því gjalddagi koma bezt við á næstu lestum, en yrðu ei útsvör borguð fyrr, enn eptir heilt ár, þá mætti fyrst bíða borgunar til annars sumars, þar færstir geta hèr í landi, sízt í þessu plázi, borgað um veturinn; þannig mundi borgun frestað fyrst 1½ ár, og þó mundi fyrir mörgum dragast til tveggja ára, og vil eg biðja athugað sè, hvort svo láung bið geti verið þènanleg, eður hollt, að skuldir komist þannig á strax í upphafi.

Þvínæst var málefnið viðvíkjandi launum kjörstjóra tekið fyrir. Framsögumaður nefndarinnar, umboðsmaður Jón Guðmundsson, las upp álitsskjal hennar, og mælti fram með því, er það stíngur uppá.

Álitsskjalið er þannig látanda:

"Vèr undirskrifaðir, sem alþíng kaus í nefnd til að íhuga og segja álit vort um, hve mikil borgun beri kjörstjórum og aðstoðarmönnum þeirra, eptir 79. gr. í tilskipun um alþíng, höfum nú íhugað mál þetta; en áður vèr gjörum uppskátt álit vort í þessu efni, verðum vèr að leyfa oss að minnast með fám orðum á skjöl þau, er álit vort meðfram styðst við.

Konúngsfulltrúinn hefir lèð nefnd þessari tvö brèf til stjórnarráðanna, annað frá stiptamtinu, dagsett 22. Febr. þ. á., en hitt frá vesturamtinu, frá 1. Septembr. í fyrra; bæði brèf þessi ræða um:

1. Hve mikið kjörstjórarnir í suður og vestur umdæminu hafi áskilið sèr og aðstoðarmönnum sínum, þegar alþíngiskosníngar nú fóru fram, og er það með svo margbreyttu móti í báðum umdæmunum, að eingin ályktun verður þaðan dregin, þar sem sumir hafa krafizt þeirrar borgunar, er

eingri átt nær, sumir farið sanngirni sem næst í reikningum sínum, en aptur sumir sleppt öllu tilkalli til borgunar.

2. Ræða brèf þessi um það, hvað tèðum háyfirvöldum virðist sanngjarnast, og lögum samkvæmast, að kjörstjórunum og aðstoðarmönnum þeirra beri í ómakslaun, en það er, segir í brèfunum, 1 rbd. daglega, bæði á meðan stendur á störfum þeim, sem getið er í alþingis-tilskipunarinnar 18. og 23. gr., og þá daganna, sem gánga til ferðalaga til fundar í því skyni, ef ferðast er leingra, enn mílu vegar, samkvæmt opnu brèfi frá 21. Marts 1800, og aukatekju-reglug. 10. Sept. 1830, 16. og 26. gr.; skilst oss, að háyfirvöldin vilji og veita þeim sanngjarnan ferðakostnað að auki, eptir því sem nú geingst almennt við, þó svo, að aðstoðarmenn kjörstjóra telji ekki til borgunar fyrir fylgdarmenn; ferðakostnað til kjörþíngsins vilja þau (háyfirvöldin) hvorki veita kjörstjórum nè aðstoðarmönnum þeirra, nema flutníngskostnað, ef yfir sjó skal sækja.

Nú hefir oss fundizt, yfirhöfuð að tala, sem þetta álit amtsyfirvaldanna sè byggt á sanngjarnlegum rökum og gyldandi lögum, en þegar vèr gjörr fórum að hugsa og ræða þetta mál, fannst oss, sem tilefni væri fyrir oss að bæta þar við nokkrum athugasemdum, og láta við þær styðjast ákvarðanir þær, er oss þykir þörf að gjöra , umfram það, er háyfirvöldin hafa stúngið uppá.

1. Það virðist oss vel tilfallið, að kjörstjórar og meðhjálparar þeirra uppskeri einga borgun fyrir ferð sína til kjörþíngsins, ef þeir hafa kosníngarrètt, því bæði er þetta svo í Danmörku (opið brèf 19. Okt. 1836, 3. gr.) og styðst líka við álitlegar röksemdir, er konferenzráð Thorsteinson tekur fram í tèðu brèfi, að hver kosníngarmaður mundi þá máske ætlast til ennar sömu borgunar, og gæti þar af leidt, að kosníngarmenn mundu linlegar sækja kjörþíngið. En þess ber, að oss finnst, vel að gæta, að á meðan óbreytt eru kosníngarlög þau, sem nú eru, getur svo á staðið og hefir svo á staðið — það vitum vèr — að hvorki kjörstjóri nè aðstoðarmenn hans hafi kosníngarrètt; hafa þeir því tekizt ferð á hendur til kjörþíngsins einúngis fyrir sakir starfa þess, er þeir eiga þar að leysa af hendi, og ber því slíkum mönnum vafalaust bæði ferðakostnaður og tæripeníngar, eins fyrir ferðina til kjörþíngsins, einsog fyrir

þær fyrri ferðir, sem þeir takast á hendur til undirbúnings kjörskránna, o. s. frv.

2. En þótt eingum þeim kjörstjóra nè meðhjálpurum hans, er hefir kosningarrètt, beri ferðakaup eða fæðispeningar fyrir þá daga, er þeir ferðast til kjörþinga og frá þeim aptur, þykir oss það samt sanngjarnt, að þeir hafi í dagpeninga 1 rbd. hver, þann eða þá dagana, er á sjálfum kosningunum stendur, þar þeir þá hafa miklum störfum að gegna framyfir aðra kjósendur.

3. Kjörstjórinn verður og að hafa fylgdarmann, eins til kjörþingsins og til annara staða, er hann ferðast, því heldur sem hann þarf að flytja með sèr að heiman kosningarbækurnar; því þykir oss það sanngjarnt, að hann hljóti borgun fyrir fylgdarmann, einnig á ferðinni til kjörþingsins og frá því. Meðhjálparar kjörstjóra þykir oss ekki hlýða að taki sèr fylgdarmann, nema þeir eigi að ferðast yfir lánga fjallvegu og erfiða, eyðisanda og lítt fær vötn, þar villa og hrakningur eða líftjón er búið hverjum þeim, er einn fer. Svo þykir oss bæði kjörstjórar og aðstoðarmenn þeirra megi telja til borgunar fyrir sjóvegs- og ferjuflutning allan, er þeir ferðast í kosningar-erindum.

Til þess að komast hjá öllum slíkum aukakostnaði, svo sem verður, er nauðsyn á, að kjörstjórarnir kjósi sèr aðstoðarmenn sem næst heimili sínu, þó mega þeir ekki fyrir þá sök sleppa þeim mönnum, er miklu eru betur til fallnir, þó þeir sèu fjær.

4. Á meðan sama kosningarskipan heldst í Skaptafells sýslu, og alþingis-tilskipunarinnar 15. og 35. gr. ákveða, er það auðvitað, að bæði kjörstjóra og báðum aðstoðarmönnunum, er sækja hinn síðasta fund, til að samanbera atkvæði úr báðum sýslunum, og kveða á, hver alþingismaður sè þaðan kosinn, ber ferðakaup og fæðislaun fyrir fund þann og ferðalög til hans.

5. Því mun, enn sem komið er, verða óvíðast við komið, að láta prenta sýslukjörskrárnar, svo að ekki verði kostnaðar- og umstángsmeira, enn að þær verði skrifaðar; fyrir það starf þykir oss því sanngjarnt, að kjörstjórinn reikni sèr borgun eptir 7. og 79. grein í aukatekju-reglugjörðinni frá 10. Septbr. 1830; en reikningar allir, bæði fyrir þessum kostnaði og öðrum, er vèr áður töldum, sem og þeim,

er leiðir af sendiferðum með kosníngarlista, o. s. frv., skulu sendast hlutaðeiganda amtmanni, að hann yfirliti þá, hrindi þeim eður staðfesti, áður upphæð þeirra er endurgoldin af jafnaðarsjóðnum.

Fyrir því verður þetta álit vort:

1. Að kjörstjórnar-meðlimir allir fái 1 rbd. daglega í fæðispeníng, ef þeir ferðast leingri veg enn eina mílu, á meðan þeir leysa af hendi þau störf, er alþíngistilskipanin í 18. og 23. grein leggur fyrir þá, og sanngjarnan ferðakostnað að auki.
2. Sömu borgun hljóta þeir meðlimir kjörstjórnarinnar, sem ekki hafa kosníngarrètt, fyrir ferð til kjörþíngsins og frá því.
3. Allir kjörstjórnar-meðlimirnir skulu bera úr býtum 1 rbd. daglega, á meðan á sjálfu kjörþínginu stendur.
4. Kjörstjórinn má telja til sanngjarnrar borgunar fyrir fylgdarmann til og frá kjörþínginu, en aðstoðarmönnum kjörstjórans ber, yfirhöfuð að tala, eingin borgun fyrir fylgdarmenn, en eigi þeir að sækja yfir lánga fjallvegu og erfiða, eyðisanda og ófær vötn, þar sem þeim, er einsamall fer, er villa búin, hrakníngur eða líftjón, þá mega þeir telja til borgunar fyrir fylgdarmenn yfir slíkar torfærur, eins fyrir sjó - og ferju-flutníng allan.
5. Kjörstjórar skulu kjósa sèr þá til aðstoðarmanna, er haganlegast og næst eru búsettir heimili þeirra, þó skal það jafnan vera í fyrirrúmi, að þeir kjósi til þeirra starfa sem hæfasta menn, eptir 16. gr. í tilskipan um alþíng.
6. Eptir alþíngis-tilskipunarinnar 15. og 35. gr. ber kjörstjóranum í Skaptafells sýslu og aðstoðarmönnum hans hvorutveggjum í fæðispeníng 1 rbd. daglega, auk annars sanngjarns ferðakostnaðar, þá dagana sem gánga til ferðalaga og starfa þeirra, er tèð 35. gr. leggur fyrir.
7. Fyrir eptirrit kjörskránna ber kjörstjórum borgun eptir aukatekju-reglugjörð 10. Septbr. 1830, 7. og 79. gr.
8. Allir reikníngar, bæði fyrir kostnað þann, er nú var talinn, og annan kostnað, er af kosníngunum leiðir, skulu sendir amtmanni til yfirlits, útásetníngar og staðfestíngar, áður þeir eru borgaðir".

Eyjólfur hreppstjóri Einarsson: Mèr virðist, að það sè sjálfsagt, að ef kjörstjórar og aðstoðarmenn þeirra eiga að fá

borgun fyrir sjó- og ferjuflutníng, að þeir menn, sem þurfa að fara á kosníngarfundi, fái einnig borgun fyrir hið sama.

Framsögumaður: Það gegnir öðru máli um þá síðarnefndu, því þeir þurfa ekki, framar enn þeir vilja sjálfir, að sækja á kosníngafundinn, en fyrir kjörstjórana er það sjálfsögð skylda.

Konúngsfulltrúi: Við álitsskjal þetta vil eg að eins gjöra fáeinar athugasemdir. Eg fæ ekki séð ástæðu til þess, sem nefndin hefir stúngið uppá, að þeir kjörstjórnarmenn, sem hafa kosníngarrètt, skuli ekki fá ferðakostnað sinn endurgoldinn, eins og þeir, sem ekki hafa kosníngarrètt. Eptir því yrðu kosníngarfærir menn miður farnir (*deterioris conditionis*) enn hinir, sem ekki eiga kosníngarrètt, en kosníngarrèttur er þó einúngis rèttindi, sem einganveginn skuldbindur mann til að koma til kjörþíngis. Nefndin hefir skýrskotað til opins brèfs fyrir Danmörku, frá 19. Okt. 1836, 3. gr., en eg verð að geta þess, að hvorki eptir því, eða nokkru öðru lagaboði, er sá mismunur gjörður á mönnum í Danmörku, hvort sem þeir eiga kosníngarrètt eður ekki.

Enn fremur álít eg hvorki nauðsynlegt eður þarflegt, að svo yrði ákveðið í lögum, sem nefndin hefir stúngið uppá í 5. grein, þareð atriði það er ekki svo náteingt málefni því, sem nefndin átti að segja álit sitt um, þó eg reyndar ekki neiti því, að það eigi nokkuð skylt við það. Þar að auki eru öll líkindi til, að kjörstjórnarmenn, þó aldrei kæmi þessi ákvörðun til, verði teknir meðal þeirra manna, sem búa næstir kjörþíngisstaðnum, ef þeir að öðru leiti eru hæfir til slíkra starfa.

Að lyktum get eg þess, um 7. grein, að það væri öldúngis móti þeirri venju, sem við geingst í tekjulögunum — sem ekki áskilja borgun fyrir það, sem ritað er í alþjóðlegum efnum — ef kjörstjórarnir skyldu hafa kaup fyrir eptirritan þá, er hèr ræðir um.

Framsögumaður: Það getur verið, að nefndarálitsins orð séu ekki nógu greinileg, en það framannefnda plakat tók nefndin til, til þess að sanna, að kjörstjórnin yfirhöfuð ekki feingi borgun fyrir ferðina. Hinsvegar þykir mèr augljóst, að það sè nokkur munur gjörandi á því, hvort kjörstjórnin hefir kosníngarrètt eða ekki, því hafi kjörstjórar hann, fara þeir til að kjósa, en hafi þeir hann ekki, fara þeir einúngis í kjörstjórnar erindum, og þá eiga þeir borgun skilið. Það er mèr

að vísu kunnugt, að sýslumenn eiga ókeypis að gegna skriptum í opinberum málum, en það er nokkuð öðruvísi ástatt með skriptir, sem rísa af kosníngum, og sèrílagi með eptirrit kjörskránna, því svo er mælt fyrir í alþíngis-tilskipuninni, að prenta eigi kjörskrárnar, og það er ekki gjört ráð fyrir, að sýslumenn eigi að borga prentunina; þeir munu því eiga borgun fyrir eptirrit á kjörskránum.

Forseti: Því, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi sagði um þetta efni, og sèrílagi um borgun til aðstoðarmanna kjörstjórans, hvort sem þeir ættu kosníngarrètt eður ekki, er eg samþykkur, og eins því, að kjörstjórinn, hvað val aðstoðarmannanna snertir, eigi að vera sjálfráður, en ráð sè gjöranda fyrir, að þeir kjörstjórarnir fari í þessu efni að sem haganlegast. Það virðist mèr sè samgjarnt, að kjörstjórar fái borgun fyrir eptirrit af kjörskránum, en frumritið á sjálfsagt ekki að borga.

Konúngsfulltrúi: Eg ætla einúngis að gjöra þá athugasemd við það, er hinn virðulegi framsögumaður sagði síðast: eg fæ enn ekki betur sèð, enn að nefndin hafi borið fyrir sig opið brèf 19. Okt. 1836, 3. gr. — eptir því sem beinast liggur við að skilja greinina í álitsskjalinu — svo sem heimild fyrir því, að það væri einnig í Danmörku gjörður munur á þeim kjörstjórnarmönnum, sem eiga kosníngarrètt, og hinum, sem ekki eiga hann. En þó nú álitsskjal nefndarinnar væri skilið á þann veg, sem framsögumaður hefir lagt það út, nefnilega: að einúngis sè skýrskotað til op. brèfs frá 1836, sem heimildar fyrir því, að eingir af kjörstjórnendum í Danmörku fái borgaðan ferðakostnað til kjörþínga, þá er ekki rèttilega vitnað til þessa lagaboðs, því það talar einúngis um það kjörþíng, sem haldið er allra seinast í þesshátt kjör-þínghám, sem skipt er í mörg smærri kjördæmi, og kjörstjórnarmenn í þessum smærri umdæmum eru ekki fastlega skuldbundnir til þess, að koma á þennan seinasta kjörfund. Lagagrein þessi var einúngis gjörð til þess, að sporna við kostnaði þeim, er gekk til þessa seinasta aðalfundar allra kjörstjórnenda, sem í raun rèttri var óþarfur, en þarámóti er enníá ætíð borgaður kjörstjórnarmönnum kostnaður sá, sem leiðir af ferð þeirra til kjörþíngs þess, er þeir eiga að standa fyrir kosníngum á, án þess munur sè gjörður á, hvort þeir eiga kosníngarrètt eður ekki.

Assessor Johnsen: Þareð það er lögákveðið í Danmörku (opið brèf 19. Okt. 1836, 2. gr.), að kjörstjórar þar eigi að velja á meðal þeirra manna sèr til aðstoðar í kjörstjórninni, sem helzt má ætla til að gefi eptir borgun fyrir umsvif þeirra og tímatöf við kosníngarnar, þyki mèr það einganveginn vera lángt frá vegi, sem nefndin hefir í 5. liðnum stúngið uppá og hinn heiðraði framsögumaður mælt fram með, að kjörstjórar skuli halda sèr til þeirra fremur enn annara, þegar annars nokkur völ eru á, sem næstir búa og haganlegast, því bæði er með þessu móti, hvernig sem fer, kostnaður sparaður fyrir alþýðu, og líka er þess öllu fremur von, að þessir menn gefi eptir borgun fyrir umsvif þeirra og fyrirhöfn, enn hinir, sem fjær búa, og eg verð því að mæla fram með uppástúngu nefndarinnar í þessu tilliti.

Framsögumaður: Það er líka gjört ráð fyrir því í álitsskjalinu, að þar, sem völ er á jöfnum mönnum, mundi kjörstjórinn taka þá sem nær eru, fremur enn þá sem fjær búa, til að verja það opinbera fyrir kostnaði.

Forseti: Fyrst enginn tekur nú framar til orða í þessu máli, hlýt eg að álíta það nægilega rædt til undirbúnings.

Þá lèt Forseti lesa upp 6 bænarskrár og álitsskjöl þíngsins til konúngs, sem hèr fylgja:

1. Bænarskrá um fjölgun þíngstaða í Mýra og Hnappadalssýslu.

Fulltrúi Mýra og Hnappadalssýslu, hreppstjóri Helgi Helgason, hefir borið upp á alþíngi Íslendínga bænarskrá frá inmbúum í nokkrum hreppum tèðrar sýslu, um það, að þíngstaðir þeir, er þar eru lagðir niður, samkvæmt allramildasta úrskurði konúngs frá 26. Apríl 1833, verði teknir upp að nýju.

Alþíng fèkk málefni þetta í hendur þriggja manna nefnd til meðferðar, og þar næst var það rædt eins og lög gjöra ráð fyrir, á þínginu, og leyfir nú alþíng sèr allraþegnsamlegast að láta í ljósi álit sitt sem fylgir:

Allt að árinu 1833 voru í Mýra og Hnappadalssýslu 10 þíngstaðir, en þá stakk hlutaðeigandi sýslumaður upp á því, að þíngstöðunum yrði fækkað, og 4 að eins löggyltir fyrir alla sýsluna; færði hann það til síns máls, að hlutaðeigandi hreppstjórar ekki sæju vandkvæði á þessari breytíngu, og einkum það atriði, að viðhald þínghúsa yrði almenníngi sýslunnar miklu lèttara eptir enn áður. Frumvarpið virtist þannig á góð-

um rökum byggt, og var það því borið undir Hans Hátign konúnginn, sem með áðurnefndum allramildasta úrskurði leyfði, að þingstöðunum væri fækkað, einsog um hafði verið beðið; en það leið ekki lángt um, fyrr enn almenníngur í þeim hreppum, sem mistu þingstaði sína, lèt í ljósi óánægju sína yfir missinum, og þótti sèr, og það að líkindum ekki án orsaka, orðið óhægra enn áður að sækja skatta- og manntalsþingin yfir lángan og örðugan veg, og afleiðíng þessarar óánægju er bænarskrá sú, sem hèr ræðir um og fram er borin af fulltrúa þeirra hèr á þínginu.

Alþíng fær ekki betur sèð, enn að umkvörtun hlutaðeigenda sè á góðum rökum byggð, og að þeir hafi mikið til síns máls, þegar litið er til alkunnrar vegaleingdar og annarar óhægðar, sem samfara er landslagi sýslunnar, eins líka til þess, að uppbygging hinna nýju og stærri þínghúsa — hver að öðru leiti ennþá ekki skal vera framkvæmd — í raun rèttri verður fullt svo örðug og kostnaðarsöm fyrir almenníng, sem viðhald hinna smærri og eldri þínghúsa, er ennþá brúkast til hreppa-þínghalds á haustnóttum. Og með því þannig er ástatt, og hin nýja ráðstöfun með þingstaðina upprunalega sýnist að hafa miðað einúngis til hagnaðar fyrir hlutaðeiganda sýslumann, en hefir leidt af sèr þýngsli og óhagnað fyrir almenníng, svo álítur þingið það einnig skyldu sína að leggja með bænarskránni, og leyfir sèr þannig allraþegnsamlegast að mæla fram með:

að hinir fornu þingstaðir í Mýra og Hnappadalssýslu, sem lagðir eru niður, samkvæmt úrskurði konúngs frá 1833, verði teknir upp að nýju.

Reykjavík 17. Júlí 1845.

Thorsteinson. Jonassen.

2. Bænarskrá um breytíng á 6. grein í reglugjörð 8. Janúar 1834, um fátækra málefni á Íslandi.

Fulltrúar Þorgarfjarðar, Mýra, Snæfellsness og Rángárvalla sýslu hafa borið upp á alþíngi Íslendínga bænarskrár um það efni, að hinni 6. grein í reglugjörðinni frá 8. Jan. 1834, að því leiti hún ákveður, að 5 ára samfleytt dvöl í einum hrepp skuli veita þar forsorgunarrètt, verði breytt á þá leið, að þessi rèttur, undir þeim skilyrðum, sem greinin að öðru leiti ákveður, eptirleiðis skuli bundinn við 10, eða allt að 20 ára, samfleytta

vistarveru í hreppnum, og hafa hlutaðeigendur borið til styrktar máli sínu, að sú 5 ára vistarvera, sem nú ráði forsorgunarrèttinum, opt eigi sèr stað í þeim hrepp, hvar einn hafi dvalið á efra aldri, og því orðið að minnstu liði; að hún hindri samheldi og góða reglu í sveitarstjórninni, samt umhyggju fyrir velmegun þeirra manna, sem ekki sèu búnir að vinna sèr hrepp í sveitinni; enn fremur, að hún orsaki misjöfn þyngsli á hreppunum, og loks margfaldar miskliðir milli þeirra innbyrðis.

Þingið fèkk málefni þetta til undirbúnings þriggja manna nefnd, og þar eptir var það ýtarlega rædt á lögboðinn hátt á tveimur fundum, og leyfir nú alþing sèr hèrmeð allraþegnsamlegast að segja álit sitt um það, á þessa leið:

Eptir alkunnum kringumstæðum þessa máls þykir alþingi, að leidd sèu ánægjanleg rök að því, að sú umrædda ákvörðun í reglugjörðinni frá 8. Jan. 1834 sè, og frá byrjun sinni hafi verið, miður hagfelld hèr í landi, og að breytíng í henni muni vera nytsamleg.

En þegar málið var rædt á þínginu, skiptust meiníngar nokkuð viðvíkjandi áratölu þeirri, sem haganlegast yrði látin grundvalla framfærslu- eða forsorgunarrèttinn eptirleiðis, eins og þær bænarskrár, sem til þíngsins eru komnar, og þegar var getið, ekki eru allar á einu máli um það atriði, nema að svo miklu leiti, að tíminn verði leingdur til 10 ára, eða þar yfir, allt að 20 árum. Það er og auðsætt, að í þessu tilliti er vandratað meðalhófið, þannig, að sá áratími, sem látinn er ráða forsorgunarrèttinum, hvorki sè of naumur, nè heldur of rúmur, og þannig hæfileg hliðsjón höfð af hagsmunum og rètti þeirra hreppa, sem liggja til sveitar, og hinna, er liggja við sjó, þareð það er í augum uppi, að hinir fyrrnefndu hreppar verða undir, ef áratíminn er tiltekinn mjög rúmlega, en hinir síðarnefndu aptur útundan, ef áratími þessi er mjög naumur — því eins og til hagar í landi hèr er það alltítt, að sveitamenn, þegar þeim ekki lætur atvinnuvegur þeirra í sveitinni, flytja að sjónum, hvar opt er auðveldara að hafa ofanaf fyrir sèr og sínum, og verða þeir, með því að íleingjast þar, þegar eins er ástatt og nú, optlega sveitlægir yfir skör fram í sjáfarhreppunum.

Hjá þessu yrði að nokkru leiti komizt, ef áratíminn væri leingdur frá því, er nú er, sem vel má vera, án þess, að sveitahrepparnir, sem optastnær mundu verða hlutaðeigenda fæðíng-

ar-hreppar, verði fyrir meiri þýngslum, enn að réttri eða sanngjarnri tiltölu. Þar eru og öll líkindi til, ef áratíminn er leingdur, að minna þras og óvild mundi verða milli sveitanna, enn tilfellið er nú, þá þrætur og mótstöður ei sjaldan byrja strax, nær efnalítið fólk flytur úr einni í aðra sveit, af ótta fyrir, að þeir nái þar festu á því mjög stutta tímabili, 5 árum.

Með tilliti til þess, sem nú er sagt, leyfir alþíng sèr allraþegnsamlegast í einu hljóði að biðja um:

1. Að þeirri umræddu áratölu í reglugjörðinni frá 8. Jan. 1834 6. grein verði breytt, og það
2. með 14 atkvæðum móti 9 þannig:

   Að sú áratala, sem grundvalla skuli forsorgunarrètt í hverjum hrepp, eptirleiðis verði ákveðin til 10 ára samfleyttrar vistarveru, með þeim nákvæmari skilyrðum, sem tèð lagagrein að öðru leiti áskilur; og
3. Að breytíng þessi, viðlíkt og tilgreint er í opt nefndrar reglugjörðar 6. grein, ekki verði látin ná til þeirra, sem eptir þeim nú gyldandi reglum hafa útvegað sèr forsorgunarrètt í einhverjum hrepp, þegar áðurnefndum 5 ára tíma með nýju lagaboði verður breytt.

Reykjavík 21. Júlí 1845.

Thorsteinson. Jonassen.

3. Álitsskjal um konúnglegt frumvarp (II.) til tilskipunar um fardaga presta og náðarár prestaekkna á Íslandi.

Yðar konúnglegri Hátign hefir allramildilegast þóknazt, að leggja fram fyrir alþíng frumvarp til tilskipunar um fardaga presta á Íslandi, og um rèttindi þau, er prestur sá, sem frá brauði fer, eður erfíngjar hans og einkum ekkjan, eiga heimtíng á.

Alþíng skipaði 3 menn í nefnd, til að skoða og álíta málefni þetta, og var það, eins og lög gjöra ráð fyrir, tvisvarsinnum þareptir ýtarlega rædt á þínginu sjálfu.

Sú varð niðurstaða þessa máls, að þínginu þykir mikil nauðsyn á nýju lögmáli um áminnst efni, og það álítur, að þær ákvarðanir, sem frumvarpið inniheldur, sèu vel tilfallnar og viturlegar. Einúngis sýnist orðfærið, einkum í annari og þriðju grein, að vera svo óljóst, að þar á geti orðið nokkur misskilníngur. Í þessum greinum er nefnilega farið svo óglöggum orðum, að eigi er hægt að sjá, hver sè meiníngа munur

þeirra, eður, þó meiníngа munur væri, þá mun þarum geta orðið fleiri enn ein útskýríng, hversvegna þíngið álítur þènanlegt, að breytt verði báðum greinunum að orðalaginu til, samkvæmt þíngsins hèr eptir fylgjandi uppástúngu.

Fjórða grein frumvarpsins meinar þíngið megi vera öldúngis óumbreytt, og kemur það ekki í bága við hana, þó að ekkjunni í 3. grein — einsog þíngið heldur henni eigi að breyta — sè gefinn rèttur til að sitja á öllu prestsetrinu til næstu fardaga, ef brauð er ei veitt fyrr enn eptir fardaga; því þetta á einúngis við í því einstaka tilfelli, sem hèr er til tekið, og einsog ekkjan á ekki rètt til hálfrar bújarðarinnar, nema því að eins, að maður hennar hafi dáið á tímabilinu frá jólum til fardaga, svo á hún ei heldur, ef öðruvísi er ástatt, tilkall til hennar allrar, þó brauðið sè veitt eptir fardaga.

Í 5. grein sýnist þínginu að orðin: „eins og presturinn tekur við þeim“, sèu yfirgripsmeiri enn þörf er á, og miður svarandi til orðsins „*oppebærer*“ í danska frumvarpinu, hversvegna betur sýnist henta, að setja í staðinn önnur orð, er betur ættu við í málinu.

Þar sem í þessari sömu grein eru taldar upp föstu tekjurnar, sýnist, þegar allt annað er upp talið, að vera fellt úr að tilgreina tekjur í smjörgjaldi af útkirkjum, því svo ber til stundum, að þetta á að borga, þó kúgyldi sèu úr fallin, eður þó jörð sè geingin undan kirkjunni, eður jafnvel eingin kirkja til, þótt áður væri. Þessvegna virðist nauðsynlegt, að bæta þessu við, svo eingu sè gleymt af föstu tekjunum, fyrst þær á annað borð eru upp taldar.

Samkvæmt þessu er það allraþegnsamlegust ósk alþíngis að þetta frumvarp megi verða lögskipað með eptirfylgjandi breytíngum og viðauka, nefnilega:

1. að í stað annarar greinar frumvarpsins komi:

„Frá fardögum eignast sá, sem brauð er veitt, tekjur þess, „einsog hann líka flytur þá að brauðinu, og uppfrá því „gegnir öllum prestsverkum“.

og í stað þriðju greinar:

„En sè brauðið ekki veitt fyrir fardaga, heldur skömmu „eptir, þá má sá, sem það hefir hlotið, ef hann er prest„ur á öðru brauði, velja um, hvort hann vill samstundis „taka við brauðinu og njóta svo þess inntekta, — nema „ef svo stendur á, að ekkja sè við bú á prestsetrinu, þá

„má hann ekki eptir fardaga flytja þángað búferlum, og „eigi fyrr enn í næstu fardögum — eða annarsvegar, ef „hann vill, þá má hann vera við það brauð, er hann áður „hafði, til næstu fardaga, og gegnir þar, sem áður, prests-„verkum og nýtur inntektanna, en prófastur lætur annast „prestsþjónustu í því kallinu, sem honum var veitt, ef hann „kýs heldur að vera kyr, eptir tilsk. 3. Febr. 1836. En „hvort sem hann heldur ræður af, þá tilkynnir hann það „sem fyrst prófasti".

Þessi umbreyting var samþykkt af þinginu með 17 atkvæðum á móti 7.

2. Að í 5. grein frumvarpsins orðunum: „einsog presturinn „tekur við þeim", sè þannig breytt: „greiðir prestur þetta af „hendi einsog honum er goldið sjálfum".

Viðtekið með 20 atkvæðum á móti 4; — og

3. Að í sömu grein við bætist þessum orðum: „samt smjör-„gjald það, er prestar fá af útkirkjum."

Viðtekið af öllum.

Reykjavík 21 Júlí 1845.

Thorsteinson. H. G. Thordarsen.

4. Álitsskjal um konúnglegt frumvarp (III.) til opins brèfs um hreppastefnur á Íslandi.

Yðar konúnglegri Hátign hefir allramildilegast þóknazt, að láta bera upp á alþingi, og beiðast þess álits, um lagafrumvarp viðvíkjandi því, að hreppstjóraþíng skyldu á Íslandi hèðan af haldast dagana milli þess 16. og 24. Júní ár hvert.

Þingið fól málefni þetta til íhugunar og undirbúnings þriggja manna nefnd meðal þingmanna, og að því búnu var það rædt á lögboðinn hátt á tveimur fundum, og leyfir nú þingið sèr hèrmeð allraþegnsamlegast að láta álit sitt í þessu efni í ljósi, sem hèr eptir fylgir:

Það þarf ekki að leiða rök að því, að það er bæði nauðsynlegt og nytsamt, að öll opinber stjórn gángi fram eptir föstum og almennum reglum, og svo er því líka varið með stjórn sveitarmálefna, eigi hún að vera sjálfri sèr samkvæm, og sú samhljóðan milli sveitarstjórnarinnar innbyrðis í ymsum byggðarlögum eiga sèr stað, sem er skilyrði fyrir sameiginlegri heill þeirra og samverkun. Eingu að síður hefir þessu ekki ennþá verið þannig háttað með ráðstöfun þá, sem frumvarp þetta hnígur að, því sumstaðar hafa hreppstjóraþingin

hingað til verið haldin einúngis á haustin, til að mynda í vesturumdæminu, sumstaðar, eða í báðum hinum umdæmunum, bæði haust og vor, og hvergi verið bundin við vissan tíma, nè sett í innbyrðis samband hvert við annað, heldur hefir allt farið að hlutaðeigandi hreppstjóra eigin ráðstöfun. Af þessu hefir aptur leidt það, að öll samverkan og samhljóðan milli sveitarstjórnendanna innbyrðis hefir verið næsta lítil og varla nein, en hver hreppstjóri farið sínu fram útaf fyrir sig. En þegar á það er litið, að þing þessi hafa mikilvæg störf á hendi, að því leiti á þeim er talið fram til tíundar og til annar almennu búskapartöflu, en á tíundinni er aptur byggð, bæði tíundargreiðslunnar upphæð og önnur opinber gjöld til allra stètta; að þar enn fremur er ráðgast um allt það, er áhrærir forsorgun þurfamanna sveitarinnar, og sèrhvað það, er snertir innvortis stjórn hvers hrepps eða sveitarfèlags, og þetta með mörgu móti aptur stendur í sambandi, ekki einúngis við þeirra næstu, heldur og fjærliggjandi hèraða sveitarstjórn, er það augljóst, að það varðar miklu, að þingum þessum allstaðar sè skipað eptir einni og sömu föstu reglu, og að þau sèu yfirhöfuð einskorðuð við einhvern ákveðinn tíma, nema annmarkar einhvers byggðarlags gjöri í því efni nauðsynlega undantekníngu.

Í þessu er þingið samhuga meiníngar, og þó þingmenn hafi greint á um það, hvort þessi þing ættu að haldast bæði haust og vor, eða einúngis annaðhvort á vor eða haust, eru þeir þó allir á því máli, að ákveða ætti vissan tíma til þinganna, og flestir einnig á því, að halda bæði þingin: vorþingin einkum til tíundar framtölu og búskapartöflunnar, en haustþingin, einsog viðgeingizt hefir hingað til, til að ráðstafa sveitarómögum til nauðsynlegrar forsorgunar, niðurjafna auka-útsvar til fátækra og annars þesskonar, hvað haganlegast ætíð verður gjört að haustþinginu, og þar rök voru leidd að því, að vorþing, á þeim tíma, sem frumvarpið til greinir, ekki væri hagfelld í Skaptafells-sýslunum, vegna ýmislegra bjargræðis-útrèttinga, varð atkvæðafjöldi fyrir því, að ákveða þau þar til annars tíma.

Þannig leyfir alþing sèr hèrmeð allraþegnsamlegast, með 15 atkvæðum gegn 8, að mæla fram með því:

1. Að frumvarpið öðlist lagagyldi, og
2. með 19 atkvæðum gegn 4, þannig:

Að hreppstjóra þing og skuli framvegis halda árlega, daganna milli þess 1. og 20. Októbers.

3. með 19 atkvæðum gegn 4:

Að vorþingin í Skaptafells-sýslunum verði ákveðin í fardagavikunni í byrjun Júnímánaðar ár hvert.

Reykjavik 21. Júlí 1845.

Thorsteinson. Jonassen.

5. Álitsskjal um konúnglegt frumvarp (VI.) til opins brèfs, um nokkrar ákvarðanir, þeim til trausts, er þinggjaldi eiga að lúka.

Yðar Hátign hefir allramildilegast þóknazt, að láta bera upp á alþingi lagafrumvarp fyrir Ísland, um nokkrar ákvarðanir, þeim til trausts, sem þinggjaldi eiga að lúka.

Eptir að búið er að yfirvega lagafrumvarp þetta af þriggja manna nefnd meðal þingmanna, og ræða það á lögskipaðan hátt á tveimur fundum, leyfir alþing sèr hèrmeð allraþegnsamlegast að bera fram álit sitt á þessu málefni, þannig:

Það er miklu varðanda, að um það sè vandlega búið, að einginn misgrunur geti orðið á, að þeir, sem eiga heimting á opinberum gjöldum, hvorki taki meira enn þeir með rèttu eiga, nè þeir, sem láta gjöldin úti, verði fyrir halla í þessu tilliti.

En einsog nú er ástatt hèr í landi virðist þessu efni ekki skipað svo vel sem skyldi. Að vísu eiga sýslumenn að hafa með sèr á skattaþingin manntalsbækur sínar, og vera þá búnir fyrirfram að skrifa inn í þær, hvað hverjum manni beri að greiða í manntalsbókargjald, einsog þeir líka eiga að skrifa inn í bókina á sjálfu þinginu það, sem hver borgar. En þetta, og þó þingmenn nokkrir undirskrifi bókina með sýslumanni, við lok manntalsþingsins í hverri þingsókn — hvað eð er sönnun einúngis fyrir því, að bókin hafi í hvert skipti verið til staðar á þinginu — nægir þó ekki til, að því framantèða augnamiði geti til hlýtar orðið framgeingt, því bæði er það, að hlutaðeigendur margopt ekki borga gjald sitt, nema að nokkru leiti, á manntalsþinginu, en sýslumaður á það hjá þeim eptir samkomulagi, og margir koma ekki á þingið, nè senda mann fyrir sig, svo gjöldin geta hvergi nærri orðið rituð í manntalsbókina á sjálfu þinginu; og þó þessu hagaði öðruvísi til, og allt væri goldið og skrifað í manntalsbókina strax á þinginu, svo hefir gjaldandi þó einga sönnun í höndum, til verndar fyrir sig

og sína í framtíðinni, hvar með hann geti sannað, nær, samt hvað og hversu mikið hann árlega hafi goldið.

Á þessu ræður frumvarp það, er hèr ræðir um, fullkomna bót, og þingið er því þessvegna, svo að kalla í einu hljóði, meðmælt, og það því heldur, sem það er augljóst, að þeir, sem láta gjöld úti í opinberar þarfir, eiga skyldu á því, að fá hjá þeim, er við tekur, hæfilega vissu fyrir, að þeir hafi rèttilega greidt það, er þeim bar að gjalda í hvert skipti. Að vísu er tilskipun hèr um einkum þeim í hag, sem láta borgun úti, hversvegna það og mætti virðast sanngjarnlegt, samt að nokkru leiti samsvaranda þeirra gyldandi laga anda í viðlíkum tilfellum, að þeir ættu að borga hlutaðeiganda embættismanni fyrir ómak það, er ráðstöfun þessari er samfara, eða fyrir löggyldingu á þeirra kvittanzíu-bókum, einsog áðurnefnt lagafrumvarp ætlast til, en þegar hinsvegar er litið til þess, að þetta ómak ekki nemur miklu, og almúgi hèr á landi yfirhöfuð á við þraung kjör og fátækdóm að búa, en kjörum sýslumanna hinsvegar nú er skipað í flestum sýslum allvel og viðunanlega, virðist þinginu, að yfirgnæfandi ástæður sèu til að mæla með því, að sýslumenn löggyldi kvittanzíubækurnar ókeypis, og í annan stað sèu skyldir til, móti sanngjarnri borgun fyrir pappír og innbindíngu, að fá bókina hverjum þeim, sem ekki hefðu útvegað sèr hana í tækan tíma, og vonar alþíng allraþegnsamlegast, að þetta fái Yðar konúnglegu Hátignar allramildasta samþykki.

Samkvæmt því, er þannig er talið, leyfir alþíng sèr allraþegnsamlegast að mæla fram með því samhuga:

1. Að það framlagða lagafrumvarp öðlist lagagyldi.
2. með 19 atkvæðum gegn 5, þannig:
   Að hlutaðeigandi sýslumaður löggyldi bókina kauplaust, og
3. með 16 atkvæðum gegn 8:
   Að hann sè skyldur til að fá hana hverjum þeim, sem ekki hefir útvegað sèr hana, móti sanngjarnri borgun, einúngis fyrir pappír og innbindíngu.

Reykjavík 21. Júlí 1845.

Thorsteinson. Jonassen.

6. Álitsskjal um konúnglegt frumvarp (VIII) til opins brèfs, um að taka af skyldu manna að flytja embættismenn kauplaust, þá er þeir fara í alþjóðleg erindi.

Yðar konúnglegu Hátign hefir allramildilegast þóknazt, að láta leggja fram fyrir alþíng frumvarp til opins brèfs fyrir Ís-

land, um, að taka af skyldu manna til að flytja embættismenn kauplaust, þá er þeir fara í alþjóðleg erindi.

Eptir að þingið hafði falið þriggja manna nefnd að íhuga þetta mál, og hún hafði kveðið upp álit sitt, var það síðan rædt á tveimur aðalfundum.

Þinginu virðist hin mesta nauðsyn á, að afnumin verði kvöð sú, er hingað til hefir verið lögboðin, um, borgunarlaust að veita fararbeina nokkrum embættismönnum landsins, bæði vegna þess, að kvöð þessi er miður hentug fyrir embættismennina sjálfa, þar það hlýtur að olla þeim bæði allmikils fartálma og óhæginda, að þeir á dagleið hverri, og stundum optar enn einusinni, verða að skipta um fararskjóta og fylgdarmann, og líka vegna hins, að kostnaður sá, sem af þessum ferðum rís, hingað til hefir komið æði ójafnt niður á alþýðu, og optastnær lent á þeim sveitum og sóknum eingaungu, er liggja næst vegum þeim, sem embættismennirnir verða að fara um, til að reka erindi sitt.

Hjá þessum ójöfnuði hefir hinsvegar þó ekki orðið komizt, sakir víðáttu umdæmanna, því hefði kvöð sú, er hèr ræðir um, átt að gánga milli allra innbúa umdæmisins, hefði aptur ójafnaður hlotizt af því, þarsem frá hèruðum þeim, sem fjærst liggja vegi embættismannsins, verður að fara lángar leiðir til móts við hann, og verða þeir, sem þar búa, þá miklu harðara úti enn hinir, sem búa nálægt veginum.

Að sönnu var það athugað, að nokkuð mætti bæta úr þessum ójöfnuði með því, að ferðakostnaðinum væri jafnað niður, þannig, að þeir, sem búa nálægt veginum, væru skyldir að leggja til hesta og fylgdarmann, en feingju aptur endurgjald að tiltölu hjá þeim, er búa fjær. En þessi aðferð virðist heldur ekki hagfelld, því auk þess, sem áður er mælt um óhæginði þau, er jafnan fylgja slíkum skylduflutníngi, fyrir sjálfa embættismennina, er það og að óttast, að af þeirri niðurjöfnun mundi opt leiða ágreiníng og óánægju milli þeirra, sem leggja ættu til fararbeinann, og hinna, sem eiga að bæta þeim upp aptur kostnaðinn. Þessi aðferð yrði þeim mun ísjárverðari, sem kostnaður þessi optast mundi verða tvöfaldur við það, sem vera ætti, vegna þess hestar og fylgdarmaður verða að fara sömu ferðina tvisvar, þareð venjulegt er að fylgja embættismanni eina dagleið áleiðis, og taka þá aðrir við, en

þá verður maður sá, sem við skildi, að fara sömu dagleiðina heim aptur með hestana.

Um leið og þingið þannig viðurkennir, að nauðsyn beri til að taka af alla skylduflutninga, verður það hinsvegar að fallast á, að ekki sè tilhlýðilegt, að embættismenn þeir, er hingað til hafa notið flutnings ókeypis, þegar þeir fara í embættiserindi, en það eru: stiptamtmaður, biskup, amtmenn, landlæknirinn og fjórðungslæknar, svo og sýslumenn, í opinberum málefnum, skuli eptirleiðis sviptast rèttindum þessum, þareð af því kynni að leiða, að einhver af þessum embættismönnum kynni með tímanum að verða miður enn skyldi fús á, að takast embættisferðir á hendur, enda er það og ekki rèttvíst, í tilliti til þeirra manna, sem nú hafa tekið við embættum með þessum rèttindum, að þeir skyldu missa þau. Þingið verður þannig að öllu leiti að fallast á ákvörðun þá, sem gjörð er í 1. grein frumvarpsins.

Hvað hina aðra grein frumvarpsins snertir, sem segir fyrir, hvernig jafna eigi niður ferðakostnaðinum, þegar embættismenn þeir, sem nefndir voru, ferðast úr einu amti í annað, þá getur þingið ekki fallizt á, að lausafjártíund amtanna sè gjörð að mælikvarða í þessu tilliti. Af þessu mundi leiða mikinn ójöfnuð, einkum fyrir suðuramtið, þareð svo stendur á, að flestir þeirra embættismanna, sem optast þurfa að ferðast út fyrir umdæmi það, er þeir sitja í, t. a. m. stiptamtmaður, biskup og landlæknir, búa einmitt allir í þessu umdæmi. Þegar nú einhver af þessum mönnum, t. a. m. biskup, ætti að ferðast vestur á land í embættis erindi, ætti hann að eins tvær dagleiðir yfir suðuramtið, en yrði máske að fara 9 dagleiðir yfir vesturamtið til þess að komast í Ísafjarðarsýslu. Ef nú öllum þeim kostnaði, sem af þessari ferð leiðir, ætti að jafna niður á bæði ömtin eptir stærð lausafjártíundarinnar, mætti svo verða, þareð hún að eins er milli $\frac{1}{3}$ og $\frac{1}{2}$ í vesturamtinu, við það, sem er í suðuramtinu, að umdæmi þetta hlyti að bera $\frac{2}{3}$ eða jafnvel $\frac{3}{4}$ hluta af kostnaði ferðarinnar, enþótt hún alls ekki væri gjörð í þágu þessa umdæmis, og ekki nema yfir stuttan kafla þess. Milli norður og suður amtanna mundi einnig verða talsverður ójafnaður, þó nokkuð minni, bæði vegna þess, að leingri veg verður að fara yfir suðuramtið til þess að komast norður, og eins hins, að lausafjártíundin í norður og austuramtinu er viðlík, og stundum meiri, enn í suðuramtinu.

Til að komast hjá þessum vandkvæðum, og hjá laungum og flóknum reikninga viðskiptum milli amtanna innbyrðis, þykir þínginu betur fallið og sanngjarnara, að kostnaði þeim, sem af því rís, þegar embættismenn í alþjóðlegum erindum ferðast úr einu amti í annað, verði jafnað þannig niður, að hvert amt fyrir sig beri kostnað þann, er leiðir af ferðinni yfir það; því þó ekki yrði með þessu móti algjörlega hjá því sneidt, að suðuramtið yrði fyrir nokkrum kostnaði til slíkra ferða, sem einúngis eru gjörðar í þarfir hinna umdæmanna, svo yrði kostnaður þessi þó bæði lángtum minni, ef þessi aðferð væri við höfð, enn ella, og líka er aðgætanda, að ef suðuramtið ætti með öllu að sleppa hjá þessum kostnaði, feingju hin ömtin með því móti kostnað, sem þau hingað til, eptir því sem skylduflutníngum hefir verið skipt, hafa verið laus við, og mundu þau ekki una því vel.

Auk atriða þeirra, sem nefnd eru í frumvarpinu, og sem nú hefir verið umrædt, þótti þínginu einnig, að vissara mundi vera, að gjöra nokkra ákvörðun um það, hvernig reikna skuli ferðakostnað þann, sem hèr ræðir um, og um upphæð borgunarinnar, til þess, að þannig yrði komizt hjá öllum ágreiníngi í þessu tilliti, og tortryggni alþýðu yrði hrundið, um, að embættismenn stundum kynnu að gjöra of háfa ferðareiknínga.

Þá tvo máta, sem hèr er um að velja, til að ákveða borgunina, nefnilega annaðhvort eptir dagleiðum, eða eptir vegaleingd og þíngmannaleiðum, hefir þíngið nákvæmlega íhugað, og varð meiri hluti þíngs á því, að betra mundi að takmarka borgunina eptir þíngmannaleiðum, einkum vegna þess, að reikníngur sá mundi olla minna ágreiníngi um sanngirni ferðakostnaðarins. Og þó því nú sè þannig háttað, að þíngmannaleiðirnar eigi allstaðar sèu jafnlángar, nè vegamörk ætíð svo glögg sem skyldi, svo er þó aðgætanda, að hinar skemmri þíngmannaleiðir optastnær eru verri yfirferðar enn hinar, svo allt jafnar sig upp að mestu, og líka er hin eldri þíngmannaleiða niðurskipan víðast svo alkunnug, að sjaldan getur orðið ágreiníngur um það til muna, enda mun hægt innan skamms að búa til nákvæmari vegamörk enn hingaðtil, þegar uppdrátturinn, sem verið er að búa til yfir landið, er fullgjörður.

Hvað borgunar-upphæðina snertir, áleit þíngið, eptir að í því tilliti hefir verið gjörður svo nákvæmur áætlunarreikníngur sem varð, að sanngjarnt væri, að stiptamtmaður, — þá er

hann ferðast í stiptamtmanns erindi — og biskup, fái hver 4 rbd. 32 sk., amtmaður 3 rbd. 64 sk., landlæknir 3rbd. og héraðslæknir 1 rbd. 64 sk. á þingmannaleið hverja, er þeir fara í alþjóðleg erindi, en að sýslumenn fái borgun eins og hingað til, eptir úrskurði hlutaðeiganda amtmanns, og að sjóferðir jafnan borgist sérhverjum embættismanni eptir réttum reikningi í hvert skipti.

Samkvæmt því, sem að framan er greint, leyfir alþing sér allraþegnsamlegast í einu hljóði að beiðast þess:

> Að hin fyrri grein lagafrumvarps þess, sem hér ræðir um, megi öðlast lagagyldi eins og hún er;

ennfremur: að hinni annari grein frumvarpsins verði breytt þannig:

> „Ef þeir fara úr amtinu og í annað amt, skal jafnaðarsjóður hvers amts útaf fyrir sig bera kostnað þann, sem varið er til ferðarinnar yfir það".

og loksins, með 13 atkvæðum móti 11, að við bætt verði þessari ákvörðun:

> „Að ferðakostnað þann, sem hér ræðir um, skuli gjalda eptir þingmannaleiða tali, þannig: að stiptamtmaður, þá er hann fer í stiptamtmanns erindi, og biskup, fái 4 rbd. 32 sk., amtmaður 3 rbd. 64 sk., landlæknir 3rbd., og héraðslæknir 1rbd. 64 sk. á þingmannaleið hverja, er þeir ferðast í alþjóðlegar erindagjörðir, en að sýslumenn fái sömu borgun og hingaðtil, eptir úrskurði hlutaðeiganda amtmanns; og að sjóferðir jafnan borgist sérhverjum embættismanni eptir réttum reikningi í hvert skipti".

Reykjavík 21. Júlí 1845.

Thorsteinson. Hannes Stephensen.

Því næst var fundi slitið.

22. Júlí — sextándi fundur.

Allir á fundi; þingbók frá fimtánda fundi lesin og samþykkt.

Málefnið um borgun til kjörstjórnarmanna var tekið fyrir til síðustu umræðu, og afhenti Forseti álitsskjal nefndarinnar framsögumanni hennar, umboðsmanni Jóni Guðmundssyni, en hann mælti:

Álitsskjal þetta var lesið hér upp í gær, og vil eg því ekki tefja tímann, hvorki með því, að lesa það upp nú, nè

með því, að hafa upp eður svara þeim athugasemdum, sem þá voru fluttar ígegn því; þær munu vera öllum í fersku minni. Einúngis vil eg leyfa mèr að fara fáeinum orðum um það, er hinn hæstvirti konúngsfulltrúi bar nefndinni á brýn, um, að hún hefði heimfært opið brèf frá 19. Október 1836, 3. gr., uppá annað efni, enn lagastaður þessi höndlaði um, einsog hann útlistaði fullljóslega, eptir vanda. Nefndin vill einganveginn mæla í móti þessu, einúngis vill hún firra sig hirðuleysis grun í þessu efni, að svo miklu leiti sem það er unnt, þegar svo fer, að maður trúir öðrum betur enn sjálfum sèr. Konúngsfulltrúi lèði nefndinni 2 brèf til kansellíisins frá amtsyfirvöldum hèr, er höndla um þetta mál, og er í öðru þeirra tekið þannig til orða:

„Hinsvegar virðist, sem kjörstjórninni eigi einga borgun „að ætla fyrir — o. s. frv.; ekki heldur borgun, hvorki fyrir „flutníng nè fæði á ferðinni til sjálfs kjörþíngsins, ekki „einúngis sakir þess, að hlutaðeigendum í Danmörku er „synjað slíkrar borgunar eptir brèfi frá 19. Októbr. 1836, „3. gr. (sem víst mun þó byggt á almennum grundvallar-„reglum) o. s. frv.“

Eingum í nefndinni, (ekki einusinni þeim eina lögfróða gætna heiðursmanni, sem var í henni, auk heldur hinum fjórum ólögfróðu mönnum, gat komið til hugar, að vefeingja þenna skilníng brèfsins, sem einhver hinn helzti embættismaður landsins hafði ritað kansellíinu; tók nefndin því þýðíngu hans góða og gylda, en las aldrei sjálft brèfið; þaðan kemur nú raung heimfærsla sú, sem konúngsfulltrúi gat um, og hygg eg því nefndinni þetta til nokkurrar vorkunar virðanda.

Einginn ræddi þá framar í þessu máli, og skaut þá FORSETI til atkvæða:

1. hvort allir kjörstjórnarmeðlimir skyldu fá 1 rbd. daglega í fæðispeníngа, ef þeir ferðast leingri veg enn eina mílu, á-meðan þeir leysa af hendi störf þau, er alþíngistilskipanin í 18. og 23. gr. leggur fyrir? — samþykkt af öllum.
2. hvort allir kjörstjórnarinnar meðlimir, að þeim frá skildum, er hafa kosníngarrètt, eigi ekki að hljóta sömu borgun fyrir ferð sína til kjörþíngsins og frá því? — samþykkt með 16 atkvæðum gegn 8.
3. hvort allir kjörstjórnarinnar meðlimir skuli bera úr býtum

1 rbd. daglega, meðan á sjálfu kjörþinginu stendur? — samþykkt með 23 atkvæðum gegn 1.

4. hvort kjörstjórinn megi telja til borgunar fyrir fylgdarmann til kjörþingsins og frá því? — samþykkt með 23 atkvæðum gegn 1.
5. hvort aðstoðarmenn kjörstjórans ættu að hljóta borgun fyrir fylgdarmenn yfir allar torfærur? — samþykkt með 22 atkvæðum gegn 2.
6. hvort kjörstjórnarmenn megi telja til borgunar fyrir ferjuflutninga alla og flutninga yfir sjó? — samþykkt með 17 atkvæðum gegn 7.
7. hvort kjörstjórar skuli skyldir að kjósa aðstoðarmenn sem næst heimili sínu, þó svo, að í fyrirrúmi sè haft það, sem fyrir er lagt í 16. gr. tilskipunar um alþing? — samþykkt með 22 atkvæðum gegn 2.
8. hvort kjörstjórinn í Skaptafellssýslum og aðstoðarmenn hans hvorutveggju eigi ekki að hljóta 1 rbd. í fæðispeninga daglega, auk annars sanngjarns ferðakostnaðar, þá dagana sem gánga til ferðalaga og starfa þeirra, er 35. grein í alþingistilskipuninni leggur fyrir? — Samþykkt með 18 atkvæðum móti 6.
9. hvort kjörstjóranum beri borgun fyrir eptirrit kjörskráinna, eptir aukatekju-reglugjörð 10. Sept. 1830, 7. og 79. grein. — hrundið með 13 atkvæðum móti 11.
10. Eiga allir reikníngar kjörstjórnarmanna að staðfestast af hlutaðeiganda amtmanni, áður upphæð þeirra sè goldin? — samþykkt af öllum.

Því næst tók FORSETI málefnið um friðun æðarfugla o. s. frv. til undirbúnings-ræðu, og afhenti álitsskjal nefndarinnar framsögumanni hennar, jústizíarius ÞÓRÐI SVEINBJÖRNSSYNI; las hann það upp, og er það þannig látanda:

„Til alþingis eru komnar 3 bænarskrár, frá Eyjafjarðar- og Suður- og Norður-Þingeyjar-sýslum, undir hverjar 122 menn hafa ritað nöfn sín, og eru þær þess innihalds: að útvegað verði Allrahæst lagaboð, sem lýsi fullri friðhelgi á æðarfugli allstaðar og kringum allt land, og leggi sektir við, ef hann er af ásettu drepinn. Fjórar bænarskrár eru einnig komnar alþingi til handa frá sömu sýslum, með á rituðum 239 nöfnum, og lúta þær að því, að leyft verði að ósekju að veiða og drepa æðarfugl.

Vèr undirskrifaðir nefndarmenn erum af alþingi kvaddir til að yfirvega þessar bænarskrár, og verður þá álit vort svo látanda:

Vèr finnum orsök til, að geta strax fyrirfram um enar síðarnefndu 4 bænarskrár, að sú frá Suðurþingeyjarsýslu hefir 140 manna nöfn á rituð, en öll með sömu skrifhendi; og að af þeim 63 nöfnum, sem rituð eru á tvær þessar bænarskrár frá Eyjafjarðarsýslu, eru 20 þau sömu og í sömu röð á báðum, og öll rituð með sömu hendi.

Vèr viljum stuttlega drepa á ástæður þær, er hvortveggja flokkurinn hefir fyrir sig að bera: — þeir, sem vilja drepa æðarfuglinn fyrir landi sínu, hvort sem það er eigineign eða leiguland, byggja mest á Jónsbókar IIb. 57. kap., og sömu lögbókar rekab. 2. kap., líka á stiptamtmanns Hoppes auglýsingu, dagsettri 1. Júní 1825, og að lyktum á því, að æðarfugl sè eigi fremur varpeigendanna enn annara, og sè af skaparans hendi öllum jafnt ætlaður til nota; enda hafi varpeigendur ekki sannað eignarrètt sinn til þeirra æðarfugla, er veiddir verða fyrir varplöndum þeirra', nè heldur að veiði sú sè þeim til skaða á varplöndunum. Hitt annað, er þeir telja máli sínu til stoðar, finnst oss minna í varið.

Þeir sem vilja beiðast þess, að æðarfugl ætið og allstaðar sè friðhelgur, vænast þess, að varpplázunum, sem þar og þar eru kríngum allt land, fari þar hnignandi, hvar veiði þessi er farin að tíðkast, og þetta sè því skaðvænna, sem fleiri gefast hentugleikar til að auka vörpin víða hvar, og sá arður sè stærri, sem varplöndin af sèr gefa; að vísu sèu það ekki nema einstakir menn í byggðarlögum, sem varplönd eigi, en bæði geti þeir orðið margfalt fleiri, ef vel sè á haldið, og líka sèu þeir afarmargir kríngum allt land, en margra einstakra gagn styðji líka almenna heill. Í þetta virðist þeim því meir varið, er þeir gizka á, að arður varpplázanna í landinu muni á ári 20,000 rbd. virði, enda sè líka sá vilji konúngsins ber, að vilja friða varplönd og æðarfugl, bæði í löggjöfinni og af þeim verðlaunum, er heitið hefir verið af löggjafanum í úrskurðum 19. Maí 1784 og 22. Júní 1785, fyrir friðun og fjölgun æðarfugls, og sè það gagnstætt þessum löggjafans vilja, að eyða fuglinum sem verður, og það sè að eyða uppsprettunni, hvaðan ávaxtarins er von.

Til upplýsíngar þessu málefni leyfum vèr oss (áður enn vèr birtum huga vorn um, hvers flokksins meiníngu vèr höldum rèttari, og lögum og landsþörfum samkvæmari) að geta þess, að vèr höfum feingið vitneskju um, að árin 1842, 1843 og 1844, eru til verzlunar í Kaupmannahöfn flutt hèðan frá landi 16,000 ℔ æðardúns, og hafa þar verið seld frá 3 rbd. 32 sk. til 5 rbdla; verður það, að meðalprís, tilsamans 66,666 rbd. 64 sk., eða árlega 22,222 rbd. 21 sk., og munu þó Danir, í verzlun sinni við útlenda, hafa feingið fyrir dún þenna talsvert meira.

Til að ætlast á um árlegan arð landsins varppláza, ætlum vèr óhætt að bæta við þessa seinustu upphæð ⅓ hluta af stærð hennar, fyrir egg fuglsins og dún þann, er sumpart er brúkaður innanlands, sumpart sendur erlendis, sem gjafir eða til sölu, af öðrum enn verzlunarmönnum; yrðu það þá, er varpplázin styðja árlega að næríngu landsins, 29,629 rbd. og 60 sk., eða nærfellt 30,000 rbd. (að ótöldum dún þeim öllum, er seldur er Frökkum og fleirum).

Hvað ástæður málspartanna snertir, þá viljum vèr fyrst skoða þær, er fyrr voru taldar, og er þá fyrst að geta þess: að Jónsb. rekab. 2. kap. á hèr einganveginn við, þar sem hann talar einúngis um rekafugl, en ekki um þann, er syndir við land með lifi, og er á einum stað í dag, en á öðrum á morgun. Ekki heldur gjörir stiptamtmanns Hoppes auglýsíng, 1. Júní 1825, hèr neitt að, því hún inniheldur ekki annað enn orð tilskipunar 13. Júní 1787, og úrskurðar konúngs 17. Júlí 1816. Jónsbókar landslb. 57. kap. mætti heldur virðast hníga að máli þeirra, sem vilja drepa æðarfugl fyrir eigin landi, því þar segir í hinni prentuðu Jónsbók: „utan þernur, æðar og andir, skal „eingi maður veiða nær annars landi, enn ij. hundruð faðma „tólfræð sè til eggvers annars manns, og ei skal maður þá „fugla veiða svo mjög í sínu landi, þó að firr sè eggveri hins, „að skynsömum mönnum vj., þeim er næstir búa, þyki þess „von, að eggver spillist af því“. En bæði getur það verið vafasamt, hvort hèr er talað um æðarfugl, því víst er það, að í mörgum góðum skinnbókum Jónsbókar finnst ekki orðið „æðar“, en vèr höfum litlar sögur um stund þá, er forfeður vorir lögðu á þeim tímum á æðarvörp, og líka er ákvörðun þessi úr gyldi felld með seinni löggjöf um æðarvörp, ef rèttilega er hèr þar um talað. Þessi ákvörðun Jónsbókar, sem tekin er úr Grág. Lbrb. 47. kap., er með öðrum orðum komin inn í til-

höfuð, nè heldur verði með góðu samrýmd við þau. Æðarfuglinn er einstök skepnutegund, og arði af honum með allt slag varið á annan veg enn af öðrum skepnum. Eru og dæmi þess, að þegar svo hefir á staðið hefir komið lagaboð sèr, til að friða þær skepnur, t. d. hreindýrin.

Þorsteinn prestur Pálsson kvaðst vera samþykkur því, er framsögumaður hafði mælt í þessu máli, og benti þinginu til þess, hversu mikil hætta væri búin og tjón æðarvarpi öllu, ef þessu færi fram, sem nú væri byrjað, og frestað væri að biðja um nýtt lagaboð því til tálmunar.

Forseti: Eg verð að álíta mál þetta nægilega rædt til undirbúnings, úr því einginn ræðir um það frekar; en það getur ekki stað haft, að málið verði rædt til lykta í dag, einsog hinn mikið heiðraði varaforseti hefir stúngið uppá, þareð slíkt er gegn alþíngis-tilskipunarinnar 70. og 71. grein.

Þvínæst sagði Forseti fundi slitið.

23. Júlí — seytjándi fundur.

Allir á fundi. Þíngbókin frá sextánda fundi lesin og samþykkt.

Kandidat Jón Sigurðsson: Eg vildi leyfa mèr að mælast til, að enn háttvirti forseti vildi gjöra svo vel að leita atkvæða þíngmanna um, hvort þeir vildu ekki æskja að þíngtíminn yrði leingdur nokkuð, ef kostur væri, og ef það verður ósk þeirra, að hann vildi þá bera þessa ósk þíngsins upp við hinn háttvirta konúngsfulltrúa, og útvega til þess samþykki hans. Mèr virðist, eptir því sem eg kemst næst um gáng málanna, að ef þíngið yrði leingt til 9. Augúst, mundi flestum eða öllum málum verða aflokið, sem áflokið verður á þessu þíngi.

Forseti: Eg hafða í hyggja að fara því, er hinn virðulegi þíngmaður stíngur uppá, fram við konúngsfulltrúann á morgun, og skal eg ekki leggja þá sök undir höfuð mèr.

Þá var tekið fram málið um fjárforráð ómyndugra til seinustu umræðu, og tók framsögumaður, jústizíarius Þórður Sveinbjörnsson, þá þannig til orða:

Eg ætla eg hafi eingu við það að bæta, sem áður er til greint í þessu máli af nefndarinnar hálfu, en vilji einhverjir þíngmanna vekja máls á einhverjum atriðum málsins, skal eg leitast við að andsvara honum.

skurðurinn bannið, sem lagt var við æðarfugls-drápi, og þó að ítrekun þessi sè gjörð með rýmri orðatiltækjum heldur enn þeim, sem við eru höfð í tilsk. 13. Júní 1787, sem úrskurðurinn vitnar til, svo ákveður úrskurðurinn þó ekki nokkra hegníngu fyrir aðrar gjörðir, enn eins og „þarum er ákveðið í tilskipuninni“, og úrskurðurinn virðist þessvegna ekki hafa þann tilgáng, að fara neitt út fyrir það, sem þau lög sögðu, er þá gyltu.

Spurníngin verður þá þessi, hvort nú sem stendur eigi að biðja um frekari ákvarðanir um að friða æðarfugl. Það er, af því sem eg eittsinn áður hefi sagt, alþíngi kunnugt, að stjórnin er ekki ófús á að gjöra slíka ákvörðun, og að bæði skjöl þau, sem þar að lúta, og þau, sem snerta ný almenn lög um veiðar, hafa verið seld mèr í hendur, til þess að fá þau nefnd þeirri, sem sagt hefir verið að kvödd yrði nú í sumar. Það er því orðið efamál, hvort stjórnin vill, fyrst svo er ástatt, semja ný lög um friðhelgi æðarfugls, fyrr enn nefndin er búin að segja álit sitt um það málefni allt saman, og mætti jafnvel búast við, að slík lög, um eina einstaka grein, yrðu síður fullkomin, síður í sambandi við hina þættina, heldur enn ef það kæmi allt út í einu. Svo er og það aðgætanda, að til alþíngis eru komnar bænarskrár um þetta málefni, bæði um það, að friða æðarfugl, og um hitt, að veiða hann; mætti nú slíkt, ef til vildi, vekja nokkrar efasemdir hjá stjórninni, hvernig bezt væri að ráða málinu til lykta.

Fyrir þá sök vil eg skjóta því til þíngmanna, hvort gyldar ástæður sèu til þess, eptir það sem nú hefir verið sagt, að senda bænarskrá til konúngs um mál þetta.

Framsögumaður: Nefndin hefir ekki útlagt konúngsbrèf frá 21. Júlí 1808, heldur að eins bent til, að það sè sjálfs löggjafans áreiðanleg útleggíng tilsk. frá 13. Júní 1787. En hitt vildi nefndin yrði ljóst, að hin mesta rèttaróvissa er hèr í þessu efni, er sumir beiðast þess, að æðarfugl sè friðaður, enn sumir, að hann megi drepa.

Einga hættu sè eg búna, þó bænarskrá fari strax til konúngs um nýja löggjöf í þessu máli; komi hún, er það áreiðanleg leiðbeiníng nefndinni, er út nefna skal, en komi hún ekki, þá stendur allt sem komið er, að svo stöddu.

Eg verð líka að álíta þessa grein veiðilaganna svo sèrstaks eðlis, að hún hvorki komi við beinlínis veiðilögum yfir-

Stephán hreppstjóri Jónsson: Mèr er allt vel kunnugt um málefni þetta, þar sem eg bý svo að segja á næsta bæ við Skipalón. Víst ber þó spítalahluturinn þess vott, að veiðin fer ekki fram leynilega.

Framsögumaður: Hospítalshluturinn hefir þó ekki verið goldinn fyrr, enn búið var að veiða, og því gat hann í eingan máta helgað veiðina.

Stephán hreppstjóri Jónsson: Optar hefir verið veiddur fuglinn enn í eitt skipti; opinberlega goldinn spítalahlutur af fyrri veiðinni virðist mèr sem helgi hina síðari.

Framsögumaður: Þar nú enginn ræðir gegn álitsskjali nefndarinnar, nema það sem þingmaðurinn úr Eyjafjarðarsýslu hefir mælt — og virðist mèr það fremur til upplýsingar enn mótsagnar málinu — verð eg að leyfa mèr að spyrja hinn mikilsvirða forseta að því, hvort ekki megi ræða mál þetta til lykta strax í dag.

Forseti: Eg verð að álíta hina mestu nauðsyn á, að friða æðarfugl, þareð hann er mikill bjargræðisstofn víða um allt land; eg verð því líka að álíta það nauðsynlegt, að skýlaust lagaboð fáist sem fyrst, svo þessu verði framgeingt, og ekki sè því frestanda þartil nefnd sú, er útnefna skal til að endurskoða Jónsbók, og segja álit sitt um landbúnað og veiðilög yfirhöfuð, hefir lokið þessum störfum, þareð þess mun verða leingra að bíða enn þessu máli hentar.

Konúngsfulltrúi: Eg fæ ekki sèð, að þingið geti nú skorið úr öðru enn því, hvort það sè ráð eða ekki að beiðast nýrra laga hjá konúngi um þetta efni, og í því tilliti er það síður umvarðanda, hvernig menn hafa skilið konúngs úrskurð frá 21. Júlí 1808; því það er óyggjandi atburður, bæði það, að landsyfirrèttinum hefir þótt úrskurður þessi eingu breyta í hinum lögunum, og hitt, að kansellíinu þótti eingin nauðsyn til bera að skjóta þeim dómi landsyfirrèttarins til hæstarèttar. Ætti eg annars nokkuð um það að segja, þá yrði það á þá leið, að yfirrèttardómurinn væri á nægum rökum byggður. Úrskurðurinn frá 1808 miðaði ogsvo, auk annars, til þess, að hvetja landsmenn til að leita sèr þeirra ávaxta til lífsuppheldis, sem landið beri sjálft, og skorar á menn, að þeir meðal annars stundi veiðiskap; en fyrir þá sök, að menn óttuðust, að þetta yrði þannig misskilið, að menn eyddu einhverjum þeim bezta bjargræðisvegi landsins, æðarvarpinu, svo í t r e k a ð i úr-

þeirri á konúngs-úrskurðinum frá 1808, sem hún segir að landsyfirrèttrinn hafi við haft í æðarfugladráps-máli því, sem um er rædt. Konúngs úrskurður þessi gefur sjálfur eingar nýjar lagareglur um æðarfugls friðun, og var það heldur eingánveginn tilgángur hans; hann skýrskotar beinlínis til tilskipunar frá 13. Júní 1787, sem lagaboðs þess, er í því efni eigi að fara eptir, og þó að í honum standi orðið „nokkurstaðar“ (*nogensteds*), hlýtur hann þó að skiljast samkvæmt nýnefndri löggjöf, á meðan hún er óupphafin og óumbreytt. Það var þessi þýðing, sem landsyfirrèttrinn gaf, og að nokkru leiti byggði dóm sinn á, og það er þessi þýðing, sem sjálft lögstjórnarráðið líka hefir aðhyllzt. Að öðru leiti er eg eigi að síður enn á því, að löggjöf sú, sem vèr nú höfum um friðun æðarfugla, sè ónóg, og að vèr þurfum nýrrar við.

Framsögumaður: Það er þó mikið tímabil frá 1787 til 1808; eru því miklar ástæður því til stuðnings, að úrskurðinn, er síðar er útgefinn, eigi gyldari að meta.

Stephán hreppstjóri Jónsson: Ekki mun sem rèttast að geta til, að helmíngi fleiri æðarfuglar hafi verið drepnir í vor, enn 1500; til veiðar þessarar hefir verið sagt opinberlega á þíngi, til að gjalda af henni hlut til spítalans; virðist mèr það bæði gjöra veiðina löglega að nokkru leiti, og líka færa sönnur á, að ekki muni stórvægilega, eður eins mikið og nú var til getið, vera undan dregið, heldur enn þegar menn telja fram fènað á þíngum til tíundar. Ekki veit eg til, að til þess hafi verið stuðlað, að útbreiða veiði þessa, úr Þíngeyjar sýslu, eður kenna aðferð við hana, heldur að menn að eins hafi gefið Eyfirðíngum í skyn, að hún mundi vera leyfileg, eptir því sem nú væri komið málum.

Framsögumaður: Eg hefi feingið brèf frá umboðsmanni Þorsteini Daníelssyni á Skipalóni, sem eg ætla að sè sýslubúi hins heiðraða alþíngismanns úr Eyjafjarðar sýslu; brèf þetta hefi eg nú lagt við skjöl málsins, og er í því getið til, að eigi muni hafa verið færri æðarfuglar drepnir í vor enn 3000. En hvorki hefi eg sagt neitt með vissu um töluna nè aðferðina við drápið, heldur farið að sögusögn þeirra, sem kunnugir eru, og máske sumra hèr á þíngi. Ekki get eg sèð, að æðarfugladráp þetta verði að löglegra fyrir spítalahlutinn. Hinn virðulegi þíngmaður úr Eyjafjarðar sýslu mun samt kannast við, að Þíngeyjarsýslu-menn hafi þó studt að því með ráðum sínum, að æðarfugladrápið breiddist út.

2. að sektir fyrir afbrot gegn þessu banni eigi að vera eptir tilskipun 13. Júní 1787, 3. kap. 7. gr., og konúngs úrskurði 17. Júlí 1816; en að bætur fyrir drepinn æðarfugl falli í hlutaðeigandi sveitar sjóð.
3. að sókn um afbrigði þessa máls fari eptir opnu brèfi 1. Marts 1843.

Að láta slíkt lagabann, sem hèr er á vikið, bíða eptir aðgjörðum nefndar þeirrar, er ætluð er til að gagnskoða veiðilög landsins, virðist oss ógjöranda, því líkindi eru til, að nefndarinnar frumvörp nái eigi lagastaðfestu á mörgum árum; og vèr höldum líka, að nefnd þessi mundi gjarnan óska, að finna þetta veiðilaganna atriði fyrirfram einskorðað, og það á þann hátt, sem nú var sagt".

Framsögumaður: Eg hefi fáu að bæta við álitsskjal þetta. Þar sem tilskipan 13. Júní 1787 og konúngs úrskurður frá 1816 leggja það fyrir: sú fyrri löggjöfin, að $\frac{1}{3}$ tilfalli sögumanni og $\frac{2}{3}$ fátækum, en síðari, að $\frac{2}{3}$ hljóti sögumaður og $\frac{1}{3}$ fátækir, af sektum þeim, er lagðar eru við æðarfugla dráp; þar vildi nefndin að útaf væri breytt, og ekki leggja það til, að lögin ákveði neinum manni borgun fyrir frèttaburð um náúnga sinn; heldur að fátækir hlytu það allt, eptir síðari laga reglum. Í áliti nefndarinnar frá 1808 — og voru í þeirri nefnd tveir menn úr kansellíinu og tveir úr rentukammerinu — er tekið til orða sem hermir í álitsskjali nefndarinnar, og sömu orðum fer kansellíið um þetta efni í álitsskjali sínu til konúngs.

Af bænarskránum má sjá, að á 30 bæjum, sem aldrei var drepinn á æðarfugl áður, hafa á næstliðnu vori verið drepnir 1500 æðarfuglar, og hefir verið goldinn af þeirri veiði hlutur til spítalans; en sögusögn kunnugra manna hefi eg fyrir því, að á tèðum bæjum muni hafa verið veidt í vor allt að helmíngi meira, eður 3000; að sögn hafa komið útsendarar úr Þíngeyjarsýslu, til að kenna aðferðina við drápið. Fyrst þetta fer nú svo opinberlega fram — og á því hefir þó aldrei borið fyrr enn nú, síðan dómur landsyfirrèttarins fèll í æðarfuglamálinu í fyrra, þó æðarfugl kunni að hafa verið drepinn leynilega áður— þá er ekki annað sýnna, enn að veiði þessi breiðist smámsaman út um allt land, og að æðarfugl allur eyðileggist með tímanum.

Assessor Johnsen: Eg læt mèr nægja, að eins að geta þess, að nefndin hefir ekki skýrt sem rèttast frá þýðíngu

hvort hann sè einnig auglýstur í Eyjafjarðarsýslu, hvert æðarfugladrápið hefir flutzt frá Þingeyjarsýslu, látum vèr ósagt; þó eru öll líkindi til, að þegar úrskurðurinn er löglega birtur í einni sýslu, muni hann líka birtur í hinum öðrum sýslum sama amts. Um úrskurðinn frá 17. Júlí 1816 þarf hèr ekki að ræða, þareð hann, hvað málefnið snertir, ekki viðkemur öðru enn skotum á varpplázunum, eða í nánd við þau, en kemur ekkert við almennan veiðirètt á æðarfugli, eða fulla friðun hans. Opið brèf 1. Marts 1843 heldur sig, einsog það nú er orðið, til úrskurðarins frá 1816, og það ekki hvað rèttindin sjálf, heldur hvað rèttargángsmátann um þau snertir.

Þegar nú svo er ástatt, sem að framan er á vikið, að varplöndin eru landsins arðsamasta eign, (þeirrar arðsemi mun einnig gætt verða, þegar landsins almennu byrðum verður jafnað niður), en oss virðist auðsætt, að almennt dráp á æðarfugli leiði til eyðileggíngar varpplázanna, því þar er æðarfuglinn upp klakinn; og þegar varpplázin eru eyðilögð, eyðileggst líka þessi nytsama fuglategund hèr við land, þess heldur, sem hún er spakari að náttúru; svo virðist oss einginn efi á, að meiníng þeirra, sem æðarfuglinn vilja drepa á eigin lóð, hverfi að eyðileggíng á einum þeim helzta bjargarstofni landsins.

Þó nú æðarfugla drápið ennþá ekki sè víðar opinberlega tíðkað enn í Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslum, má það sjá á allri þeirri frekju, er þar er við höfð, að það bráðum breiðist út til allra landsins hèraða, hvar til er því meiri hvöt, sem landsins yfirdómstóll hefir, þó að vorri meiníng ekki rèttilega, þannig útlagt þá um þetta efni gyldandi löggjöf, sem drápið geti skeð í lagaleyfi á eigin lóð.

Þareð enn fremur — eptir því sem nú er á vikið — efi er á löggjafarinnar rètta skilníngi í þessu efni, en þótt hennar aðaltilgángur, að öllu leiti að friða æðarfuglinn allstaðar hèr við land, sè augljós; en mikið er í húfi ef sá efi leingur viðheldst, því óreglu er eigi svo hægt að útrýma í hasti, sem að koma henni á; — svo virðist oss bráð nauðsyn bera til, að alþíngið allraþegnsamlegast biðji konúng vorn sem fyrst að gefa landinu nýja löggjöf, er ákveði:

1. að einginn á Íslandi megi af ásettu drepa nokkurn æðarfugl nokkurstaðar á sjó eða landi, hvorki á eigin lóð nè annarlegri, hvorki með skotum, netum, hundum, nè á nokkurn annan hátt.

flestir af þeim vera eggversfuglar einhverstaðar að, en sem færu þá fyrst að leita sèr samastaðar til að hreiðra sig, þegar náttúran kallar, en vegalengd er fljúganda fuglinum lítil fyrirstaða.

Þetta virðist oss nú sè mikill brestur í tilskipuninni 1787, en vèr höldum, að löggjafinn hafi bætt þennan brest að fullu með úrskurði 21. Júlí 1808, sem líka ber með sèr hans eigin þýðingu á tilskipun 1787; þar kveður svo að orði í greininni 3. g. *„For at forebygge muelig Misforstaaelse, i Anled-"ning af den almindelige Opmuntring af Fuglefangst, bliver "Almuen tillige at indskjærpe, at Ederfuglen ikke er deri ind-"begreben, men at de, som nogensteds dræbe eller fange denne "nyttige Fugl, hvis Fredning er befalet ved For. 13. Juni 1787, "maa vente at blive anseete med den Straf, som herfor i bemeld-"te Forordning er fastsat"*.

Ekkert getur nú, að því er oss sýnist, verið greinilegra og betra fyrir meiningu varpeigandanna enn þessi grein, og er það merkilegt, að þeir 4 menn, tveir frá kansellíi og tveir frá rentukammeri, sem með erindisbrèfi 16. Júní 1808 voru af konúngi skipaðir í nefnd (*Bülow, Fridsch, H. Jensen, Lassen*), til að yfirvega ýmisleg Ísland snertandi málefni, einmitt við hafa, í álitsskjali sínu 12. Júlí 1808, þau en sömu orð, eins líka kansellíið í álitsskjali 14. s. m., og eru orðin þannig komin inn í úrskurðinn, en hann sendur með rentukammersbrèfi 30. Júlí 1808 stiptamtmanni, greifa Trampe, *"til derefter at föje de kraftigste "Foranstaltninger til sammes Efterlevelse"*. Einnig þessi allrahæsti úrskurður frá 1808 er gjörður vafasamur á seinni árum, einkum með þeim landsyfirrèttar dómi, sem á er minnzt í bænarskrá æðarfuglsvina frá Norðurþíngeyjarsýslu, og er það rèttarbót þessari fundið til, að hún, sem úrskurður einn, geti eigi hrundið almennu lagaboði, og að hún líka blandi svo mörgum og ólíkum málefnum saman; en hvað sem um þetta er, fáum vèr eigi betur sèð, enn að löggjafans vilji eigi, hvernig sem hann birtist, að vera undirsátunum regla, einkum þegar hann, einsog hèr er ástatt, er í svo nákvæmu sambandi við það annað, er löggjafinn hefir gjört í sama augnamiði. Að úrskurður þessi, hvað æðarfuglinn snertir, sè löglega auglýstur þar, sem æðarfugls drápið byrjaði fyrst (í Þíngeyjarsýslu) er sannað með því, sem fram er komið í málinu, í hverju áður áminnstur landsyfirrèttar dómur er geinginn; en

skipun 13. Júní 1787, 3. kap. 7. gr., sem síðar verður talað um, er leggur að sönnu bann fyrir dráp á æðarfugli, en bætir þó við úr Jónsbók: „*med mindre, det skeer paa egen Grund og saaledes, at ingen Naboe derved kan lide Skade.*“ Auðsèð er samt, að Jónsbók, á áðurnefndum stað, vill vernda eggverin, en hún lætur það óákveðið, hvað langt frá eggverinu friðhelgi varpfugls eigi að ná, ef það 6 manna álit fáist, að veiði fuglsins sè eggverinu til skaða. Þesskonar álitsgjörðir voru á þeim tímum algeingar, og voru leifar kviða þeirra, sem Grágás hafði sem sönnunarmeðal, en hvorki kviðirnir nè 6 manna álit heyrir vorra tíma rèttargángi til. Hinar aðrar ástæður þessa flokks er nú minna í varið, og virðast hníga að því, er báðir geta jafnt borið fyrir sig; og verða þó þessar almennu ástæður þeim mun sterkari á síðu varpeigendanna, sem það er ljósara, að allur æðarfugl er fæddur og alinn á varplöndunum. Oss finnst þannig lítið vera varið í ástæður þessa flokksins, og verður það þó enn auðsèðara af því, er strax skal getið verða um löggjöf enna seinni tíma.

Það má kalla næsta undarlegt, að löggjafinn, sem 23. Júní 1784 lagði blátt bann á allt æðarfugla dráp í Færeyjum, og sem með úrskurðum, 19. Maí sama ár og 22. Júní árið eptir, bauð fram hèr í landi ærna peninga, æðarvörpum til aukningar og friðunar, og fyrir það, að koma þar á varpi, er ekki var áður, skuli með tilskipun 13. Júní 1787, 3. kap. 7. gr., hafa viljað gjöra þenna sinn landsföðurlega ásetníng að eingu, með því, að leyfa hverjum að drepa æðarfugl niður á sinni lóð, kríngum allt land, ef það skeði ekki á sjálfum þá brúkuðum varpplázum, enda þó það skeði við eigin hólma eða eyjar, hvar varp var vel mögulegt, en þó ekki á komið; þetta er ekki trúlegt, en að þessu hnígur þó seinni tíma útlegging á tilskipuninni 1787, og að vísu ekki án orsaka, því sú eina viðbótin: „*med mindre*“ o. s. frv. gjörir öll þau undangángandi bönn og sektir að eingu. Það liggur bersýnilega í hlutarins eðli, að þó varpeigendur sæju eggver sín árlega þverra, með sömu umhirðíngu sem áður (sem þeir kvarta um), geta þeir þó ekki sannað, í laga skilníngi, að það orsakist af æðarfugladrápi, sem fram hefir farið í fleiri mílna fjarska frá eggveri þeirra (og þó væri það líklegast að svo væri), því eingum er unnt að vita um ferð fugla í lopti og á sjó, og sennilegt er, að ef mörg hundruð þúsunda væru drepin kríngum allt land af æðarfugli, þá mættu

Ásgeir bóndi Einarsson: Þegar mál þetta var rædt í fyrra sinn, gat eg ekki annað enn fallizt á meiníngu hins háttvirta konúngsfulltrúa, hvað viðvíkur liðnum *a.* í 7. grein frumvarpsins, þó eg vildi þá ekki láta mína meiníngu í ljósi, þar einginn þíngmanna gjörði það, er eg treysti til að hafa betur vit á þessu; en síðan eg er þess áskynja orðinn, að nokkrir muni á minni meiníngu í þessu, vil eg geta þess, áður enn atkvæði eru greidd, að mèr þykir ískyggilegt, að yfirfjárráðamaður skuli eiga vald á, að seldur sè jarðarpartur ens ómyndnga, því þó hann sè ábyrgðarmaður fjárhaldsins, mun hann að lokum geta forsvarað gjörðir sínar, þó hinn ómyndugi hafi haft halla af sölunni. Eg get ekki fallizt á uppástúngu hins háttvirta forseta um það, að einskorða jarðarparta þá við hundraðatal, er leita skal amtmanns úrskurðar um að selja. Það er alkunnugt, að 2 — 3 hundruð í eyjajörðum eru opt eins góð eða betri eign enn 9 — 10 hundruð í lèlegum landjörðum.

Kandidat Jón Sigurdsson: Eitt atriði get eg ekki verið enni virðulegu nefnd samdóma um, og það er breytíngaratkvæði hennar við 4. grein. Mèr virðist nefndin hafa þar gefið fjárhaldsmanni og yfirfjárráðanda of mikil ráð í hendur, og óttast eg, að það mætti verða gózi hins ómynduga til tjóns, þvert á móti tilætlun lagaboðsins, sem vill, að eigum ómyndugra verði haldið sem bezt saman. Nefndin hefir einnig, sýnist mèr, farið of lángt í því, að hún hefir gjört einúngis við einu tilfelli, sem er óheppilegast fyrir hinn ómynduga: að hann sè barnómagi og óskyldum manni á hendi, en ekki litið á hin tilfellin, sem eru hinum ómynduga framar í vil. Eg verð þessvegna að greiða atkvæði mitt móti þessari breytíngu, og með frumvarpinu, þó það sè nokkuð flóknara, því mèr hefði fallið enn betur, ef greinirnar hefði verið nokkuð öðruvísi klofnar, helzt svo, að liðirnir hefði verið tveir og klofið um 10 hundruð.

Framsögumadur: Eg ætla, að nefndin hafi rètt fyrir sèr í því, að allt þetta sè bezt falið umsjá og ráðdeild fjárráðanda og yfirfjárráðamanns. Það er ekki þörf á því, að tiltaka, að hinn ómyndugi sè á barnsaldri, það getur eins atvikast svo, að hlutaðeigandi sè t. a. m. fullorðinn kvennmaður, sem á einhvern hátt sè orðin ómagi, svosem vegna holdsveiki. Að öðru leiti getur mèr ekki skilizt, að sá ávöxtur eignarinnar, sem hèr ræðir um, geti verið nægilegur forði, en geti eg feingið

skiljanlegan reikníng fyrir því gagnstæða, skal eg ekki halda fram meiníngu nefndarinnar í þessu efni.

Assessor Johnsen: Eg hefi áskilið mèr breytíngaratkvæði við byrjun 10. greinar, á þá leið, að ákvörðunin um, að bjóða skuli upp veðeignina án dóms og laga, falli burt, bæði vegna þess, að eg held, að einginn girnist að taka fè ómyndugra að láni með þessum hætti, eða að eiga það á hættu, að hann verði sviptur eign sinni þegar minnst vonum varir, og líka vegna þess, að það, sem frumvarpið vill umflýja, að ekki ofmikið berist að jarðabókarsjóðinum af leigupeníngum ómyndugra, einmitt með þessum hætti helzt muni koma fram; að öðru leiti verður að víkja nokkuð fleiri orðum við í upphafi greinarinnar, frá orðunum: „og má þá," til orðanna: „birta uppboðið", á þá leið, er eg hefi gjört uppskátt fyrir hinum háttvirta forseta skriflega, til þess, að breytíngaratkvæðið geti átt við hið annað innihald greinarinnar, um, hversu birta skal uppboðið og haga sölunni, sem greinin þó að eins ræðir um að því leiti veðeignin verður seld án dóms og laga, útaf því, að lögleiga eigi er greidd í tækan tíma; en eg ætlast til, að veðeign ætíð eigi að selja við almennt uppboð, þegar selja skal til lúkníngar veðskuldinni, þó það eigi sè gjört án dóms og laga, en það er hinsvegar öllum auðsèð, að breytíngaratkvæðið í sjálfu sèr er hið sama og eg áskilda mèr, og að eg að eins nú hefi tekið það greinilegar fram, hversu orðaskipun yrði að breyta eptir því; enda er það sjálfsagt, að eigi verður selt án dóms og laga, þegar það eigi með berum orðum er tekið fram í greininni.

Framsögumaður: Eg er samþykkur því, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hefir áður sagt, að það er bezt fyrir báða, bæði fjárhaldsmann og skuldunaut, að ætíð sè selt án málssóknar, og því er það, að nefndin, við nákvæmari hugleiðíngu, lèt þetta óálhrært í frumvarpinu. Fyrir fjárhaldsmanninn, sem við það verður óhultur fyrir, að hann ekki þarf að rata í málasóknir, þó hann láni eigur hins ómynduga til einstaks manns, gæti hann ekki verið óhultur fyrir þessu, mundi hann án efa heldur ráða af, að setja eigur ens ómynduga á rentu í jarðabókar-sjóðinn, en ekki ætti að stuðla til að það yrði, meðan annars er kostur; eins er fyrir skuldunaut: væri eigi þessi ákvörðun í frumvarpinu, yrði hann nauðugur viljugur að leggja

sig undir málsókn, hverrar auðsjáanlegu endalok væru, að hann yrði að líða að málskostnaðurinn bættist á hann.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Mèr finnst þó næsta aðgæzluvert, að samsinna breytíngaratkvæði þessu, þó það hafi þann tilgáng, sem að öðru leiti er mikils umvert, að bændur fái að láni ómyndugra fè með sem minnstum afarkostum; og til þess er líka víða bent í frumvarpinu, að fremur skuli reyna að koma því fè á ávöxtu hjá bændum enn í jarðabókarsjóðinn. En vèr verðum vandlega að gá að aðaltilgángi frumvarpsins, og varast að samsinna nokkru því, sem honum má verða til hnekkis; og því meiri nauðsyn ber til þess, að styðja að honum, sem fjárforráð ómyndugra hafa til þessa verið við eingar reglur bundin, og farið mjög aflaga í landinu. En aðaltilgángur frumvarpsins er sá, að sjá sem bezt borgið fè ómyndugra um allt land, og — til þess því verði framgeingt — að þeim sèu settir sem öflugastir og áreiðanlegastir fjárgæzlumenn; en það er í augum uppi, að fremur má bera útaf hvorutveggja, ef svo er breytt 10. grein, sem hinn virðulegi alþíngismaður Árnessýslu hefir stúngið uppá; af því getur leidt það, að hinn ómyndugi bendlist í flóknar málsóknir, er af getur leidt margbreytt óhagræði og fjártjón, og einkum hitt, að miklu torsóttara verður að vinna dugandis menn til að takast á hendur fjárforráðin, þegar það fylgir með, að þeir verði, ef til vill, að gefa sig við flóknum, vandasömum og kostnaðarsömum málsóknum. Vil eg biðja hina heiðruðu þíngmenn, að þeir gefi þessu vandlega gaum, og því hika eg ekki við, að mæla fastlega í móti breytíngaratkvæðinu.

Prófastur H. G. Thordarsen. Eg verð að vera hinum heiðraða þíngmanni Skaptfellínga samdóma í því, er hann nú mælti.

Konúngsfulltrúi: Að svo miklu leiti, sem yms smá-atriði þessa máls snertir, ætla eg að láta mèr nægja að skýrskota til þess, er eg sagða, þá er mál þetta var rædt hið fyrra sinni, og það því fremur, sem þíngmenn þeir, er talað hafa í dag, hafa hreift við sumum af þeim helztu af þessum atriðum, og verið að nokkru leiti mèr samdóma um það, er eg hafði sagt.

En það eru tvö aðalatriði, sem eru mikils umvarðandi þegar um þetta mál er að ræða; á þau vilda eg minnast lítið eitt, áður enn geingið er til atkvæða. Hið fyrra atriðið er um það, hversu mikið erfðafè fjárhaldsmaður megi hafa til umráða, án

þess að gjöra grein fyrir því á ári hverju. Því verður eigi neitað, að óbrotnari yrði tilskipanin og hægra að skilja hana og breyta eptir, ef farið væri eptir uppástúngu nefndarinnar, og einúngis ein takmörk sett millum þess erfðafjár, er fjárhaldsmaður mætti hafa til umráða, án þess að semja reikníng um það á ári hverju, og einúngis fara eptir samníngi við yfirfjárráðanda um það, hvort eyða mætti fénu eður ekki, og þess erfðafjár, er jafnan skyldi varðveitast óskert og saminn skyldi um reikníngur á ári hverju. En þar sem nefndin hefir sett þessi takmörk við 20 hundr., þá hefir hún þó fremur litið of mikið á hægð fjárhaldsmanna í störfum þeirra, en of lítið á hag hinna ómyndugu; því eflaust er það, að verði þessi takmörk sett, þá lendir mestur hluti af erfðafé ómyndugra í þeim flokknum, sem eingar ársskýrslur þarf um að semja, og er sú aðferðin miklu tvísýnni fyrir þá ómyndugu. Hvað þetta snertir, þá er eg á því, að það muni réttast, sem hinn virðulegi þíngmaður úr Ísafjarðarsýslu stakk uppá, en það var, að setja takmörkin við 10 hundruð, og vilda eg mælast til, að þíngmenn létu í ljósi álit sitt um þetta atriði, þareð stjórnin mun að líkindum hafa tillit til þess.

Hið síðara atriði, er eg vildi minnast á, snerti tilsjón þá, er lagafrumvarpið hefir ætlazt til að amtmenn skyldu hafa með yfirfjárráðendum, en sem að mestu leiti mundi verða að eingu, ef fallizt yrði á uppástúngu þá, er nefndin hefir gjört, um það, að gjöra auðveldari umsýslu alla við fjárforráðin. Að sönnu mætti það svo virðast, sem lagafrumvarpið hefði í sumum greinum gjört fjárhaldsmönnum og öðrum, sem hlut eiga að máli, nokkuð erfitt að hafa fjárforráð ómyndugra á hendi, en þó ekki fremur enn nauðsynlegt er, ef nægan vörð skyldi á hafa. En við því er að búast, og vonanda er það, að alþýða manna hér á landi muni smámsaman venjast við að taka þátt í þeim störfum, sem snerta annað og meira enn daglega atvinnu, og þá mun auðveldara verða að breyta eptir þeim reglum, sem eru í lagafrumvarpi þessu. Þareð það má eigi svo til gánga, að slíkum lögum sé þráfaldlega breytt, þá er það eflaust bezt, að tilskipanin bendi mönnum þegar á þá leið, sem réttust mun verða þegar fram líða stundir.

Framsögumaður: Sá hæstvirti konúngsfulltrúi virðist mér að játi, að flokkaskipun nefndarinnar í 4. gr. gjöri allt óbrotnara og fækki reikníngum fyrir ómyndugra fjárhaldi, en hann

óttast fyrir, að með því sè fjárhaldsmanni og yfirfjárráðendum feingið of mikið vald yfir eigum ómyndugra í flestum tilfellum, því sjaldnar muni þær ná 20 hndr. hèr á landi; en eg get eigi sèð, að við þetta sè neitt tjón að óttast, því þó reikningskapur ætti aldrei svo opt að gjörast, eiga þeir þó allir að gagnskoðast og úrskurðast af yfirfjárráðanda, og gæti hann þarmeð eins vel unnið þeim ómynduga ógagn, sem með samníngum við fjárhaldsmenn. Það sem sá hæstvirti konúngsfulltrúi mælti, að bændur vorir muni bráðum verða færari enn nú, til að gjöra glöggva reikninga yfir fjárhöld, sem þeim væri trúað fyrir, þareð þeir eptirleiðis færu að taka meiri þátt enn áður í því, sem hnígur að opinberum störfum, þá verð eg að geta þess, að lög eru gefin með stöðugri hliðsjón til þess sem er, en síður til þess, sem verða mun á óvissri framtíð, og sè löggjöfin of brotin fyrir þá tíma, á hverjum hún er gefin, leiðir beinlínis þar af, að hún um leingri eða skemmri tíma verður ekki notuð, missir krapt sinn og verkun, og er þá máske gleymd þegar á henni þarf að halda, eða hún er orðin hentug tímanum.

Stephán hreppstjóri Jónsson: Mèr virðist ekki verða farið eptir þeirri í frumvarpinu tilteknu föstu flokkaskipun, en ætla öllu hèr að lútandi bezt hagað eptir kríngumstæðunum, og samkomulagi milli hlutaðeiganda fjárhaldsmanns og yfirfjárráðanda.

Framsögumaður: Eg get ekki fallizt á þetta, nè heldur á það, er hinn heiðraði þíngmaður Ísafjarðarsýslu fór fram á; hvorttveggja er að álíta sem breytíngaratkvæði, en þau koma nú um seinan.

Konúngsfulltrúi: Eg fæ þó ekki sèð, að nauðsyn hafi borið til, eins og nú er ástatt, að áskilja sèr breytíngaratkvæði, til þess atkvæði yrðu gefin um það, hvort setja skyldi takmörkin við 10 hundr., eins og þíngmaðurinn úr Ísafjarðarsýslu stakk uppá; því þetta takmark er einmitt hið sama, sem það yzta, er lagafrumvarpið hefir til greint, og atkvæðin yrðu þá gefin um þessa upphæð að nokkru leiti samkvæmt lagafrumvarpinu, og að nokkru leiti samkvæmt uppástúngu nefndarinnar, að hinum smærri flokkaskipunum yrði sleppt.

Forseti: Þar einginn fremur ræðir þetta mál, hlýt eg að álíta að nú sè útrædt um það. En jafnframt get eg þess, að eg, sjóndepru vegna, ekki treysti mèr til að stýra atkvæða-

greiðslu í svo umfángsmiklu máli, og verð eg því að fela það á hendur hinum heiðraða varaforseta; en eg vík sjálfur frá þínginu á meðan atkvæði eru greidd af þingmönnum.

Þegar forseti þvínæst var geinginn burtu, settist VARAFORSETI í sæti hans; var þá geingið til atkvæða í málinu, og skoraði varaforseti á þingmenn að gefa atkvæði sín um:

3. grein: hvort þessi grein frumvarpsins, sem ætlast til, að arfur ekki flytjist umdæma ámillum nema með vitorði og eptir ráðstöfun hlutaðeigandi háyfirvalda, eigi að takast framyfir nefndarinnar uppástúngu, að arfinn megi flytja eptir ráðstöfunum yfirfjárráðenda innbyrðis? — það síðara samþykkt með 22 atkvæðum móti 1.
4. grein: hvort gylda eigi það, er frumvarpið ákveður um flokkaskipun á örfum ómyndugra, með þeim hætti, er þar segir fyrir, í 3 flokka, eða uppástúnga nefndarinnar, að skipta örfunum einúngis í 2 flokka, með þar að lútandi ákvörðunum? — hið síðara aðhyllzt með 17 atkvæðum gegn 6.
5. grein: *a.* hvort það, er frumvarpið segir, um það, nær fjærskyldur eða vandalaus megi taka fjárgæzlulaun af eigum hins ómyndaga, þegar arfurinn sè 10 hundr. eða meira, eða það, sem nefndarálitið stíngur uppá: að fjárhaldsmaður fái fjárgæzlulaun strax, sem nokkuð verður afgángs þörfum hins ómyndaga, eigi að gylda? — hið síðara samþykkt með 21 atkvæði gegn 2.

   b. hvort það, er stendur í niðurlagi sömu greinar, að fjárhaldsmaður taki landaura-afgáng hins ómyndaga til sín, eptir verðlagsskránni, eða það, sem nefndin mælir með, að fjárhaldsmaður megi, ef hann vill, selja afgánginn við opinbert uppboð, eigi að vera í fyrirrúmi? — hið síðara samþykkt í einu hljóði.
7. gr., 1. hvort það skuli gylda, er frumvarpið segir, að jörð ómyndugra ekki megi selja nema með amtmanns leyfi, eða, einsog nefndin mælir með, ekki skuli þurfa til þess nema leyfi yfirfjárráðanda? — frumvarpið samþykkt með 12 atkvæðum gegn 11.

   2. hvort skipun frumvarpsins á öðrum staflið 7. greinarinnar, eða sú, er nefndin hefir borið upp, eigi að takast til greina? — hið síðara samþykkt með 22 atkvæðum gegn 1.

   3. hvort orðið „jarðabókarsjóðinn“ eigi að fella úr, eptir nefndarinnar uppástúngu. Það samþykkt í einu hljóði.
8. gr. *a*) hvort það, er frumvarpið segir: að ætíð eigi að

hafa 2 eiðsvarna virðingarmenn til að meta jarðir, sem boðnar eru að veði fyrir láni af eignum ómyndugra, eða það, sem nefndin stíngur uppá, að fjárhaldsmaður megi eiga kost á að taka jörð í veð án virðíngar, ef hann þekkir veðið og vill ábyrgjast fullgyldi þess, eigi að meta meira? nefndarinnar álit samþykkt af 20 atkvæðum gegn 3.

b. hvort það, er frumvarpið segir: að lánsæskjandi láti virða framboðið veð að nýju, ef bæði fjárhaldsmaður og yfirfjárráðandi eru óánægðir með veðið eptir virðíngunni, eigi að standa, eða það, sem nefndin stíngur uppá, að neitað sè um lánið, og einúngis virt að nýju ef lánsæskjandi er óánægður, þó hinir sèu ánægðir? nefndarálitið samþykkt með 18 atkvæðum gegn 5.

9. gr. hvort það, er frumvarpið segir: að amtmaður orðfæri veðskuldabrèf fyrir láni af eignum ómyndugra og riti á þau, eða það, sem nefndin segir: að yfirfjárráðandi skuli gjöra það, eigi að vera í fyrirrúmi? — hið síðara samþykkt með 20 atkvæðum gegn 3.

10. gr. *a.* hvort fyrir frumvarpsins: „á rèttum gjalddegi“ (11. Júní eptir 13. gr.) eigi að taka það fram, sem nefndin stíngur uppá, nefnilega: að gjaldliðunar-fresturinn sè nefndur, frá 11. til 30. Júní, eptir 13. grein? — þessu játað með 21 atkvæði gegn 2.

b. hvort breytíngaratkvæði assessors Johnsens, að fyrir orðin: „og má þá birta uppboðið“, skuli setja: „og skal veðeign jafnan selja við almennt uppboð, þegar selja á til lúkníngar veðskuldum, og birta uppboðið“ o. s. frv. — eigi að takast til greina? — hrundið með 21 atkvæði gegn 2.

Viðbætir sá, er nefndin vill að takist inn í enda greinarinnar, áhrærandi, hvað verða eigi af því, sem veðeignin við uppboð gángi meira enn fyrir skuldinni, samþykktur með 20 atkvæðum gegn 3.

13. gr. hvort nefndarinnar uppástúnga, að þess skyldi geta í lausakvittuninni fyrir lögleigunni, að kvittað sè líka á sjálft veðskuldabrèfið, eigi að gylda? samþykkt með 19 atkvæðum gegn 4.

14. gr. hvort nefndarinnar uppástúnga um, að orða ætti grein þessa í byrjuninni nokkuð öðruvísi enn í frumvarpinu, eigi að gylda? — samþykkt í einu hljóði; og einnig það, sem hún mælir með, að fjárhaldsmaður skuli fá sama fyrirvara

og skuldunaut er veittur, í stað þess, er frumvarpið segir, að fjárhaldsmaður eigi að fá hálfs missiris fyrirvara, ef honum er sagt upp skuldinni, en skuldunautur missiris frest, ef skuld er meiri enn 100 rbdl. nemur — samþykkt með 20 atkvæðum gegn 3.

15. gr. hvort nefndarinnar uppástúnga, að orðið: „að lokum“ ætti að vera útilátið í upphafi þessarar greinar, gylda skuli? — samþykkt með 21 atkvæði gegn 2.

16. gr. hvort breytíngar-uppástúngu nefndarinnar í þessari grein eigi að samþykkja? — þessu játað af 19 atkvæðum gegn 4.

17. gr. hvort nefndarinnar uppástúngu, að bæta skuli inní þessa grein, eptir orðin „ef málsástæður“, þessum orðum: „og efna ásigkomulag hans“, eigi að samþykkja? — samþykkt í einu hljóði.

19. gr. hvort nefndarinnar uppástúngu í þessari grein; að fyrir „18 vetra“ sè sett: „16 vetra“ eigi að samþykkja? því játað með 22 atkvæðum gegn 1. (um breytínguna eptir liðnum 1. er úrskurðað við 4. gr. og eptir liðnum 2. við 8. grein).

20. gr. hvort nefndarálitið, sem hèr bendir til hinnar 10. gr., og heldur það sè þar ákveðið, sem hèr innibindst í orðum frumvarpsins: „ef þeir hafa — gott og gylt“, og því vill fella þau úr og svo breyta lítið eitt til, eigi að samþykkja? — því játað með 20 atkvæðum gegn 3.

Loks voru orðfæris breytíngar þær, er nefndarálitið inniheldur, samþykktar með 19 atkvæðum gegn 4.

Því næst var fundi slitið.

24. Júlí — átjándi fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá seytjánda fundi lesin og samþykkt.

Forseti lagði þá fram til síðustu umræðu málefnið um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík, og afhenti skjöl málsins framsögumanni, assessor Johnsen, en hann mælti:

Eg hefi mjög litlu við það að bæta að sinni, sem af nefndarinnar og minni hálfu þegar er fært fram í þessu máli, að eins verð eg nú fyrirfram að geta þess, og svara því til gagnástæðu hins hæstvirta konúngsfulltrúa gegn uppástúngu nefndarinnar við 18. grein, að mèr virðist, að byggínganefndum í hinum dönsku kaupstöðum sè gefið, að sínu leiti, fullt eins mikið vald og verkun á rèttindi einstakra manna, — þar sem

það var undir þeim komið, hverjir bæjarbúar áttu að leggja af stráþök þeirra og timburgafla o. s. frv., á ári hverju, og hve mörg hús, af þeim, sem ekki voru byggð á lögboðinn hátt, árlega áttu að endurbyggjast eins og lög buðu, í bæjunum, — einsog byggínganefndinni í Reykjavík, þó hún, samkvæmt opnu brèfi frá 29. Maí 1839, eigi að ávísa þeim, sem hús byggja að nýju, byggíngarstæði af lóð bæjarins, og gat nefndinni einganveginn skilizt, að amtmaðurinn í suðuramtinu gæti haft betri tök á, að velja þá, sem hæfastir væru til þessa starfa, enn 6 fulltrúum bæjarins í einu hljóði.

Varaforseti: Eg held það sè einúngis misskilníngur nefndarinnar, að halda, að amtmaður, eptir frumvarpinu (12. gr.), geti ónýtt kosníngu, sem einginn finnur að, því orðin: „þyki honum nú“ o. s. frv., eru auðsýnilega að heimfæra til þess tilfellis, sem rètt áður er gjört ráð fyrir: að einhver finni eitthvað að kosníngunni; en orðin: „svo skulu og — kosníngarnar“, er hèr bersýnilega aðskotin meiníng, sem hvorki stendur í sambandi við það undangánganda nè eptirfylgjanda, sem hvorttveggja á að bindast saman. Eg ætla því, að frumvarpið í þessari grein megi vera óraskað, einúngis að sýnt sè, annaðhvort með svigum (*parenthes*), eða með öðru móti, að orð þau, sem eg nefnda, sèu aðskotin meiníng.

Eg er að öllu leiti á því, er sá hæstvirti konúngsfulltrúi áður hefir sagt, um kosníngu þeirra manna, er setu skulu eiga í byggínganefndinni, eptir 18. grein, og að það hvorki sè samgjarnlegt nè æskilegt, að fulltrúarnir nefni til alla 4 í byggínganefndina. Mèr virðist líka, að rèttindi fulltrúa, með því að fylgja frumvarpinu, verði jöfn við allar aukagreinir bæjarmálefnanna, þar sem þeir, eptir frumvarpinu, nefna 2 menn í fátækranefndina, 2 í skólanefndina og 2 í byggínganefndina. Í fátækranefndinni eru líka 2 lögteknir, dómkirkjuprestur og bæjarfógeti. Í skólanefndinni verða að líkindum á sínum tíma 2 lögteknir, fyrir utan þá 2, sem fulltrúarnir kjósa, og er þá sennilegast, að háyfirvaldið mætti einnig hafa rètt á, stjórnarinnar vegna, að nefna 2 í byggínganefndina.

Eg get ekki fallizt á nefndarinnar meiníngu (við 19. grein), um niðurjöfnun bæjarskatta eptir ferhyrníngsmáli á lóðarstærð húseigenda að svo stöddu. Ætla eg það, enn sem komið er, mundi leiða til ens mesta ójafnaðar, því verið getur það, að lítið og fátæks manns hús hafi stærri lóð enn þau en stærstu.

Hvað stakkstæði kaupmanna snertir, þá er nefndarinnar: „niður að flæðarmáli“, harðla óákveðið. Það getur innibundið bæði stórstraums og líka smástraums flæðarmál, og allir vita, að kaupmenn nota þau ekki svo langt niður sem stórstraums flæði geingur. Kaupmenn nota eigi heldur stakkstæðin fremur enn aðrir, nema máske að nokkru leiti til fiskverkunar, svosem 2 mánuði ársins, og um sama tíma leggja þeir líka bryggjur sínar langt útí fjörumál, og mætti eins vel taka það plázið með, sem bryggjan stendur á. Eg held með frumvarpinu, að ekki sè enn tími til að ákveða hèr areal-skatt, heldur að fyrst um sinn verði að hafa þann mælikvarða, sem áður var.

Mèr virðist það ísjárvert, að amtmaður megi einga verkun hafa á ársáætlun bæjarfulltrúa, nema mikið sè undir henni komið til leingdar, hvarum víst orðið geta ólíkar meiníngar milli amtmanns og fulltrúa. Eg held því betra, að halda frumvarpinu, og ætla það afla muni færri tvímæla, eða fyrir orðin, „og bæjarstjórnin“, að lesa: „eða bæjarstjórnin“.

Eg man eigi betur, enn sá heiðraði framsögumaður hafi sagt, að gjalda-eindagi bæjarmanna til bæjarins fjárhirzlu (20. grein), sè nú viðtekinn 30. Júní. Eg fæ eigi betur sèð, enn að þessi geti haldizt, eða þá annar eins hentugur við tekizt, án þess neinu þurfi í þessu falli að bæta inn í frumvarpið.

Eg sè ekkert óþarft í því, að ákveða (í 22. grein), að bæjarfógetinn megi nota þjóna þá, er honum eru við hönd, til að sjá um, að opinber verk í bænum fari vel fram, og held því, að frumvarpsins orð um það megi standa óhögguð.

Framsögumaður: Hinn mikið heiðraði varaforseti held eg þó að misskilji 12. grein, þar sem hann heldur, að amtmaður eigi geti hrundið þeirri kosníngunni, sem eingin efasemd nè kvartanir hafa risið af; nefndinni skildist eigi betur, enn að frumvarpið ætlaðist til, að amtmanni yrðu sendar skýrslur um kosníngunа, hvort heldur nokkur efasemd hafi vakizt eða eingin, og að honum með ákvörðun þeirri, sem á eptir fylgir, sè gefið vald til að hrinda kosníngunni, hvort heldur sem var; en sè sú þýðing eigi að síður rèttari, sem varaforseti hefir dregið af ákvörðunum frumvarpsins í þessu efni, og hinn hæstvirti konúngsfulltrúi sè sömu meiníngar, þykir mèr ekkert að því, nefndarinnar vegna, að falla frá uppástúngu hennar í þessu atriði, en verð annars nú sem fyrri að mæla fram með henni.

Varaforseti heldur það hvorki sanngjarnlegt nè æskilegt,

að bæjarfulltrúar hafi rètt til að kjósa alla þá, er kjósa á í byggínganefndina, en þá væri það eins ósanngjarnt og óæskilegt, að gefa fulltrúunum í hinum dönsku kaupstöðum þètta vald, og eg sè ekki, nú fremur enn áður, hversvegna það geti verið æskilegra þar enn hèr, er eg þvert á móti ætla það þeim mun æskilegra hèr, sem amtmenn í suðuramtinu koma hingað ókunnugri lands og bæjar högum, og eru hèr á lausara kili, enn amtmenn í Danmörku, og eg verð því að halda fram breytíngaratkvæði nefndarinnar við 18. gr., eins í þessu sem öðru.

Hinn heiðraði varaforseti heldur það gegni ójöfnuði, að útgjöldum bæjarbúa, sem jafnað er niður á fasteignir þeirra, sè jafnað eptir ferhyrnings-ummáli lóðar þeirra hvers um sig, vegna þess, að margir hinir fátækustu af þeim geti átt stærsta lóðina, en minnst húsin, og er þeim fyrir þá sök eigi hlíft við útgjöldum þeim, sem nú er jafnað niður á húsin eingaungu. Það er líka í augum uppi, að eigi verður farið eptir efnum eða ástandi í niðurjöfnun þeirra skatta eða útgjalda, sem bundin eru við stærð fasteignanna, og að þvílíkur mælikvarði fyrir upphæð útgjaldanna verður að vera hinn sami, hvers sem eignin er, og er það talið einmitt til gyldis þvílíkum útgjöldum, að þau eru ætíð hin sömu, og að allir vita hver og hversu mikil þau eru; enda stendur þeim það í sjálfsvaldi, sem það vilja, að lètta á sèr byrðinni, og að gjöra lóðartollinn minni, með þeim hætti, að sleppa því aptur við bæinn af lóð þeirra, sem þeir þykjast geta án verið. Með tilliti til flæðarmálsins, þá kom eingum nefndarmanni það til hugar, að telja meira til stakkstæðanna enn niður að því flæðarmálinu, sem verður, þegar hæst er sjáað, og vita allir hvar það er; var nefndin samhuga í því, að þess heldur bæri að telja stakkstæðin til lóðarinnar, sem þeirra efni yfirhöfuð eru í betra horfi, enn annara bæjarbúa, sem stakkstæðin eiga og brúka, eingaungu í þarfir sjálfra sín, og það með þeim rètti, enn sem komið er, að öðrum bæjarbúum enn sjálfum þeim, hversu mikið sem á liggur, eigi verður vísað þar á byggíngarstæði, án leyfis þeirra eður samþykkis. Eg held því, að breytíngaratkvæði nefndarinnar við 19. grein, í þessu efni, sè á góðum rökum byggt, og eins ætla eg að það sè, hvað vald amtmannsins snertir, til að breyta ársáætlun bæjarstjórnarinnar; enda er það misskilníngur, að nefndin eigi hafi ætlað honum að hafa neina verkun á áætlunina, því hún ætlast til, að hann ætíð hafi úrskurðarrètt, þegar

bæjarfulltrúar ekki koma sèr saman, og að áætlunin þá þó að eins skuli gylda fyrir eitt ár, ef amtmaður eigi fellst á hana, og að hann, ef mikið er undir áætluninni komið til leingdar í nokkrum atriðum, skuli geta hamlað henni eptirleiðis, með því, að bera málið undir úrskurð kansellíisins, og þótti nefndinni, að það gæti ekki komið heim við gagn bæjarins og þarfir, að veita amtmanni meira vald í þessu efni.

Með tilliti til gjaldtímans, eptir 20. gr., þá er það að vísu svo, eins og áður er sagt, að bæjarmenn hafa undir geingizt að greiða gjöld þeirra innan miðs Júlímánaðar; en það er líka sýnt, að þetta eigi hafi haft þá tilætluðu verkun, og nefndin hèlt því öldúngis nauðsynlegt að tiltaka gjaldtímann í reglugjörð þessari, svo að allir gætu sèð skyldu sína í sjálfri löggjöf þessari, en tíminn er tekinn til af nefndinni sá, er öllum bæjarbúum veitir hægast að greiða gjöld sín á.

Það er sjálfsagt, að bæjarfógetinn má láta þjóna sína líta eptir störfum þeim, sem unnin eru fyrir hönd bæjarins, en nefndinni þótti það þess heldur óþarft og ísjárvert, að taka þetta fram í 22. grein, sem henni virtist, að bæjarfógetinn með þeim hætti kynni að geta borið fyrir þessa laga-ákvörðun, ef svo bæri undir, að hann vildi hlífa sèr við því sjálfur, og til þessa hèlt nefndin ekki að ætti að gefa honum nokkurt tilefni.

Konúngsfulltrúi: Eg get um þetta mál að mestu leiti skýrskotað til þess, er eg hefi áður sagt, þegar það var rædt hið fyrra sinni, og það því heldur, sem hinn virðulegi varaforseti hefir svo ljóslega og tvímælalaust styrkt mál mitt, og leidt frekari ástæður að því. Það eru einúngis fá atriði, sem eg vildi víkja orðum mínum að. Þar sem hinn virðulegi framsögumaður hefir sagt, að byggínganefndir í Danmörku hafi eins mörgum störfum að gegna, sem snerti hagsmuni einstöku manna, eins og byggínganefndin í Reykjavík, þá vil eg geta þess, að eg þekki sæmilega vel til, hvaða störf það eru, sem byggínganefndirnar hafa að gegna í ymsum borgum í Danmörku, og veit eg þó ekki betur, enn að það sè mjög sjaldan, að þessháttar störf beri að höndum þeirra, sem hafi eins mikil álirif á hina innbyrðis gagnstæðu hagsmuni einstakra manna, eins og þau, sem af því geta leidt hèr, að byggínganefndin ákveður lóðir þær, sem hús eru reist á. En hvað því hvorutveggja viðvíkur, er nefndin hefir stúngið uppá, að ákveðinn skyldi verða í tilskipuninni sá tími, er menn ættu að greiða gjöld sín, og

útgjöldum skyldi jafna niður á menn eptir lóðar ummáli, en ekki eptir húsastærð, þá ætla eg að það, sem hinn virðulegi framsögumaður mælti síðast um þessi atriði, hafi styrkt marga af þingmönnum í þeirri sannfæringu, að þeir mundu naumast vera svo gagnkunnugir bæjarmálefnum hèr, að þeir gætu nákvæmlega skorið úr, hvort uppástúngur þessar eiga vel við eða ekki. Nú er þá einúngis eptir að minnast á málslið þann, í 12. grein, er þeir hafa nefnt, hinir virðulegu menn, varaforseti og framsögumaður. Og virðist mèr þá það vera ljóst, að amtmanni sè þar leyft að ákveða, eptir því sem þörf krefur, um kosníngar-aðferðina, bæði þegar svo er ástatt, að kjörstjórnin, eður þeir, sem hlut eiga að máli, lenda í efa um, hvort kosníngar sèu gyldar, og þegar svo er ástatt, að amtmanni mætti virðast kosníngar ólögmætar, enda þótt einginn efi hefði áður um það risið. Og eg fæ ekki betur sèð, enn að það sè öldúngis nauðsynlegt, að amtmaður eigi ráð á því. Eptir 9. gr. lagafrumvarpsins skulu í kjörstjórninni vera bæjarfógeti, foríngi bæjarfulltrúa, og einn maður af þeirra flokki. Má þá auðveldlega svo fara, að bæjarfógetinn einn sè lögfróður maður í kjörstjórninni, og eins gæti þá svo farið, að eitthvað yrði ábótavant við kosníngarnar, að aðferðinni til, sem hlyti að gjöra völin ógyld. Þá er nú ekki nema til tveggja að leita, sem skera ættu úr málum, og það er annaðhvort kansellíið eða amtmaðurinn. Það er einnig aðgætanda, að þegar einn af fulltrúum deyr, eða sleppir embætti, áður enn gegníngartíð hans var á enda, þá skal kjósa mann að nýju til að gegna fulltrúastörfum þess, er frá fór, þá tíð, er hann átti eptir. Ef menn ættu nú að leita úrskurðar kanselliisins um það, hvort sú kosníng væri lögmæt eða ekki, sem einúngis skyldi standa 1 ár, þá mundi sá úrskurður opt ekki koma fyrr, enn það ár væri því nær á enda. Fyrir því hlýtur amtmaður eflaust að eiga kost á, að skera úr slíkum málum.

Framsögumaður: Það virðist nú, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi einkum byggi mótmæli sín, gegn breytíngaratkvæði nefndarinnar við 12. grein, á því, að amtmanni kunni að lítast, sem kosníngarnar eigi hafi farið fram í rèttu formi; en þegar þó einginn vafi er á um kosníngarnar, eða kvörtun útaf þeim orðin, að höfuðefninu til, virðist það eigi síður ísjárvert, að veita honum vald til að hrinda kosníngunni vegna þess, þótt í einhverju lítilræði hafi orðið áfátt, að aðferðinni til, því

þá væri það amtmanni innanhandar, að grípa þetta lítilræði, er sett yrði útá kosníinguna að lögum, til að ónýta hana, ef hún eigi væri að hans skapi, enda þó hún fèlli öllum bæjarbúum vel í geð, og má fullvel gjöra ráð fyrir þessu, án þess, að amtmönnum sè það ætlanda, enda er það ekki mín meiníng, og þartil þykist eg ekki hafa ástæðu, þó eg sjái ástæðu til að koma í veg fyrir það, sem lögboðið með þessum hætti gæti gjört amtmanni mögulegt.

Það er að vísu einginn efi á því, að hinn hæstvirti konúngsfulltrúi ber miklu betri kennsl á aðgjörðir byggínganefnda í Danmörku, enn nokkur annar á meðal vor, sem hèr erum saman komnir, en svo mikið þekki eg þó til þeirra, að eg, eptir sannfæríngu minni, verð að halda, að rèttur bæjarfulltrúa, til að kjósa menn í nefndina í Reykjavík, eigi þurfi nauðsynlega að vera minni enn í Danmörku, eða e i g i að vera það, ef vel á að fara, og verð eg því að halda fram breytíngaratkvæði nefndarinnar við 18. grein.

Konúngsfulltrúi: Einu vil eg svara hinum virðulega framsögumanni til þess, er hann sagði síðast. Hann sagði, að svo g æ t i farið, að amtmaður neytti valds þess, er hann hefði, til að kollvarpa kosníngu þeirri, er honum geðjaðist ekki að, enda þótt hún annars væri þarfleg. Eg ætla, að það muni að minnsta kosti eins auðveldlega svo g e t a farið, að kjörstjórnin yrði utan við þá leið, sem lögin hefðu bent henni á, og yrði fyrir þá skuld kosníngin ólögmæt. Þegar nú svo væri ástatt, er það nauðsynlegt, að til sè eitthvert það yfirvald, sem sè laust við ymsar þær smá-ástæður, er haft geta áhrif á kosníinguna, og sem nú geti skorið úr málum. Þesskonar yfirvald er nú annaðhvort kansellíið eða amtmaður, og þareð kansellíið getur ekki, af því sem áður er sagt, gegnt því starfi, verður að fela það amtmanni á hendur, og þarf að líkindum ekki að kvíða því, að hann fari þar að manngreinar áliti. Að lyktum vil eg geta þess, að þó orð lagafrumvarpsins, „að ekki sè viðhöfð lögleg aðferð í kosníngum“, einkum virðist benda til þess, að kosníngum sè ábótavant að forminu til, þá geta þau þó náð þar að, sem gallarnir eru á sjálfum kosníngunum eður eðli þeirra (*reelle Mangler*), einsog t. a. m., ef einhver væri sagður kjörgeingur, þótt hann væri það ekki.

Framsögumaður: Eg hygg einga ástæðu til að ónýta kosníinguna, þó eitthvað lítilsháttar hafi verið brugðið útaf aðferðinni, þegar einginn ber sig upp, og væri ekki hundrað í hætt-

unni með biðina eptir úrskurði kanselliisins, þegar svo stendur á.

Forseti kvað þá málið nægilega rædt til lykta; kvaðst hann enn, sakir sjóndepru sinnar, er varaði við, ekki treystast að setja fram svo yfirgripsmikið og fjölbrotið mál til atkvæða, og beiddi því varaforseta að takast það starf á hendur og vera í fyrirsæti. Var síðan málið lagt undir atkvæði þannig:

1. á að fallast á hið konúnglega frumvarp óbreytt? neitað með 14 atkvæðum gegn 9.
2. við 1. grein: á amtmaður að tilnefna þá 5 menn, sem eiga að skipta öllu milli Reykjavíkur og Seltjarnarness - hrepps, auk þeirra er áður voru í fátækranefndinni (frumvarpið) — eða á bæjarstjórnin að velja 2 fyrir hönd Reykjavíkur, en hreppsbúar sjálfir 3, frammi fyrir sýslumanni, til tèðra starfa (nefndin)? — þetta síðara samþykkt með 19 atkvæðum gegn 4.
3. við 12. grein: má amtmaður eiga vald á, að ónýta kosníngu á bæjarfulltrúum, þó einginn átelji kosníngina (frumvarpið) — eða á amtmaður þá að eins að láta sèr lynda, að bera efasemdir sínar upp fyrir kanselliinu, ef honum líkar ekki kosníngar - aðferðin (nefndin)? — hið síðara samþykkt með 17 atkvæðum gegn 6.
4. við 15. grein: á að bæta inní, eptir orðið „atkvæðafjölda“, ákvörðun um fulltrúafjölda á fundi, til þess lögmætar verði ákvarðanir á fundum, og að eigi megi þá vera færri enn 3 fulltrúar á fundi (nefndin)? — samþykkt með 20 atkvæðum gegn 3.
5. við 18. grein: *a*) eiga 4 menn að sitja í fátækranefnd bæjarins: bæjarfógeti, dómkirkjuprestur og 2 aðrir, sem fulltrúar kjósa (frumvarpið) — eða skulu þar sitja 5 menn: 3 sjálfsagðir, og meðal þeirra jafnan fulltrúi tómthúsmanna, en 2 kosnir (nefndin)? — hið síðara samþykkt með 19 atkvæðum gegn 4.

   b) skulu fulltrúar kjósa í byggínganefndina að eins 2 meðal sjálfra sín, en amtmaður 2 (frumvarpið) — eða skulu bæjarfulltrúar kjósa alla í byggínganefndina (nefndin)? — Frumvarpið samþykkt með 12 atkvæðum gegn 11.
6. við 19. grein: *a*) skal jafna þriðjúngi þess, er þarf til útgjalda, fyrst um sinn á byggíngar bæjarmanna (ɔ: húsastærðina), einsog verið hefir (frumvarpið) — eða á ferhyrníngs-ummál lóðarinnar, er fylgir húsunum, að meðtöldum stakkstæð-

um, niður að flæðarmáli (nefndin)? — Frumvarpið samþykkt með 14 atkvæðum gegn 9.

b) uppástúnga nefndarinnar: að það sè tekið fram í reglugjörðinni, að seinna megi ákvarða, hvernig jafna skuli sköttum á lóð tómthúsmanna. o. s. frv. — fèll þá jafnframt niður.

c) skal senda amtmanni ályktun bæjarstjórnarinnar um væntanleg útgjöld bæjarins hið næsta ár, svo hann staðfesti hana eða gjöri við hana athugasemdir, er bæjarstjórnin ætíð skuli taka til greina það árið, sem áætlunin nær yfir, en kanselliið skeri úr, ef hún snertir leingri tíma, og bæjarstjórnin vill ekki fallast á athugasemdir amtmannsins, (frumvarpið) — eða skal amtmaður ekki eiga vald á, að hrinda ársáætlun bæjarstjórnarinnar; en ef mikið er undir henni komið til leingdar, og amtmann og bæjarstjórn greinir á, skeri kanselliið úr (nefndin), og skal þá fallast á breyting nefndarinnar á greininni hèr að lútandi? — nefndarálitið samþykkt með 16 atkvæðum gegn 7.

7. við 20. grein: skal bæta inní eptir orðin: „er gjald greiðir“, ákvörðun um eindaga á lúkningu á sköttum bæjarmanna, og að eindaginn sè ákveðinn í Júnímánaðar lok ár hvert (nefndin)? — samþykkt með 19 atkvæðum gegn 4.
8. við 22. grein: skal sleppa orðunum: „annaðhvort sjálfur, eða láta þjóna þá, er hann hefir undir sèr“, eptir uppástúngu nefndarinnar? — játað með 16 atkvæðum gegn 7.
9. við 24. grein: skal leggja þau ýmislegu málefni í bæjarstjórninni, sem hèr eru tekin til, beinlínis undir úrskurð kanselliisins (frumvarpið) — eða skal amtmanns úrskurður nægja í öllu slíku, nema þegar bæjarstjórnendur eru ekki allir á eitt sáttir, og málefnið þarf ekki skjótra úrræða (nefndin)? — álit nefndarinnar samþykkt með 19 atkvæðum gegn 4.

Forseti lagði þá fram til síðustu umræðu málefnið um friðun æðarfugla, og fèkk skjöl málsins í hendur framsögumanni nefndar, jústizíarius Þórði Sveinbjörnssyni, en hann bað þingmenn að bæta við þeim athugasemdum, er þeim þætti hlýða.

Prófastur H. G. Thordarsen: Eg hefi fáu við það að bæta, sem nefndin hefir útlistað og áður er rædt um þetta mál; eg get ekki efað, að allir enir heiðruðu þingmenn verði á því í einum anda, að hin mesta nauðsyn sè á, að skýlaust lagaboð

fáist sem fyrst, til að friða æðarfugla, sem er einhver hinn bezti og mesti bjargræðisstofn víða á landinu.

Prófastur Halldór Jónsson: Eg verð í öllu tilliti að fallast á það, er nú var mælt; eg sè ekkert því til fyrirstöðu, að lagaboðið fáist strax; væri fyrir því að óttast, að það tæki nokkuð aðra stefnu, eður mundi fara í bága við hin almennu veiðilög, er síðar skulu koma, þá mætti svo haga, að þessi friðunarlög, sem nú eiga að koma strax, skuli gylda einúngis fyrst um sinn.

Forseti: Eg verð að álíta það ekki einúngis nytsamlegt, heldur og nauðsynlegt, að löggjöf um friðun æðarfugla komi strax. Að láta hana bíða þess tíma, þar til nefnd sú, er endurskoða skal Jónsbók o. s. frv., hefir lokið störfum sínum, er ógjöranda; nóg dæmi eru til þess, að slíkar nefndir hafa sofnað útaf frá óloknum störfum.

Ásgeir bóndi Einarsson kvaðst vera samþykkur því, er forseti hefði nú mælt, og hafa ætlað sèr að mæla á þá leið.

Forseti kvað þá málið rædt til lykta, og skaut til atkvæða:

1. vill alþíng biðja konúng um ný lög til friðunar æðarfugli? — samþykkt af öllum.
2. á að biðja konúng, að tekin sèu fram í löggjöfinni þau 3 atriði, er nefndin hefir stúngið uppá? — samþykkt af öllum.

Þá tók Forseti til máls og sagði: Líkindi eru til, að það mál, er nú skal leggja fyrir þíngið til undirbúnings-ræðu, um tekjur prestanna, muni orsaka lángar umræður; álít eg því skyldu mína, áður þetta er byrjað, að vekja máls á því, að sá lögboðni þíngtími innan skamms er útrunninn; af honum eru einir 4 dagar eptir, þegar liðinn er dagurinn í dag. Af málum þeim, er lögð hafa verið undir álit þíngsins af ríkisstjórnarinnar hálfu, eru þessi enn órædd á þíngi og ókljáð: um löggyldíngu nokkurra tilskipana eptir árið 1839; um endurgjald alþíngiskostnaðarins og um endurgjald 11,000 dala, sem varið er til skólans af kollektupeníngunum; eru þó til mín komin og lögð í lestrarsalinn álitsskjöl nefndanna í tveimur fyrri málefnunum. Auðsætt er það öllum, að þeir fáu dagarnir, sem eptir eru, hrökkva ekki til að ræða til undirbúnings og lykta þessi mál, auk heldur önnur frumvörp, sem til þíngsins eru komin frá einstökum mönnum, og eru þó sum þeirra mikils varðandi; því er og sjálfsögð nauðsyn á, að leingdur yrði

þingtíminn nokkuð. Svo sem 8 daga leingíng hygg eg mundi nægja. En áður eg sný mèr til ens háttvirta konúngsfulltrúa, til þess að spyrja hann, hvort nokkur leingíng þingtímans sè fáanleg, óska eg að heyra álit þingmanna um það, hvort tímans leingíng sè þeim hugleikin, og hversu mikil þeir þá æski að hún sè, eptir því sem fyrir hverjum kynni að vera ástatt, verð eg þó jafnframt að geta þess, að málefni þetta er ekki þess eðlis, að því verði til atkvæða skotið, þó þingmenn greini á.

Mælti þá fyrst kandidat Jón Sigurðsson, og studdu það mál ekki allfáir þingmenn, að víst mundi þörf að leingja þingtímann til 9. eða 10. Augúst, sakir hinna mörgu og mikilsvarðandi mála, er enn væru ókljáð, að eigi mætti horfa í hinn litla kostnað, er af því leiddi, enda væri hann vettugis verður hjá hinu, ef áríðandi málum yrði að skjóta á frest til næsta þings, því þá mundi verða ærið að starfa og máske meira og merkilegra enn nú.

En Blondahl sýslumaður, og margir aðrir með honum, voru á því, að nægja mundi að leingja þingtímann til 2. Augúst; að sum mál væru þau, að ekki mundi allur hagur að útrædd væru að þessu sinni, svosem væri málið um breytínguna á alþingislögunum, og spítalamálið; nokkrir mæltu og, að þeir hefðu ekki ráðgjört að vera leingur að heiman, og vildu því komast hèðan sem fyrst.

Forseti: Hèr þarf eigi til frekari kappræðu að koma með þingmönnum; eg verð einúngis að geta þess, að sakir þess, að amtmannsembætti mitt nú hefir staðið forstöðulaust meir enn 6 vikur, verð eg að komast hèðan 10. Augúst, en sleppa öldúngis þingstörfum hinn sjötta.

En útaf því, sem nú hefir verið rædt, leyfi eg mèr að víkja máli mínu til hins háttvirta konúngsfulltrúa, og spyrja: hvort honum sè veitt Allrahæsta leyfi til að leingja þingtímann.

Konúngsfulltrúi: Eptir ósk hins háttvirta forseta leyfi eg mèr að gjöra það kunnugt, að konúngur hefir allramildilegast leyft mèr að leingja þingtímann. Eptir því sem nokkrum af þingmönnum hafa farizt orð, og þareð eingum getur gjörzt að skyldu að dveljast hèr leingur, þá ætla eg, að, eptir því sem nú er ástatt, verði ekki tiltökumál um leingri viðbót enn 8 daga, við þá tíð, sem lögboðin er, því að öðrum kosti mætti kvíða því, að eptir þá tíð yrðu ekki svo margir eptir

þingmanna, sem lögin áskilja, og þessvegna vil eg, samkvæmt uppástúngu hins háttvirta forseta, leyfa, að þingtíminn verði leingdur um 8 daga.

Var þá ályktað, að þingtíminn skyldi leingdur til 5. Augúst, að þeim degi meðtöldum.

Forseti lèt þá taka til undirbúnings málefnið um breytíng í reglugjörð 17. Júlí 1782 (konúnglegt frumvarp V.) og afhenti álitsskjal nefndarinnar framsögumanni, Halldóri prófasti Jónssyni; las hann það upp, og er það þannig látanda:

„Alþingið hefir, 2. dag þ. m., með atkvæðafjölda kjörið oss undirskrifaða í nefnd, til að íhuga og segja álit vort um konúnglegt frumvarp til tilskipunar, er nákvæmar tiltaki það, sem fyrir er mælt í reglugjörð 17. Júlí 1782, og daginn eptir voru oss afhentar 4 bænarskrár, viðvíkjandi kjörum presta; biðja sumar þeirra um, að bætt verði kjör prestanna, en aptur aðrar, að ekki verði að því hrapað; og 8. dag s. m. voru oss enn feingnar 2 bænarskrár, líks innihalds, með einu fylgiskjali, úr Barðastrandarsýslu. Þá er vèr nú grandgæfilega höfum íhugað málefni þessi, erum vèr allir á einu máli um, að æskilegt sè, bæði fyrir presta, og eins þá, er eiga að gjalda þeim, að til sè ákveðin regla fyrir aukatekjum þeirra; en hver borgun hæfilegust sè fyrir sèrhvert aukaverk, um það greinir oss nokkuð á. Fyrir því viljum vèr, meiri hluti nefndarinnar — eg, prestur Þorsteinn Pálsson, aðministrator R. M. Ólsen, aðministrator Þ. Sivertsen og bóndi Jón Samsonsson — láta í ljósi álit vort um frumvarpið, og verður það á þessa leið:

Vèr viljum þá fyrst geta þess, að oss virðist því síður þörf á, að hækka aukatekjurnar svo mjög, eins og frumvarp þetta gjörir, frá því, sem lögboðið hefir verið, sem vèr ætlum, að hækkun aukatekjanna bæti einganveginn kjör prestanna til hlýtar, eða með nokkrum jöfnuði; því að eins hin betri brauðin mundu rífka við það, en einganveginn hin fátækustu, sem mest þurfa bótanna við, og ætlum vèr það hvorki sanngjarna betrun, nè samkvæma vilja konúngsins.

Um 2. grein: Gjald fyrir hjónavígslu þykir oss ærið hátt metið, þegar minnsta borgun fyrir hana skal vera 12 álnir; sparsaman fátæklíng munar um hvert 6 álna virði; en ekki hyggjum vèr það muni fæla óspilsaman fátæklíng, þótt hjónavígslutollurinn sè hár; enda mundi eiga að reisa aðrar öruggari skorður við giptingum þeirra. Vèr höldum og, að alþýða

mundi kunna því illa, að tollur þessi hækkaði svona mikið, einsog frumvarpið stíngur uppá, því heldur, sem hann áður hefir verið lögákveðinn nær því helmíngi minni fyrir þá, er mest áttu að greiða. Það er og meiníng vor, að eins eigi aukatekju-reglugjörð presta, sem verðslegra embættismanna, að forðast alla flokkaskipun, og álítum vèr ástæður þær, sem til eru færðar fyrir því í ástæðum fyrir frumvarpinu, bls. 61, á góðum rökum byggðar: því vèr vonum, að allir sanngjarnir menn, sem nokkur efni hafa, muni eins hèr eptir og hingað til álíta sèr miður sæmanda, að bjóða presti sínum jafn-óríflega borgun og hinir fátæku, eða miður efnuðu, eru neyddir til.

Skírnartoll þann, er frumvarpið tekur til, höldum vèr sumum fjölskyldumönnum muni verða tilfinnanlegt að greiða með 4 álnum, af því það kemur svo opt að fyrir þeim að gjalda hann, og optast meðan þeir eru sem fátækastir.

Um 3. grein: Fyrir orðið „forseti" höldum vèr eigi að setja: „yfirdómandi", því eptir tilskipan 11. Júlí 1800, 4. gr., er stiptamtmaðurinn forseti í landsyfirrèttinum; en hann er áður talinn, í upphafi greinarinnar. Líka virðast oss orðin: „aðrir þjónar" óljós, og að þau máske gætu ollað misskilníngi; vèr þekkjum ekki aðra konúngs þjóna, er þetta gæti miðað til, enn þá, sem þegar eru taldir í greininni, nema lögreglumennina í Reykjavík; því ekki getum vèr ætlað, að með þessum orðum sè meint til hreppstjóranna, sem allir vita, að margir hverjir eru fátækir, og eiga ekki nær því svo mikið tíundarfè, að þeir eigi offur að greiða sem búendur; og væri það sú ósanngirni, sem eingum mun til hugar koma, að leggja þeim nýja byrði á herðar, sem, enn sem komið er, fá oflitla þóknun fyrir starfa sinn og fyrirhöfn. Vèr höldum því, að annaðhvort megi orðin „aðrir þjónar" falla burt, eða í stað þeirra koma: „og lögreglumenn í Reykjavík".

Í staðinn fyrir orðin „2 dali" höldum vèr betur færi að setja 12 álnir, af því dalatal er hvergi annarstaðar í frumvarpinu við haft, og landauraverð er staðfastara enn peníngaverðið, sem árlega breytist; því hafi offurgjaldendur ekki landaura til, mega þeir, eptir 6. grein frumvarpsins, greiða það með peníngum, eptir meðalalin hvers árs verðlagsskrár.

Um 4. grein: Það ætlum vèr, að eingi nauðsyn beri til, að meta legkaupin eins hátt og hèr er gjört, og að það sè um of þúngbært fátæklíngum; því hafi kirkjur nokkurnveginn getað staðizt, meðan legkaupið var 54 sk. og 27 sk., þá verður það

ekki síður, ef borgun þessi væri nokkuð hækkuð, t. a. m. til 6 álna fyrir fullorðna, og 3 álna fyrir börn, sem optast verður, eptir verðlagsskránum, 1 rbd. og 48 sk.; og þaraðauki erum vèr sannfærðir um, að allar kirkjur, sem vèr þekkjum til, sè bygging þeirra, viðhald og reikningsfærsla hyggilega og ráðvandlega af hendi leyst, eigi hægt með að standast nauðsynleg útgjöld sín og byggingu, og geti smámsaman auðgast að tilhlýðilegum instrúmentis og ornamentis.

Oss virðist líka, að þess megi geta, að á þeim brauðum, þar sem flestir sóknarbændur eru fátækir (t. a. m. á útkjálkum landsins), getur prestur beðið mikinn halla af, sèu legkaupin mjög há; því sjái prestur, að þeir, sem eiga að gjalda þau, verði að klípa það af ónógri björg fjölskyldu sinnar, er það svo mjög óþægilegt, að gánga eptir þeim, að víst eru margir prestar svo skapi farnir, að þeir, þegar svona stendur á, enda ekki þiggja þau, þó boðin sèu, einsog reynslan hefir sýnt sumstaðar, síðan legkaupin voru hækkuð. Af því leiðir þá, að prestur hlýtur að greiða þessi legkaup úr sjóði sjálfs sín.

Um 5. grein: Þessi orð: „skulu þeir gjöra þetta á hverju ári", álítum vèr ekki rètt útlögð, því hvergi í hinu danska frumriti finnst oss prófstum gjört að skyldu, að þeir skuli skoða kirkjurnar á hverju ári (heldur að eins hvers árs reikninga þeirra), og sá skilningur orðanna finnst oss þó liggja beint við, eptir því sambandi og hljóðan þeirra, sem nú er. En vèr ætlum, að opt og tíðum beri eingin nauðsyn til, að prófastar skoði kirkjur árlega, t. a. m. þá kirkja er nýlega byggð, og að skylda þá til þessa, væri varla til annars, enn að auka þeim fyrirhöfn og kirkjunum kostnað.

Borgun sú, sem hèr er tiltekin fyrir skoðun kirkna, þykir oss of há, og miklu hærri enn sú, sem ákveðin er í reglugjörð 17. Júlí 1782, er oss finnst fara nærhæfis fyrirhöfn prófasta við þesskonar störf, því um leið og vèr athugum og viðurkennum, að prófastar hafi lítil laun fyrir prófastsverk sín, getum vèr þó ekki álitið sanngjarnt, nè faranda fram á, að ráða bót á þessu með því, að hækka skoðunarlaun kirknanna, því: *a.* er skoðun kirknanna hið minnsta af verkum prófastanna, en hin önnur störf þeirra viljum vèr þó ekki mæla fram með að þeim verði launuð af kirknanna fè. *b.* höldum vèr það sè ekki rètt, að heimta af þeim kirkjum, er bænda eign

eru, aðra borgun handa próföstum, enn þá, sem þeim ber með rèttu fyrir verk þeirra í þarfir þessara kirkna; því meðan sjálfseignarbóndi á kirkjuna, á hann líka kirkjusjóðinn, og að heimta borgun af kirkjusjóðnum fyrir það, sem ekki er í kirkjunnar þarfir, væri sama, sem að heimta það af fè kirkjueigandans. *c.* Vitum vèr ekki til, að nokkurntíma hafi verið lögboðið eða tíðkanlegt, að gjalda próföstum 30 álnir fyrir kirknaskoðun.

Enn fremur álítum vèr nauðsyn til bera, að ákveða nákvæmar, hverjar kirkjur skuli svara hálfum skoðunarlaunum, þar það getur skeð og hefir skeð, að menn greini á um það. Þær kirkjur köllum vèr fátækar, hvort sem þær eru heima- eða útkirkjur, sem hafa minni tekjur árlega—að frádregnum hvers árs gjöldum — enn 12 dali; en ekki köllum vèr allar þær kirkjur fátækar, sem um nokkurn tíma eiga ekkert í sjóði; því svo getur opt á staðið fyrir ríkum kirkjum, þá þær eru nýbygðar. —

Með framanskrifuðum breytingum (sem síðar skal taka greinilega fram) álítum vèr æskilegt, að frumvarpið verði lögleidt hèr á landi.

Að því leiti, sem viðvíkur endurbót á kjörum prestanna, finnst oss, áður enn málefni það er tekið til skoðunar og aðgjörða, mundi reglulegt jarðamat verða að gánga á undan og fullkomin lögun á skattgjaldlögum vorum; líka höldum vèr nauðsyn til bera, að brauðanna inntektir og bújarðir í landinu verði metnar nákvæmlega, af kunnugum, skynsömum og óvilhöllum mönnum, svo sjá megi hvers brauðs eða prestakalls inntekt, og hver þeirra einkum þurfi uppbótar við. Einnig hyggjum vèr það í augum uppi, að ekki muni, nú sem stendur, fært að ráða til brauða-uppbótar af landsins sjóði, meðan eigi er sèð fyrir endann á því, hvernig landið fái staðizt öll þau útgjöld, er nú vofa yfir því. Vèr mælum því fram með því — einsog bænarskrárnar frá Barðastrandar og Suðurþingeyjarsýslum biðja um — að ekki sè hreift við endurbót á kjörum presta að svo vöxnu máli.

Minni hluti nefndarinnar — eg prófastur Halldór Jónsson — skal fyrst og fremst leyfa mèr að gjöra grein fyrir þeirri grundvallar-reglu, er eg álít að menn verði að fylgja, þegar ákveða skal borgun fyrir aukaverk presta. Tvennt sýnist einkum vera á að líta: 1. hvað verkið er í sjálfu sèr mikilvægt

og prestinum fyrirhafnarmikið, 2. á efnahag gjaldenda. Sè einúngis litið á hið síðara, og sú borgun ákveðin, er sá fátækasti eigi að greiða, en vonað eptir, að þeir gjaldendur, sem efnabetri eru, borgi meira og minna frammyfir minnsta gjald, — þá er gjört ráð fyrir allri sanngirninni hjá gjaldendum, en prestinum ekki trúað fyrir neinu af henni. Sè hinsvegar að eins litið á hið fyrra, og eptir því ákveðin sú hæfilegasta borgun, þá væri ekki nóg tillit haft til þess, hve misjöfn að eru efni gjaldenda, og ekki nógu berlega bent til, að til meira væri ætlazt af þeim efnagóðu, en að fátæklíngum bæri að hlífa. Því finnst mèr sjálfsagt, að fara meðalveginn, og hafa góða von um sanngirni þeirra, sem gjald eiga að þiggja — ekki síður enn hinna, sem það eiga að greiða; — og ákveða — samkvæmt þessu — minnstu borgun, sem hæfilegt þyki að bjóða presti fyrir aukaverk hans, þegar efnin leyfa, því orðatiltækið „minnsta borgun“ verður — að minni hyggju — eins rètt og eins opt útlagt á þenna veg, einsog að það skyldi merkja „borgun af þeim fátækustu“; mèr virðist það ekki síður hafa tillit til ólíkrar lundar, heldur enn ólíkra efna hjá gjaldendum. Eptir þessu er þá presti ætluð sú sanngirni og samvizkusemi, að hlífa þeim, er minnsta gjald gæti orðið of þúngbært, og af efnamönnum er vonað eptir ríflegra gjaldi enn því minnsta.

Hvort borgun fyrir aukaverk er ákveðin eptir peníngaverði, eða meðalalin í verðlagsskránum, mun optast litlu skipta, en ekki get eg fallizt á þá meiníng meira hluta nefndarinnar, að peníngaverðið sè valtara enn landauraverðið; verð á meðalalin breytist þó nokkuð, og borgi bóndinn í peníngum, verður gjaldið meira, þegar meðalalin er í hærra verði.

Um 1. grein frumvarpsins skal eg, í athugasemd við 4. grein, leyfa mèr að láta í ljósi meiníng mína.

2. grein þykir mèr mega löggyldast óbreytt, því þó segja mætti, viðvíkjandi barnaskírn, annarsvegar: að lægsta borgun fyrir hana væri í hærra lagi, og hinsvegar: að tilhlýðilegt hefði verið, að áskilja presti borgun sèrílagi fyrir ferðina, þegar hann er sóttur til að skíra börn í heimahúsum — sem nú er orðið alltítt — þá held eg, að óhætt sè að eiga í hvorutveggja undir rèttsýni og sanngirni hlutaðeigenda.

Hvað viðvíkur athugasemd þeirri, er meiri hluti nefnd-

arinnar hefir gjört, viðvíkjandi borgun fyrir hjónavígslu, get eg ekki álitið hana á nægum rökum byggða; eg held, að 6 álna munur í borgun fyrir hjónavígslu (eða 12 álnir í allt) muni ekki hamla neinum fátæklíngi — hvort hann er spilsamur eða óspilsamur — frá að gipta sig, og að hann ekki muni mikið um 6 álna virði til að byrja búskap; líka muni hver prestur, einnig í þessu tilliti, hlífa þeim, er hlut eiga að máli, þar sem sanngirni mælir fram með því, þó lögin ekki skipi það fremur enn gjört er í 7. grein. Á það ber einnig að líta, að þessi kostnaður kemur fyrir flestum ekki nema einusinni að á allri æfi þeirra; að hann er sá einasti, sem giptíngunni þarf að vera samfara; að hann greiðist almennt með ljúfu geði.

En — væri nokkur orsök til, að lækka minnstu borgun fyrir hjónavígslu, þá ætti það ekki síður við um fermínguna, því opt láta fátækir foreldrar ferma börn mörg ár í röð, (og þó hefir meiri hluti nefndarinnar álitið, að ekki mætti bjóða minna fyrir þetta verk enn 12 álnir). Að sönnu finnst mèr það líka ísjárvert, að tiltaka mjög litla borgun fyrir fermíngu, að ekki sè, með þessu móti, einsog dregið úr áliti hlutaðeigenda á mikilvægi þessarar háleitu athafnar. Og hvað prestinum viðvíkur, þá finnst mèr það vera þægilegra fyrir hann, að gefa eptir af sanngjörnum rètti sínum, þegar fátækir eiga í hlut, enn að hann sè með löggjöfinni svo takmarkaður, að aðsjálir efnamenn geti, í laganna skjóli, breytt þvert á móti sanngirni og laganna anda. Meiri hluti nefndarinnar hefir líka — og það í athugasemd við legkaupið, sem presturinn á ekki sjálfur — kannazt við líka mannlund og hlífðarsemi hjá mörgum prestum; enda hygg eg það líka óyggjanda, að, megi þess vænta, að einginn efnamaður láti sèr lynda, að greiða presti fyrir aukaverk hans þá minnstu borgun, sem lög heimila — megi því ekki síður treysta, að prestur taki stundum minna enn lög leyfa, og stundum ekkert. Yfirhöfuð vona eg, að ákvörðunin í 7. grein, um, að prestur skuli ekki taka borgun fyrir aukaverk af öreigum, og samvizkusemi eiðsvarinna embættismanna, verði fátæklíngum nægur verndarmúr, hvað borgun fyrir aukaverk og tekjur prestsins hjá þeim yfirhöfuð áhrærir.

Af þessum ástæðum álít eg ekki neina orsök til, að breyta þessari grein í frumvarpinu, en álíti þíngið, að henni skuli

nokkuð breyta, leyfi eg mèr að stínga uppá, að breytíngin verði á þessa leið: fyrir hjónavígslu og fermíngu gjaldi fátæklíngar 6 álnir, en aðrir að minnsta kosti 12 álnir, og fyrir skírn gjaldist 3 álnir minnst.

Um 3. grein: athugasemdir þær, er meiri hluti nefndarinnar hefir gjört við 3. grein, held eg sèu sumpart óþarfar, og eigi sumpart síður við, enn það, sem útá er sett: orðið „forseti“ verður ekki misskilið, þareð „stiptamtmaðurinn“ er nefndur rètt áður, og strax er við bætt orðunum: „og meðdómendur“. Ekki stendur neitt líkt á fyrir hreppstjórum og umboðsmönnum konúngs yfir eignum hans, svo eingum presti mundi detta í hug, að krefja af hinum sama offur, sem þessum er gjört; — að því leiti hreppstjórar eru offur-skyldir, eru þeir sjálfsagt í „búandi manna“ flokki. Ónáttúrlegra finnst mèr, að láta verzlunarmenn og umboðsmenn þeirra greiða offur eptir álnatali enn peníngaverði; eins og mèr yfirhöfuð finnst álnatal síður eiga við hvað offur snertir, enn peníngaverð. En — hvað áhrærir upphæð offursins, er eg að vísu á þeirri meiníng, að offrið sè sanngjarnlega ákveðið til 8 álna af þeim, sem eiga 20 hundr. í fasteign eða lausafè, eða hvorutveggja tilsamans; en mèr finnst þó betur hlýða, að rýmka nokkuð um offurskylduna, eða láta hana ná til fleiri: 1. þessvegna, að þetta gjald kæmi þá miklu jafnara niður; 2. þessvegna, að offrið gæti þá fremur orðið styrkur til að fullnægja stjórnarinnar vilja, að bæta kjör prestanna, og 3. þessvegna, að það mætti þá, eptir tiltölu, vera nokkuð lægra (enn 8 álnir af 20 hundr.), t. a. m. ef offrið byrjaði á 10 hundr. í föstu eða lausu eða hvorutveggja tilsamans, og væri 1 mark (hèrumbil 1 alin) af hverjum 3 hundruðum.

Um 4. grein. Hvað upphæð legkaupsins snertir, þá verð eg að fallast á, að varla sè ísjárvert, með tilliti til fjárhags kirknanna, að setja það í frumvarpinu tiltekna legkaup, 12 og 6 álnir, niður jafnvel til helmínga, þ. e. 6 og 3 álna; þó finnst mèr á það vera að líta, að legkaupið í Íslands elztu kirkjulögum, og í þeim, sem seinna hafa út komið (1782 og 1843), jafnan hefir verið metið á 12 og 6 álnir, eptir aldri. Var þessi upphæð þess af embættismanna-nefndinni í Reykjavík 1841 í einu hljóði álitin sanngjörn, og skal eg leyfa mèr að taka fram, að sú helzta ástæða, sem nefndin mun hafa haft fyrir augunum, var sú: að bæta með þessu kjör prestanna, því amtmaður sál. Thorarensen fór um það svofelldum

orðum: „því þó gjald þetta bæri að nafninu til kirkjunni, væri það samt í raun og veru optastnær tekjur prestsins sjálfs, því hann nyti þess, móti þeirri skuldbinding að viðhalda kirkjunni“. Þessu er er nú að vísu ekki þannveg háttað, því prestinum er legkaupið aldrei til neins hagræðis, þegar hann skilur við kirkjuna skuldlausa, í álagsfríu standi; en margir, sem um þetta efni síðan hafa rædt og skrifað, hafa fylgt hugmynd nefndarinnar, að bæta með þessu gjaldi kjör prestanna, og þessvegna stúngið uppá, að líksaungseyrir yrði ákveðinn til 12 álna, en legkaup til 6 og 3 álna. Fyrir mitt leiti held eg líka, að almenníngi mundi verða þetta geðfelldara, af því hann sæi, að þetta bætti kjör prestanna, en skaðaði ekki kirkjurnar, sem ekki þyrftu þess með. Þó álít eg sjálfsagt, að þetta yrði takmarkað svo, að legkaup og líksaungseyrir til samans aldrei yrði meira, heldur stundum minna, enn eptir tilskipun 8. Marts 1843; og vil eg því að eins mæla fram með því, að líksaungseyrir fyrir börn innan tveggja ára skuli greiddur 6 álnum, en 12 álnum eptir eldra fólk, og legkaup fyrir börn innan tveggja ára 3 álnum, en fyrir eldri 6 álnum.

Hvað sèrílagi áhrærir líksaungseyri fyrir sveitarómaga, þá mun presturinn optast leggja svo ríflegan skerf til þarfa enna fátæku, — auk þeirra afskipta, sem hann hefir af málefnum þeirra, sem opt kosta hann töluvert ómak og umstáng, — að eg fæ ekki sèð neina ósanngirni nè órèttvísi í því, sem margir hafa stúngið uppá, og farið er á flot í nafnlausu bænarskránni, að líksaungseyri — þá er súngið er yfir sveitarómaga — beinlínis beri að greiða úr fátækrasjóði; enda geldur presturinn hann þá meðfram sjálfur. En — hèr er um þvílíka smámuni að tefla, að eg mundi síður hafa feingið mèr það til orða, þó prestum, án undantekníngar, hefði verið gjört að skyldu, að sýngja borgunarlaust yfir sveitarómögum, heldur enn nú, þar sem frumvarpið áskilur þeim þá borgun, sem varla kemur nokkurntíma að, því sjaldan mun svo á standa, að hreppurinn fái endurgoldið það, sem til sveitarómaga var kostað, — auk heldur þá, að presturinn fái líksaungseyri og kirkjan legkaup. Mèr þykir of smásmuglegt, að minnzt skuli vera á líksaungseyri og legkaup í þessu falli, og órèttast finnst mèr það, að láta skuldina til hreppsins gánga á undan þessari skuld til prests og kirkju — þegar hún annars er viðurkennd, — því bæði veit eg ekki betur, enn að útfararkostnað-

ur (og með honum held eg líksaungseyrir og legkaup sè rètt talið) gángi í dánarbúum á undan annara skulda lúkníngu, og líka er þetta samkvæmt kristinrètti Þorláks og Ketils (5. kap. seinast), er svo segir: „nú vinnz til sums, en eigi til alls þess, þá skal fyrst hafa til þess, at búa um lík, en þá at kaupa líksöng; legkaup skal síðar inna". — Samkvæmt því, er nú hefi eg sagt, leyfi eg mèr að mæla fram með því, að ákvörðun þeirri, er í 1. grein stendur um líksaungseyri, þá súngið er yfir sveitarómaga, og í 4. grein um legkaup, í sama tilfelli, verði breytt, annaðhvort þannig: að þegar súngið sè yfir sveitarómaga, skuli líksaungseyrir, og þar á eptir legkaup (4. grein) takast af því, er afgángs verði af eigum hans, þegar annar útfararkostnaður sè borgaður, eða: að líksaung og leg aldrei skuli borga fyrir sveitarómaga.

Um 5. grein: Eg get ekki komizt hjá, að víkja lítið eitt á athugasemdir þær, er meiri hluti nefndarinnar hefir gjört við þessa grein: — 1 er þess getið, að í enu danska frumriti finnist hvergi, að próföstunum sè gjört að skyldu, að skoða kirkjurnar á ári hverju, heldur að eins hvers árs reikníng þeirra. En til að gánga úr öllum skugga um, að próföstum sè gjört að skyldu að skoða árlega kirkjurnar (sem er ein grein af starfa þeim, er próföstum er ætlaður á visítazíuferðum þeirra), og fjárhaldsmönnum kirknanna — hvort heldur eru sjálfseignarkirkjur eða staðakirkjur — að borga próföstum árlega visítazíulaun, — og það ekki einúngis fyrir skoðun kirknanna, heldur einnig fyrir að spyrja börn, og annað, sem þeir eiga að gjöra á þessum ferðum, — er einhlýtt að lesa tilskipan 29. Maí 1744, og bera hana saman bæði við DL. 2 — 16 — 3 og reglugjörð 17. Júlí 1782, 16. grein. — 2. er það að vísu viðurkennt af meira hluta nefndarinnar, að laun prófasta sèu lítil, en þó fundið óráðlegt, að bæta þau með ríflegum visítazíulaunum; þrjár eru nefndar ástæður þess, og er þeirri fyrstu þegar svarað, og þeirri annari líka, að því leiti sem áminnstir lagastaðir sýna, að sjálfseignarkirkjum er eins gjört að borga próföstum visítazíulaun, eins og beneficii - kirkjunum; en — hvort eigandi jarðar þeirrar, er kirkja stendur á, hefir fullkominn eignarrètt yfir sjóði hennar — um það skal eg ekki leyfa mèr að dæma, þó mèr liggi við að efast um það. Það er sjálfsagt, að kirkjan fylgir jörðunni, svo leingi sem konúngur vill, en sóknin viðheldur kirkjunni með gjöldum sínum til henn-

ar, til þess, að opinber og sameiginleg guðsdýrkun geti farið þar fram, en ekki til að auðga einn af fèlagsins bræðrum. Hvað þeirri 3. ástæðunni viðvíkur, þá munu gamlar visítaziubækur gjöra það vafalaust, að kirkjuskoðun muni fyrrum vanalega hafa verið borguð með 30 álnum af höfuðkirkjum og 15 álnum af útkirkjum. Embættismanna-nefndin í Reykjavík 1841 hefir líka sagt, að þetta væri „samkvæmt eldri lögum“, og ímynda eg mèr, að hún — auk annars, ef til vill — hafi haft fyrir sèr tilskipun 29. Maí 1744, sem í 15. grein segir, að prófastar skuli fyrir visítaziuferðir njóta af þeim kirkjum, sem borgað geti, þess, er lögin heimili, og lög þau, sem hèr er skýrskotað til, munu vera DL. 2 — 16 — 10, sem metur borgun þessa á 1 rdl. (specie), sem þá líklega hefir jafngylt 30 álnum, en eptir landauraverði 1782 hafði verið 26⅔ áln. Reglugjörðin frá þessu ári tiltekur 1 rdl. kúrant fyrir skoðun höfuðkirkju, og 48 sk. fyrir skoðun lítillar og fátækrar útkirkju; en 20 álnir (tilskipan 1843) samsvara nú ekki 1 rdl. kúrant, sem eptir landauraverði þá ($4\frac{1}{2}$ = 1 alin) jafngylti $21\frac{1}{3}$ áln.

Laun fyrir skoðun kirkna munu optast vera greidd í peningum — einsog því, sem kirkjur eiga, er svarað í peningum, þá prestar skila þeim. Finnst mèr því hæfilegast, að gjald þetta ekki sè metið eptir álnatali, og að meðalvegur sè farinn með tilliti til upphæðar þess, og það metið — með sanngjarnri hliðsjón til fátækustu kirkna — ekki hærra enn á 4 rbdl., og 2 rbdl. af þeim kirkjum, sem leggja upp á ári hverju, auk vanalegra útgjalda, minna enn 10 rbd., hvort heldur að eru heimakirkjur eða útkirkjur.

Í 6. grein virðist mèr greinilegra, að breyta orðunum: „eptir meðalverði á hverri alin“, þannig: „eptir verði á meðalalin“.

7. grein þykir mèr svo mega vera, sem hún er í frumvarpinu, þó eg ímyndi mèr, að varla muni nokkurstaðar verða nauðsynlegur amtmanns úrskurður um offurskylduna, þegar lagaboðið er skýlaust, og enn síður um það, hverjir að skuli heita öreigar.

Með þeim breytíngum, sem nú hefi eg tilgreint, og hèr á eptir skulu greinilega teknar fram, vil eg mæla fram með, að frumvarpið öðlist lagagyldi.

En — eg álít það skyldu mína, að leiða að endíngu athygli þíngmanna nokkuð gjörr, enn það þegar er gjört af meira hluta nefndarinnar, að innihaldi bænarskránna, þeirra, er upphaf-

lega var getið: þær viðvíkja yfirhöfuð bót á kjörum presta (þó sumar ráði frá henni fyrst um sinn, einsog þegar er á vikið). Tilgángur frumvarpsins er líka sá, að bæta kjör prestanna, því eptir að konúngur, 14. dag Júlímánaðar 1838, allramildilegast hafði boðið, að nákvæmar skyldi íhuga, hversu ráða mætti nægja bót á kjörum presta á Íslandi, t. a. m. með skatta niðurjöfnun á landið sjálft, hefir um málefni þetta verið skrifað, og það verið rædt, bæði á nefndarfundinum í Reykjavík 1841, og á þínginu í Hróarskeldu 1842; en í meðferðinni tók það upphaflega þá stefnu, að rífka borgun fyrir aukaverk, sem mèr virðist ekki geta leidt að takmarkinu, eða með öllu fullnægt konúngsins allramildasta vilja, því aukaverkin falla fæst fyrir í þeim fámennu og fátæku prestaköllum.

Ein bænarskráin skorar, meðal annars, á alþíng, að það allraþegnsamlegast biðji Hans Hátign Konúnginn, að gefa nokkra fasteign til fátækustu prestakalla, og þeirra, er ekki hafa neina bújörð. Önnur fer því á flot, að konúngur af náð sinni og mildi gefi til uppbótar fátækari brauðum þann part tíundarinnar, sem að undanförnu hafi runnið á hans sjóð. Líka er í sumum bænarskránum ráðið til, að steypa saman prestaköllum.

Hvað nú sèrílagi áhrærir konúngstíundina og konúngsjarðirnar, þá er meiníngin í uppástúngum þessum raunar ekki önnur enn sú, að kjör prestanna verði bætt af efnum landsins; en þær eru jafnframt til vitnisburðar um það, að ennþá lifi víða sorgleg endurminníng fyrri tímanna: þá er kirkjurnar voru sviptar flestum menjagripum sínum úr gulli og silfri, þá er klaustragózin geingu frá andlegu stèttinni, og biskupsstóla eignirnar voru seldar, án minnsta tillits til hennar. Og þó nú sè að gjöra við því, sem er, virðist þó, sem andlega stèttin geti á því, er strax var nefnt, meðfram byggt von sína um, að stjórnin sjái henni borgið. Og sè það nú hinsvegar ómótmælanlegur sannleiki, að hvert land verði að sjá þeim embættismönnum sínum, sem ekki verður án verið, fyrir sæmilegu uppheldi; — sè það satt, að andlega stèttin sè á Íslandi nauðsynlegri enn í flestum öðrum löndum (þarsem landið að eins á einn latínuskóla og einn barnaskóla); — sè það satt, að upplýsíng og mentun á landinu styðjist að mestu leiti við prestana; — sè nokkuð í það varið, að þeir geti rækt verk sinnar köllunar með alúð, og þurfi ekki að eyða öllum tímanum til bús-umsvifa og líkamlegs erfiðis (með vinnufólki sínu); —

sè það ísjárvert, og prestsins embættis-myndugleika og andlega verknaði að líkindum til ómetanlegs tjóns, að hann sè þurfamaður sóknarfólksins: — þá er hèr það málefni fyrir hendi, sem að miklu leiti varðar velferð landsins, og þessvegna krefur alvarlega og samvizkusama íhugun þjóðarþíngsins.

Finnst mèr nú fyrst og fremst vera á það að líta, að kjör prestanna eru svo afar misjöfn, að þar sem þau víða hvar, eptir kríngumstæðunum og sèrílagi í samanburði við efnahag landsins, verður að álíta viðunanleg, eru þau sumstaðar svo bágborin, að enna skjótustu úrræða er þörf. En — eg verð að játa með meira hluta nefndarinnar, að mèr finnast ekki, nú sem stendur, kríngumstæðurnar mæla fram með neinni breytíng í því tilliti, nè þau ráð vera fyrir hendi til að bæta kjör prestanna, er einhlýt sèu og fullnægjandi til þess, að málinu mætti heita lokið. Menn vona nú eptir algjörlegri breytíng á skattgjaldslögum landsins, nýju jarðamati, og — ef til vill — breytíng á lausafjártíundar-lögunum o. s. frv.; af öllu þessu getur leidt talsverða breytíng á kjörum prestanna. En áður sú endurbót á kjörum þeirra yrði gjörð, sem til lángframa ætti að vera, væri nauðsynlegt að öðlast greinilega og áreiðanlega vissu um inntekt prestakallanna og sanngjarnlegt eptirgjald bújarðanna (þar sem þær ekki vantar). Og er það álit mitt, að þegar þessi skýrsla væri feingin, þyrfti að bæta öll þau prestaköll, sem ekki næðu hèrumbil 200 rbdl., að meðtaldri bújörð og hlynnindum, en hin mundu hljóta að vera óáhrærð; þó mundi mega takmarka þessa aðalreglu nokkuð á báðar hliðar, helzt eptir hægð og erfiðleika sóknanna, sveitarlagi og öðru fleira. En — hvaðan ætti uppbót þessi að takast? Eg hefi velt nokkuð fyrir mèr þessu spursmáli, og — eptir þeirri aðalreglu, að landið verði að launa prestum sínum — ekki getað fundið annað skynsamlegra svar, enn að uppbótina hljóti að greiða úr landsins sameiginlega sjóði, því þó yms hèruð landsins með þessu móti gjörðu meira, enn að launa prestum sínum, þá er landslagið, og sú óhentuga eða ójafna skiptíng prestakallanna, sem þar af leiðir, orsök í því; en útgjöldunum væri ekki fyrir það ójafnt niðurskipað.

Annað spursmál er það, hvernig landsins sjóður yrði styrktur og aukinn sem mest í þessu skyni, eða svosem til endurgjalds fyrir útlát þessi; og virðist mèr þetta vera eitt af þeim aðalatriðum, sem ekki mætti gleyma, þegar farið væri að leggja

niður inn- og útgjöld landsins (í því skyni, að það bæri sig sjálft). — Til að minka það, sem, eptir áðursögðu, þyrfti árlega að skjóta til prestanna þarfa, gæti það styrkt nokkuð, að prestar í Skálholts stipti feingju sinn part af tíundinni af því selda stólsgózi, einsog líka, ef tíund yrði eptirleiðis goldin af þeim mörgu jarðakúgildum, sem í landinu eru ótíunduð. Það er líka í þremur af bænarskránum vikið á, að sameina mætti prestaköll; en að minni hyggju mun ekki víða svo á standa, að það sè annmarkalaust; það sýnist líka fremur miða til að deyfa, enn glæða, hið andlega lífið, að fjölga annexkirkjum; það hlýtur að gjöra sóknirnar erfiðari, bæði fyrir fólkið og prestinn, og ef presturinn fyrir þá sök þarf að taka kapellán fyrri enn ella, þá er í rauninni eitt brauð ætlað tveimur, og kjör prestanna ekki töluvert bætt, — og að fækka mikið brauðum, en stækka skólann, sýnist ekki hvað öðru samkvæmt. Nóg eru líka dæmi þess, að prestar (helzt heilsutæpir og aldraðir) sækja frá erfiðari og inntektameiri brauðum, að öðrum, sem hægri eru, en inntektaminni.

Nú sýnist mega gánga að því vísu, að þeirri uppástúngu, sem nú hefi eg gjört um uppbót á þeim fátæku köllunum, þó þíngið — sem eg vona — vilji mæla fram með henni, ekki muni geta orðið framgeingt innan mjög lítils tíma. Þar á móti er það víst, að sá tími fer nú í hönd, að það verður töluvert kostnaðarmeira og erfiðara, að komast í andlega stètt, enn hingað til verið hefir, einsog líka mentunin, að vonum, verður meiri.

Leyfi eg mèr því að stínga uppá, og vona þess, að þíngið allraþegnsamlegast mæli fram með því, að konúngur allramildilegast vilji leyfa, að 1000 rbd. megi úr jarðabókarsjóðnum árlega verja til þess, að bæta kjör prestanna á þeim fátækustu brauðunum, þángaðtil því augnamiði — til hvers hann í 6 ár, frá 1838, hefir árlega látið verja jafnmiklum peníngum, — verður náð á annan hátt.

Eptir áðursögðu verður álit nefndarinnar á þessa leið:

Um 1. grein frumvarpsins. Meiri hluti nefndarinnar: að hún löggyldist óbreytt; — en minni hlutinn: að henni beri að breyta á þá leið: að líksaungseyrir skuli goldinn fyrir börn innan tveggja ára 6 álnum, og fyrir eldra fólk 12 álnum; og þegar súngið er yfir sveitarómaga, skuli líksaungseyrir takast af því, er afgángs verði af eigum

hans, þegar annar útfararkostnaður er borgaður, en gjaldist ekki,ef enginn afgángur verður; eða að öðrum kosti: að líksaung aldrei skuli borga fyrir sveitarómaga.

Um 2. grein. atkvæði meira hlutans: „Fyrir hjónavígslu skal gjalda að minnsta kosti 6 álnir, fyrir barnaskírn 3 álnir minnst, og 2 álnir fyrir að leiða í kirkju; fyrir undirbúníng barna til fermíngar og fermíngu að minnsta kosti 12 álnir. Þegar presturinn“ o. s. frv.

Aðalatkvæði minna hlutans: að greinin verði óbreytt í lög leidd; en varaatkvæði: „Fyrir hjónavígslu gjaldi fátæklíngar 6 álnir, og eins fyrir fermíngu; en aðrir 12 álnir minnst fyrir hvort um sig; fyrir barnaskírn gjaldist 3 álnir minnst, og 2 álnir fyrir að leiða í kirkju. — Þegar“, o. s. frv.

Um 3. grein. atkvæði meira hlutans: að fyrir orðið „forseti“, verði sett „yfirdómandi“, og fyrir „2 dali“ (bls. 54. l. 1.): „12 álnir“; og að orðin „aðrir þjónar“ annaðhvort verði úr felld, ellegar í stað þeirra sett: „og lögreglumenn í Reykjavík“.

Atkvæði minna hlutans: að klausan: „Svo skal og hver búandi maður“, o. s. frv., breytist á þá leið, að offurskyldan byrji á 10 hundr. eign í fasteign og lausafè, eða hvorutveggja til samans, og sè 1 mark (eða 1 alin) af hverjum 3 hundruðum.

Um 4. grein. Atkvæði meira hlutans: „Legkaup til kirkju skal greiða fyrir börn, yngri enn tvævetur, 3 álnum, en fyrir eldri 6 álnum. Þegar“, o. s. frv.

Atkvæði minna hlutans: fyrri hluti greinarinnar eins (3 og 6 álnir); en að legkaup fyrir sveitarómaga gjaldist næst líksaungseyri, samkvæmt fyrstu grein — eða að öðrum kosti ekki.

Um 5. grein: Atkvæði meira hlutans: að fyrir skoðun á kirkju hverri taki prófastur 20 álnir, en að eins 10 álnir, þegar tekjur kirkjunnar árlega — að frá dregnum öllum ársgjöldum — eru ekki meiri enn 12 rbd.

Atkvæði minna hlutans: að seinni partur greinarinnar breytist á þessa leið: „Fyrir skoðun á kirkju hverri tekur prófastur 4 rbd., en að eins 2rbd., þegar kirkjan er fátæk, eða leggur minna upp á ári hverju — auk vanalegra útgjalda — enn 10 rbd. (og ef hlýða þykir, að halda þeirri sèrlegu ákvörðun um Grímseyjar og Vestmannaeyja kirkjur, þá verði laun fyrir skoðun þeirra tiltekin í peníngaverði).

Um bænarskrárnar. Atkvæði meira hlutans:

að betrunar tilraunum á prestanna kjörum, að öðru leiti enn hvað frumvarpið snertir, ekki verði hraðað, án þess umgetna nauðsynlega undirbúnings.

Atkvæði minna hlutans: að alþing allraþegnsamlegast mæli fram með því, að konúngur allramildilegast vilji leyfa, að 1000 rbdölum megi úr jarðabókarsjóðnum árlega verja til þess, að bæta kjör prestanna á þeim fátækustu brauðunum, þángað til því augnamiði, til hvers hann í 6 ár, frá 1838, hefir árlega látið verja jafnmiklum peníngum, verður náð á annan hátt".

Framsögumaður: Það fyrsta spursmál, sem að minni hyggju hlýtur að koma til álita, þegar hugleiða skal málefni þetta, er það: hvort hæfilegt sè, og í alla staði vel tilfallið, að prestum sèu borguð (af hlutaðeigendum) aukaverk þeirra. Það má, að mèr virðist, mæla bæði með þessu og móti því, þegar maður lítur á prestsins andlega verknað, og stöðu hans og samband það, er hann stendur í við sóknarfólkið; en það er annað, sem gjörir það — hvað íslenzku prestunum viðvíkur — vafalaust, hvernig svara verði þessu spursmáli, og það eru þau litlu föstu laun, sem þeir hafa, yfirhöfuð að tala. Annað spursmálið er það, hvort nauðsynlegt sè lagaboð um þetta efni, eða hvort rèttast sè, að láta hvern ráða því, er hann gefur presti fyrir aukaverk hans. Að lagaboð um þetta sè nauðsynlegt, mun enginn hika við að játa, sem sannar máltækið: „svo er mart sinnið, sem maðurinn er"; — og meina eg þetta ekki einúngis til fólksins, heldur einnig til prestanna, — því bágara mun vera að gjöra suma ánægða enn suma, og þegar eingin er reglan, er hætt við, að ýmist of eða van verði að siðvenju, og komi, ef til vill, ekki alltènd sem bezt niður. Þriðja spursmálið: eiga lögin að vera sanngjörn eða eigi? er óþarft — það segir sig sjálft; og fjórða spursmálið verður þá: eru nú til sanngjörn lög og mátulega yfirgripsmikil um kjör prestanna í því tilliti, sem hèr skal um ræða? hver, sem skoðar tilskipun 8. Marz 1843 (sem er það seinasta lagaboð um þetta efni), mun hika við að samsinna þessu. Og þessvegna hefir nefndin orðið samdóma í því, að æskilegt væri að fá nýtt lagaboð, er sanngjarnara væri og yfirgripsmeira. Að nokkur ágreiningur hefir orðið milli nefndarmanna um frumvarpið, er víst ekki af því, að bæði meiri og minni hlutinn óski ekki, að lagaboð-

ið verði sem sanngjarnast, og bæði fólkinu og prestinum geðfelldast, heldur, ef til vill, af nokkuð ólíkum skoðunarmáta á ymsum atriðum. Og hvað sèrílagi álit mitt snertir, tek eg það fram aptur, að það er sanngirnin, sem eg stöðugt hefi haft fyrir augunum, hvernig sem mèr hefir tekizt að fylgja henni, og vil eg reyna að rèttlæta mig í þessu tilliti, ef þörf gjörist.

Prófastur Hannes Stephensen: Fyrst eg sè, að einginn ætlar að standa upp, hlýt eg að gefa til kynna furðu mína, er eg ætla, að meiri hluti þíngmanna muni finna til einsog eg, á því, hversu hinn meiri hluti nefndar þeirrar, sem alþíng kjöri til að segja upp álit sitt um það, hvernig kjör prestanna á Íslandi mundu verða bætt, virðist hafa misskilið konúngsins allramildasta vilja, og ekki að eins notað uppástúngu einstakra bænarskráa, nefnilega frá Barðastrandar og Suðurþíngeyjar-sýslum, er ráða frá því, að hreift sè við þessu máli, þángaðtil öðrum sköttum, gjöldum og álögum í landinu verði komið í betra og vissara horf, enn nú er, heldur, í stað þess, samkvæmt enu konúnglega frumvarpi, að mæla fram með því, sem kjörum presta átti að vera til ríkunar, að reyna til, allstaðar þar, sem því verður við komið, að draga úr og minka, það sem hinir upplýstustu og sanngjörnustu menn hafa stúngið uppá, og hafa það eina sèr til ástæðu í þessu, að bótin lendi að eins á enum fjölmennari og, sem nefndin kallar, betri brauðunum. Má þó finna þau, er góð kallast, og eru fámenn.

Það lítur svo út, sem nefndinni hafi svo ægt gjöld presta á hinum fjölmennari brauðunum, að ekki væri gjöranda að bæta hin fámennari og fátækari, sem bót munu þó þurfa, að nefndarinnar áliti, svo ekki yrðu kjör þeirra prestanna, er á hinum brauðunum sitja, úr hófi góð; hefði nefndin, þegar hún draga vill eptir megni úr borgun aukaverkanna, í þessu skyni stúngið uppá einhverju til bóta hinum fátækustu brauðunum, hefði öðru máli verið að gegna, en mèr virðist, sem hún hafi keppzt við að rífa niður, en ekkert viljað byggja upp í staðinn. Vil eg nú stuttlega yfirfara uppástúngur hennar, eptir greinum frumvarpsins.

1. grein vill nefndin þó láta standa.

2. gr. Borgun fyrir hjónavígslu þykir nefndinni geysi há; segir, að fátækan muni um 6 álnir; ætlar hann líklega ekki búfæran eptir, en hyggur, að þær 6 álnirnar, er hún vill draga

af prestinum, sè fátæklíngum góður búreisnarstofn, og leingi megi af þeim lifa; 6 álnir sèu nóg borgun fyrir prestinn fyrir ferðalag hans, máske lángan veg, ómak hans og ræðu. Skírnartollurinn vilja þeir sèu 3, en ekki 4 álnir, hversu lángt sem presturinn er sóttur til að skíra börn í heimahúsum, sem nú tekur að tíðkast. Þetta finnst mèr ósanngjarnt; en þegar prestur skírir barn heima hjá sèr eður í messu, er ómak prestsins lítið, og þá fæst eg ekkert um borgunina.

4. gr. Legkaupin þykja nefndarmönnum lángt um of há, 12 og 6 álnir; eru nú kirkjurnar, þegar legkaupin skal taka, fullríkar í þeirra augum, og verða ekki fátækar fyrr, enn þær eiga að fara að gjalda prófastinum skoðunarlaunin. En hvernig sem þessu er varið, hlýt eg að mótmæla, að kirkjurnar missi þess rèttar, sem þær hafa haft frá alda öðli, þó eg að öðru leiti ekki neiti, að legkaup sè hið óviðfeldnasta gjald, og sanngjarnt væri máske, að hver kristinn maður feingi leg kauplaust í kirkjugarði. Meiri hluti nefndar segir, að prestar á útkjálkum landsins bíði skaða af, að legkaup sè svo hátt, því þar sem fólkið sè svo fátækt (óvíst er, að það sè fátækara þar enn annarstaðar) hljóti prestarnir einatt sjálfir að gjalda legkaupin fyrir ena fátæku af sínum eigin rýru launum; allir sjá, hversu sanngjarnt þetta er.

5. gr. Þá kemur meiri hlutinn til visítazíulauna prófastanna, þykir honum árlegar visítazíur óþarfar, einkum þegar kirkjur eru nýbyggðar; eg ætla heldur, að kirkjur þurfi helzt þær sèu skoðaðar þegar þær eru nýjar, og þurfa helzt hirðíngar við, en fallnar þarf miklu síður að skoða þær. Annars ætla eg það vera lagaboð, og hverjum prófasti stránglega boðið í erindisbrèfi hans, að visítera kirkjur, í hið minnsta einusinni á ári, og optar, ef þörf gjörist; þar hjá þykir meira hlutanum borgun sú, sem frumvarpið til tekur, afskaplega há, og að borgun sú, sem reglugjörð 17. Júlí 1782 tiltekur, sè nær hæfi við fyrirhöfn prófastanna; sèu því 20 og 10 álnir gild borgun fyrir visítazíu aðalkirkna og annexía; ætla eg þó, að 30 og 15 álna borgun sè leingst brúkuð í landinu og heimiluð með laganna 2—16—10, hvar prófasti er áskilinn 1 rdl. spec., sem samgylti 30 álnum, og samgyldir enn víða í landskulda gjaldi; skilst mèr því ekki betur, enn reglugjörðin 17. Júlí 1782 gjöri að óvörum úr

1 rdl. spec. 1 rdl. cour., sem þó er á við 21⅓ áln. Það er og meiníng meira hlutans, að kirkjur eigi að eins að borga skoðunargjörðina, einkum bændaeigna kirkjur, en úngdóms yfirheyrsla komi þeim ekki við, nè önnur störf prófasts; en það ætlaða eg fyrst, að sóknarbændur, er kirkjugjaldið kemur frá, vildu einnig láta börn sín yfirheyra og hirða um þau í andlegan máta; það ætlaða eg einnig, að sóknargjald væri kirkjunnar eigin eign, sem aldrei ætti að renna í sjóð ens svonefnda kirkjueiganda, því á hinu mun vafi, að minni meiníngu í hið minnsta, að kirkjugóz sè annara eign enn sjálfrar hennar, sem hvorki geingur að sölu nè erfðum. Hvað því viðvíkur, að kirkjur þær skuli fátækar heita, sem ekki safna meiru enn 12 rbd. árlega, að borguðum öllum vanalegum kostnaði, hlýt eg að mótmæla því, og benda til, að mikið sè undir komið, hvernig kirkjunnar reikníngar eru haldnir.

Í tilliti til 3. greinar hlýt eg að áskilja mèr breytíngaratkvæði það, að hver maður fulltíða, sem á svo mikið fè, að offurgjaldi nemi, skuli einnig offra, þó hann sè hjú, því konúnglegt lögmál er fyrir, að hjú þau, sem eiga 60 álna tíundarverð, skuli gjalda presti dagsverk og hálfan ljóstoll.

Mèr virðist og, að í 5. grein ætti að vera tiltekið, hver laun prófastur hafa eigi fyrir úttekt kirkju og staðar, og fyrir að setja inn prest, og áskil eg mèr því þau breytíngaratkvæði:

1. að prófastur fái sömu borgun fyrir úttekt hverja, einsog fyrir visítazíu, og ferðakostnað að auki — og

2. sömu borgun fyrir að setja prestinn í kallið, og ferðakostnað, ef ekki verður við komið að gjöra hvorttveggja í sömu ferðinni.

Fyrst nú er svo mikið rædt, en lítið gjört, til að bæta kjör prestanna, vilda eg stínga uppá, að sjóðir þeir, sem kirkjur fá safnað með góðri reiknínga umsjón, hvort heldur eru staða eður sjálfseignar kirkjur, sèu settir á vöxtu, að svo miklu leiti, sem viðhald þeirra leyfir, og ávöxtunum varið til uppbótar hinum rýrustu brauðum, án þess það sè bundið við brauð þau, hverra kirkjur eiga sjóðinn, og áskil eg mèr viðauka-atkvæði um þetta.

Jón bóndi Samsonsson: Eg verð að leyfa mèr að geta þess, að hinn háttvirti þíngmaður Borgfirðínga gefur oss, meira

hluta nefndarinnar, skuld á því, að vèr höfum ekki haldið leingra frammí að segja upp álit vort um, hvernig að bætt verði kjör prestanna. Orsök til þess er að nokkru leiti sú, sem bæði er talin í álitsskjali voru, og jafnvel af minna hluta nèfndarinnar, nefnilega, að gjöra þurfi áreiðanlegt mat brauðanna (með tilliti til bújarða prestanna) af fleiri mönnum enn prestum sjálfum; og þar nú hafa verið sendar bænarskrár til alþíngis um almennt jarðamat, sem bæði er nauðsynlegt að fá, og menn vona einnig að fáist, þá getur öllum verið fullkomlega ljóst, að það getur miklu breytt, upp og niður, í kjörum prestanna, frá því sem nú er, og vel má verða, að sú rannsókn gefi fleiri úrræði til bóta, enn menn þekkja nú. Það er líka bæði meiníng mín og annara, að á einstöku stöðum megi að skaðlitlu sameina brauðin og fækka prestaköllum.

Framsögumaður: Eg kannast við það, að minni hluti nefndarinnar sá ekki ráð til, að bæta til hlýtar kjör fátæku prestanna í bráð; en hann fann þó ekki, að þetta gæti nægt, eða að það mætti í þessu ráðaleysi leggja með öllu árar í bát, og stakk þessvegna uppá, að þeir feingi hugnun, þángað til bótin kæmi á annan hátt. Ef þörf er annars á, að bæta kjör þeirra presta, sem nú hafa lítið, og eigi sjást ráð til að gjöra það strax til hlýtar, þá verður að hjálpa þeim dálítið í bráð; þeir geta ekki lifað af voninni, — hún rætist, ef til vill, ekki á þeim, og sè þess þörf, að bæta brauðin fyrir eptirmenn þeirra, þá er það líka fyrir þá sjálfa. Eg fèllst á, að legkaupin yrðu niðursett, vegna þess eg vissi til, að legkaupið var einkanlega óvinsælt meðal almúga, og hèlt, að kirkjunum — að því er eg þekki til — mundi verða borgið fyrir það; þó lèt eg líka í ljósi, að ísjárvert mætti álíta, að mínka við kirkjurnar þetta gamla og lögboðna gjald; en hvað staðakirkjunum viðvíkur, þá er aðgángur að prestunum, ef þær brestur; til þess, að legkaup og líksaungseyrir tilsamans aldrei yrði hærra enn eptir fornri venju, stakk eg líka uppá, að líksaungseyrir fyrir börn skyldi vera hálfu minni enn fyrir fullorðna, þ. e. 6 álnir, og hafði meðfram fyrir augunum, að fátækir foreldrar missa opt úngbörn. Í dánarbúum er ekki heldur legkaup og líksaungseyrir tilsamans, eða 3 rbd., hættuleg útgjöld; yfirhöfuð að tala: sèu erfíngjar margir, missir hver lítið, en sè einn erfinginn, fær hann allan arfinn (að frádregnum skuldum). Hvað áhrærir uppástúngu ens virðulega þíngmanns úr Borgar-

fjarðarsýslu, þá finnst mèr það hart, að gjöra prestum að skyldu, að lána kirkjum sínum rentulaust það, sem þær við þurfa, t. a. m. meira eða minna af byggíngarkostnaði þeirra, en að þeir þó ekki megi hafa sjóð þeirra undir hendi, þegar svo stendur á, að þær eiga hann nokkurn, heldur vera skyldir til að koma honum á vöxtu, til þess aðrir (en hvorki þeir sjálfir — nema í einstökum tilfellum — nè kirkjurnar) njóti vaxtanna.

Prófastur Hannes Stephensen: Hèr ætla eg orð mín misskilin; prestur eða kirkju-fjárhaldsmaður á, eptir uppástúngu minni, ekki að þurfa að lána kirkju sinni, því ekki ætlast eg til, að fè kirkju sè fyrr sett á vöxtu, enn hún hefir nógu safn að, og afgángur þess, sem líklegt er að vinnist henni til við halds, með því, er hún leggur upp síðar, á einn að ávaxtast; en komi ófyrirsjáanlegt tjón að, má taka af ávaxtafènu henni til viðreisnar; getur hún því aldrei orðið fjárhaldsmanni sínum skuldug.

Assessor Johnsen: Eg ætla mèr að vísu ekki að fara mörgum orðum í þessu máli, en eg verð að geta þess, að mèr virðist, að minni hluti nefndarinnar hafi mist sjónar á aðalatriði því, sem mikils er varðanda, og umtalsefnið er í þessu máli, að bæta kjör prestanna, þegar hann ætlast til, að laun prófasta, fyrir að skoða kirkjur, sèu hækkuð svo mjög, úr því sem þau eru nú. Því verður að sönnu ekki neitað, að prófastar líka þurfa sinna muna við, og að tekjur þeirra máske ættu að fara batnandi, en þegar nú svo stendur á, að laun prófastanna fyrir kirknaskoðun á að taka úr sjóði kirknanna, og prestar njóta þess ágóðans, og þeirra tekja, sem kirkjunum gjaldast, enn þótt þeir árlega gjöri reikníng fyrir þeim, svo virðist mèr, að kjör prestanna, sem þó eru hinir flestu af andlegrar stèttar mönnum, hljóti að fara versnandi að því skapi, sem laun hinna fáu prófasta landsins með þessum hætti yrðu aukin, og á þetta eigi síður við breytíngaratkvæði þau, sem hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga hefir áskilið sèr, með tilliti til launa prófasta, fyrir að taka út kirkjur og að setja inn presta á brauðin.

Prófastur Hannes Stephensen: Mótsögn þessi er á svo völtum grundvelli byggð, að eg ætla hún muni detta um sjálfa sig. Það hefi eg aldrei heyrt fyrri, að fè kirkju og prests væri eitt og hið sama; vissastur vottur þess, að svo sè ekki, er það, að þegar prestur yfirgefur eða deyr frá kirkju, sem safnað hefir

porzíón, verður hann, eða erfingjar hans, að svara til porzíónarinnar, hvað sem kostar. Væri fè kirkju og prests eitt og sama, þá þyrftu prófastar ekki að visítera, eða dæma um kirkna reikníngа, sem eingir ættu að vera, ef presturinn á allt. Ef þíngið getur fallizt á meiníngu mótmælanda, þá er umræðu um laun prófasta lokið, því eg ætla þá embætti þeirra óþarft og ætti það að aftakast.

Assessor Johnsen: Það er sjálfsagt, að fè prestanna og kirknanna er sitt hvað, en í reyndinni kemur þó allt, einsog drepið er á í álitsskjali nefndarinnar, hèrumbil í sama stað niður, þegar eingar skorður eru reistar við eyðslu kirkjugjaldsins af prestsins hálfu, og ætla eg það eigi muni vera, nè heldur, að prestum sè gjört það að skyldu, að setja sjóð kirknanna eða tekjur á vöxtu fyrir þær eða brauðin, jafnóðum og þær koma inn, og lendir allt við sama, þó prestarnir á ári hverju gjöri reikníngа fyrir kirkjugjöldunum, enda mun það opt koma fyrir, að prestar fari og deyi svo frá brauðum, að ekkert er fáanlegt af því, er kirkjur eiga hjá þeim eptir reikníngunum, og veit eg þarhjá eigi betur, enn að sjálft kansellíið sè og hafi verið á því, að svo fari bezt hèr í landi, að prestar njóti kirknatekjanna, á meðan þeir eru við brauðin, og að þess ekki sè kostur, að bæta kirkjum þann skaða, sem eigi verður bættur af prestunum sjálfum eða dánarbúum þeirra, nè heldur prestum það, sem þeir eiga hjá kirkjum, þegar þeir fara frá.

Framsögumaður: Mig furðar á, að hinn virðulegi þíngmaður fyrir Árnessýslu mælti ekki heldur á móti því, að lækkuð væru legkaupin, heldur enn með hinu, að dregið væri af visítazíulaununum, til að forða kirkjunum tjóni. Ekki get eg heldur fallizt á, að prestarnir geti sóað sjóði kirknanna, svo þeim verði hætta af búin, því eg held, að prófastur sè skyldur til að hafa gát á, hvort prestur er áreiðanlegur borgunarmaður fyrir fè kirkjunnar, og ef út lítur fyrir, að hann verði það ekki, gjöri þá ráðstöfun, er hlýti til að vernda fè kirkjunnar.

Assessor Johnsen: Mèr þótti því síður þörf á, að minnast á legkaupin áðan, sem eg hafði prestanna hag fyrir augum, og mèr að hinu leitinu þykir þau næsta hátt ákveðin eptir 4. grein frumvarpsins; en geti prestunum komið, að hafa þau minni, er eg líka alveg á því, og þarf þá að eins að skýrskota til þess, sem stúngið er uppá í nefndarskjalinu að því leiti.

Umboðsmaður R. M. Ólsen: Með tilliti til þess, sem þeir tveir herrar hinnar andlegu stèttar mæltu, viðvíkjandi kirknaskoðunarlaunum, að þau mundu tilforna hafa verið 30 álnir af heimakirkjum, og 15 álnir af útkirkjum, þá leyfi eg mèr að geta þess, að eg algjörlega efast um, að slík borgun hafi verið hèr lögskipuð eða tíðkanleg. Eg þekki ekki annað eldra lagaboð fyrir Ísland, viðvíkjandi kirknaskoðunarlaunum prófasta, enn 15. grein í tilskipun frá 29. Maí 1744, og er í þessum artíkula vísað til laganna um upphæð kirknaskoðunarlauna; en hver lög þar eru meint, veit eg ekki, þareð dönsku og norsku laga 2. bók aldrei hefir verið hèr lögleidd, því af konúngsbrèfi frá 26. Júní 1782 sè eg fyrst merki til, að löggjafarinn skýrskotar til þeirra, sem vara-laga. Eg gjöri nú við, að þau lög, sem tilskipan frá 29. Maí 1744, 15. grein, bendir til, hefðu verið Dl. 2 — 16 — 10; þá jafngylti aldrei 1 rdl. species 30 álnum; því eptir tilskipun frá 6. Desember 1619 gylti 1 rdl. species 45 fiska, og eptir tilskipuninni frá 6. Maí 1684 og 10. Apr. 1702 48 fiska, og gylti hin seinast nefnda tilskipan yfir 30 ár, eptir að tilskipan frá 29. Maí 1744 var útgefin; og eg hefi heldur einga ástæðu til, að ætla löggjafaranum þá ónærgætni, að niðursetja næstum til þriðjúnga visítazíulaun prófasta með reglug. 17. Júlí 1782, ef þeir hefðu um heila öld á undan rèttilega átt 30 og 15 álnir. Hèr af leiðir þá, að eg álít próföstum fremur til minkunar enn sóma, ef kirknaskoðunarbækur skyldu sýna, að þeir hefðu þegið 30 álnir af heimakirkjum og 15 álnir af sjálfseignarkirkjum í kirkna-skoðunarlaun, en hafa einga lagaheimild fyrir, að þeir rèttilega ættu slíka borgun.

Prófastur H. G. Thordarsen: Þótt eg viti það olli málaleingíngar á þínginu, verð eg þó að láta meiníngu mína í ljósi í þessu efni, því fremur, sem mèr nú virðast umræðurnar vera komnar nokkuð á víð og dreif, svo lítið miði að ályktun um þau atriði, sem fyrir liggja, og hygg eg þá haganlegast, að eg segi meiníngu mína, svo stutt sem verða má, eptir greinum frumvarpsins.

En áður enn eg geing til þess, verð eg að láta gleði mína í ljósi yfir því, er hinn háttvirti fulltrúi úr Borgarfjarðarsýslu mælti nýlega, um sjóði kirknanna, því eg hafði ætlað mèr sjálfur að láta það uppi hèr á þíngi til ýtarlegri yfirvegunar, og veit hann þó sjálfur, að það efni hefir eigi komið til

umræðu okkar á milli. — Þegar verið er að ræða um endurbót á kjörum prestanna, sýnist sem eigi kæmi annað betur við, enn að kirkjurnar, af því, sem þeim yrði afgángs, bættu kjör prestanna; nú munu ymsar kirkjur hafa komið afgángsfè sínu í jarðabókarsjóðinn, og væri það æskilegt að fá vitneskju um, hversu mikið fè þeirra þegar stæði á rentu, svo þaraf mætti ráða, hvort eigi gæti þar af orðið sá höfuðstóll, er nægði til að bæta upp fátækustu prestaköll landsins — veit eg eigi til, að þessari hugsun hafi fyrr verið hreift, og þykir því nytsamlegt, að hún sè vakin og styrkt til ýtarlegri yfirvegunar. Því næst vil eg víkja að frumvarpsins:

1. grein. Líksaungseyrir vil eg haldi sèr, einsog hèr er tiltekið, og ætíð hefir við geingizt, og eg get eigi fallizt á þá meiníng minna hlutans, að taka af legkaupinu helmínginn til að hækka upp líksaungseyri, því þyki legkaup of hátt, þá verður með þessu móti sama að segja um líksaungseyri, því útgjöldin falla bæði á alþýðu. Það, sem talað er um sveitarómaga, hefði mèr þótt betur, að hefði verið undan fellt, af því um þvílíkt lítilræði er að gjöra, og presti stendur rètt á eingu, hvort heldur er; en þar sem þó er farið um það svo mörgum orðum, mættu margir ætla, að eigi væri um svo lítið að gjöra, þótt það sè einkis virði; en af því það þó er rèttvíst, þó í litlu sè, áskil eg mèr eigi breytíngaratkvæði í þessari grein.

2. grein. Eg get eigi verið meira hlutanum samdóma í því, að lækka borgun fyrir hjónavígslu. Þetta kemur einusinni fyrir í hvers manns lífi, eður rèttara sagt, einginn gjörir ráð fyrir því, nema einusinni, og eg álít eingan þann giptanda, sem eigi getur borgað presti þetta; enda er það mín reynsla nú í 25 ár, að einginn hefir, að undanteknum sárfáum, sem eigi eru teljandi, boðið mèr minna fyrir hjónavígslu, enn 1 spesíu. Líka verð eg að fallast á þá borgun aðra, sem er ákveðin í greininni, því mèr virðist of smásmuglegt, að lækka eður hækka eitthvað af þessu um 1 eður 2 álnir. Það, sem talað er um fylgdarmenn, er að sönnu smásmuglegt, og hefir aldrei, svo eg viti, gefið tilefni til ágreiníngs milli prests og sóknarfólks, en af því það er rèttvíst og sanngjarnt, gefst eigi tilefni til að mæla á móti því.

3. grein. Hèr skilur mig mest á við frumvarpið, og mun eg þegar í stað æskja mèr þar breytíngaratkvæðis, einsog nú stendur sannfæríng mín. Flokkaskipun er hèr þreföld, og set eg

það fyrst útá hana, að eg sè ekki, hversvegna ekki sumir, sem eru í enum seinna flokki, megi vera í hinum fyrri, svo sem umboðsmenn konúngseigna og kaupmenn, því víst er um hina síðar nefndu, að þó eigi sèu þeir embættismenn, þá er samt stöðu þeirra og lífernisháttum svo varið, að eigi er síður ætlanda til offurs af þeim, enn mörgum embættismönnum. En verði nú þessir fluttir upp, þá verða svo fáir eptir, sem eigi að binda við vissa upphæð á offri, að það lítur tortryggnislega út, á móts við hina mörgu, sem eru látnir ráða því sjálfir; mundi því lagaboðið verða óvinsælt, og prestar verða fyrir hallanum; eg vil því telja upp þá, sem offur eiga að greiða, einsog talið er í greininni, en bæta við í endanum, án tillits til nokkurs flokks, að offur megi aldrei vera minna enn 8 álnir, einsog líka minnst er til tekið í frumvarpinu. Eg get því eigi fallizt á minna hlutans meiníngu, að offur eigi að takast, 1 alin af hverjum 3 hndr., og þykist þó sjá, að þessi uppástúnga hafi þó verið byggð á góðri meiníngu, þar sem það þótti illt, að offur stígi eigi nokkuð eptir efnunum; en þó finnst mèr ógjörníngur að fara þessu fram, þar mèr sýnist, að með því gleymist eðli offursins, sem er fríviljug gjöf af hinum efnaðri, sem ekki einúngis er bundin við efnin ein, heldur og við þær mætur, sem hver hefir á presti sínum, og lángar til að sýna honum, einnig með því, að greiða meira enn lögboðið sè. Líka sýnist mèr, að þegar offur er bundið við hundruð og fer vaxanda með þeim, að það líkist skattalögum meir enn góðfúsu gjaldi, og að þá sè prestsgjald þetta orðið áttavillt. Eg áskil mèr því þegar breytíngaratkvæði í þessari grein.

4. grein. Með legkaup verð eg að fylgja því fast fram, að það sè mikils til of hátt, og að helmíngur þess nægi. Leingi hefir það verið borgað með 54 sk., og hefir kirkjum eigi orðið að meini, því þetta minna hefir þeim verið greidt; alþýðu er þetta gjald næsta óvinsælt, og margir álíta það sem ný lög; eg ætla því muni bezt haga, að setja það niður til helmínga, 6 álna fyrir fullorðinn, og 3 álna fyrir úngbarn, og er eg í þessu samdóma meira hluta nefndarinnar.

5. grein. Visítazíulaun prófasta þykja mèr hèr heldur há, ekki af því, að þessi laun sèu teljandi eptir próföstum, heldur af því, að þau eru kirkjunum of þúngbær. Prófastar verða mest að gángast fyrir því, að þeir hafa álit umfram aðra presta, og aðgáng til hinna betri eður beztu brauða eptir ástæðunum,

þó vil eg eigi, að laun þeirra sèu nær því fyrirlitleg, eins og um tíma hefir við geingizt. Þann tíma, sem eg var prófastur, fèkk eg 1 rbdl. af höfuðkirkju, en 48 sk. af útkirkju, en eg vil prófasti nægi í visítazíulaun 20 álnir af höfuðkirkju, en 10 af útkirkju, og er eg í þessu samdóma meira hluta nefndarinnar, enda skildi þar lítið á, þar sem minni hlutinn tók til 24 álnir. Orðin „lítil og fátæk útkirkja" vil eg fella úr; þau fá leidt til þess skilníngs, sem eigi prófastur jafnt af öllum kirkjum, enda mun hann þá sjálfur eiga að dæma um, hver að sè lítil og fátæk útkirkja; eg vil helzt, að eingin sè undantekníng frá því, hvort heldur kirkjan er rík eður fátæk, að hann fái þau laun, sem áður eru tiltekin, og áskil eg mèr breytíngaratkvæði.

7. grein. Eg er samþykkur því, að af öreigum eigi einga borgun að taka fyrir prestsverk, en þá vil eg, að einskorðað sè, hver megi álítast öreigi, og þykir mèr, sem sá megi svo heita, sem annaðhvort þiggur af sveit eður getur eigi goldið til sveitar. Þykir mèr betur að svo sè, enn að þvílíku sè skýrskotað til amtmanns, því þetta sýnist mèr hálfpartinn skjóta nokkuð skökku við, og þætti mèr bezt á því fara, að lög gjörðu sem minnst ráð fyrir ágreiníngi á milli prests og sóknarfólks útaf tekjum; ætíð er hægt að klaga. Eg áskil mèr breytíngaratkvæði.

Þótt nú sè búið að ræða um frumvarpið, þykir mèr samt sem enn sè órædt það, er þó miklu varðar, þegar tala skal um prestsgjöld, og eru það dagsverk; þykir mèr vanta um þau margar ákvarðanir, sem nauðsynlegar sèu. Það er fyrst: hverjir gjalda eigi. Að því, sem mèr skilst, þykir mèr líkast lög meini, að hver gjaldi dagsverk, sem tíundar undir 5 hundruðum, en tíundar þó nokkuð, svo að dagsverk sè ætíð bundið við einhverja tíund. Ef nú þetta er samkvæmt þeim gyldandi lögum, þá stefnir að þeirri spurníngu: eiga þeir þá ekkert að borga, sem ekkert tíunda? Þessi spurníng er eigi svo mikils áríðandi fyrir sveitabrauð, því þar er eigi fyrir slíku ráð að gjöra, en hún er næsta áríðandi fyrir þau prestaköll, sem eru við kaupstaði og veiðistöður, því þángað þýtur að fjöldi öreiga úr sveitum, sem þar geta ekki dángast, lifa við sjóinn af hlut sínum, en eiga ekkert fè til tíundar; eg hafði einusinni gætt að því, hvað af þessu leiddi hèr í Reykjavík, en þó hefi eg eigi nú þau skilríki, sem þetta geti sannað, en

minni mig rètt, þá voru þeir búsettir menn, sem ekkert tíunda hèr, álíka margir og hinir, sem offra og tíunda, og mun tala þeirra eigi lítil orðin víða hvar við sjó. Vil eg nú spyrja þá menn, sem þekkíng hafa á stjórn, og þá, sem að öðru leiti eru hyggnir og vitrir menn, hvort það muni sæta hyggindum, að uppörfa vesalmenni og armingja, og þá, sem einkis eru metnir í sinni sveit, til að flykkjast að sjónum, með því að láta þá þar útsvarslausa.

Sú er enn ein spurníng, hversu meta skuli dagsverk; skal prestur gefa dagsverks-manni fæði, eður fæðir hann sig sjálfur? eigi prestur að fæða hann, má opt svo við bera, að hann gjöri eigi meir, eður naumast meir, enn að vinna fyrir fæði, og hvað verður þá úr dagsverkinu, einkum ef það á að takast svo, sem prestur sè skyldur að þiggja dagsverkið af hverjum, sem æskir þess. Nú lízt mèr svo, að dagsverk ætti að aftakast *in natura*, nema öðruvísi um semji, en fastsetjast í víst álnatal, eigi síður fyrir þann, sem ekkert tíundar, enn þann, sem tíundar minna enn 5 hundruð. Það er mesta nauðsyn á, að lög ákveði eitthvað víst um þetta, því það er illt, þar sem öðru má við koma, að menn leiðist í freistni, eður að menn vaði í svíma um rèttindi sín eður skyldur. Hefi eg nú máske of leingi tafið fyrir þínginu, og læt svo hèr við lenda.

Prófastur Hannes Stephensen: Um dagsverk ætla eg hèr þurfi ekki að ræða; þau koma aukatekjum presta ekki við; þau koma í stað lausafjártíundar, þegar hún er minni orðin enn 5 hundruð, en um tíundir talar frumvarpið ekki.

Prófastur H. G. Thordarsen: Það er sjálfsagt um skyldu að greiða dagsverk, þar sem einhver tíund er, og fæst eg ekki um það, en eg ræddi einkanlega um, hvort eingin skylda til að greiða þetta gjald lægi, eður ætti að liggja á þeim, sem ekkert tíunda, og þótti mèr sú spurníng mikils varðandi fyrir prestaköll þau, sem liggja við sjó eður kaupstaði.

Stephán hreppstjóri Jónsson: Það mun öllum þíngmönnum kunnugt, að eptir því, sem nú hagar útgjöldum manna, er lausafèð undirlagt svo miklum gjöldum, að ekki er fært á að bæta; þetta er líka viðurkennt af æðstu mönnum landsins, sem sjá má á nefndarfunda-tíðindunum, fyrra parti, bls. 58, hvar sagt er á þá leið: að ef aukin verði útgjöld á lausafènu, muni þeim eignarstofni verða ofboðið. Mèr finnst því ógjöranda, að leggja offur á lausafèð, enda virðist mèr og, þareð prestunum

er goldin tíund af fènu, að þeim þá sè tvígoldið af sama eignarstofni. Vilda eg samt, að einginn tæki svo orð mín, að eg sè mótfallinn því, að kjör presta verði bætt, því eg vildi miklu fremur óska, að þau verði gjörð viðunandi, þar sem nauðsyn krefur, en mèr finnst það ætti að vera á annan hátt, enn hèr er um rædt. Eg verð þessvegna að áskilja mèr breytíngaratkvæði, sem lúti að því, að lausafè sè undanskilið offri. Dagsverkið finnst mèr vera óviðkomandi, þar þess er ekki getið í frumvarpinu, og hefir mèr áður hèr á þíngi verið bent til þínglaganna í líkum kríngumstæðum.

Framsögumaður: Eg verð að svara því, sem hinn konúngvaldi fulltrúi hinnar andlegu stèttar mælti fyrir skemmstu. Hann sagði — ef eg man rètt — að offrið, eptir grundvallarreglu þeirri, er eg hefi stúngið uppá, yrði takmarkalaust, t. a. m. af bónda, sem ætti hundrað hundraða; en sjáum nú, hvað mikið það verður? — það verða liðugar 33 álnir (nokkuð yfir 5 rbd.), og vil eg spyrja, helzt þá, er af eigin reynd til þekkja, hvort þetta sè fjarlægt sannleirni, og hvort þeir offra ekki opt meira, sem minna eiga enn hundrað hundraða. Annars er þess líka að gæta, að sjaldgæft er það — að því er eg þekki til — að bændur eigi svo mikið; 20, 40, 60 hundraða eign er hvergi nærri eins sjaldgæf. Vel getur borið útaf því, að prófastur hafi bezta brauðið í prófastsdæminu; þegar prófastur, heilsubrests eður annara orsaka vegna, segir af sèr þessu embætti, verður þó að kjósa annan, og þessi getur ekki rýmt hinum úr sæti, og svo getur farið optar enn einusinni; þannig eru nú t. d. 3 prófastar í Skagafjarðar prófastsdæmi, og ekki er það prófasts stöðu minni að þakka, að eg sit á því brauðinu, sem hæst er metið. Sami háttvirti fulltrúi vill ekki setja upp líksaungseyri, af því hann hafi aldrei verið hærri, en vill setja legkaupið niður gegn eldri lögum; í þessu tvennu er ekki fylgt sömu grundvallarreglu; annars finnst mèr, að ekki þurfi að binda sig við gömul lög, þegar ný lög skal semja. Það, sem hinn virðulegi þíngmaður Eyfirðínga sagði, að ef offur væri goldið af lausafè, væri presti raunar tvígoldið, get eg ekki heldur fallizt á, því offrið er ekki skattur eða gjald af svo og svo mikilli eign, heldur fríviljug gjöf, en sem ekki er ætlazt til, fyrr enn eignin verður svo og svo mikil; og sè það tilhlýðilegt, að setja eitt takmark, (20 hundruð og 8 álnir), finnst mèr eins mega fylgja þeirri reglu, er eg hefi uppá stúngið.

Stephán hreppstjóri Jónsson: Eg nefndi tvígoldið af því, að mèr virtist uppástúnga minna hluta nefndarinnar, er var mèr í svo fersku minni, líkjast fremur skatti eða föstu gjaldi, enn offri, og ætla eg það reyndar rètt mælt.

Varaforseti: Eg vil ekki leingja umræður um þetta mál, og samsinni í öllum atriðum því, er prófastur H. G. Thordarsen mælti.

Prófastur Hannes Stephensen: Því fremur, sem fleiri fallast á það og mæla fram með því, að legkaupin eigi að lækka, ætla eg mèr skylt að leiða athygli þingsins að því, að það er svo gamall rèttur kirkna í þessu landi, sem kristin lög eru hèr gömul, að taka 12 álnir í heilt, en 6 álnir í hálft legkaup, og ekki gjörir reglugjörðin frá 17. Júlí 1782 þar neina breytíngu á, því 54 sk. og 27 sk. samsvöruðu þessu álnatali, og samsvara enn að nafninu; það sjá menn á öðrum greiðslum (landskuldum og lögmannstolli); eg sè því einga ástæðu fyrir, að svipta kirkjur rètti sínum í þessu. Að bændur sèu ófúsir að svara legkaupinu, er eina ástæðan, sem fram er borin af öllum, sem talað hafa hèr móti legkaupunum, og er hún verri enn eingin, því sama mætti segja um önnur gjöld, og ætti þá alþýða ekki meira nè annað að gjalda, enn henni líkaði sjálfri.

Framsögumadur: Eg svara því, sem hinn virðulegi þingmaður Eyfirðínga sagði áðan: hafi löggjafarinn haft næga ástæðu til, að setja eitt takmark og tiltaka offur-upphæðina, þá er sama ástæða til að setja fleiri takmörk, til meiri jafnaðar.

Prófastur H. G. Thordarsen: Mèr fannst það eiga illa við í frumvarpinu, að í hinum fyrsta flokki eru svo margir taldir, sem það er látið í sjálfsvald, hversu mikið þeir offri, en að í hinum seinni eru svo fáir, og á þessum svo lítill munur, að eigi má heita að neinu nemi fyrir prestinn, þar sem annar flokkurinn á að greiða 12 álnir, en hinn 8 álnir, og fannst mèr hèr lítil ástæða til, útaf 4 álnum, að skapa sèr nýjan flokk; þótti mèr því ekkert í húfinu, þó þessum 4 álna mun væri sleppt, og einúngis tekið til, hvað minnst mætti vera, enda verð eg að ætla þetta bæði vinsælla og prestinum sjálfum hollara. Flokkaskipunin hefði mèr þótt tilhlýðilegri, ef hið minnsta gjald hefði verið tiltekið við hvern flokkinn, og munda eg þó eigi ráða til þess — en nú þykir mèr hún því verri, sem

hún sýnist næstum gjörð fyrir einn flokkinn, og gefa með því einsog tilefni til tortryggni.

Framsögumadur: Eg held, að gjört sè ráð fyrir svo sómasamlegu offri af embættismönnum, að ekki hafi þótt tilhlýðilegt eða nauðsynlegt að setja það í lagaboð, þó tiltekið væri það offur, er hæfilegt þætti, af hinum öðrum flokkunum.

Prófastur H. G. Thordarsen: Að embættismenn borgi sómasamlega, er þeim vel ætlanda, þó er hið sómasamlega eigi bundið við stètt; það nær til allra, — og eg vil spyrja, hvort eigi megi ætlast eins til þess af öðrum, og hvort betur muni fara í þessu efni, að menn fari eptir metorðum, eða eptir velvilja og efnum?

Assessor Johnsen: Eg verð í öllum höfuðatriðum að fallast á það, sem hinn mikið heiðraði fyrsti konúngkjörni alþíngismaður hinnar andlegu stèttar mælti, og eg held það á svo góðum rökum byggt, að því verði ekki mótmælt; en hvað snertir dagsverkið útaf fyrir sig, þá mun það vera sjálfsagt, að þeir að eins eigi að greiða það, sem ekki eru í skiptitíund, og sem því ekki gjalda presti neina tíund. Greiðslumátinn mun vera lögum samkvæmastur sá, að sá, sem dagsverkið vinnur, sè fullkominn verkmaður, og að hann, þegar rètti á að beita og skyldu, einga heimtíng eigi á, að prestur leggi honum fæði, á meðan á verkinu stendur; en því að eins er lagt verð á dagsverkið ár hvert í verðlagsskránum, að gjaldandi á kost á, annaðhvort að vinna dagsverkið af sèr, eða greiða það með peníngum, eptir verðlagsskránni, allt eins og heytollinn, ef hann eigi heldur kýs að fóðra prestslambið, og er þetta hvorttveggja samkvæmt tilskipun frá 16. Júlí 1817.

Prófastur H. G. Thordarsen: Eg sè ekki, á hverju það er byggt, að setja í verðlagsskrána bæði dagsverk og lambsfóður; mèr finnst það einganveginn eiga þar heima, heldur í löggjöf um tekjur prestanna; — enda er það fráleitt, þar sem ein er verðlagsskrá í þessu amti, að dagsverk, til að mynda hèr í Reykjavík, er bundið við það, sem til er tekið í Skaptafellssýslu. Konúngsbrèf 21. Maí 1817 tekur svo til, að dagsverk eigi að greiðast eptir meðalverði á þeim tíma og stað, er því líkt verk eigi að vinnast, og virðist mèr, sem þetta ónýtist með því, að setja það í verðlagsskrá, sem samin er eptir meðalverði í heilu amti, og mèr getur eigi skilizt, hversvegna dagsverk getur eigi tiltekizt sem fast gjald.

Konúngsfulltrúi: Vegna þess, sem hinn virðulegi konúngkjörni þíngmaður hinnar andlegu stèttar sagði síðast, vil eg geta þess, að orð þau, sem hann vitnaði til, geta vel komizt heim við það, að dagsverk eru goldin í Reykjavík eptir verðlagsskrá þeirri, sem gjörð er fyrir allt suðuramtið; því þó verðlagsskráin sè gjörð eins fyrir Austur-Skaptafellssýslu, einsog fyrir Reykjavík, svo er það þó meðalverð þessa umdæmis — og er það að vísu víðlent — sem á er byggð borgun dagsverka í peníngum. Að sönnu getur það valdið mismun nokkrum á því verulega verði dagsverka á ymsum stöðum, og borgun þeirri, sem greidd er í staðinn, en mismunurinn gæti þó orðið enn meiri, ef fast ákveðin borgun yrði sett yfir allt land, án þess tilbreytíngar þær á verði hlutanna, sem tíminn leiðir með sèr, gætu náð að hafa áhrif á slíkt.

Framsögumaður: Áður enn umræðu þessari slítur, leyfi eg mèr aptur að leiða athygli þíngmanna að seinustu uppástúngu minni (um hugnun í bráð handa prestum á fátæku brauðunum). Einginn hefir mælt móti henni, og vonar mig því, að þíngið sè henni meðmælt og styrki hana. Og þegar aðgætt er gamla virðíngin á brauðunum, (samanb. Frèttir frá fulltrúaþíngi í Hróarskeldu 1842, bls. 40), — þó stiptsyfirvöldin hafi álitið, að hana mætti þrefalda — þá lýsir sèr, hver kjör prestanna eru enn sumstaðar, og það þó sexfalda mætti virðíng brauðanna, einsog sumir hafa ætlað, en eg held óvíða muni ná niðri. Eg vona, að þíngið sýni þá, að það finni og viðurkenni þetta, með því, að mæla allraþegnsamlegast fram með, við Hans Hátign konúnginn, að skipta megi árlega 1000 rbd. úr jarðabókarsjóðinum milli þeirra fátækustu presta, þángað til önnur úrræði verða fundin. Eg vona, að þessi uppástúnga verði ekki álitin ósanngjörn, og skal eg leyfa mèr að taka fram, að þetta, sem biðja skyldi um handa prestunum á öllum þeim fátæku brauðum, er ekki nema hèrumbil $\frac{2}{3}$ meira, enn sú launaviðbót, sem eg veit ekki betur enn 2 sýslumenn, Briem og Jón Pètursson, — er þó hafa embætti, sem víst má jafna við góð meðalbrauð og líðugt það — hafi feingið nýlega, nefnilega hinn fyrrnefndi 150 rbd., en hinn síðarnefndi 200 rbd.

Forseti: Því, sem hinn heiðraði framsögumaður nú mælti, um, að sýslumennirnir Briem og Jón Pètursson nýlega hefðu feingið launaviðbót, hinn fyrrnefndi 150 rbd. og hinn síðarnefndi 200 rbd., verð eg að mótmæla sem öldúngis ósönnuðu,

þareð til amtmannsembættisins í vesturumdæminu hvorki hefir komið bænarskrá frá þeim um það efni, nè heldur neinskonar tilkynníng frá hlutaðeigandi stjórnarráði.

Framsögumaður: Eg held þó, að einhver þíngmanna hafi sagt mèr, að sýslumaður Briem væri búinn að fá 150 rbd. launaviðbót, og sýslumaður Jón Pètursson sagði mèr sjálfur, að hann hefði góða von um 200 rbd.

Kandidat Jón Sigurdsson: Sýslumaður Eggert Briem sagði mèr sjálfur frá launaviðbót sinni.

Konúngsfulltrúi: Mèr virðist, að spurníngin um það, hvort sýslumenn þeir, er nú voru nefndir, hafi feingið viðbót við laun sín, eður þóknun af jarðabókarsjóðnum, sè svo fjarstæð þessu máli, sem nú er verið að ræða um, að þíngmenn eigi ekki að fara um hana fleirum orðum. En að svo miklu leiti, sem minni hluti nefndarinnar hefir stúngið uppá því, að alþíngið skyldi beiðast þess, að árlega yrðu goldnir 1000 rbdl. af jarðabókarsjóðnum til fátækustu brauða, þá virðist mèr og, að sú uppástúnga sè gagnstæð tilgángi lagafrumvarpsins; því það er einmitt tilgángur þess, að bæta kjör prestanna þannig, að hætt verði að gjalda þá 1000 rbd., sem um nokkur ár hafa verið veittir fátækum prestum. Hefði það því öllu fremur átt við, að þessi uppástúnga hefði komið fram í sèrstöku frumvarpi. Þar sem minni hluti nefndarinnar hefir mælt á móti, að slík útgjöld yrðu tekin úr „landsins sjóði“, þá verð eg að gjöra eina athugasemd við það, sem einúngis snertir formið á því máli, þareð eg að öðru leiti verð að fallast á það, að það sè mjög ísjárvert, eins og nú er ástatt, að mælast til slíkra útgjalda af jarðabókarsjóðnum. Sjóður þessi hefir nefnilega híngaðtil verið álitinn sem einn hluti af ríkissjóðnum (*Finantskassen*), og útgjöld þau, sem konúngur býður að gjalda af jarðabókarsjóðnum, eru goldin, án þess tillit sè haft til þess, hvort í honum sè nokkuð af þeim gjöldum, er Ísland hefir greidt; svo þó nú þesskonar útgjöld yrðu sett meðal þeirra, sem Ísland útheimti, þá gætu menn þó ekki sagt, að þau yrðu goldin úr sjóði landsins. Að öðru leiti ætla eg mèr ekki að útskýra nákvæmar sambandið millum jarðabókarsjóðsins og ríkissjóðsins, þareð það kemur ekki þessu máli við.

Framsögumaður: Eg get þó ekki verið því samþykkur, er hinn háttvirti konúngsfulltrúi mælti, að seinasta uppástúnga mín stæði í stríði við frumvarpið, eða hefði aðra stefnu (*Ten-*

dens), því ástæðurnar fyrir frumvarpinu bera með sèr, að konúngur skipaði að íhuga, hversu ráða mætti næga bót á kjörum presta, og gaf í þessu skyni, til bráðabyrgða, 1000 rbd. um nokkur ár; nú spyr eg: er nú búið að ná konúngsins allranáðugasta tilgángi, þegar frumvarpið öðlast lagagyldi? sè ekki svo, finnst mèr sú þörf enn eiga sèr stað, sem um stund átti að ráða úr með 1000 rbd. gjöfinni.

Sýslumaður Kr. Magnusen: Eg verð að öllu leiti að samsinna því og styðja, er meiri hluti nefndarinnar hefir uppá stúngið í álitsskjalinu; einúngis þykir mèr vel til fallið, að breytt sè ákvörðunum um offrið í 3. gr., og komi 1 rbd. í stað 8 álna, og áskil eg mèr um það breytíngaratkvæði.

Kandidat Jón Sigurðsson: Eg verð að játa, að eg hefi miklu fremur verið í vafa um, hvort ekki ætti að ráða frá þessu frumvarpi, heldur enn um að breyta því, ef það yrði tekið, því eg hefi óttast, og eg styrkist jafnvel í því af orðum þeim, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi mælti, að frumvarp þetta standi fremur í vegi fyrir reglulegri bót á kjörum prestanna, heldur enn að það flýti henni. Mèr skilst, sem stjórnin hafi sjálf hugsað, að frumvarp þetta bætti kjör presta í raun og veru, en það er auðsætt hverjum sem til þekkir, að það gjörir það á eingan hátt, þar sem einmitt þarf með; því þó eg reyndar viti, að sum brauð sèu góð, þó þar sèu fólksfáar sóknir, og önnur lèleg, þar sem sóknir eru fjölmennari, þá er þó það víst, að hitt er almennara, að lökustu brauðin hafa einnig litlar sóknir og fólksfáar. Það er heldur ekki leingra síðan, enn 8. Marts 1843, að reglugjörð er komin frá stjórninni um þetta sama, og mèr þykir það ekki heppilegt, þegar nýtt lagaboð rekur hvað annað, um ekki merkilegra mál enn þessar aukatekjur. Þegar menn bera nú saman þaraðauki reglugjörð þessa við þá frá 1782, þá sjá menn, að hún breytir henni í eingu að kalla, því þó hin síðari taki til í landaurum, það sem hin ákvarðar í peníngum, og jafni þannig mismun þann, sem orðinn er á milli penínga og landaura nú, frá því sem þá var, þá virðist mèr reyndar, sem ekkert lagaboð hefði þurft til að jafna þetta, því það liggur ljóslega í reglugjörðinni frá 1782, hver meiníng laganna hafi verið. Flokkaskipunin í reglugjörðinni 1843 hefir orðið til mikillar ásteytíngar, en hún er einmitt hin sama, sem í enni eldri reglugjörð, og hefir hún ekki þar, það eg veit til, valdið neinum ágreiníngi. Eg held því,

að þetta frumvarp hefði vel mátt bíða, því ágreiningurinn mundi bráðum hafa jafnað sig af sjálfu sèr. En þegar frumvarpið kemur nú út, þá óttast eg að stjórnin hugsi, að hún hafi nú bætt kjör prestanna með þessu frumvarpi, þar sem þau eru þó í eingu bætt, og sízt þar, sem þess þarf mest með; prestar þeir, sem þurfa hjálpar við og hafa leingi þurft, þykjast vera settir hjá, og fá ekki á nokkurn hátt von sína og þörf uppfyllta; bændur taka svo, sem reglugjörðir þessar, hver ofan í aðra, sè ný og ný lög, sem þyngi meir og meir á alþýðu, og þetta sè af nuddi prestanna, sem aldrei sèu ánægðir með það sem þeim er veitt. Allt þetta virðist mèr benda að því, að betur mundi hafa verið að frumvarpið hefði ekki komið út.

En þareð eg sè, að bæði meiri hluti nefndarinnar og hinir virðulegu þingmenn, sem talað hafa, vilja að frumvarpið verði leidt í lög, og álíta það jafnvel nauðsynlegt, þá ætla eg ekki að bera upp breytingaratkvæði móti frumvarpinu, og þegar það er tekið á annað borð, virðist mèr, sem mjög fá atriði þess þurfi nokkurrar breytingar við, því þau eru að mestu öll hin sömu, sem lögboðin hafa verið hèr að undanförnu, nema hvað hækkað er gjald fyrir hjónavígslur og fermingu barna, sem eg álít vel til fallið. Legkaup er reyndar hið sama, sem til er tekið í reglugjörð 1782, því 54 sk. samsvöruðu þá 12 álnum í landaurum, en eg vil þó fallast á, að það verði lækkað að helmingi. Um visítazíulaun prófasta virðist mèr, að þau sèu lángt um of hátt sett, til 30 og 15 álna, því þó eg viti, að 1 rdl. specie og 30 álnir hafi verið jafngylt fyrrum, þá er því nú töluvert öðruvísi varið, og önnur venja komin á. Mèr virðist það öldúngis óviðurkvæmilegt, að kirkja, sem hefir ekki nema 10—12 dala tekjur á ári, skuli missa allt að helmingi þeirra fyrir skoðun svo lítils reiknings, sem varla tekur því að hann þurfi eptirsjónar við. Það virðist vera heldur dýrkeypt tilsjón. Eg veit reyndar, að prófastar hafa töluverða fyrirhöfn og kostnað, en eg veit heldur ekki betur, enn að þeir gángi fyrir öðrum til að fá beztu brauð í prófastsdæminu, og það eru þó nokkur hlynnindi. Um 1. gr. fellst eg á varaatkvæði minna hluta nefndarinnar, að ekki skuli borga líksaungseyri nè legkaup eptir sveitarómaga, og í 7. gr. óska eg að tekið yrði til hverjir öreigar væri, á þann hátt, sem hinn virðulegi konúngkjörni þingmaður hinnar andlegu stèttar hefir stúngið uppá:

að þeir sè öreigar sem annaðhvort þiggja af sveit eða ekki gjalda til sveitar.

Stephán hreppstjóri Jónsson: Eg er í allan máta samþykkur því, sem hinn háttvirti konúngkjörni þíngmaður hinnar andlegu stèttar mælti um legkaupin, því eg veit, að almenníngi finnst það bæði ósanngjarnt og ónauðsynlegt gjald, og þótti mönnum miklu skipta, er það steig frá 54 sk. til 2 rbdala. En hvað áhrærir visítaziuferðir prófastanna, finnst mèr, að ef það hefði sýnzt náttúrlegt, að æðstu embættismenn landsins ferðuðust á sinn eigin kostnað, þá væri það að líkindum eins um prófastana.

Framsögumadur: Mörgu af því, er hinn virðulegi þíngmaður Ísfirðínga nú mælti, er áður svarað. Eg get ekki fallið frá því, að mèr þykir æskilegt, að frumvarpið öðlist lagagyldi, því þó ekki hefði verið áður, þá er nú, með tilskipun 8. Marz 1843, glundroði nokkur á kominn, en eigi nokkur lög að vera, þá er nauðsyn að þau sèu sanngjörn.

Ekki yrði það helmíngur af ársgjöldum fátækrar kirkju, þó prófastur feingi 2 rbd. í visítaziulaun. Líka verð eg að taka það upp aptur, að visítaziulaun eru ekki einúngis borgun fyrir að skoða reikníng kirkjunnar (þó eg álíti þetta sjálfsagða nauðsyn), heldur fyrir allt, sem prófastur gjörir á visítaziuferðum sínum.

Umboðsmaður Jón Gudmundsson: Það má að vísu virðast, að rædt sè nóg um þetta mál að sinni, og skal eg ekki leingja það; eg get samt ekki fellt mig eins vel við breytíngaratkvæði hins mikilsvirða konúngkjörna þíngmanns ennar andlegu stèttar við 7. grein, sem margir aðrir af þíngmönnum hafa látið á sèr skilja, og þarf þó breytíngar á þeirri grein; einnig vilda eg, að skírnartollurinn, eptir 2. grein, væri lækkaður; um það áskil eg mèr breytíngaratkvæði, og eins við 7. grein, í þá stefnu, að öreigar sèu metnir eptir tilteknum jöfnuði milli tölu skylduómaga og lausafjár eða fasteignar hundraða.

Forseti: Þar enginn ræðir frekar í þessu máli, má það álítast fullrædt til undirbúnings, og er því fundi slitið.

25. Júlí — nítjándi fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá átjánda fundi lesin og samþykkt.

Þá var, að fyrirmælum Forseta, tekið fram málefnið um löggyldíngu kauptúna í Þorlákshöfn, Straumfirði og Krossvík,

og var álitsskjal meira hluta nefndarinnar og ágreiningsatkvæði minna hlutans feingið í hendur framsögumanni, assessor Johnsen, en hann las upp hvorttveggja, og er það þannig látanda:

1. *Atkvæði meira hluta nefndarinnar.*

„Að fyrirlagi alþingis leyfum vèr undirskrifaðir oss, sem kjörnir erum í nefnd, til að íhuga málefni um löggyldingu tveggja kauptúna í suðuramtinu, nefnilega Þorlákshafnar í Árnessýslu, eptir bænarskrá frá 142 sýslubúendum þar, og Krossvíkur í Borgarfjarðarsýslu, að bón 34 sýslubúa, svo og eins kauptúns í vesturamtinu, við Straumfjörð í Mýrasýslu, eptir bænarskrá 42 sýslubúa, að segja upp álit vort um málefni þessi, og er það þá á þessa leið:

Þegar gjöra skal grein fyrir, hversu æskilegt það sè yfirhöfuð, eða ráðlegt, að fjölga kauptúnum í landinu, þá virðist oss, að einkum verði að hafa fyrir augum þarfir landsbúa í því tilliti á hverjum stað, og ætlum vèr, að tilgángi löggjafarans með frjálsa verzlun þá að eins verði fullnægt, ef þær eru hafðar fyrir augnamið, og að gagn ríkisins og þegnanna af verzluninni (samanb. inngáng til tilskipunar frá 11. September 1816) ætíð sè þörfum landsbúanna samfara. — Verzlunarstaðir eru orðnir til í landi þessu landsbúanna eða bændanna vegna, og síðan þeir urðu til hefir reynslan sýnt, að verzlunarmenn næstum eingaungu taka sèr bólfestu í þeim, enda er landshögum eigi svo varið á Íslandi, að verksmiðjur verði settar hèr á stofn, er mælt geti fram með því, að gagn verzlunarstaðanna geti orðið í fyrirrúmi, þegar gagn bændanna ríður í bága við það. Víða hagar svo til í landi þessu, að atvinnuvegir og landirkja hafa baga af því, að menn fá eigi verzlað vörum sínum á þeim stöðum, sem landsbúum eru haganlegastir, og einsog það er í augum uppi, að bóndinn, fjarlægðarinnar vegna frá þeim löggyltu verzlunarstöðum, opt verður að kosta miklu til, og slökkva miklu gagni sjálfs sín niður við kaupstaðarferðirnar, á þeim tímum ársins, sem honum eru hentastir til búsýslu sinnar og jarðirkju, svo er það næsta eðlilegt, að bændur verði harðara úti í kaupum sínum á þeim verzlunarstöðunum, hvar að eins einn verzlunarstjóri er, og það því harðara, sem aðrir verzlunarstaðir eru fjærliggjandi, og örðugra er að nálgast þá, og að flytja að sèr úr þeim einkum þær vörurnar, sem mestar eru fyrirferðar í flutníngnum, og mestum

skemmdum eru undirorpnar í ferðalögunum. Á hinn bóginn er það aðgætanda, að eigi fjölgi verzlunarstaðir um of í landinu, en þá ætlum vèr að þeir fjölgi um of, ef vörubirgðir færu svo minkandi á einhverjum verzlunarstað, vegna þess, að annar er kominn í nánd, að þeir, sem næst búa og ætla má að sækja kaupstefnu á eldri verzlunarstaðinn, eigi gætu feingið þar nauðsynjar sínar, en þetta ætlum vèr að trauðlega muni bera að á neinum þeim stað, hvar sèrhverjum er frjálst að stófna verzlun, eða verzla við landsbúa, á sjó sem landi; því þó til þess kæmi, að nokkrir verzlunarmenn, þar sem margir eru komnir saman, tækju sig upp, og settust að á öðrum stað, þá er ætlanda, eptir eðli frjálsrar verzlunar hverrar, að vörubirgðir á sèrhverjum verzlunarstað hagi sèr og fari vaxandi og minkandi eptir aðsókn landsbúanna. Að vísu má með þessum hætti, eptir sem á stendur á hverjum stað, gjöra ráð fyrir, að verzlunarmenn, þar sem margir eru, fækki að því skapi, sem verzlunarstöðum er fjölgað annarstaðar, eða í nánd við þá, en eins og landsmönnum yfirhöfuð eigi er neitt tjón búið af þessu, út af fyrir sig, svo er það líka ætlanda, að bjargræðisvegum landsins og landsgróðanum fari að því skapi fram, sem hægindin aukast við aðdrætti alla og flutníng landvaranna á verzlunarstaðina, og virðist oss þetta atriði vera þeim mun mikilvægara hèr í landi, sem vegirnir og vöru-aðflutníngarnir til sjós og lands eru hèr erfiðari enn í nokkru öðru landi Norðurálfunnar.

Því verður ekki neitað, að þeir, sem búa í nánd við verzlunarstaðina, opt verða hirðuminni um eigið gagn sitt, enn þeir bændurnir, sem eru búsettir fjær þeim, eða upp til sveita, og að sumir þeirra láta tækifærið ginna sig og freista sín til óhófs, einkum í drykk ölfánga og þaraf leiðandi óreglu og óhófi að öðru leiti, en bæði er þessi annmarki víðast hvar við búskapinn, eða þar sem margbýlt er, við sjó, enda þó ekki sèu þar verzlunarstaðir, og líka verður í þessu efni, einsog annars yfirhöfuð, að líta á hagsmuni hinna flestu, án þess að vandkvæði einstöku byggðarlaga, eða fyrir einstöku menn, fái vegið þá upp, eða orðið í fyrirrúmi.

Enn er það athuganda, að víðast stendur svo á, að staðir þeir, hvar landsmenn vilja hafa kauptún sett, liggja svo við þeim verzlunarstöðum, sem eru, að líklegast má þykja, að verzlunarmenn þar verði fyrstir til að setja sig niður í, eða flytja vörur til þeirra hinna nýju kauptúna, og þykir mèr, jústiziarius Þ.

Sveinbjörnssyni, atriði þetta einkar ísjárvert, af því að eg ótt- ast fyrir, að landsbúar megi þá kaupa nauðsynjavörur þeim mun hærra, og selja landvöru sína þeim mun lægra verði, sem verzlunarmaðurinn kostar meira til þesskonar verzlunar við landsbúa, enn ef hann mætti verzla við þá í sölubúð sinni, þar sem hann þegar er seztur að. Þar á móti getum vèr aðrir nefndarmenn eigi kviðið neinum vandkvæðum í þessu tilliti, því bæði er það aðgætanda, að fleiri verða um hituna enn einn, þar sem kauptún nokkurt er orðið löggylt, og lausakaupmenn líka geta komizt að, og líka munu bændur eigi hirða um að sæta neinum afarkostum á þeim verzlunarstöðum, sem liggja mjög í nánd við aðra, hvar betri kostir bjóðast, einkum ef þeir þar eru komnir í kunníngskap og viðskipti við aðra verzlunarmenn. Loksins er það, eptir þeim lögum sem nú eru í gyldi, sjálfsagt, að eingir verzlunarstaðir geta að notið þess einkarèttar, að aðrir eigi megi setjast á stofn, hvort heldur væri nær eða fjær; einasta er það athuganda, hvað kaupstaðinn Reykjavík snertir, að kaupstaður þessi nú virðist að vera orðinn einn af þeim, sem einna helzt ætti að njóta allra þeirra rèttinda, sem staðizt geta með þörfum landsbúa yfirhöfuð, þeim sem þá mestu varðar, en jafnvel þó æðstu embættismenn landsins, latínuskólinn og nokkrir iðnaðarmenn, nú hafi tekið bólfestu í kaupstað þessum, auk verzlunarmannanna og tómthúsmanna þeirra, sem þar búa, þá er það bæði vandsèð, hvort bæjarbúum yfirhöfuð sè það haganlegra, að kaupmenn fjölgi þar, og að fólksfjölgunin, úr því sem nú er orðið, enn meir hleypi upp prísum á landvöru þeirri allri, ef ekki stundum kaupstaðarvörunni líka, sem bæjarmönnum er ómissandi, eða þá að tempra fjölgunina með þeim hætti, að menn eigi sjái sèr hag við að setja hèr á stofn fleiri verzlunarbúðir, enn nú þegar er verzlað í, en þær eru sem stendur 14, og er það þarhjá auðráðið, að þau kauptúnin, sem ætla má að verzlunarmenn úr Reykjavík flytji vörur að, án þess að byggja þar verzlunarhús, öllu fremur mega álítast sett í hag kaupstaðarins enn vanhag, því auk þess, að verzlunargróðinn þá, eins eptir sem áður, lendir í Reykjavík, má líka sjá það fyrir, að þess meira verður verzlað við landsmenn, sem þeir kosta minna til verzlunarinnar og hafa meiri not af henni.

Með grundvallarástæður þessar fyrir augum leyfir nefndin sèr nú að víkja á þau atriði, sem koma til athuga við bænar-

skrár þær, um löggyldingu þriggja kauptúna þeirra, er áður var getið. Það er þá að athuga:

1. Hvað Þorlákshöfn snertir, að verzlunarstaðurinn Eyrarbakki er sá einasti á fastalandinu fyrir Árnes, Rángárvalla og Skaptafellssýslur, en þar er, og getur að eins verið, einn verzlunarstjóri, þareð skipalegan er í hæsta lagi fyrir 2 skip, og getur að eins annað þeirra siglt inn og út í senn, en innsigling þar er einhver hin hættulegasta á landinu, enda hafa þángað optast nær að undanförnu verið fluttar vörur að eins á einu skipi ár hvert, og þóað þángað í nokkur undanfarin ár hafi verið fluttir 2 skipsfarmar, á að gizka 100 lestir samtals, má samt geta nærri, að 3 meðal hinna fólksríkustu sýslna í landinu vanti mikið á að geta feingið nauðsynjar sínar þar, og eru það þó einkum þær vörurnar, sem þýngstar eru í flutníngi og erfiðast er að sækja lángar leiðir: timbur, salt, steinkol, og jafnvel kornvara, sem þar er minnst af fyrir svo marga, og sem sýslna-búendur þessir því allflestir hljóta að sækja lángar leiðir yfir mörg vatnsföll, og loksins yfir erfiðan og mikin fjallgarð til Reykjavíkur eða Hafnarfjarðar, og er á að gizka $1\frac{1}{2}$ þingmannaleið þángað frá Eyrarbakka.

Þorlákshöfn liggur hérumbil $1\frac{1}{2}$ mílu fyrir vestan Eyrarbakka, og á nokkra mikla, sem kölluð er Ölfusá. Við Þorlákshöfn er stór og rúmgóð skipalega, og er hún tryggust þegar legið er 4—500 faðma undan landi, því þó að öldukast sè mikið og brim, þegar stormur er á landsunnan, geta skip, er þau liggja á þessu svæði, bæði hæglega bjargað sèr, og haldið til hafs út fyrir tánga nokkurn, er skýlir að vestanverðu, og líka er þar leirbotn góður á 7—8 faðma djúpi, enda ver það töluvert gegn öldukasti í álandsvindi, að straumafl úr mynni Ölfusár spyrnir á móti því á legustaðnum, og eru um þessi atriði með bænarskrá Árnesínga vitnisburðir fjögra grandkunnugra og áreiðanlegra manna, auk þess, að þau eru kunn þremur undirskrifaðra nefndarmanna, og að mestu leiti tekin fram í uppástúngu minni, jústizíaríus Þ. Sveinbjörnssonar, til ens konúnglega rentukammers, dagsettri 2. Desember 1822, þá er eg var sýslumaður í Árnessýslu, um að kauptún yrði sett í Þorlákshöfn. Því er bæði í uppástúngu þessari og bænarskrá Árnesínga lýst, hversu mikilli tímatöf og vanhag í kaupum

það veldur mönnum, að verða að eiga kaup við einúngis einn verzlunarmann á Eyrarbakka, og þareð enginn vogar að leggja að landi, eða ræðst í að taka sèr bólfestu við Portland eða Dyrhólaey í Vestur-Skaptafellssýslu, svo er högum í þessu tilliti eins varið, eptir að kauptún var löggylt þar með opnu brèfi 14. Des. 1842, en þó verzlunarbúðir sèu tvær í Vestmannaeyjum, veitir enda þeim, sem næst búa og austast í Rángárvalla-sýslu, mjög svo erfitt, að sækja þángað kaupstefnu eða að sæta sjáfarleiði, og teppast þeir opt úti í eyjunum vikum saman, en enn örðugra verður þetta Skaptfellíngum, er þeir þá eins verða að leggja frá landi við Landeyjar í Rángárvallasýslu. Það er í þeim nefndu skjölum lagt fyrir sjónir, hversu mikils það sè varðanda fyrir sýslur þessar, og einkum fyrir búendur í Árnessýslu, að lausakaupmenn feingju að koma og verzla við Þorlákshöfn; því þótt Þorlákshöfn sè einn bær útaf fyrir sig, og nokkuð úr vegi frá öðrum bæjum, þá er beggjamegin Ölfusár, að norðanverðu við Þorlákshöfn, mjög þèttbýlt land, og eitthvert hið ávaxtarsamasta í sýslunni, en svo hagar til, að flytja má vörur á bátum lángt áleiðis uppí Ölfusá, og afferma til beggja hliða, bæði að austanverðu, eða við Flóann — en það er hin stærsta og fólkríkasta sveit í sýslunni — og að vestanverðu, eða við Ölfusið, sem er einhver hinn fènaðarríkasti hreppur, og er þetta málsatriði þess mikilvægara, eigi að eins fyrir tèðar og aðrar sveitir Árnessýslu, heldur og fyrir Rángárvalla- og Skaptafellssýslur, sem þess er einkum von, að þær vörur helzt mundu flytjast að Þorlákshöfn, sem lausakaupmenn sæju, að búendum þar í nánd er mest þörfin á, og verst er að nálgast úr öðrum verzlunarstöðum, en það eru sèrílagi timburfarmar frá Noregi, sem híngað til hafa lent í Reykjavík og Hafnarfirði, að mestu leiti hjá kaupmönnum þar, af því að fregnin um timburfarma þessa annaðhvort hefir borizt of seint austur yfir Hellisheiði til Árnessýslu, eða á þeim tímum árs, þá lángferðir hafa verið sveitamönnum sem bagalegastar, og er það undireins hèr af, eins og reynslan nú hefir sýnt, auðráðið, að Norðmenn eru farnir að hvekkjast á timburflutníngum til suðuramtsins, og að hèr í ár, t. a. m., er orðin einhver hin mesta timburekla. Enn fremur er útræði gott í Þorlákshöfn, og fiskiver önnur tvö beggja-

megin, í Selvogi að vestanverðu, og á Eyrarbakka að austan; hefir því í fiskiárum orðið mikill skortur á salti, þegar það annaðhvort eigi hefir verið fáanlegt til neinna muna, sem opt ber við á Eyrarbakka, eða þegar líka hefir fiskazt í Faxaflóa, og suður-kaupstaðirnir því einnig hafa orðið óbirgir af þeirri vöru, og er það þó einkum úr verzlunarstöðunum í Gullbríngusýslu, að salt hefir flutzt til fiskiverkunar að Þorlákshöfn, en að vísu að mestu leiti í eigin þarfir verzlunarmanna þar, þareð einn þeirra hefir látið byggja og halda við húsi í Þorlákshöfn, til að verka við fisk, og sömuleiðis verzlunarmaðurinn á Eyrarbakka.

Yrði nú kauptún löggylt í Þorlákshöfn, mundi fiskiaflinn þar og í nærliggjandi fiskiverum mjög svo taka framförum, og þiljubátar til fiskiveiða enda hleypa aflanum fram meira enn fyrir verður sèð, og velmegun landsbúa að því skapi, og það hvort heldur að verzlunarmaður nokkur tæki sèr bólfestu í Þorlákshöfn, eður eigi, ef staður þessi að eins yrði verzlunarrèttinda aðnjótandi; og yrði slíkt hið sama að leiða af því, að öðru leiti eða yfirhöfuð, fyrir allar þær nefndu sýslur, er lausakaupmenn þá feingju kost á að keppa við verzlunarmann Eyrarbakka, og hann við þá, í kaupum og sölum við landsbúa, er þángað eiga kaupleiðir.

2. Krossvík á Akranesi er lýst á þann veg, að skipalega sè þar reynd að fornu og nýju trygg og áreiðanleg að ummáli, botni og dýpt, og er mèr, prófasti Hannesi Stephensen, þetta gagnkunnugt, eins og líka það, að sigling kaupfara þángað er hættulaus, enda er líka þar skýli mikið að Skipaskaga, að vestanverðu við höfn þá, er notuð hefir verið af kaupförum fyrir 1792, og þiljuskipum, sem flutt hafa þángað salt til fiskiverkunar, o. s. frv.

Á Akranesi er, sem vèr allir vitum, útræði töluvert á öllum árstímum, og tíðka það ekki einúngis hinir mörgu búendur, sem eru á Akranesi sjálfu, heldur líka margir úr efra hluta Borgarfjarðar og annarstaðar að. Það er Borgfirðíngum öllum, þeim sem næst búa Akranesi, og einkum í vesturhluta sýslunnar, mjög svo erfitt, að sækja kaupstefnu til Reykjavíkur, sem þó er þeim sá einasti kosturinn, því sjóvegsferðir frá Akranesi til Reykjavíkur eru bæði vandhittar, þareð menn á öðrumhvorjum staðnum opt teppast

mörgum dögum saman, og verða að slökkva niður vinnu sinni og gagni við heimilin, og líka jafn kostnaðarsamar og hættulegar, er leiðin liggur yfir 3 vikur sjáfar, og sæta verður byr og lagi, og leigja til ferðanna skip og menn, sem opt eru svo á vegi staddir, að þeir mega ekki missa sig frá heimilum, fiskiróðrum eða ferðalögum til Reykjavíkur, og leiðir aptur hèr af óþolanda átroðníng fyrir þá Akurnesínga af hinum sýslubúunum, og hestum þeirra, þó þetta á hinn bóginn auki ferðamönnum kostnaðinn að því skapi, sem þeir leingur verða að bíða eptir leiði á Akranesi eða í Reykjavík, og eptir hentugleikum Akurnesínga sjálfra.

3. Straumfjörður liggur, eins og sjá má af afmálun landsins, fyrir opnu hafi að vestanverðu við Borgarfjörð. Siglíng upp þángað er hrein og bein, og næst landi á milli tveggja höfða, sem eru til fullkomins skýlis skipalegu þeirri, er þar hefir verið höfð til forna, og það eptir að verzlunin var gefin laus 1787. Þar má flytja skipsfarma upp að klöpp nokkurri eða bryggju, sem betri er og tryggari enn hún hefði getað orðið af manna völdum, og er mèr, hreppstjóra Helga Helgasyni, það gagnkunnugt, að sjáfargángur eigi er hèr svo mikill, að hann geti komið kaupförum að tjóni, því aldrei er sá sjáfargángur í hreinni sunnanátt, sem í landsynníngi eða útsynníngi, en Straumfjörður liggur, að kalla, beint við suðri, og fyrir miðjum botni Faxaflóa.

Með tilliti til örðugleika þess og hættu, sem drepið er á við verzlunarferðirnar af Akranesi til Reykjavíkur, er sama máli að gegna um kaupstefnuferðir Mýramanna til Reykjavíkur, og mundi því meiri vandkvæðum, erfiðleika og kostnaði verða lètt af Mýramönnum, ef kauptún yrði löggylt við Straumfjörð, sem leiðin er leingri af Mýrum enn af Akranesi til Reykjavíkur, því þá mundu Mýramenn þeir, sem í nánd búa og upp með Hvítá allri að vestanverðu, sjá sèr þann kostinn beztan, að sækja þángað kaupstefnu, ef viðunanleg yrðu verzlunarkjör þar. Enn fremur er nokkurt útræði þar í nánd af Mýrum, og yrði það eins hèr öflugt meðal til að hleypa sjáfaraflanum fram, ef kauptún yrði sett við Straumfjörð.

Það er við báða þessa síðarnefndu staði athuganda, sem áður er vikið á við hinn fyrsta, að þörfin til kauptúna þessara fyrir bændur er einna mest hvað aðflutníngana af timbri snert-

ir, og er það einkum við timburflutníngana uppá Akranes og Mýrar sjóveg, að mannskaðar alloptast bera að, byggðarlögunum til óbætanlegs tjóns og skaða. Á hinn bóginn eru bæði Akurnesíngar og Mýramenn orðnir kaupferðum til Reykjavíkur svo vanir, að þeir eigi mundu liggja undir neinum ókjörum í kaupverzlun í Krossvík og Straumfirði, þó þar yrðu sett kauptún, ef betri kostir byðust í Reykjavík, en aptur á móti liggja báðir staðir svo nærri og vel við Reykjavík, að verzlunarmenn þar að öllum líkindum mundu verða fyrstir manna til að senda þángað vörufarma til verzlunar, og virðist þá vera komið í það horf, að löggyldíng staðanna yrði bæði þeim, er þángað sæktu vörubirgðir og flyttu landvörur sínar, og líka kaupstaðnum Reykjavík, til hagsmuna og ágóða, og það því fremur báðum þeim, sem oss þykir uggvænt, að verzlunarmenn nokkrir taki sèr fasta bólfestu í Krossvík eða Straumfirði, eða leggi nokkuð í sölurnar til að byggja þar verzlunarhús, þareð þeir eigi munu vilja eða geta treyst því, að verzlunarkjör verði þeim þar þeim mun ábatameiri til leingdar enn í Reykjavík sjálfri, sem byggíngarkostnaðinum nemur, vegna þess að kaupstaðurinn Reykjavík liggur svo nærri, og verzlunarkjörin þar, er svo margir hlaupa í kapp hver við annan, yfirhöfuð að tala og að líkindum eru landsbúum greiðari aðgaungu, enn þar, sem einn verzlunarmaður er um hituna.

En þótt vèr nú allir verðum að játa, að kaupstaðnum Reykjavík yrði nokkur skaði búinn af því, ef kauptún yrðu sett í Krossvík og Straumfirði, og verzlunarmenn tækju sèr þar fasta bólfestu, svo fáum vèr þó eigi hrundið þeirri sannfæríng vorri, að landbúum er þess álíka þörf á báðum stöðum, og það þess heldur jöfn þörf, sem hvorki Borgfirðíngar geta sótt kaupstefnu að Straumfirði nè Mýramenn að Krossvík, vegna þess, hvernig til sjáfar hagar á milli beggja þessara staða yfir Borgarfjörð, sem mjög svo er skerjum þakinn.

En þareð þörfin til kauptúns í Þorlákshöfn þó er enn meiri, að því leiti sem bæði erfiðleikar til aðflutnínganna, fyrir 3 sýslur suðuramtsins einar stærstu, eru mönnum í vegi, og líka það, að ekki er nema við einn verzlunarmann á Eyrarbakka að skipta, erum vèr sízt í efa um, að kauptún ætti að vera í Þorlákshöfn, jafnvel þó eg, jústizíarius Þ. Sveinbjörnsson, af ástæðum þeim, sem áður eru tilgreindar, og til eru færðar í mínu ágreinanda atkvæði, sem hèr er með, og enn þótt eg áð-

ur hafi farið því á flot, nú finni það nokkuð ísjárvert, og þess vegna eigi treystist til að mæla fram með því, hvar á móti vèr, hinir aðrir nefndarmenn, eptir sannfæringu vorri og því, sem hèr að framan þegar er sagt og skýrt frá, leyfum oss að ráða þinginu til, að bera upp bænarskrá fyrir Hans Hátign konúnginn um:

að sett verði kauptún í Þorlákshöfn, í Krossvík í suðuramtinu, og við Straumfjörð í vesturamtinu."

2. *Ágreiningsatkvæði Justiziarius Þ. Sveinbjörnssonar.*

„Eg hefi ekki getað náð fullri sannfæringu um, að nauðsyn beri til, að löggylda Þorlákshöfn í Árnessýslu, Krossvík í Borgarfirði og Straumfjörð í Mýrasýslu, sem verzlunarstaði eptirleiðis; og af því eg þannig verð á meiningu, sem gagnstæð er þeirri, er hinir heiðruðu alþingismenn, sem með mèr voru kvaddir í nefnd til að íhuga þetta málefni, hafa í ljósi látið í álitsskjali þeirra, þá verð eg hèr að leyfa mèr að bera upp ástæður meiningar minnar sèrílagi:

Það helzta, og eg hafði nærri sagt einasta, sem talið verður því til gyldis, að fjölgað sè verzlunarplázunum, er, að þarmeð sè almenníngi gjört hægara fyrir með alla aðflutníngа, því það spari bæði kostnað og tíma að taka nauðsynjar sínar nær sèr, hjá því, að sækja þær í þann eina, en fjær liggjanda verzlunarstað, og að almenníngur geti varið þeim tíma og vinnukrapti, er þannig sparast, til umhirðu bús síns, jarðræktar og annara heimilisþarfa. Þessari mikilvægu ástæðu neita eg einganveginn, en eg ætla að margföld önnur vandkvæði gjöri betur enn vega á móti henni, því:

1. Eptir þessu væri það bezt, að siglt yrði þar að ströndum landsins, sem hentugleikar leyfa; en eg óttast, að þar af leiddi óreglu á margfaldan hátt. Eingin vitneskja yrði feingin um að- og út-fluttar vörur eða vörutegundir; eingin um það, með nægri vissu, að aðflutt væri nægilegt af nauðsynjavöru. Kaupmenn sjálfir gætu eigi fyrirsèð, á hverju helzt mundi verða skortur, og hrúguðu kannske að á fleiri stöðum sömu vörutegund í óvissunni, en aðra skorti með öllu, m. fl. Og þegar öllu er á botninn hvolft, lendir hægðin mest hjá sjáfarstranda búendum, er hvað sízt þurfa hennar með; sveitabóndinn, er helzt þarf lèttis við, yrði eigi að síður að verja tíma, hestum og áhöldum til ferðalaga, opt um lángan veg.

2. Með þessu yrði enginn fastur verzlunarstaður í landi, því þar, sem verzlað væri í ár, þángað kæmi máske enginn að ári, og sveitarbóndinn vissi eigi gjörla, hvort hann helzt ætti að fara. Kaupstefna gæti líka á sumum stöðum dregizt til þess fram á heyannatíma, sem bóndanum er óhentast.

3. Yrði á allflestum stöðum ekki nema einsetu-verzlunarmenn, eða þá kæmi þángað ekki nema einstakur lausakaupmaður það eða það árið, og gæti hann þá einokað prísa sína, við hvað missast mundi ekki alllítið af því, er sparað væri frá nokkuð leingri kaupstefnuferð.

4. Gæti svo farið, að bóndinn gæti ekki feingið allt á einum stað, af því, er heimili hans þarf til ársnauðsynja, og yrði því að fara á annan og þaðan á hinn þriðja stað, og máske loks á hinn gamla verzlunarstað, svo tímatöfin geingi fram á heyannir, en tilkostnaður yrði tvíslíkur og áður.

5. Svo má ætla, sem þeir staðirnir, hvar nú er verzlan, sèu, ymsra orsaka vegna, hagkvæmir. En gjörum nú ráð fyrir, að fleiri staðir þar í grennd sèu jafn hagkvæmir til vörukaupa, og þessvegna setjist einn eða annar úr gamla kauptúninu þar að til verzlunar, úr því hún er þar leyfð. Það er nú sjálfsagt, að bæði einstakir menn, staðir og ríki streitast á móti í leingstu lög, að nábúinn gjöri sèr skaða, og það er því jafnframt skylda verzlunarmannsins í gamla kauptúninu við sjálfan sig, sem og líka rèttindi hans, einnig að stofna útsölu í hinu nýja, svo nábúinn taki ei frá honum meira eða minna hluta þeirrar atvinnu, er hann áður hafði. Allir sjá, hvað af þessu leiðir. Án þess að geta vænt sèr meiri vörukaupa enn áður, streitist hver við annan að taka bólfestu líka á nýja staðnum, byggir þar hús, tekur umboðsmann og aðra verzlunarþjóna, m. fl. Eigi nú verzlunarmaðurinn í gamla kauptúninu, við aukin útgjöld, en sömu eða lík inngjöld, ekki að eyðileggjast með öllu, verður hann annaðtveggja eða bæði: að selja dýrra eða kaupa ódýrra, og þarvið hverfur ferða og flutníngsspörnun bóndans með öllu. Verzlunarstaðirnir í Hafnarfirði og Keflavík, rètt við eða í grennd við Reykjavík, eru hèr til aðvaranda eptirdæmis. Um það hefir nú leingi verið kvartað, að í Reykjavík sèu verri prísar enn víðast á landinu, og mun það satt vera. En eg færi þá einföldu ástæðu til, að helztu verzlunarmennirnir í Reykjavík, sem nokkurt þrek er í, og sem því ráða þar mestu um prísana, hafa þar við haft

þrefaldan kostnað, fyrir þá verzlunarstaði, er áður nefnda eg, sem ekki þurfti nema einfaldan, og, sem von var, lagt nokkuð af kostnaðinum, ef eigi allan hann, á landsmenn. Hinir í Reykjavík, er annaðhvort ekki geta eða ekki vilja leggja þetta í sölurnar, þykir vel verða, án alls kostnaðar og því án orsaka, að fylgja þeim lægri landvöru prísum, sem hinir, vegna aukinna útgjalda, neyðast til að setja.

6. Það virðist, eptir því, sem fram er komið fyrir alþingið, í öðru málefni enn þessu, að vera þjóðar-ósk, að stjórnin betur lagi það leyfi, sem hún gaf með tilsk. 11. Sept. 1816, 1. gr., til framandi þjóða verzlunar við landið, af því næstum 30 ára reynsla hafi sannað, að leyfið, með skilmálunum í 3. grein nefndrar tilskipunar, hafi verið þjóðinni jafnt við blátt bann. En hvernig fara mundi, ef ymsar framandi þjóðir, er hvorki ættu nöfn nè niðja við Íslendínga, kæmu til verzlunar á þá eptiræsktu smástaði, læt eg þeim eptir um að dæma, er betur sjá fram í veginn enn eg. Það eina er mèr ljóst, að á slíkum stöðum yrði, þó á þyrfti að halda, ekkert færi á reglulegri sóttvarnar-stiptunar meðferð.

7. Hvort með nægum ástæðum eða ónógum, þá þó eptir beztu vitund og sannfæríngu, hefi eg lagt minn litla skerf til, að landsins einasti skóli stofnsetjist í Reykjavík, og að alþíng þetta sè þar haldið; og það væri innileg ósk mín, að þar gæti þrifizt aðalstofn landsins uppfræðíngar, stjórnar og krapta framvegis. Eg get þá því síður fallizt á, að Reykjavík til niðurdreps sèu stofnsett 3 ný kauptún, svo að segja í grennd við hana, sem eg, bæði hennar og landsins vegna, gæti vel sèð, að bæði Hafnarfjörður og Keflavík væru niður lögð sem verzlunarstaðir, og það af þeim ástæðum, sem drepið er á í 5. grein. Það er ekki vegna Reykjavíkur, sem kaupstaðar, að mig tekur sárt til hennar, heldur vegna Reykjavíkur, sem helzta staðar landsins. Eg skil eigi hvernig því verður komið saman, að eyðileggja Reykjavík, sem verzlunarstað (og að tvístra verzlun hennar út um landsbyggðina er hið sama), að reka frá henni með verzluninni þá fáu iðnaðarmenn, sem þar nú eru, en þó vilja safna þar helztu embættismönnum og stiptunum landsins; það ætla eg sè að brjóta niður með annari hendi það, sem byggt er með hinni. Ekki það, að þeir eða þær lifi af verzluninni í Reykjavík, en sèrhver, er nákvæmar aðgætir, má játa, að bæði þeir og þær

styðjast við það að nokkru leiti, að Reykjavík sè verzlunarstaður. Eg vil ekki dæma um það, hver staður landsins haganlegastur sè eða hefði verið, til að vera landsins helzti staður, en hitt ætla eg víst, að Reykjavík er af sjálfri sèr og kríngumstæðunum orðin það lítið hún er, og um hana verður að tala eins og hún þegar er orðin. Því verður mèr, ef til vill, kastað í nasir, að eg meti meira gagn Reykjavíkur enn heillir og hagnað landsbúa, en það er eigi rèttilega gjört; eg vil einúngis ekki gefa vissan hagnað Reykjavíkurbæjar við einúngis ímynduðum hagnaði næstu landsbúa.

Ef þetta, sem hèr er sagt, er borið saman við það, sem er umtalsefnið, að lögskipa kauptún í Þorlákshöfn, á Akranesi og í Straumfirði, mun sú meiníng mín ljós, að þessu eigi að neita; en eg vil skoða hvern þessara staða sèrílagi. Ekki ætla eg samt að tala um óhultleika eða hættu til hafnarlegu á þessum stöðum; eg vil með orðum mínum hvorki villa þeim sjónir nè hræða þá, er þángað kynnu að leita, ef verzlun leyfðist þar; þeir verða sjálfir að sjá um sig.

Þorlákshöfn liggur í mesta lagi í 5 mílna fjarska austur frá Reykjavík, en 1 míla ætla eg þaðan sè til næsta kauptúns, Eyrarbakka. Ölfusá, stórt ferjuvatnsfall, skilur Þorlákshöfn frá nefndu kauptúni, og frá meginhluta Árnessýslu og austari sýslunum, og hún hefir ekkert nærri sèr hèrnamegin árinnar, annað enn þann sárauma Selvogs hrepp og Ölfussveit, hverrar innbúar sumarlángt hafa næstum daglegan samgáng við Reykjavík, Seltjarnarnes og Álptanes, bæði vegna fiskflutníngs af Nesjunum, og líka til að selja þar á viku hverri ýmislegt, er sjáfarmaðurinn meðþarf, en sem þeir hafa ofmikið af, og sem þó ekki er kaupmannsvara, t. a. m. sýru. Ölfusíngum er það því lítil skript, þó þeir hèreptir sem híngaðtil sæki þarfir sínar sumpart á Eyrarbakka, sumpart í Reykjavík, er þeir optar á sumri í sýruflutníngum fara með lausa hesta hèðan heimleiðis. Þeir sem búa austan Ölfusár fara þvíaðeins framhjá Eyrarbakka, sem liggur rètt nærri ánni að austanverðu, að þeir vænti sèr betri prísa, sem bættu þeim upp sundlegging hesta og ferjutollargjald yfir ána; og sízt af öllu mundu þeir, úr því yfir ána er komið, fara með þreytta og svánga hesta sína út í Þorlákshöfn, hvar eg veit varla stínganda strá nærri, nema túnið. Þeir gætu að vísu máske leigt sèr farmaskip á Eyrarbakka og farið svo sjóleiðis í Þor-

lákshöfn; en — bæði er það undir hælinn lagt, að það feingist, og víst ekki fyrir lítið verð, og líka mundi það eigi ósjaldan að bera, þar í brimhöfnum fyrir opnu hafi, að eigi gæfist færi til sjóflutninga, eða verzlunar á sjó. Þorlákshöfn ætti máske að hleypa prísum landsvörunnar upp, bæði á Eyrarbakka og í Reykjavík, en þessa þarf ekki með; Eyrarbakki er ætíð Reykjavíkur hættulegasti meðbiðill, og Reykjavík verður að gefa betri prísa á landvörunni enn Eyrarbakki, eigi ekki svo mikið að lenda á Eyrarbakka, sem þar verður á móti tekið. Sjái Eyrarbakka-maðurinn, að linist um aðsókn hjá sèr, þarf hann eigi annað enn þoka sèr að Reykjavíkur prísum. Fyrir Þorlákshöfn yrði, gegn Eyrarbakka, allt eins ástatt og Reykjavík, því úr því yfir Ölfusá er komið með hesta og farángur, mundu flestir heldur kjósa að halda áfram suður í Reykjavík, vegna áður talinna orsaka.

Það er að vísu satt, að allmikið landsmegin úr öllum Borgarfirði gæti sótt kaupstefnu á Akranesi, en mèr virðist óþarfi að setja hana þar, þegar þess er gætt, að sjóvegur þaðan í Reykjavík einasta er 2½ vika, einkum þegar við bætist það marga, er eg hefi áður talið hèr að framan. Mèr er það einnig óljóst, hvort alþýða á Akranesi, hvar þètt er byggð og haglendi allt einkaeign, mundi æskja sèr, að mörg hundruð hestar, þeirra úr Borgarfjarðardölum, Hvítársíðu, jafnvel Norðurárdal, Þverárhlíð og Stafholtstúngum, sem nú fara landveg í Reykjavík, sæktu að Akranesi, í viðbót við það sem er. Þess má einnig geta, að eg ætla, að flestir þessara, sem, hvort sem er, þyrftu að fara með lest sína eina eða tvær dagleiðir og yfir fjallveg út á Akranes, mundu heldur kjósa að halda áfram eina dagleiðina til, á þann verzlunarstaðinn, er þeim væri kunnur og hvar þeir hèldu sig vissari um, að fá nauðsynjar sínar.

Um Straumfjörð er nú meira að tala, og mundi eg því ekki svo harðlega mótmæltur, að þar yrði kaupstefna sett, sem á hinum stöðunum, því bæði er það, að Mýramenn eiga lángan sjóveg hingað og heldur slæman, máske 6 vikur, og líka hefir í Straumfirði áður verið lítilfjörlegt kauptún, og það í þeirra minnum sem nú lifa; en ætíð er sárara að missa það maður hefir, en fá ekki það maður aldrei átti. En hinsvegar finn eg eigi svo bráða nauðsyn til þessa bera. Margir Mýramenn eiga skip sjálfir, til að flytja hingað vöru sína, um

þenna ekki yfrið lánga sjóveg; líka ætla eg, að allmargir þeirra eigi skyldarerindi hèr, er þeir róa hèr syðra í Keflavík og víðar á vetrum, og er því talsvert af vöru þeirra hèr, hvort sem er. Enn fremur er mèr óljóst, hversvegna kaupstefna er niður lögð í Straumfirði, hvort heldur fyrir bann stjórnarinnar (og mun það ekki vera), eða af öðrum rökum; sè ekki það fyrra, þá skil eg ekki að þar sèu svo góðir verzlunarkostir sem sagt er, því þá hefir verzlun þar ekki þrifizt, og þannig dáið af sjálfri sèr.

Að lyktum leyfi eg mèr að minnast þess, að eg ætla þinginu ekki óráðlegt, að biðleika við með þessi og þvílík efni, og sjá hvaða stefnu sú hreifing tekur, sem virðist að vera fyrir hendi, um en almennu verzlunarmálefni landsins.

Eptir öllu þessu verður mitt atkvæði:

Að alþing eigi ekki að beiðast þess: að Þorlákshöfn, Krossvík og Straumsjörður verði löggylt sem verzlunarstaðir.

Framsögumaður: Þegar eg nú á að mæla fram með uppástúngu nefndarinnar í þessu máli, má að vísu þeim heiðruðu þingmönnum, sem vita, að eg stend hèr sem þingmaður Árnesínga á eina hönd, og að mèr hinsvegar, sem bæjarfulltrúa í Reykjavík, hlýtur að vera annt um hagi bæjarmanna þar og velgeingni, virðast, að eg hèr verði að synda milli skers og báru, þareð eg hefi orðið þess áskynja, að nokkrir þingmanna sèu á því máli, að Reykjavík muni hljóta baga af því, ef löggylt yrði kauptún á þeim þrem stöðum, sem hèr ræðir um; en eptir sannfæríngu minni held eg þó, að eg geti lagt útí málið óttalaust fyrir öllum skerjum og bárum, og fært sönnur á það, að eg tala hèr máli, ekki að eins Árnesínga, heldur líka, ef til vill, kaupstaðarins Reykjavíkur, og verð eg þá að snúa mèr að því ágreinanda atkvæði minna hluta nefndarinnar, eða hins heiðraða varaforseta.

Hann lætur það vera helztu, ef ekki þá einustu ástæðu, til að löggylda nokkur kauptún, eða að fjölga verzlunarstöðunum, að almenníngi er gjört hægra fyrir með alla aðflutníngа; meiri hluti nefndarinnar þar á móti telur til þess þarfir landsbúa yfirhöfuð, og það ekki að eins að því leiti, sem óhægindin og kostnaðinn við ferðirnar snertir, eins og minni hlutinn hefir gjört, heldur líka að því leiti, sem bændur hljóta að hafa skaða af í kaupum og sölum, þegar svo stendur á, að verzl-

unarstaður liggur svo við sveitum, að flestir verða þángað að flýja, þó ekki sè þar nema einn verzlunarstjóri, sem þannig getur stýrt vöruprísunum og þraungvað mönnum til að kaupa og selja vörurnar með hærra verði og lægra, enn til boða stæði á öðrum verzlunarstöðum, ef hæglega yrði til þeirra náð.

Hinn mikið heiðraði varaforseti hefir talið fram grundvallarástæður þær, sem honum þykja mikilvægastar við löggyldíngu kauptúns nokkurs yfirhöfuð, í 7 greinum, og kynnu sumir að halda, að ástæðurnar þá væru eins margar, og að því skapi gyldar og góðar, sem greinirnar eru fleiri, en eg ætla þó, að fara muni á aðra leið, þegar þær allar og hver um sig eru skoðaðar nokkuð ýtarlegar.

Yfirhöfuð hníga þær allar að þeim tveimur atriðum, að bæði verzlunarstöðunum sjálfum og líka landsbúum sè það hollast, að það lendi við þá verzlunarstaðina, sem nú eru löggyltir, og verð eg nú að skoða hverja grein útaf fyrir sig, til þess að geta lagt því heiðraða þíngi fyrir sjónir, að ástæður þessar eru nokkuð á reiki, og að þær hvergi nærri sanni þetta, sem þeim þó er ætlað að sanna.

Það er þá í 1. og 2. grein komizt svo að orðum, sem það sè ætlan beiðenda og meira hluta nefndarinnar, að verzlunarmenn megi sigla þar að landi sem þeim lízt, en eg vona, að þíngmenn hafi skilið bænarskrárnar og nefndina rètt, að hèr er að eins beðið um, að fá 3 kauptún í 2 ömtum löggylt. Að öðru leiti sè eg landsbúum einga hættu búna af því, að vörum er hrúgað saman á fleiri stöðum, og ekki heldur get eg kviðið því, að þeir fari í kaupstaðarferðir áður, enn þeir vita, hverjar vörutegundir eru fluttar að kauptúnunum, því það þekkja flestir allvel, að bændur eru ekki vanir að álpast að heiman til að sækja kaupstefnu á nokkrum stað, áður enn þeir eru orðnir þess fullvissir, að þar sèu vörur fyrir, sem þá vanhagar um, og yfirhöfuð hverjir prísar eru, bæði á innlendum og útlendum varníngi, á þeim stöðum, sem þeir sækja að.

Í 3. grein er gjört ráð fyrir því, að ekki yrðu aðrir enn einsetu-verzlunarmenn eptir, ef verzlunarstöðunum yrði fjölgað, en þetta skilst mèr ekki, og eg sè ekki betur, enn að þeir verzlunarstaðirnir, hvar vel hagar til fyrir fleiri enn einn verzlunarmann, yfirhöfuð hljóti að verða svo birgir af vörum og verzlunarmönnum, sem bezt hentar, eptir aðsókninni á hverjum

stað, og er þá eigi heldur bagi að lausakaupmönnum þar líka, og munu þeir eins haga sèr eptir aðsókn bændanna.

Við 4. grein þarf eg varla annað, enn skýrskota til þess, sem eg mælti um 1. og 2. grein, og eg kvíði því ekki, að bóndinn fari að heiman í óvissu um, hvort nokkrar vörur eru fluttar að þeim verzlunarstaðnum, sem hann ætlaði sèr á.

Í 5. greininni er gjört ráð fyrir, að verzlunarstaðir þeir, sem eru, sèu hinir hagkvæmustu, og að verzlunarmenn þar þá streytist við að fá hönd yfir hinum nýju kauptúnum, sem sett verða í grennd, og auki með því sjálfum sèr og undir eins landsbúum kostnað og þyngsli í kaupum og sölum; en þó því ekki verði neitað, að litið muni hafa verið á hagkvæmni, þar sem verzlunarstaðir þegar eru, er það samt einganveginn ætlanda, að fleiri ekki geti verið hagkvæmir, þá fyrir eina sveitina, ef ekki aðra, og munu bændur varla sæta þyngri kjörum á þeim nýju kauptúnunum enn á þeim eldri, og það allrasízt þegar að hinum nýju kauptúnum líka geta sótt lausakaupmenn, eða þegar á aðra staði er að flýja fyrir bændurna, eins eptir sem áður, þegar í nauðirnar rekur. Eg get ekki samsinnt því, að í Reykjavík yfirhöfuð sèu verri vöruprísar enn á öðrum verzlunarstöðum í landinu, og allrasízt, að það þá komi þar af, að nokkrir verzlunarmenn í Reykjavík líka verði að halda við sölubúðum og kosta verzlun í Hafnarfirði og Keflavík, því svo eru margir aðrir kaupmenn í Reykjavík, að þessa ekki mundi gæta, ef hver keppti þar við annan, en það hefir þar á móti stundum geingizt við, að verzlunarmenn á þessum stöðum hafa getað komið sèr saman um vöruprísana, af því, að ekki er aðra að óttast enn verzlunarmanninn á Eyrarbakka, en hann sèr um sig, og að nokkrir, sem mestan hafa haft kraptinn, hafa stofnað verzlun á öllum 3. stöðunum, og nær það eingri átt, að verzlunarmenn yfirhöfuð hafi það í sjálfsvaldi, hverjir vöruprísar verða, þegar aðsókn er nóg á báðar hendur, og ekki stendur líkt á og nú sagða eg.

Í 6. greininni, og að lokum í þessu ágreinanda atkvæði, eru talin tormerki á þetta mál, vegna þess, að það liggur fyrir þínginu, samkvæmt bænarskrám úr flestum hèruðum landsins, að fara því á flot við stjórnina, að rýmkað verði um verzlunarfrelsi vort Íslendínga við framandi þjóðir, og að það sè þínginu ráðlegra, að sjá, hvaða stefnu sú hreifíng tekur, sem fyrir hendi er, um hin almennu verzlunarmálefni landsins. Þó

er minna hlutanum það eina ljóst í þessu efni, að á þvílíkum smástöðum og þeim, sem hèr ræðir um, ekkert færi gefst á reglulegri sóttvarnar - stiptun. Eg held annað og meira gæti orðið ljóst, þegar menn setja sèr fyrir sjónir, með hverjum hætti þessu almenna verzlunarmálefni verður hreift af þínginu, og skiptir hèr líklegast í 3 horn: því nokkrir hafa beðið um, að framandi þjóðir mættu koma hvar helzt að landi, sem þeir vildu, til að verzla, og væri þá varla nein hætta búin við, að löggylda þá 3 staðina sem kauptún; aðrir, að þeir mættu verzla á öllum löggyltum verzlunarstöðum landsins, og eru þeir 3 staðir, sem hèr ræðir um, þá vissulega einganveginn miður lagaðir eður settir til þess, enn mörg önnur kauptún, sem nú eru löggylt í landinu, og lángtum leingra liggja undan lögreglustjórn sýslumanna, o. s. frv., enn þeir. En ef þeir þriðju feingju bænheyrslu, og það er máske hið líklegasta, sem beðið hafa um, að framandi þjóðir mættu verzla á fjórum eða fimm hinum stærstu verzlunarstöðum landsins, þá er eins öllum í augum uppi, að þetta geti eigi hamlað löggyldíngu fleiri kauptúna, hvar þvílík verzlun eigi yrði leyfð.

Í 7. greininni víkur minni hlutinn sèr að Reykjavík útaf fyrir sig, og kvartar sáran yfir því, ef 3 hin nýju kauptún yrðu sett, til niðurdreps uppfræðíngar, stjórnar og krapta landsins framvegis, sem nú er ætlazt til að skuli þrifast í Reykjavík, og fer hann því enda fram, að bezt væri fyrir landið og Reykjavík, að leggja Hafnarfjörð og Keflavík niður. Eg undrast mjög yfir þessu, og eg skil ekki, hver ástæða geti verið til, sèrílagi að leggja Keflavík niður, og þannig að þraungva búendum þar, sveitum og fiskiverum, sem liggja allt í kríng, til að sækja kaupstefnu í Reykjavík með vörur þeirra, svo lángan, erfiðan og hættulegan sjóveg sem þaðan er og híngað, og er mèr það litlu skiljanlegra, að landinu eða þeim, sem búa í kríngum Hafnarfjörð og á Álptanesi, geti orðið hagur að því, að verzlunarstaður þessi yrði lagður niður. Eg fæ eigi betur sèð, enn að Reykjavík geti verið, og enn meir orðið, helzti staður landsins, að alþíng, skólinn, stiptanir, embættismenn og iðnaðarmenn geti fullt eins vel þrifizt þar, þó kauptúnin sèu löggylt, því þó ekki fjölgi um verzlunarmenn þar, þá eru þó öll líkindi til að ekki fækki þeir, þó að öllu þessu nú verði safnað saman á þenna eina staðinn; enda er það í augum uppi, að þar sem svo margir og fleiri enn áður sækja að, og þurfa lífsnauðsynja

við, muni eigi heldur vanta aðsókn verzlunarmanna, auk þess, að meiri hluti nefndarinnar hefir fært sönnur á það, að verzlun Reykjavíkur muni vaxa, sèrílagi við löggyldíngu Straumfjarðar og Krossvíkur, þareð öll líkindi eru til, að verzlunarmenn eigi setjist þar að vegna þess, að þessir staðir liggja svo nálægt Reykjavík sjálfri, þó mörg vandkvæði að hinu leitinu sèu fyrir bændur við sjóferðirnar af Mýrum og Akranesi, o. s. frv.

Eg vík nú málinu til Þorlákshafnar útaf fyrir sig, og gæti þeim heiðruðu þíngmönnum máske virzt, að eg hèr sè enn meira bundinn í báða skó, þar sem eg hèr á að tala máli Árnesínga, sem hafa sent mig híngað til þess, já enda Rángvellínga og Skaptfellínga, að ætlun sumra ámóti Reykjavík. Eg vil enn fremur láta þá heiðruðu þíngmenn alla vita, að eg, sem stendur, er eigandi að hálfri jörðinni Þorlákshöfn, svo þá ekkert vanti til þess, að geta dæmt um mál þetta eptir velþóknan og sannfæríngu. En, eins og eg eigi fæ sèð, hvers hagnaðar von mèr gæti orðið af því, að siglíng kæmist á að Þorlákshöfn, svo er mèr það ljóst, að eg breytti beint á móti skyldu minni og sannfæríng í þessu máli, ef eg eigi fylgdi því fram fyrir hönd kjósenda minna, og sný eg mèr þá að efninu.

Sýslumaðurinn í Árnessýslu — og var hann, að allra dómi, sá, sem einna bezt þekkti þörf og hagi sýslubúa sinna, og betur enn aðrir sýslumenn í landinu — tjáði hinu konúnglega rentukammeri í brèfi 8. Desemb. 1822 frá vandkvæðum þeim, sem ekki að eins Árnessýsla, heldur og Rángárvalla og Skaptafells-sýslur byggju undir, með tilliti til verzlunarinnar á Eyrarbakka, og þeirri nauðsyn, sem bæri til, að leyfa siglíngar kaupfara að Þorlákshöfn, hversvegna hann fór því á flot við nefnt stjórnarráð, að leyfið væri veitt, og færði hann þessar ástæður fyrir uppástúngu sinni:

1. að allir fari því nærri, að sýslubúa vanti mikið á, að geta feingið nauðsynjar sínar á Eyrarbakka, hvar að eins komi eitt skip á ári, og að eigi geti með góðu legið nema eitt skip á hinni vesælu (*usle*) Eyrarbakkahöfn, og að eins í neyðarúrræðum tvær smáskútur, þó svo, að eitt geti að eins farið út og inn í senn; nú þarámóti þykir þeim heiðraða varaforseta vel fara, þó þau tvö skipin, sem nú á seinni árunum hafa komið á Eyrarbakka, flytji hèrumbil það sama lestarúm af vörum, og hitt hið stóra, er áður flutti þar að vörur.

2. Að ekki að eins Árnesingar, heldur líka Rángvellíngar og Skaptfellíngar, verði að sækja mikið af nauðsynjavörum sínum yfir þann erfiða fjallgarð Hellisheiði, og einkum þyngslavörurnar (timbur, steinkol m. fl.); en nú segir hann, að þeir ætið eigi erindi til suðurkaupstaðanna, og að þeir verði þángað að fara, hvort heldur verzlun yrði komið á í Þorlákshöfn eða ekki, og að þörfin sè nauðsynjum þeirra samfara til að verzla á verzlunarstöðunum fyrir sunnan fjall, þareð þeir, hvort heldur verzlunarstaður sè nokkur við Þorlákshöfn eða eigi, þó eigi erindi í suðurkaupstaðina, og að þeim sè því eingin bót í því, að hafa verzlunarstað fyrir austan fjall annan enn Eyrarbakka.

3. Að Árnesingar sèu á sumrum 4—5 daga á ferðinni í suðurkaupstaðina, að þeir, heimilisanna þeirra og efna-ástands vegna, eigi fái dregið nóg að sèr um sumartímann austur yfir fjall, en á vetrum verði ekki komizt yfir fjallgarðinn; en nú lætur hann vera eina þíngmannaleið frá Þorlákshöfn til Reykjavíkur, og eina mílu frá Eyrarbakka að Þorlákshöfn, og veit eg þá ekki hvar fara ætti yfir fjallið, — en yfir það liggja 3 eða 4 mjög mislángir og krókóttir vegir, og eru styttstu vegirnir farnir allsjaldnast og af hinum fæstu—ef vegurinn eigi á verða leingri, þar á móti er vandkvæðunum með aðflutníngana austur yfir fjall um vetur, vor og haust, ennþá ómótmælt.

4. Að afgreiðslan gángi svo seint á Eyrarbakka, þar sem einn verzlunarstjóri hafi svo mörgum manni að gegna úr þremur sýslum, að menn þessvegna verði að bíða þar mörgum dögum saman, og að þess sèu mörg dæmi, að þeir, sem verða samferða á Eyrarbakka hinum, sem halda af suður vegna ösinnar á Eyrarbakka, opt sitji þar um kyrt, og sèu ekki orðnir afgreiddir þegar hinir koma að sunnan aptur; en nú er hlaupið yfir þetta, sem ekkert sè í það varið.

5. Að mönnum hljóti opt að vera misboðið á Eyrarbakka, þar sem ekki er nema til eins að flýja, og aðrir verzlunarstaðir liggja svo fjarri, að margir, heimilis-kríngumstæðanna vegna, neyðist til, að sitja við þann hinn verri kostinn, sem þar er boðinn; en nú segir hinn sami maðurinn, að það mundi ekki bæta kaup á Eyrarbakka, þó verzla mætti í Þorlákshöfn, og að þess þurfi ekki, því Reykjavík skakki leikinn, og verzlunarstjórinn á Eyrarbakka muni jafnan þoka sèr að prísum Reykjavíkur, er hann sèr, að aðsóknin fer mínkandi á Eyrar-

bakka, enda er það nú orðin einasta ástæðan fyrir fjölgun kauptúna, að lángferðir eru búendum svo óhagfelldar og kostnaðarsamar, hvarámóti ekkert er gjört úr þeirri verkun, sem það hefir á hagi landsbúa að öðru leiti, ef að eins við einn verzlunarstjóra er að skipta, og það í miklum fjarska frá öðrum kauptúnum; en þetta ætla eg þó muni vera öllum í augum uppi, að líka horfi til mikils tjóns og skaða fyrir búendurna.

6. Að við Þorlákshöfn sè rúmgóð skipalega, og að skip geti legið þar svo hættulaust, að lausakaupmenn fái þar verzlað við landsbúa á skipum allt að 3 mánuðum; en nú kveður hinn heiðraði varaforseti svo að orði: að eigi gefist þar færi til vöruflutninga sjóveg, eða verzlunar á sjó. Hverju helzt af þessu þeir heiðruðu þingmenn nú trúa, er þeim í sjálfsvaldi, en hitt mun vera auðsætt, að Reykjavík, eða öðrum verzlunarstöðum, getur eigi verið nein hætta búin af verzluninni við Þorlákshöfn, ef eigi verður verzlað þar á sjó, því það er þó einkum vegna aðsóknar lausakaupmanna þángað, að menn eru sannfærðir um hagnað af leyfinu fyrir sýslubúa þá, sem áður eru nefndir.

7. Að í Þorlákshöfn sè bezta útræði, og sitt fikiverið hvorjumegin hennar; að hún liggi við þéttbyggðar sveitir, sem sèu þær fènaðarríkustu og birgustu af landvöru í allri Árnessýslu; en nú er staðnum talið allt til ógyldis: að þar sè ekki stínganda strá í nánd, að undanteknum túnblettinum; en þetta er ýkt, því strax fyrir utan túngarð er þó hagi nokkur og grastór nægilegar fyrir hesta þá, sem koma að úr einum hinum grasgefnustu stöðum landsins, er liggja mjög nálægt; að Þorlákshöfn hafi ekkert nærri sèr annað, enn þann sárauma Selvogshrepp og Ölfussveit, og er Ölfussveitin þá, að mèr virðist, líka mjög nýlega orðin sáraum; hún liggur næst fyrir ofan Þorlákshöfn, og eru þar nú 80 búendur, og framt að 600 manns, þar fyrir ofan liggur Grafníngurinn, eins að vestanverðu við Ölfusá eða Hvítá, og þar næst Grímsneshreppur, en þar eru hèrumbil 650 manns, og gætu allar þessar sveitir farið kaupstaðarferðir að Þorlákshöfn, án þess að hestar sèu járnaðir, og enn fremur út yfir ána allur Flóinn, en þar eru 5 hreppar, og eins Skeiðahreppur, auk annara fjærliggjandi hreppa. Eg tel Ölfusíngum næsta lítið gagn að sýrusölu þeirra í Reykjavík, og eg get ekki trúað, að þeir fái meira enn svo sem svarar 20 dala virði samtals á ári fyrir vörutegund þessa, enda er það sjálfsagt, að þeim verður eigi bannað að flytja sýruna til

Reykjavíkur fyrir það, þó kauptún verði sett í Þorlákshöfn, og veit eg ekki betur, enn að þeir þá að eins flytji hingað sýru, ef þeir meðfram hafa nokkurt annað erindi.

Yfirhöfuð að tala sè eg ekki, hvers vegna þingmenn ættu að trúa betur þeirri skýrslu, sem þannig nú er komin fram af hálfu hins heiðraða varaforseta, en hinni skýrslunni, sem hann áður, á meðan hann var sýslumaður í Árnessýslu, gaf um þarfir og ástand innbúa sýslu þessarar, og það því síður, sem mèr er það gagnkunnugt, að sýslumaðurinn sem nú er í Árnessýslu skoðar mál þetta öldúngis á sama veg og hann áður, svo og, að sýslumenn Rángvellínga og Skaptfellínga eru á á sama máli og sýslumaður Árnesínga, um, hversu æskilegt það sè, að verzlun komist á í Þorlákshöfn.

Eg vík nú málinu til hinna staðanna, sem beðið er um að verði löggyltir, og get eg um þá orðið fáorðari, af því varaforseti hefir farið um þá færri orðum enn um Þorlákshöfn.

Það er þá, hvað Krossvík viðvíkur, varla ísjárverðara fyrir bændur á Akranesi, að þola ágáng af hestum þeirra, er sæktu kaupstefnu að Krossvík, enn hina, sem nú sækja hana í Reykjavík, og verða að láta hesta sína gánga í högum Akurnesínga allan þann tíma, sem þeir hafa varið til ferðarinnar að Reykjavík, og teppzt þar og á Akranesi, enda fæ eg eigi sèð, að það verði haft á móti löggyldíngu Krossvíkur, að þeir eigi að síður mundu halda áfram eina dagleiðina til Reykjavíkur, hvar minni hlutinn segir að þeir sèu kunnugastir, því sè fyrir þessu ráð gjöranda, mun það varla koma verzlunarmönnum í Reykjavík illa. Að öðru leiti er mèr það ekki gagnkunnugt, hvort meiri hluti nefndarinnar, sem segir, að það sèu 3 vikur sjáfar af Akranesi til Reykjavíkur, eða minni hlutinn, sem vill að eins láta það vera 2½ viku, hefir á rèttara að standa; en eg hygg þó, að þeim tveimur mönnum af meira hlutanum, sem bezt þekkja til í þessu efni, sè trúanda.

Með tilliti til Straumfjarðar er þess að geta, að verzlun sú, sem þar hófst við lok 18. aldar, tók aptur enda vegna stríðsins, eptir aldamótin, svo að verzlunarmaðurinn, af aðflutníngaleysi og milliferða frá Danmörku, eigi sá sèr fært að halda leingra áfram. Látum vera, að Mýramenn, eins og minni hlutinn getur til, eigi erindi til Reykjavíkur og Keflavíkur, og þurfi að fara þángað fiskiferðir, og um leið geti verzlað, en þegar svo er ástatt, get eg líka því síður sèð, að löggyldíng

Straumfjarðar geti orðið Reykjavík til niðurdreps, sem Mýramönnum hvort sem er, eða eins eptir sem áður, má standa opið að verzla í Reykjavík.

Varaforseti: Eg finn mèr á þessari samkomu allteins lítið skylt sem verðugt að gegna ýmislegu af því, sem sá heiðraði framsögumaður hefir með helzt of miklum ákafa talað, mèr sjálfum viðkomandi. Samt get eg ekki bundizt þess, að segja fáein orð um brèf það, sem fram hefir verið lagt fyrir þingið undir mínu nafni, dagsett 8. Desembr. 1822. Það hefir verið mèr fullskiljanlegt, að hann undrast yfir hviklyndi mínu, því, að eg 1822 skuli svo sterklega hafa mælt með því, að Þorlákshöfn yrði lögskipuð að kauptúni, en 1845 sè eg orðinn á gagnstæðri meiningu. Eg fyrirverð mig einganveginn fyrir þessa meiningarbreytingu, og ekki heldur fyrir þær ritgjörðir mínar hèr að lútandi, sem lagðar eru fram fyrir þingið, þó hinn heiðraði framsögumaður máske ætlist til þess. Eg finn mèr alls óskylt, sem alþingismanni 1845, að standa rígfastur á þeirri meiningu, hvort hún svo er rètt eða raung, er eg 23 árum áður hafði, sem nýorðinn sýslumaður í Árnessýslu, og eg teldi mèr það einga sæmd, að eg, einasta fyrir þá eldri meiningu, traðkaði nú öllu því, er 23 ára reynsla í opinberri stöðu, nákvæmari eptirþánki, og þessa tímabils mörgu biltíngar og breytíngar, hvettu mig nú til að aðhyllast. Eg hefi ekki komið hèr inn í salinn í þeim tilgángi, einbeittur og einúngis að hafa einstaks hèraðs eður stands gagn fyrir augum. Já enn fremur, mèr væri það jafnvel eingin ósæmd, þó eg 1822, fyrir fáum mánuðum orðinn sýslumaður í Árnessýslu, hefði í brèfinu af 8. Desembr. sýnt mig nokkuð vilhallan sýslu þeirri, sem mèr var trúað fyrir. Og svo er það líka. Eg hefi í brèfinu talið allt sem mælti með, en ekkert af því, sem mælti mót því, er eg eptir æskti; það síðara ætlaði eg þeim að sjá, sem hærra stóðu, og áttu því að geta sèð yfir stærra svæði enn eg. Enda fèkkst ekki heldur það, sem eg um beiddi. En allt, hvað eg sagt hefi í brèfinu, játa eg enn fyrir sannleika á þeirri tíð; einasta er það máske af mèr orðum aukið, að 2 eða 3 skip gætu þar feingið hleðslu. Þó hefi eg ekkert getið um stærð skipanna. Þá var á Eyrarbakka duglaus, afgamall, fèlítill kaupmaður, sem aldrei kom þángað nema með eitt skip, stundum hálfhlaðið; nú er þar fjáður dugnaðar- og framkvæmdarmaður, sem árlega flytur þángað 2 og 3 skipsfarma. Þá voru

eingir farmaflutníngar á þiljuskipum frá Reykjavík eða Hafnarfirði til Þorlákshafnar, sem síðar komust á; þá var eingin fiskitaka þar frá Reykjavík, sem nú er þar; þá var ekki skóli, ekki alþíng stofnsett í Reykjavík, sem nú er, ekkert talað um framandi þjóða verzlun við landið, ekki landsyfirrèttarins meðlimir seztir að í Reykjavík, og—sá heiðraði fulltrúi Árnesínga þá ekki orðinn bæjarfulltrúi í Reykjavík, sem hann nú er. Allar þessar miklu breytíngar eða breytíngavonir gátu því hvorki stýrt þánka mínum nè penna 1822. Höfuðástæðan, þá meint, aðflutnínga lèttir fyrir sýslubúa, er líka nefnd í ágreiníngs-atkvæði mínu 1845, en, sem eg ætla, er þar líka sýnt, að meiri lèttir í aðflutníngum, ef nokkur yrði, vegur ekki í móti öðrum óhag, sem þar af flyti. Eg held mèr því til míns atkvæðis, og bæti því einúngis við, hvað brèfið snertir, að eg verð harðlega að mótmæla þeim upplestri þess, sem hèr er skeður, því það er eigi mitt eigið brèf, sem sá heiðraði framsögumaður las, heldur af honum sjálfum orðaður og á mörgum stöðum rángfærður útdráttur þess. Þannig hefir hann t. d. lesið, sem eg hefði sjálfur sagt, að höfnin í Þorlákshöfn væri öldúngis óhult, þar sem eg þó í sjálfu brèfinu einúngis segist hafa það eptir öðrum.

Hvað mitt ágreiníngs-atkvæði snertir, sem sá heiðraði framsögumaður hefir með svo mörgum og fögrum orðum reynt til að hrekja grein fyrir grein, — en þótt að minni ætlun forgefins — þá verð eg að geta þess, að hann hefir ekki tilbærilega litið til þess, að einsog sú ástæða fyrir meira hlutans meiníngu er almenn, að gott væri að gjöra almenníngi kaupferðir sem hægastar, og því þurfi að fjölga verzlunarstöðum, eins eru þær 6 fyrstu greinir í atkvæði mínu einúngis almennar að meiníngu, en framsögumaður vill endilega, hvort eg vil eða ekki, að þær sèrílagi sèu meintar um Þorlákshöfn, Krossvík og Straumfjörð. Þannig t. d. hefi eg í 1. grein sagt, að mörg óregla gæti flotið af, ef sigla mætti þar að ströndum landsins og verzla þar, sem færi er á, og má hann snúa þessu uppá þau eptir æsktu kauptún, ef hann svo vill. Af því, sem hann hefir sagt til 2. og 3. greinar, þykir mèr ekkert svara vert. Við 4. grein hefir hann sagt, að ekki fáist heldur allar nauðsynjar í Reykjavík, en sè það satt, getur hann þá heldur vænt, að það muni fást í þessum vesælu einsetukauptúnum? Af því, sem hann hefir sagt við 5. grein, bíður fæst svara. Hann ber

það fram, að eg hafi sagt, að í Reykjavík væri ofmargir kaupmenn, en það er nú eitt af því ofhermda. Við 6. gr. segir hann, að þarfir bændanna sèu þær sömu, þó ekki verði við komið sóttvarnarstiptun; þetta játa eg satt að vera, á meðan aðfluttir sjúkdómar frá framandi þjóðum ekki hafa drepið þá; en allir sjá, að innihald 6. greinar stendur eins óhaggað fyrir þessa mótbáru. Við 7. grein hefir hann getið þess, að hann haldi, að Reykjavík einmitt hafi hag af hinum nýju kauptúnum, er kaupmenn í Reykjavík fái vörur sveitabænda við lægra verði, ef þeir sækja þær til þeirra. En mèr er spurn: hvað verður þá af arði þeim, er átti að fást með skemmri kaupferðum? Að eg hafi sagt, að Ölfussveit væri sáraum, er eitt af því rángfærða, og hefir víst eingum í hug dottið, sem íslenzku skilur, að leiða það af orðum mínum. Fleiri af hans athugasemdum við atkvæðið eru ekki svara verðar. Samt verð eg dálitið að minnast á fáein atriði í meira hlutans álitsskjali. Hann hefir sagt, að aðflutninga erfiðleiki til sjós og lands sè meiri á Íslandi enn í nokkru öðru landi í Norðurálfunni; yfir aðflutninga erfiðleika til sjós hefir aldrei verið kvartað í eylöndum. Líka þykir mèr sú meining nokkuð kynleg, að eigi sè gagnlegt, að fólks nè kaupmanna tala fari vaxandi í Reykjavík. Það er nú einber ósönnuð ágizkun meira hlutans, að ekki meira enn 100 lesta rúm komi árlega á Eyrarbakka, einsog líka hitt, að $1\frac{1}{2}$ míla sè þaðan í Þorlákshöfn. Eg get eins ætlað, að árlega komi 140—150 lesta rúm á Eyrarbakka. Hvar það ávaxtarsama land er, norðan til við Þorlákshöfn, er mèr ókunnugt, og hefi eg þó optar í minni 12 ára þjónustu við sýslumanns-embættið í Árnessýslu komið í Þorlákshöfn, enn framsögumaðurinn. Það næsta eiginlega graslendi á þá síðuna ætla eg sè Hrauns eingjar eða Nauteyrar prestsins í Arnarbæli. Sjálfur hefir framsögumaður getið til, að $\frac{1}{2}$ míla mundi til eiginlegs graslendis. Að lyktum þykir mèr það kynlegt, að meiri hlutinn er sjálfur í vafa um, hvort nokkur kaupmaður muni vilja stofna verzlun í Krossvík eður Straumfirði, rètt í því hann með ekki alllitlum ákafa vill sækja um, að þessir staðir verði löggyltir verzlunarstaðir.

Framsögumaður: Það er þó varla mjög lángt síðan, að sá mikið heiðraði varaforseti breytti meiningu sinni í þessu efni, eða sèrílagi um Þorlákshöfn. Að minnsta kosti gátu þingmenn varla ráðið annað af orðum hans, þá er eg bar þetta mál upp

fyrir þinginu, enn að hann væri sömu meiníngar og áður, viðvíkjandi Þorlákshöfn, því þá sagði hann, að hann væri „búinn að kveða upp álit sitt um þetta málefni fyrirfram“ (Þíngtíðindin bls. 32), og lá þá sú hugmynd næst við, að hann þyrfti ekki að taka það upp aptur, sem hann þegar fyrirfram væri búinn að segja, af því að það yrði hið sama, og þíngið hefði það fyrir sèr í brèfinu til rentukammersins. Að öðru leiti virðist mèr, að staða hins heiðraða varaforseta, sem sýslumanns í Árnessýslu, hljóti að hafa gjört honum þarfir sýslubúanna kunnar.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að skjóta því til hins háttvirta forseta, — nú, þegar svo er að heyra, sem framsögumaður sè tekinn til aptur á tali því, er hann hefir teygt svo leingi, um mismun þann, sem sè á meiníngum hins virðulega varaforseta nú og að undanförnu — hvort honum þyki ekki ástæða til, að gjöra enda á umræðu þessari, sem er gagnslaus og gjörir ekki annað enn leingja þíngstörfin í máli þessu, enda er og umræðan í eingu nánu sambandi við það.

Framsögumaður: Eg skal að vísu ekki þurfa neinnar aðvörunar við í þessu tilliti, og taka þá annað atriði fyrir í tölu hins heiðraða varaforseta: og ætla eg þá, að meiníngar hans hvergi sèu „afbakaðar“ af nefndinni eða mèr, enda hafa allir þíngmenn haft færi á, að kynna sèr þær í lestrarstofunni, hvar bæði hans ágreinanda atkvæði, og líka brèfið til rentukammersins, munu hafa legið öllum til eptirsjónar, að öðru leiti hefir meiri hluti nefndarinnar og eg að eins dregið efa á það, að mikil fólksfjölgun, úr því sem komið er, í Reykjavík, og sèrílagi fjölgun kaupmanna, sè bæjarmönnum hentug yfirhöfuð, einkum hvað snertir þraung þá, er opt hefir látið sig í ljósi á sveitavörum og öðrum þesskonar nauðsynjum á milli svo margra. Hinn heiðraði varaforseti hefir sjálfsagt optar komið í Þorlákshöfn enn eg, en eg ætla þó, að eg ekki hafi tekið skakkt eptir, þegar eg hefi komið þar. Að Ölfusið sè ávaxtarsamt land, og að það liggi rètt skammt fyrir ofan Þorlákshöfn, efast varla neinn um, sem þar hefir komið.

Assessor Jonassen: Eg leyfi mèr einúngis að tala fáein orð um þetta mál, og verð eg þá fyrst að geta þess, að eg get ekki fallizt á ástæður meira hlutans í þessu máli, en verð þar á móti að vera samþykkur áliti minna hlutans, sem mèr sýnist vera á góðum og sannfærandi rökum byggt.

Það þarf ekki að leiða rök að því, að einsog Reykjavík á verzluninni að þakka, að hún er orðin, ekki einúngis landsins helzti, heldur og þess einasti kaupstaður, svo er það og undir verzluninni komið, hvort bær þessi á að geta eptirleiðis, ekki einúngis haldizt við, heldur og tekið framförum og eflzt að velmegun.

Nú er í ráði að biðja um löggyldíngu á 3 kauptúnum, og það í þeim byggðarlögum, sem hingað til hafa átt kaupskap við Reykjavík; með þessu móti hverfur bænum sá hagur, sem hann hefir haft af þessum verzlunarviðskiptum. En þegar á að svipta hann þessum hag, er það augljóst, að þar til þarf að vera yfirgnæfandi ástæða, það þarf að vera augljóst, að þessi ráðstöfun sè bæði nytsöm og nauðsynleg fyrir þau byggðarlög, sem hún hnígur að, og það ætla eg fjarri fara, þegar afstaða þeirra og vegaleingd frá Reykjavík er tekin til greina, en þegar svo er, ætla eg hagsmunir Reykjavíkur eigi að vera í fyrirrúmi. Þvínæst ber að líta á Reykjavík, ekki einúngis sem kauptún, heldur og sem samastað fyrir það ágætasta, sem landið á í eigu sinni, og meina eg þar með einkum skólann, sem nú er verið að stofnsetja í þessum bæ, en því að eins vegnar skólanum þar vel, að bænum ekki fari aptur að velmegun og atvinnu, en það er, einsog áður er sagt, allt komið undir verzluninni þar, því hnigni henni, hnignar bænum og í jöfnu hlutfalli, og frumvarp þetta kippir að nokkru leiti undan verzluninni þar fótunum.

Eitt er enn það atriði, sem eg vildi leyfa mèr hèr að minnast á, og leiða þíngsins athuga að, og það er, að nú er verið að ræða um, að koma á öldúngis frjálsri verzlun, og það við allar þjóðir, en eitt skilyrði fyrir slíkri verzlun, og það eitthvert hið mikilvægasta, er, meðal annars, það, að ekki sèu einúngis nokkurnveginn nægar vörubirgðir fyrir í landinu, sem á að verða slíkrar verzlunar aðnjótanda, heldur og, að vörubirgðirnar sèu sameinaðar á vissum stöðum, en ekki þurfi að týna þær saman víðs vegar, en ogsvo þessu er frumvarpið mótstæðilegt, því það sundrar, í stað þess að sameina, og verður svo allt að kalla í molum, en hvergi neitt verulegt. Alls þess vegna verð eg að mótmæla með öllu frumvarpi meira hluta nefndarinnar í þessu máli.

Umboðsmaður Jón Gudmundsson: Bæði með tilliti til þess, er hinn heiðraði konúngvaldi alþíngismaður nú mælti síðast,

og eins hins, sem tekið er fram í ágreinings-atkvæði minna hlutans, verð eg að leyfa mèr að mæla fátt eitt. Eg ætla nú hvorki að hrekja beinlínis spádóma þeirra, sem halda, að ef kauptún þessi, sem nú ræðir um, verði löggylt, þá muni það ríða Reykjavík á slig, nè heldur spá neinu um það sjálfur; þeir gjöri það, sem færari eru um. En heldur vil eg leiða rök að því af liðnu tímunum, að Reykjavík hefir ekki kopað, þó stækkað hafi næstu kaupstaðir, Hafnarfjörður og Keflavík, og minnir mig þó ekki betur, enn í ágreinings-atkvæðinu sè ummælt á þá leið, að þeir kaupstaðir sèu Reykjavík til kyrkíngar. Eg verð að játa, að eg skil þetta með eingu móti, þegar eg lít til þess, hvernig til hagaði í þessum kaupstöðum fyrir svosem 30 árum. Þá, eður 1817, munu hafa verið:

í Reykjavík 8 verzlunarbúðir, í Hafnarfirði 3, í Keflavík 2;
1826 — 10 — — - — — 4, - — — 3;
og nú 1845 — 14 — — - — — 6, - — — 4.

Frá því 1817 hafa því verzlunarbúðir fjölgað til helmínga í Hafnarfirði og Keflavík, og nálægt því að sama jöfnuði í Reykjavík, og eg má fullyrða, að við allar hinar meiri verzlunarbúðir hèr sè miklu meira selt og keypt nú enn 1817, og þó er verzlanin á Eyrarbakka víst ½ og kannske helmíngi meiri enn fyrir 20 árum, einsog hinn mikilsvirði varaforseti áðan mælti, og með miklu meiri reglu og lífi fer verzlan þar fram nú enn fyrri. Af þessu vilda eg væri í augum uppi, að Reykjavík hefir ekki hnignað fyrir það, þó verzlan hafi aukizt í næstu kaupstöðum, heldur þvert á móti eflzt undir það að sama skapi sem hinir kaupstaðirnir.

Framsögumaður: Eg hefi þá trú, að skólinn ekki standi hèr á svo völtum fæti, að hann velti útaf, þó kauptún þau, sem hèr ræðir um, verði löggylt, og hefi eg áður leidt rök að því, að verzlanin í Reykjavík, eða Reykjavíkur-kaupstaður, fremur muni dángast enn leggja af við það.

Eg hèlt líka, að eg væri búinn að færa sönnur á það, að verzlunin eigi mundi tvístrast, Reykjavík til óbætanlegs skaða, þó staðir þeir, sem hèr ræðir um, verði löggyltir, og að þar til sè yfirgnæfandi nauðsyn og hagsmunir, meðfram á báða bóga, og get eg sèrílagi ekki ímyndað mèr, að neinn leggi það upp, að byggja verzlunarhús við Straumfjörð eða Krossvík, en þá er það þó í augum uppi, að verzlunarmönnum í Reykjavík er hagnaður í og ábati, að geta flutt þángað vörur til sölu, því

þess meiri vörur, sem kaupmenn flytja að landi og geta verzlað á þennan hátt, rètt eins og aðrir lausakaupmenn, án þess að kosta hús, menn og erfiði til geymslu þeirra á einum stað, þess meiri hag og ábata hljóta þeir að hafa af verzluninni, en landvörur bænda hljóta aptur að vaxa að því skapi, sem verzlunin gjörir þeim hægra fyrir. Annars furðar mig yfirhöfuð á, að þeim sömu heiðruðu þingmönnum, sem hèr mæla á móti, svo mjög hefir snúizt hugur síðan frumvarpið kom fram um löggyldingu Þórshafnar og Borðeyrar, sem, eins og sjá má af þeim prentuðu frumvörpum (bls. 75—79), er á öldúngis líkum rökum byggt og uppástúnga nefndarinnar í þessu máli, og allir þingmenn í einu hljóði fèllust á, svo eingum þótti þar nokkurt umtalsefni, — að þeir nú geti verið þessari uppástúngu svo mótfallnir. Þeir, sem óttast, að hún leiði til skaða fyrir Reykjavík, eða verzlunarmenn þar, verða þó á hinn bóginn að líta nokkuð á þarfir og gagn bændanna, og verður þá það spursmálið, hvort gagnið meira eigi að meta, landsbúanna yfirhöfuð, eða einstöku verzlunarstaða og hagsmuni verzlunarmannanna.

Assessor Jonassen: Eg sagða ekki, að löggyldíng hinna umræddu kauptúna yrði Reykjavík óbætanlegur skaði, heldur einúngis, að verzlun Reykjavíkur yrði óhagur að því, ef svo yrði. Eg ætla það þurfi ekki að leiða rök að því, að Reykjavík ekki má missa neins í af verzlunarhagsmunum sínum, ef hún á að geta haldið við, ekki að tala um, ef hún á að geta náð framförum. Mèr gat ekki dottið í hug, að halda fram hagsmunum Reykjavíkur gegn sönnu gagni hlutaðeigandi sveitarmanna, en eg þóttist hafa ástæðu til að halda, að þegar verulegir hagsmunir Reykjavíkur og hlutaðeigandi sveitarmanna væru bornir saman, yrðu bæjarins þýngri á metunum, og ættu þannig að vera í fyrirrúmi. Eg ætla annars, að sú meiníng ekki leingur eigi sèr stað, nema hjá þeim fæstu, að bezt sè að hver pukri sèr, enn að betur fari að kröptunum sè haldið saman, og með því móti muni verða meiru framgeingt.

Að öðru leiti leyfi eg mèr að geta þess, að mèr virðist, að hèr mætti fara nokkurskonar milliveg, svo hvorutveggju hlutaðeigendum yrði fullnægt, nefnilega með því, að leyfa búföstum kaupmönnum í Reykjavík að sigla upp þessar umræddu hafnir og verzla þar, sem lausakaupmönnum, viðlíkt og hið konúnglega rentukammer áður leyfði einúngis kaupmönnum á Eskifirði að sigla upp Seyðisfjörð, og Raufarhafnar kaupmanni

að verzla á Þórshöfn, og, ef mig minnir rètt, einnig Eskifjarðar kaupmönnum að verzla fyrrum í Raufarhöfn með sama hætti. Með þessu móti kæmust bændur hjá vandkvæðum hinna laungu kaupstaðarferða, og Reykjavík misti ekki af þeim verzlunarhagnaði, sem hèr er umtalsefni.

Framsögumadur: Með þessum hætti yrði þó einúngis komizt hjá fæstum vandkvæðunum, þareð verzlunin fyrir austan fjall yrði þá einokuð af einstöku mönnum, líkt og áður.

Konúngsfulltrúi: Mèr virðist, að menn í umræðu sinni um þetta mál hafi ekki haft stöðugar gætur á aðalatriðum þess, sem þó einkum verður að hafa augastað á, þegar leggja á úrskurð á það, og eg ætla, að álitsskjal meira hluta nefndarinnar hafi valdið því, af því þar er hvorki glögg hugmynd eður glögg frásögn um höfuðatriði málsins.

Álitsskjalinu er skipt í tvo þætti, nefnilega hinn almenna og hinn einstaka. Tilgángur fyrra þáttarins á að vera sá, að útlista þær aðalreglur, sem eiga að vera undirstaðan undir, og heimfærast uppá, hin einstöku dæmi. Nefndin tekur þá fyrst fram hagsmuni sveitabóndans, sem höfuðtilgáng verzlunarinnar, svo ekki eigi að hafa tillit til gagns kaupstaðanna eður kaupstaðabúa. Því næst eru gjörðar margar athugasemdir: um það, hversu erfiðar sèu lángar kaupstaðarferðir; um einokun verzlunarinnar í þeim kaupstöðum, þar sem einúngis einn kaupmaður á verzlun; um það, að fjölga megi um of kaupstöðum, þegar vörubirgðir fyrir þá sök mínka talsvert í hverjum einstökum verzlunarstað; um það, að kaupmenn fækki að því skapi á hverjum stað, sem kaupstaðir fjölga; um það, að þeir, sem næstir búa kaupstöðum, verði hirðuminni um sitt gagn (og þykir þó sem ekkert eigi að fara að því); um það, að þegar kaupstaðir fjölgi, muni kaupmenn þeir, er búa í hinum eldri kaupstöðunum, verða fyrstir til að flytja varníng sinn eður taka sèr bólfestu í hinum nýju kaupstöðum; um það, að þeir verzlunarstaðir, er kaupmenn frá Reykjavík geti flutt vöru sína á, án þess að byggja þar verzlunarhús, öllu fremur megi álítast sett í hag Reykjavík sjálfri, enn í óhag.

Þá er eg hafði lesið þennan hluta álitsskjalsins, og var kominn þángað, sem nefndin segir, að nú ætli hún, „með grundvallarástæðum þessum fyrir augum“, að fara að geta um síðara hlutann, varð eg í talsverðum vandræðum, af því eg þóttist ekki hafa lesið eður getað fundið fleiri enn eina grundvallarástæðu,

en að öðru leiti hafði hitt fyrir nokkrar athugasemdir sundurlausar, og jafnvel gagnstæðar hverja annari, sem fremur máttu villa enn fræða; að minnsta kosti fannst mèr eg í eingu hafa fræðzt af þessum hluta álitsskjalsins, og eg ætla, að svo muni fleirum þingmanna hafa farið enn mèr. Eg bjóst nú við, að í síðara þættinum mundi eg finna hinar almennu grundvallarástæður við hafðar, og með því móti komast að raun um, hverjar þær væru; en í nefndarskjalinu um Þorlákshöfn varð að mestu leiti fyrir mèr lýsing á því, hversu stór, rúmleg og góð skipalega þar sè, hversu góðar sveitir þar liggi að, og fl. þessk., og af almennum athugasemdum varð eg ekki var við neina, nema, ef til vill, þar sem seinast er sagt, að yrði þar löggyldur verzlunarstaður, muni af því leiða svo mikið gagn fyrir sveitarmenn, að einginn sjái fyrir enda þess, og það hvort heldur nokkur kaupmaður taki sèr þar bólfestu eður ekki. Verður þá ósk nefndarinnar ofur hógvær, eptir því sem búið er að lýsa landslaginu á undan. Ekki hefir nefndin heldur, þegar hún fer að tala um Krossvík og Straumfjörð, að því sem eg fæ sèð, studt sig við hinar almennu athugasemdir, en þarámóti eru þar að síðustu yms atriði, sem virðast vera hvert á móti öðru. Þannig segir nefndin skýlaust, að það geti orðið Reykjavík að tjóni, ef sett verði kauptún við Krossvík og í Straumfirði, en skömmu áður hefir hún frædt menn um það, að það mundi að líkindum verða hagur, bæði fyrir Reykjavík og næstu sveitir við þessa tvo staði, ef þeir yrðu báðir löggyldir kaupstaðir. Enn fremur hefir nefndin tekið það fram, hversu erfiðar sèu kaupstaðarferðir Borgfirðingum og Mýramönnum, en svo segir hún, að þessir menn sèu orðnir svo vanir ferðum suður í Reykjavík, að þeir muni ekki vinna það fyrir að spara sèr ferðina þángað, að gánga að verri kaupum heldur enn í Reykjavík.

Þegar eg þannig hafði lesið álitsskjal nefndarinnar, og var í eingu fróðari eptir, reyndi eg sjálfur að gjöra mèr ljósari hugmynd um málið, og eg fann þá, að eg varð samdóma nefndinni um það, að þarfir landsbúa sè það aðal-stefnumið, sem menn eiga að hafa fyrir augum, þegar koma skal skipulagi á verzlunina. En þá förum við nú sína leiðina hvort, nefndin og eg, og við hittumst ekki úr því. Eg hygg nefnilega, að þörfum landsmanna sè bezt og einkum borgið með því, að stuðla til þess, að fastakaupmenn geti staðizt, sem sèu bundn-

ir við verzlun hèr í landi þegar stundir líða fram, svo eigið gagn bjóði þeim að hafa nægar vörubirgðir bæði í góðum og vondum árum. Til þessa útheimtist kostnaður, sem lausakaupmenn komast hjá, og það talsverður kostnaður, t. a. m. viðhald á húsum, kaup verzlunarþjóna, og fl. Það er því nauðsynlegt, að fastakaupmönnum sè í nokkru vilnað, fremur enn lausakaupmönnum. En hinsvegar verður þess að gæta, til þess landsmönnum sè borgið, að fastaverzlunin verði ekki að einokun (*Monopol*), og má það takast með því móti, að fastakaupmenn geti sjálfir keppt um verzlunina hver við annan, bæði í sama kaupstað og á öðrum stöðum, og með því móti, að lausakaupmenn hafi allt það frelsi, sem þarf, til þess, að þeir geti keppt um verzlunina við fastakaupmenn, án þess að leggja verzlun þeirra í eyði. Eg ætla þessvegna, að það sè landsmönnum sjálfum skaði, að fastakaupmönnum sèu settir þeir kostir, að þeir geti ekki gjört ráð fyrir nokkurnveginn stöðugum kaupskap, eða að þeir, til þess að geta verið óhultir um þann kaupskap, neyðist til að stofna annarstaðar kostnaðarsama verzlun, ellegar að lyktum, að þeir verði að senda vörur á aðra staði, sem auki þeim kostnað; því þannig verður þeim ófært að bjóða landsmönnum svo góða kosti sem ella. Þegar nú á að stofna einhverstaðar nýjan kaupstað og veita kaupstaðar rèttindi, þá verður þannig fyrst að gæta þeirrar aðalreglu, að spilla ekki staðfestu í verzluninni og góðum kaupum í hinum eldri verzlunarstöðum. Hinsvegar er nú önnur aðalreglan aðgætandi, sú nefnilega, að menn, að svo miklu leiti sem staðizt getur með hinni reglunni, og að því sem landslag leyfir, leitist við að mínka erfiðismuni þá, sem lángar kaupstaðaferðir gjöra landsbúum. Það er eðlilegt, að þegar fastaverzlunin fyrst er búin að ná festu, og er orðin trygg á einum stað, þá megi heldur fjölga nokkuð verzlunarstöðum, enn fyrst framan af, meðan fastaverzlunin er að búa um sig á einum stað og komast á fót. Þessvegna hefir stjórnin og, eins og þingmönnum er kunnugt, ekki verið ófús á að löggylda ymsa verzlunarstaði. Nú skulum vèr hyggja að, að hvað miklu leiti aðalreglur þær tvær, sem nýnefndar eru, leyfa, að þeir 3 staðir, sem um er rædt, verði gjörðir að löggyldum kauptúnum.

Hvað Þorlákshöfn snertir, þá get eg á undan frædt menn nokkuð um það, sem gjörzt hefir hèr fyrrum, þá er menn æsktu

þess, að stofna þar verzlun, en eg ætla að sleppa því, sem gjörðist þegar sýslumaður sá, er hlut átti að máli, árin 1822 og 1825 fór hinu sama á flot, því það er nóg búið að ræða um það hèr að framan. Árið 1793 hafði stiptamtmaður sá, er þá var hèr, mælzt til þessa, en því var neitað vegna landslagsins, í brèfi rentukammersins frá 5. Apr. 1794. Ár 1833 beiddust þeir Sivertsen og Gunnarsen, kaupmenn, að mega verzla í Þorlákshöfn, en það leyfi fèkkst heldur ekki, að nokkru leiti vegna kröptugra mótmæla bóndans í Þorlákshöfn, Magnúsar Beinteinssonar, er átti jörðina og hafði búið þar um 24 ár. Í mótmælum sínum segir hann meðal annars: „höfnin er reyndar einúngis opin vík, og blasir við norðurhafinu, og við landið er optast brimrót mikið, svo erfitt er að leggja skipum að landi; þegar þetta er haft fyrir augum, mun vart nokkur, sem til landslagsins þekkir, geta orðið á því, að Þorlákshöfn sè löguð til þess, að þar verði verzlunarstaður“. Menn verða að ætla, að maður þessi, er þar hafði búið svo leingi, hafi átt nægan kost á að kynna sèr, hvernig höfninni hagar til, og eg neita því ekki, að þegar eg kom þángað, þá varð eg á sama máli, því eg sá, að vík sú hin lánga, er landið myndar, nýtur eingaungu skjóls fyrir vestan vindum af tánga þeim, er þar geingur fram, en skjólið er ekkert fyrir sunnan og austan vindum, og mun trauðlega nokkurt skip fá haldizt þar við fyrir útsænum, þegar veður gjörir af annarihvorri þeirri átt. Þegar menn nú, í tilliti til þessa staðar, eiga að fara eptir aðalreglum þeim tveimur, er eg áður sagði að menn yrðu að hafa augastað á, þegar setja skal nýja verzlunarstaði á stofn, þá liggur það í augum uppi, að eptir því, sem nú hefir verið sagt frá landslagi þar, þá geta menn vart hugsað til þess, að í Þorlákshöfn verði föst eða stöðug verzlun, og yrði þar verzlun stofnuð, svo gæti af því leidt, að verzlunarmaður á Eyrarbakka gæti einga vissu haft fyrir sèr um það, hversu mikinn varníng hann mundi geta selt, og gæti þá svo farið, að verzlunin á Eyrarbakka yrði óstöðugri og kaupin verri. En hvað hitt snertir, með hægðina fyrir þá, sem að sæktu, hygg eg, að eg þurfi ekki að eyða orðum að því, þareð það liggur í augum uppi, að allur þorri þeirra sveita, er verzla mundu í Þorlákshöfn, mundu fara framhjá eða í nánd við Eyrarbakka.

Hvað Krossvík á Akranesi snertir, þá er þar líku máli að gegna. Lendíngin blasir þar við opnum Faxaflóa, og verður

varla hugsað til stöðugrar verzlunar á þeim stað. Nefndin hefir sjálf getið þess, að Borgfirðingar sèu vanir ferðum til Reykjavíkur, og það vita allir, að vegurinn er ekki mjög langur. Þar að auki er það einúngis útsuður-hluti Borgarfjarðarsýslu, sem feingi sèrlega hægð á aðflutníngum ef kauptún væri á Akranesi; en hvort sú hægð mundi bæta upp skaða þann, sem hestafjöldinn mundi gjöra Akranesmönnum, læt eg ósagt, og verð í því tilliti að skýrskota til þess, sem hinn mjög virðulegi varaforseti hefir talað á þá leið. Einúngis finnst mèr það auðskilið, að það yrði verzluninni í Reykjavík til tjóns, ef kaupstaður þessi skyldi missa alla verzlun við Borgfirðínga, sem híngaðtil hafa átt verzlun sína hèr í Reykjavík, en aptur á hinn bóginn líkindi til, að nýtt kauptún á Akranesi vart mundi verða til mikils góðs mönnum þeim, er þar búa í grennd.

Hvað nú að lyktum Straumfjörð snertir, þá ætla eg, að þar sè nokkuð á annan veg ástatt enn á hinum tveim stöðunum. Í Straumfirði er mælt, að því sem eg hefi heyrt, en sjálfur þekki eg ekki landslagið nákvæmlega, að höfn sè betri enn í Krossvík, og sè ekki eins fyrir opnu hafi; einúngis kvað leiðin vera aðgæzluverð inn á höfnina um fjöru. Þar að auki er Straumfjörður miklu leingra frá næsta kaupstað enn Krossvík, svo Mýramenn hafa fremur þörf fyrir, að þeim sè gjörðir aðflutníngar hægri. Einúngis þykir mèr ísjárvert, að þar yrði sett kauptún, vegna þess, að eptir því, sem hinn háttvirti forseti hefir áður sagt, og sem eg einnig með öðru móti hefi komizt að, þá hefir þar áður verið stofnuð verzlun, en sú verzlun dó þar útaf, án þess bannað væri að verzla þar, að líkindum af því hún hefir verið arðlitil, og mætti því efast um það, hvort þar mundi geta orðið stöðug verzlun þegar fram líða stundir.

Framsögumaður: Það er nefndinni og mèr mjög gleðilegt að heyra, að grundvallarreglur hins hæstvirta konúngsfulltrúa og nefndarinnar fyrir löggyldíngu nokkurs kauptúns eru hinar sömu, að nefnilega verði að fara eptir þörfum landsbúanna yfirhöfuð, og það einkum með tilliti til örðugleikans og kostnaðarins við aðflutníngana á einn bóginn, og til aðsóknarinnar á hverjum stað fyrir sig, bæði af bænda og verzlunarmanna hálfu á hinn bóginn; en eg held, að hinn hæstvirti konúngsfulltrúi varla hefði fundið neitt það í álitsskjali meira hluta nefndarinnar, sem brjóti niður grundvallar-reglurnar, eða hvað annað, ef hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hefði lesið leingra

áfram, þar sem talað er um afleiðingar af löggyldingu Krossvíkur og Straumfjarðar, því þar stendur að eins, að Reykjavík kynni að vera nokkur skaði búinn, ef verzlunarmenn tækju sèr fasta bólfestu í Krossvík og Straumfirði; en þegar nú betur er gætt að, mundi skaðinn samt eigi verða stór, því opt getur það að borið, að verzlunarmenn úr Reykjavík geti orðið fyrri til að senda vörur þángað til verzlunar, sem lausakaupmenn, enn fasti kaupmaðurinn, og fer þá út um þúfur fyrir honum; enda er það þessara orsaka vegna, að nefndarmenn varla hafa getað gjört ráð fyrir, að nokkur verzlunarmaður mundi kosta þar til húsabyggíngar eða verzlunarbúða. Eg heyri það fyrst nú, að eigandi Þorlákshafnar árið 1833 hafi mælt á móti því, að sigla mætti þángað kaupförum, og að hann enda hafi borið fyrir, að höfnin væri óáreiðanleg. Þetta hlýtur nú svo að hafa verið, einsog hinn hæstvirti konúngsfulltrúi skýrir frá; en eg get líka ímyndað mèr, og getið þess til með nokkurri vissu, að eigandinn þá hafi staðið á móti, vegna þess, að hann um þær mundir stóð í þvílíku sambandi við verzlunarmenn syðra, fyrir hverra hönd hann saltaði og hirti saltfisk í Þorlákshöfn, með töluverðum ábata sínum, launum og hagnaði á aðrar lundir, að honum hafi þótt það horfa sèr til skaða, ef kauptún yrði sett þar, og þetta samband hans því yrði að taka enda. Annars skilst mèr ekki, að þessum eina manni geti verið betur trúanda til, að höfnin eigi verði notuð við Þorlákshöfn, enn öllum þeim 142 búandi mönnum, sem nú beiðast kauptúnsins þar, þeim sem beiddust þess árið 1793, sýslumanninum, sem beiddist þess 1822 og 1825, og verzlunarmönnunum, sem beiddust þess árið 1833, og voru þessir allir gagnkunnugir því, hvernig á stóð og á stendur, enda mun varla neinn hinna 142 búenda vera svo ókunnugur högum að öðru leiti, að hans eigið gagn og þarfir geti villt honum sjónir í þessu efni — og má þess loksins geta, að þiljuskip hafa um mörg undanfarin ár legið við Þorlákshöfn, til að afferma salt og taka við saltfiski.

Áður enn undirbúnings-umræðu þessa máls er lokið, og þareð eg ekki nú sè það fyrir, hvaða stefnu mál þetta muni fá hèr á þíngi, leyfi eg mèr að endíngu að áskilja mèr það breytíngaratkvæði til vara: að lausakaupmönnum öllum verði leyft að sigla á þær umræddu hafnir, ef uppástúnga nefndarinn-

ar ekki fær áheyrn, eða þá í þriðja lagi verzlunarmönnum í Reykjavík.

Prófastur Hannes Stephensen: Þó mèr finnist mál þetta full- ef ekki of-rædt, verð eg þó að snúa athygli þíngmanna að því, er hinn hæstvirti konúngsfulltrúi nýskeð mælti: að staðfesta verzlunarinnar og hægð landsbúa ættu að vera aðalástæður í verzlunarlögunum, og hljótum vèr allir að gjalda því jákvæði.

Mèr virðist, sem aðal-mótspyrna, sem látið hefir sig í ljósi mót ósk hlutaðeigenda um þá 3 verzlunarstaði, sè hræðsla sú, er menn bera fyrir, að Reykjavík sè þar af of mikil hætta búin, en ágætlega virðist mèr fulltrúinn frá Skaptafellssýslu hafa sannað, að þetta þurfi ekki að óttast. Á 30 árum hinum síðustu hafa verzlanir í nálægustu kaupstöðunum, Hafnarfirði og Keflavík, fjölgað til helminga, og þó mun í Reykjavík sjálfri fólksfjöldi og verzlun hafa aukizt að helmingi. Sannar reynsla þessi, og hana ætla eg vissari enn ályktanir út í loptið, að búskapar-afrakstur (*Production*) hefir hlotið að vaxa, og er ekki loku fyrir skotið að svo verði eptirleiðis. Sè eg því einga hættu fyrir Reykjavík, þó þessi 3 kauptún yrðu löggylt. Að öðru leiti tel eg óvíst, hversu þarflegt það sè landinu, að Reykjavík verði að stórum bæ; það er spurníng, sem hèr verður ekki leyst úr, hvort slíkt sè hagfellt í svo fátæku og strjálbyggðu landi, sem þessu; hins hefi eg heyrt menn, sem kunnugri eru bæjarháttum enn eg í Reykjavík, geta, að fólksfjöldi muni þegar gefa tilefni til, að matvæli væru hèr svo dýr, enn ofdýrt þyki mèr keypt, að 5 sýslur skuli með skaða sínum eiga að halda við blómgun Reykjavíkur.

Af þessu held eg þíngmönnum sè ljóst, að hèr sè eingin hætta á ferðum, hvað Reykjavík snertir, og munu þeir láta hægð bændanna benda sèr til, að veita jákvæði uppástúngunni.

Helgi hreppstjóri Helgason: Það er alkunnugt, að af verzlunarstöðum þeim, sem hèr á að biðja um að löggylda, er Straumfjörður leingst frá Reykjavík, og að kaupstaðarferðir úr Mýrasýslu til Reykjavíkur eru bundnar miklum vandkvæðum fyrir hlutaðeigendur, því fyrir utan það, að skipakostir í sýslunni eru litlir, svo er vegurinn bæði lángur og hættulegur, og ekki er nema hálfnað á Akranesi. Hvað að öðru leiti áhrærir afdrif verzlunar þeirrar, er kaupmaður Jón Kolbeinsson hóf undir stríðinu á Straumfirði, er eg því gagnkunnugur. Kaupmað-

ur þessi var efnalítill, og maður sá, er hann setti fyrir þá litlu verzlun, sem hann hóf á þessum stað, var ekki vaxinn störfum sínum, og hafði ekki á boðstólum við fólk annað enn ónýtt kram og litlar eða eingar nauðsynjavörur, því vöruflutníngur var allur á einum litlum áttæringi frá Reykjavík, sem geta má nærri að ekki hafi haft mikið innanborðs; — Og eg ætla kaupmaður þessi hafi lítið eitt feingið af andvirði hins selda hjá fulltrúa sínum.

Að öðru leiti ætla eg verzlan mundi geta allvel þrifizt í Straumfirði, og eg álít ekki rètt, að fyrirmuna hlutaðeigendum að njóta slíks verzlunarrèttar, og að vísu er það þúngt, að sitja undir þeim búsifjum. Höfninni er eg gagnkunnugur; hún er góð og óhult. Eg verð því að mæla með uppástúngunni á þann veg, að bæði kaupmönnum úr Reykjavík og lausakaupmönnum verði leyft að sigla upp nefndan stað, og jafnframt að biðja hinn háttvirta forseta, þegar atkvæði verða greidd í þessu máli, að greidd verði atkvæði fyrir hvern af þessum stöðum sèrílagi.

Forseti: Eg get einúngis bætt litlu við það, er hinn heiðraði þíngmaður Mýrasýslu nú mælti, þó einúngis eptir minni mínu, er eg hinsvegar ekki algjörlega þori að reiða mig á, hversu hagaði til með verzlun í Straumfirði, því, eptir sem mig minnir, var, um eða eptir 1800, verzlun á nefndum stað, og átti hana þá Tofti nokkur úr Reykjavík. En hvað kaupmanns Jóns Kolbeinssonar verzlun snertir, ánýjaði hann við hið konúnglega rentukammer bæn sína um, að mega verzla aptur í Straumfirði, um eða eptir 1830, og var eg, sem amtmaður, meðmæltur bæn hans, enda var honum leyfð verzlunin í 3 ár, en hann notaði ekki leyfið.

Eptir minni vitund ætla eg landslag og sveitarskipun við Straumfjörð ekki óhagfellda fyrir verzlun, en hvort hún, þó hún kæmist á, mundi verða hlutaðeigendum að verulegu gagni, er bágt að segja að svo komnu.

Þar einginn ræddi fremur þetta mál, sagðist forseti ætla, að það mundi nægilega rædt til undirbúnings, og var þá fundi slitið.

26. Júlí — tuttugasti fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá nítjánda fundi lesin og samþykkt.

Forseti lèt taka til undirbúnings-umræðu málefnið um, hver almenn lagaboð, er út hafa komið í Danmörku um árin

1839—1844, skyldi lögleiða á Íslandi; var álitsskjal nefndarinnar afhent framsögumanni, jústizíarius Þórði Sveinbjörnssyni; las hann það upp, og er það þannig látanda:

„Með úrskurði, dagsettum 10. Nóvembr. 1844, hefir konúngur skipað fulltrúa sínum á alþíngi Íslendínga, hvenær sem það er haldið, að bera undir álit þíngsins hin almennu lagaboð fyrir Danmörku, er þá næst á undan hafa komið út, hafi ekki þegar verið boðið að leggja neitt sèrlegt lagafrumvarp fyrir þíngið um lögleiðslu þeirra á Íslandi, þó vera mætti að ætti vel við, að þau yrðu lögleidd þar, og skuli konúngsfulltrúi skora á þíngmenn, að þeir segi álit sitt, bæði um lögleiðslu þessara lagaboða, og um þær breytíngar á þeim, er þarflegar kynnu að virðast. Þessu samkvæmt hefir konúngsfulltrúi lagt fram á alþíngi nokkur af þeim lagaboðum frá árunum 1839 til 1844, sem í Danmörku eru út komin og kynnu að geta álitist að eiga við á Íslandi, og skorað á þíngið að segja álit sitt um, hvort þessi lagaboð geti átt þar við, annaðhvort óumbreytt, eða með nokkurri breytíngu, sem þíngið þá ætti að bera upp.

Um þetta málefni er undirskrifaðri nefnd falið á hendur að segja álit sitt; höfum vèr nefndarmenn nákvæmlega íhugað málið, og leyfum oss á þessa leið að gjöra grein fyrir áliti voru:

Að því leiti konúngsfulltrúinn, eptir að hann, samkvæmt framangreindum konúngs úrskurði, hafði rædt um þetta mál við hlutaðeigandi konúngleg stjórnarráð, hefir tiltekið og nafngreint þau lagaboð, sem í því umrædda tilliti geti orðið spursmál um að löggylda á Íslandi, annaðhvort einsog þau eru, eða með nokkurri breytíngu: álítur nefndin sèr ekki koma við, að taka önnur, enn einmitt þessi lagaboð, til yfirvegunar, og þannig hnígur álit hennar einúngis að þeim, sem tilgreind eru af konúngsfulltrúanum; þykir nú bezt tilfallið, að íhuga hvert einstakt þessara lagaboða útaf fyrir sig, í þeirri röð, sem þau eru út geingin, og ræðir þá:

1. *Um opið brèf* 24. *April* 1839, *um ómyndugra og hálfmyndugra skuldbindíngar.*

Þetta lögboð álítur nefndin ekki geti eða eigi að ná löggyldi á Íslandi, því bæði er það víst, að tilskipan 26. Októbr. 1804 og opið brèf 14. Desember s. á. aldrei eru innleidd hèr á landi, nè dæmi til, að dómamál hafi borið til um það efni, sem lagaboð þessi hníga að, svo að eingin þörf er á, að út-

vega því lagagyldi í landi, hvar allt er svo óbrotið og einfalt í viðskiptum manna á milli, og hingað til flest peninga-viðskipti meðal almúgans hafa farið fram án þess skuldabréf hafi verið gefið út, og mundi því, þó lagaboð þetta væri gjört hèr gyldandi, næstum aldrei þurfa á því að halda.

2. *Opið brèf* 15. *Maí s. á., um forboð gegn útgefníngu vegabrèfa.*

Þetta lagaboð virðist nefndinni ekki mundi gagna að innleiða hèr í landi, enda þótt það geti atvikast, að slíkt mál komi fyrir, einkum í Reykjavík og þeim öðrum kauptúnum landsins, þegar einhver ætlar að fara utanlands með kaupförum; en í öðrum tilfellum enn þessum ætlar nefndin þetta muni, eptir því sem hagar til hèr í landi, ekki að bera, og þá þykir henni ekki eiga við að löggylda þetta lagaboð í svo einstökum tilfellum, sem henni þykir mega gjöra ráð fyrir að það geti til greina komið.

3. *Opið brèf* 8. *August s. á., áhrærandi, að eigi þurfi að taka nýjan passa.*

Þetta lagaboð mundi mjög sjaldan geta til greina komið hèr í landi, og því sýnist nefndinni ekki geta orðið spursmál um þess löggyldíngu.

4. *Tilskipan* 11. *Septembr. s. á., um meðferð á eignum horfinna manna.*

Tilskipan þessi er, að áliti nefndarinnar, svo margbrotin, að hún gæti ekki átt hèr við, nema með mikilli breytíngu; en með því hún, þannig löguð, auðsjáanlega þó yrði að litlu liði, þareð atriði þau, er hún áhrærir, einúngis geta náð til þeirra, sem fara af landi hèðan, eða þó heldur utanríkis, og þetta er mjög sjaldgæft; svo finnur nefndin ekki ástæður til, að mæla fram með löggyldíngu hennar hèr í landi, og það því síður, sem tilskipan 2. Apr. 1817 (sbr. rentuk. br. 13. Febr. 1822 og 9. Nóvbr. 1825) auk annara þar að lútandi brèfa frá rentukammerinu, þykja nægja Íslandi í þessu efni.

5. *Opið brèf* 23. *Maí* 1840, *um áfríun dóma í sakamálum.*

Þetta lagaboð hefir þann tilgáng, að takmarka nokkuð áfríunarrètt í sakamálum í Danmörku, til hæstarèttar; og þareð þessi rèttur er hèr á landi, eptir tilskip. 24. Jan. 1838, 16. gr., þreyngri enn í Danmörku, svo mætti það virðast eiga miður við, að löggylda þetta lagaboð hèr á landi, er það hefði gagnstæða verkun þeirri, er miðað var til í Danmörku; svo má og telja til, gegn löggyldíngu þessa lagaboðs hèr í landi, að það

mundi, ef til vildi, valda ærnum kostnaði, ef rýmkað væri meir enn er um áfríunarrètt í sakamálum, sem flest varða 20 vandarhöggum eða 30 daga vatns og brauðs straffi, og þar undir, um leið og það virðist með því setta takmarki höfð hæfileg hliðsjón af hagsmunum og rètti hlutaðeigandi sakamanna; en eigi að síður virðist mèr, assessor Jonassen, þó yfirgnæfandi ástæða til, að mæla fram með heimfærslu þessa lagaboðs 1. og 2. gr. til Íslands, því hvað það atriði snertir, að þetta lagaboð, þvert á móti þess tilætlun, rýmkaði áfríunarrètt í sakamálum hèr á landi, þar sem það þó þraungvaði um hann í Danmörku, virðist mèr þetta ekki sè nein veruleg mótbára, með því mèr virðist það nokkuð óviðurkvæmilegt, að Danmerkurlög þau, er varða misbrotum og refsingu, skuli hafa lagagyldi á Íslandi, en sakamönnum hèr þó vera fyrirmunað að njóta sama áfríunarrèttar sem Dönum; og hvað þann kostnað áhrærir, sem menn óttast fyrir muni leiða af heimfærslu þessa lagaboðs til Íslands, er þess að geta, að fæð sakamála er hèr slík, að þessi kostnaður gæti ekki orðið töluverður, og þar að auki virðist einsætt, að þar sem um rèttindi manna skiptir máli, og það enda þó sakamenn eigi í hlut, megi eða eigi tillit til hans einsamals aldrei að takast smásmuglega til greina.

Það er og í augum uppi, að hafi stjórninni, þegar hún þó vildi takmarka appellsrèttinn, þótt nauðsyn bera til, að láta hann vera svo rúman í Danmörku frá dómum yfirrèttanna þar, muni ekki vera næg ástæða til, að binda áfríunarrètt frá dómi hins íslenzka landsyfirrèttar meir enn þar, og þó það sè í þessu tilliti borið fram, að amtmaðurinn bæði geti og muni taka vara á rèttindum hinna dómfelldu, virðist þó hæfilegra, að láta rètt hlutaðeigenda ekki vera kominn undir slíku mati, sem, ef til vill, getur orðið breytilegt, einkum þegar, einsog hèr er stundum ástatt, opt verða amtmanna skipti. Hvað Reykjavíkur-bæ áhrærir, er það og athuganda, að konúngsbrèf frá 24. Janúar 1838 lögleiðir þar vatns og brauðs straff, og virðist það því sjálfsagt, að hèr verði sömu reglur að gylda um áfríunarrètt, sem gylda annarstaðar í ríkinu, hvar þetta straff er lögleidt, því ósamkvæmt má það virðast, að í Danmörku leyfist að áfría dóma, sem fella einhvern í meira enn 10 daga vatns og brauðs straff, en hèr sè bannað að áfría 30 daga vatns og brauðs straff. Svo er og þess að geta, að þó þetta straff ekki sè lögtekið annarstaðar hèr á landi, en vand-

arhagga refsíng ákveðin í þess stað, á lagaboð þetta ei að síður við á öllu landinu, þar sem dómendur hljóta, hvar svo á stendur, ávallt fyrst að meta straffið til vatns og brauðs, en þarnæst að snúa því uppí vandarhagga refsíngu, svo lagaboð þetta þannig á við á öllu landinu.

Af þessum ástæðum virðist mèr, assessor Jonassen, að áfríunarrèttur hèr á landi í sakamálum eigi að vera hinn sami, sem nefnt lagaboð ákveður fyrir Danmörku; hvarámóti meiri hluti nefndarinnar heldur, að því síður beri nauðsyn til, að breyta frá þeirri í tilskipan frá 24. Jan. 1838, 16. gr., lögskipuðu reglu um áfríunarrèttinn í sakamálum, sem hann með þeirri hèr umræddu löggjöf nú er orðinn enn þreyngri í Danmörku enn árið 1838.

6. *Opið brèf* 23. *Maí* 1840, *um refsíngar við vatn og brauð.*

Þar vatns og brauðs straff er með konúngsbrèfi 24. Janúar 1838 innleidt hèr í landi, hvað Reykjavíkur-bæ áhrærir, svo verður nefndin að álíta, að lagaboð þetta eigi að gylda í Reykjavík; nema eg, Jón Sigurðsson, þareð mèr virðist ekki nauðsyn til, að lögleiða frumvarp þetta vegna Reykjavíkur einnar.

7. *Tilskipan* 8. *Júlí s. á., um opinbera sjóði og reikníngа yfirhöfuð.*

Að innleiða þessa tilskipan hèr í landi, með þeim stórkostlegu breytíngum, sem nauðsyn er á í henni, ef svo skyldi vera, álítur nefndin ógjörníng; enda er eingin nauðsyn á því, þarsem hún þó að eins gæti átt við um reikníngа landfógeta, og þó ekki nema í sumum greinum, en nefndinni þykir, að þær reglur, sem gjörðar eru og fylgt er viðvíkjandi því, að tekjum jarðabókarsjóðsins sè borgið einsog vera ber, veiti alla þá vissu, sem þörf sè á í þessu efni.

8. *Opið brèf* 20. *Janúar* 1841, *um dómsáfríunar stefnur í skiptamálum.*

Aðal-augnamið þessa lagaboðs er, að gjöra áfríun skiptamála auðveldari enn áður, með því, að stefnur í þeim málum ekki eiga eptirleiðis að birtast, nema skiptaráðanda og þeim mönnum, sem við skipti hafa mætt sem málspartar, í stað þess, að áður þótti nauðsyn á, samkvæmt DL. 1 — 4 — 1, að stefna öllum erfíngjunum og þeim öðrum, sem hlut eiga að máli, hvar af aptur leiddi mikla fyrirhöfn, umsvif og kostnað,

og svo gat og að borið, að einhverjir misbrestir yrðu á stefnubirtíngunni, og það ollað frávísun málsins eptirá.

Þetta allt getur nú að sönnu borið að hèr í landi, en ekki nema mjög sjaldan, því vegna fátæktar landsmanna hafa skiptamálefni aldrei verið hèr flókin eða umfángsmikil, og opt er því skiptamálum hèr af erfingjum eða skiptaráðanda ráðið til lykta án þvílíkra umsvifa. Skiptamálum er og hèr í landi mjög sjaldan áfríað til yfirrèttarins, og þannig virðist, að lagaboð þetta mundi, einsog nú er ástatt, gjöra hèr lítið gagn, og það því síður, sem lagaboð þetta ekki áhrærir það tilfelli, sem optast má gjöra ráð fyrir, einkum í búum eptir verzlunarmenn: að þeir menn, sem þarf að stefna, sèu utanlands, því Ísland er ekki nema eitt stipti. Hèr við er og athuganda, að opið brèf 21. Apr. 1824 ekki er hèr lögleidt (sjá kans. br. 5. Marts 1825). Það sem segir í hinni 3. grein, að skiptaráðandi skuli kalla alla hlutaðeigendur til fundar, til þess að ráðgast um, hvað gjöra eigi í tilliti til málsins áfríunar, þykir og muni verða æði umsvifamikið hèr í landi og valda ærinni tímatöf, einkum þar fresturinn, eptir 2. gr., er 4 vikum leingri enn tilskipan 11. Júlí 1800 ákveður. Þessara hluta vegna ætlar nefndin þetta lagaboð bæði óþarft, og óhentugt að lögleiða það á Íslandi.

9. *Opið brèf um nákvæmari málamiðlun í sóttvarnar-löggjöfinni, dagsett* 26. *Marts* 1841.

Ógyldanda á Íslandi, auk annars þess hlutar vegna, að þar eru eingar sóttvarnar-stiptanir.

10. *Opið brèf* 10. *Apr.* 1841, *um úrskurði yfirvalda, er tjá einhvern ómyndugan.*

Þetta lagaboð getur því síður náð til Íslands, sem þeir yfirvalds-úrskurðir, sem hèr ræðir um, eru sjaldgæfir hèr á landi, og eptir þess ásigkomulagi mundi það og verða ógjörníngur, að gjöra þessa yfirvalds-úrskurði í tækan tíma heyrum kunna, þar sem þíng að eins eru haldin einusinni á ári, og eingin dagblöð koma út í landinu.

11. *Opið brèf* 28. *Júlí* 1841, *um veðsetníngu lausafjár.*

Einsog það ennþá er á Íslandi sjaldgæft, að taka veð fyrir skuldum, svo er og veðrèttur sá, sem hèr talar um, ennnú sjaldgæfari, og nefndin álítur því lagaboðs þessa hvorki þurfa við, nè að það mundi koma að notum á Íslandi.

12. *Opið brèf* 16. *Marts* 1841, *um kafferðir í sjó eptir týndu fè.*

Um löggyldíngu þessa lagaboðs getur ekki orðið spursmál að svo komnu á Íslandi.

13. *Tilskipan* 6. *Apríl* 1842, *um þvíngunarmeðöl, er beita má dómum til fullnustu, þegar eitthvað á að gjöra eða láta ógjört.*

Jafnvel þó þessi tilskipan innihaldi ymsar ákvarðanir, sem geti átt við á Íslandi, og margar þaraðauki með nokkurri breytíngu gætu orðið hèr hagfelldar, þykir þó ekki ástæða til, að mæla fram með löggyldíngu eða heimfærslu þessa lagaboðs til Íslands, hvar viðskipti manna eru svo einföld, og margar af þeim rèttargángsreglum og þvíngunarmeðölum, sem almennar eru í Danmörku, og tilskipan þessi gjörir ráð fyrir, annaðhvort eru lítt kunn, eða að minnsta kosti ekki hagnýtt, t. a. m. skuldafángelsi. Nefndin hyggur yfirhöfuð, að það mundi ísjárvert, að innleiða á Íslandi strángan, við nákvæmt form bundinn rèttargángsmáta, hvað ekki heldur virðist að vera stjórnarinnar vilja samkvæmt, sbr. t. a. m. tilskipan frá 15. August 1832.

14. *Opið brèf* 25. *Júní* 1842, *um breytíngu á eiðs útskýríngunni.*

Lagaboð þetta virðist nefndinni beinlínis eigi að hafa lagagyldi á Íslandi, þareð hin eldri Danmerkurlög, viðvíkjandi eiðsafleggíngu, gylda á Íslandi; enda er útskýríng eiðsins aptanvið dönskulög nú ekki leingur samkvæm vorra tíma upplýsíngu og mentun, svo nefndin hefði orðið, hvort sem var, að mæla fram með heimfærslu hinnar nýju útþýðíngar eiðsins til þessa lands, en þar nefndinni þykir mjög miklu varða, að þýðíng þessarar útskýríngar á eiðnum sè gjör með mikilli nákvæmni að orðavali og niðurskipan, svo hefir hún samið þessa þýðíngu, og ætlar að skjóta því til þíngsins úrlausnar, hvort þetta muni ekki vel tilfallið.

15. *Tilskipan* 7. *Apríl* 1843, *um innanbœjar víxlbrèf.*

Þareð tilskipan 26. Júní 1824 ekki er hèr lögleidd, svo getur um þetta lagaboð ekki verið spursmál, sem lög á Íslandi.

16. *Opið brèf* 19. *Apríl* 1843, *um verzlan með eitur.*

Þetta lagaboð virðist oss ekki geta átt við á Íslandi, hvar slík verzlan er mjög sjaldgæf.

17. *Opið brèf* 24. *Maí* 1843, *um nám eða útlag í jarðargróða á landsbyggðinni.*

Útlagsgjörðir eru hèr í landi svo að kalla óþekktar, og sèrílagi mun það dæmalaust, að nokkur lánardrottinn hafi látið gjöra útlag í heyi, þvínær þeim eina jarðargróða, sem getur orðið hèr spursmál um. Þetta lagaboð á því ekki við ásigkomulag Íslands, ei heldur gæti það komið vel heim við opið brèf frá 19. Septbr. 1806, sem bannar að þraungva nokkrum til að selja hey í fóðurskorti, en bannar þó ekki hlutaðeigendum að selja hey af jörðum, eptir samkomulagi og fyrir umsamið verð.

18. *Opið brèf* 12. *Júlí* 1843, *um rèttarstríð, þegar fleirum er útlagt sama lausafè.*

Ákvarðanir þessa lagaboðs eru nákvæmlega sameinaðar, og hafa tillit til þeirra straungu og við einskorðað form bundnu rèttargángsreglna, sem gylda í Danmörku og óþekktar eru að miklu leiti á Íslandi, þessvegna getur ekki heldur orðið spursmál um að heimfæra lagaboð þetta til Íslands.

19. *Opið brèf* 3. *Apr.* 1844, *um kláðasýki á sauðfè.*

Sjúkleiki sá, er hèr ræðir um, er óþekktur á Íslandi, og þarmeð fellur lögleiðsla þessarar tilskipunar hèr burtu, með því líka, það yrði ógjörníngur að koma boðum tilskipunar þessarar við í þessu landi, hvar einginn dýralæknir er skipaður, og eptir landslagi víða ómögulegt að hindra, að fè fleiri búenda komi saman hvað við annað í búfjárhögum. Sauðfè lifir á Íslandi mest á útigángi, og lækníngar-aðferð þeirri, sem tilskipan þessi fyrirskrifar, yrði hèr ekki komið við, þó sjúkleiki sá, er hèr ræðir um, ætti sèr stað í þessu landi, en fjársýki sú, er hèr hefir um nokkur undanfarin ár brydt á sèr, á ekkert skylt við þennan kláðasjúkdóm".

Framsögumaður kvaðst hafa litlu við álitsskjalið að bæta, en gat þess að eins, að lagaboð þau, er út hefðu verið komin í Danmörku, hefðu verið send embættismanna-nefndinni í Reykjavík 1841, og hefði meðal þeirra verið opið brèf 23. Maí 1840, en nefndinni hefði ekki þótt hlýða að löggylda það hèr.

Forseti: Hvað því viðvíkur, sem lagt er fyrir í opnu brèfi 23. Maí 1840, um, að skjóta sakamálum til æðra dómstóls, þá verð eg að skýrskota til álits embættismanna-nefndarinnar 1841, og vera á því, að tèð lagaboð beri hèr ekki að lögleiða; en

ekki neita eg því, að færa megi samt lögleiðingu þess nokkurn sann, ef lögunum er ætluð hin ýtrasta samhljóðan.

Assessor Jonassen: Af því eg mælti fram með því, að plakat 23. Maí 1840, § 1 og 2, næði lagagyldi á Íslandi, leyfi eg mèr ennfremur að geta þess, að þó eg ætli ástæður minna hlutans í þessu tilliti nokkurnveginn sannfærandi, er þó ein sú ástæða eptir fyrir þessari meiningu, sem eg ætla taki allan efa af í þessu tilliti, en minna hlutanum gleymdist að geta hennar.

Það segir nefnilega í 1. grein tilskipunarinnar frá 24. Jan. 1838, að Kristjáns V. dönsku lög, ásamt með þeim síðar útgeingnu lagaboðum, er breyta eður nákvæmar ákveða þessi lög, eptirleiðis skuli vera sú almenna regla og mælisnúra, eptir hverri fara eigi með — *behandle* — og hegna misbrotum á Íslandi, svo að hin sömu lög, sem í Danmörku varða meðferð misbrota og þeirra hegníngu, einnig skuli gylda á Íslandi, hvers eigin eldri lög, upp frá þessum tíma, skuli afmáð og svipt lagagyldi. Nú ætla eg það augljóst, að dönsku orðin: „*Sagens Behandling*“ — meðferð málsins — innibindi það atriði, sem hèr ræðir um, nefnilega áfríun í sakamálum, því áfríunin er ein grein af meðferð málsins, enda er það venjulegt, einsog sjá má af þeirrar hèr tilgreindu tilskipunar 15. og 16. grein, að þær reglur, sem varða hegníngu misbrotanna og meðferð slíkra mála (*den kriminel-processuale Deel*), eru ákveðnar í einu og sama lagaboði, og þessu samkvæmt hlýtur orðið „hegníngarlög“ í 7. grein nefndrar tilskipunar að skiljast, en sè það rèttur skilníngur orðsins, leiðir þar af, að það hèr umrædda plakat sjálfsagt er gyldanda á Íslandi, því þessi grein segir, „að þær breytíngar, sem konúngi mætti þóknast að gjöra í þeim almennu hegníngarlögum fyrir Danmörku, einnig skuli gylda á Íslandi“; enda er þessi skilníngur tilskipunarinnar og samkvæmastur reglunni, að hina mildari meiníngu eigi að taka fram yfir hina, sem er harðari, þar sem efi er á, hvor vera eigi í fyrirrúmi.

Forseti: Þó svo kynni virðast, sem þýðíngin á orðinu „*behandle*“, — meðhöndla, — leiði rök að því, að tèð opið brèf sè nú þegar lögleidt hèr, verð eg samt að álíta, að ástæður hins heiðraða konúngvalda þíngmanns, er síðast mælti, hverfi að mestu, þegar því er gaumur gefinn, að kanselliið sendi hingað opið brèf þetta bæði 1841, og aptur nú, til þess að vita, hvort ráðlegt þætti að lögleiða það hèr, og hefir kanselliið þannig látið

skýlaust í ljósi meiníngu sína um það, að brèfið sè ekki sjálflögleidt hèr, eptir tilskipun 24. Jan. 1838, einsog hinn heiðraði þíngmaður fór fram á.

Konúngsfulltrúi: Hvað spurníngu þá snertir, sem hèr er risin um það, hvort opið brèf 23. Maí 1840, um áfríun í sakamálum, eigi við hèr á landi eður ekki, vil eg geta þess, að tilskipun 24. Jan. 1838, 1. gr., að svo miklu leiti, sem hún með nokkrum tilbreytíngum lögleiðir hèr hin dönsku lög, hvað meðferð sakamála snertir, einúngis nefnir dönsku lög og tilskipanir þær, er síðan hafi breytt þeim eður nákvæmar ákveðið um þau; það eru þessvegna þær tilskipanir, sem þá voru komnar út. Hin 7. gr. tilskip. ákveður þar á móti, að hin almennu hegníngarlög Dana, sem eptir þá tíð verði gefin, skuli einnig hafa lagagyldi á Íslandi. Þareð misgjörðirnar eru hinar sömu, í hvaða landi sem þær eru drýgðar, án tillits til landslagsins, gat það ekki verið eins ísjárvert, að hegníngarlög þau, sem framvegis yrðu gefin, gyltu einnig hèr á landi, einsog lögin um meðferð misgjörðamála eður rèttargángs-aðferð í þeim málum, sem mjög verður að laga eptir landslagi hvers lands. Þareð nú ástæða sú þannig fellur, er hinn virðulegi konúngkjörni þíngmaður hafði tekið úr 1. gr. tilskip. 24. Jan. 1838, og eg að öðru leiti er samdóma áliti meira hluta nefndarinnar, hygg eg, að þíngmenn eigi ekki að beiðast þess, að þetta hið opna brèf um áfríun sakamála verði lögleidt hèr á landi.

Um leið vil eg einnig minnast á hið annað opna brèf, frá 23. Maí 1840, um refsíngu við vatn og brauð, og ætla þá fyrst að gjöra eina almenna athugasemd. Meðan Ísland átti ekki ráðgjafaþíng sèr, var það að líkindum, að þeirri reglu væri fylgt, þegar tilskipanir fyrir Danmörku voru lögleiddar á Íslandi, að allar þær tilskipanir voru almennt lögleiddar þar, sem vegna landslagsins á Íslandi gátu átt þar við, hvort sem mönnum fannst nokkur sèrleg nauðsyn til þess bera eður ekki. En nú er öðruvísi ástatt, Ísland hefir feingið alþíngið, sem á að segja álit sitt um, hver lög hèr skuli lögleiða. Nú mundi það hvorki þarflegt eður eiga vel við, að lög væru gefin fyrir Ísland, sem mönnum ekki þætti nauðsyn til bera, eða sem einúngis eru um sèrstök atriði, og ekki í öllum greinum löguð að þörfum þessa lands. Sè nú athugasemd þessi borin saman við opna brèfið um refsíngu við vatn og brauð, þá liggur það í augum

uppi, að bæði ákveður lagaboð þetta ýmislegt, sem einkum lýtur að því, er við geingst í Danmörku, og svo mundi það og hèr á landi, þar sem refsíng við vatn og brauð ekki er lögleidd nema í Reykjavík, mjög sjaldan koma að haldi, svo mönnum getur eingin þörf fundizt vera á þessari rèttarbót. Enda væri það nokkuð hjákátlegt, ef hún væri lögleidd á Íslandi, og svo að niðurlagi sagt, að það væri einúngis að skilja um Reykjavík. Eptir reglum þeim, er gylda um linandi lög, og í tilliti til tilskip. 11. Apr. 1840, 29. gr., má og fara eptir reglum þeim í þessu opna brèfi, sem tala um að lina hin eldri lögin, með því móti, að senda það dómendum þeim til eptirbreytni, sem dæma eiga mál, er Reykjavík snerta, án þess það þurfi þó að gylda á Íslandi. Eg verð því að vera á sama máli sem hinn minni hluti nefndarmanna, að þetta opna brèf þurfi ekki að lögleiða hèr.

Framsögumadur: Eg hefi fáu að bæta við það, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi og forseti mæltu, og er því í alla staði samþykkur; 15. grein tilsk. 24. Jan. 1838 útlistar meininguna í 1. greininni að framan. Tilskipunin öll er löggjöf fyrir Ísland sèrílagi, og fyrir þær sakir geta ekki hèr gylt síðar útkomin lög um sakamála meðferð í Danmörku, nema því að eins, að þau sèu hèr með nýju lagaboði löggylt. Því, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi mælti um vatns- og brauðs-brèfið, vill meiri hluti nefndarinnar hvergi mótmæla.

Forseti sagði þá undirbúnings-umræðu þessa máls lokið.

Þá lèt Forseti taka málið um endurgjald alþíngis-kostnaðarins til undirbúnings-ræðu, og lèt afhenda álitsskjal nefndarinnar framsögumanni, umboðsmanni Jóni Gudmundssyni, las hann það upp, og er það svo látanda:

„Þegar þíngmenn kusu oss í nefnd, til að segja álit vort um, hvaðan taka skyldi alþíngiskostnaðinn, þá fundum vèr að vísu, hversu mikin vanda þíngið lagði oss á herðar, og hversu erfitt oss mundi að finna og leggja til þau ráð, er jafnt mundu öðlast samþykki stjórnarinnar og geðþekkni vorra kæru landsbúa.

Fyrir því dyljumst vèr ekki við, að vèr nú með hálfum huga berum upp álit vort um þetta mál, enn þótt vèr höfum hugsað það svo nákvæmlega sem oss er auðið.

Vèr verðum fyrirfram að geta þess, að oss finnst eðlilegast, að álíta alþíngiskostnaðinn eitt meðal landsins vissu út-

gjalda, og eigi því að telja hann meðal þeirra í reikníngum jarðabókar-fjárhirzlunnar; til þessa virtist oss einnig konúngsúrskurðurinn benda, og alþíngis-tilsk. 79. grein, 2. atr., enda ætlum vèr þetta og í öllu tilliti vinsælast; en hitt verður þá skylda vor, að benda á, hvaðan fjárhirzlunni skuli koma fullt endurgjald, og þá finnst oss helzt tveggja atriða að gæta:

a. Að endurgjaldið sè ekki svo tekið, að ójöfnuði valdi, nè þýngslum, er eigi má undir rísa, nè af neinum þeim stofni, sem þegar hvíla á talsverðar og tilfinnánlegar álögur.

b. Að það fáist að miklu eður öllu leiti jafnótt og á þarf að halda, án þess að fyrst þurfi með lángvinnri, erfiðri og tvísýnni rannsókn að undirbúa stofninn, áður enn á hann er lagt gjaldið.

Nefndinni hefir fundizt, að þegar ákveða skyldi, hvar gjald þetta ætti niður að koma, þá væru einar 5 greinir, sem um mætti ræða:

1. Tollur af kaupförum, er sigla upp landið.

2. Niðurjöfnuður á fram talið lausafè, eins þeirra, er eingri þegnskyldu svara.

3. Tíundir af öllum þeim jörðum, er nú eru ótíundaðar.

4. Skattur af fasteign allri.

5. Að sýslumenn allir verði settir á sanngjörn föst laun, til þess að auka fyrir það tekjur landsins, sem svari hinu forna þíngfararkaupi, sem alþýða hefir goldið og geldur enn.

Viljum vèr nú ræða stuttlega álit vort um hvert þessara atriða sèrílagi.

1. Um hið fyrsta atriði er þess fyrst að geta, að embættismanna-nefndin í Reykjavík hefir mælt fram með, að lagður væri 1rbds tollur á lestarrúm hvert í kaupförum þeim, er sigla upp landið. Þetta kann nú að hafa verið eitthvert hið tiltækilegasta ráð, þegar embættismanna-nefndin ræddi málið, og að vísu kann henni að hafa fundizt mæla fram með því, að meiri hagur af verzlaninni fèlli í skaut Danmörku enn Íslandi; þó finnst oss, sem alltaf mundi hafa orðið á því sá galli, að svo mátti virðast, fljótt á að líta, sem tollur sá væri tekinn af Danmörku, og beinlínis af Íslandi var hann ekki tekinn, þó hann í raun rèttri mundi hafa lent á kaupendum á Íslandi; en Íslandi einu byrjar þó að standast kostnað af þjóðþíngi sínu. Svo mætti enn virðast, sem Ísland væri komið í þau bersýnileg vandræði og vesæld, að það gæti alls eingan kostnað færzt í

fáng, hvað mikið sem því lægi á; — en á hverju lá Íslandi framar enn þjóðþingi? — og þó hefir landinu og efnahag þess að vísu þokað töluvert fram síðan aldamót. En þó tiltækilegast hafi verið að leggja á toll þenna 1841, þá er það ekki nú, að oss virðist. Vèr vonum, að alþíng biðji nú í einum anda um, að tollur sá, sem tilskipan 11. Sept. 1816 leggur á lestarrúm hvert í kaupförum útlendra þjóða, verði svo lækkaður, að þær sjái sèr skaðlaust að sigla upp Ísland; einginn veit enn, hver afdrif eða úrlausn það mál fær, af hálfu stjórnarinnar, og þykir oss því einganveginn það hlýða nú, hvorki að fara að leggja það til, að lagður sè 1 rbds tollur á kaupför Dana, nè að vísa til ens nýja tolls af útlendum kaupförum, á meðan ekki er komið í kríng um þetta mál, enda mun nóg við þann toll að gjöra, þó svo færi sem vèr viljum og óskum. Enn er það eitt, og það fremur öllu öðru, er aptrar oss frá að ráða til tolls þessa á dönsk kaupför, en það er, að oss finnst hann gagnstæður þeim reglum og stefnu, er vèr ætlum og óskum, að hin danska stjórn fylgi að svo komnu í verzlunar-málefnum þessa lands.

2. Vèr viljum ekki mæla á móti því, að lausafèð mundi þola nokkrar álögur, ef skattaheimtunni væri sanngjarnlega fyrir komið; en vèr viljum mæla á móti því fastlega, að það þoli nokkrar frekari álögur sem stendur, á meðan skattatekjunni er hagað eins og nú er; ámeðan svona stendur, er lausafèð einsog illa hlaðinn bátur, sá er marar í kafi fyrir illa hagaðri ofhleðslu, og mundi sökkva, hvað litlu sem bætt væri á farminn. Menn mega ekki eingaungu líta á hin góðu ár, sem nú hafa verið um nokkra stund, heldur og á hin vondu, þegar fènaður fellur nær því til helminga, og svo, að það stendur fyrir fènaðarfjölgun um næstu 3—4 ár, þó allgóð sèu; menn mega ekki eingaungu líta á það, að þeir bændur, sem tíunda 40—50 hundr., gjalda í þegnskyldu eina $2\frac{3}{20}$ — $1\frac{1}{2}\frac{1}{5}$ fiska af hundraði hverju, heldur byrjar fremur að líta á hitt, að bóndi sá, sem tíundar frá 10—5 hundr. og er í skatti — og af þeim bændum mun lángflest í landi hèr, þó góð ár sèu — að sá bóndi geldur í þegnskyldu frá 6—11 fiska af hverju hundraði, auk fátækra-útsvars, gjalds til prests og kirkju og jarðargjalds, og vonum vèr af þessu verði ljósar 2 órækar röksemdir:

a. Hversu óþolandi ójöfnuðurinn er á skattatekjunni, og hversu bráðrar endurbótar hèr þarf við, og

b. Hversu ógjöranda það er með öllu, að þyngja nokkuð á lausafènu, auk sakatolls eður aukatolls þess, er nú er tekinn af því, og heldur bæri að leita til, að linað væri á honum enn hert, á meðan hinir flestu og fátækustu bændur landsins búa undir slíkum álögum.

Vèr neitum því ekki, að vist mætti leggja nokkuð aukaútsvar til endurgjalds alþingiskostnaðinum á lausafè presttèttarinnar, og annara embættismanna, sem ekkert gjalda í opinberar þarfir, því þeim er alþing til liðs sem öllum öðrum, og á það mundu og allir slíkir menn fúsir; en það nemur svo litlu, sem á það lausafè verður lagt sèr, og virðist heldur ekki eiga við, ámeðan ekki er nè verður lagt neitt á gjörvallt lausafèð.

Að öðru leiti þykir oss ekki fjarri að geta þess, að þegar farið er að breyta skattalöguninni, mun vart verða hittur sá mælikvarði, að goldið verði eptir honum jafnt að upphæð um allt land og nú er; en sakir útgjalda landsins mun eigi mega haga svo til, að minna verði, og vèr berum ekki heldur á móti, að freka má nokkuð á, ef skatturinn er látinn koma niður á gjaldþegna eptir efnum, að rèttum jöfnuði; mun þá fjárhirzlu landsins aukast þar nokkur inngjöld.

3. og 4. Þeir hafa mikið til síns máls, sem vilja láta lenda á fasteigninni að endurgjalda alþingiskostnaðinn, því af fasteigninni er ekkert goldið í opinberar þarfir, — og fasteignin ein gefur nú sem stendur rètt til alþingisnefnu og alþingissetu.

Þeir hafa og mikið fyrir sèr, sem vilja leggja tíundir á alla þá fasteign, sem nú er undanþeigin tíund; en það er, einsog öllum er kunnugt, þjóðjarðir þær, sem óseldar eru, skólajarðirnar gömlu, spítala, kristfjár og kirkju jarðir. Eginn verst því, að allar slíkar undanþágur eru bæði ósanngjarnar og skaðlegar, og ekki munu landsetar á þesskonar jörðum búa við betri kosti yfirhöfuð, enn á tíundaða gózinu, og er það aptur til marks um, hversu jarðeigendur geta unnið upp á leiguliðunum hverja þá hagsmuni er þeir mega; og væri nokkur von, þó öllum jarðeigendum væri svo varið, sem þó ekki er, enn sem komið er, þarsem stjórnin geingur á undan í þessu, er hún lætur nú bjóða upp opinberlega til afgjalds og festu enar ótíunduðu þjóðjarðir, til þess að gjaldið verði sem mest. Enn fyrst er það, að flestar, ef ekki allar tèðar fasteignir eru undanþeignar tíund, bæði með eldri og nýrri lög-

um, er breyta þyrfti og kalla aptur, og svo mundi og ekki gjöranda, að breyta því í bráð, ámeðan jarðirnar eru ómetnar til hundraða og afgjalds, er allir æskja og sjá hina mestu nauðsyn á.

Að því búnu mundu tíundir af öllum enum áminnstu fasteignum verða fjárhag landsins til talsverðrar eflíngar. Hið sama er að segja um skatt á alla fasteign, að það virðist ógjöranda að svo stöddu, ámeðan jarðagózið er ómetið, þótt það annarsvegar þætti tiltækilegt. En það mun enn vera helzt til lauslega yfirvegað og ósannað; það er enn óhrakið, er Örsted, lögvitríngur og fulltrúi konúngs, mælti á þíngi í Hróarskeldu 1840, gegn fasteignar-skatti á Íslandi yfirhöfuð; þær ástæður, er hann færði til í gegn því, styðjast að vorri hyggju við svo gyld og góð rök, að ekki mun gjöranda að leggja á fasteignarskatt hèr án ýtarlegrar yfirvegunar og rannsóknar, eptir það búið er að meta jarðirnar; það er þá vel, ef svo þykir tiltækilegra, og mun þar fjárhirzla landsins hljóta talsverðan inngjalda-viðauka.

5. Það hyggjum vèr mætti vel takast, að setja sýslumenn á föst laun, þau er þeim væri viðunandi, en selja sýsluskatta alla til umboðs, annaðhvort sjálfum þeim eður öðrum; ber því meiri nauðsyn til þess, sem sýslumenn taka nú, meðal annara gjalda, það gjaldið, sem beinlínis ætti að fljóta í fjárhirzlu landsins, nú, úr því alþíng er stofnsett á ný, fyrir kostnað þann, sem þaðan verður goldinn og af þínginu leiðir, en það er þíngfararkaupið, er upprunalega var veitt goðunum fyrir þíngferðir, eptir Grágás, en síðar sýslumönnunum, til að borga þeim mönnum, er þeim bar að kveðja til alþíngissetu (eptir þíngfararbálks 1. og 2. kap. og þegnsk. 1. kap.). Þíngfararkaupið er, einsog allir vita, helmíngur skatts þess, er nú er goldinn.

Nú höfum vèr komizt að því, að sýslumennirnir, nema í Vestmannaeyjum, Gullbríngu og Kjósar sýslum, hafa talið sèr goldið í skatta árin 1826—36, að meðaltali, árlega 85,652 fiska, og í Kjósar sýslu árlega . . . . . 2,530 —

alls 88,182 fiska.

Hefir eptir því þessi árin verið goldið í þíngfararkaup um land allt að meðaltali 44,091 álnir, og að auki úr Gullbríngu og Vestmannaeyja sýslum, en þeir skattar eru sèr á umboði og borgaðir beinlínis í fjárhirzlu konúngs, og sè nú hver fisk-

ur metinn á 7 sk., þá yrði það árlega 3,214 rbdl. 5 mk. og 13 sk.

Enn þótt vèr nú sjáum, einsog vèr áður gátum, bæði hvað óvíst er, að hèr megi nokkurntíma leggja árlegan skatt á fasteignir, og hversu ógjöranda það er með öllu að svo stöddu, áður jarðirnar eru metnar að nýju; þá viljum vèr samt ekki sleppa svo fasteigninni, að ekki sè nokkuð af henni goldið í opinberar þarfir.

Eptir það vèr höfum nákvæmlega hugsað þetta mál, finnst oss það vel vinnanda með því móti, að víst hundraðs gjald, t. d. 4 af 100, sè goldið af umsömdu sölu eður virðingarverði jarðar hverrar, og eins hverrar fasteignar sem er, t. d. eyja, ítaka, kaupstaðarhúsa, haffærra skipa, og svo frv., hvenær sem fasteignin er afhent nýjum eiganda til eignar, hvort heldur að er fyrir arf, sölu eður gjöf.

Vèr hyggjum 3 kosti megi telja gjaldi þessu til gyldis:

1. Það er svo sanngjarnt, að enginn fasteignar-skattur, þó hann væri lagður á, getur vægari orðið.

2. Að hann fæst strax, áður komin er í kring jarðamatníngin.

3. Að það getur aldrei lent á leiguliðum nè lausafè þeirra, er menn með svo miklum rökum uggir um árlegan fasteignarskatt.

Tilskipun 8. Febr. 1810 býður, að gjalda skuli hálfan rbdl. af hverjum 100 rbdl. fasteignar-verðsins, þegar hún er seld eða gefin, og jafnmikið af knèrunnar arfi. Um þau 10 ár, frá 1. Janúar 1834 til 31. Desember 1843 hefir, eptir jarðabókar-reikníngunum, verið goldið um allt land af söluverði fasteigna ½ af 100, eður alls 2,664 rbd. 5 mk. 9 sk., það er að meðaltali ár hvert 266 rbd. 2. mk 9 sk. og mun það heldur minna enn meira enn vera ætti í raun og veru; hin prentaða áætlun jarðabókar-reikníngsins fyrir 1845 gjörir ráð fyrir 300 rbd. Að vísu skilst oss ekki, hvaðan komið geta þeir rúmir 33 rbdl., sem þannig er þar gjört ráð fyrir framyfir rètt meðaltal undanfarinna ára, en hitt skilst oss vel, að það væri ekki um of, ef skipað væri með nýrri löggjöf, að öllum kaupbrèfum skyldi þínglýsa, og að þau skyldu ella ógyld með öllu; mundi fjárhirzlan þá hljóta uppí þetta gjald ríflega það, sem áætlunin tiltekur, árlega 300 rbd. — Vèr nefndarmenn höfum átt tal við alla þá embættismenn, er nú eru hèr staddir, og eru nú eða hafa áður verið skiptaráðendur,

og segja þeir, að óhætt muni að fullyrða, að víst jafnmiklar, og heldur meiri fasteignir gángi að erfðum til nýrra eigenda enn að sölu, en þetta verður ekki nákvæmlega uppgötvað af reikníngum landfógetans; því er óhætt að gjöra ½ rbdls gjaldið af erfðri fasteign einnegin árlega 300 rbd. Hlyti þá jarðabókarsjóðurinn af fasteigna afhendíngu nú, eptir tilsk. 8 Febr. 1810, árlega vissa 600 rbd. — Væri nú þessu ½ rbds gjaldi af hundraði sleppt, en tekið í staðinn 4 rbd. af hverjum 100, sem fasteignin er seld eða virt til arfs, þá mundi fjárhirzlu landsins aukast árlega í tekjur vissir 4,800 rbd. ÷ 600 rbd., eður 4,200 rbd., og mundi það eitt nægja til að standast útgjöld þau, er leiða af alþíngi.

Þetta er það eina, er vèr getum vísað á í bráð, þartil búið er að laga og jafna skattgjaldslögin, haga öðruvísi og sanngjarnlegar skattatekjunum, og síðan búið að gjöra út um það, hvort ekki megi svo setja sýslumenn á föst laun, að þeim sè viðunanda, en þíngfararkaupið verði umfram, og til tekju-auka landinu; þartil búið er að meta fasteign alla að nýju, og leggja síðan tíundir á það jarðagóz, sem nú er tíund undanþeigið. Hvort þetta hundradsgjald, er vèr nú stíngum uppá, skal vera stöðugt gjald (*permanent*), í stað fasteignarskatts, eður einúngis haldast um sinn (*provisorisk*), þar til fasteignarskattur verður lagður á: um það viljum vèr ekki fara mörgum orðum að sinni, með því það er að miklu leiti óviðriðið það mál, er vèr nú ræðum.

Því verður í þessu máli það álit vort:

1. Að kostnaður sá, er af alþíngi leiðir, sè talinn meðal enna vissu útgjalda landsins, og borgaður úr jarðabókar-sjóðnum.
2. Til að jafnast við og kvitta þessi útgjöld, sè goldið 4rbd. gjald af hverjum þeim 100rbd., sem sú fasteign er seld eður metin, er afhent er öðrum til eignar, hvort heldur að verður fyrir gjöf, sölu eður arf; með fasteignum teljast ítök öll og eyjar, kaupstaðarhús, haffær skip, og svo frv.; skal gjald þetta haldast annaðhvort fyrst um sinn (*provisorisk*), þartil reglulegum og árlegum fasteignarskatti verður komið á, eður stöðugt (*permanent*), í stað fasteignarskatts.
3. Hálfsdals-gjald það, af erfðri og seldri fasteign, sem tilsk. 8. Febr. 1810 leggur fyrir, skal ekki goldið upp frá því, að hið nýja gjald er lögboðið.

4. Bæði skulu sýslumenn hafa vakanda auga á, að rètt sèu virtar fasteignir dánarbúa, sem og, að öll kaup og gjafabrèf sèu þínglýst, og skulu allir slíkir gjörníngar ómerkir ella.
5. Sýslumenn skulu, þá þeir skipta fasteignum, eður þínglýsa eignarskjölum fyrir þeim, kalla hið nýja gjald af þeim, er við fasteigninni hefir tekið, og standa landfógeta skil af, eptir rèttum reikníngi".

síðar við bætt:

„Af því, sem rædt var um mál þetta þann 26. þ. m., hefir nefndin fundið tilefni til að breyta 4. ályktunargrein svo, að niðurlagi hennar sè sleppt, en bætt við í staðinn: „og sè hæfileg sekt lögð við, ef kaupendur gjöra það ekki".

Framsögumadur: Eg hefi einúngis fáu hèr við að bæta. Eg vona, að öllum hinum heiðruðu þíngmönnum hafi skilizt, bæði allt álitsskjalið og hvert einstakt atriði þess. Eg vona öllum hafi skilizt, að konúngs-úrskurðurinn hefir gjört það þínginu að vafalausri skyldu, og þíngið aptur nefnd þessari, þegar það kaus hana, að vísa á eitthvað það, hvaðan jarðabókarsjóðnum mætti koma endurgjald fyrir alþíngiskostnaðinn; eg vona öllum skiljist, að nefndin hefir litið í allar þær áttir, hvaðan endurgjaldsins mætti vænta, og henni hafi tekizt að gjöra það fullljóst, að hvergi væri berandi niður að svo komnu í þessu efní, nema einmitt á þann hátt og á þeim staðnum, sem farið er á flot í álitsskjalinu. Fleira ætla eg ekki að mæla að sinni, fyrr enn eg heyri tillögur og meiníngar annara.

Konúngsfulltrúi: Eg finn mèr skylt nú þegar að gjöra nokkrar athugasemdir, er eg vænti að orðið geti hinum virðulegu þíngmönnum til leiðbeiníngar, til þess að leggja dóm á nefndarálit það, er nú var lesið upp. Athugasemd sú, sem nefndin gjörir fyrirfram, að alþíngiskostnaðinn verði að álíta meðal hinna vissu útgjalda landsins, og telur hann því með þeim í reikníngum jarðabókarsjóðsins, og sú fyrsta uppástúnga, sem nefndin setur í samband þar við, er hvorttveggja byggt á rángri hugmynd um jarðabókarsjóðinn. Híngað til hefir stjórnin álitið jarðabókarsjóðinn sem einn hluta ríkissjóðsins. Ríkissjóður Danmerkur er einn og hinn sami fyrir allt ríkið, svo ekki hefir verið gjörður greinarmunur á tekjum þeim, sem komið hafa frá hverju skattlandi sèrílagi, og er hið sama að segja um Holsetaland, og þó er samband þess lands við Danmörku

nokkuð á annan veg, þar sem það er eitt af hinum þjóðversku sambandslöndum. Eins hafa útgjöld þau, er hvert skattland eður hluti ríkisins hefir orðið að fá í sínar þarfir, verið greidd af sameignarsjóði ríkisins, án þess að því hafi verið gætt, hvort það hið sama skattland hafi goldið aptur í skarðið. Að þessi aðferð, að þetta samband jarðabókarsjóðsins við ríkissjóðinn hafi verið hagur fyrir Ísland, er að líkindum ekki svo örðugt að sýna, en það kemur ekki þessu máli við að útlista það betur. Skyldu menn því setja alþingiskostnaðinn meðal hinna vissu útgjalda jarðabókarsjóðsins, væri það hið sama, sem að setja hann meðal hinna vissu útgjalda ríkissjóðsins, svo ef tekjur þær, sem teknar yrðu til að borga kostnaðinn, hrykkju ekki til þess, þá skyldi ríkissjóðurinn gjalda það sem á vantaði. Þetta gæti með engu móti komið heim við þá aðferð, sem við er höfð hvað kostnaðinn snertir til hinna dönsku fulltrúaþinga. Svo er ákveðið í lögum Dana, að kostnaði þeim skal jafna niður á þjóðina, og er hann laus við aðrar skyldur, þannig, að hver hluti ríkisins, sem hefir fulltrúaþing sèr, nefnilega: Eyjarnar, Norður-Jótland, Slesvík og Holsetaland, skal hver gjalda kostnaðinn fyrir fulltrúaþing sitt. Nú ef jarðabókarsjóðurinn, eða ríkissjóðurinn, sem, eptir því sem nú er ástatt, er eitt og hið sama, skyldi verða að gjalda nokkuð af alþingiskostnaðinum, þá er það deginum ljósara, að Danir og Suðurjótar og Holsetar yrðu bæði að gjalda þinggjöld sjálfra sín, og þaraðauki nokkuð af alþingiskostnaðinum. Nefndin hefir borið fyrir sig 79. gr. alþingislaganna og konúngs-úrskurð 23. Apr. þ. á., en það getur einganveginn orðið máli hennar til stuðnings. Samkvæmt 88. gr. tilsk. 15. Maí 1834 skyldi greiða kostnað fulltrúaþinga í Danmörku fyrirfram af sveitasjóðum: — í kaupstöðum er það bæjarsjóðurinn (*Kæmnerkassen*), út á landsbyggðinni jafnaðarsjóðir amtanna, — til þess er seinna væri ákveðið, hvernig því skyldi jafna niður á landið. Hèr á landi verður einnig að greiða kostnaðinn fyrirfram, þareð það eru yms útgjöld, t. a. m. dagkaup þingmanna, sem ekki mega bíða þángað til því er ráðið til lykta, hvaðan taka skuli kostnað þenna. Þareð nú enginn þesskonar almennur sjóður er hèr til, sem er fær um að takast slíkan kostnað á hendur, þótt ekki sè nema um stundar sakir, svo hefir konúngur leyft, að taka mætti útgjöld þessi til bráðabyrgða af jarðabókarsjóðnum, þángað til gjört yrði út um það, hvaðan taka skyldi fè það.

Eg fæ nú ekki sèð, hvernig menn af þessu geta þókzt sjá nokkra bendíngu til þess, að setja alþíngiskostnaðinn meðal hinna vissu útgjalda jarðabókarsjóðsins. En þareð nefndin hinsvegar hefir skýlaust játað, að Ísland ætti sjálft að borga alþíngiskostnað sinn, svo virðist mèr spurníng sú, sem nú hefir verið rædt um, einúngis snerta form málsins, og finn þessvegna einga ástæðu til, að svo stöddu, að skýra nákvæmar frá sambandi jarðabókarsjóðsins og ríkissjóðsins. En mèr hefir þó virzt nauðsyn til bera, að gjöra athugasemdir þessar, til þess að einginn hinna virðulegu þíngmanna, þegar spurt er að því, hvernig eigi að jafna niður alþíngiskostnaðinum, skuli leiðast af álitsskjali nefndarinnar til þess að hugga sig við þá von, að verði það ekki nóg, sem fæst með niðurjöfnuði á landið, þá skuli jarðabókarsjóðurinn greiða hitt, sem á vantar; eg hygg nú, að hver og einn sjái, að þetta hvorki getur orðið nè mun verða.

Nefndin hefir nú enn fremur, þegar þess skal geta, með hverjum hætti megi ná alþíngiskostnaði, bent mönnum á 5 leiðir; en þareð nefndinni hefir sjálfri á einga þeirra litizt, þá þarf eg ekki frekar að tala um þær hverja í sínu lagi, en hinsvegar eru það einstöku athugasemdir í skjali nefndarinnar við sum af atriðum þessum, sem eg verð að fara um nokkrum orðum. Þegar nefndin þannig í athugasemdum sínum við annað atriðið segir, að væri lagt auka-útsvar á lausafè preststèttarinnar og annara embættismanna, svo mundi fást nokkuð til endurgjalds alþíngiskostnaðinum, þá virðist mèr það mjög kátlegt, ef menn skyldu nú, þegar svo mart er talað og ritað um að bæta kjör prestanna, vilja fara að leggja nýtt gjald á, sem kæmi niður á þessari stètt framar enn öðrum. Í athugasemdum sínum við 3. atriðið hefir nefndin haldið, að mart mundi mæla með því, að leggja tíundir á allar þær jarðir, sem nú eru undanþeignar tíund. Jörðum þessum má skipta í þrjá flokka: annaðhvort þjóðjarðir (óseldar konúngsjarðir), eða alþjóðlegra stiptana (spítalajarðir, kristfjárjarðir og kirkjujarðir), eða einstakra manna. Að leggja konúngstíund á hinn fyrsttalda flokkinn mundi nú sjálfsagt ekki auðga þjóðfjárhirzlurnar í neinu, því þá yrði að byggja þær jarðir með þess lægri afgjöldum, og væri það þá hið sama sem að seilast eptir því með annari hendi, er maður lèti aptur laust með hinni. Að leggja þann skatt á jarðir alþjóðlegra stiptana, sem þær hafa verið lausar við hingað til, yrði eflaust mjög ísjár-

vert, þegar litið er á efnahag sumra þessara stiptana. En hvað jarðir einstakra manna snertir, sem lausar eru við tíund, þá neita eg því ekki, að eg er einnig á því, að það væri óskanda, að menn gætu séð nokkurn góðan og réttlátan veg til þess, að gjöra jöfnuð á álögum þeim, sem liggja nú á jörðum einstakra manna. En þareð tíundarfrelsi þetta eru réttindi, sem kaupendur eittsinn hafa feingið, þá er þeir keyptu jarðirnar eptir söluskilmálum, og þareð menn, með því að svipta þá þessum rétti, mundu svipta eigendur þeim hag, er litið hefir verið á þegar jarðirnar voru seldar, og sem þannig hefir verið goldinn, svo mundi það eflaust verða mjög erfitt að koma slíku til leiðar, svo rángindi yrðu ei úr, og til þess mundi þurfa nákvæmlega að rannsaka allan málavöxt. Enn fremur hefir nefndin í athugasemdum við 5. atriði sagt, að takast mætti að setja sýslumenn á föst laun, og selja sýsluskatta alla til umboðs, en verja þingfararkaupi til alþingiskostnaðar; mundi með því nást nokkuð í þennan kostnað. Það er augljóst, að með þessu er ekki bent á neinar nýjar tekjur handa alþjóðlegum sjóði. Eins og nú er ástatt, er þingfararkaup hið forna helmingur skatts þess, er goldinn er, hefir sýslumaður það og nokkrar aðrar tekjur, en geldur aptur í ríkissjóðinn umboðsgjald nokkurt, og hefir sjálfur afgánginn að launum. En hvort ríkissjóðnum væri það ávinningur, að sýslumenn yrðu settir á föst laun, og sýsluskattar allir seldir til umboðs, og saminn glöggur reikningur yfir, það er annað mál, og nefndarskjalið hefir ekkert sagt til þess að skera úr því, og efamál getur það orðið, hvort landsmenn yndu því betur, að breytt væri á þann veg, því þar af leiddi, að krefja yrði allar tekjur í tækan tíma, en nú þarámóti fara sýslumenn opt eptir þörfum og ástandi þeirra, er skattinum eiga að lúka.

Þegar nefndin hefir ekki getað fallizt á neitt af þessum 5 atriðum, stingur hún uppá því, að gjalda skuli 4 af 100 af öllum fasteignum og hafskipum, í hvert skipti sem þau ganga frá manni til manns, hvort sem er að erfðum, kaupum, eður með öðru móti. Hversu mikið fé mundi fást með þessum hætti, það hefir nefndin, eins og við mátti búast, ekki getað sagt með neinni vissu, heldur gizkað á, án þess að hafa nokkurn óyggjanda grundvöll að styðjast á. Hvað tekjur þær snertir, er fást mundu af sölu fasteigna, er að sönnu nokkuð við að styðjast, þar sem nefndin hefir farið eptir því, hvað skattur sá hefir orðið samtals árlega, sem nefnist ½ af 100, og lögbóðinn

hefir verið hingað til, og sem gjört er ráð fyrir í áætluninni að verði 300 rbd. Þessi tala er nú að sönnu nokkurnveginn óyggjandi; en hvað þær tekjur snertir, sem fást ættu af fasteigna arfi, þá vita menn ekki, eins og von er á, hversu mikið hefir feingizt á þann hátt með ½ proCto-gjaldinu, þareð skattur þessi, eptir tilskip. 8. Febr. 1810, er goldinn bæði af löndum og lausum aurum, er að erfðum gánga, og geta menn því ekki vitað, hversu mikið af honum hefir goldizt af fasteignum einum saman. Nefndin hefir nú gjört, að gjaldið af erfðum fasteignum mundi verða eins mikið einsog af seldum fasteignum, og yrði því ½ proCto-gjaldið af því hvorutveggja samtals 600 rbd., en væri nú gjaldinu breytt frá ½ rbd. af 100 til 4 rbd. af 100, þá yrðu tekjurnar áttfaldar, eður 4800 rbd. En einsog undirstaða reiknings þessa er á völtum fæti, svo er það og aðgætanda, að það er mjög undir hælinn lagt, hvort tekjurnar yxu að því skapi sem gjöldin hækkuðu. Nefndin hefir sjálf séð það fyrir, að mjög hátt gjald mundi koma því til leiðar, að menn, til þess að komast hjá því gjaldi, mundu verða gjarnir á að skjóta sèr undan þínglestri afsals- og eignarskjala. Og menn verða að játa, að 4 af 100, eður hèrumbil 1 árs afgjald af eigninni, væri mikill skattur, því nær óbærileg byrði, þegar svo stæði á, að eign nokkur geingi millum margra á stuttu tímabili. Til þess að sporna við því, að menn ekki, af kvíða fyrir gjaldinu, kæmu sèr undan þínglýsingunni, hefir nefndin viljað, að mönnum yrði gjört að skyldu, að þínglýsa öllum kaup- og gjafabrèfum, ella skyldu þau ógyld. En þó nú svo væri, þá er það sjálfsagt, að komast mætti í kríngum það með því móti, að þeir menn, sem hlut ættu að máli, yrðu ásáttir á, að setja kaupverðið lægra í brèfinu, enn það hefði verið í raun og veru, og væri það að vísu hörmulegt, ef lögin væru þannveg gjörð, að allir yrðu að játa, að þeim væri vorkunn sem vildu skjóta sèr undan þeim. Þannig er eingin vissa fyrir því, að tekjurnar yxu að því skapi, sem þær hækkuðu. Enn er eitt atriði, sem ekki má hlaupa yfir. Af erfðafè er, nú sem stendur, venjulega goldinn ½ af 100, en af útörfum (*Collateralarv*), eður þeim arfi, sem geingur til hliðættíngja (*Sidelinier*), eru þaraðauki goldnir 4 rbd. af 100; er það í sjálfu sèr ekki svo erfitt gjald, því við foreldra arfi búast menn almennt, eptir boði náttúrunnar, en við arfi eptir ættmenn sína, í systra eður bræðra röðum, búast menn opt-

ast ekki, og má álíta þann arf sem nokkurskonar aukatekjur, og fellur manni þá betur að gjalda heldur meiri skatt af honum. Eptir uppástúngu nefndarinnar ætti þá af fasteignum, er geingju til útarfa, að gjalda samtals 8 af 100, það yrði nálægt 2 ára afgjaldi, og væri það meira enn hófi gegndi.

Að svo mæltu efast eg mjög um, að stjórnin geti fallizt á frumvarp þetta, sem bersýnilega mundi verða sumum óbærilega erfitt, og sem þaraðauki gefur einga vissu fyrir, að tekjur þær feingjust, sem á þyrfti að halda. Eg verð því fremur að skora á alþingismenn, að þeir hyggi vel og vandlega að þessu máli, sem eg kalla, að þá tækist ekki vel, ef stjórnin neyddist til, í öðru eins máli sem þessu, að fara að öðrum ráðum enn alþingis, enda mundi og stjórnin ekki gjöra það með ljúfu geði. En skyldi þínginu, þegar það hefir vandlega hugsað málið, virðast, að mæla ætti fram með þessu frumvarpi, þá verð eg þó að álíta það öldúngis nauðsynlegt, að alþíng bendi til, hvaðan taka skyldi það, sem á vantaði, ef svo skyldi fara, að það hrykki ekki í alþingiskostnaðinn, sem nefndin hefir gjört ráð fyrir að feingist, ef frumvarpi hennar væri fylgt.

Framsögumaður: Eg ætla mèr ekki að fara mörgum orðum um það efni, að hve miklu leiti jarðabókarsjóðinn beri heldur að álíta sem sjóð landsins enn sem grein af aðal-ríkissjóðnum; mèr mun það að mestu ofvaxið; en það veit eg og sè, að þó hann sè talinn grein af ríkissjóðnum, þá eru þó þeirri grein — víst nú orðið — sett glögg takmörk. Ekkert — ekki hið minnsta gjald, sem stjórnarráðin geta álitið að við komi Íslandi á einhvern hátt, er ótalið meðal útgjalda jarðabókarsjóðsins, enn þótt það sè borgað út í Danmörku; yfir því vakir rentukammerið nákvæmlega. Mèr skilst líka ekki betur af Allrahæstum úrskurði 15. Júní 1840 (sem prentaður er í áætlun ríkisreikninganna 1841, bls. 288) enn að sá sè vilji konúngs, að Ísland beri sig sjálft, þ. e., að inngjöld þess vegi upp á móti útgjöldunum; en hvernig má það ske, ef ef ekki er til sjóður sá sèr í lagi, sem geymir inngjaldanna og greiðir útgjöldin? — Hinum hæstvirta konúngsfulltrúa þykir það ekki sem viðlagilegast, að nefndin skuli hafa að nokkru leiti farið fram á, að jafna alþingiskostnaðinum á lausafè preststèttarinnar, þar sem nú hèr á þíngi sè verið að ræða um að bæta kjör þeirra. Mèr finnst þó þessu megi vel koma heim. Það gæti aldrei orðið preststèttinni til þeirra þýngsla, sem nokkru munaði, þó þeir

tækju sanngjarnan þátt, eptir tiltölu, í þessum kostnaði, ef honum að öðru leiti yrði jafnað niður á alla; en það er þó fyrir mestu, að þeir mundu þá vera fúsir á það, og það veit eg um alla þá presta, sem eg hefi rædt og skrifazt á við um þetta efni, og þeir eru margir. Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hefir þar rètt að mæla, að tíundir af óseldum þjóðjörðum mundu ekki rífka inngjöld landsins, þar sem í jarðabókarsjóðinn geingur allt það gjald, sem af þeim fæst, en það mundi verða þeim mun minna sem tíundunum svaraði; nefndin fann líka þetta, og sá, að það var nokkuð áþekkt og ef menn tækju frá einni kirkjunni og legðu til annarar; en úr því talið var upp allt það jarðagóz, er tíund var undan þeigið, þótti það eiga bezt við, að nefna líka þjóðjarðirnar, einkum með tilliti til þess, ef þær síðar yrðu seldar. Eg get einga ósanngirni séð í því, að lögð sè tíund á jarðagóz prestakallanna, og hygg það mætti vel takast og með hægu móti, að koma smámsaman tíund á stólsjarðirnar seldu, enn þótt eg nú leiði hjá mèr að kveða upp ráð til þess. Það hygg eg einnig vafalaust, að svo mætti setja sýslumenn á sanngjörn föst laun, að töluvert mætti auka inngjöld landsins með því móti. Eptir því, sem sýslumenn sögðu sjálfir til gjalda sinna 1839, í skýrslum sínum til landfógetans, til þess að greiða af þeim embættislauna-skattinn, — og þeir munu víst ekki hafa skýrt frá meiru enn var, sem ekki var von, úr því skattinn átti að greiða — þá var þeim goldið tèð ár, ef hver fiskur er metinn á 7 skildínga, nærfellt . . . . . 11000 rbd.

hèr eru ekki talin með þínggjöld í Vestmannaeyja og Gullbríngu sýslum, því þar eru þau í umboði sýslumanna, og ekki heldur í Kjósar sýslu; en að eg sleppi Vestmannaeyjum, þar ekki mun mikið að telja, þá má óhikað gjöra ráð fyrir, að í Gullbríngu og Kjósar sýslum fari þínggjöld nálægt því eptir sama jöfnuði og er milli meðaltals á sköttum í þeim sýslum, og í öllum hinum, en sá jöfnuður er 5200 : 85,600, og verða þínggjöldin í Gullbríngu og Kjósar sýslum eptir því, þegar hver fiskur er metinn á 7 sk., nálægt . . . . . 700 rbd.

hafa þá þínggjöld um allt land, nema í Vestmannaeyjum, árið 1839, verið . . . . . 11,700 rbd.

Eptir því, sem hinum hæstvirta konúngsfulltrúa sagðist frá hèr á þíngi ekki alls fyri laungu, var framtalið lausafè um allt land 1839: 46,159 hndr., en 1843: 56,515 hndr.; 1839 voru ný-afstaðin hörðu árin, því mun ekki fara fjarri sanni, að telja tíundar-upphæðina 1843 sem í meðalári; en það ár, og eptir því hvert meðalár, mun þínggjöld mega telja, eptir því sem nú er goldið . . . . . 15,000 rbd.
sèu nú 17 sýslumennirnir settir á föst laun, þau tiltekin að meðaltali 600 rbd., og mun það yfirhöfuð vel nægja, bæði þegar litið er á ymsar aukatekjur, er þeir taka, og laun þau, er hinir æðri embættismenn hafa, þá geingi til launa sýslumannanna . . . 10,200 rbd.
en afgángs yrðu . . . . . 4,800 rbd.
yrði þessu svo fyrir komið sem eg nú mælti, og á því sè eg eingin vandkvæði, þegar fram líða stundir, þá verð eg að álíta þetta hreinan og vissan árlegan viðauka við inngjöld landsins, hvort sem menn vilja nefna það þíngfararkaup eður ekki.

Eg sè þó ekki, að það geti verið rèttara, sem segir í hinni prentuðu áætlun jarðabókar-reikníngsins fyrir 1845 um ½ rbds. gjaldið af seldum fasteignum, heldur enn það, sem til er tekið í nefndarskjalinu; þar er farið eptir því, sem í jarðabókar-reikníngunum um næstliðin 10 ár er reiknað, og tekið af því rètt meðaltal; og eg skil ekki, hvað þeir ytra geta haft annað til að styðjast við, þegar þeir sömdu tèða áætlun, enn einmitt jarðabókar-reikníngana, og meðaltal úr þeim; sè það tekið fyrir leingri tíma enn 10 hin seinustu ár, þá verður meðaltalið ennþá minna. Því er og upphæð hundraðsgjaldsins sú, er nefndin hefir tekið til, ekki nærri eins óviss nè óáreiðanleg og hinn hæstvirti konúngsfulltrúi sagði, hún er þvertámóti svo viss, sem nokkrar áætlanir geta verið, því hún er grundvölluð á meðaltali undanfarinna ára, og svo mun líka vera og hljóta að vera um sèrhverja reiknings-áætlun; þó nefndin hafi ekki getað með sömu órækri vissu einskorðað upphæð hundraðsgjaldsins af erfðri fasteign, af því það sèst ekki beinlínis af skjölum landfógetans, þá hèlt hún þó, að trúa mætti jafn mörgum skiptaráðendum, og hèr eru nú staddir, til þess, að víst fullt eins mikil fasteign geingi að arfi sem að sölu til nýrra eigenda. Að gjaldið sè ósanngjarnt, því held eg næsta hægt að hrinda með órækum rökum; það ætti helzt að vera ósanngjarnt fyrir það, að það lendir svo mjög á ekkjum og föður-

lausum, og hefi eg heyrt suma færa það til gegn því. Hvílir þá ekkert gjald áður á ekkjum og föðurlausum, eður er ekkert gjald tilfinnanlegt nema á þeim, sem eiga fasteign? — Eg vil nú taka til 2 bú, og hvað af þeim ber að gjalda þá húsfaðir fellur frá.

Flest mun af þeim bændum, sem einga eiga fasteign en tíunda um 10 hundr. Einn af bændum þeim deyr sextugur, þegar hann er búinn að búa í 40 ár, og er búinn að gjalda af búi sínu í opinberar þarfir:

1.	í þegnskyldu og tíundir til allra stètta 3,020 fiska — hver á 7 sk.	220 rbd.	20 sk.
2.	til prests og kirkju 800 fiska	58 —	32 -
3.	aukaútsvar til sveitar, árlega 6 fiska af hverju hundr.	175 —	„ -
4.	í aukatoll — nálægt 5 sk. af hverju hundr. árlega.	20 —	80 -
	alls	474 rbd.	36 sk.

Þegar bóndinn er búinn að leggja þetta af sínum 10 hundr. í opinberar þarfir, þá deyr hann og búið er hèrumbil svo virt:

lifandi fènaður	200 rbd.	„ sk.
dauðir munir	50 —	„ -
alls	250 rbd.	„ sk.

Af þessu geldur nú ekkjan og hinir munaðarlausu — þó það virðist máske ekki tiltökumál, af því eingin er fasteignin (!?):

1.	í þingskuldir og tíundir það ár, rúma	6 rbd.	„ sk.
2.	til prests og kirkju, ljóstoll og heytoll, legkaup og líksaungseyri, nálægt	4 —	„ -
3.	aukaútsvar til fátækra, rúma	4 —	„ -
4.	til virðingarmanna og skiptarèttar, víst	3 —	„ -
5.	½ proCto til konúngs af 125 rbd.	„ —	60 -
	Ekkjan og hinir munaðarlausu borga þá alls nálægt	18 rbd.	„ sk.

eður nálægt 7⅕ proCto, eptir það búið hefir áður goldið nálægt 500 rbd. til opinberra þarfa.

Nú vil eg taka aptur til dæmis annað bú, þar bóndi deyr sextugur og skilur eptir 60 hundr. í fasteign, er hann hefir átt um 40 ár og goldið af í opinberar þarfir — eg bið yður alla að taka vel eptir, hvað mikið hann galt af 60 hundr. um 40 ár! —

ekkert — En nú deyr bóndinn, og fasteignin er virt á 20 spesíur hvert hundrað ..... 2,400 rbd.

af þessu er nú goldið:

1. legkaup og líksaungseyrir, nálægt ..... 3 rbd.
2. til virðíngarmanna og í skiptalaun, nálægt ..... 32 —
3. ½ proCto gjald af 1200 rbd. ..... 6 —

alls 41 rbd.

Það er $1\frac{17}{24}$, eður hèrumbil $1\frac{2}{3}$ proCto.

Sè nú tekið að auk hið nýja gjald, eptir uppástúngu nefndarinnar: $3\frac{1}{2}$ rbd. af hverjum 100 rbd. (því ½ rbd. gjaldið er áður talið) — af hálfu búinu, eður 1200 rbd., . 42 —

þá hlyti að koma fram ósanngirnin og ójöfnuðurinn, er þar af leiðir, þar sem þá væru teknir af öllu búinu ..... 83 rbd.

eður $3\frac{11}{24}$ proCto.

Eg vil nú spyrja að því hina virðulegu þíngmenn, eg vil spyrja alla veröldina að því: hvort ersanngjarnarå, að 250 rbdla. bú, sem áður hefir goldið allt að 500 rbd. í opinberar þarfir—hvortersanngjarnara, að það bú gjaldi rúma 7 rbd. af hverjum 100 rbd., eða að 2400 rbdla. bú, sem ekkert hefir goldið í opinberar þarfir, gjaldi $3\frac{1}{2}$ rbd. af hverjum 100 rbd.?—

Sama hygg eg megi segja um það, að gjald þetta sè ekki ofhátt, þó það virðist svo, þegar litið er einúngis til eins árs; og það er satt: gjald þetta samsvarar lögboðinni eins árs rentu af verðinu; en þetta er ekki árlegur skattur — það er lángt frá — og eg er viss um það, að verði hèr nokkurntíma lagður árlegur skattur á fasteign, þá verður hann miklu harðari. Það mun óhætt að gjöra, að með öllum jöfnuði sè fasteignin sama manns eign í 30 ár; nú má taka til dæmis 20 hundraða jörð, sem er seld á 800 rbd.; hundraðsgjaldið verður þá 32 rbd., einsog lögboðin árleg renta; en þegar litið er á það — og á það ber víst að líta — að þessir 32 rbd. eru goldnir fyrir 30 ár, þá er það hèrumbil $\frac{1}{30}$ partur af ágóðanum, og sjá allir, að það er þó ekki ofhár skattur, því alltaf hefir tíundin þótt byggð á sanngjörnustu undirstöðu, og er hún þó talin $\frac{1}{10}$ af ágóðanum.

Þar sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi gaf í skyn, að ef lögboðið yrði þetta gjald með þeim hætti, sem nefndin hafði farið fram á, þá mundi mörgum verða að „skrifa snarlega 80“, til þess að gjaldið yrði sem minnst. Þetta kann nú að vera; svik

og prettir munu eiga sèr stað eins eptir sem áður, og ennþá hefir ekki verið út gefið nokkurt það lagaboð undir sólinni, að ekki hafi mátt fara í kríngum það með óráðvendni og svikum.

Þó eg ekki kvíði því í neinn handa máta, að gjald þetta nægi ekki til að standast alþíngiskostnaðinn, sízt ef um nokkuð mörg ár stæði eður allt af, svo að eitt árið gæti bætt upp annað, þá er eg samt með öllu fallinn á það, er hinn hæstvirti konúngsfulltrúi sagði, um, að nauðsynlegt væri að vísa á eitthvað annað, er alþíngiskostnaðurinn yrði endurgoldinn með, að svo miklu leiti, sem hundraðsgjaldið kynni ekki að nægja; því það er sjálfsagt, að Ísland á að endurgjalda þann kostnað, og að fullu. Mun eg líka síðar kveða upp, hvaðan taka skuli það, sem á brestur, ef aðrir þíngmenn verða ekki til þess.

Assessor Johnsen: Eg verð að játa, að mèr eigi heldur allskostar hefir geðjazt að álitsskjali eða uppástúngu nefndarinnar í þessu máli, og virðist mèr, að það nú megi vera orðið ljóst af tölu hins hæstvirta konúngsfulltrúa, að vegir þeir, sem nefndin hefir vísað á, til endurgjalds alþíngiskostnaðinum, eigi með öllu sèu hinir tiltækilegustu; en eg verð hinsvegar líka að játa, að góð ráð hèr ekki eru auðfeingin, og mèr hefir því komið til hugar, hvort ekki mundi þykja hlýða, að þíngið færi þess á leit hjá Hans Hátign konúnginum, að nokkuð af kostnaðinum, t. a. m. helmíngur hans, mætti vera óendurgoldinn jarðabókarsjóðnum, þángað til betri lögun er komin á skattalögin, en hinn helmíngurinn endurgoldinn og greiddur eptir niðurjöfnun og upphæð lausafjártíundarinnar. En áður enn eg áskil mèr breytíngaratkvæði á þessa leið, vildi eg þó heyra, hversu þíngmönnum geðjast þessi mín hugmynd.

Varaforseti: Eg get einganveginn fallizt á það, sem hinn heiðraði fulltrúi Árnesínga mælti, því mèr þykir það auðvirðilegt fyrir þjóðina, að hún fari að betla á stjórninni, um, að gefa sèr meira eða minna af kostnaði þeirrar stiptunar, sem þjóðin hefir sjálf beðið um, og konúngur af náð sinni veitt. Eg get samt, því miður, ekki annað, enn ásamt hinum hæstvirta konúngsfulltrúa látið í ljósi efasemdir mínar um uppástúngu nefndarinnar, og óttast, að hún sè bæði byggð á hvikulum grundvelli og erfiðum í framkvæmdinni, því einginn veit með vissu, hve mikið þeirra fjármuna, sem gánga í arf á ári hverju, sè í fasteign, og hve mikið í lausafè. Mèr virðist líka, að einginn, nema með mestu hörku og einræðisstjórn, geti þvíngað tvo menn,

sem í heimahúsum kaupa og selja jörð innbyrðis, til að láta þinglýsa kaupgjörníngi sínum, ef þeir ekki sjálfir vilja, einsog þeir líka, þó þeir láti þinglýsa gjörníinginum, geta skotið sèr hjá ákvörðuninni með því, að setja í gjörníinginn lægra verð, enn þeir hafa um samið. Eg neyðist því til, hversu ógjarna sem eg vildi, að geyma mèr rètt til breytíngaratkvæðis á þá leið: fyrst og fremst, að kostnaður alþíngis fyrst um sinn leggist á tíundarbær fasteignarhundruð að hálfu leiti, en að helmíngi á lausafè; en að því leiti það er lagt á fasteignina, sè því svarað af leiguliðum, en þeim endurgoldið af landsdrottnum; og til vara, ef að uppástúnga nefndarinnar fær framgáng: að það, sem þá kynni að skorta á fulla borgun kostnaðarins, jafnist niður á fyrrnefndan hátt.

Eg hefi sagt „fyrst um sinn“, því allir vita, að ný skattalög landsins eiga að undirbúast, og eg kannast sjálfur við, hvað sá af mèr tilgreindi mælikvarði gjörir mikinn ójöfnuð, þareð svo mikil fasteign er ómetin til hundraðatals í landinu og ótíunduð til allra, og líka, hve mjög lausafènu er áður í þýngt, en eg sè eigi að svo stöddu annað, sem tiltækilegt sè.

Sýslumaður Kr. Magnusen: Eg verð að mæla í móti uppástúngu nefndarinnar, sem ósanngjarnri, og vil, einsog hinn heiðraði varaforseti, að kostnaðurinn sè lagður bæði á fasteign og á lausafè, en jarðagóz allt þó fyrst metið, og, þartil það er búið, sá hluti kostnaðarins borgaður fyrirfram af jarðabókarsjóðnum, og áskil eg mèr breytíngaratkvæði í þessu efni; en ef uppástúngu nefndarinnar yrði framgeingt, fellst eg einnig á varaatkvæði hins heiðraða varaforseta.

Framsögumaður: Eg verð að játa, að eg átti á eingu síður von, enn að menn mundu standa hèr upp í dag til þess að leggja það til, að jafnmikinn kostnað og af alþíngi leiðir skyldi leggja á lausafèð; eg segi á lausafèð, því þó það sè borið fyrir, að helmíngurinn skuli tekinn af fasteign, þá er enn ekki farið að sýna ofaná, hvernig eður hvort það sè mögulegt að haga því svo, að ekki lendi þó á lausafènu, á sama hátt og nú er um fasteignartíundina; þar mun þó koma að, að vandkvæði verði talin á og tormerki, að kalla inn toll þenna af eigendum. Það mun tekin sú aðferðin, sem allt af hefir þótt hægari og umsvifaminni, að eiga við leiguliðann, en láta hann aptur eiga aðgáng að jarðeiganda; hvar er nú vissan fyrir, að jarðeigandi endurgjaldi leiguliða tollinn, eður líði honum að draga

jafnmikið af gjaldinu? — Eg held það sè hèrumbil næg vissa fyrir hinu, að eigandi vilji ekki einskildings í missa af umsömdu gjaldi fyrir þenna hinn nýja toll, og vilji ekki leiguliði gáng ast undir það, má hann fara frá jörðinni; — nógir bjóðast að henni, þó tollur sá sè auk gjaldsins. En við varaatkvæði hins mikilsvirða varaforseta fellur mèr hinsvegar vel, og fellst eg á það í alla staði, því þó eg viti að svo fari, sem eg nú mælti: að það, sem á vantar, ef hið nýja hundraðsgjald ekki hrökkur til, lendi allt í rauninni á lausafènu, enn þótt helmingur sè á-kveðinn af fasteign, þá gjöri eg mèr í grun, já, er viss um, að það verði aldrei tilfinnanleg álaga á alþýðu.

Kandidat Jón Sigurðsson: Hvað viðvíkur þeirri hlið málsins, sem hinn hattvirti konúngsfulltrúi hefir kallað formhlið þess, það er, hvort jarðabókarsjóðurinn sè rètt nefndur sjóður landsins, eða einúngis grein úr ríkissjóðinum, þá virðist mèr, að úrskurður konúngs 15. Júní 1840, og öll aðferð stjórnarinnar á seinni árum, hafi gefið nefndinni fulla ástæðu til að kalla jarðabókarsjóðinn sjóð landsins. Eg veit vel, að reikníngar þessa lands hafa til skamms tíma verið óaðgreindir frá ríkisreikníngunum, en á seinni árum virðist mèr það vera augljós regla stjórnarinnar að hafa reikning þessa lands sèrílagi, og lýsir það sèr bezt á því, að tekjur landsins og útgjöld eru talin sèr, í því skyni, að hvorutveggja geti að minnsta kosti jafnast, og líklega smámsaman, að land þetta geti lagt nokkuð framyfir, til ríkisins almennu þarfa. Þessi regla virðist og vera í öllu tilliti hin æskilegasta, og munu flestir hèr á landi helzt kjósa að henni yrði fylgt eptirleiðis, svo reikníngurinn yrði á báðar síður svo hreinn og glöggur sem mögulegt er, og enginn ágreiníngur geti orðið og engin tortryggni, því ekki verður því neitað, að alþýða hèr á landi hefir ekki sem mest traust á stjórninni í því, sem viðvíkur meðferð á fjárhag landsins.

Grundvallarregla sú, er nefndin hefir sett, að skoða alþíngiskostnaðinn sem eina grein af föstum útgjöldum landsins, virðist mèr vera rèttilega byggð á því, að hið forna þíngfararkaup hefir ávallt verið goldið, eins um þann tíma sem alþíng var lagt niður, og er goldið enn, sem fast gjald í landsins sjóð. En þareð því er nú varið til annara hluta, gat nefndin samt sem áður ekki vísað á það, og varð þessvegna að finna nýja útvegu, og þareð henni virtist nú ófært að leggja álögur á lausafèð, og ekki gjöranda að leggja það beinlínis á

fasteignina að svo komnu, þá rak þar að, að henni virtist það tiltækilegast í bráð, sem hún hefir nú stúngið uppá.

Nú væri þar næst um að tala, hvort það væri nóg sem nefndin hefir tekið til, og eg held þá, að hún hafi sannað það svo glögglega sem kostur er á: hún hefir byggt áætlun sína á meðaltali 10 ára, og gjörir við 30 dölum minna árlega enn stjórnin sjálf gjörir ráð fyrir í áætlun þessa árs; samt sem áður verður reikníngur hennar 4200 dala árlega, og er það nokkuð meira enn menn almennt ætlast á að þíngkostnaðurinn verði. En þó nú eitthvað vantaði til, sem varla þarf að óttast, þá sýnist mèr ekki að fjárhagur landsins sè svo staddur nú, að af því þurfi að rísa nein vandræði, því eg sè ekki betur, heldur enn að svo standi reikníngar, eptir því sem stjórnin sjálf gjörir grein fyrir, að þegar allt sè talið, sem enn vantar að telja með tekjum landsins, þá standist tekjur og útgjöld hèrumbil á, og hafi Danmörk þar að auki alla verzlun landsins fyrir ekkert.

Í þriðja lagi er á það að líta, hvort álagan sè mjög þúng, eða ósanngjörn, og sýnist mèr, sem hinn virðulegi framsögumaður hafi fært ljós rök til þess, að hún sè hvorugt þetta; hún hefir og það framyfir sèrhvert annað gjald, sem lagt yrði á fasteignina, að henni verður naumlega kastað á leiguliða; þetta játa allir, sem eg hefi heyrt um það tala. Það sýnist að vísu svo, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi sagði, að það væri eins árs tekjur af eigninni, en það er einúngis þegar maður lítur á eignina sem sjóð, er ber leigu, en um þetta fer í reyndinni allt öðruvísi. Meiri ástæða væri til að hugsa, að álaga þessi mínkaði nokkuð verð jarðanna, og legði nokkurt band á kaup jarða og sölur, en eg held ekki að gjald þetta sè svo þúngt, að það gjöri neinn slíkan tálma, eptir því sem á stendur hèr á landi.

Mèr skildist svo, sem hinum háttvirta konúngsfulltrúa þætti ísjárvert að leggja tíundir á hið forna Skálholts góz, sem veitt er tíundarfrelsi; eg felli mig og við þetta, meðan svo er, að eingin almenn breyting verður á skattgjaldslögunum; en eg verð þó að geta þess, að jarðabók yfir þetta góz var tilbúin um leið og það var selt, og þessi jarðabók var lögboðin fyrir jarðirnar eptirleiðis, en hún mat þær töluvert hærra enn hin almenna jarðabók. Samt sem áður hefir ávallt, það eg veit, verið tekið gjald af þessum jörðum samkvæmt enni almennu jarðabók,

sem er lægri, en hinni nýju jarðabók ekki gegnt, og er auðsætt, að viðkomendur hafa haft af þessu töluverðan hag, móti beinum lögum, síðan gózin voru seld.

Breytíngaratkvæði þau, sem fram eru komin, virðist mèr þegar sýnt í áliti nefndarinnar og með orðum hins virðulega framsögumanns, að ekki verði tekin. Eg ætla flestir muni vera samdóma um, að lausafènu sè þegar ofþýngt svo mjög, að ekki megi meira á það leggja, og hvað fasteigninni viðvíkur, þá hefir verið talin orsökin til þess, að ekki hefir þótt ráð að leggja það á hana.

Stephán hreppstjóri Jónsson: Eg verð enn að láta þá meiníngu mína í ljósi, að mèr virðist ógjöranda að leggja á lausafèð það, sem til alþíngiskostnaðar þarf að borga, að meira eða minna leiti, samt mun mèr erfitt að vísa á, hvar hann skuli taka. Það hefir verið greinilega upplýst hèr á þínginu, að æðarvörpin sèu einn með helztu bjargræðisvegum landsins, og gæfu af sèr árlega stóra penínga summu; — mundi þá ógjöranda að leggja á þau það, sem vanta kynni til uppbótar því, sem nefndin hefir stúngið uppá, ef það þá nokkuð verður og uppástúngu nefndarinnar verður framgeingt? — Það er líka vonanda, að vörpin fái, fyrir þíngsins aðgjörðir, mikla endurbót, og verndist fyrir því tjóni, sem þeim hefir verið talið að veiði æðarfuglsins.

Prófastur Halldór Jónsson: Eg hefi líka þókzt verða þeirra annmarka var við uppástúngu nefndarinnar, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi þegar hefir bent þínginu á, og af fleirum hefir verið á vikið. Að vísu mælir mikið með því, að alþíngiskostnaðurinn leggist, einsog nú á stendur, á fasteignina, þar sem bæði kjörgeingi og kosníngarrèttur nú er við hana bundinn og svo litlar álögur á henni hvíla. En af því svo margir geingi þá undan, sem hafa dug, og að líkindum einnig vilja, til að lètta undir þessa landsins byrði, og af því alþíngið er stofnað öllum landsbúum til gagns — verð eg að fallast á uppástúngu hins háttvirta varaforseta, að kostnaðurinn verði lagður bæði á fasteign og lausafè; að eins finnst mèr ráðlegt, að minna verði, eptir tiltölu, lagt á lausafèð, sem svo þúngum álögum er hlaðið, og held eg ekki fjarlægt að leggja helmíngi meira á hvert fasteignarhundrað, enn hvert lausafjárhundrað.

Prófastur Hannes Stephensen: Það mun flestum þíngmönnum með mèr virðast, sem uppástúngur þær, sem nú hafa

verið gjörðar af einstökum þingmönnum, sèu á valtara grundvelli byggðar, enn uppástúnga nefndarinnar, og að þeim eigi því að hrinda. Nú sem stendur er bæði kjörgeingi og kosníngarrèttur bundinn við fasteignina eina; það er því sannjarnt, að kostnaður alþingis sè við fasteignina eina bundinn; þetta er því sannjarnara, sem hún hefir hingað til sloppið, eða að lögvitra manna meiníngu átt að sleppa, frá öllum þýngslum, nema einföldu tíundargjaldi, sem þó, eins og menn vita, hefir lent á leiguliðunum og þessvegna á lausafè þeirra. Fasteignin er sú eina fasta og vissasta eign í landinu; óár þau, sem opt kunna að að koma, breyta lausafjár-hag landsins, svo að á einu ári getur hann fallið til helminga. Nefndin hefir því mælt fram með því, að alþingiskostnaður greiðist allur af fasteigninni, og það á þann hátt, að ekki verði honum með nokkru yfirskyni komið á leiguliðana, og þar til ætlaði nefndin það eina ráð, að greiða skuli hundraðs-skatt af henni við öll eigenda skipti. Allflestir hafa, sem von var, lagt lausafènu liðsyrði, og mælt það undan kostnaði þessum með öllu; ágætlega hefir líka hinn virðulegi þingmaður Skaptfellínga sýnt þínginu mismun þýngsla þeirra, sem legið hafa á lausafènu og fasteigninni fram á þenna dag, og hve miklu betur fasteignin er farin eptirleiðis enn lausafèð, þó hundraðs-skatturinn yrði á lagður. Eg vona því, að öllum þingmönnum hafi skilizt af umræðum þeim, sem áttar hafa verið um þetta mál, að fasteignin ein á að bera þingkostnaðinn, en ef að gjald þetta, móti von og líkindum, ekki skyldi vinnast til að lúka kostnaðinn, væri gott, eptir uppástúngu ens háttvirta varaforseta, að fá það, sem vantar, lagt á lausafèð, þángað til reynslan hefir sannfært um, hve mikið þarf og hve mikið geldst með fasteignar-afgjaldi þessu, og menn þá gætu bætt á það, sem þyrfti.

Eyjólfur hreppstjóri Einarsson: Eg felli mig vel við uppástúngu nefndarinnar í alla staði, og vil vera henni meðmæltur, að öðru leiti enn því, að mèr þykir hundraðsgjaldið ofþúngt þegar svo er ástatt, að úngbarn erfir litla jörð, t. d. minna enn 12 hndr., og vil eg áskilja mèr breytíngaratkvæði í því efni.

Prófastur Halldór Jónsson: Eg get þó ekki ímyndað mèr, að því verði svo mjög að kvíða, að landsdrottnar leggi á leiguliða gjald það, sem í þessu skyni kynni verða lagt á fasteignina — sízt ef lagaboðið með berum orðum bannaði það. Menn gætu þá eins verið hræddir um, að þeir — jafnvel án þvílíks

tilefnis — þraungvuðu landsetum sínum, og held eg yfirhöfuð ómögulegt að koma í veg fyrir þesshättar samníngа. Eg held líka, að aðgángurinn þyrfti ekki að vera að leiguliðunum, heldur gæti verið að eigendunum sjálfum eða umboðsmönnum þeirra, og gætu kjörskrárnar verið til leiðbeiníngar í þessu.

Ásgeir bóndi Einarsson: Eg get ekki fallizt á uppástúngu fulltrúans frá Eyjafjarðarsýslu, því eg held það mundi valda ærið miklum ójöfnuði, ef alþíngiskostnaður væri þannig lagður á; eg held líka, að æðarvarps-hlynnindanna verði gætt, þegar metnar verða fasteignirnar, þar sem ekki er búið að því áður, svo ekki er að óttast, að þau (æðarvarps-hlynnindin) verði laus við allar álögur, þó ekki verði lagður á þau allur alþíngiskostnaðurinn. Þó áminnstur fulltrúi færi það til síns máls, að æðarvarpið hljóti það gott af alþíngi, ef það verði friðað, munu fleiri að líkindum hafa gott af því; mig furðar, honum skyldi ekki heldur verða fyrir að stínga uppá því, að goldið væri til spítala af æðarvarpi, þar hann hefir áður getið þess, að æðarfugla-morðíngjarnir hafi goldið slíkan hlut af veiði sinni.

Kandidat Jón Sigurdsson: Það er ekki lítill annmarki við allar þær uppástúngur, sem komið hafa fram móti nefndinni, að þær hafa ekkert ákveðið, svo maður veit hvorki af hve miklu skuli gjalda, nè hversu mikið gjalda skal. Þetta er þó einkum nauðsynlegt þegar á að leggja gjald á fasteignina, og eg sè ekki betur, enn að slíkar uppástúngur verði ónýtar, þegar þær eru byggðar á svo lausum grundvelli, í stað þess, að nefndin hefir, að minni hyggju, gjört öldúngis fastan reikníng og áreiðanlegan, og sýnt, að álögu þessari verður ekki á neinn hátt haganlegar fyrir komið nú sem stendur. — Ef annars ætti að finna upp nýja skatta, þá get eg líka vísað á einn, og er þar sá kostur við, að þar þarf ekki að lögbjóða þínglestur eða slík umsvif; það er nefskattur; en þareð mèr þykir býsna miklir annmarkar á slíkum skatti, og ekki minni enn mönnum hefir fundizt á frumvarpi nefndarinnar, þá ætla eg ekki að halda honum fram, og sízt að svo komnu.

Konúngsfulltrúi: Eg hugði áðan, þegar eg talaði og minntist á sambandið millum jarðabókarsjóðsins og ríkissjóðsins, að sú spurníng mundi, þar sem um þetta mál var að gjöra, snerta form málsins eingaungu, þareð nefndin hafði tvímælalaust játað, að landið ætti sjálft að standast alþíngiskostnaðinn. Af nokkrum orðum, sem hèr hafa síðan verið töluð, sè

eg samt, að það, sem eg sagði mönnum til skýríngar á sambandi þessu, hefir verið öll þörf á.

Hinn virðulegi þíngmaður fyrir Árnessýslu hefir nefnilega áskilið sèr breytíngaratkvæði, að helmíngur alþíngiskostnaðarins yrði látinn ógreiddur, þángað til búið væri að ráða til lykta skatta-málefninu. En með því móti mundi sá helmíngur að staðaldri lenda á jarðabókarsjóðnum, og getur breytíngaratkvæðið þessvegna ekki staðizt, eptir sambandi því, sem eg hefi bent á að væri millum ríkissjóðsins og jarðabókarsjóðsins. Þeir virðulegu menn, framsögumaður og þíngmaður Ísfirðínga, hafa enn fremur í konúngs-úrskurði frá 1841, er lýtur að því, að fè það, er ríkissjóðurinn geldur sem viðbót til Íslands útgjalda, geti feingist aptur með því, að leggja það gjald á Ísland sjálft, þókzt finna næga ástæðu til að álíta jarðabókarsjóðinn sem landsins sjóð. En sú ályktun er öldúngis ástæðulaus. Þegar Danir nú á seinni tímum fóru nákvæmlega að skoða þjóðreiknínga sína, og gjöra þá öllum svo kunna, að vart mun því líkt í nokkru því landi, sem hefir sama stjórnarform, var við því að búast, að menn yrðu því kunnugri enn áður, að stjórn Íslands útheimti meira gjald úr ríkissjóðnum, heldur enn það, sem aptur bættist honum úr jarðabókarsjóðnum, og það jafnvel þó Ísland legði ekkert fè til almennra útgjalda ríkisins, t. a. m. til stjórnarráðanna, til herliðs-útgjalda, til konúngshallar og fl. Það var þessvegna eðlilegt, að konúngur, þegar þó skattamálefni Íslands þurfti aðgjörða við, tæki það færi er þá gafst, til þess að skora á þá, er hlut áttu að máli og semja áttu frumvarp um endurbót skattamálefnisins, að þeir gættu þá þess um leið, hvernig ríkissjóðurinn gæti feingið það aptur er hann gyldi til Íslands þarfa, án þess að sá væri tilgángurinn, að samband það, er verið hafði millum jarðabókarsjóðsins og ríkissjóðsins, skyldi þarmeð verða slitið. Eg verð að taka það upp aptur, að eg ætla ekki að svo stöddu að skýra nákvæmar frá reiknínga-viðskiptum Danmerkur og Íslands, sem er öldúngis óviðriðið þetta mál, en eg hefi ætlað, að athugasemdir þessar mundu vera nauðsynlegar, einkum með tilliti til þess, er hinn virðulegi þíngmaður fyrir Ísafjarðarsýslu sagði fyrir skemmstu.

Að svo miklu leiti sem þessi hinn sami þíngmaður hefir sagt, að Íslendíngar mundu hafa minna traust á stjórninni hvað fjárhag landsins snertir, heldur enn í öðrum greinum, þá

verð eg enn að geta þess, að skyldi það vantraust nokkurstaðar finnast, þá er það án allrar ástæðu, þareð landsmenn hafa varla í nokkurri annari grein eins gylda ástæðu til að gjalda stjórninni þakkir, eins og einmitt fyrir þá aðferð, sem höfð hefir verið í reikninga-viðskiptum milli Íslands og annara skattlanda Danakonúngs.

Assessor Johnsen: Eg held, að hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hafi misskilið mig, og sömuleiðis hinn mikið heiðraði varaforseti, eptir sem mèr heyrðist á orðum hans. Eg skaut því einúngis til þíngsins yfirvegunar, hvort ekki mundi hlýða, að fara því á flot við Hans Hátign konúnginn, að kostnaðurinn þá fyrst að fullu og öllu, og úr því, yrði endurgoldinn jarðabókarsjóðnum, þegar landið hefir öðlazt ný skattalög, en að helmíngurinn þó þángað til strax yrði endurgoldinn með þeim hætti sem eg tók til, og var það einganveginn mín meiníng, að jarðabókarsjóðurinn stöðugt ætti að bera þann helmíng kostnaðarins, sem ekki strax yrði endurgoldinn. Að öðru leiti verð eg að fallast á þá athugasemd hins heiðraða alþíngismanns Borgfirðínga, að það sè hætt við, að jarðeigendur velti byrðinni uppá leiguliðana, ef kostnaðinum ætti að jafna niður á fasteignirnar, svo að hann þá eins í raun og veru mundi lenda á lausafènu, hversvegna mèr virðist það ísjárvert, sem stendur, að jafna honum að nokkru leiti, eða að helmíngi, niður eptir jarðarhundruðum.

Konúngsfulltrúi: Eg ætla þó, að eg hafi einganveginn misskilið hinn virðulega þíngmann fyrir Árnessýslu, þegar eg tók svo orð hans, sem hann segði, að jarðabókarsjóðurinn, eður ríkissjóðurinn, sem er hið sama, ætti að bera helmíng alþíngiskostnaðarins, þángað til búið væri að ráða til lykta skatta-málefninu, svo að Ísland fyrst eptir þá tíð skyldi sjálft standast kostnað alþíngisins, því svona hygg eg ætíð að hafi verið eðlilegast að skilja orð hans. Að öðru leiti ætla eg, að hinn virðulegi alþíngismaður hafi ránglega tekið orð mín um það, að þessi helmíngur alþíngiskostnaðarins mundi lenda að staðaldri á ríkissjóðinum; því eg vissi gjörla, að breytíngaratkvæði hins virðulega þíngmanns laut ekki að því, að Ísland skyldi að staðaldri, þegar stundir liðu fram, komast hjá því, að greiða hálfan alþíngiskostnaðinn af þínghaldi því, er þá verður, heldur meinti eg að eins, að helmíngur þess kostnaðar, sem alþíng hefir í för með sèr þángað til menn hafa kom-

izt að réttri niðurstöðu í skattamálinu, mundi að staðaldri lenda á ríkissjóðnum.

Assessor Johnsen: Eg má vissulega hafa farið óljósum orðum í þessu máli, en meining mín var sú, að allan kostnaðinn ætti að endurgjalda, bæði þann, sem nú verður og seinna, en þá fyrst hann allan þegar búið er að gefa ný skattalög, og finna skattastofn, sem betur mætti byggja á niðurjöfnun kostnaðarins, en að helmínginum að eins þángað til yrði jafnað niður á lausafèð, og hann þannig fyrst um sinn endurgoldinn jarðabókarsjóðnum.

Ásgeir bóndi Einarsson: Ekki get eg að öllu leiti fallizt á uppástúngu nefndarinnar, fyrir það, er mèr er orðið augljóst um mál þetta, því eg óttast það valdi nokkrum ójöfnuði, ef henni verður framgeingt, einkum ef um stuttan tíma væri að gjöra, því þá kæmust sumar fasteignir öldúngis fríar fyrir þessu gjaldi, en af sumum yrði það, ef til vill, tekið hvað eptir annað. Allt fyrir það er eg fastlega á móti því, að þessum skatti sè bætt á lausafèð að nokkru eða öllu leiti, en sting þar á móti uppá, að borgun til alþíngiskostnaðarins sè fyrst um sinn, meðan ei verða samin skattalögin, lögð á afgjald fasteignarinnar, það að segja af öllum prívateignum, eða þá á hundraðatalið, ef það þætti betur við eiga, og áskil eg mèr breytíngaratkvæði um þetta, því þó svona yrði að farið, held eg ei þyrfti fremur að óttast, að jarðeigendur lètu gjald þetta lenda á landsetum, enn þó farið væri eptir uppástúngu nefndarinnar, því jarðeigendur mundu alltíð muna eptir, að einhverntíma yrði tekið hundraðsgjaldið af fasteign þeirra, þó það kæmi sjaldnar að, enn gjald það, er eg hefi stúngið uppá; held eg því, að uppástúnga nefndarinnar verndi ekki landseta frá áseilni landsdrottna í þessu tilliti, enda sitja landsetar þeir, er byggíngarbrèf hafa, við skilmála þeirra.

Prófastur Hannes Stephensen: Uppástúnga þíngmannsins úr Strandasýslu hefir sömu vandkvæðin og aðrar: hún tryggir ekki lausafèð. Afgjaldið getur illa verið mælikvarðinn, því það breytist, og óvissara er enn skyldi hvort rètt er til þess sagt. Hundraðatal fasteignanna er öllu verst og ósanngjarnast, því það er alkunnugt, að jarðir eru misjafnara metnar til hundraða enn frá megi segja, jafnvel í sömu sveit og hèraði, hvað þá þegar fjórðúngum er saman jafnað. Stendur því nefndaruppástúngan fyrir þetta óhrakin, því hún er láng-vissust.

Ásgeir bóndi Einarsson: Hinn virðulegi fulltrúi Ísfirðínga hefir fundið að því, að einginn nema nefndin hafi fundið neina vissa reglu fyrir því, hvernig gjald þetta skuli taka, eða hvað mikið af hverjum þeim, er gjalda skal. En ef minni uppástúngu yrði framgeingt, ætla eg svo mætti að fara, að landsetar gæfu sýslumanni til vitundar, hver leigumáli væri á ábýlum þeirra yfirhöfuð, yrði síðan að samanbera þetta af öllu landinu, áður enn gjaldinu væri niður jafnað, og mætti geta þessa í aðal-álitsskjali þíngsins, ef uppástúngu minni yrði framgeingt, og aðrir finna ekki betri reglu fyrir þessu.

Eg held, að með aðferð þessari mundi mega fá gjaldið eins fljótt og með uppástúngu nefndarinnar, og er þó sá kostur við uppástúngu mína, að ekki þyrfti að fá uppbót frá öðrum stöðum, einsog nú er óttast, ef fylgt verður uppástúngu nefndarinnar.

Framsögumaður: Það mega þó allir sjá, að heldur eru á reiki uppástúngur enna virðulegu þíngmanna um, hvernig ná skuli endurgjaldi alþíngiskostnaðarins á annan veg enn nefndin hefir stúngið uppá; sumir leggja til, að helmíngur eður tveir þriðjúngar sèu lagðir á fasteign, en hvernig, eða eptir hvaða mælikvarða, þess er enn ógetið; sumir segja, að fara megi eptir dýrleika jarðanna, sumir eptir afgjaldinu, sumir, að ekki sè neitt tekið af fasteign fyrr enn búið er að meta jarðirnar að nýju, en einginn hefir enn kveðið upp neitt ráð við því, að vissa sè fyrir, að ekki verði tollinum af fasteigninni dembt á leiguliðana og lausafèð; og það er ekki von, því það mun vart mögulegt. Má þá ekki gánga að því vakandi, að öllum kostnaðinum lendi á lausafènu? Allt að einu mun þetti mega við hafa þegar til gjaldsins er sagt, og eptir því á að fara upphæð tollsins. Margir hafa óglögg byggíngarbrèf og sumir eingin. Eingin aðferðin verður við höfð fyrr enn stjórnin er búin að leggja á hana samþykki sitt og staðfesta, en henni mun ekki þykja aðgeingilegra að fallast á hinar óglöggu og reikandi uppástúngur, sem hèr hafa verið bornar upp í dag, enn hina vissu uppástúngu nefndarinnar, sem byggð er á rèttum og órækum reikníngum, og því mundi og henni fljótast verða framgeingt. Hverjum skilst það, sem hinn virðulegi þíngmaður úr Strandasýslu síðast mælti, að hundraðsgjaldið geti lent á leiguliðanum?—það gjald, sem einginn getur vitað hvenær að manni kemur. Það

gjald getur þó enginn jarðeigandi látið fremur lenda á leiguliða enn t. d. kaupstaðarskuld sína.

Forseti kvað þá mál þetta nægilega rædt að sinni; því næst lèt hann lesa upp eptirfylgjanda álitsskjal og bænarskrá þingsins til konúngs:

1. Álitsskjal um borgun til kjörstjóra og aðstoðarmanna þeirra.

Yðar konúnglega Hátign hefir látið bera upp á alþingi, og skipað því að segja álit sitt um það mál, hve mikla borgun kjörstjórar og meðhjálparar þeirra eigi að taka fyrir störf sín í þeim erindum.

Þingið lèt 5 manna nefnd íhuga þetta mál til undirbúnings, og ræddi það því næst á tveimur fundum, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að bera upp álit sitt um það, þannig:

Það er þinginu ljóst af því, sem komið er fram við meðferð þessa máls, að hlutaðeigandi kjörstjórar hafa hèr á landi ólíkt og margbreytt álit á því, hversu mikil borgun þeim beri fyrir störf sín, og hver störf þeim eigi að borgast; svo sýnist og um þetta að vera meininga - ágreiningur meðal yfirvaldanna, þar eingin regla ennþá er fyrir skipuð í þessu efni, og það er þessvegna nauðsynlegt, að þessu verði skipað á einn veg yfir allt land. Þegar nú meta á borgun þessa, er þingið samhuga í því, að hana beri að ákveða með hliðsjón bæði af þeim, sem greiða, og þeim, sem taka við henni, þannig, að hinir fyrri verði skaðlausir fyrir kostnað sinn, og þessir eigi borgi meira enn nauðsyn krefur.

Á þessu byggir þingið það, að kjörstjórar og þeirra aðstoðarmenn fái 1 rbds. borgun daglega í fæðispeninga, ef þeir þurfa að ferðast leingra enn 1 mílu vegar, ámeðan þeir gegna störfum, eptir alþingis-tilskipunarinnar 18. og 23. gr., auk sanngjarns ferðakostnaðar. Svo og það, að kjörstjórar og þeirra aðstoðarmenn öðlist sömu borgun fyrir ferð sína til og frá kjörþinginu, að undanteknum þeim aðstoðarmönnum, sem hafa löglegan kosningarrètt, og þannig eiga erindi á þingið hvort sem er. Hinsvegar virðist sanngjarnlegt, að allir kjörstjórnarmeðlimir megi öðlast áðurnefnda fæðispeninga, meðan stendur á sjálfu kjörþinginu. Að kjörstjórar eða sýslumenn fái borgun fyrir fylgdarmann til og frá þinginu, álítur alþing sanngjarnt, en aðstoðarmenn þeirra, er optastnær munu verða öðrum samferða á kjörþingið, einúngis þá, nær þeir eiga yfir mikið torsótta eða hættusama leið að sækja.

Til þess að fyrirbyggja óþarfa-kostnað, meinar þingið, að kjörstjórinn eigi að taka, þegar kostur er á því, sèr til aðstoðarmanna þá menn, sem næst eru búsettir þeim, þó með tilhlýðilegri tilsjón af 16. grein alþingis-tilskipunarinnar. Það virðist og þingsins meira hluta sjálfsagt og sanngjarnt, að kjörstjórar og aðstoðarmenn þeirra í Skaptafells-sýslunum fái, þegar þeir fara í þeim erindum, sem alþingistilsk. 15. og 35. gr. ákveða, 1 rbd. daglega í fæðispeninga, og ferðakostnað sanngjarnan að auki.

Eptirritun kjörskránna meinar þingið að kjörstjórar eigi að leysa af hendi kauplaust, þar þessar skriptir eru í opinberar þarfir, og í sjálfu sèr víðast hvar ekki töluverðar; og loksins þykir þinginu það öldúngis nauðsynlegt, til þess að málefni þessu um allt land verði skipað eptir einni og sömu reglu, að amtmenn nákvæmlega yfirlíti og meti alla reikninga kjörstjórnenda, áður enn þeir eru borgaðir hlutaðeigendum.

Þannig leyfir alþing sèr allraþegnsamlegast að mæla fram með, að málefni þessu verði skipað þannig:

1. samhuga: að allir meðlimir kjörstjórnarinnar fái 1 rbd. daglega í fæðispeninga, ef þeir ferðast yfir leingra veg enn eina mílu, meðan þeir gegna störfum eptir alþingistilskip. 18. og 23. gr., auk ferðakostnaðar.
2. með 16 atkvæðum gegn 8: að þeir meðlimir kjörstjórnarinnar, sem ekki hafa kosningarrètt, fái sömu borgun meðan þeir ferðast til og frá þinginu, en þeir, sem kosningarrètt hafa, einga borgun.
3. með 23 atkvæðum gegn 1: að allir meðlimir kjörstjórnarinnar fái í fæðispeninga 1 rbd. daglega, meðan á kjörþinginu stendur.
4. með sama atkvæðafjölda: að kjörstjóri fái sanngjarna borgun fyrir fylgdarmann til og frá kjörþinginu, en aðstoðarmenn þeirra einga borgun í því skyni, nema þeir eigi að sækja yfir hættulega og torsótta leið.
5. með 22 atkvæðum gegn 2: að kjörstjórar skuli taka sèr aðstoðarmenn af þeim, sem næstir búa, þó svo, að tilskipunarinnar 16. gr. verði fullnægt.
6. með 18 atkvæðum gegn 6: að kjörstjóri og aðstoðarmenn hans í Skaptafellssýslu, þegar þeir fara í þeim erindum, sem alþingistilskip. 15. og 35. gr. ákveða, bæði fái 1 rbd. í fæðispeninga og sanngjarnan ferðakostnað.

7. með 13 atkvæðum gegn 11: að kjörstjórar annist eptirrit kjörskránna kauplaust, og
8. í einu hljóði: að hlutaðeigandi amtmenn yfirskoði nákvæmlega og samþykki alla reiknínga kjörstjórnenda, áður enn þeir sèu borgaðir hlutaðeigendum.

Reykjavík 23. Júlí 1845.

Thorsteinson. Jonassen.

2. Bænarskrá um, að allramildilegast verði gefið nýtt lagaboð um fullkomna friðun æðarfuglsins.

Til alþíngis hafa komið 3 bænarskrár frá Eyjafjarðar, Suður-þíngeyjar og Norður-þíngeyjar sýslum í norður og austur umdæminu, og eru þær þess efnis, að alþíng allraþegnsamlegast vilji beiðast þess, að lýst verði með nýju lagaboði fullri friðhelgi á æðarfugli allstaðar og kríngum allt landið, en að sektir sèu við lagðar, ef hann er af ásettu ráði drepinn. Aðrar 4 bænarskrár, frá enum sömu hèruðum, eru enn fremur bornar fram á þínginu, og eru þær enum fyrrnefndu að öllu gagnstæðar, þar þær lúta að því, að æðarfugl hèreptir megi verða hverjum rètt dræpur á hans eigin lóð.

Þínginu virtist málefni þetta vera lýð og land svo mikils varðanda, að það kjöri 3 menn í nefnd, til að rannsaka það gjörr, hvar eptir það hefir verið ýtarlega rædt á tveim fundum.

Það er þíngsins samhuga meiníng, að brýn nauðsyn beri til, að strax verði stemmdir stigar fyrir því drápi á æðarfugli, er um hríð hefir tíðkað verið í netum, stundum heimuglega, en á seinni tímum ogsvo opinberlega, í Norður-þíngeyjarsýslu, og þaðan hefir útbreiðzt til Eyjafjarðarsýslu. Á fleirum stöðum í báðum þessum sýslum, hvar til sjáfar nær, er æðarfugladrápið nú berlega stundað, svosem næríngarvegur, ef svo lángt er frá eggveri, sem ákveður í Allrahæstum úrskurði 17. Júlí 1816, 2. gr., og er það meðal annars sannað, að 30 búendur í Eyjafirði hafi í vor eð var veidt í netum 1500 æðarfugls, að eigin skýrslu þeirra á manntalsþíngum. Af þessum rökum, og þar æðarfuglinn er spakrar náttúru, gefur dún og fiður, og er brúkanlegur til ætis, ber alþíngið kvíðboga fyrir, að þetta spillvirki muni smámsaman, og máske á fáum árum, færast kríngum allt land — hvar það, að trúverðugra manna sögn, á öðrum enn þeim áðurnefndu stöðum, hèr og hvar nú ogsvo er farið að tíðkast — og að eggverum þeim, sem nú eru,

muni af því búið tjón og eyðileggíng. Að vísu hefir Yðar Hátignar fulltrúi hèr á þínginu, þegar málefni þetta var rædt, gefið því í skyn, að hann í konúngs trausti mundi í sumar skipa hèr í landi nefnd manna, er meðal annars rannsaka eigi almenn veiðilög hèr í landi, og gjöra frumvarp til nýrrar löggjafar um þetta efni. En svo eru þau málefni mörg og stór, er nefnd þessari skulu í hendur feingin, að alþíngi þykir efi á, hvort þau muni verða ráðin til lykta á mörgum árum, og óttast fyrir, að á þeim tíma muni þau spjöll verða á eggverum landsins, er seint muni endurbætast. Þínginu sýnist þessvegna, að en mesta nauðsyn sè til, að koma sem fyrst í veg fyrir spjöllin, og það því meiri sem hèr er meira í húfi, þarsem eggver landsins eru einhver meðal hinna heldri bjargræðisvega þess, og fá árlega verzluninni í hendur ærna peninga-upphæð, án stórvægilegs tilkostnaðar. Það er og margreynt, að óvenjur allar og regluleysi geta tekið bráðum þroska, en aftakast aptur með erfiðleikum. Það er þarhjá alþíngi kunnugt, að á þeim stöðum landsins, hvar farið er að tíðka æðarfugla-drápið berlega, kvarta varpeigendur sáran yfir, að eggver þeirra gángi til þurðar árlega, með sömu umhirðíngu og áður var við höfð, einsog hitt er og einnig víst, að eggverin, sem nú eru, mættu, ef þessi nytsami fugl væri að fullu friðaður, verða tvíslík við það, er þau nú eru, og þó er á ótal stöðum, kríngum allt land, eyjar og hólmar enn ónotuð til eggvers.

Að sönnu skortir það eigi, að löggjafarinn hafi berlega auglýst vilja sinn, til að auka varplönd landsins og friða æðarfuglinn, því sama árið og hann var að öllu friðaður á Færeyjum með allrahæsta konúngsbrèfi 23. Júní 1784, er líka hèr í landi með allrahæstum úrskurði 19. Maí 1784, og aptur með konúngs-úrskurði 22. Júní 1785, heitið verðlaunum fyrir að aukin væru varplöndin eða ný upptekin. Tilskipun 13. Júní 1787, um Íslands höndlun, III. kap. 7. gr., sem og allrahæstur úrskurður 21. Júlí 1808, 3. gr., leggur þar að auki blátt bann á allt dráp á æðarfugli hèr á landi, og allrahæstur úrskurður 17. Júlí 1816 leggur enn fremur bann á öll skot í varplöndunum og í nánd við þau, en opið brèf 1. Marts 1843 skipar fyrir, hvernig sakir, sem þar af rísa, skuli meðhöndlaðar. En sú er ein ákvörðunin í því helzta lagaboði þessu, nefnilega áður-nefndri tilsk. frá 13. Júní 1787, sem stendur því í vegi, að löggjafarans allramildasta vilja, um fulla friðun æðarfuglsins,

ekki hefir framgeingt orðið, sú nefnilega, að þar virðist hverjum leyft að drepa æðarfugl með hverju helzt móti á eigin lóð, ef nábúinn ekki líður skaða við. Við þetta leyfi, og Jónsbókar landsleigubálks 57. kap., styðja þeir sig, er eyðileggja æðarfuglinn, en varpeigendur, þó þeir sjái eggver sín þverra, geta eigi með neinu móti í hverju einstöku tilfelli sannað, að skaði þeirra komi af veiðinni, því það 6 manna álit, er Jónsbók á áðurgreindum stað vill við hafa í slíkum greinum, getur, að hlutarins eðli, ekki gefið neina vissu.

Þegar nú svona er ástatt, sem hèr er á vikið, að rèttaróvissa er á, hvort friðhelgi æðarfuglsins hèr við land sè fullkomin, eða slíkum takmörkum bundin, sem gjörir hana að eingu, en svo mikið er í húfi fyrir landið, að friðhelgi þessa arðsama fugls sè fullkomin og ótakmörkuð allstaðar, og öll bið hefir á allar hliðar það skaðræði í för með sèr, er ekki verður metið: þá hefir alþingið í einu hljóði fallizt á, að það sè landsnauðsyn, strax allraþegnsamlegast að leita Yðar Hátignar úrræða um þetta mál, og er einhuga í, allraþegnsamlegast að beiðast allramildastrar tilskipunar, er einskorði:

1. að enginn á Íslandi megi af ásettu drepa nokkurn æðarfugl, nokkurstaðar, á sjó eður landi, hvorki á eigin lóð nè annarlegri, hvorki með skotum, netum, hundum, nè á nokkurn annan hátt.
2. að sektir fyrir afbrot gegn þessu banni eigi að vera eptir tilskipun 13. Júní 1787, III. kap. 7. gr., og konúngs-úrskurði 17. Júlí 1816, en að bætur fyrir drepinn æðarfugl falli í hlutaðeigandi sveitar sjóð.
3. að sókn um afbrigði þessa máls fari eptir opnu brèfi 1. Marz 1843.

Reykjavík 26. Júlí 1845.

Thorsteinson. Th. Sveinbjörnsson.

Síðan var fundi slitið.

28. Júlí — tuttugasti og fyrsti fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá tuttugasta fundi lesin og samþykkt.

Þá var aptur rædt málið um löggyldingu nokkurra tilskipana, sem út eru komnar fyrir Danmörku á árunum 1839—1844.

Forseti: Eg gjöri ráð fyrir, að umræða um þetta mál verði ekki laung hvað þær tilskipanir snertir, sem nefndin hefir álitið ekki gætu náð hèr lagagyldi, þareð einginn þingmanna, þegar málið var síðast rædt, hreifði nokkrum mótsögnum í því tilliti, en hvað snertir þau 3 lagaboð, sem nefndin hefir mælt fram með að feingju hèr lagagyldi, og hvað opið br. 23. Maí 1840 áhrærir: um áfríunarrètt í sakamálum og breytíngu í vatns og brauðs straffinu, hefir einginn heldur áskilið sèr þar breytíngaratkvæði. En hvað áhrærir eiðsútskýríngunа og þá þýðíngu hennar, sem gjörð er af nefndinni, verð eg að játa, að mèr geðjast hún ekki að öllu leiti, enda virðist mèr miður eiga við, að þingið skipti sèr af þýðíngunni á þessu lagaboði öðrum fremur, og að gjöra einsog ráð fyrir, að stjórnin ekki muni annast um, að þessi þýðíng verði leyst vel af hendi af hennar hálfu, sýnist að hníga að vantrausti á stjórninni, sem ekki er nein ástæða til að hafa.

Varaforseti: Eg get ekki verið þessu samdóma, því einsog alþíngi er ætlað að gjöra breytíngar í frumvörpum stjórnarinnar, þar sem ástæður eru til þess, þannig virðist það sama að eiga sèr hèr stað hvað útskýríng eiðsins snertir.

Prófastur H. G. Thordarsen: Mèr þykir það þó miklu varða, hvort nokkra breytíng má gjöra í eiðsútleggíngunni eða ekki, því þótt hún, eptir því sem eg er sannfærður um, sè einkar vel samin og eigi vel við í Danmörku, þá finnst mèr þó, ef hún er lögð út orðrètt, að hún eigi ekki eins vel við hèr í landi.

Forseti: Mèr virðist nægja að biðja um, að útskýríng eiðsins verði gjörð að tilhlutun stjórnarinnar svo vandlega og með svo ljósum orðum, sem efnið og skilníngur almennings útheimtir.

Varaforseti: Eg verð að mæla fram með því, að þingið láti gjöra þessa þýðíngu. Prófessor Magnusen, sem að stjórnarinnar tilhlutun semur útleggíngu þeirra lagaboða, sem ætluð eru Íslandi, er vegna fjarvistar sinnar farinn að gleyma því daglega máli hèr á landi, og orðinn ókunnugur þjóðaranda vorum og upplýsíngu, en til að geta útlagt þessa útskýríngu eiðsins er þörf á glöggri þekkíngu á hvorutveggja.

Forseti: Þá verður spursmál um, hver semja eigi þessa útleggíngu af þíngmönnum, sem og um það, hvort hún eigi að undirskrifast af þínginu.

Varaforseti: Eiðsútleggingin danska er ekki undirskrifuð af neinum, heldur einúngis tilskipun sú, sem löggyldir eiðsútskýringuna; að öðru leiti álít eg þýðing þessi mundi bezt falin prófasti Thordarsen.

Prófastur H. G. Thordarsen: Mèr finnst eiðsútskýring sú, sem hèr ræðir um, hafa annan blæ, enn eigi við á Íslandi, og sum orðatiltæki óviðfelldin, að því leiti eg þekki til í landi hèr.

Konúngsfulltrúi: Eg lít svo á þetta mál, að hèr verði einúngis að því spurt, hvort alþíng eigi að mæla með eða móti því, að tilsk. 25. Júní 1842, með formi til áminníngar-ræðu þegar eið skal sverja, skuli lögleidd verða á Íslandi eða ekki. Virðist þíngmönnum, að alþýða hèr á landi muni ekki skilja eiðsútskýríngu þessa, enda þótt henni yrði vel snúið, þá ætti að ráða frá því, að tilskipanin verði lögleidd hèr, og skyldi þíngmönnum eigi að síður virðast, að við þyrfti nýtt áminníngarform, þá yrði að gjöra uppástúngu um það, sem betur þætti eiga við.

Skyldi hinsvegar þíngmönnum virðast, að eiðsútskýring þessi ætti við hèr á landi, þá sè eg ekki, að alþíng eigi að fara fram á það í bænarskrá sinni, hvort henni skuli snúið á íslenzku hèr eður í Kaupmannahöfn. Menn gætu þó ímyndað sèr, að sá maður væri til meðal Íslendínga í Kaupmannahöfn, sem gæti leyst það starf eins vel af hendi eins og þeir sem hèr eru, og ef þíngið ekki benti á, hver sá maður væri, sem því þætti bezt til þess kjörinn, þá væri stjórnin í jafnmiklum efa eptir sem áður, hverjum hún ætti að fela það starf á hendur.

Forseti: Fyrst einginn ræðir framar þetta mál, álít eg það nægilega rædt, og vil því láta ganga til atkvæða:

1. Tók forseti fram þær tilskipanir, sem nefndin hafði verið samhuga í að ekki ættu að fá hèr lagagyldi, og bað þíngið segja atkvæði sitt um það, hvort álit nefndarinnar ætti að taka til greina, og urðu allir því samdóma.

2. Leitaði forseti atkvæða um, hvort löggylda ætti opið brèf 23. Maí 1840, áhrærandi áfríun dóma í sakamálum, og opið brèf s. d. um breytíngu í vatns og brauðs straffinu, og urðu 16 atkvæði gegn 8 móti lögleiðslu þessara lagaboða á Íslandi.

3. Opið brèf 25. Júní 1842, um breytíngu á eiðsútskýríngunni, og voru allir þíngmenn á því, að hún ætti að lögleiðast á Íslandi.

4. Leitaði forseti atkvæða um það, hvort þingið vilji, samkvæmt uppástúngu nefndarinnar, mæla fram með þýðingu þessarar útskýríngar á eiðnum, er nefndin hafði gjört, og senda hana, — samþykkt með 21 atkvæði gegn 3.

Að því búnu var aptur rædt, til ályktunar, málið um löggyldíngu Þorlákshafnar, Krossvíkur og Straumfjarðar, sem verzlunarstaða.

Framsögumadur, Assessor Johnsen: Eg ætla, að svo góð gögn og ástæður þegar séu færðar fyrir uppástúngu nefndarinnar í þessu máli, að eg þurfi mjög litlu við að bæta. Eg má, í tilliti til Þorlákshafnar útaf fyrir sig, leyfa mèr að geta þess, áður enn málið geingur til atkvæða, að eg, fám dögum áður enn þíng þetta var sett, meðtók bænarskrána frá kjósendum mínum, ásamt skjölum þeim, er henni fylgja, og rædt er um í þessu máli, án þess að eg í nokkurn máta hafi gefið þeim tilefni til að senda mèr bænarskrána eða skjölin, sem eg heldur ekki vissi af, áður enn þau komu mèr til handa; en eg áleit það sjálfsagt og auðráðið af bænarskránni, að beiðendur ætluðust til, að eg brúkaði þau málinu til styrkíngar, og eg hèlt ekki að eg gæti færzt undan að uppfylla þessa skyldu mína, þegar eg á hinn bóginn varð að vera sannfærður um, að bænarskráin var á góðum rökum byggð og miðaði til gagns og nytsemi fyrir Árnesínga, og ekki að eins fyrir Árnesínga, heldur líka fyrir Rángvellínga og Skaptfellínga, eða á að gizka fyrir 12 eða 13,000 manna, og varð eg að vera á sama máli um bænarskrárnar frá Borgarfjarðar og Mýra sýslum, að því leiti sem þessar sýslur snertir. Mèr kom það enn fremur mjög á óvart, að nokkur þíngmanna skyldi verða máli þessu mótfallinn, því þegar eg fyrst bar það upp hèr á þíngi, þann 4. þ. m., virtust allir vera því meðmæltir, og það svo mjög, að einn hinna heiðruðu þíngmanna áleit það sjálfsagt, að þíngið fèllist á löggyldíngu Þorlákshafnar útaf fyrir sig; enda skildist mèr ekki betur, enn að hinn hæstvirti konúngsfulltrúi þá gæfi von um það, að stjórnin mundi vera tilleiðanleg til að fjölga verzlunarstöðunum. Eptir þessum kríngumstæðum sá eg mèr, þegar komið var í annað horf, ekki annað fært, enn að fylgja málinu fram, sèrílagi með tilliti til Þorlákshafnar, með öllum þeim krapti, er skyldan bauð, og að nota allar þær ástæður fyrir því, sem eg sá að lutu þar að, og lög leyfðu, án manngreinarálits. Enda held eg ekki, að mèr verði gefið það að sök, að

eg hafi geingið út fyrir lagaleyfi í þessu efni; en á hinn bóginn tel eg það sjálfsagt, að eg mundi hafa farið öðrum orðum um einstök atriði þessa máls, ef eg hefði haft nógan umhugsunartíma til að koma þeim öðruvísi fyrir, eða mátt skrifa tölu þá, er eg hèr varð að halda strax í stað í heyranda hljóði, eins og eg nú hefi heyrt hana lesna upp af þingbókinni. En einsog eg þó eigi er mèr annars meðvitandi, enn að hafa mælt hvað satt er og rètt, og eg er sannfærður um, í máli þessu, svo er það lángt frá, að eg með tölu minni hafi ætlazt til, að valda nokkrum þingmanna, eða sèrílagi þeim heiðraða varaforseta, nokkurs kinnroða, og eg vildi ekki hafa komið á þetta þing, til að afla mèr þess ángurs, að hafa meidt nokkurn þingmanna, og sízt hinn heiðraða varaforseta, með orðum mínum, enda vona eg, að bæði hann og aðrir hinir heiðruðu þingmenn sèu þess fullvissir, að þetta einganveginn var ætlun mín, heldur einúngis það, að fylgja málinu fram eptir sannfæríngu minni og því, er eg vissi satt að vera, jafnvel þó kríngumstæðurnar neyddu mig til að hrekja ástæður hans og mótmæli á þann hátt sem orðið er, og ætla eg nú það þegar gjört svo, að eg að sinni eigi þurfi að fara fleirum orðum málinu til styrkíngar.

Varaforseti: Áður eg að lyktum kveð þetta málefni, sem virðist að vera með þeim smærri, en er orðið með þeim markverðari, og hvers saga hèr á þínginu að líkindum verður þjóðkunn, verð eg að leyfa mèr að fara um það fáeinum orðum, því það, sem framsögumaður mælti um það síðast í mínu tilliti, ætla eg ekki að skipta mèr um, en skýt því til þingmanna eigin umdæmis, hvaða verkun orð hans í því tilliti hafi haft á hann, og hvern skilníng hann hafi lagt í þau. Eg verð þá enn að vera á því, að hvorki þær almennu nè þær sèrlegu ástæður fyrir mínu ágreiníngs-atkvæði sèu hraktar af meira hlutanum; eg verð því enn sem fyrri að halda, að það sè hvorki nauðsynlegt, nytsamlegt nè tilráðanda, að stofnsetja kauptún í Þorlákshöfn, Krossvík nè Straumfirði. Og þó nú þeim heiðraða framsögumanni hafi fleytzt yfir ástæður mínar, var það þó eitt skerið, sem hann bar að, og það voru þær djúpsæru og greinilegu gagnástæður þess hæstvirta konúngsfulltrúa; við þær braut framsögumaður skip sitt. Eptir það sá eg hann á flaka einum, en hann hèt: „að allir mættu hafa lausakaup á sjó á áðurnefndum stöðum“. Seinast varð eg var við hann

á litlum fjalarstúf, og það var: „að fastir kaupmenn frá Reykjavík mættu hafa þar lausakaup á sjó“. Nú er allt undir komið hvert báran ber hann, atkvæðin þingmanna. Eg vil óska honum góðrar landtöku! — Eg vil ekki óska honum að reka upp í Þorlákshöfn, því það er svo brimsamt ofanfjalls. Eg vil ekki óska honum á Krossvík, því eg óttast fyrir hann lendi á Þjótnum, sem er blindsker fyrir framan víkina. Helzt vil eg óska honum að ná Straumfirði, því eg heyri sagt að þar sè góð landtaka, og væri þá haganlegast, að skútur þeirra úr Reykjavík mættu sem fyrst hitta hann þar, og flytja hann heimleiðis.

Framsögumaður: Hinn heiðraði varaforseti hefir nú með nokkurskonar málsnild sagt máli þessu þar til leiðar, sem bezt er að hans skapi. En hvort sem spá hans rætist eða ekki, þá er eg þó einganveginn kvíðinn fyrir því, að líða skipbrot við Þorlákshöfn, Krossvík eða Straumfjörð, þó eg fái að leggja þar að landi á móti vilja hans.

Mèr þykir að vísu betra enn ekki, að lausakaupmenn fái að verzla við Þorlákshöfn, en hvort sem leyfi yrði veitt til að setja kauptún við Krossvík og Straumfjörð eða ekki, er eg búinn að færa rök að því áður, að fastakaupmenn í Reykjavík einkis mundu missa í við það, og að þeir heldur mundu færa út enn saman fyrir þá sök. Með tilliti til bændanna verð eg líka að ítreka það, að þeir, og einkum sýslubændurnir fyrir austan fjall, jafnan eru þess fastráðnir, á hvern verzlunarstaðinn þeir fara, áður enn þeir fara lestaferðir að heiman, og að fregnin um vörubirgðirnar á sèrhverjum verzlunarstað þá þegar jafnan er flogin austur um allar sveitir. Að öðru leiti get eg öruggur átt það undir atkvæðum hinna heiðruðu þingmanna, hver endalok mál þetta fær, og munu þeir sízt hafa fundið neitt það í því, er eg hefi mælt fyrir máli þessu, sem villi þeim sjónir á því, hvað satt er og rètt, og að þörfum beiðenda og margra þúsund manna, og læt eg þetta að sinni nægja, sem svar uppá það, er hinn heiðraði varaforseti nú mælti.

Stiptprófastur Árni Helgason: Eg hefi feingið brèf, undirskrifað af 10 kaupmönnum hèr í bænum, og hafa þeir beðið um, að brèf þetta mætti lesast upp á þinginu og verða prentað í þingtíðindunum, og verð eg að mæla fram með bæn hlutaðeigenda, þó brèfið reyndar ekki innihaldi mikið meira enn sagt er um málið í áliti minna hlutans.

Forseti: Ef brèfið ekki inniheldur neinar nýjar uppástúngur, má lesa það upp á þínginu.

Framsögumaður: Eg verð að mæla á móti því, að brèf þetta verði lesið upp nú, þegar málið er komið svo að kalla að lyktum, og eg held það stríði á móti 71. grein í alþingistilskipuninni.

Forseti: Þegar forseti er búinn að leyfa að lesa upp eitthvert skjal á þínginu, er það sjálfsagt, að því ber að hlýða.

Stiptprófastur Árni Helgason: Eg ætla þá að lesa upp þetta brèf, og er það þannig látanda:

„Reykjavíkurbær hefir tilveru sína af verzluninni, og einkum verzluninni með sveitavörur. Fiskiveiðar í og næst í kríngum hana eru mjög litlar, því það sem þaðan er flutt af fiski, er að mestu leiti frá fiskitökubúðum, er Reykjavíkurkaupmenn eiga, og halda með ærnum kostnaði nærlendis, við Keflavík og Hafnarfjörð. Verzlunin við sveitabændur er því aðalkaupstofn Reykjavíkur, en verzlun þessi geingur nú mjög til þurðar, bæði sökum þess, að Eyrarbakka verzlun er betur útbúin að vörubirgðum og svo hins, að farið er að sigla upp Dyrhóla. Feingju nú Mýrasýslu-búar kauptún í Straumfirði, Borgfirðíngar í Krossvík, og Árnesíngar og Ránggvellíngar í Þorlákshöfn, mundi verzlun Reykjavíkur verða að eingu, bærinn eyðileggjast, og verð húsanna fara að því, hve mikið eldsneyti væri í þeim.

Einginn mun geta sagt, að verzlunin í Faxafirði sè um þessar mundir í blóma sínum. Nú sem stendur eru þar nefnilega 5 verzlunarstaðir í auðn: 3 í Reykjavík, 1 í Hafnarfirði og 1 í Keflavík; auk þessa vantar aðra venjulegar vörubirgðir, er þeir ætla sèr að hætta verzlun í haust, og jafnvel verzlanir Altónu og Flensborgar kaupmanna sýnast að draga sig í hlè.

Þess sýnist eigi þörf, að leiða fleiri rök til þess, að útgjört mundi um Reykjavík ef hinum ofannefndu kauptúnum yrði á komið. Öðru máli er þar að gegna, ef spurt verður, hvort það mundi landinu í hag, að Reykjavík viðhèldist, að hennar taumur sè dreginn, eður takmörkun nokkur sè við höfð henni til verndar og trausts á ókomnum tímum.

Oss er það gagnkunnugt, að flokkur manna er til í landi hèr, sem hatar alla kaupstaði yfirhöfuð, en Reykjavík sèrílagi, að flokkur sá æskir eptir smáverzlunum og brennivínssölu í hverri sókn. Vèr vonum samt, að þvílíkar ósk-

ir og meiníngar eigi sèr ekki stað hjá neinum hinna heiðruðu alþíngismanna, en getum þó eigi, þrátt fyrir það að vèr berum hina mestu virðíngu fyrir alþíngi, beðið ályktana þess án óttablendni, því helmíngur alþíngismanna eru sveitabúendur, og helmíngurinn lærðir menn; verzlun og iðnir, sem eingan fulltrúa hafa á alþíngi, er því flestum alþíngismönnum sem annað ókunnugt land; því einsog kaupmaðurinn er ekki fær um að lækna meinsemdir manna, eður uppsegja dóm að lögum, þannig má ei heldur ætla, að vísindamaðurinn eður bóndinn sè svo reyndur, sem þörf er á, í verzlunarmálefnum.

Vèr höldum oss annars færa um, að færa til ástæður, sem bjóða að fækka en ekki fjölga kaupstöðum á Íslandi, og sèrílagi að vernda Reykjavík, en höfuðástæða vor er almenn ósk innbyggendanna epir höndlunarfrelsi.

Eptir sannfæríngu vorri er eingrar nytsemi að vænta af verzlunarfrelsi, ef verzluninni er ekki þokað saman á svo fáa staði sem auðið er, svo að útlendir kaupmenn geti komið að nokkurnveginn nægum markaði. Þessari reglu er fylgt í Finnmörku, þar er Hamarsfesti og Trumbsey eru sigldar upp af útlendum kaupmönnum. En hver er sá, er ekki sèr, að það er rángt, er einn viss flokkur manna hèr í landi fer fram? Hann telur nefnilega ávöxtu landsins töluverða, verzlunina í blóma. Vèr köllum þarámóti ávöxtu landsins mjög litla, þareð hið sanna verð þeirra eigi er yfir 6—700,000 rbd., er jafnast niður á 30 verzlunarstaði. Venjulega hafa aðflutníngar numið hærra verði enn hið útflutta, og mismunur sá, er af þessu flýtur í jafnaðarreikníngum verzlunarmanna, ollir gjaldþrotum þeirra. Orðið töluverður hefir að sönnu marga þýðíngu, en þareð vèr þekkjum verzlun nokkra í Liverpúli, sem verzlar á viku hverri fyrir meiri verðhæð enn allt Ísland árið um kríng, og vèr getum tilgreint lítinn bæ nokkurn — Kosah — þar kaupmaður, að nafni Benaður Mule Set lætur burt fimmfalt við það, sem allt Ísland gefur í verzlunaraurum á sama tíma, og þareð loksins einstöku verzlanir í Björgvin og St. Johns flytja burt meira af fiskivörum enn allt Ísland, þá megum vèr víst kalla verzlun vora mjög litla.

Verzlunarfrelsi getur því aldrei orðið nema nafnið tómt fyrir hverja þá höfn, er eigi getur látið í tè nokkurnveginn nægar vörur. Þarfyrir verður ætíð einokunarverzlun á smá-

höfnum vesturlandsins. Geta menn ímyndað sèr eptirsókn og gott verð á vörum á þeim höfnum, hvar verzlað er fyrir 4—6000 ríkisdala, t. d. á Patreksfirði, Dýrafirði, Önundarfirði? Mundi það ekki betra, að Patreksfjörður og Dýrafjörður væru teknir af, svo eptirsóknin flytti að Bíldudal? eða mætti ekki Flatey eins vel missast, þareð Barðaströnd gæti sótt á Patreksfjörð og Breiðafjarðareyjar á Stykkishólm? Er ekki Hafnarfjörður öldúngis ónauðsynlegur og eykur kostnað, en gjörir ekkert gagn?

Eitt er það atriði, er fyrirmunar lausakaupmönnum að sigla á fleiri hafnir, það, að kauptíð er á öllu landinu um sama leiti, og minkar þá því fremur aðsókn lausakaupmanna að tiltölu, sem tala kauptúnanna fer vaxandi.

Hið núverandi verzlunarástand, að lausakaupmaðurinn kaupir allar vörur að landsfólki, á ekki við verzlun við útlenda. Englendíngar t. d. hafa þörf á ull, en hvorki fiski, lýsi, dún eða tólg. Franskir vilja eigi annað enn dún og penínga, Spánverjar ekkert nema fisk, og svo frv. Á þenna hátt mundi reynslan sýna, að verslunarfrelsið mundi einasta verða innifalið í því, að útlendir gæti átt kaup við kaupmennina, og hvað mundi þá verða úr aðsókninni, er margar hafnir yrði löggyltar, og hver fyrir sig varla gæti fædt einn einstakan kaupmann?

Verzlunarreglur þær, sem fylgt er hvervetna í Norðurálfunni, útilykja íslenzkar vörur frá nær því öllum markaði með afarmiklum tollálögum, og það mun varla auðnast dönsku stjórninni að gjöra breytíng nokkra á því. Þjóðsamníngar fyrirmuna hverri stjórn meðhald við eina þjóð fremur annari, enda vill og sèrhver stjórn vernda flagg sitt og fiskiveiðar, og þorum vèr eigi að vænta neins lèttis á aðflutníngstollinum, þó verzlun Íslands yrði látin öldúngis laus.

Fleiri enn 4 hafnir ættu ekki að verða útlendum opnar, og ættu þær að vorri meiníngu að vera: Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri og Eskifjörður; yrði þá að setja vígi á þessum höfnum, eða stríðsfólk til að vernda líf og eignir borgaranna; allstaðar yrði sóttvarnir að stofna gegn drepsóttum, gulsýki, bólu og svo frv.

En verzlunarfrelsi er eigi það eina sem menn óska. Í alþekktu riti eins af alþíngismönnum er óskað eptir markaði í landinu sjálfu, er seldi vörur þess útlendum; þar er óskað, að linna mætti hinni núverandi fulltrúa-verzlun

(*Faktorisystem*), svo að kaupmenn ættu heimili í landinu og eyddu þar ábata sínum.

Einúngis rángskilin tilhliðrunarsemi í tilsk. 13. Júní 1786 (rètt. 1787) hefir á komið hinu núveranda ástandi. Óbundin lausakaupmannaverzlun hefir ofmikið eptirlæti, og gefur útlendum ólyst á að setja sig niður í Íslandi. Hvernig getur útlendan mann lángað til að byggja hús og taka bólfestu í því landi, hvar allir danskir lausakaupmenn geta átt smáverzlun án alls eptirgjalds eður takmörkunar? Þeir koma og fara sem farfuglar, í stað þess að lögin ættu að gefa þeim tilefni til að taka bólfestu í landinu og eyða þar ágóða þeirra.

Fimm rbdla eptirgjald af hverju lestarrúmi er ekki þjakandi fyrir lausakaupmann, sem hefir smáverzlun, heldur mundi það áorka, að fleiri tækju bólfestu í landinu sem verzlunar-erindsrekar (*Kommissionærer*) eður borgarar, er þetta afgjald væri aftekið, ef lausakaupmenn einúngis eiga verzlun við kaupmennina. Með þessum verzlunar-erindsrekum mundi á nokkrum tugum ára komast á stofn flokkur innlendra kaupmanna, sem sjálfir gætu útvegað sèr vörur sínar, keypt skip o. s. frv.; þá mundi verzlanin verða færandi með tímanum. Aldrei reisir það land rönd, sem á sèr þau lög, er halda innlendum kaupmönnum í vesöld til hagsmuna hinum útlendu, og er þó þetta afleiðíng af löggjöfinnni frá 1786. Landið mun, eptir því sem nú er ástatt, sífelt verða öðrum háð.

Sè það álitið nauðsynlegt, að sigld verði upp framvegis Dyrhólaey, Þorlákshöfn og Straumfjörður (Akranes er öldúngis óþarft að sigla upp), þá ætti það að vera með þeirri takmörkun, að einúngis þeir kaupmenn, sem búa í fríhöfnunum, mættu senda þángað lausakaupmenn, og ættu þessar 4 hafnir að njóta svo mikils frelsis, sem kostur er á. Sá sem verzlun vildi eiga á öðrum löggyltum höfnum landsins, ætti að taka þar bólfestu, og lausakaupin þar einúngis frjáls fyrir kaupmennina í fríhöfnunum, en fyrirmunuð útlendum, og dönskum lausa-kaupmönnum leyfð fyrir 5—10 dala eptirgjald, sem áður er á vikið. Þessu eptirgjaldi ætti að verja til að stofna vöru-mat (*Vrageri*) á fríhöfnunum, því einúngis þegar eiðsvarnir menn skipta vörunum þannig löglega í flokka, geta þær náð sönnu verði sínu með góðri meðferð. Hinn merkta shetlenzka saltfisk borga Spánverjar með 130—140

real. fyrir 100 pund, undir eins og þeir gefa að eins 80—90 *real.* fyrir hinn bezta íslenzka, og þó er það víst, að hinn íslenzki fiskur getur verið fullt eins góður. Íslenzki fiskurinn gæti selzt 100—150,000 dala betur fyrir landsbúa, því kaupmenn borga, sem von er á, eptir því, sem þeir eiga von á að geta selt aptur. Í fyrsta áliti kynni það að sýnast, sem verzlanin þannig mundi draga sig frá fríhöfnunum, er landsbúar mundu fara þángað til kaupa sem ekkert vöru-mat er, en það mundi ekki reynast svo. Vörur frá fríhöfnunum mundu, sökum aðgreiníngar þeirra, borgast betur erlendis enn vörur frá öðrum höfnum, og kaupmenn gætu þá borgað beztu vörurnar töluvert dýrra, og mundu þannig beztu vörur landsins sækja að fríhöfnunum.

Reykjavík í Júlí 1845.

S. Sivertsen. Carl Frantz Siemsen. Th. Johnsen.
M. W. Bjering. N. Ringsted. J. Robb. Ch. Jacobsen.
Marcusson. H. Fischer. H. St. Johnsen.

Því næst mælti flutníngsmaður: Einsog af brèfinu er ljóst, má það ráða, að hlutaðeigendur ætla sèr muni standa óhagur af, ef verzlun yrði leyfð á þeim stöðum, sem hèr ræðir um, og eg er að öllu leiti sömu meiníngar í því efni. Einsog mèr ekki hefir getað skilizt sumt hvað í ástæðum meira hlutans, svosem það, hvernig vöruaflinn fari vaxandi eptir því sem kaupendur fjölgi; en það skilst mèr vel, að þá verði lítið meðal margra; en þetta er, að því er mèr virðist, svo greinilega tekið fram í álitsskjali minna hlutans, að eg þarf ekki að fara hèr um fleirum orðum, en nægir að skýrskota til þessa álitsskjals.

Framsögumaður: Mèr virðist, að nú sè komið útí aðra sálma. Hèr er lesið upp skjal frá verzlunarmönnum í Reykjavík, hvers höfuð-umtalsefni er frjáls verzlun við framandi þjóðir, og er það mál, sem þar að lýtur, enn þá ekki komið til undirbúnings-umræðu hèr á þíngi, enda hefir einginn þíngmanna híngaðtil haft færi á að kynna sèr skjalið, því nú kom það fyrst inn í þíngstofuna, án þess fyrirfram að hafa legið til eptirsjónar í lestrarstofunni. Eg þarf því varla að fara mörgum orðum um það, en þeim heiðruðu þíngmönnum mun, eins og mèr, hafa heyrzt, þegar það nú var lesið upp, að verzlunarmönnum í Reykjavík og nefndinni ber saman um það, að óhætt sè að leyfa öllum lausakaupmönnum að verzla á þeim

umræddu stöðum, og að landsbúum sè hagnaður í því, en fastakaupmönnum lítill skaði, hversvegna það virðist, sem þingið nú eigi þurfi að vera óttaslegið fyrir, að gjöra á hluta hinna föstu verzlúnarmanna með ályktun sinni í þessu máli.

Prófastur H. G. Thordarsen: Brèfið áhrærir eða tilgreinir ekki nema þá kaupmenn, sem hèr í landi eru búfastir, og verzla sem lausakaupmenn á þessum umræddu höfnum.

Helgi hreppstjóri Helgason kvaðst enn sem fyrri verða að mæla fram með löggyldingu kauptúns í Straumfirði, og ánýja þá bæn enn, að atkvæði yrðu greidd um hvern stað útaf fyrir sig.

Framsögumaður: Mèr skildist ekki betur á brèfi því, sem lesið var upp frá verzlunarmönnum í Reykjavík, enn að þeir ætluðust til, að fastir kaupmenn mættu fá leyfi til að verzla í lausakaupum á öllum höfnum eða verzlunarstöðum landsins, og eins á þeim verzlunarstöðunum, sem nú er beðið um að fá löggylta; en þegar svo er, sjá þó allir, að í sama stað kemur niður fyrir sèrhvern verzlunarmann og verzlunarstað, hvort heldur hann keppir við verzlunarmenn þá alla, sem í landinu eru, á þessum verzlunarstöðum, eða við aðra lausakaupmenn frá Danmörku, en um verzlun við framandi þjóðir, aðra enn Norðmenn, er hèr ekki, enn sem komið er, að tala; eg sè þessvegna ekki heldur, hversvegna hinir gömlu verzlunarstaðir hèr í landi eigi skyldu geta staðizt fyrir þá sök, að nýir verða settir, og að allir mættu verzla þar, sem nú mega verzla annarstaðar í landinu.

Kandidat Jón Sigurdsson: Það er fátt í þessu skjali, sem nú var leyft að lesa, er við kemur þessu máli, sem nú er um rædt, heldur miklu framar málinu um verzlunarfrelsi fyrir allt landið; eg ætla því ekki, sízt nú að þessu sinni, að fara mörg am orðum um það. Eg get einúngis þess, að þar sem fundið er að því í brèfinu, að einginn kaupmaður sè hèr á þingiuu, þá er það ekki alþingismönnum að kenna, enda stóð það eingum nær enn Reykjavík, að kjósa kaupmann í þingið. Þar sem sagt er í brèfinu, að lærðir menn muni ekki hafa vit á verzlun, þá held eg þó, að reynslan hafi sýnt til hlýtar víða um veröldina, að bæði kaupmenn og aðrir, í hverri stètt sem eru, hafa lært mart af ritum lærðra manna, sem hefir orðið þeim til mikils leiðarvísis í atvinnuveg þeirra. — Að því leiti sem mál þetta snertir sèrílagi, þá hefir það verið sagt, án þess eg hafi

tekið eptir að því hafi verið mótmælt, að vöruaflinn verði ekki meiri þó kaupstöðum sè fjölgað, heldur standi hann í stað, og verði það að svo miklu leiti verra enn áður, að varan skiptist milli fleiri. En þessi skoðunarmáti getur, að minni ætlun, ekki verið rèttur, því ef svo væri, yrði þar af að leiða, að vöruaflinn yrði alltaf að standa í stað, og þetta er móthverft allri reynslu. Þessu efni er varið á hinn veginn: að kaupendum er ábati í hverju því, sem þeim er lèttir í, bæði þar sem þeim sparast tími og kostnaður, og jafnvel það, að þeir eiga hægra að ná til vörunnar, er þeim ábati. Af þessu leiðir, að vöruaflinn vex hvað af hverju, en stendur einganveginn í stað, ef öllu er vel hagað og enginn tálmi lagður á athafnir manna. Reynslan hefir einnig staðfest þetta hèr á landi, því það er alkunnugt, að stjórnin var yfrið ófús á fyrstu árunum, meðan frjáls verzlan stóð, að veita nokkrum nýjum stöðum verzlunarrèttindi, og gat þetta þó ekki komið verzlun kaupstaðanna á fót, nè vöruafla landsins, en síðan stjórnin fór að verða fúsari á að veita fleiri stöðum frelsi, og greiða fyrir útbreiðslu verzlunarinnar um landið, þá hefir vöruaflinn vaxið töluvert, og miklu meir enn áður. Eptir þeirri reynslu, sem eg hefi orðið var við hèr á landi, hefi eg ekki sèð nema góðar afleiðíngar af því enn, þó verzlunarleyfi hafi verið gefið nýjum stöðum, og eg gef því, eptir sannfæríngu minni, atkvæði mitt fyrir þessum, sem hèr er beðið um.

Prófastur Hannes Stephensen: Eg ætla ekki að tefja tímann með því, að taka fram höfuðatriði þau, er borin eru fram á báðar síður í þessu máli, og það því síður, sem mèr virðist meira komið fram með enn mót í máli þessu. Ríkisstjórnin virðist og, að undanförnu, að hafa verið fremur meðmælt, að kauptúnum í landinu væri fjölgað, og á því byggir maður von um, að ogsvo þessi bæn fái náðuga áheyrn stjórnarinnar. Þíngmenn munu og allir vera sannfærðir um það, að hagur bænda eflist með þessu meir enn óhagur kaupmanna vaxi, og vona eg, að þíngmenn gefi því gaum, að ef þeir leggja hindrun í veg fyrir bænheyrslu í þessu máli, leggja þeir um leið hapt á ena frjálsu kaupverzlun landsins, sem hèr á síðar að ræða um á þínginu, og munu þeir þó flestir hafa haft með sèr að heiman bænarskrár um það málefni, er þeir munu vilja fylgja fram. Af brèfi því frá kaupmönnum Reykjavíkur, sem hèr í dag var leyft að lesa, heyrðum vèr, að þeir að vísu halda

Krossvík óþarfa sem kauptún, en vilja þó gjarnan að hana mætti sigla upp af lausakaupmönnum. Að öðru leiti taka kaupmenn sèr ekki nærri, þó bændur úr Borgarfirði og Mýrasýslu ómaki sig einni eða tveimur þingmannaleiðum leingra enn þörf gjörist. Hvað skipalegu á Krossvík viðvíkur, ætla eg hana bezta af þeim þremur, og ekki þarf að hræðast Þjótinn, sem þinginu var bent til í dag, því öllum stundum er hann þeim, sem sjá vilja, sýnilegur. Á legunni geta skip legið hættulaust alla sumarmánuðina.

Eg er að vísu ekki fastur á, að Akurnesíngar hafi óefanlegan hag af þessari ráðstöfun, en hitt er víst, að sveitamenn hafa hann, og ætíð miklu meiri enn hlutaðeigandi sjáfarbændur.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Það var einmitt að þessu, sem hinn heiðraði þingmaður Borgfirðínga nú mælti, er eg vildi leyfa mèr að leiða athygli allra þingmanna. Mèr virðist, sem hèr sè eigi jafnmikið að ræða um kauptún þessi útaf fyrir sig, sem um hitt, hvað mál þetta, að minni hyggju, stendur í nánu sambandi við annað aðalmálefni, er síðar mun rædt hèr, en það er um frjálsari verzlun; um hana hafa allir Íslendíngar beðið í einum anda, og ef vèr viljum af alhuga styðja það mál, þá byrjar oss og að gjalda varhuga við öllu því, sem getur riðið frjálsari verzlun á slig, en styðja að öllu því, er getur studt hana og eflt. Eg skal nú ekki fara mörgum orðum um það, hvort fækkun kaupstaðanna sè hinn rètti undirbúníngur til eflíngar frjálsri verzlun, en það hygg eg þó nokkurnveginn í augum uppi, og hægt að leiða rök að því, að sè útlend verzlun bundin við svosem 4 eða 5 staði, þá megi svo fara, að vèr sjáum hina útlendu kaupmenn aldrei, eptir fyrsta árið; og færi svo, vil eg spyrja alla, hvort verzlunar-efnum vorum er ekki miklu verr komið enn nú. Frá þessu sjónarmiði lít eg einkum á löggyldíng kauptúnanna, sem nú ræðir um, því eg álít, að með fjölgun kaupstaðanna sè greiddur vegur frjálsri verzlun, auk þess, sem þeir eru landsbúum til mestu hægðar.

Konúngsfulltrúi: Jafnvel þó eg, þegar mál þetta var rædt hið fyrra sinni, hafi nokkurnveginn látið í ljósi álit mitt um það, svo eg að miklu leiti get skýrskotað til þess, þá hafa mönnum þó farizt hèr svo orð í dag, og einkum hinum virðulega framsögumanni, að eg hlýt að gjöra nokkrar frekari athugasemdir. Framsögumaður hefir þannig, til þess að færa sönnur á mál sitt, vitnað til þess, er eg hefi áður sagt, á þá

leið, að stjórnin mundi ekki ófús á að fjölga verzlunarstöðum. Eg man það, að fyrst þegar eg komst þannig að orði, þá var það af því eg var hræddur um, að þingmenn mundu ætla, vegna einnrar almennrar athugasemdar, er á undan var komin, að eg hèldi stjórnina ófúsa á að fjölga kauptúnum; og eg hefi síðan staðfest þessi mín áður nefndu orð með því, að leiða mönnum fyrir sjónir, að stjórnin hefði á seinni tímum löggylt nokkra verzlunarstaði, og að það væri nú ekki eins ísjárvert eins og fyrri, þegar verzlunin hafði ekki náð þeirri festu sem hún hefir nú feingið.

En skildaginn fyrir því, að ný kauptún verði löggylt, hlýtur sjálfsagt að vera sá, að landslagið gjöri það nauðsynlegt eður þarflegt, og að minnsta kosti fært, að eiga verzlun á þeim stað, sem um er að skipta; og þareð eg áður hefi látið þá hyggju mína í ljósi, að þetta eigi sèr ekki stað, að minnsta kosti hvað 2 af þessum stöðum snertir, þá geta þau orð mín, er framsögumaður hefir skýrskotað til, einganveginn haft þá þýðingu, sem hann hefir gefið þeim.

Það er annars eptirtektavert, að allar þessar 3 hafnir, sem um er rædt, eiga hver sinn svaramann, og segir hver um sig sína höfn bezta. Þannig hefir hinn virðulegi þingmaður úr Borgarfjarðarsýslu, eins og vèr heyrðum nú fyrir skemmstu, lofað mjög höfnina á Krossvík og sagt, að bezt mundi hún af þessum þremur; hinn virðulegi þingmaður úr Mýrasýslu hefir haldið mjög fram höfninni í Straumfirði og sagt hana bezta, og mig furðar ekki á því, þó hinn virðulegi framsögumaður, sem bæði er fulltrúi fyrir Árnessýslu og eigandi Þorlákshafnar, kvíði því ekki, að hann muni brjóta skip sitt í Þorlákshöfn. Eg hygg þó, að það sè almennt ætlað, að allar þessar 3 hafnir sèu að tiltölu lakari enn flestar aðrar hafnir, þar sem kaupstaðir eru, og þegar að vísu er að gánga um það, er eg þykist áður hafa sannað, að það mundi í eingu stórvægilegu gjöra verzlun landsmanna hægri, að minnsta kosti ekki þó Þorlákshöfn og Krossvík yrðu gjörð að kauptúnum, heldur á hinn bóginn, að fyrir því mundi mega kvíða, að verzlunin yrði valtari og vörur dýrari í kaupstöðum þeim sem nú eru, þá mun hver og einn láta sèr skiljast, að hafnir þessar og landslagið gefa einga ástæðu til þess að stofna þar nýja verzlunarstaði. Þar sem eg hefi áður sagt, að fyrir því yrði að sjá, að verzlunin í kaupstöðum þeim, sem nú eru, yrði stöðug (*stadig*) og

ódýr, þá hefir hinn virðulegi framsögumaður tekið svo í það, að hann efi ekki, að verzlun í Reykjavík og á Eyrarbakka geti staðizt (*blive bestaaende*), þó löggyltir yrðu verzlunarstaðir þar sem um er rædt. En hèr er stórmikill munur á; því stöðuga kalla eg verzlunina, þegar hún getur, svo árum skiptir, á öllum árstímum haft nægar vörubirgðir, og verð á hlutum er ekki mjög hvikult, en þar á móti getur verzlun staðizt án þess menn geti kallað hana stöðuga. Hinn virðulegi framsögumaður hefir sagt, að það mundi standa á sama, hvort öllum lausakaupmönnum leyfðist að verzla á einni höfn, eður einúngis kaupmönnum úr næstu kaupstöðum. En það er eingan veginn svo. Það er í augum uppi, að þegar kaupmönnum í næstu kaupstöðum er eingaungu gefið þetta leyfi, þá er þeim innan handar að vita, hversu mikla vöru þeir þurfa að flytja að, bæði til kaupstaða þeirra, er þeir eiga heima, og í hina staðina, en það geta þeir eingan veginn vitað þegar öllum er leyft að sigla þángað til hafna. Hinn virðulegi þingmaður Ísfirðínga hefir mælt á þá leið, að vöruafli Íslands væri kominn undir kaupstaða tölunni. Eg vil eingan veginn neita því, að vöruafli landsins aukist við það, þegar verzlunin verður ábatasöm; en ábati verzlunarinnar er ekki eingaungu kominn undir fjölda verzlunarstaða, og eg verð, eins og áður er sagt, að telja efa á því, að verzlunin yrði ábatameiri þó löggylt yrðu kauptún við hafnir þær, er nú hefir verið rædt um. Að öðru leiti hlýtur loptslag og landslag á Íslandi að vera því til fyrirstöðu, að slíkur vöruafli geti aukizt hèr á stuttum tíma.

Framsögumaður: Eg held þó, að eigi fari hjá því, að verzlun geti verið stöðug og eins haganleg landsmönnum fyrir það, á þeim stöðum sem hún var áður, ef hún getur staðizt þar — sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hvort sem er hefir gjört ráð fyrir — þó ný kauptún verði sett, því mèr skilst ekki betur, enn að verzlunin, bæði á hinum nýju stöðum og hinum eldri, hljóti, eins í tilliti til vörubirgðanna sem vöruverðsins, að fara eptir aðsókninni á báða bóga, og hversu lítil sem verzlunin yrði á einhverjum stað, yrði hún þó líklega nóg fyrir þá, sem að sækja, auk þess, að þeir gömlu staðirnir, sem næst liggja, eða sèrílagi Reykjavík, sem liggur svo nærri Krossvík og Straumfirði, einkum munu njóta hagnaðarins af verzluninni þar, og að hún verði öllu fremur til gagns enn skaða fyrir verzlunarmenn Reykjavíkur. Að öðru leiti væri mèr það hægð-

ar leikur, ef eg hèldi þess þörf, að sannfæra hinn hæstvirta konúngsfulltrúa og alþíngið um það, að mèr, sem eiganda hálfrar Þorlákshafnar, er lítill akkur í því, að þar verði sett kauptún, heldur enn eigandanum, sem var árið 1833, en hvort heldur mèr sjálfum yrði nokkur skaði að því eða ábati, get eg þó ekki sannfærzt um annað, enn að hagnaðurinn sè viss á beiðenda hlið, og að það sè að þörfum þeirra og nauðsyn, að þeir biðja, og þegar svo stendur á mundi eg því síður breyta eptir skyldu minni og verða við trausti kjósenda minna á mèr, sem eg tæki meira tillit til eigin hagsmuna minna.

Konúngsfulltrúi: Eg vil ekki vera að telja upp aptur ástæður mínar fyrir því, að fjölgun verzlunarstaða auki ekki ætíð ábata verzlunarinnar; en eitt af því, sem hinn virðulegi framsögumaður hefir sagt, neyðir mig þó til að taka aptur til máls. Honum þykir enn sem fyrr, að afleiðíngar verði hinar sömu, hvort sem öllum lausakaupmönnum verði leyft að verzla á einni höfn, eður einúngis kaupmönnum þeim, sem eiga heima í næstu kaupstöðum. Eg ætla að gjöra þetta ljósara með einu dæmi, og taka til höfn þá, sem honum þykir mest um varða, nefnilega Þorlákshöfn. Ef kaupmenn þeir, sem þar eru næstir, feingju leyfi til að verzla á Þorlákshöfn, mundi það varla verða aðrir enn Vestmannaeyja eður Eyrarbakka kaupmenn. En litlar eru líkur til þess, að kaupmenn í Vestmannaeyjum sendi skip til Þorlákshafnar, þareð þeir færa sèr ekki í nyt leyfi það, sem gefið hefir verið til þess að verzla við Dyrhólaey, og mundi þó sú verzlun ábatameiri enn hin í Þorlákshöfn. Að kaupmaðurinn á Eyrarbakka mundi ekki senda skipsfarm til Þorlákshafnar, liggur í augum uppi. Menn geta því sèð í hendi sèr, að slíkt leyfi mundi ekki koma því til leiðar, að verzlun kæmist á í Þorlákshöfn. Ætli hinum virðulega framsögumanni virðist nú, að afleiðíngin mundi verða hin sama, ef öllum lausakaupmönnum yrði leyft að verzla á Þorlákshöfn? — því væri svo, þá værum við á einu máli um höfnina, og um það, að það sè óþarfi að verzlun sè sett á stofn í Þorlákshöfn. Þar sem framsögumaður hefir leidt út af tali mínu, að honum, sem eiganda Þorlákshafnar, skyldi vera mjög annt um, að hún yrði löggylt sem kaupstaður, þá vil eg geta þess, að eg einúngis hefi sagt, að hann, sem eigandi þeirrar jarðar, segði höfnina góða. Og þareð eg nú á annað borð er farinn að leiðrètta athugasemdir framsögu-

manns um orð mín, vil eg enn geta eins, sem eg annars kostar af vissum ástæðum ógjarnan vildi þurfa að fara frekari orð um um. Eg hafði vikið á það, þegar eg sagði frá inntaki nefndarskjalsins, að í niðurlagi þess væri mótsögn þar, sem talað væri um, hver afleiðing yrði af því fyrir Reykjavík, ef Krossvík yrði löggyldur verzlunarstaður. Þarum sagði framsögumaður, að hefði eg lesið leingra í nefndarskjalinu, þá mundi eg hafa komizt að raun um, að mótsögnin væri eingin í skjalinu. Eg ætla þó, að bæði framsögumaður og hinir virðulegu þingmenn allir hafi ástæðu til að halda, að eg hafi lesið skjalið á enda með nægu athygli. Eg hefi lesið niðurlag nefndarskjalsins optar enn einusinni, og ekki komizt til annarar sannfæringar enn þeirrar, að þar sem talað er um afleiðingarnar fyrir Reykjavík af því, ef Krossvík verði verzlunarstaður, þá sè þar mótsögn í skjalinu, eða að minnsta kosti, að hugmynd in birtist þar í svo óljósum og efasömum orðum, að það sè fremur til að villa sjónir fyrir mönnum enn vísa þeim á rètta leið; en af því eg hygg, að hver, sem les þennan hluta nefndarskjalsins, muni komast að sömu raun, svo ætla eg mèr ekki að fara þar um fleirum orðum.

Framsögumaður: Reynslan hefir sýnt, að það er með öllu óhætt, að eiga það undir landsbúum á einn, og verzlunarmönnum á annan bóginn, hvar verzlunin verður affarabezt. Kaupmenn sjálfir meta bezt hættuna við hafnirnar; þeir leggja þar að sem þeim þykir að þær sèu hæfar til verzlunar, og reynslan sýnir hvort þær eru óhæfar. Dyrhólaey er hèr bezt til sannindamerkis; þar er nú löggylt kauptún, og þó vogar eingínn þángað að fara, svo að eins er sem áður, og sem eigi sè leyft að sigla þángað, og er þá auðsèð, að eingum er bagi að leyfinu, þó leyfið hins vegar sè æskilegt og ómissandi, ef til þess kæmi að það yrði notað; en eingin þeirra hafna, sem hèr ræðir um, verður af nokkrum álitin nærri eins hættusöm og við Dyrhólaey, svo að landsbúum, hvernig sem litið er á þetta mál, þó hlýtur að vera meiri hagnaðar von af löggyldingu þeirra enn Dyrhóla; en það er á verzlunarmanna eigin valdi, hvort von þessi rætist, eða hvort þeir sigla kaupförum á hafnirnar, og gjöri þeir eða vogi þeir það ekki, er samt eingrar hættu eða óhæginda von af löggyldingunni.

Forseti: Með því eingínn þingmanna nú ræðir fremur mál þetta, hlýt eg að álíta, að búið sè að ræða það til lykta; en

þegar nú er geingið til atkvæða, get eg þess, að mèr virðist bezt til fallið, að atkvæði sèu greidd um hvern stað útaf fyrir sig.

Var þá leitað atkvæða um:

1. Hvort löggylda ætti kauptún í Þorlákshöfn? — samþykkt með 13 atkvæðum gegn 11.
2. *a.* Hvort í sama máta ætti að löggylda kauptún í Krossvík á Akranesi? — hrundið með 14 atkvæðum gegn 10.
   b. Á þingið þá að biðja um, að lausakaupmönnum öllum verði leyft að verzla á Krossvík? (vara-atkvæði framsögumanns) — samþykkt með 13 atkvæðum gegn 11.
3. Hvort biðja ætti um að löggylda kauptún í Straumfirði? — samþykkt með 15 atkvæðum gegn 9.

Eptir þessum málalyktum kom breytingar-atkvæði assessor Jonassens, um það, að búföstum kaupmönnum í Reykjavík einsömlum yrði leyft að verzla sem lausakaupmönnum á þeim höfnum, sem hèr ræðir um, ekki til greina, og á sama hátt heldur ekki vara-atkvæði alþingismannsins úr Mýrasýslu.

Að því búnu lèt Forseti taka fyrir málið um breytíngu reglugjörðar 17. Júlí 1782.

Framsögumaður, prófastur Halldór Jónsson: Málefni þetta var rædt svo hið fyrra sinn, að eg held þess vart þörf, að fara nú um það mörgum orðum. Eg hafði stúngið uppá, að líksaungseyrir yrði hækkaður fyrir fullorðna, en legkaup lækkað fyrir alla, og fært ástæður fyrir. Þeirri einni skal eg nú við bæta, eða taka hana greinilegar fram, að eg áleit lækkun legkaupsins varla ísjárverða, meðfram vegna þess, að sjálfseign sú, er kirkja stendur á, er jafnan, sem veð, til vissu fyrir því, að kirkjuna aldrei bresti; en bresti staðakirkjur, er aðgángur að prestinum. En af því tilgángur reglugjörðar þeirrar, sem nú á út að koma, er sá, að bæta kjör prestanna, fremur enn að gjöra þau verri, stakk eg uppá, að hækkaður yrði stundum líksaungseyririnn, því eg sá, að það gat stundum orðið prestum til skaða að lækka legkaupið, nefnilega þegar þeir annaðhvort skilja við kirkjurnar skuldugar, ellegar þurfa að leggja ofaná þær. Þessi vegur, til þess að forða prestinum þessum halla, fannst mèr nú sanngjarnari, enn að láta legkaupið halda sèr, einsog stúngið var uppá af öðrum. Til styrkíngar aðaluppástúngu minni um líksaungseyri fyrir sveitarómaga, skal eg leyfa mèr að geta þess, að það er — ef til

vill — ekki vafalaust, hvort meiníng frumvarpsins ekki sè sú sama, svo að eins til ljósara skilnings þyrfti aptan við orðin: „til hans var kostað“, að bæta: „við útförina“. Að vísu hafði eg jöfnuð og samgirni fyrir augunum, þegar eg stakk uppá breytíng í offurskyldunni, en ekki neita eg hinu, að það fari nær offursins upprunalega tilgángi, nefnilega að láta með því í ljósi virðíng og velvild til prestsins, ef upphæð þess væri látin með öllu óákveðin, þó tiltekið væri minnsta offur, og minnsta eign, er offurskyldan skyldi vera við bundin.

Prófastur H. G. Thordarsen: Áður enn þetta mál er rædt til lykta vil eg með fám orðum fyrirbyggja misskilníng, sem máske hefir orsakazt af orðum mínum, þegar þetta mál var seinast rædt og eg talaði um dagsverk, en mèr fannst nefndin hefði átt um tvær spurníngar að væla, aðra um reglugjörðina og aðra um endurbót á kjörum prestanna. Nú var og er það mín meiníng, að kjör prestanna ekki sèu bætt með því, þó eitthvað sè kákað við reglugjörðina, og eg vissi vel, að dagsverkin ekki voru neitt aukagjald prestsins, sem ætti heima í slíkri reglugjörð, en vildi einúngis, að upphæð dagsverkanna væri með lögum ákveðin, og átti þetta að hníga að endurbót prestakallanna, einkum við sjáfarsíðuna, ásamt því, er eg mælti um kirknasjóði, til staðfestíngar því, er þíngmaður Borgarfjarðarsýslu hafði hafizt máls á.

Umboðsmaður Jón Gudmundsson: Eg verð að játa það, að mèr þykir helzt til mikið vera búið að ræða og rita um frumvarp þetta, mèr hefir alltaf fallið það vel í geð og fundizt skaðlaust í alla staði, að það yrði lögleidt án breytínga. Eg hefi nefnilega aldrei álitið það svo, að kjör prestanna yrði fyrir það bætt að nokkru ráði, heldur að það ákvæði viss gjöld fyrir aukaverk, sem prestum væri viðunandi og bændum ekki þúngbær, og það þótti mèr þarft og vel til fallið. En úr því meiníngar manna hefir svo mjög greint á um þetta, að svo má nú kalla sem komin sèu fram fyrir þíngið 4 ný breytíngar-frumvörp, og að líkindum ræður, að sitt verði tekið úr hverju og gjört að lögum, þá vildi eg einnig geta þeirra breytínga, er mèr þótti helzt þörf, og áskildi mèr hið fyrra sinn atkvæði um. Það var fyrst um skírnartollinn: að mèr þótti vel mega tiltaka hann minnst 2 álnir og kirkju-innleiðslu 1 alin; þetta gjald lendir opt og tíðum árlega á fátækustu mönnum, og verður því eins-

konar skattur, en slíka menn munar allt; ótal fátæklíngar eiga t. d. 10 börn, og munar slíka töluvert, hvort skírnar og inn-leiðslutollurinn er 6 fiskum meiri eður minni, og mundi þykja höfðíngleg gjöf, ef honum gæfist jafn mikið og þetta munar öll árin, eður alls 60 fiska.

Annað breytíngaratkvæði mitt var við 7. grein. Mèr þótti það eiga illa við, að þurfa að rita amtmanni og láta hann skera úr, hver væri öreigi, en þótti heldur ekki það breytíngar-atkvæði allskostar gott, sem einn hinna heiðruðu þíngmanna bar upp, að þann skyldi öreiga meta, sem annaðhvort þægi af sveit, eða ekki gyldi neitt til sveitar. Mèr þykir á því tvö vandkvæði: fyrst, að það er í mörgum sveitum siður, að gjöra öllum þeim búendum nokkurt sveitar-útsvar, sem ekki þiggja af sveit, og jafnvel þó þeir þiggi nokkuð lítið; í öðrum sveit-um *kann* þetta ekki að vera;— getur af þessu leidt, að þeir sèu álitnir öreigar í einni sveitinni, sem ekki verða álitnir það í annari, en eg vildi helzt það væri bundið við eitthvað víst um allt land. Annað vandkvæðið virðist mèr það, að prestum með þessu móti er opt í sjálfsvaldi að skera úr því, hverjir sèu öreigar, er þeir víða hafa mikil afskipti af fátækra-málefnum og ráða miklu um það, hverjum gjörð eru sveitar-útsvör og hvað mikið; en fyrst undir þessu er komið, hvort presturinn á gjaldið, þykir mèr eiga næsta illa við að hann megi ein-skorða það sjálfur. Því vilda eg binda öreiga við eitthvað það, sem væri víst, og gæti gylt um allt land, en það er, að ákveða vissan jöfnuð milli tölu skyldu-ómaga og eignar í föstu eður lausu; jöfnuður þessi er öllum auðsènastur, einsog eg hefi tek-ið hann til í breytíngar-atkvæði mínu, nefnilega 4 : 3, svo að hver sá skuli öreigi talinn, sem hefir 4 skyldu-ómaga og á ekki nema 3 hndr., eður 8 skyldu-ómaga en 6 hndr., eður 12 skyldu-ómaga en 9 hndr. Það vandkvæði hefi eg samt síðar fundið á þessu breytíngaratkvæði mínu, að það á illa við í öllum sjó-plázum, þar ekkert er tíundað, og kemur hitt breytíngaratkvæð-ið miklu betur í slíkum stöðum; því vil eg draga úr mínu og breyta í þessu tilliti, áður til atkvæða kemur, ef það er leyfi-legt, og eg vona að svo sè.

Framsögumaður: Eg verð að aðhyllast breytíngaratkvæði prófasts Thordarsens við 7. grein, viðvíkjandi öreigum, þareð mèr virðist þarmeð sè haft hæfilegt tillit til þeirrar samgirni, sem prestum er ætlandi.

Umboðsmaður R. M. Olsen: Með tilliti til þess, er hèr á þínginu hefir verið talað, bæði á 19. fundi og í dag, um dagsverkin, leyfi eg mèr að geta þess, að mín meiníng er, að þeir, sem vinna af sèr dagsverkið, eigi á einum degi að leysa af hendi meðalmanns verk (t. d. slá hálfa dagsláttu); hèr af flýtur þá líka, að eg álít sanngjarnt og sjálfsagt, að prestur fæði dagsverkamenn þessa, því:

a. þeir 16. sk., sem 8. grein í reglugjörð 17. Júlí 1782 tiltekur í dagsverk, jafngyltu þá og nú því, sem kaupamönnum hefir verið og er almennt goldið á dag um sláttinn, auk fæðis, nefnilega 7 fiskar.

b. Fæða prestar allstaðar þá, sem dagsverkið vinna, og mun það leingi hafa svo til geingið.

c. Eru flestir dagsverkamenn fátæklíngar, og verða eptir tiltölu í rauninni harðara úti í gjöldum sínum, enn þeir, sem í skiptitíund eru, en ekki þurfa að borga skatt.

d. Þegar prestum, í reglugjörðarinnar 15. grein, er gjört að skyldu að fæða fátæklínga, sem þjóna að torfverki kirkna, mætti það líka máske heimfærast uppá dagsverkamenn, að því leiti þeir eru fátæklíngar.

Varaforseti: Breytíngaratkvæði umboðsmanns Jóns Guðmundssonar, áhrærandi borgun fyrir barnaskírn, er óákveðið, og breytíngaratkvæði hans við 7. grein, viðvíkjandi því, hverjir heita skuli öreigar, er bundið sömu vandkvæðum. Eptir því, sem hann hèr segir, getur öreigi átt 10 hundr. í jörðu, en tíundað ekki nema 2 hundr. Það geta og risið mörg spursmál útaf því, hvort ein sveit liggi til sveitar eða við sjó. Eg held mèr því við breytíngaratkvæði prófasts Thordarsens.

Framsögumadur: Eg finn það, einsog þíngmaður Húnavatnssýslu nýlega sagði, sanngjarnt, að prestar fæði dagsverkamenn, enda er það og venja að svo sè gjört, en ekki ætla eg það verði gjört presti að skyldu. Þar nyrðra er dagsverkið metið á 10 fiska í verðlagsskránni, og þá væru 3 fiskar fyrir fæðinu.

Stephán hreppstjóri Jónsson: Það er, síðan mál þetta var seinast rædt, mart komið fram, sem hnígur að byrði fyrir lausafèð, ef til vill, til að mynda það um þíngkostnaðar-borgunina. Eg verð því, samkvæmt breytíngaratkvæði mínu, að vera því öldúngis mótmæltur, að offurskyldan bætist ofaná og hvíli á lausafè.

Prófastur Hannes Stephensen: Um frumvarp þetta er þegar mikið rædt, en, að því er mèr virðist, ekkert, sem verulega bæti það. Ætla eg því bezt að samþykkja frumvarpið einsog það er, þó með þeim viðauka, sem eg í breytíngaratkvæði mínu hafði stúngið uppá við 5. grein, nefnilega: 1. að fyrir úttekt kirkju og staðar taki prófastur sömu borgun sem fyrir skoðun á kirkju, og sanngjarnan ferðakostnað að auki; borgi sinn helming hvor, prestur sá, er frá fer, og hinn, sem við tekur. 2, að fyrir að setja prest inn taki prófastur sömu borgun og ferðakostnað sanngjarnan, ef aukaferð þarf að gjöra; gjaldi helming kirkja enn helming prestur. 3. Að sjóði kirkna allra, þeim er af geingur viðhaldi þeirra, skuli safna, með tilsjón umsjónarmanns, sem þar til verður kjörinn, og setja fè það á vöxtu, og verja ávextinum til uppbótar fátækum brauðum.

Ásgeir bóndi Einarsson: Eg ætlaði mèr ekki að mæla fremur í þessu máli, einkum þar mèr virtist málið taka allt aðra stefnu enn öndverðlega var ætlað til. Eg get þess hèr einúngis, að það mætti virðast undarlegt, ef þíngið nú, þegar það er búið að ræða þetta mál svo innvirðulega, og koma fram með svo margar breytíngar, er horfa til umbóta, aðhyllist frumvarpið óbreytt.

Forseti: Með því einginn ræðir málið framar, hlýt eg að álíta það sè útrædt, og að þíngmenn nú geti geingið til atkvæða; en fyrir greiðslu þeirra verð eg, af sömu ástæðum og fyrri, að biðja hinn mikið heiðraða varaforseta að sjá, en sjálfur vík eg á meðan burt úr þíngsalnum.

Varaforseti settist því næst í forseta sæti og leitaði atkvæða í málinu þannig:

Vill alþíng samþykkja frumvarpið óbreytt, eða með breytíngu? — Það síðara samþykkt í einu hljóði, með 23 atkvæðum.

1. gr. Vill alþíng að 1. grein frumvarpsins standi óbreytt, eða vill það henni sè umbreytt? — Frumvarpið samþykkt með 15 atkvæðum gegn 8.

2. gr. Vill þíngið breyta þessari grein eða ekki? — breytíngar óskað af 13 atkvæðum gegn 10.

a. á hjónavígslu að borga með 12 álnum minnst eða ekki? — neitað með 13 atkvæðum gegn 10.

b. á þá hjónavígslu að borga minnst með 6 álnum af fátækum, en með 12 af efnuðum, eða minnst 6 álnum án allrar flokkaskipunar? — hið síðara samþykkt með 14 atkvæðum gegn 9.

c. á barnskírn að borga eptir frumvarpinu, minnst 4 álnum, eða minnst með 3 álnum, eptir uppástúngu meira hluta og vara-atkvæði minna hluta nefndarinnar? — hið síðara samþykkt með 15 atkvæðum gegn 8.

d. á fermíng að borga minnst 12 álnum, eptir frumvarpinu, eða minnst 6 álnum, eptir uppástúngu nefndarinnar? — frumvarpið samþykkt með 18 atkvæðum gegn 5.

3. gr. *a.* á offurskyldan, samkvæmt frumvarpinu, að hvíla á vissri lausafjár upphæð? — samþykkt af 12 atkvæðum gegn 11.

b. á þessi skylda þá að byrja á 20 hundr., samkvæmt frumvarpinu, eða á 10 hundr., eptir uppástúngu minna hluta nefndarinnar? — frumvarpið samþykkt með 20 atkvæðum gegn 3.

c. á að skipa offurgjaldendum í flokka eptir stètt og standi (frumvarpið), eða einga flokkaskipun að hafa í þessu tilliti, (H. G. Thordarsen)? — hið síðara samþykkt með 20 atkvæðum gegn 3.

d. á offurskyldan einnig að ná yfir hjú og börn, sem eiga þá eign, sem áskilið er, eða á að fylgja um það frumvarpinu: „sem á með sig sjálfur“? — frumvarpið samþykkt með 16 atkvæðum gegn 7.

e. á offur að vera 8 álnir, eptir frumvarpinu, eða 6, eptir breytíngaratkvæði þíngmanns úr Snæfellsnessýslu? — frumvarpið samþykkt með 17 atkvæðum gegn 6.

4. gr. á legkaup að borga eptir frumvarpinu heilt með 12 og hálft með 6 álnum, eða, eins og nefndin hefir stúngið uppá, með 6 og 3 álnum? — hið síðara samþykkt með 17 atkvæðum gegn 6.

5. gr. *a.* á frumvarpsins ákvörðun um kirkjuskoðunar-laun að aðhyllast? — neitað með 18 atkvæðum gegn 5.

b. eiga visítazíulaun að ákveðast í álnatali eða peníngum? — hið fyrra samþykkt með 20 atkvæðum gegn 3.

c. á að greina kirkjur í tilliti til visítazíulauna í höfuðkirkjur og útkirkjur (frumvarpið); eða á árleg viss inntekt kirknanna að ráða í þessu efni (H. G. Thordarsen)? — hið síðara samþykkt með 15 atkvæðum gegn 8.

d. hvort eiga þá heil visítazíulaun að vera 24, hálf 12 álnir, eða 20 og 10 álnir? — hið síðara samþykkt með 18 atkvæðum gegn 5.

e. hvort á sú kirkja, sem árlega leggur upp meira enn 12 rbd., eður meira enn 10 rbd., af inntekt sinni, að borga heil visítazíulaun? — hið fyrra ákveðið með 16 atkvæðum gegn 7.

f. Vill alþingið aðhyllast þann viðauka, sem prófastur Stephensen hefir gjört við enda 5. greinar í frumvarpinu, og svo hljóðar: „fyrir úttekt kirkju og staðar", o. s. frv. (sjá bls. 454)? — hrundið með 18 atkvæðum gegn 5.

7. gr. á breytíngaratkvæði prófasts H. G. Thordarsens að takast til greina eða ekki? — breytíngaratkvæðið samþykkt í einu hljóði.

Vill þíngið mæla fram með því, er minni hluti nefndarinnar hefir farið fram á, að biðja skuli konúng um, að veita prestum á þeim hinum lökustu brauðunum 1000 rbdla. styrk þann eptirleiðis, sem þeir að undanförnu hafa þegið? — því neitað af 18 atkvæðum gegn 5.

Þá voru lesin og samþykkt þessi tvö álitsskjöl þíngsins til konúngs:

1. Álitsskjal um konúnglegt frumvarp (IX) til tilskipunar um fjárforráð ómyndugra á Íslandi.

Yðar konúnglegri Hátign hefir allramildilegast þóknazt að láta bera undir álit alþíngis lagafrumvarp um fjárforráð ómyndugra á Íslandi.

Alþíng skipaði 5 manna nefnd til að íhuga þetta mjög svo áríðanda málefni, og ræddi það þvínæst ýtarlega á tveimur fundum, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að segja upp álit sitt á því, sem fylgir:

Þíngið viðurkennir í einu hljóði, með allraþegnsamlegustu lotníngu, að lagafrumvarp þetta sè harðla nauðsynlegt fyrir landið, þar sem híngað til ekki var nein almenn tilskipan um þetta mikilvæga efni, og rèttindum hinna ómyndugu því ekki gat orðið, nè hefir verið, sýnd sú varatekt af hálfu hins opinbera, sem nauðsyn er á og þeim ber með rèttu. Þíngið hefir því lagt alla stund á, að íhuga þetta lagafrumvarp svo gjör sem orðið gat, svo það orðið gæti sem hagfelldast þörfum og ástandi landsins, en við þessa íhugun hefir alþíng náð þeirri sannfæríngu, að frumvarpið í einstöku greinum muni þurfa nokkurrar breytíngar, ef það á að geta náð Yðar Hátign-

ar allramildasta tilgángi. Þessar breytíngar leyfir alþíng sèr nú allraþegnsamlegast að bera upp á þessa leið:

Við 3. grein. Alþíngi virðist, að þær mörgu skriptir, sem hèr ræðir um í enum síðara hluta greinarinnar, stundum fyrir fárra dala virði, sèu allt of miklar, nær litið er til landsins víðáttu, torsóttu yfirferðar, strjálu byggíngar og skorts á reglulegum póstgaungum, og mundi varla, eptir því sem hèr er ástatt, afreka hlutaðeigendum neitt verulegt gagn, hversvegna þíngið hneigðist að því áliti, að hagfelldara mundi að komast hjá þeim. Að því hnígur breytíng sú, er alþíng leyfir sèr að stínga uppá með 22 atkvæðum gegn 1, að grein þessi, frá orðunum: „ómyndugi er í", orðist þannig:

„Sá eptir áðursögðu lögborni eður skipaði fjárhaldsmaður „ens ómynduga má gjöra hvort er honum virðist hagfelld„ara þeim ómynduga, sjálfur að nálgast arfinn, eða æskja „yfirfjárráðamannsins umsýslunar um arfsins flutníng".

Við 4. grein. Grein þessi sýnist að nokkru leiti að líta til Jónsb. Arfab. XXI. og XXII. kapp., hvar svo er fyrir mælt, að 5 hndr. eða meira fè eigi að vera umboð, og ávaxtast í hag þeim ómynduga, og mátti á þeim tíma svo naumt tiltaka, meðan fjórmenníngur, eða nánari maður að frændsemi, var skyldur að framfæra ættíngja sinn, þó fèlaus væri. Þó hefir greinin gjört þá skipun á um 5 hndr. eða meira fè hins ómynduga, að það aptur skiptast eigi í 2 flokka, 5 hndr. og til 10 hndr., sem að öllum jafnaði ekki megi skerða, og 10 hndr. eða þaryfir, sem ætíð eigi að ávaxtast. Alþíngi þykir nauðsyn bera til, að líta hèr til tveggja höfuðatriða, fyrst þess, að framfærisskylda náúnga á fátækum ættíngja við reglugjörð 8. Jan. 1834, 4. gr., nú er orðin svo mjög takmörkuð, og þar næst, að 20 hndr. minna fè, eptir núveranda ástandi hèr í landi, með eingu móti getur vænzt að gefa meiri arð, enn að nægi fullum ómaga til framfæris, ef hann er skipuðum fjárhaldsmanni á hendi; þarhjá er að líta til þess, að fjárhöld ómyndugra optast eru í höndum bænda, sem sjaldnar eru færir um að semja, svo vel fari, greinilega og þó margbrotna reikníngа fyrir fjárhöldin. Þínginu þykir þessvegna því haganlegra, og í öðru tilliti betur fara, að öll þau fjárhöld, sem eru 20 hndr. minni, komi undir samníng milli yfirfjárráðanda og fjárhaldsmanns, en að reikníngskapur sè gjörður fyrir 20 hndr. eða meira fè hins ómynduga. Alþíngið leyfir sèr því allraþegnsamlegast,

með 17 atkvæðum gegn 6, að stínga uppá því, að stafliðurinn *b.* í þessari grein fellist úr, en að stafliður *c.* verði *b.*, og að bæði í honum og staflið *a.* setjist 20 hndr. þar sem eru 10 hndr. og 5 hndr. Af þessu leiðir þá einnig breytíng á því, sem hèr að lútandi er að finna síðar í 16. gr. og 19. gr. 1., og að orðin: „og má þó eigi — nauðsyn beri til“ mættu niður falla.

Við 5. grein. Grein þessi ákveður:

1. Að fjærskildari eður vandalaus fjárhaldsmaður megi eigi taka fjárgæzlulaun af minna fè hins ómynduga enn 10 hndr.; en alþíng vill, með 21 atkvæði gegn 2, allraþegnsamlegast beiðast þess, að frá: „nema því að eins“ og til næsta púnkts sè orðað á þann veg:

„að fè hins ómynduga, eptir gjörðum samníngi milli yfirfjár-
„ráðamanns og fjárhaldsmanns (4. gr. *a.*) gjöri betur enn
„að vinnast þeim ómynduga til framfæris, eða sè 20 hndr.
„eða þar yfir (4. gr. *b.*) og fjárhaldsmaður þaraðauki ekki
„sè afi, foreldri eða bróðir hins ómynduga“.

Ætlast alþíng til, að skylda nákomins ættíngja, án borgunar að veita frænda síns eigum umsjá, megi þannig ná nokkuð leingra enn greinin hefir til tekið.

2. að fjárhaldsmaður ætíð sè skyldur til að taka til sín landaura-afgáng ens ómynduga, og svara til hans eptir verðlagsskrá þeirri, er gyldir við árslokin. En af því landauraverð er næsta breytilegt ár frá ári, og verðlagsskrá sèrhvers árs er byggð á þess umliðna árs prísum, þá þykir alþíngi það of hart að leggja fjárhaldsmanni þessa skuldbindíngu á herðar, og vill því í einu hljóði allraþegnsamlegast beiðast þess, að eptir orðin: „er í landaurum“, orðist þannig:

„þá skal fjárhaldsmaður gjöra grein fyrir því, eptir verðlags-
„skrá, er gyldir við árslokin; en vilji hann það ekki, sè
„það selt mót peníngum við opinbert uppboð á manntals-
þíngum.“

Alþíng leyfir sèr einnig að geta þess við þessa grein, að eptir orðið: „á vöxtu“ er sleppt úr danska frumritinu „*saasnart*“, og þykir nauðsyn á, að íslenzku orði, er svarar því, sè hèr við bætt.

Við 7. grein. Annar stafliður þessarar greinar skipar fyrir, hverja meðferð hafa skuli á lausafè hins ómynduga. En alþíngi virðist stafliður þessi fjölorður um of og margbrotinn, hvað þó því síður virðist henta, sem hann, eptir sem hèr er

ástatt, optast verður almúgamönnum regla til eptirbreytni. Alþíng vill því allraþegnsamlegast mælast til, með 22 atkvæðum gegn 1, að stafliður þessi orðist að nýju á þenna hátt:

„Lausafè má eigi selja, þegar það er lagt í arf við skipti milli „þess hjónanna, sem leingur lifir, og ómyndugra barna „beggja þeirra og barnabarna, nema það eptirlifanda óski „þess. En ef að eigur hins ómynduga eru ekki seldar úr „búinu, þá setji það hjóna, er leingur lifir, fullkomið veð „fyrir arfinum í búsins föstu og lausu munum, og sè þeim „veðrètti þínglýst. Nú giptir sig móðir þess ómynduga, þá „skal stjúpfaðir gjöra nýja veðsetníngu, er einnig skal þíng„lýsa, ef hann vill að ómagaeyrir standi í búi hans, og yf„irfjárráðandi og fjárhaldsmaður, með ráði nánustu ættíngja „hins ómynduga, álita hann fullveðja skuldunaut. Vilji það „hjóna, er leingur lifir, ekki halda fjármununum hjá sèr ó„seldum, skulu þeir ætíð seldir á uppboðsþíngi, þó eptir „samkomulagi yfirfjárráðanda og fjárhaldsmanns, nema svo „mætti sýnast, að hinn ómyndugi, eptir aldri hans og ásig„komulagi fjárins, gæti sjálfur haft not af meira eða minna „af slíku lausafè. Andvirði þess selda lausafjár meðhöndl„ast sem aðrir peníngar hins ómynduga".

Alþíng óskar einnig úrfelld orðin í stafliðnum *c*: „í jarðabókarsjóðinn", svo málsgreinin bindi í sèr sèrhver þau skuldabrèf, er hinn ómyndugi á.

Við 8. grein. Alþíngi þykir það æskilegt, að sem mest af ómyndugra peníngum komist á vöxtu manna á milli hèr í landi, svo ríkisins sjóð ekki verði í þýngt með þeim, meir enn komið er; en því þykir uggvænt um, að þessum tilgángi geti framgeingt orðið, ef undirbúníngur og aðferð lántökunnar er mjög margbrotin og umsvifamikil og öllum straungustu reglum bundin. Hèr í landi er nefnilega allt einfalt og óbrotið, og lántökur með veðsetníngum sjaldgæfar, svo það mundi fremur fæla frá að æskja láns af ómyndugra fè, meðan það væri annarstaðar að fá, ef ofmikil nákvæmni væri við höfð. Það er sjálfsagt, að þíngið þó ekki vill missa sjónar á fullkomnum óhultleika á eigum hinna ómyndugu. En af þessum ástæðum er það, að alþíng leyfir sèr, með 20 atkvæðum gegn 3, allraþegnsamlegast að beiðast þess: að frá orðunum: „af því verði" í upphafi greinarinnar, til: „eið af þeim" (*inclus.*) orðist þannig: „er jörðin er metin til við virðíngu, og skal hún ætíð gjörð af

„tveimur af sýslumanni tilnefndum og í eið teknum óvil-
„höllum mönnum, ef fjárhaldsmaður óskar þess, vegna ó-
„kunnugleika þess framboðna veðs, vill og sjálfur ekki á-
„byrgjast fullgyldi þess. Sýslumaður skal ekki kaup hafa,
„þó hann nefni til virðingarmenn og taki eið af þeim".

Það er einnig af líkum rökum, að alþíng, með 18 atkvæðum gegn 5, allraþegnsamlegast mælist til, að frá orðunum: „hversu virt er", síðarla í greininni, orðist þannig:

„þá synji þeir lánsins með öllu. En ef sá, er láns æskir, er
„ekki ánægður með virðínguna, þó fjárhaldsmaður sè það,
„þá má hinn óska, að jörðin virðist að nýju af 4 tilnefnd-
„um óvilhöllum mönnum, er einnig sèu í eið teknir, og
„borgar hann þá hvorutveggju virðínguna, samkvæmt reglu-
„gjörð 10. Sept. 1830, 67. gr", o. s. frv.

Við 9. grein. Af ástæðum, sem að nokkru leiti allraþegnsamlegast er getið við 3. gr., beiðist alþíng, með 20 atkvæðum gegn 3, þess, að eptir orðin: „veðskuldabrèf við" orðist þannig: „svo lagað, sem yfirfjárráðandi segir fyrir. Nú hefir", o. s. frv.

Af líkum rökum beiðist alþíng þess allraþegnsamlegast, að þar sem „amtmaður" er nefndur í þessari grein megi setjast „yfirfjárráðandi", og ber það einnig til þess, að yfirfjárráðandi, en ekki amtmaður, er ansvari bundinn um meðferð á ómyndugra fè (18. gr.).

Við 10. grein. Til enn meiri vissu og óhultleika fyrir lántakanda beiðist alþíng þess allraþegnsamlegast, með 21 atkvæði gegn 2, að eptir orðin upphaflega í greininni: „er eigi greidd" orðist á þann veg:

„í rèttan gjalddaga, samkvæmt 13. gr., og ma þá bjóða veðið
„upp án dóms og laga. Komi því ei lögleiga fram, áður
„Júnímánuði er lokið, má að honum liðnum birta uppboð-
„ið, svosem venja er til", o. s. frv.

Af sömu ástæðum æskir alþíng allraþegnsamlegast, með 20 atkvæðum gegn 3, að bætt sè við enda greinarinnar þessum orðum:

„fáist meira fyrir veðeignina, hverfur það, sem fram yfir
„hefir, til jarðareiganda".

Við 13. gr. Eptir sem ástatt er hèr í landi, er ei ætíð fyrir því ráð að gjöra, að lántakandi geti sèð um það, að kvittað sè á veðskuldabrèfið, þó lögleiga komi fram í rèttan gjalddaga, en lántakanda getur verið það miklu varðanda, að svo sè gjört.

Alþíng beiðist því allraþegnsamlegast, með 19 atkvæðum gegn 4, að eptir orðin: „goldið hefir verið“ bætist inní:

„og skal þess þar einnig getið, að kvittað sè á sjálft veð-
„skuldabrèfið. Lúkníngu“ o. s. frv.

Við 14. grein. Alþíng heldur, að upphaf greinar þessarar í íslenzkunni geti gefið tilefni til þeirrar meiníngar, að uppsögn innstæðans megi rèttilega ske 11. dag Júnímánaðar, og að eindagi skuldarinnar komi eigi fyrri enn hálfu missiri seinna, hvað þó ekki er meiníngin. Alþíng æskir því allraþegnsamlegast í einu hljóði, að upphafið orðist þannig:

„innstæða (höfuðstól) skal jafnan segja upp með hálfs miss-
„eris fyrirvara til lúkníngar á gjalddaga hins 11. dags Júní-
„mánaðar, ef eigi nemur“ o. s. frv.

Alþíng fær eigi sèð nægа ástæðu fyrir, að fjárhaldsmanni í enda greinarinnar er eigi mæltur sami fyrirvari sem skuldunaut í upphafi hennar, þareð þó fjárhaldsmanni að líkindum má veita því óhægra að koma innstæðanum sem fyrst á vöxtu, þeim ómynduga í hag, sem innstæðinn er stærri, sem upp er sagt; það beiðist því allraþegnsamlegast í einu hljóði, að endalok greinarinnar orðist þannig:

„skuldunautur á jafnan rètt til að segja upp innstæðanum
„til lúkníngar á þeim gjalddaga, sem áður er nefndur, og
„skal hann veita fjárhaldsmanni sama fyrirvara og skuldu-
„naut er veittur í upphafi greinarinnar“.

Við 15. grein Orðið „að lokum“ í upphafi greinarinnar leyfir alþíng sèr allraþegnsamlegast, með 21 atkvæði gegn 2, að óska að megi, sem óþarft, úrfellast.

Við 16. grein. Alþíng hefir áður, við 4. gr., allraþegnsamlegast leyft sèr að geta um þær ástæður, sem eru til, að orðin: „eða c“ eigi hèr að úrfellast, og við 3. gr. er þess getið, sem fyrir því mæli, að orðin í þessari grein: „eða ef fjárhaldsmaður — nýja yfirfjárráðamanns“ breytist nokkuð til. Alþíng leyfir sèr því enn fremur allraþegnsamlegast, með 19 atkvæðum gegn 4, að beiðast þess, að nefnd orð þannig breytist:

„flytji fjárhaldsmaður og hinn ómyndugi í annað amt, skal
„sá yfirfjárráðandi, er við tekur, skýra amtmanni sínum frá
„viðtökunni. Báðir yfirfjárráðendur“ o. s. frv.

Við 17. grein. Af því alþíngi virðist, sem of auðveldar gjafsóknir aukið geti almenníngi mikin kostnað, og heldur mætti vera ástæða til að þraungva þeim enn rýmka þær, vill

alþíng í einu hljóði æskja þess allraþegnsamlegast, að eptir orðið: „málsástæður“ sé hèr inní bætt: „og efna ásigkomulag hans“.

Við 19. grein. Alþíngi virðist, með 22 atkvæðum gegn 1, það auðsætt, þegar litið er til tilskipunar 30. Apr. 1824, 3. gr., að hèr, í staðinn fyrir „18 vetra“, eigi að vera „16 vetra“. Ef að það, sem alþíng hefir leyft sèr allraþegnsamlegast að frambera við 4. og 8. gr., nær Yðar Hátignar allramildustu staðfestíngu, þá verður einnig nauðsyn á í þessari grein undir töluliðnum 1 að úr fella: „og *b*“, „5 hundr. eða“ og: „eptir því í hverjum liðnum er“, en breytast verða þá 10 hundr. í 20 hundr. — Í töluliðnum 2 hlýtur þá líka eptir orðið: „veðeigninni“ að viðbætast: „hvar slíkar skal við hafa eptir 8. gr.“

Við 20. grein. Alþíngi virðist, sem málsgreinin: „ef þeir hafa — gott og gylt“ sè óþörf, og að nægja muni, ef bent er til 10. gr., hvar allt er nákvæmlega ákveðið, er hèr að lýtur. Það æskir því allraþegnsamlegast í einu hljóði, að eptir: „er hlut eiga að máli“ bætist við: „samkvæmt 10. gr.“, en með 20 atkvæðum gegn 3, að fyrstnefnd málsgrein fellist úr. Það er líka allraþegnsamlegust ósk alþíngis, að fyrir orðin í enda greinarinnar: „hvort nokkur brögð hafa þótt vera að ólestri“, setjist: „hvort nokkurs sèrílagi hafi þótt áfátt“, o. s. frv.

Alþíng finnur sèr það skylt, eptir mætti að bæta lagamál landsins, þannig, að það að nokkru leiti nálægist hið eldra lagaorðfæri, en sè þó auðskilið. Þíngið mælist þessvegna allraþegnsamlegast til, með 19 atkvæðum gegn 4, að fáein orð mættu breytast í frumvarpsins íslenzku útleggíng, áður það verður allramildilegast gefið landinu sem lög. Þessi orð eru:

í 2. gr. „borinn“, ætti að vera: „lögborinn eða ættborinn“.

í 3. gr. „meðkenníng“, ætti að vera „kvittan“, einsog í 13. gr.

í 6., 15., 19., 20. gr. „dómur“, „að leggja dóm á“, ætti að vera: „úrskurður“, „að leggja úrskurð á“.

í 9. og 12. gr. ætti orðið: „lánnautur“ heldur að vera: „skuldunautur.“

í 14. gr. verða orðin: „en ef skuldunautur á einga sök á“, að breytast í: „en ef skuldunaut er það ekki að kenna“.

í 14. gr. mætti „hallokalaust„ breytast þannig: „hinum ómynduga að skaðlausu“.

í 20. gr. mætti, í staðinn fyrir orðið „hængur“, koma: „en nú eru eingin slík vandkvæði á“.

Alþíng leyfir sèr að lyktum allraþegnsamlegast að geta þess, að nái framanskrifaðar breytíngar Yðar Hátignar allramildustu staðfestíngu, þurfa reiknings-fyrirmyndirnar þar af leiðandi breytínga við.

Að svo sögðu máli leyfir alþíng sèr allraþegnsamlegast að beiðast þess:

að það umrædda frumvarp með áðurgreindum breytíngum megi allramildilegast öðlast laga gyldi.

Reykjavík 28. Júlí 1845.

Thorsteinson. Th. Sveinbjörnsson.

2. Álitsskjal um konúnglegt frumvarp (I) til tilskipunar um hefð og fyrníngu rèttinda á Íslandi.

Yðar konúngleg Hátign hefir allramildilegast látið bera upp fyrir alþíng frumvarp til tilskipunar um hefð og fyrníngu rèttinda á Íslandi, hvarmeð ákvarðanir Jónsbókar, sèrílagi í landslb. 26. kap. og kaupab. 8. kap. um hefð og fyrníngu rèttinda skyldu vera afmáðar með öllu, og hèðan af í þessari grein farið eptir því, sem fyrir er mælt í DL. 5—5 (NL. 5—5—3 og þeim, er næst eru á eptir) og í DL. 5—14—4 (NL. 5—13—2), og skyldu þarhjá reglur þær, er lagaboð þau setja, er þegar voru nefnd, einnig gylda um hefð og fyrníngu á eignum kirkna og ítaka þeirra, þrátt fyrir það, sem fyrir er mælt í erindisbrèfi biskupanna á Íslandi 1. Júlí 1746.

Til að íhuga málefni þetta var 5 manna nefnd kosin, og var það síðan rædt á tveim aðalfundum.

Meiri hluti þíngmanna varð á því, að hin dönsku hefðarlög mundu ekki eiga vel við á Íslandi, og ekki geta orðið meðal til að tryggja eignarrèttinn, eins og tilgángur þeirra þó væri — allrasízt rètt til brúkunar og ítaka. Meira hlutans ástæður fyrir sínu máli eru þessar:

Eignir og ítök liggja svo strjált og lángt frá eigendunum opt og einatt; löndin eru ummálsmikil og landamerki óglögg og ógreinileg, svo margopt má takast að sanna óátalda 20 ára brúkun annari jörðinni til ábata, en hinni til skaða, meðfram vegna þess, að bágt mundi verða að innræta þjóðinni þá sannfæríngu, sem væri svo gagnstæð áliti hennar nú, að lögmæt eignarskjöl 20 ára gömul mættu til að rýma úr sæti fyrir jafngamalli óátalinni brúkun, sem vera mætti að leynileg hefði verið og með einhverjum brögðum framin, þó ekki væri hægt

að sanna það. Ennfremur má geta þess, að eignum og ítökum opt er svoleiðis háttað, að aðrir eiga hægt með að nota þau, án þess eigandi eða umráðamaður viti nokkuð af, t. a. m. þegar þau liggja í afsíðis dölum eða á fjöllum uppi, og að margar kríngumstæður geta um 20 ára tíma hamlað hlutaðeigendum frá að nota þau, og geta þeir með þessu móti mist þau, þareð þeim, ef til vill, er ómögulegt að leigja þau öðrum.

Meira hlutanum virðist og, að frumvarpið sé þannig orðað, að það vísi einúngis til dönsku laga, án þess að greinir þær, sem lögleiða skal, séu bornar upp á þínginu eður settar í sjálft frumvarpið, og leiðir það menn í efa um, hvort ætlazt sé til, að einar þessar greinir verði lögleiddar, eður allar þær greinir í dönskum lögum, sem um hefð tala, og þessar styðjast við.

Þess má líka geta, að ef hin danska hefð fær lagagyldi hèr á landi nú, móti þjóðarinnar vilja, þá er það band á komið, sem ekki mun verða svo hægt að leysa seinna, svo vel fari, hvað illa sem mönnum fellur við það, og hvað mikin skaða sem það stofnar, og virðist betra að gefa þjóðinni ráðrúm til að hugleiða þetta efni nákvæmar.

Meiri hlutinn þykist heldur ekki vita til, að ákvarðanir Jónsbókar hafi ollað neinum ágreiníngi eða misskilníngi, fyrr enn á síðustu tímum, eptir að íslenzkir lögfræðíngar hafa tekið að meta minna hin íslenzku lög, og laga skilníng sinn á þeim eptir grundvallarreglum hinna dönsku laga.

Loksins tekur meiri hlutinn það fram, að ef dönsku hefðarlögin eiga að verða að lögum á Íslandi, mun þetta verða tilefni til þeirra málaferla, sem ekki verður hægt að sjá fyrir endann á, og munu valda ærnum kostnaði.

Það þykir einnig ósanngjarnt og óráðlegt, að svipta kirkjur þeim einkarètti (100 ára hefðinni), sem þeim að lögum hefir borið síðan 1746, og það því heldur, sem kirkjugózin eru þjóðeign, sem andlegu stèttinni eru ætluð til uppheldis, og ef þessi höfuðstóll rýrnar, ræki að lokunum að þjóðinni, sem nú er í stökum vandræðum að sjá prestunum fyrir sæmilegu uppheldi. Kirkjurnar þurfa líka laganna sèrlegu verndar við, fremur enn sjálfseignarmenn, því opt verða skipti um umsjónarmenn þeirra — sem þær þar á ofan ekki geta valið sjálfar — en þeir eru, meðfram efnahags og annara kríngumstæða vegna, ekki allir jafn hæfir til að vernda rèttindi þeirra.

Hinsvegar varð minni hluti þingmanna á því, að mæla ætti fram með, að frumvarpið, einsog það af hálfu Yðar Hátignar er borið upp fyrir þinginu, yrði löggylt, og þykir minna hlutanum, að með því sè því heldur mælanda, sem eignir og ítök hèr í landi eru mjög strjál og ummálsmikil, og landamerki óglögg og ógreinileg, en eignarskjöl bæði eru mjög ófullkomin og ógreinileg í þessum efnum, og þeim líka sjaldnast hefir verið þýnglýst, svoað eignarrèttindin að miklu leiti verða að vera komin undir brúkun þeirra um lángan tíma, af þeim, sem hlut eiga að máli; enda þykir minna hluta þingmanna það mjög svo mæla fram með hefðarlögum Dana hèr í landi, að það virðist, sem Íslendíngar hafi mátt verða þess áskynja, að eigi yrði komizt hjá, að taka tillit til þeirra almennu hefðarlaga Dana, síðan erindisbrèf biskupanna 1. Júlí 1746. 16. grein birtist hèr, og, kirkjum einúngis til verndar, var innleiddur óvenjulegur (100 ára) hefðartími, svo og, að dómar mjög leingi, og einkum á seinni tímum við landsyfirrètinn, hafa geingið, sem eru byggðir á anda þeirra, í eignarþrætum, og að það því eigi muni vera svo torvelt, sem orð er á gjört, að innræta landsmönnum sannfæríngu um, að 20 ára hefð sè þeim, ef eigi nauðsynleg, svo þó nytsamleg, til sönnunar og verndar eignarrèttindum, þareð margir muun vera komnir að raun um þá rèttarvenju, sem orðin er í þessari grein.

Með tilliti til ítaka þeirra, hverra brúkun er leynileg, og fer fram án vitundar ítakseiganda eða umráðamanns, þykir minna hlutanum það, eptir grundvallarreglum hefðarlaganna, sjálfsagt, að þau að eins geta átt við þau ítökin, sem eigi eru eða verða svo brúkuð, að eigandi eða umráðamaður ekki fái að yita af, eða þá bera þess einhverjar menjar, að þeirra sè neytt af öðrum útífrá. En þó eigandi eða umráðamaður eigi noti og gæti svo rèttinða sinna, sem ætlanda er sèrhverjum þeim, sem ekki vanrækir eignarrèttindi sín, hvort heldur hann sjálfur getur haft þau að brúkun, eða undir umsjón, eður og annar hans vegna brúkar þau og varðveitir, hljóta hefðarlögin eingu að síður að eiga við, eigi hinn að njóta verndar laganna, sem ítökin hefir í hefðarhaldi, og nýtur þeirra á þann veg, að hann eigi veit betur enn hann sè vel að þvílíkum rèttindum kominn; enda má það virðast svo, að 20 ára hefðartími eigi síður sè þeim til gagns og nota, sem hirðuminni eru um eignir þeirra, enn aðrir yfirhöfuð, er þeir þá, með enn meiri árverkni og í

tíma, mundu gæta rèttinda sinna, og óvissan um eignarrètt hvers eins, með þeim hætti rèna, og þrætur um eignarrèttindi fækka.

Með tilliti til kirkna og þjóðareigna virðist minna hluta þingmanna, að eigi beri að gjöra neinn greinarmun, ef jöfnuður á að vera, og að þeir, sem hafa haft eignarrèttindi nokkur, þau er kirkjur telja til, í eins langri hefðarhaldi og almennt þyrfti til að vinna hefð, eigi eiga að bera lægri hlutann fyrir þá sök, að kirkjur eiga í hlut; enda eru kirkna og annara stiptana eignir, eins eignir útaf fyrir sig og privat-eignir, og yrði það undan þeim að ganga, en einganveginn andan landsbúum yfirhöfuð, sem undan þeim geingi, og njóta þær, ef til vill, jafnvel meiri verndar enn aðrar eignir, þarsem umsjónarmönnum kirkna er gjört það að skyldu, að sjá um þær og gæta þeirra vel og vandlega, og prófastar og loksins stiptsyfirvöld og biskup eiga að sjá um, að prestar gæti skyldu þeirra í þessu efni, hversvegna það því fremur er ætlanda, að þeirrar ákvörðunar, sem er í 16. grein erindisbrèfs biskupanna 1. Júlí 1746, eigi þurfi með, sem kirkjur líka njóta þess einkarèttar, að fá gjafsókn í málum um eignarrèttindi þeirra, auk þess að ákvörðunin útaf fyrir sig getur verið misskilningi undirorpin.

Þarhjá færir minni hlutinn það til síns máls, að rèttarástandið í landinu enda kynni að verða enn óvissara og hvikulla, eptir að þjóðinni verða þessar ágreinandi meiningar þingmanna kunnar, enn áður.

Eptir að þingið þannig hefir vikið á þau helztu atriði og ástæður, sem færðar hafa verið með og móti í þessu máli, leyfir það sèr allraþegnsamlegast

með 16 atkvæðum móti 8

að ráða frá, að það umrædda frumvarp til tilskipunar um hefð og fyrníngu rèttinda á Íslandi, fái lagagyldi.

Reykjavík 26. Júlí 1845.

Thorsteinson. J. Johnsen.

Síðan var fundi slitið.

29. Júlí — tuttugasti og annar fundur.

Allir á fundi nema forseti, er ekki gat sótt fund, og hafði falið varaforseta að gegna störfum sínum á þingi.

Þingbók frá tuttugasta og fyrsta fundi lesin og samþykkt.

Málið, um, hvaðan taka skyldi endurgjald alþingis-kostnaðarins, var tekið til síðustu umræðu.

Framsögumaður, Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Af því sem rædt var til undirbúnings þessu máli, hefir nefndinni síðan komið ásamt, að breyta niðurlagi hinnar 4. álvktunargreinar í álitsskjalinu þannig, að orðin: „og skulu allir slíkir gjörningar ógyldir ella“, falli í burtu, en komi í staðin: „og skulu eigendur sæta hæfilegri sekt ella.“ Álitsskjalið sjálft mun ekki þörf að lesa upp nú, atriði þess munu eingum úr minni liðin, nè umræður þær, er urðu útaf því hèr á þingi, þá málið var rædt hið fyrra sinn. Uppástúnga nefndarinnar var að því sinni óhrakin, og breytíngaratkvæðin, sem borin voru fram, stefndu ekki að öðru enn lausafènu, sem eg held fullfært sönnur á, að þó er ógjöranda; vil eg nú ekki mæla fleira um þetta að svo komnu, fyrr enn eg hefi heyrt umræður og tillögur þingmanna að nýju.

Konúngsfulltrúi: Eg vil gjöra eina athugasemd við breytíngu þá er nefndin hefir gjört í frumvarpi sínu. Til þess nokkur vissa væri fyrir því, að hundraðsgjald það feingist, er nefndin hafði stúngið uppá, urðu tillögur hennar þær, að öll þau skjöl, sem ekki væri þínglýst, skyldu vera öldúngis ómerk. Nú hefir nefndin sjálf fundið, að það mundi vera spánnýtt í löggjöfinni, að sú ákvörðun yrði gjörð, sem þannig gæti kollvarpað öllum samníngum manna á millum; fyrir þá sök hefir nú nefndin stúngið uppá því, að ákveðin skyldi nægileg sekt fyrir þá, sem ekki greiddu hundraðsgjaldið. Eignir manna eru mjög misjafnar að verðinu til, og þessvegna yrði sektin að fara eptir því, hversu hátt hundraðsgjald það hefði verið, sem gjalda átti, og til þess að vera nægileg, yrði sektin að minnsta kosti að verða tvöföld við hundraðsgjaldið. Væri nú fasteign þessi 10,000 rbd. virði, og hundraðsgjaldið hefði ekki verið goldið, (og þó fáar sè þær fasteignir hèr í landi sem þessu verði nemi, þá eru þær þó til), þá yrði sektin 800 rbd. Þetta má þó að vísu mikið heita, og margir mundu ekki vera færir um að gjalda það. Þegar fasteignin væri ódýrari, t. a. m., fárra hundraða rbd. virði, yrði nú sektin að því skapi minni, en þó nóg til þess, að ekki allfáum yrði ofvaxið að greiða hana, og yrðu því annaðhvort að gángast undir líkamlega refsíngu, eður verða af eign þeirri, er þeir höfðu keypt. Þetta sýnir, hversu erfitt sè að gefa þau lög, er gjörðu það óyggjanda, að tekjur þær yrðu goldnar, sem nefndin hefir stúngið uppá; og jafnvel þó eg fynndi ekkert að því, að slíkt gjald

sem þetta, er nú hefir verið rædt um, kynni að eiga allvel við, þegar það væri sett vægilega hátt, svo ætla eg þó, að það sè ekki tiltækilegt, að hleypa gjaldinu upp frá ½ til 4 af hundraði hverju, því það er einganveginn ráð fyrir því gjöranda, að tekjurnar aukist við það, að jafnri tiltölu.

Fsamsögumadur: Það er svo að skilja, sem hinum hæstvirta konúngsfulltrúa hafi ekki þótt breyting nefndarinnar horfa til mikilla bóta; þar þóttist þó nefndin hafa fyrir sèr dæmi um brúkun stimplaða pappírsins í Danmörku, þar sektir eru lagðar við, ef ekki eru á hann ritaðir allir kaupgjörníngar. Sú stefna er komin á með þínglýsíngar hèr á landi, að einúngis litla eina sekt þyrfti að leggja við, til þess, að hverju slíku skjali yrði þínglýst; og fer það fjærri, að taka þurfi til jafn miklar sektir og hinn hæstvirti konúngsfulltrúi mælti. Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi játaði þó, að víst mætti taka nokkuð hærra hundraðsgjald af afhendíngu fasteigna, enn nú væri, en gjaldið, sem nefndin hefir stúngið uppá, segir hann mikils til of hátt, og verði ekki fyrir girt að prettir sèu við hafðir. Hinum hæstvirta konúngsfulltrúa hefir samt ekki þóknazt að tilgreina takmörkin fyrir, hvað hátt þetta gjald mætti vera, til þess það mætti heita mátulegt. En eg held eg hafi sannað til fullnustu, þá mál þetta var rædt hið fyrra sinn, að gjald þetta er einganveginn of hátt, þegar að því er gáð, að það er í stað fasteignarskatts. Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi vísar þínginu helzt til breytíngaratkvæðis varaforseta, um að leggja helming kostnaðarins á lausafè en helming á fasteign, sem nú er tíunduð, og eiga aðgáng að leiguliðum. Fg held eg hafi fært órækar sönnur á það, að lausafèð er fullhlaðið og ofhlaðið; eg held eg hafi leiðt rök að því, að þegar hundraðsgjaldið ætti að verða þúngbærast, nefnilega á dánarbúum, verður þó allt að því helmíngi vægara útsvar af slíku búi með nýja gjaldinu, heldurenn af lausafjárbúum er almennt, því af þeim er eg búinn að sýna að sèu teknir rúmir 7 rbd. af 100, en af fasteignarbúum ekki meira enn 3½ rbd., þó hundraðsgjaldið nýja bætist við; og svo sannarlega sem þetta er satt og rètt — og enn er það óhrakið hèr á þíngi, og mun ekki hægt að hrekja — svo sannarlega sem það er víst, að 7 er helmíngi meira enn 3½ — svo sannarlega er eingi sanngirni fyrir því, að hlífa fasteignum — er ekkèrt er goldið af til opinberra þarfa — fyrir þessu gjaldi, en deingja því yfir á lausafèð, er öll gjöld hvíla á. Til þess að sýna enn

frekar, hvort skattur þessi sè of hár (þó hann í fljótu áliti virðist að samsvara 1 árs ágóða af innstæðunni), þegar litið er á útgjöld þau, er á lausafènu hvíla, og hvort á því megi hinsvegar frekja í nokkurn máta, þá vil eg nú leyfa mèr, að segja þínginu frá, hvernig á stendur, og hvað mikið er goldið árlega af lausafènu í einni sókn, sem mèr er kunnugt um, það er Kirkjubæjar klausturs sókn; og er allt áreiðanlegt og órækt, er eg skal telja til, því það er tekið úr löggyltum embættis bókum, kirkju og sveitarbókum sóknarinnar og úr umboðsreikningum þeim, er sendir eru árlega hinu konúnglega rentukammeri. Frá 1822 — 1845 hafa verið að meðaltali í sókn þessari 66 bú, og framtalin til tíundar 670 hundraða. Það er eitt merkilegt við ástand í sókn þessari, að lausafjár — eign þar, í samanburði við fólkstal og heimili, er og hefir verið næsta á-þekk og í öllu Norður- og austur-umdæminu, bæði í góðum og hörðum árum, eptir því sem talið er í prentuðu landbústjórnar töflunum 1823, og aptur eptir því, sem fólkstala og fènaður var þar 1837 og getið er í Sunnanpóstinum, og í Hróarskèldu frèttum frá 1840; af því er auðsætt, að kirkjubæjarklausturs sókn má telja með þeim efnaðri sóknum að lausafè þegar á allt er litið, því í norður- og austur-umdæminu mun vera meiri fènaður í samanburði við fólksfjölda, enn í hinum umðæmunum.

Af þeim 66 búum og 670 hundr., er eg áður gat, hefir nú verið goldið að meðal tali:

í þegnskyldu	2,694	fiskar.
í tíundir til allra stètta	1,632	—
í aukaútsvar til sveitar — eptir því, sem verið hefir þau 9 ár, sem eg hefi búið þar — 6 fiska af hndr.	4,074	—
til prests og kirkju, heitollar og ljóstollar — 66 × 18	1,188	—
skírnar, kirkjuinnleiðslu og konfirmations tollar, fyrir 16 börn árlega, á 30 fiska	480	—
legkaup og líksaungseyrir fyrir 12 greptraða	240	—
aukatollur 5 sk. af hundraði 35 rbd 35 sk (7 sk. = 1 fiskur).	460	—
jarðargjöld.	9,032	—
alls af 66 heimilum og 670 hndr.,	19,800	fiskar.

Sè þessari upphæð deilt með hundraðatölunni, 670, þá geldur

ur hver bóndi að meðaltali árlega af hverju hundraði, sem hann á sjálfur, rúma . . . . . 29 fiska.

En aðgætanda er, að nokkrir búa á eigin eign og þeim jörðum, sem ekkert gelst af, og að meðaltali hafa þar í sókn verið 9 búendur sem tíundað hafa yfir 20 hndr., — sumir frá 30 — 50 hndr., og kemur á þessa bændur ólíku vægara gjald af hverju hundraði, en þeim mun harðara á hina (að meðaltali 196) sem tíunda frá 5 — 20 hndr., en harðast á þá 101 bændur, sem tíunda frá 10 — 5 hndr., og þegar á allt þetta er litið, þá mun minna á vanta, að flestir bændur landsins gjaldi vanalega leigu árlega af fènaði sjálfra sín. Er nú fært, — eg spyr enn að því að — er nú fært að auka enn meir útgjöld af lausafènu, — fyrst flestir bændur gjalda árlega nær því 3 rbd. af hverju hundraði eður 20 rbd. virði, sem þeir eiga sjálfir? — er nú gjaldið af fasteigninni, sem nefndin hefir stúngið uppá og er hèrum bil $\frac{1}{30}$ partur af ágóðanum, ennþá mikils til of hátt, eður svo hátt, að tilvinnanda sè, að frekja á lausafènu, svo það verði lækkað? — Og „verði allir að játa, að þeim sè vorkunn sem kaupa og selja jarðir, þó þeir hefði við pretti, til að komast hjá svo háu gjaldi“, eins og hèr var borið upp um dagin og mèr þótti merkilegt að heyra, þá vil eg spyrja, hvort öllum lausafjár-eigendum sè ekki vorkunn, þó þeir hefðu öll brögð í frammi til að skjóta sèr undan meira gjaldi enn nú er komið? Eg verð því að álíta það órækt, að aðalbreytíngaratkvæðum þeim, sem hèr eru borin upp, og hníga meira og minna að því, að kostnaðurinn af alþíngi lendi á tíunduðu lausafè, sè ekki gefandi gaumur. Eg er annars ekki svo að verja uppástúngu nefndarinnar, eður að hún sè eina meðalið sem hafandi sè — það vona eg öllum skiljist, — og sá þó nefndin eingin önnur úrræði; hefði verið búið að jafna og laga skattgjaldslögin, og meta allt jarðagóz, þá hefði verið hægra viðgjörðar, já auðgjört, að fá endurgjaldið; en á meðan eingin kèmur með betri ráð, enn til þessa hafa verið borin upp hèr, þá verð eg að halda fram uppástúngunni svo sem eg megna, því sá kostur hennar er þó órækur, að hún ver lausufèð, og að verja það, það áleit eg alltaf og álít enn, hina fyrstu og fremstu skyldu bæði allra þíngmanna, og svo mína, og það því fremur, sem mèr er kannske kunnugra enn mörgum öðrum, hvernig á stendur, þar sem eg bæði hefi haft margföld tækifæri og viðleitni á, að gjöra mèr þetta sem ljósast: því hefi

eg og farið hèrum svo mörgum orðum, til að gjöra þíngmönnum það skiljanlegt, og eg vona yður sè og orðið það öllum fullljóst og í augum uppi, að alþíngi getur einganveginn forsvarað, nú í fyrsta sinn að þjóðin hefir kjörið það, að leggja það eina til um kostnað þíngsins, að hann lendi á þeim er sízt skildi, að með honum sè misboðið hinum mesta og fátækasta hluta þjóðarinnar, og ef alþíngi byrjar á þessu, hvar skal þá lenda!

Konúngsfulltrúi: Hinn virðulegi framsögumaður hefir þókzt finna samlíkíngu millum sektar þeirrar, sem hèr ræðir um, og þeirrar, sem lögð er við yfirtroðslur á lögum um stimplaðan pappír. Sú sekt er optast tvöfalt og allt að tífalt hærri enn fè það, sem vangoldið er. Væri nú farið eptir þessu, þá yrði sektin miklu hærri enn eg nefnda áður. En dæmi þessi eiga annars ekkert skylt saman. Það er gjört að lögum í Danmörku, að stimplaðan pappír skuli viðhafa, og er það gjört í því skyni, að tekjur greiðist af, en skjölin eru jafngyld fyrir það, hvert markaður pappír er við hafður eða ekki. Til þess að tekjur þær fáist, er um var talað, er sektin við lögð, og þareð þesskonar skjöl, sem á þann pappir eru rituð, almennt koma í hendur dómara eður annara yfirvalda, sem hlut eiga að máli, þá er auðvelt að komast fyrir það, hvert markaður pappír hafi verið við hafður eða ekki. Þar á móti væri það öðru máli að gegna, ef það væri gjört að lögum, að þínglýsa eignarskjölum og lagðar sektir við. Sá er tilgángur þínglýsíngar, að vernda þann, er skjalið hefir, að annar maður geti ekki eignast þau rèttindi, er gagnstæð eru því, sem er inntak skjalsins. Að skylda menn til þínglýsínga, og láta varða sekt, ef útaf ber, væri þannig að skylda menn til að gæta sjálfra sín. En þá gæti svo farið, að menn, til þess að komast hjá slíku, rituðu einga samníng, en lètu sèr nægja orð ein, og er ekki ólíklegt, að svo yrði, þegar þess er gætt, hvernig heimildum manna er opt varið hèr á landi. Þá ætti og að leggja sektir við, ef samníngar væru gjörðir að eins munnlega.

Kandidat Jón Sigurðsson: Mèr virðist vera komið nokkuð frá aðalefninu, þar sem farið er að tala um sektir þeirra, sem ekki láta lesa kaupbrèf sín. Aðalatriðið í uppásstúngu nefndarinnar er það, hvort álaga sú, sem nefndin hefir stúngið uppá, sè vel valin, eða menn geti fundið aðra betri, sem þíngið vilji fallast á; á hinu ríður minna, hvort nefndinni hafi tekizt heppi-

lega eða ekki, að finna þá aðferð, sem gæti gefið fulla vissu um, að gjaldið feingist; nefndin hefði ekki einusinni þurft að stínga uppá neinu um það, nema láta það vera komið undir hverjum einum, sem hlut átti að máli, að gæta sín og réttinda sinna.

Að öðru leiti, þar sem konúngsfulltrúinn óttaðist, að sektir þær, sem mundu lenda á mönnum eptir uppástúngu nefndarinnar, mundu verða svo þúngbærar, að menn mundu verða að afplána þær með hegníngu á kroppnum, þá held eg þó, að þetta muni ekki vera svo mjög að óttast. Eg veit vel, að menn meiga almennt heita fátækir hèr á landi, hjá því sem í enum ríku löndum, en kynlegt þykir mèr það, ef sá maður, sem er fær um að kaupa eign, sem er 10,000 dala virði, væri öldúngis ófær til að gjalda 4—500 dala sekt, og að sama skapi mun fara um þá menn sem kaupa minni eignir.

Konúngsfulltrúi: Mèr getur þó ekki annað enn fundizt, að það sè eitt af aðalatriðum þessa máls, hver líkindi sèu til þess, að tekjur þær, sem um er talað, fáist eður ekki, og þessvegna, hvort fært sè, að finna næg og hentug meðöl, til þess að ná vissu um það, að tekjurnar verði greiddar. Að svo miklu leiti sem hinn virðulegi alþíngismaður Ísfirðínga hefir sagt, að líkindi væru til, að sá, sem keypt gæti fasteign fyrir 10,000 rbd. mundi og geta goldið 800 rbd. sekt, svo hann þyrfti ekki að taka það út á líkama sínum, þá vil eg geta þess, að þar sem eg drap á þetta áður, þá lèt eg í ljósi kvíðboga minn um það, að sekt þessi annaðhvort gæti valdið líkamlegri refsíngu, ellegar því, að þeir mistu aptur eignina sem keypt hefðu, og yrðu því fasteignir mjög lausar í höndum ættíngja.

Jón bóndi Samsonsson: Verði ekki uppástúngu nefndarinnar hèr framgeingt um alþíngis-kostnaðinn, eður hann verði, uppá þann máta tekinn, ekki nægilegur, þá virðist mèr sjálfsagt, að leggja kostnaðinn, að þessu leiti, á alla fasteign, en aldeilis ekki á lausafè.

Prófastur Hannes Stephensen: Mótbára sú, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi nú hóf gegn nefnarinnar áliti, virðist mèr þó býsna lèttvæg. Samíngar munu þó optast gjörðir, en ef einginn er gjörður, eður ef kaupandi skýtur sèr undan lögboðnu hundraðsgjaldi, annaðhvort með því móti, eður og hinu, að láta ekki þínglýsa gjörðum samníngi, bakar hann sèr sjálfur þann skaða, sem af því leiðir, og er þá sanngjarnt, að hann

bíði hann. Hver sá, sem jörð kaupir, hlýtur fyrirfram að íhuga, hver útsvör liggja á kaupinu, auk verðsins; getur því hundraðsgjaldið aldrei gefið tilefni til, að fasteignin varðveitist ekki í ættinni.

Framsögumaður: Eg skil heldur ekkert í hinum munnlegu samníngum um jarðakaup, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi gat um; eg er nokkuð víða kunnugur, og veit eg ekki til, að um fasteignakaup hafi nokkurn tíma verið gjörðir öðurvísi samníngar en skriflegir, og eg leifi mèr að skora á alla ena heiðruðu þíngmenn, að þeir skýri frá, ef þeir vita nokkurt dæmi hins. Þínglýsíngar eru og mjög farnar að tíðkast, og í sumum sýslum er þínglýst öllum eignarskjölum; jarðakaup hafa líka farið vaxandi nær því til helmínga, á seinni árum, þrátt fyrir það sem nýrri lög hafa frekjað á uppboði og þínglesturs launum; svo mun og þetta hið nýja gjald ekki verða jarðakaupum til neinnar fyrirstöðu, — en vart munu menn verða lánglífari eður hætta að deyja fyrir það. Eg held því fulla og óræka vissu fyrir, að hundradsgjaldið tilfalli og fáist, eins mikið og nefndin hefir stúngið uppá.

Prófastur Halldór Jónsson: Eg verð að vísu að vera hinum virðulega framsögumanni samdóma í því, að menn muni ekki hætta að deyja nè verða lánglífari fyrir það, þó 4 af 100 verði hèreptir teknir af fasteign þeirri, er í arf gengur, svo í því tilliti er uppástúnga nefndarinnar ekki ísjárverð; en hinu helð eg ekki óþarft að kvíða, að gjald þetta — 4 af hundraði — muni hnekkja jarðakaupum, svoað — fyrir utan pretti þá, sem við kynnu verða hafðir — minna muni renna í landsins sjóð úr þessari uppsprettu, enn nefndin hefir gjört ráð fyrir; og í bráð er fyrir því að óttast, að þegar menn af tíðindunum feingi vitneskju um, að þíngið hefði mælt fram með nppástúngu nefndarinnar, mundu þeir, er selja vildu eður kaupa jarðir, hraða því, áður lagaboðið kæmi út, til að komast hjá álögum þessum; og svo gæti spursmál orðið um það, hvort lagaboðið skyldi ná til þeirra kaupa, sem afgjörð hefðu verið áður, en sem þínglýst væri eptir að það kæmi út; þannig er eg hræddur um, að minna vinnist við þetta fyrst í stað, enn til er ætlazt.

Framsögumaður: Því get eg þó einganveginn kviðið, sem hinn virðulegi konúngkjörni varaþíngmaður nú gat til; jarðakaup um allt land eru ekki það verk, sem menn geta hlaupið

að, til að ryðja því af með kappi og fylgi, koma því svo af til fullnustu, að fullunnið sè, og komi aldrei fyrir optar. Til allra jarðakaupa útheimtist það tvennt, að einn vilji eður þurfi að selja, enn annar að kaupa, og eru því bundin við kringumstæður og atvik, sem einganveginn standa í sjálfs manns valdi.

Assessor Johnsen: Eg verð þó líka að halda, að hætt sè við, að fækki um kaup og sölur jarða, og að jarðakaupin verði þess óaðgeingilegri fyrir hvern mann, sem kaupakostir verða þýngri, og eg ætla það sjálfsagt, að uppástúnga nefndarinnar, ef henni yrði fylgt, gjöri það að verkum, að síður gángi saman með þeim, er selja vill og kaupa, og að það sè auðráðið, að sá, sem t. a. m. ekki vill gefa meira enn 1000 dali fyrir einhverja jörð, eigi verði tilleiðanlegri til að gefa 40 dölum meira, þó að þessir 40 dalir gángi til alþíngis kostnaðar: Mèr virðist líka, að því síður sè mælandi með uppástúngu nefndarinnar, sem eg óttast fyrir, að hún þannig leggji nýja tálmun í veginn fyrir jarðasölu, einkum til ábúendanna sjálfra, en þetta ætla eg mjög svo ísjárvert, því eg held, að helzt ofmargar jarðir ennþá sèu í einstakra manna og sèrílagi í konúngs eign hèr í landi, og lángtum færri enn óskanda væri, í eign ábúendanna.

Framsögumaður: Þetta var þó ekki merkileg hugvekja. Eg var búinn að segja áður, að jarðakaup hefðu aukizt víst að helmíngi, ef ekki að tveim þriðjúngum, þrátt fyrir það, sem sölulaun og uppboðslaun þó hafa verið hækkuð töluvert, með seinni lögum; þetta er hægt að sanna, og sèst ljóslega af jarðabókar-reikníngunum. En til hvers er að leingja ræðuna um slíkt, sem hvorki kemur við aðalumtalsefnið, nè gjörir hvorki að styðja uppástúngu nefndarinnar nè hrinda henni. Um það er að ræða, að endurgjalda að fullu alþíngiskostnaðinn og endurgjalda svo, að eigi sè lagt og eigi verði lagt á lausafèð; þetta vinnst með uppástúngunni, henni er enn óhrundið, og eingin betri borin upp hèr á þíngi.

Fleiri mæltu þá ekki, sagði varaforseti því málið fullrædt og skaut til atkvæða þíngmanna:

1. á að lögleiða 4 rbd. hundraðsgjald af öllum seldum, erfðum og gefnum fasteignum, eptir uppástúngu nefndarinnar? — samþykkt með 18 atkvæðum gegn 5.
   fèll þannig niður aðalbreytíngaratkvæði varaforseta, og eins breytíngaratkvæði alþíngismannsins úr Strandasýslu.

2. á að jafna því sem á kynni að bresta til endurgjalds alþingis kostnaðarins:
til helminga á fasteign og til helminga á lausafè (varabreytíngaratkvæði Varaforseta),
eður að tveim þriðjúngum á fasteign og einum þriðjúngi á lausafè (breytíngaratkvæði varaalþingismannsins úr Snæfellsness-sýslu)? — hið síðara samþykkt með 18 atkvæðum gegn 5.
3. Breytíngaratkvæði alþingismannsins úr Barðastrandarsýslu: á að vera undanskilin 4 rbdla hundraðsgjaldinu hver 12 hundr. fasteign og minni, er ómagi erfir, þegar ekkert fylgir lansafè? — hrundið með 15 atkvæðum gegn 8.

Þá var tekið til undirbúníngsumræðu málefnið um sölu á ítökum kirkna, eg lèt varaforseti afhenda álitskjal nefndarinnar framsögumanni hennar, prófasti Hannesi Stephensen, las hann það upp og er það þannig látanda:

„Þegar vèr feingið höfðum umboð ens heiðraða alþíngis, að yfirvega og semja álit um ofannefnda bænarskrá, hverrar höfundur var í nefndina kjörinn, og vèr tókum að ræða málið með oss, fundum vèr fljótt, að álit okkar prófastanna Hannesar Stephensens og Halldórs Jónssonar, mundi hljóta að verða í mörgu frábrugðið áliti höfundarins um þetta málefni, og höfum við því, hvor um sig, bæði hinn meiri og minni hluti nefndarinnar, samið álit okkar sèrstakt, og er þetta fyrst álit meira hlutans:

Þegar höfundurinn telur fram ástæður fyrir uppástúngu sinni, að bezt mundi fara, að selja mætti ítök kirkna og rekarèttindi fyrir annara jarða landi, er þessi fyrsta ástæða, eða þó heldur inngángur til ástæðanna: að það fari að líkindum, að kirkjurnar hafi hèr og hvar náð þessum rèttindum með lángri óátalinni brúkun og venju, án þess þær hafi regluleg eða venjuleg eignarskjöl fyrir sig að bera; þessu ætlum við hvorki vera þannig varið nè geta verið, því bæði er það, að eignarskrám kirkna hefir frá aldaöðli verið vel við haldið, og af verndarmönnum þeirra, biskupunum, skrifaðar í máldagabækur, einkum í Skálholts stipti, af þeim Vilkín, Gísla og Brynjúlfi biskupum; fyrir hinu væri því heldur ráð að gjöra, að ítök kirkna í annara lönd, hefðu af dugnaðarleysi prestanna, og örðugleika þeim, sem á stundum er við að nota ítökin, af lángri og óátalinni brúkun, undan geingið og heíðazt af eigendum jarðanna,

í hverra landi ítökin voru; ekki er heldur bænarskráin heimtufrek í tilliti til þessa, því rètt á eptir stendur: „en hvort sem er“, sem gefur til kynna, að fullkomin óvissa sè um þetta; þá kemur strax: 1. aðalástæðan fyrir, að bezt sè að selja kirkna ítök og rèttindi, nefnilega: að það muni flestum kunnugt, að einmitt ítök þessi og rèttindi kirknanna gefi tilefni til flestra misklíða og málaferla manna á milli, og er *postulat* þetta síðar í bænarskránni ítrekað; væri þetta svo satt, að ekki þyrfti fremur að sanna, ætlum vèr ástæðuna gylda, því illar eru misklíðir og málaferli, þegar úr hófi ganga, og það ætlum við, að selja ætti ítökin sem fyrst, svo friður og samþykki komist á manna á milli, ef þau eru tilefni flestra misklíða og málaferla; en við höldum þetta ofhermt, og munu sátta- og dóma-bækur landsins á seinni árum sanna hið gagnstæða, að færtsar misklíðir eg málaferli rísi af kirknaítökum, og — því að eins mun 2. varúðarbrèf kansellíisins frá 1843 gefa tilefni til fleiri, að einhverjir gjörist til að ásælast kirkjurnar, og ætti það eginn að lasta, þó rèttur þeirra þá væri varinn.

3. Þriðja ástæðan er að vísu að því leitinu á góðum rökum byggð, sem eignarskjöl munu sum óljós orðin, af því menn hafa gleymt örnefnunum, og segir svo sitt hver til þeirra, en hvorki mun þetta víða vera, nè valda mikilli misklíð, því með sátta tilraunum og áreiðum útkljást þvílík mál optast friðsamlega; hitt ætlum við sjaldan eða aldrei ágreiníugs efni, að ítakanna eigendur eða ágóða-njótendur (*usufructuarii*) eigni sèr eða sæki með lögum það, sem ískyldan í annara lönd ekki eignar þeim, t. a. m. slægjur, þar sem beit er áskilin, og þvertámóti, eða slægjur og beit fyrir annan fènað enn búsmala í sætrum, eða leingur enn lög leyfa, en það er, frá því tveir mánuðir eru af sumri til tvímánaðar (seint í augusto. Llb. 42. kap.), því allir kannast við, að slíkar ískyldur í annara lönd eiga eptir orðunum að skiljast (*strictissima interpretatione*); en það ætlum við eingan efa, að sá, sem rèttindin hefir, meigi ljá þau öðrum, sem ekki brúka um lög fram, og aldrei höfum við sèð þann máldaga, sem eigni kirkju ítak, með þeim orðatiltækjum: „fyrir sjálfa sig“; þá er viðbára sú, sèrílagi viðvíkjandi rekarètti kirkna fyrir annara landi, að hann sè öðrum ítökum fremur margbrotin orsök til málaferla, því þar komi til

a. óvissa um rekastaðinn sjálfan.

b. um ummál fjörunnar og

c. ágreiníngur um, hvers kyns reka kirkjan eigi, og hverja leingd af trjáreka.

Hèr um er það sama að segja, og áður er sagt um ítök yfirhöfuð, að örnefni kunna á stöku stað vera gleymd eða óviss, verður því rekastaðurinn og ummál hans eptir því óvíst, en allstaðar ætlum við í máldögum kirkna tiltekið, hvers kyns reki kirkjunni beri í hverju rekamarki, hvort hval- eða viðreki, og ef viðreki er nefndur, án þess leingd hans sè ákveðin, er það viður allur, sem í því rekamarki rekur; annarskostar mun allstaðar, í hið minnsta í máldögum þeim, sem við höfum sèð, leingd þess reka tilgreind, sem kirkja á í annara jarða landi; mun þarum optast svo að orði kveða: „kirkjan á stórreka allan“, „trè þau sem 6 álnir eru eða leingri“, og er gyldleiki viðarins stundum tilgreindur; um hitt mun öllum koma saman, að við skal mæla millum brota, og mál vera það, sem tíðkaðist á hinum fyrri tíðum, þegar ítökin komu undir kirkjurnar. Það ætlum við eingu hófi gegna, sem bænarskráin hermir, að staðahaldararar eigni kirkjum sínum vogrek þau, sem ákveðið mál ekki helgar þeim, enda myndu sýslumenn og aðrir hlutaðeigendur ekki láta neinum slíkar lögleysur líðast.

4. Fáir munu hefja mál um rèttindi kirkna, nema sök sú hafi áður borin verið fyrir stiptsyfirvöldin; annarskostar væru gjafsóknir ekki svo almennar í þeim, sem bænarskráin kvartar yfir, og telur helztu hvöt til að selja ítökin og rèttindin, og þá ætlum við ofhermt vera, að kröfurnar fyrir hönd kirknanna í þessum efnum sèu sjálfsagt eins opt, ef eigi optar (en hvað opt vitum við ekki), á litlu sem eingu byggðar; það væri að ætla háyfirvöldunum, ekki síður enn prestunum og öðrum kirknafjárhaldsmönnum þrætugirni, það virðist okkur ótrúlegt, að gjafsóknir gegnum alla rètti veitist auðveldlega, þar sem málefnin eru vafasöm, tilefnið lítið og einganveginn þess kostnaðar vert, sem af þeim rís.

Þegar höfundur bænarskrárinnar hefir framborið ástæður þær, sem nú eru taldar, og sem við höfum sagt álit okkar um, (þær sýnast allar hníga að því, að óþarfar gjafsóknir veitist í málum þeim, sem rísa af ítökum og rèttindum kirknanna), virðist oss bænarskráin taka alla aðra, jafnvel gagnstæða, stefnu, er svo kveður að orði: „þó má eigi taka orð mín svo, að kirk„jur skuli eigi hèreptir fá gjafsókn í þvílíkum málum, þegar „nægar ástæður þykja vera til að höfða mál“. Hverjir hèrum

eiga að segja álit sitt, aðrir en stiftsyfirvöldin, einsog að undanförnu verið hefir, vitum við ekki, og lendir þá að líkindum við sama, nema þeim aukist vizka og sannsýni, hafi áður á brostið, sem við ætlum ekki. „Enda sè eg ekki“, heldur höfundurinn áfram, „að eignarkirkjum verði gjört lægra undir höfði í þessu efni enn staðakirkjum, ámeðan fjárhaldsmenn hvorutveggja eru sömu skyldum bundnir við kirkjuna eða söfnuðinn“. Hvort munur þessi hefir gjördur verið, eða hvort hèr þarf að biðja fyrir eignarkirkjurnar, vitum við ekki, en höfundurinn sýnist bera það sjálfur til baka með orðum þeim, sem strax fylgja á eptir: „og er það líklega þessvegna, að eins kirknaeigendur sem prestar hingaðtil hafa rekið mál kirknanna vegna á enda til hæstarèttar, á kostnað alþýðu“. Að svo fyrir mæltu kemur uppástúngan sjálf, og hljótum við að skrifa hana hèr orðrètt, svo þíngmenn fái greinilega hugmynd um málefnið, helzt þar svo er lángt um liðið síðan hún var lesin hèr, hún hljóðar svona:

„Eg ætla mèr þarámóti að stínga uppá öðru, o. s. frv. (sjá bls. 75 — 76)... kvaddir til þíngs“. Við uppástúngu þessa og formála hennar, sem nú var lesin, finnum við okkur skylt, að gjöra þessar athugasemdir: Tilgángur höfundarins er, að hann segir, „að komizt yrði hjá því sífelldu þrasi um allt land útaf „ítökum kirkna, og þeim kostnaði, sem þar af leiðir fyrir bændur“; höfum við áður látið í ljósi efa vorn um, að þras þetta um allt land sè svo sífelt, sem hèr er orð á gjört, og meinum við, að komast mætti hjá því með sátta tilraunum og áreiðum í allri friðsemi, einsog við áður gátum um, þar sem deilan rís af óvissunni um ítaksins stað og ummál, vegna þess örnefnin eru gleymd. Þessu næst óskar höfundurinn, að hann gæti komið því svo fyrir, að álítast mætti, að uppástúngan væri eigi síður í hag fyrir kirkjur enn bændur, eða þá sem venjulega bera kostnaðinn; hèr virðist okkur reikníngurinn vandasamar, og ekki fáum við getið á, hve dýr ítökin ættu að verða öllsaman, eða hvert einstakt þeirra, svo að ósk höfundarins uppfyllist, að salan yrði ekki síður kirkjum í hag enn bændum, eða þeim, sem venjulega bera kostnaðinn. Hagnaður bændanna af því, að kaupa ítökin undan kirkjunum, er:

a. að komast hjá þeim baga, sem af því leiðir fyrir hann (bóndann), að annar á nokkuð í jörð hans, sem eptir bænarskránnar orðum alltíð hlýtur að vera meiri, enn einúng-

is svari missirnum af ítaks ágóðanum, en hlutfallið sem baginn og ágóðinn standa í innhyrdis, getum við ekki ákveðið.

b. að komast hjá öllum þeim kostnaði, sem á bændunum lendir og leiðir af því sífelda þrasi um allt land, útaf ítökum kirknanna og málarekstri gegnum alla rètti;

Nú vitum við ekki hvað eitt einasta gjafsóknarmál, sem rekið er gegnum alla rètti, kostar að meðaltali, og getum ekki gizkað á, hve mörg slík mál rísa mega á ókominni tíð, verðum því að sleppa þessum reikningi, sem mestur er í mögulegleikanna ríki, en leiðum það útaf orðum bænarskránnar, að rífur helmingur þess, sem baginn er meiri enn ítakságóðinn og alls málskostnaðar, sem orðið getur af slíkum málum, ætti að gefast kirkjunum í viðbót við fullt verð ítakanna, eigi þær, sem höfundurinn vill, ekki síður að hafa hag af kaupum þessum, enn bændurnir.

Þarnæst leiðir höfundurinn rök að því, að kirkjum sè hagnaður að selja ítök sín, því sum þeirra liggi opt í miklum fjarska frá kirkjustaðnum og jafnvel í öðrum landsfjórðúngum, sè því auðsætt, bæði af reynslunni og í sjálfu sèr, að kirkjurnar geti ekki haft fullkomin not af ítökum þessum; þetta sannar hver maður með honum, en hitt verður efanlegra, hvort eigendur jarða þeirra, í hverra landi þessi fjarlægu ítök liggja, vilji gefa meira fyrir þau í peningum, enn að peninga leigan samsvari notum þeim, sem höfð verða af þeim; við ætlum það ólíklegt, því jarðeigendurnir eru, ef til vill, þeir einu, sem vilja kaupa, og þar sem enginn keppir við annan um kaup, verða kaupin gjarna lág.

Frá þessum fjarlægu ítökum ályktar höfundurinn til hinna, sem nær liggja, en þó ekki við landamerki jarða þeirra, sem ítakanna eru aðnjótandi, en þetta er, segir hann, ef til vill, aldrei eða allsjaldnast; það ætlum við líka, því varla getur það, sem áfast er við land einnar jarðar, kallast ítak í annarar jarðar land, en hinu verðum við að neita, að líku máli sè að gegna um sèrhvert ítak í annars manns jörðu, og um hin fjarlægu ítökin; liggur það sjálft í augum uppi, enda er það hvers manns reynsla, að meiri er hagur að hlynnindum þeim, sem nærri liggja og hægt er að nota, enn hinum, sem mjög eru fjarlæg; vitum við það líka og allir með okkur, að ítök þau sem nærri liggja kirkjunum: beitarlönd, slægjur, skógar, selfarir, veiðar og rekar, eru aðalgæði sumra jarða, er þeirra eru

aðnjótandi, en hin fjarlægu ítökin bæta minna bújörðina, þó þau annarskostar einatt sèu arðsöm og notagóð, einkum rekarnir, hefði hèr því heita átt: „óliku og öllu öðru máli að gegna“.

Höfundurinn býst nú við mótibáru þeirri, að málsóknir um kirknaítökin fækki ekki, þó leyft yrði að selja ítökin undan þeim, og þó það í snöggu áliti virðist, sem mótbára þessi sè nokkuð hjákátleg (*paradox*), og hann vilji hrinda henni með þeirri röksemð, að komizt verði hjá málsóknum og kostnaði um þau ítökin, sem seld verða eigendum þeirra jarða, er þau fylgja, þá hverfur mótbáran ekki fyrir þessari röksemd, heldur, ef til vill, styrkist af henni, þegar vandlegar er hugað, því þess er optar í bænarskánni gètið, að eignarrèttur kirknanna til ítakanna sè efasamur, því kirkjurnar hafi hèr og hvar náð þessum rèttindum með lángri óátalinni brúkun og venju, án þess þær hafi regluleg eða venjuleg eignarskjöl fyrir sig að bera, að þær þykist eiga ítökin, að eignarskjölin, þó þau sèu til, sèu efasöm, vegna þess örnefnin sèu gleymd, ítakastaðirnir því og ummál þeirra óvíst; væri nú þessu þannig varið, sem við þó þykjumst hrundið hafa, þá mætti búast við, að málsóknir kirkna fjölguðu en fækkuðu ekki, þó leyft yrði að selja þau, því það er líklegt og sanngjarnt, að sá, sem kaupa ætlar, vilji vita, hvort, sá, sem selur, hafi heimild fyrir því, er hann selur, og hvort ekki kaupi hann það, sem hann átti áður með rèttu, og um þetta getur eingi vissa feingizt, nema með málssóknum, og mundi kirkjum veitast gjöfsóknir hèreptir einsog hingað til, til að verja rètt sinn, fjölguðu þá ef til vill, gjöfsóknamálin, er þau ættu að fækka.

Hina aðra ástæðuna, sem fram er borin fyrir því, að málaferli um rètt kirkna til ítaka þeirra, mundu fækka, ef leyft væri að selja þau, vildum við ekki nefna ef hjá yrði komizt, en það er sú, „að eigi sè síður líklegt, að þó efi sè á, hvort „kirkjurnar eigi einstöku ítök, og hver takmörk þeirra sè og „rètt brúkun, þá verði bæði jarðeigendur tilleiðanlegir til að „spara sjálfum sèr kostnað til málsins, eða kaupa sig lausa „frá honum, og að kirkjuverjar kynnu eigi allsjaldan að vinna „með þessum hætti það málið, sem þeir að öðrum kosti, ef „dómur gengi í málinu, yrðu að tapa.

Virðist oss ástæða þessi innihalda það ránglæti, sem ekki á að hugsast, að jarðeigendur skuli með ítaka sölunni leiðast til að kaupa sig lausa frá málskostnaði, með því að kaupa

dýrum dómum það þeir þó áttu áður, en kirkjuverjar með þess um hætti opt vinna það málið, sem þeir annars, ef rètturinn hefði geingið fram, hefðu orðið að tapa; óskum við, að heldur verði ekkert kirkju-ítak selt, enn að þvílíkt ránglæti og lagaleysi leiddist inn í landið.

Eptir þessum ástæðum óskar bænarskráin, að ítökin yrðu seld, og meinar, að það ætti að vera almenn regla, að selja mætti ítökin, ef leiga kaupverðsins er eins há eða hærri enn ágóði ítaksins, en að stiptsyfirvöldin gætu stökusinnum brugðið útaf þessari reglu, ef ástæður eru til.

Eptir að við þannig höfum sagt fram mótmæli þau, er við ætlum beint liggi við ástæðum og uppástúngu bænarskrárinnar, viljum við með fám orðum segja álit okkar um málefnið sjálft; það er þá:

1. Að við ætlum ítök og rèttindi hin helztu og staðföstustu hlynnindi hinna fátæku brauða þessa lands, því þó sum hafi þar lítinn eða eingan stuðníng af, eru hin mörg, sem þar af hafa gagn að munum, og ættu menn nú með öllu að forðast að rýra það, þegar verið er að hugsa upp ráð til að bæta kjör prestanna hèr, sem ekki án orsaka þykja bág; það væri annars að brjóta það með annari hendi sem byggt er með hinni.

2. En við fáum ekki varið, að við óttumst, að sala ítaka þessara og rèttinda mundu verða kirkjunum eða brauðunum til skaða, nema sèrleg varúð væri við höfð, líkt og verið hefir; því þess er að gæta, þegar búið væri með nýju lagaboði að minna menn á það, sem aldrei hefir verið bannað, að sala kirkna-ítaka væri leyfileg, og vekja þarmeð lyst kaupenda, þá mundu þeir, sem kaupa vilja, ótæpt krefjast hennar, og telja til, hversu lítinn arð ítökin gefa af sèr, þegar kaupanna er beiðzt, en þá er athuganda:

a. að prestur sá, eða kirkju fjárhaldsmaður, sem lítill er framkvæmdarmaður, hefir lítinn arð þess og lætur það ónotað, sem annar framkvæmdarmeiri færir sèr í nyt og hefir góðan arð af.

b. getur prestur eða kirkju fjárhaldsmaður verið vinhallur undir eiganda jarðar þeirrar, í hverrar land ítakið er skilt, og gæfi það, ef til vill, tilefni til, að greiðara yrði um kaupin enn vera ætti.

c. hugsast má líka, að prestur sá, er brauð á að yfirgefa, eða

hann vill komast frá, og kirkju fjárhaldsmaður, sem eign þeirri ætlar að farga, við hverja fjárhaldið er bundið, hirtu minna um að halda ítökunum undir kirkjurnar, enn þeir annarskostar mundu gjöra.

d. Mörg eru ítök þau, sem brauðum teljast mega arðsöm og ómissandi, þegar dugandi prestar sitja að þeim, t. a. m. slægjur, þó fjarlægar sèu, skógar, beitilönd, selstöður, afrèttir, veiðar, sölvatekja og ekki sízt rekarnir, sem allt er lítilsvert, meðan þeir halda brauðin, sem fátækir eru og búsýslumenn litlir, en ætíð verður að gjöra ráð fyrir hinum duglegri og efnabetri, og má með eingu móti spilla fyrir þeim, sem þvílíkir koma kunna til brauðanna síðar, ámeðan hinir sitja að brauðunum.

3. Að visu játum við, að þau gefast ítök kirkna, sem, bæði fjarlægðar vegna og þess, að þau í sjálfum sèr eru mjög lítilfjörleg, gjarna mættu seljast, en optast ætlum við það arðlitið fyrir kirkjurnar, því fyrir þau fæst ekki verð sem nokkru nemi; eru þau optast í þeirra jarða löndum, sem byrgar eru eptir; nefnum við hèr til: slægju - og beitar - ítök og reka; notar jarðar-eigandi eða ábúandi þetta einatt sem hann eigi, en vill litlu eða eingu kaupa, þó honum stæði til boða.

En þareð kirkjurnar og þeirra eignir, hvort heldur eru staða eða sjálfseignar kirkjur, eru undir sèrlegri vernd stiptsyfirvaldanna og þeirra umsjón, svo ætlum við aldrei vera svo lítið ítak eða eign kirkju, að seljast megi án kanselliisins leyfis, eptir stiptamtmanns og biskups meðmæli, sem hafa ættu hlutaðeiganda prófasts álit sèr til leiðarvísis; því er það álit hins meira hluta nefndarinnar, okkar prófastanna Hannesar Stephensens og Halldórs Jónssonar, um þetta málefni: að hin betri ítök kirknanna og þau, sem svo nærri þeim liggja, að þau verða brúkuð og notuð, ættu aldrei að seljast, en hin lítilfjörlegustu og fjarlægustu megi seljast með kanselliisins leyfi, ef stiptsyfirvöldin vilja, eptir áliti hlutaðeiganda prófasts, leggja það til, og ætlum við alþingi óþarft, að bera hèr um nokkra bænarskrá fram fyrir Hans Hátign konúnginn, þareð hèr eingrar lagabreytíngar verður beiðzt, en hitt, sem áður hefir í lögum verið, þó sumum hafi, ef til vill, verið ókunnugt, verður hèreptir almenníngi kunnugt. Við mælum því fram með því:

Að alþingið einga bænarskrá sendi konúngi um þetta efni.

Það ræður að líkindum, að eg, Johnsen, sem uppástúngu maður þessa máls, eigi fæ orðið þeim heiðruðu þíngmönnum samþykkur, sem þíngið kaus í nefnd ásamt mèr, til að gefa álit sitt um það. Eg óttast fyrir, að það yrði mjög svo til málaleingíngar, ef eg ætti að skoða málið með þeim hætti og í þeirri röð, grein fyrir grein, sem hinir tveir nefndarmennirnir hafa fylgt í þessu þeirra ágreinanda álitsskjali, enda held eg, að mèr máske takist að greiða nokkuð ljósar úr höfuðefninu, ef eg skoða það frá nokkuð rýmra sjónarhríng, enn mèr virðist að meiri hluti nefndarinnar hafi gjört, um leið og eg leitast við, að leiða fyrir sjónir í fám orðum, hversu atriði þau, er meiri hluti nefndarinnar hefir byggt mótmæli sín á, gegn uppástúngu minni, geti verið með eða mót mælandi, þegar á allt er litið, og rèttum grundvallarreglum eru gefnar gætur:

Eg hefi að vísu studt uppástúngu mína við það höfuðatriði, sem mèr í máli þessu þykir mestu varða, að lètta á bændum nokkru af þeim kostnaði, sem á þeim lendir, útaf málaferlum um ítök kirknanna, af því að eg er kominn að raun um, að eingin mál eru svo mörg um eignarrèttindi manna á milli, og eingar þrætur um þesskonar rèttindi svo tíðar í landinu, sem einmitt um þessi ítök; og ætla eg, að þetta ekki sè að eins „*postulat*“ tómt, sem nefndin kallar það, heldur að þíngmenn allir, eða þó flestir, að því er þeir hafa orðið áskynja, hver á sínum stað út um landið, verði að álíta það bæði sýnt og sannað, og yrði það of laung rolla, ef eg ætti að færa frekari sönnur á mál mitt í þessu efni, af því sem sjálfur eg hefi sèð og reynt; því þó að eg tæki til mál þau um eignarrèttindi manna, sem flutt hafa verið við landsyfirrèttinn, er það að vísu lítið, þó nóg sè til þess, ámóti því margfalda þrasi, sem komið hefir fyrir mig hèr að lútandi, þá er eg hefi gegnt stiptamtmanns-embættinu, og þó einkum síðan að kansellíið árið 1843 rèði prestum og umsjónarmönnum kirkna, meðal annara, til, að gefa rèttindum þessum gætur, svo að þau ekki geingju undan kirkjunum, og hefir mèr ekki virzt betur, enn að þeir opt gángi svo fram eptir þessari áeggjan kansellíisins, sem stjórnarráðið ætlaðist til málsýfíngar um hvert það lítilræði, ef rèttindi gæti heitið, sem einhver átylla væri til að byggja málssókn á, án þess að sèð verði, að bændur gefi tilefni þar til, með ásælni gegn kirkjunum.

Það er einganveginn mín meiníng, að drótta meiri þrætugirni að umsjónarmönnum kirkna hèr í landi yfirhöfuð, enn öðrum landsbúum; en það er eðlilegt, að þeir, sem sjálfir ekki fá sèð gyldi gagna þeirra, er þeir hafa fyrir sig að bera, og óvíða geta að notið ráðaneytis lögfróðra manna, stundum rata í nokkurn ójöfnuð við aðra, enda á móti vilja þeirra, og þetta er þó naumast ólíklegra fyrir þá sök, að þeir hafa von um gjafsókn í málunum, ef þau yrðu lögð undir aðgjörðir rèttanna, og er það eigi ólíklegra, að síður gángi til sætta með þeim, sem hlut eiga að máli, þegar annar þeirra á þessa von, en hinn ekki, hversu friðsamur sem sá, er lifir í voninni, annars kynni að vera, og ber álitsskjal meira hlutans ljósastan vottinn um, að þetta eigi er ofhermt; því auk þess, að eg hefi sèð alls þess dæmi, er eg hefi drepið á, í frumvarpi mínu, en sem meiri hlutinn hefir viljað hrinda og eigi viðurkenna, að hafi orðið eða geti orðið tilefni til þrætu, er sú meiníng látin þar í ljósi, er eg fyrst nú sè hreift, að trè skuli mæla, ekki á danska alin, heldur með máli því, sem tíðkaðist „á hinum fyrri tímum“, þegar kirkjum í eignarskjölum þeirra eða rekaskrám, er eignuð ákveðin leingd af trjáreka; og bjóst eg sízt við, að sjá þvílíka meiníngu látna í ljósi í álitsskjali þessu, því eg hugða, að flestum mundi vera það kunnugt, að hèr eigi verður farið eptir öðru leingdar máli enn hinni svo kölluðu dönsku alin (tilskip. 18. Júní 1784, 1. gr.). Eins alkunnugt og eg hèlt þetta vera, svo vafalaust og almennt tjá þeir heiðruðu meðnefndarmenn mínir að það sè, þegar máldagar taka til vissa leingd, að fara eptir máli trjánna „á millum losa“, eða sem þeir kalla „millum brota“, samt að það gegni eingu hófi, að staðarhaldarar eigni kirkjunum vogrek þau, sem ákveðið mál ekki helgar þeim. Eg álít hvorttveggja þetta eins sjálfsagt og þeir, en þó er dæmi til, að prestur skeytir hvorugu, og ætlast til að fá gjafsókn til að höfða mál um þvílíkar kröfur, og væri mèr það innanhandar, ef eg hèldi þess þörf og eg ekki vildi hlífa hlutaðeigendum við því, að færa sönnur á mál mitt í þessu efni; en eg ætla, að þessi atriði nægi til þess, að færa þessu heiðraða þíngi heim sanninn um það, hversu lítið tilefni prestar eða kirkna-umsjónarmenn opt hafa til málsýfínga á kostnað bændanna, útaf ítökum kirknanna, og hversu áríðanda það sè, að lètta kostnaði þessum af bændum.

En auk þessa er annað höfuðatriði í máli þessu, sem eigi verður hjá komizt að taka til greina, og sem mjögsvo mælir fram með því:

Allir vita, hversu örðugt menn eiga hèr í landi, með að verja eign sína gegn yfirgángi annara, og ágángi af gripum nágranna sinna, þar sem eingar verjur eru eða girðíngar á milli landanna, svo það má heita, sem löndin sèu brúkuð sameiginlega af öllum, eins og þau væru öll óskipt eign, nema túnblettirnir, sem að eins á stöku stöðum eru girtir, og eru það helzt túnin, sem menn geta komið við að verja fyrir skepnum sínum og annara, þareð bæði úteingi og hagar víðast hvar liggja svo við bæjum, að það er bændum ómögulegt að verja þau eða þá, gegn skepna ágángi. Þegar hèr við bætist, að menn eru knúðir til að þola ágánginn, vegna ítaksrèttindanna, þá er nú komið í það horf, sem allstaðar og ætíð hefir verið jarðirkjunni og jarðarnotum öllum mest til hnekkis, og sem geingur næst því, að hver standi öðrum í ljósi við haganlega brúkun og not jarðeignanna, og að löndin sèu brúkuð sem almenníngur. Það hefir staðið hverri þjóð fyrir framförum, þegar löndin hafa verið óskipt, og þeim hefir hvergi verið svo skipt upp á milli búendanna, að eigi hafi hlotizt mesta gagn og arður af, fyrir alda og óborna, og þjóðheillir yfirhöfuð, og er það þá eigi óliklegt, að arðs væri von af því fyrir Ísland, að sèrhver gæti orðið svo útaf fyrir sig með eign sína og eignar not, að einginn hefði rètt til að hamla þeim eða takmarka þau; og virðist mèr, að góð byrjun væri hèr til gjör, ef kostur væri gefinn á, að sameina eignar- og brúkunar-rètt ítakanna við jarðir þær, sem ítökin eru í, því varla er nokkurt það ítak til, að jarðeigandinn eigi geti haft meiri not af þeim sjálfur, enn sá, sem ítakanna er að njótandi, og er þá í augum uppi, að þjóðinni yfirhöfuð yrði að vera það þeim mun arðmeira, að eingin ítök væru til. En hvernig sem því er varið, ætlast eg þó ekki til þess, að þau ítökin verði seld, sem eru kirkjunum eða umsjónarmönnum þeirra ómissandi, og sem sjálfir þeir fá að notið, en það ætla eg, að bæði prestur, prófastur og stiptsyfirvöld muni vera færir að dæma um, eptir kríngumstæðunum í hvert sinni. En þegar nú svo stendur á, að prestar geta verið án ítakanna, eða eigi nauðsynlega þurfa þeirra við til heimilisþarfa, þá skilst mèr það því síður, að ófært sè að selja þau undan kirkjunum, sem eg ekki get gjört

ráð fyrir öðru, enn að ágóðinn af söluverðinu, sem eg gjöri ráð fyrir að yrði komið á vöxtu, líklega og optastnær yrði þeim mun meiri, sem arðurinn af þeim, eptir áður sögðu, hlyti að verða meiri fyrir jarðeigandann, enn kirkjuna eða umsjónarmanninn.

Eigi að síður ætlast eg heldur ekki til, að kirkjan ætti að eiga kaup eingaungu við jarðeiganda, heldur hlýtur umsjónarmönnum kirkna að standa það í sjálfs valdi, að selja hverjum þeim, sem bezt býði, hvort heldur væri eptir samkomulagi, eða við opinbert uppboð, og getur það að vísu borið við, að næstliggjandi jarðir, aðrar enn þær, í hverra landi ítökin liggja, geti haft jafngóð not þeirra, eða og meiri enn hinar, og því líka, að eigendur nábúajarðanna gjöri hærra boð í þau, enda eru þau þá bezt komin í þeirra eign, sem þau eru notabezt. Á hinn bóginn eru nokkur ítök kirkna þess eðlis, að eg yfirhöfuð ekki get haldið, að þau yrðu seld undan kirkjunum, enn þótt þau ekki með jafnaði væru þeim til nota, og á þetta einkum við hvalreka fyrir annarar jarðar landi, því bæði er uggvænt, að þvílík rèttindi, þegar það einúngis er undir happi komið, hvort þau geta orðið að liði, geti selzt viðunanlegu verði, og líka er það ekki fyrir að sjá, að kirkjum geti orðið hagnaður að sölu hvalrekans, ef hann, sem þó má gjöra ráð fyrir, bæri að til nokkurra muna. Þarámóti sè eg ekki, að þetta geti átt við viðreka eða fiskjar, því víðasthvar stendur svo á, að prestar eigi geta notað hann sjálfir, heldur verða þeir, fjarlægðar vegna, optastnær að byggja hann öðrum, og það með þeim leigumála, sem einganveginn samsvarar notum þeim, er leiguliði hefir af; og þó að prestur nú væri við bú svo nálægt reka-ítakinu, að hann með hægu móti gæti dregið viðinn að sèr, sè eg þó ekki, að honum þyrfti að verða bagi að sölunni, ef kaupverðið að eins samsvarar þeim arði, er prestur telur til að hann árlega hafi og geti haft af trjárekanum; en ekki er það ólíklegt, að rekamaður eða rekaeigandi eins vilji unna presti sínum og öðrum kaups á viði þeim, sem á land rekur.

Það gjörir hvorki til nè frá í þessu máli, hvort heldur ítökin eru komin undir kirkjurnar með lángri óátalinni brúkun, eða eptir eignarskjölum eða máldögum þeirra, við gjafir fyrir mörgum öldum, og einkum fyrir siðaskiptin; því hvort heldur er, getur þras risið útaf þeim, bæði vegna þess, að

eignarskjölin eru óviss, og stundum hvert öðru mótstríðandi, og líka vegna hins, að takmörk ítakanna og örnefni eru og verða vafasöm, og öll önnur enn áður, og eru sáttatilraunir og áreiðir optastnær ónógar til að ná betri vissu í þessu tilliti, og þá er það líka eigi síður stiptsyfirvöldunum enn rèttunum næsta torvelt, en við þetta allt eykst alþýðu kostnaðurinn; en þó nú svo sè ástatt, sè eg ekki, hvernig meiri hluti nefndarinnar getur leidt sèr í hug, að málaferli mundu fjölga um ítökin, en ekki fækka, ef leyft yrði að selja þau. Hèr getur naumast orðið spursmál um heimildarskort fyrir ítakinu, þegar sá, í hvers landi það er, vill kaupa, og kirkja eignar sèr það, því á hverju sem hún byggir rètt sinn til ítaksins, er varla neinum þriðja manni eignað það; verður hún þá að sanna rètt sinn, en verði hann sannaður, getur því síður orðið efi um heimildina, sem það eigi hingað til hefir geingizt við, að selja ítök undan kirkjunni; en ekki get eg skilið, að á nokkurn hátt sè gjört á þess manns hluta, sem með frjálsum vilja sínum sættist uppá það við umráðamenn kirkna, að láta nokkuð af hendi rakna, einúngis í því skyni, að komast hjá málaferlum og kostnaði þeim, sem þaraf rís, hvort heldur hann þykist hafa á rèttu að standa eða ekki, og þegar þessu er nú svo varið, ætla eg það auðskilið, að prestum sè það miklu fremur bót í kjörum þeirra, að mega taka þvílíkum sáttum, og yfirhöfuð, að mega selja ítökin, enn ef til þess væri ekkert leyfi gefið; en þegar fyrst prestur, og síðan prófastur, mæla með sölunni, og stiptsyfirvöldin þar á eptir eiga að leggja úrskurð á málið, virðist öll sú varúð við höfð, sem unnt er, svo að prestur eða kirkja eigi verði fyrir hallanum við kaupin.

Það er fært sem ástæða, bæði gegn hefðarlögum Dana í tilliti til kirknanna, og líka af meira hluta nefndarinnar í þessu máli, að prestar, fjarlægðar vegna, opt eigi geti sèð um ítök kirknanna, og að þeir stundum sèu friðsamir, hirðulitlir og eptirlátsamir um of við nágranna þeirra, og þá, í hverra löndum, eða fyrir hverra landi, þeim eða kirkjunum eru eignuð ítökin; en mèr getur ekki skilizt betur, enn að friðsemi þessi og eptirlátsemi eigi geti komið brauðunum að tjóni, eða staðarhöldurum að skaða, þegar búið væri að selja ítökin, því þá er það öllum auðsætt, bæði að ástæða sú, sem hèr af er dregin gegn hefð á móti kirkjum, fellur um koll, og líka yfirhöfuð, að þau ítökin ekki geta geingið undan kirkjunum, sakir vanhirðíngar og

eptirlátsemi prestanna, sem búið er að selja, og verður mèr þá þannig skiljanlegast, að með uppástúngu minni sè þess heldur mælanda, sem gjöra má ráð fyrir meira skeytíngarleysi, um eignir kirknanna, af prestanna hálfu, sem eg hinsvegar einganveginn gjöri eða get gjört, þareð mèr þvertámóti hefir virzt, að flestum þeirra sè mjög um þær hugað, en aptur opt minna um það, hvort gjört er á bændanna hluta í kirknanna hag eða eigi.

Það verður ekki með neinni vissu sagt, hve mikið sèrhvert mál, sem rekið er gegnum alla rètti, kostar alþýðu, því það er undir eðli málsins og kríngumstæðum komið, en eigi held eg, að ofmikið sè í lagt, þó talið sè til, að bændur leggi að minnsta kosti 200 rbdli til kostnaðar í sèrhverju þesskonar máli, sem svo lángt er rekið og veitt er gjafsókn í, og er kostnaður þessi þó lítilræði í móti þeim kostnaði, sem árlega geingur til þvílíkra málaferla, og undirbúnings þeirra við þíngsvitni, áreiðir o. s. frv. í hèraði um land allt, og sem eins, eptir gjafsóknarleyfi, lendir á bændunum. En þareð meiri hluti nefndarinnar eigi að síður virðist fara því fram, að ítökin því að eins ætti að selja, að kaupverðið samsvaraði ítakságóðanum, með svo mikilli viðbót við fullt verð, að viðbótin samsvari helmíngi þess, sem bagiun verður metinn meiri fyrir jarðeiganda, enn ágóðinn af ítakinu fyrir kirkjuna, og að auk helmíngi alls málskostnaðar, sem orðið getur, sè eg ekki annað fært, enn að ráða til, að takmarkaður verði rèttur kirknanna, til að fá gjafsókn í málum um ítökin, og það þannig, að gjafsókn aldrei sè veitt í þeim málum, fyrr enn það er upplýst við þíngsvitni og eptir kríngumstæðunum við áreið, á kostnað kirkna-umráðamanna sjálfra, hvernig máls ástæður eru, eða hvort ástæða sè til að veita gjafsóknina.

Eg verð að álíta það þess nauðsynlegra, að almennt konúngsleyfi sè feingið til að selja ítökin, og það samsýnu verði, sem þeir heiðruðu nefndarmenn álíta það ófært, að seld verði önnur ítök enn þau, sem minnst er í varið, og eru til lítilla sem eingra nota, en ætið fyrir svo óhemjulega hátt verð, sem áður segir, og sem það hingað til hefir verið haldið óleyfilegt að selja þau, svo að varla neinn jarðeigandi, enn þá sem komið er, hefir dirfzt að fara þess á leit, að kaupa þau; en það er áríðanda í þessu, sem öðru, að landsmenn viti, eptir hverju þeir hafa að gánga, en þegar einúngis er beðið leyfis til að

mega selja og mega kaupa ítökin, er það auðsætt, að enginn getur krafizt þess, að kaupa þau, og enginn prestur álitið það skyldu sína, að mæla fram með sölunni, hvernig sem á stendur, þó krafan sè gjörð, heldur hlýtur hann, eins í þessu tilliti sem öðru, að fara því fram, sem skyldan býður honum eptir veitíngarbrèfinu, að sjá um og vernda kirkjunnar rèttindi af fremsta megni. En því áð eins hefi eg álitið það nauðsynlegt, að stiptsyfirvöldin ættu að veita leyfið, að eg að öðrum kosti hygg, að það mundi verða sjaldan sem aldrei notað, bæði vegna þess, að svo stendur opt á, að það er undir kríngumstæðum komið, sem fljótt geta breytzt, að einhver vill kaupa; en eigi málið að kljást í kansellíinu, geingur til þess lángur tími, svo að eigendur jarðanna ámeðan verða annars hugar, selja jarðirnar eða deyja, og líka vegna hins, að mèr, einkum nú, af álitsskjali meira hluta nefndarinnar, þykir horfa til þess, að umráðamenn kirkna þá verði tilleiðanlegastir til að selja, þegar sú rekistefna er komin á með ítökin, að til málssóknar horfir um þau, og jarðeigendur, til að komast hjá kostnaði við málssóknina, sjá sig neydda til að gánga að kaupunum, hversu dýrkeypt sem ítökin yrðu; en verði nú að bíða eins eða fleiri ára tíma, áður enn úrskurður fellur eða kemur hlutaðeigendum til handa úr kansellíinu, efast eg mjögsvo um, að geingið geti saman með presti og jarðeiganda, um að leita leyfisins, í eintómri von um að fá það, því heldur sem verðið yrði hærra og jarðeigendur sjá, að minna því er unnið við kaupin, og mundu þeir, þegar högum er þannig varið, fremur eiga það á hættu, að hleypa í mál á móti umráðamanni kirkjunnar, á meðan þeir eiga hægra með að færa gögn fyrir rètti sínum, enn að eiga það undir von mjög leingi, hvort kaupin gjörast, máske með afarkostum; en þegar svo er ástatt, er þegar komið að útlátunum fyrir alþýðu, til málskostnaðar á kirkjunnar hlið, sem eg vilda komast hjá.

Samkvæmt framanskrifuðu, leyfi eg, Johnsen, mèr að mæla fram með, að þíngið beiðist þess hjá konúngi:

Að Hans Hátign allramildilegast veiti almennt lagaleyfi til að selja ítök kirkna, þegar lögleiga af kaupverði þeirra er eins há eða hærri, enn árságóði sá, sem kirkjurnar hafa af þeim, verður metinn til, þó svo, að stiptsyfirvöldin, sem veita leyfið í hvert skipti, þegar ástæður eru til, geti brugðið útaf þessari reglu fyrir söluverðinu, og að kirkj-

um þá fyrst verði veitt gjafsókn í málum um eignarrèttindi þeirra og ítök, þegar fyrirfram er búið að fá þvílíkar upplýsingar við þingsvitni, og eptir kríngumstæðunum við áreið, eða á annan hátt, að það sè amtmönnum sennilegt, að þær hafi á rèttu að standa".

Framsögumadur: Eg hefi eingu að bæta við ástæður meira hluta nefndarinnar, og fáu einu við álitsskjal minna hlutans. Eg fæ ekki betur sèð, enn að minni hlutinn hafi annaðhvort ekki viljað skilja, eða ekki getað skilið, reikníng þann, sem meiri hlutinn gjörði yfir rètt kaupverð ítakanna, ef þau ættu að verða seld, eptir því, sem minni hlutinn ætlast til; það var einganveginn tilætlan meira hlutans, að svo skyldi selja, heldur bent til, hversu ósanngjörn uppástúnga minna hlutans væri, og óliklegt að henni yrði framgeingt.

Þar sem meiri hlutinn hefir nefnt „*postulat*" málarekstur þann, er minni hlutinn segir að leiði af ítaka-eign kirknanna, þá hygg eg það sè rètt valið orð, þar sem svo mikið er gjört úr sliku, og meira enn er í raun og veru. Opinber sættastörf hefi eg haft á hendi nú um 20 ár, og hefir ekkert slíkt mál fyrir mig komið; sama er að segja um það, að í mínu minni hefir ekkert slíkt mál fyrirfallið í Borgarfjarðarsýslu; hún er nú að vísu einúngis $\frac{1}{18}$ hluti landsins, en þar, sem hèr er þíngmaður úr hverri sýslu, geta þeir bezt borið um það, hvort slík mál sèu algeing.

Assessor Johnsen: Eg skal nú vera mjög fáorður í máli þessu, sem að vísu er orðið nógu lángt, en með tilliti til efa þess, sem á hefir verið, um það, hvort bannað sè að selja ítök kirkna, verð eg þó að geta þess, að mèr virðist það lítið efnarmál, því auk þess, sem ráða má af konúngs-úrskurði 24. Febr. 1747 í því efni, er og til konúngsbrèf frá 30. Júní 1786, sem bannar að selja eða skilja eignir og ítök frá þeim kirkjum, sem seldar voru undan Skálholts stóli, og segir þar, að með kirkjueignir skuli fara eptir lögunum, og mun hèr þá vera bent einkum til norsku eða dönsku laga, sèrílagi 2—12—1, sambr. 2—22—1, 7, 12, 13 og 25, enda veit eg ekki betur, enn að bæði hinir geistlegu hèr í landi, og hið konúnglega danska kansellí byggi það á þessum konúngs-úrskurði, að það sè óleyfilegt, að selja eignir og ítök kirkna, og mun það meðal annars sjást af kansellíbrèfi til stiptsyfirvaldanna 17. Desembr. 1833, og 7. Maí 1836, sem skipa, að nokkrar hjáleigur, sem voru seldar með

stiptsyfirvaldanna samþykki, undan Stórólfshvoli í Rángárvallasýslu, þó með þeim hætti, að kirkjan þar einkis gat mist í af ársinngjöldum hennar, skuli hverfa aptur til kirkjunnar, og salan vera ógyld að lögum. Að öðru leiti verð eg að svara því, til þess, sem hinn heiðraði framsögumaður nýskeð mælti, að eg gat ekki komizt öðruvísi að meiníngu meira hluta nefndarinnar, enn að hann sjálfur ætlaðist til, að ítökin yrðu seld svo háu verði, sem eg hefi drepið á í mínu ágreinanda álitsskjali, og varð eg að halda, að það riði á eingu, hverra helzt orsaka vegna verðið var tekið til svo hátt af meira hlutanum.

Framsögumaður: Að hve miklu leiti leyfið sè fáanlegt nú eður ekki, þarum vil eg ekki þrátta við lagamann; en það veit eg, að heil ítök og jarðir hafa verið seld undan kirkjum án konúngsleyfis. Sala á jörðum Stórólfshvols kirkju var aptur kallað, af því kanselliið hafði aldrei leyft söluna. Eg vona, að hverjum manni sè ljós hin rètta meiníng í reikníngi meira hlutans; af honum sèst hvað óskin í bænarskránni er ósanngjörn, og að sá hafi aldrei verið tilgángurinn, að sanna með honum það, sem farið er frammá í bænarskránni.

Konúngsfulltrúi: Mèr virðist, að mál þetta hverfi að tveim aðalspurníngum, og megi þær vera stuttar bæði í sögn og svari:

1. Hvernig er nú ástatt með sölu á ítökum kirkna? og
2. er það þarflegt og æskilegt, að þessu ástandi sè í nokkru breytt?

Hvað hina fyrri spurníngu snertir, þá ætla eg að ljóst sè, bæði það, að ekkert beint bann er móti því, að selja slík ítök, þareð konúngsbrèf 30. Júní 1786 einúngis talar um, hvernig haga eigi sölunni á kirkjum og kirkjujörðum, er lágu undir biskupsstólinn í Skálholti, o g hitt, að til slíkrar sölu þarf að sækja sjálfs konúngs leyfi; má sjá það af konúngsbrèfum frá 5. Desembr. 1823, um sölu á rekaítaki undan Barðskirkju í Skagafjarðarsýslu, og frá 24. Marz 1824, um sölu eyðijarðarinnar Gilstreymis undan Fitjakirkju; eru konúngsbrèf þessi í hinu almenna konúngsbrèfasafni (*Rescriptsamling*).

Hvað hina síðari spurníngu snertir, þá ætla eg, að það muni ekki vera þarflegt, að því sè breytt, sem nú við geingst í þessu efni, þareð rèttindum kirkna naumast mundi verða borgið, ef yfirvöldum væri leyft að selja ítök undan þeim, og hinsvegar sè eg ekki, að þegar svo er ástatt, að salan virðist

vera þarfleg, að það sè henni þá til nokkurrar fyrirstöðu, þó leyfið sè feingið hjá sjálfum konúngi. Eg efast og um, að breyting fáist á þessu, sem er samkvæmt þeirri aðferð, sem við er höfð í Danmörku.

Prófastur Halldór Jónsson: Eg ætladi mèr líka að nefna annað af þeim konúngsbrèfum, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi þegar hefir tilfært, nefnilega konúngsbrèfið 5. Desembr. 1823, til sönnunar því, að leyfi feingist til að selja ítök kirkna; og sannar það líka, að þesshättar leyfi ekki sè álitið ófáanlegt, þegar kríngumstæður mæli fram með því, því rekarètturinn var seldur eptir bónarbrèfi frá bóndanum, sem þá var á Yztamói, og átti þessa jörð; og í þriðja lagi er það líka til vitnisburðar um, að ekki sè orsakalaust að kvíða því, að kirkjum kunni á stundum verða stofnaður skaði með þessu móti, því það er mèr kunnugt, að prestur sá, sem nú er á Barði, er óánægður með, að rekarèttur þessi var seldur frá kirkjunni, og allir geta nærri, að renta af 20 rbd. muni vera lítið hagræði í samanburði við viðreka, þó lítill væri, og hvalvonin væri einkis metin.

Assessor Johnsen: Eg get þó ekki annað enn álitið, að konúngsbrèf það, sem eg skýrskotaði til, inihaldi almennt forboð gegn sölu ítakanna, og að þessu konúngsboði yfirhöfuð verði að fylgja, þar sem, eins og hèr er ástatt, eingar aðrar reglur eru til, og mun það því vera sjálfsagt, eins og hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hefir skýrt frá, að konúngur sjálfur í hvert skipti verði að leyfa söluna, eða að gjöra undantekníngar frá tèðu konúngsbrèfi, á meðan það eitt er í gyldi í þessu efni; en hversu æskilegt það sè, bæði fyrir bændur og líka kirkjurnar, að leyfið til sölunnar sè veitt, með þeim hætti, er eg hefi farið á flot, vona eg að mèr hafi tekizt að leggja fyrir sjónir, bæði í uppástúngu minni og mínu ágreinanda álitsskjali.

Eg læt það svo vera, að presturinn á Barði hafi beðið skaða af sölu þess ítaks, sem hinn heiðraði konúngkjörni alþíngismaður nú vèk á, en þegar reglu þeirri er fylgt, sem eg hefi stúngið uppá, að ítökin því að eins megi selja, ef lögleiga söluverðsins samsvarar árságóða þeirra fyrir kirkjuna eða brauðið, þá ætla eg, að til hlýtar sè sèð við lekanum í þessu efni, og að presturinn á Barði máske verði sá einasti, sem iðrast eptir sölunni.

Framsögumadur: Þá þyrfti reyndar ekki að kvíða skaða, ef verð ítaksins ætti að fara eptir ágóða þess; en útaf því hefir viljað bera, og svo mun verða enn, og frekar, ef leyfið væri enn þá auðfeingnara enn áður. Hvorki munu stiptsyfirvöldin nè prófasturinn hafa viljað selja rekann undan Barðs kirkju henni í óhag, þó finnur presturinn, að hann bíður mikin skaða af þeirri tölu, eins og sannað var fyri skemmstu. Það er gott, og má nægja, að söluleyfi er fáanlegt, en enginn bagi, þó það leiði með sèr bæði fyrirhöfn nokkra og drátt. Sá mun enginn kaupa, sem ekki hefir neina von um, að honum endist líf ári leingur. En hinsvegar er hægt að leiða rök að því, að skaði er búinn brauðum, er auðgjört verður að selja ítökin; það er næsta misskipt, hver á heldur, svo þar getur einn prestur haft margra rbd. ágóða af því ítaki, sem annar hefir vart ½ rbd. árlega.

Selstöðu-ítak þekki eg t. d., sem brúkað var til forna og þótti prestum þá hinn mesti hagur; komu þá eptir prestar, sem aldrei notuðu og þótti ekkert í varið; nú er sú hin sama selstaða brúkuð að nýju og þykir mikils virði; — þeir sem ekki notuðu þetta ítak, mundu hafa verið þess fúsir, að selja það við litlu verði, þar sem sá, er nú brúkar, og er kominn að raun um kosti þess, mun ekki vilja selja það fyrir mikið.

Prófastur H. G. Thordarsen: Mèr virðist það allshendis nægja, að í þessu efni standi við það sem nú er, að leyfi geti feingist til sölu á ítökum, þegar þess er rèttilega leitað, sem er til konúngsins; enda er eg viss um, að minna hlutaðum kemur eigi í hug, að það liggi á því, að ítök sèu seld í skyndi, heldur að það megi leyfast, að þau geti selzt, þegar svo stendur á. Meiri hlutinn hefir ekki á móti þessu, en vill einúngis, að eigi sè gjört of hægt fyrir að selja þessháttar undan kirkjum; virðist mèr því lítill meiníngamunur, þegar allir vita, að leyfið getur feingist, þegar þess er leitað til konúngs og honum virðast kríngumstæður annars mæla með því — og fari því bezt, að standi við það sem er.

Assessor Johnsen: Með tilliti til þeirra atriða, sem þeir tveir heiðruðu þíngmenn, er seinast mæltu, tóku fram, þykir mèr nægja að skýrskota til uppástúngu minnar og nefndarálits míns, hvar eg ætla, að þau til hlýtar sèu tekin til greina og ástæðunum, sem þar af eru dregnar, hrundið.

Var þannig lokið undirbúningsræðu þessa máls, og lagði Varaforseti aptur fram málefnið um, að Reykjavíkurbúar yrðu teknir í brunabótafèlög með Dönum, o. s. frv., og lèt afhenda álitsskjal nefndarinnar framsögumanni hennar, assessor Johnsen, en hann las það upp, og er það þannig látanda:

„Hið heiðraða alþing hefir kvadt oss undirskrifaða í nefnd, til að láta í ljósi álit vort um frumvarp frá mèr, Assessor Johnsen, viðvíkjandi því, að kaupstaðurinn Reykjavík annaðhvort verði tekinn í brunabótafèlag með Dönum, eða þá, að Hans Hátign konúnginum allramildilegast mætti þóknast að taka að sèr ábyrgðina, ef hús bæjarmanna í Reykjavík brynnu.

Vèr höfum tekið mál þetta til ýtarlegrar yfirvegunar, og getur oss ekki skilizt, að annar vegur liggi því til framkvæmdar, enn sá, sem flutníngsmaður hefir stúngið uppá. Vèr hljótum allir að vera því samdóma, að eigi stoði að fara því á flot, að bæjarmenn stofni brunabótarsjóð sèr. Húseigendur eru hèr svo fáir, og flestir þeirra svo efnalitlir, að þeir ekki mega við því, að leggja mjög háan skerf til brunabótanna, eða hærri enn þann, sem stúngið er uppá að bæjarmenn láti af hendi, ef þeir kæmust í fèlag með Dönum, á ári hverju. Stein- og timburhús þau, eða húsa-eignir, sem menn mælast til að verði bætt brunabótum, eru samtals 55, en hèraf eru að eins 49 eign bæjarmanna sjálfra, og að öðru leiti er svo ástatt, eins og sjá má af mælíngar- lýsíngar- og virðíngar-gjörð þeirri, er haldin var yfir húsa-eignir bæjarins í fyrra, og framlögð er hèr á þíngi, að einn maður var eigandi að 5 af enum stærstu og verðhæstu húsa-eignum bæjarins, og 5 aðrir, flestir þeirra mjög efnalitlir, að tveim hver um sig, svo að ekki verður talið til, að fleiri sèu hèr prívat-eigendur húsa, enn á að gizka 40 manns, og þarað nú munur verðs á þeim er mjög svo mikill, og þeir að öllum jafnaði eiga þau flestu og verðhæstu húsin, sem færastir eru um að þola skaðann, ef hann bæri að, og að eiga undir hættunni, en hinir þarámóti eru þeir flestu, sem lítið sem ekkert hafa afgángs af lífs-nauðsynjum þeirra, svo er það auðsætt, að báðir þessir flokkar eigendanna yfirhöfuð eru eins ótilleiðanlegir til, að leggja meira í sölurnar til ábyrgðar húsa þeirra, enn góðu hófi gegnir, og að þeir heldur kjósa á að freista heppni þeirrar, sem nú framt að 60 árum samfleytt hefir verið yfir bænum, í tilliti til eldsvoða, enn að leggja öllu meira til brunabótanna ár hvert, enn stúngið var uppá, þá er mál þetta

árið 1840 var borið upp á fulltrúaþingum Dana, og voru það 30 sk. af 100 rbd. hverjum, þegar hús liggur nær enn 10 álnir, 25 sk. þegar það liggur á milli 10 og 20 álna, og 20 sk. þegar það liggur yfir 20 álnir frá öðrum húsum; og er það eðlilegt, að sérhver eigandi mundi vilja njóta þess hagnaðar af afstöðu húsa sinna frá öðrum húsum, sem þannig þegar er tekinn til frá upphafi. Það er þarhjá aðgætanda, að mjög mörg ár yrðu að líða, áður enn í sjóð yrði safnað svo miklu af hendi bæjarbúa, enn þótt árstillagið gæti orðið töluvert hærra enn nú var sagt, en það álítum vèr yfirhöfuð óvinnanda, að eldsbruni yrði nokkrum bættur öðruvísi, enn að því sjóðurinn hrykki til.

Enn fremur er, eptir kringumstæðunum, eingin von til, að fleiri verzlunarstaðir í landinu yrðu fáanlegir til að leggja í sjóð þenna ásamt Reykjavíkingum, enda væri þar af einkis hagnaðar von, að því leiti, sem hina aðra verzlunarstaðina að öllu leiti vantar tilfæringar og áhöld til að slökkva eldinn, ef hann kæmi upp í húsum þeirra, og að mörg vandkvæði mundu verða á, að gefa virðingum og öðru því, er varna ætti gegn tjóni og skaða, gætur á hinum verzlunarstöðunum í kringum allt land.

Kaupstaðurinn Reykjavík á nú þar á móti af slökkvitólum 3 ánægjanlega stórar slökkvipípur, með öllu því, er þar til heyrir, leðurfötur og annað þesskonar að því skapi. Einn verzlunarstjóri bæjarins á þar að auki eina slökkvipípu. Þar að auki eru til 4—5 handslökkvipípur í bænum, 30 leðurfötur við hinn nýja skóla, 6 við hús stiptamtmannins og eins við landsyfirrèttarhúsið, og það auk þeirra, sem til eru víða í verzlunarhúsum bæjarins. Stigar eru hèr nógu margir, og vel brúkandi við eldsbruna. Vèr ætlum það hèr af auðráðið, að í bæ þessum séu slökkvitól, eingu síður enn í þeim kaupstöðum Dana, sem eru á rek við Reykjavíkur-kaupstað, hvarámóti vèr eigi vitum betur, enn að þau víðast hvar alveg vanti á hinum verzlunarstöðum landsins, hversvegna oss eigi virðist það árennilegt, að þreyngja oss í félagskap með þeim, þó þess væri nokkur kostur.

Reykjavíkurbúar hafa, eins og sjá má af útskript þeirri, er vèr höfum öðlazt úr borgara-samkundubók bæjarins, og hèrmeð fylgir, óskað þess í einu hljóði, að mæling sú, lýsing og virðing stein- og timburhúsa í Reykjavík, sem fulltrúaþingi Eydana þótti vanta, þegar mál þetta þar var rædt ár 1840, yrði

gjörð á bæjarins eða þeirra kostnað, í því trausti og von, að tèð fulltrúaþíng eigi hefði mælzt til þvílíkra upplýsínga, ef það eigi hefði verið einlægur vilji þess og ósk, að verða við bón vorri í þessu efni, og þótti öllum það því mjög áríðanda, að leggja allt það í sölurnar, sem þeir megnuðu, til þess, að tilmælum Eydana yrði sem bezt fullnusta gjör. Til enn betri upplýsíngar og glöggvunar á afstöðu húsanna innbyrðis frá sjónum, læknum, tjörninni og brunnunum, vonum vèr að ráð verði til að útvega þann uppdrátt af bænum, er Frakkar gjörðu árið 1836, ef ekki annarstaðar, þá þó á bókasöfnum í Kaupmannahöfn. Að öðru leiti sjáum vèr ekki betur, enn að lýsíngar- og virðíngargjörðin sè svo skilmerkileg og nákvæm, sem færi getur verið á að gjöra hana; en hvað virðíngargjörðinni útaf fyrir sig viðvíkur, þá varð eingum öðrum mælikvarða fylgt, enn byggíngarkostnaði húsanna eptir beztu vitund og áliti virðíngarmanna, að frádregnum svo miklum hluta verðs, sem húsin þykja hafa geingið af sèr, síðan þau voru byggð, og ætlum vèr, að þetta sè mælikvarði sá, sem fylgt er í Danmörku, hvarámóti það er auðsætt, að kaupverð húsanna, sem hlýtur að gánga upp og niður eptir því, hvernig á stendur, eða á hverjum tíma, og hvort margir vilja kaupa eða fáir, eigi fær gefið neina reglu eða mælikvarða við virðíngu þeirra til brunabóta. En að húsin eigi sèu virt of hátt, má ráða af því, að margir húseigendur, þeir er sjálfir voru viðstaddir virðínguna, þá strax gáfu uppskátt, annaðhvort að þeim þætti of lágt virt, eða að byggíng húsanna hefði kostað þá meira enn virðíngarupphæðina (sjá hús No. 6, 9, 19, 21, 22, 25, 30, 31, 33 og 55), en aðrir, sem ekki voru til staðar, lýstu enn meiri óánægju yfir virðíngunni seinna.

Þegar nú þarhjá er tekið til greina, að ekki er farið framm á hærri brunabætur, enn tvo þriðjúnga verðs, og ætlazt er til, að virt sè upp aptur þriðja hvort ár, mun fæstum geta komið til hugar, að hætt verði við húsbruna af ásetníngi nokkurs bæjarbúa, til að komast yfir brunabæturnar; en á hinn bóginn er oss það í augum uppi, að velferð og velgeingni manna á millum í kaupstað þessum er undir því komin, að hann njóti bænheyrslu; því auk þess, að allflestir bæjarbúar eru hèr svo á vegi staddir, að aleiga þeirra er þeim mist með húsum þeirra og búsgögnum, ef þau brynnu, svo er þeim það næsta mikils virði, og einkum verzlunarmönnum og iðnaðarmönnum þeim,

sem þar eiga hús, að geta átt kost á að veðsetja þau fyrir láni, til að geta komið ár sinni fyrir borð við atvinnuvegu þeirra, en allir sjá að teflt er uppá heppni eina fyrir hvern þann, sem tæki hús þau að veði, er eigi verða bætt brunabótum, ef þau brynnu.

Að vísu hefir Reykjavík, eins og áður er getið, nú um meir enn hálfa öld komizt hjá tjóni af eldsvoða, og er þetta eitt af þeim atriðum, sem gripið er til á móti uppástúngu þeirri, sem hèr ræðir um; en þó þessu sè nú svo varið, verðum vèr samt allir að virða þá viðleitni hjá bæjarbúum, sem hèr að lýtur, og vèr getum eigi annað, enn álitið það óframsýni og skeytíngarleysi um velferð þeirra og velgeingni framvegis, ef þeir leingur geingju áfram eins óviðbúnir hættunni, og þeir híngað til hafa verið.

Hvað eldsneyti það, eða móinn, sem brennt er í Reykjavík, snertir, þá ætlum vèr, að allir hinir virðulegu alþíngismenn muni vera á voru máli um það, að hann sè eitt hið óeldfimasta allra eldsneyta, og er það þess ljósastur vottur, að naumast brennur trè það, sem móreykur leingi hefir leikið á, hversvegna reykháfa-eldur hvergi getur orðið að tjóni, þar sem mó er kynt; enda sjáum vèr ekki neina ástæðu til að halda, að bæjarmenn freistuðust til að fara óvarkárlegar með ösku eða eld, þó að þeir feingju aðeins $\frac{2}{3}$ hluta hús-verðs þeirra bætta úr brunabótasjóði. Að vísu eru næstum öll hús bæjarmanna úr timbri að utan, og eru þau annaðhvort máluð eða bikuð; en eins og á fulltrúaþíngi Eydana eru færðar sönnur á það, að bikuð timburhús og þök, sem ýmist þorna og vökna, bráðum verða næsta óeldfim, svo ætlum vèr, að það nái eingri átt, að setja þau þök á borð við stráþök, sem verið hafa hjá Dönum, að eldfimi.

Því er lýst yfir af mörgum þjóðfulltrúum Dana, að þeim sè vel til vor Íslendínga, enda þekkjum vèr þess margan vott, og erum vèr þess fullvissir, að þeir þá enn, sem fyrri, láti velvild sína koma fram við oss, þegar vèr höfum hennar sem mesta þörf, það er að segja eins og hèr er ástatt, til að vernda oss gegn hörmúngum og hættu; en verði ekki Reykjavíkurbúum hjálpað um brunabætur af þeirra eða konúngsins hálfu, stendur sú hættan þeim öllum fyrir hugskotssjónum, sem mundi gjöra þá flesta öreiga, er hún ber að, og koma þeim á vonarvöl, og kjósa þeir heldur að greiða þann skerf, sem þeir megna,

sèr sjálfum til verndar framvegis, enn eiga á þvílíkri hættu, og það ætlum vèr, að þeim verði ekki láð.

Þareð því er hreyft af kaupstaðabúum Dana á fulltrúaþingum þeirra, að Reykjavík eigi sè nær að leita á brunabótafèlag þeirra enn landsbygðarmanna, og af hvorum tveggja, að næst liggi við fyrir oss, að komast í fèlag með Kaupmannahafnarbúum um brunabæturnar, svo er varla annað sýnna, enn það, sem farið er á flot í frumvarpinu, um, að annaðhvört 1, 2 eða fleiri fèlaga þessara veiti Reykjavík ásjá, og getum vèr sjálfsagt eigi gjört ráð fyrir öðru, enn að konúngur fari því aptur á flot á þessa leið við fulltrúaþíng hans í Danmörku, nema ef sjálfum honum allramildilegast mætti þóknast, án þess, að taka að sèr ábyrgð húsanna til brunabóta.

Vèr leyfum oss því, þessu samkvæmt, að ráða alþíngi til:

Að það allraþegnsamlegast beiðist þess hjá konúngi, að honum allramildilegast mætti þóknast að koma því leiðar, að kaupstaðurinn Reykjavík verði tekinn í brunabótafèlag, annaðhvort með kaupstöðum eða landsbygðarmönnum í Danmörku, eða með hvorum tveggja, eður og loksins inní brunabótafèlag Kaupmannahafnarbúa, nema hans Hátign allramildilegast sjálfur vilji unna húsum bæjarbúa ábyrgðar gegn eldsvoða, mót brunabóta - tillagi því sem að framan er tilgreint, allt með þeim hætti, er hans Hátign allramildilegast mætti þóknast að ákveða.

Konúngsfulltrúi: Þar sem eg tek nú til máls, til þess að mæla gegn því, að alþíngið sendi bænarskrá um málefni þetta, eins og það enn er vaxið, þá vil eg þó fyrst geta þess, að eg ætla, að eingum sè fremur annt um enn mèr, að tilgángi uppástúngumanns verði framgeingt; því eg veit glöggt, að það er fremur flestu mikils umvarðanda fyrir Reykjavík, að húsum verði þar borgið fyrir eldsvoða, bæði til þess, að verja hana því, að hún brynni, ef til vildi til kaldra kola, svo og til þess, að styrkja húseigendur þar til þess, að fá skuldatraust (*Credit*) með húsum sínum, sem, eins og nú er á statt, ekki á sèr stað, því það ræður að líkindum, að eingum getur verið þægð í að taka þann hlut að veði, sem orðið getur að eingu á skammri stundu. Þessvegna gjörði eg, meðan eg var stiptamtmaður hèr á landi, það sem í mínu valdi stóð, til þess að Reykjavík yrði tekin í brunabótafèlag. En fyrir þá sök mæli eg nú á móti því, að send verði hænarskrá um þetta mál frá

alþingi, að eg hygg, að það fáist eigi með þessum hætti, sem uppástúngumaður og nefndin hafa beðizt, heldur þvert á móti, að skyldi málinu, eins og það er nú vaxið, verða farið þannig á flot, sem uppá hefir verið stúngið, þá munu líkurnar verða enn minni fyrir því, að tilgánginum verði náð.

Því er farið á flot í bænarskránni og í nefndarálitinu, að alþíng skyldi biðja konúng að koma því til leiðar, að Reykvíkíngar yrðu teknir í brunabótafèlag, annaðhvort með kaupstaðabúum í Danmörku, eða með landbúum, ellegar með hvorumtveggja, eða með Kaupmannahafnarbúum, eða þá að síðustu, að konúngur sjálfur, það er með öðrum orðum ríkissjóðurinn, vildi taka að sèr brunabótarábyrgðina. Einúngis það, að bendt hefir verið á 5 útvegu, vekur grun um, að menn hafi verið vondaufir um að nokkur þeirra dygði. Eg vil nú benda mönnum á þær torfærur, sem mæta, hverja leiðina sem farin er.

Það er þá fyrst aðgætanda, hvað brunabóta-fèlög í hinum dönsku kaupstöðum snertir, að kalla má að allir þessir kaupstaðir sèu í einu fèlagi, þareð hver sá maður, sem á hús í kaupstað, er skyldur að gjalda fè fyrir í brunabótasjóðinn, og þareð sú venja hefir leingi staðið, á nú sá brunabótasjóður frekar 500,000 rbd., og hafa menn þessvegna þókzt færir um, að láta þá húseigendur lausa við allt gjald til brunasjóðsins, sem goldið hafa yfir 20 ár, þegar húsin að öðru leiti eru þannig löguð, sem á er kveðið, og er þá einúngis goldinn brunaskattur af þeim húsum, sem eigi hafa goldið svo lánga tíð, og ekki eru þannveg löguð, sem áskilið er. Ef Reykjavík yrði tekin í fèlag með þessum kaupstöðum, þá er það ljóst, að allt á annan veg yrði ástatt fyrir henni í tilliti til brunasjóðsins enn hinum öðrum kaupstöðunum, því þess gætu menn aldrei vænt, að Reykjavík skyldi hafa hag af því fè, er hinir aðrir kaupstaðir hafa safnað í mörg ár. Þessvegna var hèr eitt sinn stúngið uppá því, og bæjarmenn í Reykjavík buðust til að borga býsna há tillög (20, 25 eða 30 sk. af hverjum 100 rbd.), en það er þó ljóst, að brunasjóður kaupstaðanna tækist talsverða ábyrgð á hendur, ef Reykjavík yrði tekin í fèlagið, þar sem hinsvegar árs tillög hennar yrðu lítil í samanburði við annað fè sjóðsins. Hvað brunabótafèlögin á landsbyggðinni snertir, þá eru þau allt með öðrum hætti; þar er enginn skyldur að gánga í brunabótafélag, heldur getur hver farið að því eptir vild sinni, og hefir þar ekki verið safnað

neinum brunabóta-sjódi, einsog í kaupstöðunum; en á landsbyggðinni í Danmörku hagar allt öðruvísi til enn hèr í Reykjavík, og mætti vel vera, að örðugra væri að koma sèr þar í fèlag enn í kaupstöðunum. Ef bæði kaupstaðabúar og sveitabúar í Danmörku ættu að taka Reykvíkínga í fèlag með sèr, þá hlytu þessir hvorir tveggja að lenda í reikníngum sín á millum, sem að líkindum yrðu ekki auðveldir, þar sem um svo ólíkan fèlagskap væri að gjöra. Hvað Kaupmannahöfn snertir, þá er sú borg í fèlagi fyrir sig, sem líkist kaupstaðanna, og er brunasjóðurinn þar orðinn að vöxtum yfir 1,500,000 rbd., og hús þau, sem gjörð eru á þann veg sem lög gjöra ráð fyrir, eru laus við allt gjald til brunasjóðsins, þegar þau hafa goldið til hans í 33 ár. Að öðru leiti er brunabótafèlag Kaupmannahafnarbúa svo aðgreint frá öðrum, að þeir menn sem búa útaf borgarhliðum eru ekki í fèlagi með staðarbúum.

Þegar frumvarp var sent fyrir nokkrum árum hèðan frá Íslandi, um það, að Reykjavík yrði tekin í brunabótafèlag með dönskum kaupstöðum, var það að líkindum, að þó konúngur æskti þess, að því máli yrði framgeingt, þá gat hann ekki þraungvað kaupstaðabúum til þess, að taka bæjarmenn hèr í fèlag með sèr, án þess að vita, hvort kaupstaðamenn voru fúsir á það. Fyrir því var málinu skotið til fulltrúaþíngs í Hróarskeldu og Vebjörgum árið 1840, og þó að einkum í Hróarskeldu væru margir, er gjörðu að því gáðan róm eg vildu verða við tilmælum Reykvíkínga, þá urðu þó hinir fleiri, er á móti mæltu, og vera má, að menn hafi ekki þókzt þess umkomnir, að ráða til þess, í nafni allra hlutaðeigandi fèlagsmanna, að Reykjavík yrði tekin í brunafèlag, þareð það gat orðið fèlaginu til stórs skaða. Urðu þeir 18 á Hróarskeldu- en 4 á Vebjarga-þíngi, sem mæltu með því, að Reykjavík yrði tekin í fèlagskap; en á Hróarskelduþíngi urðu fleiri á því (38 gegn 27), að nákvæmar skýrslur yrðu feingnar um það, hvernig tilhagaði í Reykjavík, svo það yrði betur aðgætt, hvort og hversu mikil áhætta væri að taka bæinn í fèlag. Af þíngtíðindunum sjá menn, að skýrslur þær, er menn æsktu, lutu einkum að því, að vita tölu, verð og afstöðu húsa í Reykjavík, svo greindi menn og á um það, hversu eldfimt væri eldsneyti í bænum. Þegar nú er spurt, að hve miklu leiti allar þær skýrslur, sem um var talað, sèu komnar, annaðhvort í bænarskránni eða nefndarskjalinu, þá ætla eg, að enn vanti nokkuð. Um tölu og

verð húsanna gjöri eg ráð fyrir að sè nægilega skýrt frá í virðingargjörð þeirri, er haldin hefir verið, en sem eg ekki er kunnugur, þareð hún kom fyrst í hendur mèr nú á þessari stundu; en eg verð að gjöra þá athugasemd, að mèr virðist, það á minna standa í þessu máli, hvort húsa verðið í virðingargjörð þessari er nokkuð hærra eða lægra, því sami verður jöfnuðurinn millum ábyrgðarinnar og tillaga þeirra, sem goldin eru á ári hverju. Þar á móti stendur það á mjög stóru, að menn fái glöggva skýrslu um innbyrðis afstöðu húsanna, þareð hættan fyrir því, að eldur læsi sig úr einu húsi í annað, er að miklu leiti undir því komin, hvað löngur vegur er millum húsa og hvort komið verður við slökkvitólum millum þeirra. Hvað þessu viðvíkur, þá hefir uppástúngumaður og nefndin vísað á uppdrátt af bænum í riti einu eptir Frakka. Eg hefi einhverju sinni sèð uppdrátt þenna, en þó er mèr það mjög til efa að hann verði að fullum notum í þessu efni, því til þess mun þurfa nákvæman uppdrátt og nægilega stóran mælikvarða. Hefði þá og uppástúngumaður eða nefndin átt að sjá fyrir því, að sú skýrsla feingist, heldur enn að vísa til þess hjá öðrum. Hvað eðli eldsneytisins snertir, þá er það heldur ekki nóg, að það sè að eins lauslega drepið á ymsar tilgátur um það. Eg hefi áður látið þá ætlun mína í ljósi, að reynsla mín í þessu efni væri sú, að mó þann er hèr væri brennt, væri ekki að óttast, þareð ekki gæti kviknað í sóti hans; embættismaður nokkur íslenzkur hefir áður látið gagnstæða meiníngu í ljósi, og borið reynsluna fyrir sig. Einnig um þetta atriði mundi með öðrum hætti fást áreiðanleg vissa. Þegar nú svo er ástatt, get eg ekki annað enn borið kvíðboga fyrir, að yrði málið, eins og það nú er vaxið, lagt aptur fyrir fulltrúaþíng Dana, mundu eingar líkur til að því reiddi betur af enn hið fyrra sinni, og færi svo, þá mundi eflaust útsèð um að Reykjavík kæmist nokkru sinni í brunabótafèlag í Danmörku. Mèr virðist þaraðauki, að það eigi betur við, að halda málinu áfram þá leið sem kannsellíbrèf frá 27. Febr. 1841 benti til, nefnilega frá bæjarstjórninni til yfirvalda þeirra, er hlut ættu að, því ef þá þætti eitthvað vanta, gætu menn alltaf ritast á um það.

Nú er þá einúngis eptir að geta þess, hvort nokkrar líkur sèu til, að konúngur leyfi, að ríkissjóðurinn taki að sèr ábyrgð á Reykjavík fyrir eldsvoða. Öllum mun auðskilið, að slíkt,

ætti öldúngis ekkert skylt við ákvörðun ríkissjóðsins. Eg vil gjöra þingmönnum það enn ljósara, hvort menn geta búist við þessu. Eg ætla um stundarsakir að láta svo, sem þeir hafi haft rètt að mæla, er ætluðu, að jarðabókar-sjóðurinn væri laus við ríkisfjárhirzluna og sèrstakur handa Íslandi, eins og hreift var hèr um daginn. Ef menn nú spyrðu, hvort landsmenn vildu fallast á það, að sjóður þessi tæki að sèr ábyrgð á Reykjavík allri — en hús hennar eru í virðingargjörðinni metin á 180,000 rbd — og feingi aptur árleg tillög bæjarmanna til brunasjóðsins, þá er grunur minn sá, að landsmenn yrðu ekki í efa um hverju svara skyldi. En það liggur í augum uppi, að meiri ójöfnuður er í því, að ríkisjóður Dana skyldi taka þá ábyrgð að sèr, þareð líkindi eru til þess, að erlendis liggi mönnum lèttara á hjarta velmegun Reykjavíkur heldur enn Íslendíngum sjálfum.

Framsögumaður: Nefndin var hvorki vonarlaus nè heldur úrræðalaus í þessu máli; vonina byggir hún á tillögum Eyðana fulltrúaþíngs, um, að skírt sè frá, hvernig húsum í Reykjavík hagar til o. s. frv., og uppástúngu sína hefir hún eins lagað eptir því, sem fór fram á báðum fulltrúaþíngum Dana. En þó að kaupstaðir Dana nú eigi yfir ½ millión í brunabótasjóð þeirra, og Kaupmannahafnarbúar yfir 1½ millión, og hvorugir gjaldi neitt sem nemur í brunabótasjóðinn árlega, og kaupstaðirnir alls ekki af flestum húsum þeirra, skilst mèr samt ekki, að hèraf verði dregin sú ályktun, að þeir fyrir þá sök sèu ótilleiðanlegri til að taka Reykjavík í fèlag með sèr, móti því næsta háa árstillagi, sem hèðan stendur til boða; en þó landsbygðarmenn í Danmörku ekki sèu skyldir að láta virða hús sín til brunabóta, eða til að leggja í brunabótasjóðinn, ætla eg samt að ekkert sè því til tálma, að þeir geti tekið Reykjavík inní fèlag sitt, með þessari skyldu.

Afstaða húsanna hvers frá öðru, hvar þau standi og hvernig í bænum, er svo nákvæmlega tekið til og skilmerkilega, í lýsíngar- og virðíngar-gjörðinni, sem eg held að sè unnt, og það svo, að naumast muni þurfa afmálun yfir bæinn til þess, að sèrhver geti feingið ljósa hugmynd af lýsíngargjörðinni sjálfri í þessu efni, og undireins um allt annað, sem þeim ríður á að vita, er menn vænast nokkurrar ásjár hjá í þessu máli; en þurfi þeir enn fremur að hafa fyrir sèr uppdrátt af bænum, þá heldur nefndin, að hann líka sè fáanlegur á bókasöfnum í

Kaupmannahöfn, eptir Frakka frá 1836, og er hann áreiðanlegur og betri enn færi yrði á að gjöra hann hèr, sem líka mundi vera ómeðal, ennþótt ekki vöntuðu efnin.

Að mórinn hèr í landi og einkum við Reykjavík sè eitthvert hið óeldfimasta eldsneyti, eru nefndarmenn allir samdóma um, og mun reynslan hafa sýnt öðrum alþingismönnum hið sama; en sè nokkur þingmanna á öðru máli um þetta atriði, leyfi èg mèr nefndarinnar vegna, að skora á þá um, að gjöra þinginu það uppsksátt, svo að öllum vafa sè hrundið í þessu atriði.

Nefndin hèlt, að þótt Danir, mót von, ekki vildu taka oss í brunabótafèlög með sèr, kynnu þeir samt að verða tilleiðanlegir til, að mæla fram með því, að ríkissjóðurinn tæki ábyrgðina að sèr, móti árstillagi því, sem fram er boðið, en að öðru leiti kom nefndinni ekki annað til hugar, enn að í þessu tilliti væri einúngis til eins ríkis-sjóðs, eða alls ríkisins sjóðs að taka. Eg fæ eigi skilið, að hèr verði farið annan veg enn farið er, nefnilega til alþingis, af bæjarbúum, og til konúngs af alþingi, og hefir alþing nú allar þær skýrslur í höndum sem mælzt var til af fulltrúaþingi Eydana, og þær sem ekki eru hèr komnar, eru áður sendar stjórnarráðunum af stiptamtmanninum, áður enn málið var borið upp á fulltrúaþingum Dana, svo eg er þess fullviss, að eingar fleiri upplýsíngar, sem styrkt geta þetta mál, eru fáanlegar, þó þeirra enn á ný væri leitað hjá valdamönnum hèr á landi. Að öðru leiti er mèr það ekki lítill hugfrói, að heyra, að hinn hæstvirti konúngsfulltrúi enn sem fyrri er þessu máli meðmæltur.

Kandidat Jón Sigurdsson: Mèr hefir frá upphafi verið það nokkurnveginn ljóst, að mál þetta hefdi einganveginn átt að koma fyrir þetta þíng, og að þíngið gæti ekki mælt fram með því, þannig sem það er undir búið. Eg játa það fullkomlega, og það játa að vísu allir, að bænum ríður mjög mikið á að brunabætur feingist, og það er einnig vorkunn, þó uppástúngumaður, sem er fulltrúi bæjarins, haldi málinu fram af öllum mætti, en hitt er eigi að síður víst, að þíngið á ekki að bera fram bænarskrá, sem svo er undir búin að eingin von getur verið á bænheyrslu. Þetta virðist mèr að hinn háttvirti konúngsfulltrúi hafi gjört öllum mönnum augljóst. Hèr er fyrir svo litlu að gángast í brunabóta tillög, enn sem komið er, að það getur ekki verið neinum hagur að gánga í fèlag við

Reykjavík, og þá er ekki von að nokkur maður í útlöndum sè fáanlegur til þess. Mèr hefir einnig fundizt, að enginn geti leidt neina von útaf afdrifum málsins í Hróarskeldu; það er augljóst, að hverjir hafa vísað frá sèr, landbúar til kaupstaðabúa, kaupstaðabúar til Kaupmannahafnarbúa, og seinast hefir rekið þar að, að enginn vildi taka Reykjavík í fèlag með sèr, og ekki einusinni leggja saman til þess. Það sem svo lítur út, sem gefinn hafi verið í Hróarskeldu einskonar ádráttur, með því að biðja um nýjar skýrslur, þá hefi eg fyrir mitt leiti aldrei getað skilið það öðruvísi, enn að það hafi verið einskonar hæverska, til þess að segja ekki hreint nei þá þegar, en hitt get eg ekki sèð, að nokkur geti tekið það svo, sem það sè „ósk og vilji“ Dana, að komast í brunabótafèlag við Reykjavík; það sýndi sig einnig, að Jótar, sem segja beint hvað þeim býr í skapi, sögðu Reykvíkingum beint nei að öllu leiti. Þegar nú þannig á stendur, þá verð eg einlæglega að játa, að það er gagnstætt mínu skapi og minni tilfinníngu, að vilja næstum einsog troða sèr inn í fèlag með þeim, sem ekki vilja eiga saman við mann að sælda.

Mèr finnst þaraðauki, sem nefndin hafi sjálf fært rök til, að ekki sè til mikils að ætlast í tillögum frá Reykjavík, þareð hún segir sjálf, að þeir eigi stærstu og verðhæstu húsin sem ríkastir sèu, og þessir sèu ekki margir, en flest húsin sèu eign fátækra, sem ekki muni vilja gjalda meira enn „góðu hófi“ gegnir, það mun vera sama sem mjög lítið. Þegar þannig er ástatt, er engin von, að aðrir vilji eiga fèlag við bæinn að svo komnu. En þar að auki vantar einnig merkilegar skýrslur um málið, því ekki er það nein skýrsla, að vísa á uppdrátt af spormynd bæjarins eptir Frakka á bókasöfnum í Kaupmannahöfn, því það er mjög óvíst, hvort hann er þar, og eg ætla að það muni vart vera. Sama er um eldfimi mósins, því engin skýrsla er það, þó leitað sè atkvæða þingmanna um slíkt. Það sem þeir geta sagt mun lenda mest við það, að menn viti, að mór sè hafður til eldsneytis, og mun þá geta kviknað í honum, en hvort í honum kvikni fyrr eða síðar enn í öðru eldsneyti, eða hvort fyrr kvikni í einum mókögglinum enn öðrum, það mun þingmönnum veita bágt að segja. Um þetta dugir engin skýrsla, nema sú, sem bygð sè á vísindalegri rannsókn, en á meðan slík rannsókn er ekki fengin verða vitnisburðir einstakra manna tóm markleysa og að engu liði.

Varaforseti: Eg verð að fallast á allt, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi mælti fyrir skemmstu um þetta mál. Þó sú sè mín innileg ósk, að þetta málefni Reykjavíkur-manna næði sem beztum endaloknm fyrír þá, óttast eg þó, að gata sú, sem framsögumaður er kominn á, muni verða góðum málalokum til hnekkis. Vil eg því stínga uppá því við hinn heiðraða framburðarmann, hvort hann vilji ekki taka mál þetta aptur, með samþykki allra þíngmanna, samkvæmt alþíngislaganna 69 grein.

Framsögumaður: Mèr kemur það næsta óvart, að nokkur þíngmanna geti haft á móti að senda konúngi bænarskrá í þessu máli, eða að fara að tilmælum nefndarinnar, og eg verð að halda, að sèrhver þíngmaður, sem þessu er mötfallinn, líka sè því mótfallinn, að Reykvíkíngar fái nokkrar bætur, ef hús þeirra brynnu. Hinn heiðraði þíngmaður Ísfirðínga heldur ekki að brunabóta-fèlög Dana hafi neitt gagn af fèlagskap við Reykjavík, en það sèr þó hver maður, að þessu er öðruvísi háttað, þegar þau háu árs-tillög, sem boðin eru, eru í aðra hönd. Uppástúngunni var að sönnu vísað til baka af fulltrúaþínginu í Vebjörgum, en það var einkum þessvegna, að þeir hèldu, að Reykvíkíngar mundu eigí vera þess umkomnir, að útvega þær eptiræsktu skýrslur; þarámóti tel eg það næsta ótrúlegt, og ekki ætlanda svo mörgum og svo vitrum og svo velsinna mönnum, sem eiga setu á fulltrúaþínginu í Hróarskèldu, að þeir hafi mælzt til skýrslanna, vegna uppburðarleysis eða „hæversku“, og þannig viljað olla Reykvíkíngum svo mikils kostnaðar, án þess að þeir gætu haft nokkra von, þóað skýrslurnar kæmu, svo fullkomnar sem unnt er að gefa þær. Uppdrátt af bænum mun enn fremur mega útvega, þó seinna verði, og hann ekki væri fáanlegur á bókasöfnum í Kaupmannahöfn, sem eg hinsvegar þó held sjálfsagt. Hinn heiðraði þíngmaður Ísfyrðínga fer villt í því, að hèr sè verið að leita atkvæða þíngmanna um eldfimi mósins, því eg bað einúngis þá, er ekki væru nefndinni samdóma i því efni, þá að gjöra það nppskátt, og eg óska og vona að þeir þess síður færist undan því, sem allir sjá, að það ríður hèr á miklu, enda þykir mèr það kátlegt, að vísindalegrar rannsóknar hèr þurfi við, eða að hún gæti orðið áreiðanlegri enn reynslan.

Konúngsfulltrúi: Einúngis vil eg gjöra eina athugusemd við það sem hinn virðulegi alþíngismaður Ísfirðínga mælti, að

þingmenn í Hróarskeldu hefðu beðið um nákvæmari skýrslur af hæversku einni. Af 65 þingmönnum gáfu 18 skýlaust atkvæði fyrir því, að Reykjavík yrði tekin í hrunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða. Ætli þessir 18 þingmenn hafi einúngis af hæversku ráðið til þess, er lagði svo mikla ábyrgð á hendur hinum dönsku kaupstöðum, þar sem aptur var fyrir svo litlu að gángast, eða að tillögin í samanburði máttu virðast svo lítil. Eg hygg því, að menn eins vel megi ætla, að hinir 38, sem rèðu til þess, að fá nákvæmari skýrslur, hafi gjört það í þeim tilgángi, að menn skyldu ef fært yrði, verða við beiðni Reykvíkínga, ef skýrslurnar vafalaust sýndu, að hættan væri ekki eins og menn urðu þá, af því sem kunnugt var, að ætla.

Umboðsmaður Jón Gudmundsson: Mèr finnst hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hafi svo fullkomlega útlistað þetta mál, og eins hinn mikilsvirði varaforseti og hinn virðulegi þingmaður úr Ísafjarðar-sýslu, að allir þingmenn megi gánga úr skugga um, bæði að málefni þetta er hèr ekki borið upp á þingi með rèttri aðferð, og einnig að því muni verða það einmitt til hnekkis, og Reykjavíkurbúum til skaða, ef þingmenn gefa gaum að því nú. Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi leiddi ljós rök að því, að þjóðfulltrúarnir í Hróarskèldu hafi þó haft og látið skýlaust í ljósi allan vilja á að verða Reykjavíkurbúum að sem mestu liði í þessu máli; þessvegna beiddust þeir ýmsra upplýsínga, áður því yrði nægur gaumur gefandi, en þessar upplýsíngar — skilyrði fyrir því, að bænheyrsla feingist — eru enn ekki útvegaðar. Því virðist mèr það í augum uppi, bæði, að mál þetta muni ekki að svo komnu fá betri áheyrslu hjá Dönum enn fyrri, þó alþíng færi nú að mæla fram með því, og eins hitt, er hinn hæstvirti konúngsfulltrúi sagði, að verði málinu hrundið í Danmörku í annað sinn, fyrir einhverra vandkvæða sakir, þá sè því miklu síður uppreisnar von uppfrá því.

Framsögumadur: Hinn heiðraði þingmaður Skaptfellínga heldur, að hèr sè ekki farið rètt að, en honum lágst það eptir, að segja hver önnur þá ætti að vera aðferðin, ef sú, sem hèr er við höfð, eigi væri hin rètta. Yfirhöfuð er mèr það óskiljanlegt, að þingmenn skuli geta feingið af sèr, að vísa þessu máli frá, þegar búið er að eyða tímanum til meðferðar þess hèr á þingi, og þegar allir þeir þó hljóta að vera samdóma

um það, að það er eitthvert hið mest áríðanda fyrir kaupstaðinn Reykjavík og marga fleiri, og eg finn enn einga ástæðu til, að taka mál þetta til baka, og skil ekki að hèr sè hundrað í hættunni nè hvernig nokkur maður getur beðið nokkurn skaða af að bænarskrá verði send konúngi í þessu máli.

Umboðsmaður Jón Gudmundsson: Eg verð þó að álíta mörg hundruð í hættunni og mörgum búinn óbætanlegan skaða, ef afskipti þingsins af málinu að þessu sinni yrðu þess ollandi, að Reykjavíkur-búar stæðu miklu fjær bænheyrslu eptir enn áður.

Framsögumaður; Það er sagt hèr áður á þingi og nú aptur sýnt og sannað, að ekki er útsèð um að Danir taki Reykjavík í brunabótafèlag með sèr, þegar þær skýrslur, sem nú eru feingnar, og bráðum má fá eru lagðar fram fyrir þá á fulltrúaþingum þeirra, og lifa menn í þessari voninni, þó enn eigi verði sèð með vissu, hver endalok málsins verða, eða kjör Reykvíkinga í þessu efni.

Fleiri tóku ekki til orða, og sagði þá Varaforseti mál þetta nægilega rædt að þessu sinni.

Síðan var lesið og samþykkt allraþegnsamlegast álitsskjal frá þinginu, um konúnglegt frumvarp (IV) til reglugjörðar um, stjórn hæjarmálefna í Reykjavík, og er það þannig látanda:

Yðar konúnglega Hátign hefir allramildilegast kvadt alþíng til að segja upp álit sitt um frumvarp til reglugjörðar um stjórn bæjarmálefna í kaupstaðnum Reykjavík.

Þingið kaus 5 menn í nefnd til fyrirfram að gefa álit sitt um þetta mál, og var það síðan rædt á tveimur aðalfundum, og leyfir nú þingið sèr allraþegnsamlegast að láta álit sitt í ljósi um þetta frumvarp, sem fylgir:

1. grein. Samkvæmt þeim breytíngum, sem vikið verður á við 18. grein, er það þingsins álit, að tala fátækranefndarmanna, auk prests og bæjarfógeta, eigi að verá 3, ístaðinn fyrir 2, er grein þessi nefnir. Ennfremur, að af þeim 5 dánumönnum, sem ásamt fátækranefndinni eiga að skipta fátækra fè og álögum milli kaupstaðarins Reykjavíkur og Seltjarnarness hrepps, skuli 2 kosnir fyrir hönd kaupstaðarins af bæjarstjórninni, og 3 fyrir hreppinn, af hreppsbændum, á kjörfundi fyrir sýslumanni, þareð það bæði þykir frumvarpinu að öðru leiti samkvæmara, að þeir sveitarmenn, sem hlut eiga að svo áríðanda máli sem þessu, fái færi á sjálfir, með kosníngu þeirra, að ráða því á þann veg til lykta, sem bezt gegnir þörfum

og rètti kaupstaðarins og Seltjarnarness hrepps, sèrhvors útaf fyrir sig, og líka uggvænt, að amtmaður eins vel þekki til þess, hverjir bezt sèu kjörnir til þessa starfa, og hlutaðeigendur sjálfir. En með tilliti til kosníngar fyrir hreppinn, virðist þínginu, að því síður beri nauðsyn til að gjörð sè ákvörðun í reglugjörð þessari, sem sýslumaður í því efni hæði getur ráðfært sig við amtmann, og líka farið að reglum þeim, sem gefnar eru um kosníngu alþíngismanna, að því leiti sem þær eiga við, eða þeirra er þörf.

12. gr. Þíngið sèr ekki nægа ástæðu til, að gefa amtmanni það vald, sem tekið er til í grein þessari, til að ónýta kosníngu fulltrúanna, enn þótt eingin efasemd hafi ordið um löggyldi hennar meðal kjörstjóra, og eingínn sá, er hlut á að máli, finnur að, og þykir því, þegar svo stendur á, mega nægja, að amtmaður sendi Yðar Hátignar kansellíi efasemdir sínar til úrskurðar, án þess að hann með öðrum hætti fái gjört kosníngуna ógylda, og virðist þínginu þetta koma heim við tilskipun 24. Okt. 1837, 13. gr., og eingu síður eiga við í Reykjavík enn í hinum dönsku kaupstöðum, því varla er til þess að ætlast, að aðferðin við kosníngуna verði lögum svo gagnstæð, að eigi óhætt megi bíða eptir úrskurði kansellíisins, þegar einginn ber sig upp um ólöggyldi hennar:

15. gr. Hèr þykir þínginu vanta ákvörðun þá, sem víða annarstaðar er gjörð, um það, hversu margir fulltrúar skuli vera á fundi, svo að bæjarmálefni þar verði rædd til lykta, og þykir þínginu, að þartil þurfi að minnsta kosti 3 fulltrúa.

18. gr. Þínginu þykir það varða miklu, þarsem flokkur tómthúsmanna í umdæmi bæjarins er svo stór, og enda mun fara vaxandi, að einn úr flokki þeirra egi setu í fátækra-nefndinni, svo að nefndarmenn yrðu samtals 5, og að hinn fimmti jafnan sè fulltrúi tómthúsmanna.

Því hefir að vísu verið farið á flot á þínginu, að eigi beri nauðsyn til að bregða útaf 19. grein í tilskipun frá 24 Októbr 1837 í Reykjavík, um það, að fulltrúar einnig kjósi þá 2 menn í byggíngarnefndina, sem kjósa skal eptir frumvarpinu meðal annara bæjarbúa enn sjálfra þeirra, enn þó hefir þíngið með 12 atkvæðum móti 11 hrundið uppástúngu þessari,

19. gr. Viðvíkjandi niðurjöfnun þriðjúngs þess fjár, sem eptir frumvarpinu á að jafna á byggíngar bæjarmanna „fyrst um sinn eptir þeim jöfnuði er í slíku hefir áður verið við hafður“,

var stungið uppá því á þínginu, að þriðjúngi þessum skyldi hèreptir jafnað eptir ummáli lóðar bæjarmanna hvers um sig, og að ný ákvörðun hèraðlútandi yrði löggylt, í staðinn fyrir þá áður áviknu ákvörðun frumvarpsins, þareð niðurjöfnun sú á húsin, sem hingað til hefir verið fylgt, ekki næði til allra timburhúsa bæjarins, og sèrílagi ekki til flatþaks-húsa, sem víða eru byggð í bænum, og brúkuð sem pakkhús o. s. frv., og það líka þótti áríðanda, að bæjarmenn væru við því búnir, að gjalda meira af stórri lóð enn lítilli, svoað einginn heimtaði meira af bæjarins lóð til að byggja á ný hús, enn nauðsyn krefur, hvað þó stundum mun hafa viðgeingizt, svo að lóð bæjarins með þeim hætti færi minkandi um of. Eigi að síður varð meiri hluti þíngmanna á því, að halda ákvörðun frumvarpsins í þessu efni, og var uppástúngunni því hrundið með 14 atkvæðum á móti 9.

Þínginu þykir, að ákvörðun tilskipnnar frá 24. Októbr. 1837, í 20 grein, eingu að síður eigi við í Reykjavík enn í þeim dönsku kaupstöðum, og að eingin nauðsyn beri til, að amtmaður skuli geta hrundið áætlun þeirri, sem 6 þeir menn, er bæjarmenn hafa mest traust á, og kunnugastir eru þörfum bæjarins, fyrir hans hönd hafa gjört í einu hljóði, og ætlar þíngið að amtmanni sè í þessu efni gefið nóg vald, þegar hann getur komið í veg fvrir að eins þá áætlun bæjarfulltrúa, sem mikið er komið undir um fleiri ár enn eitt, með því að bera málið undir kansellíið, til breytíngar áætluninni fyrir hin eptirkomandi árin. En til að flýta málinu þykir þínginu það einnig hlýða, að til sè tekinn 14 daga tími, sá, innan hvers bæjarstjórninni ber að gjöra uppskátt fyrir amtmanni, hvort hún fellst á athugasemdir hans.

20. gr. Það hefir opt orðið bæði bæjar og fátækra sjóðinum að miklum baga, að gjaldendur hingað til hafa látið dragast að lúka tillögum sínum til ársloka, og þareð það er öllum bæjarbúum og þó einkum þeim efnaminnstu, eða tómthúsmönnunum, hægast að greiða tillög sín um vortímann, og einkum í Maí og Júní mánuði, svo þykir þínginu nauðsyn bera til, að þetta verði lögtekið í reglugjörð þessari.

22. gr. Þínginu þykir það óþarfi, að tekið sè til í þessari grein, að bæjarfógeti líka láti þjóna þá, er hann hefir undir sèr, hafa vakanda auga á, að bæjarstörf sèu vel af hendi leyst o. s. frv., og því virðist, að þessari ákvörðun helzt ætti að

sleppa, ef ske kynni, að bæjarfógeti færði sèr hana í nyt til sjálfur að komast hjá þvílíkri umsjón, meir enn óskanda væri, en á hinn bóginn mun hann sjálfsagt geta látið þjóna sína gæta hinna nefndu starfa, þegar svo ber undir, að hann sjálfur eigi fær komið því við, og það eptir kríngumstæðunum má virðast að nægja.

24. gr. Þareð mörg af þeim málefnum, sem grein þessi ræðir um, að vísu munu þurfa fljótrar úrlausnar við, og það á hinn bóginn þykir mjög svo óliklegt, að mikilvæg breytíng nokkur yrði gjörð á þeim ráðstöfunum, er þau snerta, og valdamenn hèr í landi, eða bæjarstjórnin og amtmaður fèllust á, þó leitað yrði úrskurðar á æðri stöðum, ætlar þíngið það ráðlegast, að þesskonar malefni, að því leiti lögum er samkvæmt, sèu lögð undir úrskurð amtmanns, og hann aptur þá beri þau undir kanselliið, ef honum þykir þess þurfa og allir bæjarstjórar eigi eru á eitt sáttir, eða ef málið þarf eigi skjótra úrræða.

Loksins hefir þíngið í einu hljóði fallizt á, að ráða til nokkurra breytínga í orðaskipun frumvarpsins, og skal þeirra getið við sèrhverja grein útaf fyrir sig.

Þær breytíngar í frumvarpinu, sem þíngið, samkvæmt því framantalda, leyfir sèr nú allrþegnsamlegast að stínga uppá, eru þessar:

Við 1. gr. Í einu hljóði, að ístaðinn fyrir orðin: „flutt til Reykjavíkur“, komi orðin: „birt í Reykjavík“, og með 19 atkvæðum móti 4, að niðurlag greinarinnar verði þannig:

„Þessi skipti skulu gjörð af nefnd þeirri, sem á hendi hefir stjórn fátækra málefna í hreppnum og bænum, ásamt 5 dánumönnum, tveimur úr kaupstaðnum Reykjavík, sem bæjarstjórnin skal kjósa fyrir hönd bæjarins, og þremur úr Seltjarnarness hreppi, sem hreppsbúar kjósa fyrir hönd hreppsins, á kjörfundi fyrir sýslumanni“,

svo og, samkvæmt því, sem að framan er á vikið við 18. gr.: að í fátækranefndinni fyrir Reykjavíkur kaupstað, með presti og bæjarfógeta, jafnan sè fulltrúi tómthúsmanna.

Við 4. gr. Að fyrir orðin: „töku borgarabrèfs“ standi: „að ná borgararètti“, og fyrir orðin: „á vera“ orðið: „standa“.

Við 5. gr. að fyrir orðin: „sóttur hefir verið að lögum“, standi: „liggur undir lagasókn“.

Við 6. gr. Að fyrir orðið: „forfeður“ komi „feður“.

Við 7. gr. að orðunum: „sem óliðinn er af þeim 6 árum, þegar hinn fór frá“, sè vikið við þanning: „sem þá er eptir af þeim 6 árum“.

Við 8. gr. Að fyrir orðin: „sýslutíminn“ og „hlutkast“, sè sett: „sýslutími hans“, og „hlutkesti“.

Við 10. gr. Að í staðinn fyrir: „opnu brèfi“ í byrjun, og „hlutkast“ í enda greinarinnar, sèu við höfð orðin: „auglýsingarbrèfi“ og „hlutkesti“.

Áðurnefndar málsbreytíngar í 4—10. gr. eru samþykktar af alþíngi í einu hljóði.

Við 12. gr. Að þessum kafla greinarinnar: „þyki honum nú — 14 dagar sè liðnir“, sè breytt á þessa leið:

„Þyki honum nú eigi að síður, sem ekki sè við höfð lögleg aðferð í kosníngunni, skal hann bera málið undir úrskurð kansellíis vors, og gefa kjörstjórninni það til vitundar, eður og samþykki sitt, ef hann finnur ekkert að kosníngunni, innan 14 daga frá því er hún fór fram“ — samþykkt með 17 atkvæðum gegn 6. Að eptir orðin: „skýrslum sínum“, sè bætt við: „og skal hann leggja úrskurð á það mál eins áður 14 dagar sèu liðnir“ — er af þínginu samþykkt í einu hljóði.

Við 15. grein. Að á eptir orðunum: „atkvæða fjölda“ sè bætt inní: „og skulu að minnsta kosti 3 fulltrúar vera á fundi, ef mál nokkur eiga að geta ráðist til lykta“ — með 20 atkvæðum gegn 3.

Við 18 grein. Að í staðinn fyrir: „skulu framvegis — úr flokki sjálfra fulltrúa“, komi: „og skulu 2 fátækra-stjórar, er sitja í fátæknefndinni (1. gr.) kosnir af fulltrúunum, og annar að minnsta kosti úr flokki sjálfra þeirra, en einn skal ætíð vera fulltrúi tómthúsmanna“ — samþykkt með 19 atkvæðum móti 4.

Við 19. grein. Að byrjun greinarinnar sè vikið við þannig: „áætlun þessi skal eg innibinda skýrslu um efni þau, sem til eru að borga með útgjöldin, og síðan skýra frá, hversu miklu þurfi að jafna niður á bæjarmenn“ — samþykkt í einu hljóði. Að orðinu: „á“ seinna í greininni, sè breytt þannig: „í landeign kaupstaðarins“. Að ákvörðun þessari í niðurlagi greinarinnar: „og skal jafnan taka athugasemdir þær til greina ár það, er áætlunarskráin nær yfir“, sè hleypt úr, og að í staðinn fyrir orðin næst á eptir: „en ef þær snerta leingri tíma“ o. s. frv. komi: „enn sè mikið undir þeim komið til

leingðar„ o. s. frv. — samþykkt með 16 atkvæðum móti 7, svo og, að í staðinn fyrir orðin: „mánuður er liðinn“ standi: 14 dagar sèu liðnir“.

Við 20. grein. Að byrjun greinar þessarar hljóði þannig:

„Ef amtmaður gjörir eingar athugasemdir um áætlunarskrána, eður ef bæjarstjórnin fellst á athugasemdir hans, skal fè því“ o. s. frv., og að í staðinn fyrir orðin litlu seinna: „að jafnri tiltölu“, komi: „eptir sameiginlegum mælikvarða“. Svo og í upphafi næsta kafla greinarinnar í staðinn fyrir „gjaldkera“ komi: „bæargjaldkera“, allt í einu hljóði, en með 19 atkvæðum á móti 4, að eptir orðin: „er gjald greiðir“ sè bætt við: „og skal öllum gjöldum, sem jafnað er niður á bæjarbúa lokið innan Júní mánaðar loka ár hvert“. Orðinu „ávísun“ rètt á eptir vill þingið í einu hljóði breyta í „ávísunarbrèf“.

Við 22. gr. Í staðinn fyrir „fè gjört upptækt“ fellst þingið í einu hljóði á: „þær (þ. e. tekjurnar) teknar lögtaki“, og með 16 athvæðum móti 7, að orðunum: „annaðhvort sjálfur, eða láta þjóna þá, er hann hefir undir sèr“, sè sleppt.

Við 23. gr. Að orðinu „gjaldkera“ sè breytt í „bæjar-gjaldkera“, og að eptir orðið „gjaldkera“ seinast í greinni sè bætt við: „og skyldur hans“. — Samþykkt í einu hljóði.

Við 24. gr. Þingið fellst í einu hljóði á, að ístaðinn fyrir orðið: „uppheldisfè“ sè valið „ eptirlaun“, og með 19 atkvæðum móti 4, að niðurlag greinar þessarar verði þannig:

„Þegar nokkuð af þessu ber að, svo að bæjarstjórn má eigi skera úr, skal málinu skjóta til amtmanns, og fylgi því skýrsla allra, er hlut eiga að; ber hann þá málið upp fyrir kansellíi voru, ef honum þykir þess þurfa og allir bæjarstjórar eigi eru á eitt sáttir, eða og, ef málið þarf eigi skjótra úrræða, en kannsellí Vort ber það aptur upp fyrir Oss“, o. s. frv.

Með þessum breytingum leyfir alþing sèr allraþegnsamlegast, að ráða til, að Yðar Hátign allramildilegast veiti frumvarpi því, sem hèr ræðir um, lagagyldi.

Reykjavík, 29. Júlí 1845.

Thorsteinson. J. Johnsen.

Þar eptir sagði VARAFORSETI fundi slitið.

30. Júlí — tuttugasti og þriðji fundur.

Varaforseti gjörði þinginu kunnugt, að forseti gæti ekki komið á fund, og hefði því enn falið sèr að gegna forseta störfum í þetta skipti. Allir aðrir á þingi.

Þingbók frá tuttugasta og öðrum fundi lesin og samþykkt.

Þá var málefnið viðkvíkjandi sölu á ítökum kirknanna aptur tekið fyrir, og fór framsögumaður, prófastur Hannes Stephensen um það þessum orðum:

Það er svo skammt síðan, að mál þetta var síðast rædt, að það mun öllum í fersku minni, og eg ætla, að þingmönnum muni koma saman um, að ekki sè ástæða til að óska neinnar breytíngar í þessu efni, frá því sem er; verður nú öllum af þingtíðindunum kunnugt, hvernig leyfi má fá til að kaupa og selja ítök kirkna, og ætla eg að tímaleingd sú, sem útheimtist til að útvega leyfið, fremur enn þó stiptsyfirvöldin mættu leyfa söluna, geti eingum að baga orðið, því þeir einir kaupa, sem fasteign eiga í grennd, og mun þeim eigi snúast hugur frá kaupunum, ef þau þykja haganleg, þó lítil bið verði á leyfis-útveguninni hjá stjórninni, og ætla eg þannig, að hèrum þurfi ekki að fara fleirum orðum.

Assessor Johnsen: Mèr þarf ekki að vera meira um mál þetta hugað, en sèrhverjum öðrum þingmanna, og eg verð að vera þeim heiðraða framsögumanni þar í samþykkur, að það, sem áður var óljóst, nú verði öllum landsmönnum auðráðið af þingtíðindunum, að nefnilega leyfi geti feingizt hjá konúngi til að selja ítökin, þegar kríngumstæðurnar mæla fram með sölunni. Mèr, fyrir mitt leiti, ríður það á minnstu, hvort þessa konúngsleyfis er leitað í hvert sinn, sem menn vilja selja eða kaupa þessi ítök og rèttindi kirkna, og hvort menn heldur vilja binda sig þeim vandkvæðum, sem eg hefi tekið fram, við það, að svo lángt þarf að fara, og þeim umsvifum, sem þar við eru, enn að fara því á flot, að leyfið fáist hjá stiptsyfirvöldunum, einsog eg hefi stúngið uppá, til að komast hjá vandkvæðum þessum og umsvifum. Eg er þessvegna manna fúsastur til að koma mèr saman við meira hluta nefndarinnar, eða að fara ekki leingra fram í þetta mál nú sem stendur, og að taka aptur uppástúngu mína, ef allir þingmenn eru á það sáttir, og einginn kýs að halda henni fram; en sè nokkur sá af þingmönnum, sem enn vill láta málið gánga til atkvæða,

og um það getur hver bezt dæmt fyrir sig og eptir reynslu sinni, óska eg, að það nú þegar verði gjört uppskátt.

Varaforseti: Mál þetta er nú þegar útrædt, og því virðist eiga miður við að taka það aptur, en réttast virðist, að þingið með atkvæðum skeri úr því, hvort bænarskrá eigi að semja og senda konúngi í þessu máli.

Assessor Johnsen: Þareð eg, sem sjálfur er flutníngsmaður þessa máls, fyrir mitt leiti, hefi fallið frá, að atkvæða verði leitað í því, og enginn annar af þingmönnum óskar þess, svo ætla eg, að eg muni hafa rètt til, einsog eg nú líka mælist til þess, að það eigi sè gjört.

Varaforseti: Eg verð þá, ef enginn þingmanna mælir með, eða styður meiníngu minna hlutans, að álíta, að það sè sameiginlegur vilji þingins, að frumvarpið sè tekið aptur og eingin atkvæði greidd.

Enginn tók til máls nè studdi frumvarpið, og var því umræðu um það lokið.

Þá var aptur tekið fyrir málið um, að koma Reykjavík í hrunabótafèlag í Danmörku, o. s. frv.

Framsögumaður, Assessor Johnsen: Mál þetta var hèr til undirbúníngsumræðu í gærdag, og mætti það virðast óþarfi að fara mörgum fleiri orðum um það, en það er þó þessarar umræðu vegna, að eg eigi get lagt það undir höfuð mèr, áðurenn geingið er til atkvæða í því, að mæla fáein orð:

Þeir heiðruðu þingmenn geta því nærri, að mèr, sem fulltrúa kaupstaðarins Reykjavíkur, er mjög svo um mál þetta hugað; þèr hafið orðið þess áskynja af útskrift þeirri, sem hèr er komin, af samkomubók bæjarmanna, að þeir allir í einu hljóði hafa óskað, að lýsíngar- og virðíngar-gjörð húsanna færi fram á þeirra kostnað, einsog nú er orðið, og að málið á síðan yrði borið upp hèr á þíngi, og hefi eg geingizt undir það. Eg hefi rètt nýskeð átt tal við nokkra mjög skynsama húseigendur kaupstaðarins, um þetta mál, og halda þeir, enn sem fyrri, að það sè hvergi betur komið enn hjá alþíngi; það er nú einusinni búið að fara þann veginn, sem sumir nú vilja vísa því aptur, og varð það gagn af för þeirri, að menn nú aptur geta farið nokkuð vonarbetri; en þess eru bæjarmenn fullvissir, að alþíng nú þess heldur verði að geta liðsinnt því, sem við því jafnan er að búast, að bæjarbúum, og sèrílagi fulltrúum bæjairns kunni að verða brugðið um, eða þá ætluð öllu

meiri hlutdrægni í þessu máli enn alþingi, eða alþingismönnum úr öllum fjórðúngum landsins. Bæjarmenn geta ekki sett sèr fyrir sjónir, hverra helzt orsaka vegna ekki sè fylgjanda fram með málinu á þessari leið, þegar allar þær skýrslur, sem fulltrúaþíng Eydana hefir mælzt til, eru feingnar og fáanlegar, áður enn málið af Konúngsins hálfu aptur yrði borið undir hin dönsku fulltrúaþíng. Það einasta, sem enn kynni virðast að vanta, er uppdráttur yfir bæinn og nákvæmari skýrsla um eldfimi mósins, eptir sem eg í gær varð áskynja um.

Af því eg ekki gat búizt við neinum mótmælum í þessu máli, hefi eg heldur ekki getað búið mig svo undir, að eg nú þegar geti lagt fram fyrir þíngið uppdráttinn af bænum, en eg vil gángast undir það og lofa því, að hann verði sendur hinum hæstvirta konúngsfulltrúa, svo að hann í tækan tíma komi konúnginum, og þá á síðan fulltrúaþíngum Dana, þegar þau næsta sinn eiga mót með sèr, til handa, ásamt bænarskrá þeirri í þessu máli, sem eg vona að alþíng sendi Hans Hátign konúnginum; viðvíkjandi mónum eða eldfimi hans í Reykjavík, hefi eg í dag öðlazt vitnisburð landlæknisins, jústitsráðs Thorstensens, og ætla eg, að allir megi nú gánga úr skugga um, að eldfimi mós þess, sem brennt er í Reykjavík, sè næsta lítil, eptir innihaldi þessa vitnisburðar, en hann er þannig látandi.

„Eldiviður sá, er almennt brúkast í Reykjavík, er mótorf og það enda í lakara lagi, þar mórinn víðast hèr um kríng er bæði leir-og sand-blendinn, logar því misjafnt, og optar illa, og er því að mínu áliti lángtum minna eldfimur enn bæði trjáviður og steinkol eru. Mèr hefir dottið í hug, að sú helzta orsök til, að í nærfellt 60 ár aldrei hefir orðið húsbruni í þessum kaupstað, væri máskè mikið að þakka því, að eldiviðurinn er svo slæmur og óeldfimur, að miklu minni hætta mun vera að brúka hann, heldur enn viðartrè eða steinkol, í tilliti til eldsvoða.

Eg vilði óska, að bæjarstjórnin vildi hlutast til, að sýnishorn af öllum þeim mótegundum, sem fást hèr nálægt bænum, væru send til herra konferenzráðs Örsteðs í kaupmannahöfn, með bón um, að rannsaka kemisk, af hvaða frumefnum hann sè samansettur og hversu eldfimur hann sè, í samanburði við trjávið, steinkol og annað eldsneyti.

Reykjavík 30 Júlí 1845.

J. Thorstensen. landphysicus“.

Jústizráð Thorstensen fer auðsjáanlega í vitnisburði þessum eigi leingra, enn hann getur borið um með fullkominni vissu, og lýsir vitnisburðurinn því bezt sjálfur, að hann í alla staði er áreiðanlegur; en vegna þess, að við lifsölubúð Reykjavíkur eigi eru neinar tilfæríngar til að rannsaka frumefni mótegunda þeirra, sem hèr eru við hafðar til eldsneytis, hefir hann stúngið uppá því, að tegundir þessar verði sendar til Kaupmannahafnar, svo að þær enn betur verði rannsakaðar, og þannig verði komizt fyri enda á því, hvort mórinn hèr er svo eldfimur, sem orð hefir verið á gjört, og skal eg þá líka annast um, að það verði gjört í tækan tíma, og áður enn fulltrúaþíng Dana í næsta sinn verða haldin. Eg ætla nú þannig, að öllum þeim vandkvæðum, sem í gær voru talin á, að senda konúngi bænarskrá frá alþíngi í þessu máli, sè hrundið, og að alþíngismenn allir því óhætt geti látið á sjá, að Reykvíkíngar eigi um skör fram hafa haft traust á þeim og meðmælum þeirra í þessu máli. Afleiðíngarnar af því, að fylgja málinu nú fram eins og því nú er komið, verða annaðhvort happasælar fyrir bæinn Reykjavík, og er bæ þessum þá fyrst orðið borgið, eða sú, að bæjarmenn eigi verða bænheyrðir, en það held eg þó öllu ólíklegra, ef þíngið ber fram bænina, með öllum þeim skýrslum og skilríkjum sem nú eru feingin og fá má í tækan tíma, enn ef það yrði gjört af hálfu bæjarmanna einúngis, án þess að þeir geti fært annað eða meira fram málefni þeirra til styrkíngar.

Að endíngu getur mèr ekki skilizt, að Eydanir hefðu mælzt til upplýsínga þeirra, sem nú eru feingnar, og enn fremur skulu verða útvegaðar, ef þeim ekki hefði verið það alvara, að liðsinna Reykjavík, eða verða við bón bæjarmanna, og er mèr það öllu fremur skiljanlegt af meðferð málsins í Hróarskeldu, að velvild þeirra til vor má sèr mjög mikils í þessu máli; hvarámóti mig mjög svo hrillir við því, ef þíngmenn rækju mál þetta á bak aptur hèðan, og eg veit ekki nema það yrði álitinn dauðadómur, sagður upp af hendi Íslendínga sjálfra, yfir kaupstaðnum Reykjavík.

Varaforseti: Einsog eg, þegar mál þetta fyrst var borið upp, lèt í ljósi, að frumvarpið væri bæði ofsnemma komið og þínginu óviðkomandi, þannig er eg enn sömu meiníngar, þó eg vildi, Reykjavíkur vegna, ljá máli þessu mín beztu meðmæli. Það er líka einsog framsögumaður sè sjálfur í nokkurri óvissu

um málið, því frumvarpið stíngur uppá, að leita liðs um, að fá brunabót hjá svo mörgum; og virðist mèr það einkum fáheyrt og einstakt, að fara því fram, að stjórnin sjálf taki að sèr ábyrgðina. Eg held líka, að hèr vanti ennnú nokkuð á, að málið sè nægilega undirbúið, og skýrslur þær allar feingnar, sem að málinu hníga, og að vísu hefir þíngið ekki annað að fara eptir, enn framsögumanns eigin sögusögn um sumt hvað, til að mynda um eldfimi mósins og um útvegun á uppdrætti af bænum, því þetta ætlar hann eptirá að útvega.

Mèr virðist rèttast, að bæjarstjórn Reykjavíkur snúi með frumvarpið til hins konúnglega danska kansellíis, eður til stjórnenda sjálfra brunabóta sjóðanna, en alþíngi ætla eg málið eins og fyrri óviðkomandi.

Framsögumaður: Ástæða hins háttvirta varaforseta fyrir því, að mál þetta sè ofsnemma borið hèr upp, var sú, að þíngmenn ekki mundu hafa ljósa þekkínga á, hvað brunabótafèlög og brunabætur sèu; en eg verð að ætla, að þeir bæði af ritum sem eru til á íslenzka túngu, og því, sem hèr er farið fram, hafi nú til fulls öðlazt þessa þekkíngu, og að þeir varla muni fá hana betri seinna. Að óþarfi sè að hreifa hèr málinu (sjá bls. 92—93), get eg ekki sannfærzt um, því þörf brunabótanna, ekki að eins fyrir Reykjavík, heldur og fyrir marga fleiri landsbúa, ef ekki land allt, ætla eg að öllum sè auðsèn, og að öðru leiti þykist eg hafa fært rök að því, að alþíng megi sèr eins mikils, og enda öllu meira í þessu efni, enn bæjarstjórnin í Reykjavík; en hvort sem er, er málinu nú hreift fyrir þá sök, að Eydanir hafa glæðt vonina hjá Reykvíkíngum, en von þessi getur sjálfsagt eigi ræzt, nema því að eins, að bæjarmenn leiti fyrir sèr, að fá hana uppfyllta. Nefndinni þótti, eins og eg áður hefi vikið á, að það væri þó reynanda, ef vonin kynni að bregðast um að komast inn í brunabótafèlög Dana, að fara þess þá á leit, að ríkissjóðurinn tæki að sèr ábyrgð húsanna, og ekki all ólíklegt, að fulltrúaþíng Dana kynnu að mæla fram með því, þó þau að lokum ekki yrðu sem tilleiðanlegust til, að hleypa oss í fèlag með sjálfum sèr, og þetta getur varla neinum þótt svo fráleitt, að því eigi sè faranda fram. Hèr efar varla neinn um, að jústizráð Thorstensen sè trúverðugur maður, og að honum sè trúanda til þess, sem hann segir um eldfimi mósins; enda vona eg, að flestir þíngmanna þó líka trúi mèr til þess, að eg ekki vilji draga þá á tálar, með að útvega

þær ýtarlegri skýrslur og upplýsíngar, sem nokkrum þeirra ennþá kynni virðast að vanta, og sem eg þegar hefi heitið að útvega, enda er mèr það nú ánægja, að geta fullvissað þíngið um, að þær skulu verða útvegaðar í tækan tíma, og eg hefi þá von, að flestir þíngmanna haldi, að mèr sè meira um þetta mál gefið enn svo, að eg ekki vilji eða geti komið því til leiðar, sem eg nú fullvissa þá um, enn þótt það hingaðtil hafi verið mèr ómögulegt, af því eg eigi hèlt, að eg stax þyrfti að vera undir það búinn, eða yfirhöfuð hefði að mæta nokkrum mótmælum í þessu máli.

Varaforseti: Þareð nú enginn verður til að ræða fremur þetta mál, hlýt eg að álíta útrædt um það, og skjóta málinu undir atkvæði þíngmanna. Var þá leitað atkvæða, og var ályktað, með 13 atkvæðum gegn 10, að einga bænarskrá ætti að senda, og datt málið svoleiðis niður.

Þá voru lesin upp og samþykkt þessi tvö álitsskjöl þíngsins til konúngs.

1. Álitsskjal um konúnglegt frumvarp (V.) til tilskipunar, er nákvæmar tiltaki það, sem fyrir er mælt í reglugjörð 17. Júlí 1782.

Yðar konúngleg Hátign hefir látið bera upp á alþíngi og krafizt álits þess um lagafrumvarp, áhrærandi breytíngu í reglugjörðinni frá 17. Júlí 1782.

Þíngið kaus 5 manna nefnd til að íhuga þetta mál, og afhenti þarhjá sömu nefnd nokkrar bænarskrár, sem komnar voru til þíngsins um bót á kjörum prestanna á hinum fátæku brauðunum, hvar eptir þíngið ræddi málið ýtarlega á tveim fundum, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að segja upp álit sitt á því, sem fylgir:

Þíngið viðurkennir í einu hljóði, að frumvarp þetta er sprottið af Yðar konúnglegu Hátignar umhyggju fyrir því, að kjörum presta á Íslandi yrði ráðin nokkur bót, en dylst þó hinsvegar ekki við það, að lagaboð um borgun fyrir aukaverk presta, sem falla fæst fyrir þar, sem uppbótar þarf helzt með, geta ekki að öllu leiti ráðið bót á kjörum prestanna, hvað þíngið þó telur víst, að muni vera Yðar konúnglegu Hátignar allramildasti vilji. Eins líka er það þíngsins meiníng, að endurbót sú, sem hin fátækari brauðin við þurfa, að svo stöddu ekki geti komið til yfirvegunar, meðan skattalög landsins eigi hafa öðlast betri skipan, enn nú þykir vera. Svo líst og flest-

um þingmanna, sem ófært muni vera að miðla nokkru úr ríkisins fjárhirzlu til þessa augnamiðs að svo stöddu. Eigi að síður álítur þingið það vel tilfallið og æskilegt, að til sè reglugjörð fyrir aukatekjum presta, löguð með sanngjarnri hliðsjón, annarsvegar til hagsmuna prestanna og þess, hvað verkin eru í sjálfum sèr mikilvæg og fyrirhafnarmikil, hinsvegar til efnahags þess gjaldanda almennings, sem, þegar á allt er litið, á við fátækt og þraung kjör að búa, auk þess, að það þykir meiga ganga að því sem vísu, að á hann leggist nýjar og, ef til vill, miklar álögur, hvar um þingið í þetta skipti hefir feingið tilefni lil að láta Yðar konúnglegu Hátign álit sitt í ljósi.

Þetta varð þingið við yfirvegun frumvarps þessa að hafa fyrir augum, og það leitaðist við í yfirvegun sinni og tillögum, að þræða meðalhóf það, sem hefði hæfilega hliðsjón af hvorutveggja hagsmunum. Það gat ekki hjá því farið, að meiningamunur lèti sig í ljósi meðal þingmanna, og það lætur þingið sèr enda vel lynda, er það ætlar það atriði muni bera vitni um, að frumvarpið hafi verið skoðað, bæði yfirhöfuð, og í þess einstöku atriðum, með þeirri athygli, sem það á með rèttu skilið.

Eptir þenna formála leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast að snúa athuga sínum að frumvarpsins einstöku greinum, og að bera upp þær athugasemdir og breytíngar, sem því þykir eiga við, samkvæmt þeim grundvallar-ástæðum, er þegar voru tilgreindar:

Við 1. gr. Við þessa grein frumvarpsins álítur þingið ekki sè ástæða til að gjöra neina breytíngu, og mælir því, með 15 atkvæðum gegn 8, allraþegnsamlegast fram með því, að þessi grein standi óbrjáluð.

Við 2. gr. Hvað borgun þá sem frumvarpið ákveður fyrir hjónavígslu, snertir, þykir þinginu, þegar höfð er hæfileg hliðsjón af almennings kjörum og efnahag, borgun þessi ákveðin með þeirri upphæð, sem fátækum almúgamönnum mundi ofvaxin, og því aðhyllist þingið, með 14 atkvæðum gegn 9, þá meiníngu, að borgun fyrir hjónavígslu sè hæfilega ákveðin með 6 álnum minnst, án allrar flokkaskipunar. Svo álítur þingið og, að borgun fyrir barnskírn, þegar efnalitlir eiga í hlut, sè hæfilega ákveðin með 3 álnum minnst, í stað þess, að frumvarpið ákveður minnstu borgun 4 álnir, og stíngur því allraþegnsamlegast, með 15 atkvæðum gegn 8, uppá því, að frum-

varpsins ákvörðun í þessari grein verði breytt þessu samkvæmt. Þar á móti aðhyllist þingið frumvarpsins ákvörðun um borgun til prestsins fyrir fermingu og kirkju-innleiðslu, og mælir því, með 18 atkvæðum gegn 5, allraþegnsamlegast fram með því, að frumvarpið í þessu tilliti verði löggylt.

Við 3. gr. Í offurskyldunnar tilliti þykir þinginu, þegar það lítur á eðli skyldu þessarar, yfirgnæfandi ástæða til, að hafna allri flokkaskipun, og leyfir sèr því allraþegnsamlegast, með 20 atkvæðum gegn 3, að mæla fram með því, að flokkaskipun sú, er frumvarpið gjörir á offur-gjaldendum, eptir stètt þeirra og standi, megi falla niður.

Hvað þá minnstu upphæð offursins, sem frumvarpið tiltekur, snertir, er þingið, með 20 atkvæðum gegn 3 því samkvæmt, er frumvarpið ákveður; en aptur varð meiníngamunur um það, hvort offurskyldan, gagnstætt því, er áður var, og samkvæmt því, er frumvarpið ákveður, ætti að ná ogsvo til þeirra, sem ekki ættu nema lausafè, en einga fasteign; en með 12 atkvæðum gegn 11 aðhylltist þingið frumvarpsins ákvörðun í þessari grein, og sömuleiðis, með 20 atkvæðum gegn 3, þá eignarupphæð, sem frumvarpið gjörir að skilyrði fyrir offurskyldunni; og loks mælir þingið, með 16 atkvæðum gegn 7, fram með því, er frumvarpið ákveður, að ogsvo hver sá, sem á með sig sjálfur, og er eigandi að þeim tiltekna eignarstofni, sè skyldur að færa presti sínum offur.

Við 4. gr. Legkaup þykir þinginu sè í frumvarpinu ákveðið hærra enn vera beri, og að það því muni verða almenníngi of þúngbært, þegar litið er til, auk þess, að þessi upphæð legkaupsins í peníngum mismunar svo miklu frá því, er leingi hefir viðgeingizt hèr í landi, nefnilega að leysa legkaup með 54 sk. fyrir fullorðna og 27 sk. fyrir börn, en ekki að borga það eptir landsvísu, í landaurum eða þeirra andvirði; enda ætlar þingið og, að kirkjurnar yfirhöfuð ekki heldur þurfi þess nauðsynlega við, að legkaup sè þannig hækkað, allrasízt svo mikið, og leyfir sèr því, með 17 atkvæðum gegn 6, allraþegnsamlegast að mæla fram með því, að heilt legkaup verði ákveðið til 6 álna og hálft til 3 álna, og frumvarpinu breytt því samkvæmt.

Við 5. gr. Laun þau, er frumvarpið ákveður próföstum fyrir kirkjuskoðun, nefnilega 30 og 15 álnir, álítur þingið hæfilega mætti ákveða með nokkuð minni upphæð, þó það jafn-

framt viðurkenni, að laun þau, sem prófastar njóta fyrir starfa sinn, sèu lítil; og leyfir þingið sèr þannig, ogsvo með hliðsjón til efnahags kirknanna, með 18 atkvæðum gegn 5, að stínga uppá því, að heil kirkjuskoðunar-laun verði einskorðuð við 20, en hálf við 10 álnir, og ákvörðun frumvarpsins breytt á þessa leið. Svo þykir þinginu og, að aðgreiníng sú, sem frumvarpið gjörir á kirkjunum, í höfuð- og útkirkjur, að því leiti borgun fyrir kirkjuskoðun snertir, miður hagfelld, en ætlar það megi betur fara, að taka inntektir kirkjunnar fyrir mælikvarða, og verður þá álit þingsins í þessu efni, að sú kirkja, sem á árlega afgángs frá nauðsynlegum útgjöldum sínum 12 rbd. og þaryfir, eigi að borga prófasti heil kirkjuskoðunar-laun, en þær kirkjur hálfu minna, sem ekki eru svo efnaðar, sem nú var sagt. Leyfir þingið sèr, með 15 atkvæðum gegn 8, að mæla fram með þessari breytíngu í frumvarpinu.

Við 7. gr. Að því leiti þessi grein frumvarpsins ákveður, að öreigar ekki þurfi að gjalda presti sínum borgun fyrir prestsverk yfirhöfuð, og að amtmaður skuli leggja úrskurð sinn á, hver öreigi sè, ef um það yrði ágreiníngur, þykir þinginu, að þetta síðarnefnda ekki eigi vel við, og mundi valda meiri umsvifum enn vera þyrfti, að leggja slíkt á amtmanns úrskurð, en betur hlýða, að binda skilníng orðsins við einhver þau útvortis atriði, sem hvervetna geti ráðið lyktum, og er það því álit þingsins, með 21 atkvæði gegn 2, að greinina beri að orða á þessa leið:

„Af öreigum skulu prestar einga borgun taka fyrir prestsverk þau, er nú hafa verið talin; en öreigi er sá, sem annaðhvort þiggur af sveit, eða ekkert getur goldið til sveitar“.

Með þessum breytíngum leyfir alþíng sèr allraþegnsamlegast að biðja um:

Að frumvarp það, sem hèr ræðir um, megi öðlast lagagyldi.

Reykjavík 30. Júlí 1845.

Thorsteinson Jonassen.

2. Álitsskjal um, hvort lögleiða skuli á Islandi nokkur almenn lagaboð, sem komin eru út handa Danmörku á árunum 1839—1844.

Með úrskurði, sem dagsettur er 10. dag Nóvembermánaðar árið sem leið, hefir Yðar Hátign allramildilegast umboðið

konúngsfulltrúa á alþíngi, að bera undir álit þess nokkur af þeim almennu lagaboðum, sem gefin hafa verið Danmörku árin 1839—44, ef ske mætti, að alþíngi virtist, að eitt eða annað þeirra ætti við hèr í landi, og væri því hèr heimfæranda, annaðhvort beinlínis, eða með nokkrum tilbreytíngum.

Alþíng hefir, til þess allraþegnsamlegast að hlýðnast þessu boði, valið 5 menn í nefnd til að íhuga málið, og eptir það að nefndin hafði birt álit sitt, hefir það verið ýtarlega rædt á tveimur fundum þíngsins, og leyfir það sèr nú allraþegnsamlegast að skýra frá áliti sínu á þessa leið:

1. Opið brèf 24. Apr. 1839 um ómyndugra og hálfmyndugra skuldbindíngar. Svo að segja aldrei hefir hèr í landi heyrzt um skuldbindíngar slíkar, er brèfið ræðir um, því allt er hèr ennþá einfalt og óbrotið. Tilskipun 26. Okt. 1804 og Opið brèf 14. Des. s. á. hafa og aldrei hèr lögleidd verið. Alþíng meinar því, að einga nauðsyn beri til að lögleiða hèr fyrstnefnt lagaboð.

2 og 3. Opin brèf 15. Maí og 8. Aug. 1839, um einkabann gegn vegabrèfum, og um það, að ekki þurfi að taka nýjan passa. Það gæti að vísu að borið í Reykjavík, eða þeim öðrum kauptúnum landsins, að hið fyrrnefnda opna brèf mætti við hafa. En alþíng ætlar það eingu að síður óþarft fyrir einstakt tilfelli, sem óvíst er, hvort nokkurntíma að ber, að lögleiða hèr lagaboð þetta. Hið síðarnefnda opna brèf á sèr hèr í landi lítinn stað.

4. Tilskipun 11. Sept. 1839, um meðferð á eigum horfinna manna. Alþíng meinar, að þessi tilskipun sè svo margbrotin, að hún mundi þurfa afar mikla breytíngu, til að verða hèr að liði, og af því utanferðir hèðan eru sjaldgæfar, en það helzta, sem hèr að lýtur, er hèr áður í lögum við tilskip. 2 Apr. 1817 (sbr. rentukammerbrèf 13. Febr. 1822 og 9. Nóv. 1825), svo er það alþíngis allraþegnsamlegasta meiníng, að upphaflega nefndrar tilskipunar þurfi hèr ei við.

5. Opið brèf 23. Maí 1840 um áfríun dóma í sakamálum. Alþíngi virðist það auðsætt, að lagaboð þetta mundi hafa hèr á landi gagnstæða verkun því, sem það hefir í Danmörku, þar sem það þraungvar þar áfríunarrètti sakamanna frá því sem áður var, en mundi rýmka hann hèr á landi. Mismunurinn milli sakamanna áfríunarrèttar í Danmörku og hèr í landi er því nú

orðinn minni enn hann áður var, þegar Yðar Hátign þó fann nægaástæðu til, við tilskipun 24. Janúar 1838, 16. gr. að gjöra áfríunarrèttinn hèr þreyngra enn þar, hvar til og var því nægari ástæða, sem Íslands fjarlægð frá Hæstarètti gjörir áfríun sakamála hèdan umsvifa-og kostnaðar-meiri enn í Danmörku. Sú en 1. grein nefndrar tilskipunar ber að sönnu með sèr, að ena dönsku löggjöf skuli hèr á landi við hafa í meðferð sakamála, en bæði er það, að greinin að eins áhrærir þá dönsku lögjöf, sem þá var, og líka gjörir 16. greinin þó frá þeirri reglu þá undantekníngu, sem sèrílagi átti að gylda hèr í landi; alþíng ætlar því, að ofannefnt opið brèf ekki hafi eða eigi að hafa hèr lagagyldi.

6. Opið brèf 23. Maí 1840 um refsíngar við vatn og brauð. Refsíngar við vatn og brauð eru að vísu lögleiddar í Reykjavíkurbæ með konúngsbrèfi 24. Janúar 1838, en alþíngi virðist því minni nauðsyn til bera, að lögskipa ofannefnt lagaboð fyrir þenna eina bæ, sem það má vera bæjarfógetanum í sjálfs valdi, án lögskipunar að viðhafa þær mildandi ákvarðanir lagaboðsins, við áleggíngu vatns og brauðs straffsins í Reykjavík.

7, 8 og 9. Tilskipanir um opinbera sjóði og reiknínga yfirhöfuð, samt um sjóði og reiknínga þá, er hverfa undir umdæmi kanselliis og um amtstofureiknínga, allar frá 8. Júlí 1840. Af þessum lagaboðum getur hèr einúngis verið spursmál um það fyrstnefnda, og það þó eingaungu, enn sem komið er, að því, er viðvíkur landfógetanum; en alþíng ætlar, sð enni konúnglegu jarðabókar-fjárhirzlu sè svo borgið, undir tilsjón stiptamtmannsins, við þær nákvæmu ráðstafanir, er Yðar Hátignar rentukammer hefir gjört í því efni, að ekki mundi á bæta, þó þessi lángorða tilskipun væri hèr lögleidd, hver þaraðauki mundi þá allmikillar breytíngar við þurfa.

10. Opið brèf 20. Jan. 1841 um dóms-áfríunarstefnur í skiptamálum. Fátækt landsbúa gjörir það að verkum, að skiptamálefni hèr sjaldan eru mjög flókin eða umfángsmikil, og er þá því minni þörf á þeim lètti við áfríunarstefnu-birtíngarnar, er lagaboð þetta miðar til. Auk þessa er opið brèf 21. Apr. 1824, sem lagaboðið í 2. gr. bendir til, hèr eigi lögleidt, og sá í þessari grein ákveðni stefnufrestur gæti eigi komið heim við ákvörðun tilskipunar 11. Júlí 1800 15. gr. Alþíng ætlar því, að þetta lagaboð sè hèr á landi bæði óþarft og óhentugt.

11. Opið brèf 26. Marz 1841, um tilmiðlun í sóttvarnarlöggjöfinni. Af því hèr í landi eingar sóttvarnar-stiptanir eru, getur lagaboð þetta ekki átt hèr við.

12. Opið brèf 10. Apr. 1841, um úrskurði yfirvalda, er tjá einhvern ómyndugan. Það er einkar fáheyrt hèr í landi, að einn sè ómyndugur gjör að yfirvalds ráðstöfun', enda gætu eigi slíkir úrskurðir í tækan tíma orðið kunnir, þar sem þing hèr eigi eru lögskipuð á landsbyggðinni nema einusinni á ári, en dagblöð eingin koma út. Alþíng ætlar því, að þetta lagaboð verði hèr ekki við haft.

13. Tilskipun 28. Júlí 1841, um veðsetníngu lausafjár. Veðskuldabrèf eru, enn sem komið er, næsta sjaldgæf hèr í landi, og þó hitt enn sjaldgæfara, að lausafè sè sett að veði, án þess það sè veðtakanda í hendur selt; alþíng heldur því, að lagaboð þetta sè Íslandi ekki nauðsynlegt.

14. Tilskipun 16. Marz 1842 um kafferðir í sjó. Þetta lagaboð meinar alþíng hèr á landi óþarft.

15. Tilskipun 6. Apríl 1842, um þvíngunarmeðöl, er beita má, dómum til fullnustu, þegar eitthvað á að gjöra eður ógjört að láta. Næstum öll viðskipti manna í milli hèr í landi eru svo einföld og óbrotin, að ísjárvert þykir að lögleiða hèr þessa nákvæmu tilskipun; því þótt hún innihaldi margar almennar ákvarðanir, eru þær þó bundnar svo straungum og nákvæmum rèttargángsreglum, er hèr ekki eiga við, einkum þareð löggjafinn sjálfur hefir í því tilliti birt vilja sinn í tilskipun 15. Aug. 1832, 11. gr. Skuldafángelsi, sem um er talað í 2. og 4. gr., er hèr að öllu óþekkt. Alþíng ætlar því, að lagaboð þetta sè hèr ekki heimfæranda.

16. Tilskipan 25. Júní 1842 um breytíngu á eiðs-útskýríngunni. Alþíngi virðist, að þetta lagaboð eigi beinlínis að fá lagagyldi á Íslandi, þareð hin eldri Danmerkur lög viðvíkjandi eiðasökum eru þar lögleidd, enda er útskýríng eiðsins aptan við dönsku lög eins lítið samkvæm tímanna þörfum og kröfum á Íslandi sem í Danmörku, og lögboðin þýðíng þessarar útskýríngar á Íslenzku er eingin til, svo hver dómari hefir sína. En hinsvegar þykir alþíngi það mjög miklu varða, að hin íslenzka þýðíng ennar nýju eiðsútskýríngar sè gjör með mikilli greind og nákvæmni hvað orðfærið snertir, svo hún geti verið ljós og skiljanleg öllum almenníngi, og hefir þíngið þessvegna leyft sèr að gjöra slíka þýðíngu á íslenzku, er með fylgir, í

þeirri allraþegnsamlegustu von, að hún verði lögleidd ásamt með sjálfri tilskipuninni *).

---

*) Þýðing sú, sem send er frá alþingi og hèr er getið, er þannig látandi:

„Hver maður, sem stefndur er fyrir löglegan rètt, til að staðfesta framburð sinn með eiði, á að mæta þar með lotningu fyrir guði og hans orði, og hyggja vandlega að því, að hann, einsog kristnum sæmir, gángi veg sannleikans og tali sannindi, og segi já eður nei með hreinskilni, einsog hann veit rèttast fyrir samvizku sinni; svo skal hann og vita, að einsog guð hefir tilsett valdstjórnina, svo hefir hann og veitt henni rètt til, að heimta af öðrum, að þeir staðfesti orð sín með eiði, svo hið sanna komi í ljós og endir verði allrar þrætu. Hann skal og, fyrir guðs sakir, gæta þess, að orð þau, sem koma yfir varir hans, eru eigi lítilfjörleg eður lèttvæg, heldur mjög svo íhugunarverð og áríðandi, og getur hann ekki borið það fyrir sig sèr til afbötunar, að honum hafi orðið ósannsögli í orðum sínum svosem af nokkurskonar breiskleika, því það er ýtarlega brýnt fyrir honum, að hann gæti vandlega að hverju orði sem hann segir, svo það, sem honum verður á í þessu, það syndgar hann vísvitandi og af ásetníngi, en alls ekki af breiskleika. Sá, sem vinnur eið, gefur öðrum fulla vissu á því, að hann hafi sagt sannindi, skýlaus og full sannindi, það er: að hann hafi ekkert það sagt fyrir rèttinum, sem hann ekki vissi, og yfir eingu því þagað, sem hann vissi með sjálfum sèr að gat miðað til að koma sannleikanum í ljós í því málefni, sem hann var krafinn til vitnisburðar um, ekki heldur haft yfirskot eður undanbrögð í orðatiltækjum sínum, miklu fremur hagað svo orðum sínum, með hreinskilnu hjarta, að þau mættu svo skiljast af öðrum einsog hann skildi þau sjálfur og vissi að satt var.

Hann stendur frammi fyrir dómstóli þeirra manna, sem settir eru af guði til þess, að þeir harðlega refsi meinsærismönnum, þegar guð leiðir sannleikann í ljós. Allra manna hjörtu munu lykjast aptur fyrir þeim, sem brennimerktur er með hinu óttalega nafni meinsærismannsins.

Hann stendur frammi fyrir augsýn guðs, hins alskygna, sem sèr í leynum og endurgeldur opinberlega, sem lèt bölfun út fara, svo hún kæmi yfir þjófsins hús, og yfir hús þess, sem sver ránglega við nafn hans.

Einsog siður er til, rèttir hann upp 3 fíngur hinnar hægri handar, og vill hann með þessu gjöra það öðrum sjáanlegt, einsog hann með orðunum gjörir það heyranlegt, að hann kallar þrieinan guð til vitnis. Sverji hann allt að einu rángan eið, þá hefir hann hrundið frá sèr guðs föðurs náð, varðveizlu og blessun; hann hefir þá afneitað heimsins endurlausnara og getur eigi flúið á hans náðir í hörmúngum þessa lífs eður á degi dómsins. Hann hefir og lokað hjarta sínu fyrir guðs anda, og svipt sjálfan sig allri huggun af guðs orði, þegar hinir vondu dagarnir koma, að hann er staddur í baráttu lífsins, að hann leggst á sóttarsængina eður á að heyja stríð við dauðann. Hann hefir og byggt sjálfum sèr út úr samfèlagi kristilegs safnaðar, svo að fyrirbænir safnaðarins upp frá því koma honum að eingu liði, flutníngur náðarboðskapar drottins jesú krists er honum til eingrar huggunar, syndir

17. Tilskipun 7. Apríl 1843, um innanbæjar víxlbréf, getur hèr ei við átt, þareð tilskipun 26. Júní 1824 ekki er lögleidd á Íslandi.

18. Opið brèf 19. Apríl 1843, um verzlun með eitur. Þetta lagaboð heldur alþíng að sjaldan geti hèr á landi komið að notum, hvar verzlun með eitur naumast finnur stað, nema máske einstökusinnum í apóthekum.

19. Opið brèf 24. Maí 1843, um nám eða útlag í jarðargróða á landsbyggðinni. Útlagsgjörðir eru hèr á landi næstum ókunnar, en sèrílagi mun það dæmalaust, að nokkur lánardrottinn hafi hèr látið taka hey eða myki lögtaki, og þetta er sá einasti jarðargróði, sem hèr getur verið umtalsefni. Lagaboð það, er hèr ræðir um, gæti og ei vel komið heim við opið brèf 19. Sept. 1806, sem bannar að þraungva nokkrum til að selja hey í fóðurskorti. Alþíng heldur því, að lagaboð þetta fyrstnefnda geti hèr í landi ekki átt sèr stað.

20. Opið þrèf 12. Júlí 1843, um rèttarstríð, þegar fleirum er útlagt sama lausafè. Þessi löggjöf lýtur að þeim strángari og nákvæmari rèttargángsreglum, sem í viðskiptum manna á milli eru við hafðar í Danmörku, ag leyfir alþíng sèr því allraþegnsamlegast að skýrskota til þess, er getið var við töluliðinn 15, hèr að framan.

21. Opið brèf 3. Apr. 1844, um kláðasýki á sauðfè. Þessi löggjöf á hèr ekki við að alþíngis meiníngu, því hvorki sú en eldri fjárpest, sem hèr á landi gekk frá 1760—1780 (og sem mun verið hafa fjárbóla), nè sú sýki, er nú í nokkur ár hefir brydt á sèr hèr og hvar, á þar neitt skylt við; enda væri

---

hans verða honum eigi fyrirgefnar, og hann á þess einga von, að rísa upp til þeirrar sælu, sem er fyrirhuguð kristnum mönnum, þeim er sanntrúaðir eru. Meðan hann dvelst hèr á jörðu, mun hjarta hans titra í honum af óstyrk, og fætur hans hvergi geta haldið kyrru fyrir, sökum eyrðarleysis. Eptir það flytur hann þángað, er sèrhverjum mun verða endurgoldið eptir sínum verkum, því einsog hver sáir, svo skal hann og uppskera.

Með áminníngu þessari og aðvörun höfum vèr gjört það, sem skyldan bauð oss, og með því vèr, einsog aðrir, eigum að standa guði reikníng, biðjum vèr hann þess, að sannleikurinn megi leiðast í ljós; en vèr getum eigi sèð inní hugskot annara — guð einn skynjar hugrenníngarnar áleingdar.

Þessvegna felum vèr honum, hinum alskygna og rèttláta, það sem nú er eptir.

Hver sem sannleikanum fer fram, vinni eið sinn öruggur, en gæti hver sín í guðs nafni að sverja ránglega við nafn hins hæsta".

landslag og allar aðrar kríngumstæður því á móti, að þessi löggjöf, þó kláðasýki kæmi á sauðfè, yrði hèr til nota.

Eptir þessu er það alþíngis allraþegnsamlegasta ósk, að, af þeim hèr töldu lagaboðum einúngis sú í töluliðnum 16 nefnda tilskipun allramildilegast innleiðist hèr sem lög.

Reykjavík 30. Júlí 1845.

Thorsteinson. Th. Sveinbjörnsson.

Þar eptir var fundi slitið.

31. Júlí — tuttugasti og fjórði fundur.

Allir á fundi, nema forseti, og var varaforseti í fyrirsæti. Þíngbók frá tuttugasta og þriðja fundi lesin og samþykkt.

Varaforseti lagði fram bænarskrá frá alþíngismanni Borgfirðínga, um að mál þau frá stjórninni, er bera skal undir álit alþíngis, verði send híngað með póstduggunni árinu áður; bænarskráin var afhent uppástúngumanni, prófasti Hannesi Stephensen, en hann las hana upp og mælti:

Ekki þykir mèr einum nauðsyn, að bænarskrá þessi verði af þínginu gjörð að álitum, heldur munu þíngmenn flestir þeirrar meiníngar, að þeim mundi auðveldara að komast niður í málefnum þeim, sem þeim yrðu falin til yfirvegunar, ef þeir nokkrum tíma áður enn þau verða á alþíngi borin upp, feingju frumvörpin, líka kynnu þeir, sèr til styrktar, geta feingið annara skynsamra manna álit um þau að heyra; mælist eg því til, ef málefni þetta ekki má ræðast strax, án þess álitsskrá verði um það samin, að menn verði af þínginu kosnir í nefnd, til að segja um það álit sitt.

Varaforseti: Samkvæmt alþíngislaganna 64. gr. má það ekki hafa stað, sem hinn heiðraði uppástúngumaður mælist til, að mál þetta sè nú í dag rædt til undirbúnings, heldur verður að kjósa nefnd til að segja á það álit, ef þíngmenn verða því ekki mótfallnir. En mèr finnst ekki ráð, að nefnd sè kosin. Er því til fyristöðu, bæði stefna bænarskráarinnar og hinn naumi tími, sem eptir er af þínghaldinu. Bænarskrár og uppástúngur einstakra manna verða þó ekki kunnar fyrr enn þær eru bornar upp á alþíngi, og er því stjórninni lagt meira á herðar með bænarskrá þessari enn krafizt er og krafizt verður af hverjum þíngmanni sèrílagi; svo er og stjórninni ekki mögulegt, að hafa lokið sumum hverjum frumvörpum svo

fljótt. Feingi t. d. nefnd sú, sem endurskoða skal Jónsbók, landbúnaðar- og skatta-lögin o. fl., lokið þessum störfum sínum að hausti, svo þau yrðu þá send til stjórnarráðanna, þá væri þó ekki mögulegt að senda aptur hingað með póstdugginni lagafrumvörp um þau málefni, og mundu þó þau frumvörp verða næsta markverð. Það er og yfirhöfuð ísjárvert, að senda lagafrumvörp með póstdugginni, sem ekki nær hèr ætíð landi, eða með póstum um hávetur til fjarlægustu hèraða.

En það er og óvinnanda, sakir hins nauma tíma sem eptir er, að fá máli þessu lokið að þessu sinni; væri nefnd sett, mundi ei frá henni koma álitsskjalið fyrr enn á föstudaginn; þá ætti það að liggja á lestrarsalnum 3 hina næstu daga, og gæti þá ekki orðið rædt til undirbúnings fyrr enn á þriðjudaginn, hinn síðasta dag sem þing skal halda.

Prófastur HANNES STEPHENSEN: Ekki fæ eg sèð, að stjórninni sè „lagt meira á herðar“, með bænarskrá þessari, enn einstökum mönnum, sem frumvörp kunna að bera upp fyrir þingið, og ekki til meira ætlazt af henni enn þeim; en kríngumstæðurnar olla því, að menn geta ekki, nú sem stendur, farið því sama á flot við innlenda menn, en komi sú tíðin, að landið eigi sèr dagblöð, sem nú hafa um nokkurn tíma legið í dái, mun þess sama verða beiðzt hjá þeim, enda ætla eg þá verða mundu ljúfa á það; annars er í bænarskránni einkis krafizt, heldur í fullri auðmýkt beiðzt. Þíng verður haldið annaðhvort ár, því má ætla að mörg konúngleg frumvörp verði búin á hálfu öðru ári, en ekki öllum skotið á frest til seinasta missirisins. Satt er það, sem hinn háttvirti varaforseti mælti, að störf nefndar þeirrar, sem setja á til að semja frumvörp til skatta og annara laga fyrir Ísland, geta ekki komizt hingað aptur prentuð á öðru hausti, ef þau verða send hèðan næsta sumar; þau eru að vísu mikilsverð, en innibinda þó ekki allt. Annars gaf varafersetinn von um, að þau kynnu ekki að verða búin næsta sumar, og gætu þau þá komið í tæka tíð, áður enn alþíng verður í þriðja sinn haldið.

Að vísu er tíminn orðinn naumur með málefni þetta, en væri nefnd nú kjörin, mundi hún allt kapp á leggja að semja álit sitt í dag, hefði það þá á mánudaginn legið 3 daga á lestrarstofunni, yrði þá rædt fyrra sinn, en í síðara sinn á þriðjudaginn; svo hefir öðrum málum flýtt verið, eptir að nefnda álitin hafa verið samin.

Varaforseti: Þó svo færi, sem uppástúngumaður nú mælti, er þó eptir að lesa upp í áheyrn þingsins allraþegnsamlegast álitsskjal til konúngs; en það verður ekki úr því þriðjudagur er liðinn og þinginu er slitið.

Kandidat Jón Sigurðsson: Það mun að vísu öllum þingmönnum hafa fundizt, að þeir hafi haft helzt of stuttan tíma til að hugsa um frumvörp stjórnarinnar, þau sem hèr hafa verið lögð fyrir þingið, og hafa þó frumvörp þessi verið flest um einföld mál, jafnvel eptir því sem mál gjörast hèr á landi. Eg þykist þessvegna viss um, að allir þingmenn hljóti að óska, að frumvörp stjórnarinnar yrðu kunngjörð á undan þingi því, sem ætlazt er til að bera þau upp á, svo tímanlega, að menn feingju nokkurn tíma til að glöggva sig á þeim, hugsa um þau og ræða. Stjórninni er heldur ekki „lagt meira á herðar“ með því að biðja um þetta, enn menn mega vænta að hún bæði vilji gjöra og geti gjört. Því er öðruvísi varið um stjórnina enn um einstaka menn: þeim kann að detta í hug þá eða þá, að semja þurfi uppástúngu um einhvern hlut, eða að gjöra það ekki, allt eptir því sem á stendur; um stjórnina mega menn aptur gjöra ráð fyrir, að hún vaki alltaf, og hugsi um að bæta það sem umbóta þurfi og búa til frumvörp um það, sem verða smámsaman leyst af hendi hvað eptir annað. Auglýsing á frumvörpum stjórnarinnar er einnig nauðsynlegri enn á uppástúngum einstakra manna, því hin fyrri gánga frá þinginu til stjórnarinnar, til að verða að lögum, en hin síðari munu optastnær gánga til þingsins aptur, sem undirstaða konúnlegs frumvarps, ef þau ná áheyrslu stjórnarinnar.

Mèr virðist einnig, sem stjórninni megi vera hvað mest annt um, að auglýsa frumvörpin í tíma. Eingum ætti, framar enn stjórninni, að vera umhugað um að lögin verði sem bezt undirbúin, og sem stöðugust að kostur er á, og þetta geta þau ekki orðið, nema þau sèu sem samkvæmust vilja þjóðarinnar, og eigi sem bezt við hag hennar og allt ásigkomulag á hverri tíð. En ef lögin eiga að verða vinsæl og stöðug, þá verða þau að vera vel undirbúin, en það verður eigi, nema menn hafi nógan tíma fyrir sèr til að hugsa um þau.

Það er að vísu satt, að tíminn er orðinn naumur til að búa mál þetta undir með nefnd, en eg ætla að nægja muni, ef þingmenn láta á sèr skilja, að þetta sè vilji þeirra, því eg vona,

að stjórnin muni þá uppfylla þessa nauðsynja-bæn, án þess meira þurfi fyrir að hafa.

Konúngsfulltrúi: Jafnvel þó eg geti að öllluleiti skýrskotað til þess, er hinn háttvirti varaforseti hefir sagt, þar sem hann hefir leidt ljós rök að því, að ekki sè ástæða til að kjósa nefnd til að rannsaka þetta mál; vil eg þó, vegna þess er síðan hefir verið talað, bæta við nokkrum athugasemdum: Þannig hafa menn sagt, að mikill hluti, að minnsta kosti af hinum auðveldari málunum, gæti orðið svo fljótt til lykta leiddur, að þau gætu komið hingað til lands haustið næsta fyrir alþíng. Flest af þeim málum, sem leggja ætti undir álit alþingis, eru þó þess eðlis, að rita verður um þau valdsmönnum hèr á landi hið næsta ár á eptir alþingi hverju, og mun því optastnær þar að reka, að málin verða einmitt til lykta leidd af stjórnarráðunum veturinn næsta fyrir alþíng. Það er og íhugunarmál, hvort það reyndar mundi verða til mikils gagns, að alþingismenn færu heima í hèröðum að ráðgast um slík málefni við granna sína, og ef til vildi, gjöra sèr fasta hugmynd um þau, sem þeir ættu síðan ekki svo hægt með að útrýma. Að minnsta kosti gæti annað af því leiðt enn það, sem 59. gr. alþingislaganna miðar til. Menn verða að gjöra ráð fyrir, að almennt sè það hyggnustu og helztu mennirnir, sem kosnir eru alþingismenn, og muni þeim ekki veita mjög erfitt að komast niður í lagafrumvörpunum, þegar þau, eins og nú í þetta skipti, eru prentuð og ástæður þeirra, fyrir þíng. Það er þá ekki óliklegt, að þegar þíngmenn rannsaka málin hver með öðrum, og þannig bera þau einúngis undir hyggna menn og vel að sèr, muni þeir betur koma sèr saman um það sem rèttast er, heldur enn ef þeir kæmu til þings og hefðu fastlega bundið huga sinn við einhverja eina skoðun á málefnunum, sem þeim, ef til vildi, virtist þeir ættu ekki að breyta. Þar sem hinn virðulegi alþingismaður Ísfirðinga gat þess, að frumvörp stjórnarinnar hafi í ár verið einfaldari enn menn geta vænt, þá ætlar hann að líkindum, að frumvörp einstakra manna hafi verið merkilegri; þaraf mundi þá leiða það, auk annars, að því fremur væri áríðanda, að þessi frumvörp yrðu mönnum kunnug fyrir þíngtíð. Það mætti og vera eins áríðanda konúngsfulltrúanum, að hann kynnti sèr áður þau frumvörp, en til þess fær hann einúngis þriggja daga frest, eptir að nefndir hafa sagt álit sitt um mál-

in, til þess að yfirfara þau og skapa sèr hugmyndir um þau frá því sjónarmiði, sem hann er á.

Þegar nú aðgætt eru öll þau atriði, sem aðgæta verður í máli þessu, þá virðist mèr, að það sè ekki svo litið í það spunnið, að menn geti samið nefndarálit um það á litilli stundu, svo álitskjalið yrði lagt í lestrarstofuna jafnvel í kvöld, og þareð málið annars kostar ekki einusinni getur komið til undirbúnings-umræðu fyrr enn á þinglausnadegi, svo ætla eg að það sè öldúngis tilgángslaust að kveða menn í nefnd, fæ og heldur ekki skilið, að stjórnin geti komizt að því, hvaða álit alþíng hefir um þetta mál, þó fleiri vildu ræða um það, áður enn nefnd manna hefði undirbúið það.

Prófastur Hannes Stephensen: Þar sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi ætlar það ekki sem æskilegast, að þíngmenn ræði um málin heima í hèraði við aðra skynsama menn, verð eg að álíta mótbáruna ekki með öllu óyggjandi; að vísu eiga þíngmenn eptir alþíngistilskip. 59. gr. að fara eptir sannfæríngu sinni, og ekki láta kjósenda sinna meiníngar glepja hana, en með umræðum við aðra munu hugmyndir þeirra um málin verða glöggvari og ljósari. Hèr koma á þíng 26 menn, máske hver með sína meiníngu, og víst hver með sína sannfæríngu; þó á þíngið að koma meiníngunum saman í eitt. Sjaldan mundu margir í senn ræða mál með sèr í hèraði, og mundu því ekki umræður þeirra þar valda neinu illu. Þeir eru sjálfsagt allir vel viti bornir, sem til alþíngis eru kallaðir, en óvíst er, hvort ekki sitji eins skynsamir menn heima, einkum meðan kosníngarlögum þeim er farið fram, sem nú eru. Eins og hinum háttvirta konúngsfulltrúa finnst æskilegt, að hann gæti fyrirfram kynnt sèr frumvörp hinna einstöku innlendu manna, svo hann feingi nægan tíma til að yfivega þau, svo er að öllu sama máli að gegna með þíngmenn og hin konúnglegu frumvörpin. Eg verð því enn að mæla með uppástúngu minni.

Konúngsfulltrúi: Þar sem eg vakti efamáls á því, hvort það væri þarflegt, að lagafrumvörpin yrðu áður rædd í hèröðum, þá var það ekki til þess, að lýsa yfir skýlausu áliti mínu um það, heldur til þess að benda til, að uppástúngan innibindi í sèr þær spurníngar, sem nefndin yrði að rannsaka, og mundi því ekki geta flaustrað af áliti sínu á fáum stundum. Hinn virðulegi flutníngsmaður hefir tekið þau orð mín: að það gæti

einnig verið áríðanda konúngsfulltrúanum, að kynna sèr á undan uppástúngur landsmanna, svo sem ástæðu fyrir því, að eins yrði að vera ástatt fyrir alþíngismönnum, hvað lagafrumvörp stjórnarinnar snertir, en eg verð að geta þess, að alþíngismenn geta farið einúngis eptir sannfæríngu sjalfra sín, en konúngsfulltrúanum er falið á hendur að segja álit stjórnarinnar á málunum, gæti það því opt verið mjög áríðanda, að hann hefði á undan kynnt sèr tillögur hlutaðeigandi valdsmanna um þau mál, er lögð verða fyrir alþíngið.

Kandidat Jón Sigurðsson: Hafi eg ekki misskilið hinn háttvirta konúngsfulltrúa, þá virtist mèr hann taka svo í uppástúnguna, sem þar mundi einúngis vera talað um auglýsíngu á þeim frumvörpum, sem samin væru útaf málum, er lögð hefðu verið undir alþíngis álit, og væru komin frá þínginu til stjórnarinnar, en sú var ekki meiníng mín, og ekki heldur að eg ætla, hins virðulega uppástúngumanns, heldur hitt, að öll frumvörp stjórnarinnar, bæði þau sem hún byrjaði á sjálf og hin, sem þíngið byrjaði á, yrðu auglýst svo laungum tíma fyrir þíng, sem kostur væri á. Það er og venja, einsog hinn háttvirti konúngsfulltrúi sjálfur veit, að mörg frumvörp stjórnarinnar eru birt smámsaman í Danmörku, eptir því sem því verður við komið, áður enn þíng eru haldin, og er þó opt kvartað þar, og ekki án orsaka, yfir því, að frumvörp í helztu málum komi opt ekki fyrir nokkurs manns sjónir fyrr enn á þínguum.

Hinn háttvirti konúngsfulltrúi lèt í ljósi ótta fyrir því, að menn kynnu að brjóta móti 59. grein í alþíngis-tilskipuninni, ef frumvörpin yrðu birt á undan; en ekki get eg skilið fyrirmæli tilskipunarinnar öðruvísi enn svo, að þar sè talað um, að einginn þíngmaður verði skuldbundinn af kjósendum sínum til að fylgja því fram, sem er gagnstætt sannfæríngu hans um hvað rètt sè og satt, eða til að fylgja hinu ránga í stað hins rètta.

Hafi hinn háttvirti konúngsfulltrúi tekið þá meiníng úr orðum mínum, þar sem eg sagða að frumvörp stjórnarinnar hefðu verið um einföld mál, að eg hafi með því bent til, að hin málin, sem einstakir menn hafa borið upp, hafi verið mikið merkilegri, þá hefir hann ekki tekið rètt eptir. Eg sagða það, að frumvörp stjórnarinnar hefðu verið flest um einföld mál, jafnvel af því sem hèr á landi er um að ræða, og þessu

ætla eg hinn háttvirta konúngsfulltrúa eigi geta neitað. En þar sem hann kvaðst miklu framar sjálfur mætti óska að sjá frumvörp einstakra manna heldur enn aðrir, þá verð eg að geta þess, að allir menn ætlast til, að hinn háttvirti konúngsfulltrúi sè svo handgeinginn stjórninni og svo nákunnugur öllum hennar skoðunarmáta og meðferð á málunum, að hann sè undir hvert mál búinn, miklu betur enn nokkrum alþingismanni er auðið að vera. Að öðru leiti væri það að vísu æskilegt, að einstakir menn byrtu einnig á undan uppástúngur sínar, og það vilda eg fyrir mitt leiti reyna, ef mèr skyldi auðnast hèreptir að bera upp nokkuð hèr á þínginu; það kynni og vel að vera, að menn fynndu ráð til þess, þó ekki sè það komið í kríng enn sem stendur.

Að síðustu get eg þess, að eg ætla eingum hafa dottið í hug, að frumvörp þau sem auglýst yrðu, skyldu verða prentuð og send um kríng með því fyrirkomulagi, að þau ættu við alþingistíðindin á síðan, þegar þau yrðu prentuð. Hèr er einúngis beðið um, og það er aðalatriði uppástúngunnar, að frumvörp stjórnarinnar verði gjörð kunn á einhvörn hátt, bæði þjóðinni og þíngmönnum, svo tímanlega, að menn geti hugsað þau nokkuð áður enn menn koma á þíng og eiga að ráðgast um þau.

Prófastur Halldór Jónsson: Mèr getur ekki skilizt betur, enn að tilgángur bænarskrár þeirrar, sem hèr er umtalsefni, sè skynsamlegur, og held eg að þíngmönnum mundi þykja það æskilegt, ef þeir feingju að sjá hin konúnglegu frumvörp nokkru áður, enn í hvort sinn er til þíngs farið, og held eg það fjarri fara, að þíngmenn yrðu, fyrir umræður um þau við skynsama menn, í nokkru tilliti óhæfari til að standa vel í stöðu sinni á þínginu; miklu heldur gætu þvílíkar umræður gjört hugmyndir þeirra um málefnin ljósari og greinilegri, og kennt þeim að skoða þau á fleiri hliðar, og verður með þessu móti sízt hætt við eintrjáningslegum skoðunarmáta og ástæðulausri stífni. Ekki sýnist mèr heldur bænarskrána bresta tilhlýðilega hæversku; hún takmarkar ósk sína við kríngumstæðurnar og hentugleika stjórnarinnar; en það er líklegra, að frumvörpin verði tilbúin smátt og smátt, enn að allt sè ætlað seinasta misserinu, áðurenn alþíng í hvort sinn er haldið; mèr finnst líka, einsog þegar hefir verið á vikið, að ráð megi gjöra fyrir fleiri frumvörpum enn þeim, sem áður hafi verið undirbúin á alþíngi;

því hvað þessum seinastnefndu viðvíkur, getur mèr skilizt, að ekki yrði stundum allt undirbúið þegar póstskip fer. Annað spursmál er það, hvort kríngumstæðurnar mæli fram með því, að nú verði kosin nefnd til að íhuga málið: tíminn er nú orðinn svo stúttur, að það mun varla hjálpa, þegar alla vanalega aðferð verður við að hafa. Geta menn þá hugsað sig um, þángað til næsta alþíng verður haldið, hvort nauðsyn sè á því sem bænarskráin fer á flot, og þá framfylgt því, ef nauðsyn þykir til bera.

Prófastur H. G. Thordarsen: Mèr getur ekki annað enn sýnst það undarlegt, ef ei miður sæmilegt, að beiðazt þess af konúngi, sem vèr ei getum ætlazt til af löndum vorum. Mèr þykir það því undarlegra, sem hin konúnglegu frumvörpin eru staklega vel undirbúin, áður þau koma fram fyrir þíngið, svo að manni má veita hægt, að komast á stuttum tíma að undirstöðu í þeim. Konúngurinn hefir, áður enn hann ber þau fram, leitað um þau álits hinna vitrustu manna, bæði hèr í landi, og erlendis nær sèr; en málefnin úr landinu sjálfu koma fyrir án þvílíks undirbúníngs, og gèta þó ei síður verið vandasöm í sjálfum sèr.

Eg vil einganveginn neita því, að það kunni vera æskilegt að hafa fyrir sèr leingri tíma til umhugsunar áríðandi málefnum; þó verð eg að segja fyrir mig — aðrir segja fyrir sig — að það, sem eg ei get skilið á styttri tíma, verður mèr sjaldan fullljóst, þó leingur líði, og þegar mèr ber vanda að hendi, vil eg helzt mæta honum í einu, svo eg geti einhverntíma strokið um frjálst höfuð, og ef eitthvað kynni að takazt óhönduglega til, haft þá von, að fremur yrði virt til vorkunar. Eg fyrir mitt leiti segi það frómlega, að eg vil ekki þurfa að mottast í alþíngis málefnum heilt missiri, eður meiri tíma arsins. En um þetta kunna að vera ymsar meiníngar, og er eg þar ei maður á milli.

Kandidat Jón Sigurdsson: Hinn háæruverðugi alþíngismaður, sem nú mælti, talaði um hinn „staklega undirhúníng“, sem hafður væri á frumvörpum stjórnarinnar. Eg man þó ekki betur enn hann kvartaði yfir, hversu bágt væri að skilja frumvarpið um fardaga presta, og mun það þá hafa verið annaðhvort af því, það hefir ekki verið rètt vel undirbúið, eða það hefir verið of vel undirbúið.

Prófastur H. G. Thordarsen: Hvað frumvarpið um fardaga-ár presta snertir, hefi eg aldrei sagt og segi ekki enn þá annað, enn að það í bezta máta var undirbúið. Og er þess vel að gæta, að því betur sem frá einhverju er geingið, þess hægra veitir að sjá gallana, ef nokkrir eru. Um hitt, sem illa er frá geingið, verður ei annað sagt, enn að það er ónýtt, og þess erfiðara að sjá á því gallana. Það, sem mig skildi á við áminnst frumvarp, var ei það er snerti efnið sjálft, heldur þótti mèr það óljóst, og lá þetta að mestu í orðfærinu, en um efnið man eg ei að menn skildi á, og í því er þó undirbúningurinn mest verður.

Prófastur Halldór Jónsson: Ekki getur mèr sýnst það æskilegt, að vandasöm málefni, þegar öðru verður við komið, dynji yfir þá fyrst, þegar til ummæla og úrræða á að koma: það er yfirhöfuð helzt fyrir gáfumenn, að sjá fljótt það, sem rèttast er og bezt á við í hverju sem er; og þó getur undirbúningstími því að eins verið ónauðsynlegur, að til sè, og við hendina, allt það, er máli hverju megi verða til upplýsingar og leiðbeiningar þeim, sem með það á að fara.

Prófastur Hannes Stephensen: Þar sem einn hinna heiðruðu þingmanna þykist finna hæversku- eða kurteysis-brest í bænarskránni, verð eg með öllu að neita honum. Hèr er að eins beiðzt þess, sem stjórninni er mögulegt, og menn ætla henni sjálfri ljúfast, eins og þingmaður Ísfirðinga einnig gat á, og þessa er beiðzt með þeirri auðmýkt sem hæfir, en þó hins sama sè enn ekki beiðzt hjá samlöndum vorum, þarf eingan að furða, því það væri þeim, sem áður er sagt, ómögulegt. Seinna koma, ef til vill, þeir tímarnir, að land vort eignist dagblöð fyrir sig, og þá mun þessa hins sama verða beiðzt eða krafizt hjá enum innlendu mönnum.

Konúngsfulltrúi: Þareð eg hygg, eptir því sem nú hefir verið rædt um þetta mál, þá sè efnið orðið nóg til 2 daga umræðu handa nefnd manna, og þareð málið, eptir því, ekki mun geta orðið borið upp til undirbúnings-umræðu á þessu þingi, svo ætla eg ekki að fara um það fleiri orðum.

Kandidat Jón Sigurdsson: Eg verð að leyfa mèr einúngis að geta þess, að það er svo lángt frá, að slík ósk sem þessi sè álitin óhæverskleg hjá nokkurri þjóð, þar sem stjórn er nokkurnveginn frjálslynd, að það er þvertámóti almennt álitið stakasta hirðuleysi, ef eigi er beðið um slíkt sem þetta.

Varaforseti skaut þá til atkvæða þingmanna, hvort nefnd skyldi kjósa, og voru 7 á því en 16 á móti.

Því næzt var fundi slitið.

1. August — tuttugasti og fimmti fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá tuttugasta og fjórða fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Það mál, sem hèr í dag kemur til umræðu, er málefnið um frjálsa verzlun á Íslandi, en með því það þarf að lesa upp á þinginu álitsskjal og bænarskrá frá þinginu til konúngs, i tveimur málum, svo má umræða þessa máls ekki vara leingur enn til kl. 3. eða mest 3½.

Framsögumadur, Kandidat Jón Sigurdsson tók við álitsskjali nefndarinnar og las það upp, og er það þannig látanda:

„Þetta hið virðulega þing hefir kosið oss í nefnd 7. dag þessa mánaðar til að rannsaka það mál, sem upp hefir verið borið hèr á þinginu og studt með 27 samhuga kænarskrám úr 15 sýslum hèr á landi, og frá nokkrum Íslendíngum í Kaupmannahöfn, um, að Íslandi mætti veitast fullkomið verzlunarfrelsi við allar þjóðir; eru einkum þessi atriði tekin til í bænarskránum:

1. um utanlandsverzlun: að hún verði látin laus við allar þjóðir, eða nokkrar enar næstu, og tollur sá tekinn af, eða lækkaður, sem nú er á hana lagður; að utanríkis þjóðir verði fríaðar frá að sækja vegabrèf til hins konúnglega rentukammers í Kaupmannahöfn; að lausakaupmönnum öllum verði leyfð óbundin verzlun hèr við land, og að tekinn verði af útflutníngstollur sá, sem nú er goldinn af vöru þeirri, er flutt verður beint frá Íslandi til annara ríkja.
2. um innanlands verzlun: að hún verði einnig gefin laus, svo að hver búandi maður eigi kost á, að kaupa hjá yfirvaldinu leyfisbrèf til verzlunar, fyrir sanngjarnlegt gjald, og að verzlun yrði tekin upp á fleiri stöðum enn nú er.

Áður enn nefndin lætur í ljósi álit sitt um atriði þessi sjálf, þykir henni þörf á, að skýra með fám orðum frá, hversu verzlun landsins er hagað eptir lögum þeim sem nú eru.

Þegar hin svo nefnda „Landcommission“ var sett, ár 1770, var henni meðal annara hluta skipað að hugleiða, hvort frjáls verzlun væri gagnleg landi þessu, þareð stjórnin var þá um síðir farin að efast um, hvort einokunarverzlunin, sem land

þetta hafði stunið undir um 170 ára, væri landinu og ríkjum þessum til svo mikilla nota, sem menn höfðu ætlað. Í skýrslu sinni segir nefnd þessi, að hún álíti einokunnar-verzlun, þá sem var, landinu mjög skaðlega, en frjálsa verzlun því gagnlegasta, og lagði því til, að verzlunin yrði látin laus, eptir að búið væri að reisa landið nokkuð úr volæði því, sem það var þá í, og nefndinni virtist vera svo mikið, að landið mundi ekki geta borið frjálsa verzlun þá um sinn. Undirbúningur sá, sem nefndin stakk uppá, var byrjaður af stjórnarinnar hendi, að því leiti, að farið var að styrkja jarðarræktina og aðra atvinnuvegu með verðlaunum, og hvetja til ýmislegra atburða; einnig var farið að mæla strandir landsins og hafnir, en því atriði í frumvarpi nefndarinnar, að koma úngum mönnum íslenzkum inn í verzlunina, með því að láta kenna þeim og hafa þá í verzlunarþjónustu, var ekki gaumur gefinn. Landið gekk enn í gegnum mikla hörmúng, og það sem byrjað var, til að búa undir verzlunarfrelsið, hætti að mestu, þángað til 1786, að önnur nefnd, sem sett var til að ráðgast um landsins bágborna ástand, stakk uppá, að láta verzlunina lausa fyrir alla þegna Danakonúngs í Norðurálfu og sýndi með ljósustu rökum, hversu einokun verzlunarinnar hafði gjörsamlega eyðilagt þetta land, og að lausn verzlunarinnar væri jafnmikið til hagnaðar ríkjunum eins og Íslandi sjálfu.

Í opnu brèfi 18. Aug. 1786 12. og. 13. gr. lýsir konúngur þeim vilja sínum og tilgángi, að Íslendíngar mætti ná sem fyrst að hafa nokkurn þátt sjálfir í verzlun sinni, og tilskip. 13. Júní 1787 II. kap. 1 gr. lýsir því yfir, að „hin íslenzka verzlun skuli þaðanaf vera svo frjáls sem verða má, eptir kríngumstæðum“. Lagaboð þessi bönnuðu þó harðlega útlendum þjóðum alla verzlun hèr við land, og allar siglíngar á straumum landsins framar enn áður hafði ákvarðað verið, svo var og bannað að hafa útlend skip til verzlunar, en leyfð aptur á móti öll verzlun innanríkis á innlendum skipum, tollfrí um 20 ár. Á Íslandi sjálfu var nokkrum verzlunarstöðum veitt kaupstaða rèttindi og ýmisleg hlynnindi, og stjórnin ætlaði til, að útlendir mundu fyrir þá sök setjast hèr að, þó allar samgaungur við önnur lönd væru bannaðar, nema svo að eins að hinn íslenzki kaupmaður væri í verzlunarfèlagi við kaupmann í Danmörku eða hertogadæmunum. Þetta brást nú að sönnu, en rýmkun verzlunarinnar bar þó skjótlega þá ávöxtu, að verzlun landsins

jókst ekki alllítið, innlendar vörur hækkuðu í verði en útlendar lækkuðu, og fjör tók að færast í innanlands verzlun og í atvinnuvegu landsmanna. En mest af þessari blómgun hvarf í einu, eptir að hin opnu brèf rentukammersins 1. Júní 1792 og 23. Apríl 1793 höfðu hert ákvarðanir enna fyrri lagaboða og bundið verzlunina fastara til hinna svonefndu kaupstaða. Bænarskrá Íslendínga 1795 um fullt verzlunarfrelsi við allar þjóðir var ekki bænheyrð, þareð ekki þótti gjöranda að hagga um þau bönd sem þá vóru á, fyrr enn að 20 árum liðnum frá því verzlunin var losuð. Þó gjörði opið brèf 22. Apríl 1807 einga töluverða breytíngu í því sem ákvarðað var. Eptir ófriðar árin var rædt um ena íslenzku verzlun, og hvort hún skyldi verða laus látin eða ekki. Ávöxtur þeirrar ráðagjörðar var tilskipun 11. Sept. 1816, sem gefur rentukammerinu vald á að veita vegabrèf til Íslands „nokkrum kaupförum“ (*et vist Antal Handelsskibe*) sem útlendir menn eiga, þó skyldu þeir rita rentukammerinu bæn sína um vegabrèf til hverrar ferðar, svo snemma, að hún væri komin til stjórnarráðsins fyrir Janúarmánaðarlok, á því ári sem ferðin var ætluð, og skýrsla með um skipið og farminn. Þegar vegabrèfið fèkkst skyldi gjalda 50 rbd. reiðu silfurs af lestarrúmi hverju í skipinu í stað tolls, nema farmurinn væri timbur, þá skyldi gjalda 20 rbd. r. s. af hverju fermdu lestarrúmi. Þegar skipið kæmi til Íslands skyldi það koma fyrst á eina af þeim 4 kaupstaðarhöfnum, og væru þá öll skjöl sem vera bæri, skyldi verzlun leyfð við alla kaupstaði og löggyldta útkaupstaði, þó svo, að skjölin væru sýnd sýslumanni á hverjum stað. Gjalda skyldi 6 rbd. silfurs á hverjum stað til embættismanns þess, sem átti að sjá skilríki skipsins. Þegar öllu þessu var vel aflokið, skyldu þeir mega verzla 4 vikur á hverjum verzlunarstað, með því að reisa hvorki hús eða byrgi eða tjald á landi; og að síðustu skyldu þeir gefa skýrslu um það til yfirvaldsins, hvað þeir hefðu keypt og selt á hverjum stað. Kaupmenn þeir sem á Íslandi voru, feingu leyfi til að senda skip beinlínis til annara landa enn Danmerkur, og láta koma skipsfarma beint frá útlöndum; þó skyldu skipin vera eign þeirra eður þegna Dana konúngs og gjalda 5 rbd. r. s. af hverju lestarrúmi, en stiptamtmaður skyldi veita vegabrèfið.

Þessar ákvarðanir gylda að mestu leiti enn um ena útlendu verzlun, nema að konúngsúrskurður 30. Maí 1821 (Rentuk.

Plakat 1 Júní s. á) hefir veitt rentukammerinu vald á að leyfa útlendum að flytja viðarfarma til Íslands tolllaust, en að öðru leiti með þeim skilmálum, sem það í hvert skipti vildi setja. Þetta leyfi hefir verið veitt Norðmönnum, og þó í fyrstu af skornum skamti, en opið brèf 22 Marz 1839 rýmkar það með tilliti til húsaviðar og ýmislegra nauðsynlegra hluta til bygginga. Enfremur er 5 rbd. gjald það, sem tilsk. 11 Sept. 1816 lagði á hvert lestarrúm í skipum, sem gánga milli Íslands og útlanda, minkað til 2 rbd. 32 sk. með opnu brèfi 28 Desember 1836. 13. gr.

Hvað enni innlendu verzlun viðvíkur, þá hefir hið opna brèf 28. Des. 1836. 13. gr. rýmkað hana, að því leiti, sem nú er einginn munur gjörður á kaupstöðum og verzlunarstöðum, og lausakaupmenn ekki bundnir við að koma fyrst til kaupstaða, einsog áður var; nú er þeim og leyft, að skipta tímabili því, sem þeir mega liggja á höfnum.

Vèr ætlum að hèr sèu faldar enar helztu lagareglur, sem skapa verzlun hèr á landi, einsog henni er nú komið, og vèr ætlum það ljóst hverjum þeim, sem hugleiðir reglur þessar, að þær leggja mikil bönd bæði á útlenda og innlenda verzlun. Hvað enni útlendu verzlun viðvíkur, þá eru í fyrstu ákvarðanir þær, sem tilsk. 11. Sept. 1816. tiltekur, svo harðar, að þær hljóta að bægja öllum útlendum þjóðum frá verzlun við þetta land, þó svo heiti að þær geti feingið hèr verzlunarleyfi; því bæði er tollur sá, sem til er tekinn svo hár, að hann einn gjörir hverri þjóð ófært að keppa á við þegna konúngs vors í Danmörku og hertogadæmunum, sem eingan toll þurfa að gjalda; og þaraðauki eru reglur þær aðrar, sem fyrir eru lagðar, svo erfiðar, einkum fyrir þá, sem eru úr fjarlægum löndum, að einginn kostur er á að fylgja þeim til fullnustu, nema sèr til hins mesta skaða. Band það, sem lagt er á lausakaupmenn, að verða að leita lags með verzlun sína til þess að vera ekki leingur enn mánuð á einni höfn, er svo óviðurkvæmilegt, og gagnstætt því sem allstaðar annarstaðar tíðkast, að það hlýtur að vera verzlun landsmanna til mikils skaða. Innanlands verzlun er enn svo teppt, síðan konúngsúrskurðir 1792 og 1793 voru útgefnir, að hún er alls eingin, og bann það, sem þar er lagt á lausakaupmenn, að mega ekki fá bændum varníng til sölu, er endurnýjað í opnu brèfi 28. Des. 1836. 10. gr.

Nefndin er þessvegna öll í einu hljóði á því, að Ísland njóti eigi svo mikils verzlunarfrelsis, sem rèttur þess stendur til og velferð þess útheimtir, meðan verzlunarlögin eru þannig; hún er og föst á því máli, að gagn ríkisins alls útheimti, að landi þessu sè gefinn kostur á að eflast svo í allri líkamlegri framför, sem því er auðið, þareð landið getur ekki annars kostar tekið þann þátt í að efla og styðja sameiginlegt gagn ríkisins. Þessi atriði verður nefndin að leyfa sèr að hugleiða með fám orðum:

Það er þá í fyrstu sannfæring nefndarinnar, að rèttindi þau, sem land þetta hefir átt frá alda öðli, og konúngar vorir hafa viðurkennt, sèu móthverf því að verzlun þess sè bundin, að öðru leiti enn góð regla og nytsemd landsins sjálfs útheimtir. Landið gaf sig frjálst með reglulegum samníngi undir Noregs konúnga, og í samband við ættjörðu sína Noreg. Enir fyrri konúngar hafa látið hylla sig hèr á landi, einsog í sjálfum aðallöndunum. Erfða einvaldsstjórnin er lögleidd hèr sèrílagi, og nýir eiðar teknir, og svo hefir einnig verið gjört síðan, á sama hátt og í aðalríkjunum; þarámóti hefir slíkt aldrei verið gjört í nýlendunum. Þetta og mart annað sýnir ljóslega, að konúngar vorir sjálfir hafa álitið land þetta einn part ríkis síns sèrílagi, með sèrstökum rèttindum, lögum og venjum, einsog vitanlegt var, en ekki sem nýlendu, með lægra rètti enn hina hluta ríkisins. Nefndinni virðist það því fullkomlega mótstríðandi rèttindum þeim, sem sjálf stjórnin hlýtur að álíta og konúngar vorir hafa álitið að þetta land eigi með sanni, að bundin sè verzlun þess framar enn þörf þess krefur, einsog gjört hefir verið við nýlendur, og henni virðist skylda alþíngis, að biðja konúng vorn allramildilegast líta á þetta sem aðalástæðu bænar vorrar um fullt verzlunarfrelsi, jafnt við aðra þegna hans og lagað eptir þörfum landsins.

Þarnæst virðist nefndinni auðsætt, að verzlunarlög þessi, sem nú eru, standi framför landsins í vegi. Hver sá, sem þekkir til hèr á landi, hann verður að játa, að allskonar vöruafli, verður aukinn hèr svo, að oss er ekki auðið að segja takmörk þess. En til þess það geti orðið, þá er frelsi atvinnuveganna nauðsynlegt, og einkum verzlunarinnar, sem er undirrót og stofn þeirra allra. Það er nú alkunnugt, að margar þjóðir liggja eins þægilega til verzlunar við oss eins og Danir, hafa vörur sem oss eru hentugar, eins og þeir, og sumar betri, þurfa

sumra vörutegunda þeirra, sem vèr höfum að bjóða, framar enn Danir, og kaupa þær nú af þeim; þessar þjóðir ætlum vèr að vísu mundu koma hingað til lands, ef þeim væri ekki frá því bægt með lögum þeim sem nú eru, sem bæði leggja á þá afarháfan toll og leggja þeim margar tálmanir í veginn þar að auki. Verzlunin við Dani sjálfa mundi verða miklu meiri og fjörugri, ef bönd þau, sem nú liggja á verzlun lausakaupmanna, væru leyst. En meðan allt er bundið, svo sem nú er, verður bæði gángur verzlunarinnar óeðlilegur, og kyrkíngur heldst við í allri atvinnu landsmanna og framför. Gángur verzlunarinnar verður óeðlilegur, því aðalsetur hennar verður í Danmörku og þaraf leiðir, að kaupmenn setjast helzt þar að og draga fè sitt þángað, en hafa heldur umsjónarmenn hèr, þar sem verzlunin er einfaldari og óbrotnari. En þegar verzlunarmátinn er orðinn þannig, þá er auðsætt að hann verður kostnaðarsamari, og lendir það á Íslandi að mestum hluta, því verzlun lausakaupmanna er tálmuð, hinum föstu til hagræðis, og þetta spillir verzlunarhag og ábata landsmanna. Við það missist landi þessu mikill auður, og, það sem verra er, margur dugandismaður. Væru nú ekki þessi bönd á verzlun landsins, sem bindi hana til Danmerkur einnar, þá yrði landið sjálft, einsog eðlilegt er, aðalstaður verzlunar sinnar, og kaupmönnum yrði hollast að setjast hèr að. Kyrkíngur í atvinnu landsmanna er auðsær af því, að hèr eru á hverju ári og hefir verið um lángan aldur vöruskortur á margri nauðsynjavöru, stundum nærfellt allstaðar, stundum víða, en alltíð á einstaka stöðum, og það sumstaðar mörg ár í bili. Þannig er nú í sumar sagður almennur vöruskortur í öllum vesturkaupstöðum, og hèr í Reykjavík er skortur bæði á salti og timbri og ekki auðugt af fleirum nauðsynjavörum. Það er nú sannreynt og alkunnugt öllum, að vöruneyzla og vöruafli fylgist að, svo að hvert eykst með öðru; er það því í augum uppi, að skortur á vöru þeirri, sem útgeingileg er, kyrkir allan vöruafla landsins, ekki að nefna þeg ar einmitt vantar þær vörutegundir, sem þarf til að framfylgja atvinnuvegum landsins og nota þá, svo sem er timbur, salt, hampur, steinkol og járn. Eigi síður ætlum vèr, að verzlun þessi sè til hnekkis endurbótum á vörutilbúníngi landsins, og fjölgun vörutegunda, því þetta hlýtur allt að verða hvert öðru samfara.

Það er að síðustu álit nefndarinnar, að bönd þau, sem nú liggja á verzlun þessa lands, sèu ríkinu öllu til skaða. Það

er í sjalfu sèr auðsætt, að eingu ríki getur verið hagnaður að því til leingdar, að láta nokkra hluta ríkisins lúta í lægra haldi fyrir hinum, og leggja þá svo sem fyrir fætur þeim, svo allir njóti ekki sama rèttar, eptir því sem hverjum heyrir. En reynslan hefir einnig sýnt, að stundargagn það, sem feingizt hefir á þennan hátt, hefir orðið stopult, og jafnazt upp með margföldum skaða. Þannig hefir verið talið, að ábatinn af hinni íslenzku verzlun hafi verið hèrumbil 10,000 dala á ári um hin síðustu 43 ár einokunarinnar, en þegar litið er á tjón það, sem verzlunarmáti þessi olli landinu, þá má fullyrða, að sá ábati hafi unnið sig upp fyrir ríkið, og beri menn saman tímabil það, sem hin svo kallaða frjálsa verzluu hefir staðið, við jafnlángt tímabil úr hinni fyrri öld, þá mun auðfundið, að gagn ríkisins eins og landsins hefir orðið töluvert meira síðan frelsið hófst, og menn hafa gyldar ástæður til að vænta enn meira gagns af frjálsari verzlun. Vèr viljum í því tilliti einúngis drepa á, að oss þykir sýnilegt að lönd konúngs vors mundu ná ekki alllitlu hagræði í verzlun við önnur lönd, ef verzlunin hèr á landi væri laus látin.

Þó menn vildu viðurkenna, að þörf væri á að takmarka verzlunina fyrst í stað, til þess að ekki yrði of bráð umskipti á högum hennar, þá þykir nefndinni næg ástæða til að álita, að þessi takmörkun og undirbúníngur megi heita að hafa staðið nógu leingi, síðan 1787, og geti verið tími til kominn að landið fái fullt verzlunarfrelsi við allar þjóðir. Nefndin álítur verzlunarfrelsið sjálft vera hinn bezta verzlunarskóla, og þykist finna rök fyrir því af fornri og nýrri reynslu þessa lands og margra annara landa.

Það er alkunnugt, að þar sem vörur eru fyrir, þar sækir verzlun að, og verzlunarfrelsið eykur sjálft þessa aðsókn að vörunum, og svo jafnframt vöruaflan og megun manna á milli. Nefndin hefir áður sagt, og hún ætlar að það verði ekki reingt, að allskonar vöruafli verður aukinn svo hèr á landi, að ekki sèr takmörk þess, því gæði landsins eru mikil og margháttuð, bæði notuð og ónotuð, og hafnir nægar. Þarnæst ætlar nefndin ugglaust, að Íslendíngar hafi eins gott vit á að kaupa og selja, einsog flestar aðrar þjóðir, svo vel megi ætla þeim sjálfum að sjá hag sinn. Það virðist því ljóst, að landið og þjóðin hafi það til að bera, að vel megi leyfa hèr verzlunarfrelsi.

Nefndin ætlar og einnig að mikla von megi hafa um að framför landsins efldist ef verzlunin yrði frjáls. Þá er ugglaust, að samgaungur og viðskipti Íslendínga við aðrar þjóðir mundu aukast, og Íslendíngum verða miklu auðveldara að nema mart nytsamt, sem þeim er enn ókunnugt, en mætti verða þeim og landinu til enna mestu nota. Það finnst oss og auðsætt, að atvinnuvegir landsins mundu þróast og margfaldast og fólkið fjölga; að varníngur landsins mundi hækka í verði og batna, en útlendur lækka; einnig að innlend kaupmannastètt mundi komast á fót og útlendir kaupmenn fara að kynna sèr atvinnuvegu landsins og leggja auð sinn í þá, eptir að aðalkaupstefna íslenzkrar vöru væri orðin á Íslandi sjálfu. Þjóðar-tilfinníngin sjálf mundi glæðast, og hvetja menn til með athuga og samheldi að keppast eptir að ná sem mestri framför, til þess að geta talið sig rèttilega meðal mentaðra þjóða. Margar endurbætur í stjórnarathöfn landsins, lögreglustjórn, kennslu og öðru fleira mundi þá komast á, sem enn vantar. Nefndinni virðist einnig, sem enum öðrum löndum konúngs vors muni greiðast þar við margir vegir til að ná viðskiptum og verzlun við aðrar þjóðir, miklu framar enn nú sem stendur, auk þess sem þeim er greiður vegur til að taka þátt í öllum þeim ábata, sem atvinnuvegir og afli hèr á landi mega veita. Þannig virðist oss sem verzlunarfrelsið mundi verða hinn beinasti og besti undirbúníngur til þess, að land þetta gæti orðið ríkinu jafnvel til töluverðrar aðstoðar.

Það óttast margir, að aðflutníngar muni verða stopulir ef verzlunarfrelsi feingist, en sè það rètt, sem vèr höfum áður sagt, að vöruafli geti aukist mjög í landinu, þá er víst, að þángað sækir verzlun sem vara er fyrir, og vöruaflinn einn og ábatavonin hefir híngað til haldið kaupmönnum hèr við verzlun, síðan verzlunarfrelsið hófst, því stjórnin hefir ekki lagt þeim á herðar neina skyldu í þessu efni, þareð hún hefir álitið sjálfa ábatavonina nægja til að hvetja þá. Þetta hefir og reynslan sýnt síðan 1787, því þó margir óttuðust slíkt hið sama um þær mundir, og það reyndar með meiri ástæðum, meðan verzlun landsins var bundin við ríki þessi einúngis, þá hefir þó farið svo, að nú eru aðflutníngar til landsins hèrumbil 3500 — 4000 lesta rúm, en firrum ekki meira enn 16 — 1800 að meðaltali; fólkið í landinu hefir einnig fjölgað allt að þriðjúngi síðan ár 1800, þó mart dæi hèr í húngri á stríðsárunum, en frá 1703 til

1769 hafði fólkið í landinu fækkað um 4223 sálir, og á árunum 1771—83 fjölgaði það aðeins um 1086. Þetta hefir leidt af enu takmarkaða verzlunarfrelsi, en vèr þykjumst sannfærðir um, að rýmkun þess mundi fá enn heillavænlegri afleiðingar.

Sumir kvíða því, að óspektir muni rísa af, ef útlendar þjóðir komi til landsins, þareð eingar sèu varnir fyrir. Þessu vill nefndin ekki að öllu gánga á móti, því hún veit, að útlendir hafa gjört hèr einstaka sinnum óskunda á stöku stöðum, og sama ætlar hún hafi við borið í Noregi; en ekki veit hún til, að nein þjóð hafi látið af að óska verzlunarfrelsis fyrir það þó svo hafi tiltekizt, enda vyrðist henni og líklegast, að þeir, sem ætla sèr að eiga kaup við landsmenn, sèr til ábata, muni sjálfra sín vegna helzt girnast að vinna sèr góðan þokka þeirra. Það er einnig kunnugt, að sumstaðar liggja hèr við land stórir flotar af útlendum fiskiskipum, og gjöra sjaldan neinn óróa. Varnarleysi landsins yrði jafnvel miklu framar háskaminna, ef verzlunin yrði frjáls, heldur en það er nú, því þegar ýmsar þjóðir sæktu hingað, og kynntust hèr við, þyrfti aldrei að óttast, að þær yrðu allar samtaka í að áreita landsmenn, heldur má miklu framar vænta, að sumar mundu snúast í lið með þeim ef á þyrfti að halda.

Að vandkvæði muni rísa af því, að útlendir kaupmenn flytji hingað heila farma af einni og sömu vörutegund, ætlum vèr ekki þurfi að kvíða, því af nauðsynja-vöru, t. a. m. kornvörum, timbri og salti, má á flestum stöðum hæglega koma út heilum skipsförmum, og ef innanlands verzlunin yrði frjálsari enn hún er nú, þá yrði enn hægara að selja þannig enn nú er, og allir verða að játa, að sá verzlunarmáti er miklu verulegri og verður miklu hollari landi og líð, enn sá sem nú er, þegar allir kaupmenn flytja allskonar vöru hver um sig, og allir hið sama. En þó nokkur vandkvæði kynnu að verða á þessu fyrst í stað, þá mundu þau jafnskjótt hverfa af sjálfu sèr, þegar enir útlendu kaupmenn kynntust ásigkomulagi verzlunarinnar hèr á landi, og sæu hvað haganlegast væri.

Eptir að nefndin hefir nú í stuttu máli bent á annmarka þá, sem eru á verzlunarhag landsins nú sem stendur, og hag þann sem hún væntir, bæði landi þessu og öllu ríkinu af fullu verzlunarfrelsi, er enn eptir, að benda á hin belztu atriði, sem nefndinni finnst óskanda að stjórnin vildi taka til greina í þessu máli.

Hið fyrsta atriði er þá, að greiddur verði vegur bæði fyrir innlenda og útlenda til þess að taka þátt í verzlun hèr á landi og beinlínis hèðan við önnur lönd. Á þessu liggur nú sá annmarki, að íslenzkur kaupmaður getur ekki tekið skip á leigu í öðrum löndum, nema með því að gjalda toll sem útlendur maður; þetta hnekkir öllum verzlunarviðskiptum við aðrar þjóðir og tálmar framförum verzlunarinnar hèr á landi, því þar með er kaupmönnum vorum bægt frá miklu af þeim hagnaði, sem þeir geta haft af að eiga viðskipti við kaupmenn í þeim löndum, sem verzlun er mest og taka skip á leigu þar sem bezt er að fá þau. Þegar greiða skyldi útlendum aðgáng að verzluninni hèr á landi, þá ætlum vèr að eingan greinarmun megi gjöra á þjóðum, eins og stúngið er uppá í nokkrum af bænarskrám þeim, sem sendar hafa verið þínginu. Það væri ekki ráðlegt, að undantaka neinar þær þjóðir, sem oss eru næstar, því af verzlun við þær mættum vèr vænta landi voru ens mesta hagnaðar; en hitt væri ekki heldur ráð að taka undan enar fjarlægari, sem gætu haft verzlun hèr á þann hátt, sem oss gæti orðið haganlegur, og borgað vöru landsins að líkindum betur enn aðrir. En að taka undan þær þjóðir, sem litla eða einga verzlun geta haft hèr við land, væri fávíslegt. Samníngar þeir, sem eru milli konúngs vors og annara ríkja, munu einnig vera á þann hátt, að einni þjóð verði ekki veitt nein slík vilnan, nema öðrum veitist hún á sama hátt, og einmitt fyrir þá sök vonum vèr, einsog vèr áður gátum, að ríki þetta gæti náð haganlegri kostum í ymsum viðskiptum við aðrar þjóðir, enn nú er, ef verzlunin hèr á landi yrði laus látin. En það, sem oss virðist einkum leysa verzlun útlendra þjóða hèr við landið, og verða til ens mesta hagræðis, er það, ef tollur sá, sem nú er, væri lækkaður svo, að menn væru vissir um að hann stæði eingum í vegi, og enda tekinn af að öllu á viðarförmum; þarnæst að útlendum þjóðum væri gjört sem umsvifaminnst að fara hingað, svo ekki þyrfti annað enn venjuleg skilríki frá enum næsta verzlunarfulltrúa (*Consul*) konúngs vors, til þess að skipið mætti verzla hèr við land, og væri hvorki þar nè hèr heimtað meira gjald fyrir skoðun og afgreiðslu skjalanna enn venjulegt er.

Þegar ákveða skyldi toll þann, er sanngjarnlegur virtist, þá þótti nefndinni helzt vera að athuga, að tollur þessi yrði sem einfaldastur, og ekki hærri enn svo, að hann gæti ekki

staðið verzlun landsins í vegi, og nefndinni virtist sem þetta gæti því síður verið efunarmál, sem öll tollgjöld sem feingist, yrði hreinn ávinníngur í samanburði við 50dala toll þann, sem nú er á, og ekki hefir áunnið landi þessu einn penníng, heldur gjört því ómetanlegt tjón. Eptir að hafa hugleidt þetta nákvæmlega, er nefndin öll á því, að of hátt mundi verða að setja tollinn til 25 eða 10 dala, og bezt mundi verða að tollur á útlendum kaupförum verði lækkaður til 5 ríkisbánkadala, sem sè tekið eptir lestarrúmi skipsins einsog híngaðtil, þegar flutt er ýmisleg vara; sè farmurinn einúngis kornvörur, salt eða steinkol, þá sè tollurinn að eins 2 rbd. af hverju lestarrúmi, en sè farmurinn einúngis timbur, þá skyldi eingan toll gjalda.

Í verzlun innanríkismanna hèr við land, eru einkum tvö atriði, sem nefndinni virðist nauðsyn að taka til greina: annað er hið óviðurkvæmilega band, sem lagt er á verzlun lausakaupmanna hèr við landið, að mega ekki vera nema einn mánuð á sama stað, og virðist oss þetta ætti sem allra fyrst af að taka; hitt er útflutníngstollur sá, sem goldinn er af íslenzkum vörum, sem ekki er reyndar mikill, en ætti þó, að því er vèr höldum, einginn að vera; samt sem áður hefir nefndinni ekki þótt þetta síðara atriði svo markvert, að hún vildi ráða þínginu til að taka það fram í bænarskrá sinni, því hún áleit að það mætti fela stjórninni á hendur að ákvarða, hversu því skyldi haga.

Nefndin ætlar ekki haga að takmarka verzlunarfrelsið við árabil, því henni virðist auðsætt, að margir mundu sækja híngað með hálfum hug, og ekki þora að festa sig ofmikið við verzlunina hèr á landi, ef þeir ættu undir högg að sækja, hvort frelsið hèldist eptir tiltekið árabil. Þeim mundi virðast, sem það vottaði, að ráð stjórnarinnar væri á reiki, svo henni væri ekki ljóst, hvort verzlunarfrelsi væri að gagni eður ekki. Þessi ótti og óvissa yrði aptur orsök til þess, að miklu færri sæktu híngað, og tilraunina yrði því síður að marka, sem svo liti út að hún væri gjörð með hálfum hug.

Vafasamara kynni það atriði að verða, hvort leyfa skyldi verzlun allstaðar hèr á landi, eða að eins á tilteknum stöðum. Vèr meiri hluti nefndarinnar: prófastur Hannes Stephensen, umhoðsmaður Jón Guðmundsson og kandidat Jón Sigurðsson erum á því máli, að ekki sè hent að takmarka verzlunarleyfið við fáeina staði, því oss virðist það mundi gjöra aðflutníngа

og verzlun á landinu ójafnari, þareð einginn kaupstaður, nema ef til vill Reykjavík ein, er fær um að taka á móti töluverðum varníngi; þaraðauki er örðugt um flutníngа frá svo fáum stöðum, og hafa þá ekki aðrir not af verzlunarbótinni enn þeir sem næstir eru. Verzlunin sjálf hefir og hnekkir af því og landið að líkindum baga, þegar það gæti ekki tekið við eins miklum varníngi einsog ef allir verzlunarstaðir á landinu stæðu jafn nærri verzluninni og allt væri gjört til að lífga hana, því fyrir þessa takmökun er allbúið, að mörg útlend skip mundu neyðast til að hverfa frá landinu með varníng sinn óseldan, þar sem þau hefðu getað selt hann eða komið honum af sèr, ef allir verzlunarstaðir á landinu hefðu jafnt verzlunarfrelsi, og þegar reynslan færi að sýna þetta, þá yrði smámsaman farið að gefa einum og einum verzlunarstað frelsi, þángað til menn væru eptir 20—30 ár eða fleiri komnir að því takmarki, sem öllum mundi ljóst, að ná hefði mátt nú þegar. Þarámóti ætlum vèr einga nauðsýn bera til, að veita meira frelsi enn svo, að öllum þjóðum sè leyft að sigla upp alla þá verzlunarstaði sem nú eru, eða hèðanaf verða lögleiddir. Við, minni hlutinn, justiziarius Þórður Sveinbjörnsson og assessor Johnsen höldum aptur á móti, að vareygðarlegra sè nú fyrst um sinn að leyfa ekki útlendum verzlun nema á þeim fimm stöðum, Reykjavík, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri og Eskifirði, því við ætlum þessa staði líklegasta til að geta tekið móti verzlun við útlendar þjóðir, svo að það valdi minnstri óreglu.

Um innanlands verzlun er nefndin ekki að öllu leiti samdóma. Meiri hlutinn, vèr jústiziarius Þórður Sveinbjörnsson, assessor Johnsen og umboðsmaður Jón Guðmundsson, erum á því máli, að ekki mundi ráðlegt nú fyrst um sinn að leyfa verzlun uppí sveitum, þareð vèr óttumst að það mundi koma mikilli óreglu af stað á margan hátt. Þarámóti erum við minni hlutinn, prófastur Hannes Stephensen og kandidat Jón Sigurðsson fastir á því, að hverjum búanda manni, sem hefir óflekkað mannorð, megi veita leyfisbrèf til að verzla í hèröðum, fyrir fastsett gjald t. a. m. 10 rbdali til landsins fjárhirzlu, og sè hann að eins skyldaður til að hafa nauðsynjavöru að tiltölu. Við minni hlutinn erum svo fastlega sannfærðir um, að þetta sè nauðsynlegt, einkum ef veitt verður almennt verzlunarfrelsi, að okkur virðist allri rót kippt undan ávöxtum þeim, sem verzlunarfrelsið getur borið, landi þessu til heilla og bless-

unar, ef innanlands-verzlunin yrði ekki frjáls,—og það er hún ekki án sveitaverzlunar. Við þurfum ekki að minna á það, sem alkunnugt er, að leyfi til sveita-verzlunar er gefið allstaðar í öllum löndum, það við tilvitum, og einkum þar sem strjálbyggt er, því allar þjóðir játa, að innanlands-verzlunin sè í raun og veru enn meir áríðandi enn utanlands-verzlunin og ríði því á, að hún sè sem allra frjálsust. Þetta leyfi til landverzlunar er jafnvel víða gefið með miklu meira frelsi enn við stíngum uppá, þareð það er víða veitt einhleypum mönnum, eða öllum veittur jafn aðgángur til að öðlast það. Þegar um Ísland er að tala, virðist oss auðsætt, að af því mættu verða hin mestu not. Yrði svo, sem menn vænta, að verzlun og aðflutníngar utanað jykjust mjög við verzlunarfrelsið, þá þykir okkur líkindi til, eptir því sem nú er ástatt í kaupstöðum, að verzlunarmenn þar gætu ekki tekið við öllu því, sem að bæri, og væri þá hið bezta ráð, til að bæta úr því, ef menn í hèraðinu hefðu verzlunurleyfi; sýndi það sig á árunum 1788—92, að sveita-verzlun var hèr vinsæl og að miklu gagni, því það er vottað í enni svonefndu almennu bænarskrá Íslendínga, að sveita-kaupmenn hafi verið bjargvættir sveita, þángað til hið stránga bann í opnum brèfum rentukammersins 1. Júní 1792 og 23. April 1793 kæfði alla sveitaverzlun og spillti verzlun lausakaupmanna um lángan tíma. Leyfi til sveitaverzlunar er hið hagkvæmasta og bezta meðal til að koma upp innlendri verzlunarstètt, og á því ríður mjög mikið, til þess atvinnuvegir og verzlun þrýfist í landinu til hlýtar. Einginn flytur sig útí óvissu til kaupstaða í þeirri von, að útlendir menn komi með vöru, sem þeir geti ekki komið út, nema hann taki við henni af þeim; en sá sem fær verzlunarleyfi í sveit, ætti hægt með að fá og draga að sèr svo mikið af vöru, sem hann gæti komið út; hann getur byrjað á því, sem er við hans hæfi, síðan smámsaman farið leingra, og að síðustu flutt sig til kaupstaðar, ef hann sèr að verzlunin geingur þar betur. Á þennan hátt vitum við Íslendínga hafa komizt til verzlunar, og okkur virðist það einnig eðlilegast og bezt tilfallið eptir því sem hèr hagar. Okkur virðist eigi síður mega telja sveitunum og landinu hið mesta gagn að því, ef sveitaverzlun kæmist á. Þar sem menn eyða nú mörgum dögum um bezta tíma ársins til kaupstaðaferða, þá mundu menn geta varið þessum tíma að miklu leiti eða öllu til nytsamra heimilisstarfa; sveitakaupmaður drægi þá að sèr vöruna úr kaupstöðum en bændur sæktu

til hans; hjá honum safnaðist landvaran og því gæti hann bætt hana meir enn nokkur getur nú; þetta yrði honum gróðavegur, jafnframt og vöruvextirnir og kaupbætir sá eða söfulaun, sem hann gæti feingið. Væri hann dugnaðarmaður, gæti hann verið hin mesta sveirarstoð, bæði í að koma fram nytsömum fyrirtækjum innansveitar, og í að gjörast oddviti og öblugur styrktarmaður hvers þess fyrirtækis, þar sem fèlagsskap og samtökum yrði komið við. Þess er og getanda, að gjald það, sem kæmi inní fjárhirzlu landsins fyrir leyfisbrèfin, mætti verða að nokkrum mun. Práng og okur þarf síður að óttast, þegar sveitaverzlun er leyfð heldurenn ef hún væri bönnuð, einsog reynslan hefir sýnt hingað til bæði hèr og annarsstaðar, þareð enginn yrði bundinn að kaupa við sveitakaupmenn, og enginn mundi gjöra það nema það væri honum haganlegra. Verzlun þessi drægi ekki heldur frá kaupstöðum, heldur jyki hún kaupstaða verzlunina, af því verzlun og vöruafli í landinu mundu stórum aukast og batna, en sveitakaupmenn gætu ekki verzlað annarstaðar enn í kaupstöðum.

Að svo mæltu er það álit og uppástúnga nefndarinnar:

Að alþíng biðji konúng vorn allraþegnsamlegast, að láta gjöra og leggja fyrir alþíngið í næsta sinn til ráðaneytis, frumvarp til verzlunarlaga fyrir Ísland, grundvallað á fullkomnu verzlunarfrelsi, og einkum á þessum atriðum:

1. að útlendum þjóðum, án greinarmunar, verði leyfð verzlun hèr við land, þannig: að tekinn verði 5rbd. tollur af hverju lestarrúmi skipsins, þegar það flytur aðrar enn hinar helztu nauðsynjavörur; 2 rbd. af hverju lestarrúmi þegar það flytur einúngis kornvörur, salt eða steinkol, en ekkert þegar það flytur viðarfarma.
2. að verzlunarleyfi þetta verði ekki bundið við árabil.
3. meiri hluti nefndarinnar: að verzlunarleyfið verði veitt jafnt í öllum verzlunarstöðum á landinu, sem nú eru eða hèreptir verða löggyldtir; en minni hlutinn: að verzlunraleyfið verði fyrst um sinn veitt þessum fimm kaupstöðum: Reykjavík, Stikkishólmi, Ísafirði, Akureyri og Eskifirði.
4. að útlendir menn þurfi ekki, einsog hingaðtil, að sækja leyfi til ens konúnglega rentukammers í Kaupmannahöfn, heldur skuli þeir aðeins hafa venjuleg skilríki, einsog útlend skip, sem koma í ríki konúngs vors til verzlunar; sömuleiðis að

útlendum lausakaupmönnum sè í eingu gjört örðugra fyrir enn innlendum.

5. að íslenzkum kaupmönnum verði leyft, að taka skip og farma að leigu hvaðan sem þeir vilja eða geta úr útlöndum, og að fara með til Íslands, og svo þaðan aptur hvert sem þeim lízt, án þess að gjalda meiri toll af enn af innlendum skipum verður goldinn.
6. að verzlun lausakaupmanna verði gefin laus á þann hátt, að þeim verði eingínn legufrestur settur.
7. Minni hluti nefndarinnar: að amtmaður veiti hverjum búanda manni, sem beiðist þess og má þykja til þess hæfilegur, leyfisbrèf til að verzla í hèruðum, þar sem þörf þykir, með því skilyrði, að hann hafi ávallt nokkra nauðsynjavöru. Fyrir leyfisbrèfið sè goldið 10 rbd. til landsins fjárhirzlu".

Framsögumaður: Það er, einsog mönnum er kunnugt, ekki nú hið fyrsta sinn, sem óskin um almennt verzlunarfrelsi hljómar hèr á Íslandi. Ósk þessi hefir alla tíma heyrzt, fyrst eptir að verzlunarokið var lagt á, í tíð Kristjáns fjórða, og þángað til allur kjarkur var dauður úr þjóðinni af kúgun verzlunarinnar og allri vesæld sem henni fylgdi. Jafnskjótt og verzlunin var laus látin og nokkurt líf fór aptur að kvikna hèr í landi, voru óskir þessar endurnýjaðar, því þó allir fyndu, að mikið væri bætt úr því sem áður var, fundu þeir þó jafnframt, að oflítið var gjört. Fyrir 50 árum síðan kom því enn fram á alþíngi bænarskrá um almennt verzlunarfrelsi við allar þjóðir. Bæn þessari var þá neitað, fyrir þá sök mest, að ekki þótti gjöranda að hagga um þau bönd, sem nýlega höfðu verið á lögð, fyrrenn reynslutíminn, sem ákvarðaður var til 20 ára, væri á enda. Nú mun því flestum þykja tími til kominn að endurnýja þessa fornu og nýju þjóðarósk, sem allir hafa ávallt tekið undir í einum rómi, og væri nú óskanda, að alþíngi gæti tekizt að bera hana fram með fjöri æskunnar, með krapti manndómsins og með ráðdeild ellinnar.

Aðalatriðið í þessu máli er það, að mèr virðist, hvort betra mundi vera fyrir ríkið allt og land þetta sèrílagi, að fylgt verði þeim stjórnarreglum í verzlun landsins, sem hingaðtil hefir verið fylgt, og farið með landið sem nýlendu, með lægri rèttindum enn aðra hluta ríkisins, eða þá, að það verði álitinn sem einn hluti ríkisins, með jöfnum rèttindum sem hinir; hvort

rèttara sè og affarabetra, ef nokkur andlegur eða líkamlegur kraptur er hèr fólginn í þessu landi, að veita honum fram og neyta hans, eða að kyrkja hann og bæla niður. Reynslan mun sýna bezt hvort betra er ráðið, hún mun sýna, að hèr er mikið að vinna ef vel er á haldið, og hún mun einnig sýna, ef hið lakara ráðið verður tekið, hvernig fer, því hún mun þá sjálf neyða menn um síðir til að taka rèttari stefnu, einúngis að það yrði þá ekki um seinan!

Nefndin hefir leitazt við, að taka svo ljóslega fram aðalástæður málsins sem mögulegt er, en mörg smáatriði hefir hún leidt hjá sèr, í því trausti að stjórnin mundi velja þar það sem bezt á við; henni hefir og ekki þótt nauðsyn til, að svara ymsum þeim mótbárum, sem menn heyra optsinnis bornar fram í þessu máli, því hún vænti, að slíkt mundi koma fram í umræðu málsins hèr á þínginu, að svo miklu leiti sem nokkuð þætti í það varið.

Nefndin hefir ekki getað beinlínis tekið tillit til brèfs þess frá nokkrum kaupmönnum hèr í Reykjavík, sem sent hefir verið til þíngsins, því það barst ekki nefndinni í hendur fyrr enn álitsskjal bennar var samið. Að öðru leiti er ekkert í brèfinu, sem raskað geti þeim almennu ástæðum, sem nefndin hefir fært fram, og eg þykist því eigi þurfa að fara um það mörgum orðum. Þar er sagt, að verð burtfluttrar vöru frá Íslandi sè minna enn verð ennar aðfluttu, en þetta er augljóslega rángt, einsog sannað verður af skýrslum þeim um aðfluttan og burtfluttan varníng, sem sendar eru stjórninni á hverju ári. Það gæti heldur ekki staðizt, því þá gæti einginn kaupmaður verið við verzlun hèr, en það er alkunnugt þeim, sem til þekkja, að þeir útlenzkir kaupmenn, sem orðið hafa gjaldþrota, hafa ekki orðið það af því, að þeir hafi sökkt sèr ofdjúpt í ena íslenzku verzlun, heldur hafa þar til verið allar aðrar orsakir. Það er talað um í brèfinu, að verzlunarmegin hèr á landi sè svo lítið að einn kaupmaður í Björgvín og í St. Johns sendi frá sèr meiri vörur enn allt Ísland. En hvers vegna eru vörur hèðan svo litlar? er það ekki einmitt vegna kúgunar þeirrar, sem hèr hefir legið á allri verzlun landsins og vöruafla, nú um mörg hundrað ára, og spillt hèr öllum atvinnuvegum og framför landsins? Eingum hefir ennþá dottið í hug að segja, að fiskiveiðar kríngum Ísland væru lakari enn í kríngum New-Foundland, heldur hefir miklu framar optlega verið sýnt, að

hèr er meira fiskimagn enn þar eða við Cap Breton. Frakkar mundu ekki án orsaka halda hèr fram fiskiveiðum árlega við landið á mörgum hundruðum skipa og með ærnum kostnaði, ef ekki væri þar arður að, og er þó hverjum manni auðsætt, hversu miklum mun hættumeiri og kostnaðarsamari sú aðferð er, að liggja úti á skipum, enn að mega verka afla sinn á landi. Það er að vísu satt, að fiskiveiðum þessum er haldið við með verðlaunum, en harðla líklegt er, að fiskiveiðar þessar, sem margir greindir menn og kunnugir segja að spilli stórum og hafi spillt veiði fyrir landsmönnum, hefðu fyrir laungu tekið alla aðra stefnu, ef stjórnin hefði fylgt öðrum reglum í verzlunarstjórn þessa lands, því kunnugt er, að útlendum þjóðum hefir leingi verið bannað að koma nær landi enn 4 mílur, og hafa fyrrum verið send hingað herskip, sem hafa gjört upptæk hèr við land mörg útlend skip, sem kallað var að hefðu komið nær enn til var tekið. Bann þetta veit eg ekki til að tekið sè af enn í dag, þó ekki hafi það orðið haldið nú um stundir.

Það sem sagt er í brèfinu, að í „alþekktu riti eins alþingismanns“ sè óskað eptir markaði í landinu sjálfu, og eptir því, að kaupmenn settust hèr að og eyddu hèr ábata sínum, verð eg að taka svo sem meint sè til mín, þareð eg veit ekki neinn annan alþingismann hafa samið um verzlunina ritgjörðir á prenti. Eg get nú reyndar ekki sèð, að þetta væri svo mjög raung ósk, þó þannig hefði verið að orði kveðið, en samt sem áður er það ekki rètt hermt; eg hefi einúngis sagt, að ef verzlunin yrði látin laus, þá mundi aðalkaupstefna íslenzkrar vöru verða á Íslandi sjálfu og kaupmenn líklega setjast hèr að, af því þeim yrði það þá hagur; þetta ætla eg sè satt, og verði ekki hrakið; að minnsta kosti er það ekki hrakið í þessu brèfi.

Konúngsfulltrúi: Eg finn nú á þessari stundu þegar eg tek til orða í því máli, sem svo er mjög umvarðanda, að undir rèttri skipun þess er að miklu leiti kominn hinn líkamlegi, og þessvegna einnig hinn andlegi hagur Íslands, hversu mikill sá vandi er, sem mèr er á herðar lagður. Þegar eg varð þess áskynja, að málefnið um rýmkað verzlunarfrelsi yrði borið upp hèr á alþíngi, hafði eg þá von, að störf þíngmanna mundu stuðla að því, að máli þessu yrði skipað á þann hátt, er Íslandi væri hagkvæmastur, að hin íslenzka verzlun yrði bætt ennþá meir enn komið er. Nú er von þessi ekki að sönnu horfin, en veikari er hún orðin af nefndarskjali því, er nú var

lesið. Það vissi eg, að menn hafa leingi á landi þessu gjört sèr rángar hugmyndir um verzlunarefni Íslands, og að nokkrir menn hafa á seinni tímum gjört það, er í þeirra valdi stóð, til þess, að styrkja hjá mönnum þessar raungu hugmyndir en það hugða eg þó ekki, að þær mundu vera orðnar svo rótgrónar hvervetna, að þær kæmu í ljós hjá þeim mönnum, sem alþíng hefir ætlað hyggnasta og færasta til að rannsaka þetta mál, og þar sem meðal þeirra eru menn þeir, að eg annars kostar er vanur að bera hið mesta traust til þess, sem er álit þeirra og tillögur. En þó er eg algjörlega sannfærður um, að aðalástæður þær, sem nefndarskjal þetta styðst við, eru rángar frá rótum, og ef þær yrðu settar í bænarskrá þá, sem alþíngið sendir frá sèr, mundu þær stórum verða því til fyrirstöðu, að málið fái góðan beina. Eg veit þannig hvað eg hefi við að að stríða, nú þá er eg hefi í hyggju að leiða mönnum fyrir sjónir, hversu nefndin hefir byggt rannsókn sína á rángri undirstöðu; en því treysti eg, að þegar eg tek sannleika og óskerta skynsemi til leiðsagnar, þá muni eg komast á rètta götu og geta sýnt alþíngi, sýnt þjóðinni, átylluleysi þessara ástæðna.

Þegar nefndin hefir stuttlega skýrt frá verzlunarlögum þeim, er nú gylda, tekur hún til 2 aðal-ástæður og á þeim er þvínær allt nefndarálitið byggt; er þá fyrst sú, að verzlunin, einsog hún er nú, sè gagnstæð fornum rèttindum lands þessa, og þarnæst hin, að farið sè með Ísland eins og nýlendu (*Colonie*), það hafi minni rèttindi enn aðal-landið. Fyrri ástæðuna þarf eg ekki að hrekja, því nefndin hefir sjálf nægilega gjört það, þar sem hún segir litlu síðar, að erfða-einvaldsstjórn sè leidd í lög sèrstaklega hèr á landi. Það leiðir af sjálfri hugmyndinni um einvaldsstjórn, að það verður að vera í sjálfs valdi konúngs, að gjöra þær breytíngar á löggjöfinni, og þá einnig á verzluninni, sem honum mætti virðast hagkvæmastar, án tillits til þess hvernig áður kann að hafa verið ástatt. Þar sem nefndin hefir ætlað, að með Ísland væri farið í verzlunarefnum eins og með nýlendu, að það sætti minni rèttindum enn aðallandið, þá verð eg að ætla að nefndin beri ekkert skinbragð á verzlunar málefni í nýlendum. Eg þarf ekki, til þess að sýna mismun þann, sem er á viðskiptum Íslands og nýlendanna við höfuðlandið, að benda til þeirra landa, þar sem nýlendu-stjórnin (*Colonialsystemet*) er svo mögnuð, sem mest verður, einsog í nýlendum Hollendínga á Indlandi;

eru í nýlendum þessum allt að 11 millíónum manna (á Hollandi sjálfu millum 3 og 4 millióna), en svo mega þær lúta Hollendíngum, að allur sá vöruafli, sem fæst í nýlendum þessum, er eign ríkisstjórnarinnar, og flytur hún vöruna á sinn kostnað heim til sín og selur síðan; eg þarf heldur ekki að skýra frá því, hvernig áður hefir verið ástatt með Danmörku og helztu nýlendum hennar, vesturheims-eyjum og einkum St. Croix, áður enn tilskip. 6. Júní 1833 rýmkaði svo talsvert um rèttindi og verzlunarfrelsi nýlendu þessarar, að mönnum hefir jafnvel þótt, sem hin helztu einkenni nýlendu-stjórnar væru horfin þaðan, einsog líka verzlun höfuðlandsins hefir minkað þar mjög síðan; en eg vil einúngis benda til þess, hvernig verzlunarviðskipti eru nú millum Danmerkur og St. Croix. Samkvæmt tilskip. 6. Júní 1833, 6 gr. skal af vöruafla eyjarinnar gjalda 5 af 100 hverju í útflutnings-toll, þegar þær vörur eru fluttar frá eyjunni til Danmerkur, og þaraðauki skal goldinn innflutnings-tollur þegar þær koma til Danmerkur, að sönnu ekki eins mikill einsog af vöru frá öðrum löndum, en þó litlu minni. Sè þarámóti varan flutt frá St. Croix til útlanda, eður á skipum annara þjóða, þá er goldinn útflutnings-tollur $12\frac{1}{2}$ af 100. Nú spur eg, hvort þessi verzlun sè í nokkru lík þeirri, sem á Íslandi tíðkast. Sè það satt sem sagt hefir verið fyrir skemmstu í riti einu íslenzku, að frá Íslandi flytjist varníngur á ári hverju er nemi 1,000,000 rbd. virði, þá yrði tollurinn af því, ef hann væri talinn eptir sama hlutfalli sem á St. Croix 120,000 rbd., ef varan væri flutt til útlanda, en 50,000 ef hún væri flutt til Danmerkur. Nú vil eg leiða mönnum fyrir sjónir, hvort Ísland í verzlunar efnum er sett neðar, látið njóta lakari rèttinda enn aðrir hlutar ríkisins: Hefðu menn átt að setja Ísland nákvæmlega til jafns við hin önnur skattlönd Danakonúngs, þá hefðu menn orðið að koma hèr á tollheimtumönnum í landi. Á allu vöru, sem komið hefði frá útlöndum hefði þá orðið að setja jafnháan toll, hvort heldur sem hún fluttist til Danmerkur eða til Íslands, og þegar eittsinn var búið að greiða tollinn, annaðhvort hèr eða þar, hefði mátt flytja þá vöru millum Íslands og Danmerkur eins og á millum Sjálands og Jótlands. Ísland hefði þá orðið að gjalda toll af allri útlendri vöru, sem hingað fluttist, hvert sem hún var flutt beinlínis frá útlöndum eður hún kom við á leiðinni í Danmörku. Þá hefði orðið að koma hèr á stofn fullkominni

tollheimtu-stjórn, því ríkisstjórnin hefði ekki getað látið sèr lynda, að þesskonar tilsjón sè lakari i einu landinu enn öðru, þareð tolltekjurnar eru mikill hluti af tekjum ríkisins, svo í áætlunarreikníngi þessa árs er getið til þær verði

í Danmörku	3,196,000 rbd.
í Hertogadæmunum	1,182,000 rbd.
alls	4,378,000 rbd.

Nú sjá allir, að til þess að hafa slika tilsjón hèr á landi þyrfti fjarska marga tollheimtumenn, ekki einúngis í hinum 25 löggyldu kaupstöðum landsins, heldur og allstaðar með ströndum fram, til þess að hafa gætur á, að vöru væri ekki laumað á land. Til launa handa þessum mönnum mundi að líkindum þurfa meira enn tollur hrykki til um land allt. Það er þessvegna óvinnanda verk, að koma hèr á sömu tollheimtu-stjórn sem í Danmörku, eður setja Ísland að því leiti í sama hlutfall sem hin skattlöndin. Í stað tolls mætti nú taka til annara úrræða, setja fast ákveðið gjald eptir lestarrúmi skipa, yrði því þó aldrei nákvæmlega komið heim við tollinn, þareð hann er misjafn eptir vörutegundum. En yrði nú það gjald ákveðið, sem hèrumbil færi eptir verði þeirrar vöru, sem hingað flyttist til lands, og það væri goldið af öllum útlendum varníngi, sem hingað kæmi, annaðhvort beinlínis frá útlöndum, eður fyrst til Danmerkur og svo hingað, þá væru kjör Íslands orðin svo lík kjörum hinna annara skattlanda Danakonúngs, sem orðið gæti. En gjald þetta yrði samt svo hátt, að Ísland gæti ekki undir risið. Fyrir því var það mikill lèttir á hinni íslenzku verzlun, og landi þessu vilnað í meir enn hinum öðrum skattlöndum Dana, þegar leyft var að eingan toll skyldi greiða af þeirri vöru sem flutt væri frá útlöndum til Danmerkur og þaðan aptur hingað til lands. Svo þó verzlun sú, er beinlínis á sèr stað millum Íslands og útlanda, væri sömu reglum bundin, sem verzlun millum Danmerkur og útlanda, væri Ísland samt sem áður betur farið enn hin skattlöndin. En nú er einnig leyft að flytja vöru tolllaust frá útlöndum til Íslands á skipum þegna Danakonúngs, það er bæði Íslendinga og Dana, og er þá sá tollur ekki goldinn, sem, þegar eins er ástatt, þó er goldinn í hinum öðrum dönsku skattlöndum, og það er einúngis þegar útlend vara er flutt hingað á útlendum skipum, að goldið er af, og er það þó naumast eins mikið, eins og

tollur sá, sem goldinn er til jafnaðar í Danmörku, þegar útlend vara er flutt þángað á útlendum skipum.

Eg hefi þannig, að minni hyggju, glögglega sannað, að það fer svo fjarri að hin íslenzka verzlun sæti lakari kjörum enn verzlunin í hinum öðrum skattlöndum Danakonúngs, að henni er fremur veitt meiri rèttindi, og talsvert vilnað í fremur hinni.

Þareð eg byggi skoðun mína á þeim grundvallar-reglum, sem eru öldúngis ólíkar nefndarinnar, svo ræður að líkindum að eg fari aðra leið og komi að síðustu að annari ályktun um verzlunarefni Íslands, einsog þau hafa smátt og smátt þokazt áfram. Nú vil eg í fljótu bragði renna augum yfir rás verzlunarinnar. Með fáum orðum vil eg drepa á tímabilið fyrir ár 1787. Um þær mundir drottnuðu í öllum löndum svo rángar hugmyndir um eðli verzlunarinnar, og aðferð þá, er stjórnin ætti við að hafa í verzlunar-lögunum, að Ísland er ekki eitt það land, sem þolað hefir miklar hörmúngar fyrir sakir rángra hugmynda: á fyrri tímum þótti mönnum að helzt mundi fást nokkuð í ríkissjóðinn af því landi, sem ekkert galt til almennra ríkis þarfa, ef verzlun þess væri seld til umboðs. Þegar menn komust á þá sannfæríngu, að verzlunin ætti að vera frjáls, varð því ekki við komið, eins og áður er sagt, að landið gæti sætt sömu kjörum sem hin skattlöndin. Toll hefði þá orðið að leggja á varníng manna, en það var ekki fært, og gjald það, sem með því móti hefði átt að greiðast, mundi lángt hafa geingið yfir megn landsins, eptir því sem hagur þess stóð þá. Þessvegna varð að fara annan veg. Takmark það, er menn urðu fyrst og fremst að hafa augastað á, var, að sjá svo fyrir, að verzlun yrði í landinu, að verzlun legðist ekki niður með öllu, og fyrir þá sök feingu þeir yms hlynnindi, sem fyrstir stofnuðu hèr verzlun, einkum í kaupum kaupstaða og skipa; verzlunin var gefin laus við allar álögur, en að líkindum ræður, að slíkt var veitt einúngis innanríkis mönnum, þareð ríkissjóðurinn hafði eingar tekjur af verzluninni; allar þær skýrslur voru gefnar um ástand landsins og verzlunarinnar, sem orðið gátu kaupmönnum til leiðbeiníngar við upphaf atvinnu sinnar. Þarnæst var annað takmarkið það, að sjá fyrir því, að verzlunin yrði stöðug. Þessvegna var ákveðið, að verzlun skyldi vera á einstöku stöðum, í kaupstöðunum; reyndu menn til að láta verzlunina dragast þar að, að svo miklu leiti sem orðið gat, án þess, að þraungva kosti manna; verzlunarmenn í

útkaupstöðum máttu ei stofna verzlun, nema þeir hefðu ákveðnar vörubyrgðir, valdsmenn höfðu tilsjón með vörubyrgðum, til þess aðflutníng á vöru skorti ekki, þó vanta kynni hjá kaupmönnum. Hið þriðja takmarkið varð það, að aðsókn kaupmanna (*Concurrence*) yrði svo mikil, sem unnt væri, án þess að leggja í eyði hina föstu verzlun, og þessvegna var lausakaupmönnum leyft að verzla nokkurn tíma á hverri höfn, og með öðrum fleiri skilmálum. Að hvað miklu leiti ráðstafanir þessar hafi náð tilgángi sínum, þar um fer eg ekki fleiri orðum, því nefndin hefir sjálf viðurkennt, að verzlunin tók þá miklum framförum til hins betra, og reynslan hefir nægilega sýnt, að umkvartanir þær voru ekki á rökum byggðar, sem gjörðar voru í hinni almennu bænarskrá til konúngs 1795, um það að verzlunin væri ófrjáls, magnlaus og undirokandi, niðurdrepandi og óþolandi.

Eptir því, sem menn hugðu að verzlunin hefði náð meiri festu, þóttust menn geta rýmkað verzlunarfrelsið nokkuð, án þess að stofna hinni föstu verzlun í voða. Tilskipun 11. Sept. 1816 jók að sönnu ekki verzlunarfrelsið úr því sem komið var, að því leiti sem hún leyði útlendum þjóðum að verzla á Íslandi og gjalda 50 rbd. fyrir hvert lestarrúm; því þó ætla megi, að gjald þetta hafi verið gjört lægra enn tollur sá er að jafnaði, sem borgaður er af verzlun útlendra manna í Danmörku, þá sýndi reynslan þó, að útlendar þjóðir gátu ekki með þeim álögum setið að verzlun með kaupmönnum ríkisins, sem voru undanþegnir öllum álögum. Hinsvegar gjörði tilskipun þessi eina mikilvæga breytíngu til rýmkunar verzluninni, þar sem hún leyfði kaupmönnum á Íslandi að eiga beinlínis verzlun utanríkis, en gjalda 5 rbd. af lestarrúmi hverju í skipum þeim, er fóru beint frá Íslandi til annara landa, en flyttu þau skip aptur vöru þaðan til Íslands, voru þau laus við allan toll og önnur gjöld. Opið brèf 1. Júní 1821 leyfði enmfremur með vissum skilmálum, utanríkis mönnum, að flytja viðarfarma og trjávöru afgjaldslaust til Íslands. Opið brèf 28. Des. 1836 tók af mismun þann, sem gjörður hafði verið á kaupstöðum og útkaupstöðum (*Udliggersteder*), og var það einkum mikill lèttir á öllum lausakaupmönnum; 5 rbd. gjald það, sem áður var nefnt, var lækkað til 14 marka, og skyldi jafnvel, ef svo stóð á, svara nokkru af því aptur; var þannig mjög svo lítið gjald að rèttri tiltölu lagt á utanríkisverzlun íslenzkra kaup-

manna. Loks hefir opið brèf 22. Marts 1839 rýmkað leyfi það, sem gefið var með opnu brèfi 1 Júní 1821, og áður var nefnt, svo síðan má flytja tilhöggvin timburhús og annað efni til smíðis þeirra.

Þannig er það eingin smávæg, heldur mörg og mikilvæg rýmkun, sem orðið hefir á verzlun Íslands við löggjöf hinna seinni tíma. Hyggjum nú að, hvernig hún er á þessum tímum. Vèr sjáum þá: 1. að Ísland er laust við allan toll eður gjald af vöru þeirri, sem híngað er flutt og kemur við á leiðinni í Danmörku; 2. að kaupmenn á Íslandi geta flutt vöru landsins beint þaðan til útlanda með mjög litlum tolli, og aptur flutt vöru frá útlöndum híngað, án nokkurs afgjalds; og loksins 3. að á verzlun útlendra þjóða hèr á landi liggur gjald það, sem að sönnu er vart svo hátt sem tollur sá er til jafnaðar, sem goldinn er af verzlun utanríkis manna í öðrum skattlöndum Danakonúngs, en sem reynslan hefir þó sýnt, að leifir ekki utanríkis kaupmönnum — jafnsíðis innanríkis kaupmönnum, sem ekkert gjald greiða — að keppa saman um verzlunina. Að öðru leiti vil eg benda hverjum, sem vill kynna sèr tollinn í Danmörku, á tilskip: 1. Maí 1838; eg ætla einúngis að nefna nokkrar hinar helztu vörutegundir, sem jafnan eru fluttar híngað til lands. Þannig er goldið af:

Stángajárni	„	rbd.	36 β	af 100 ℔	
Steinkolum	12	—	48 -	af 100	tunnum
Salti	1	—	16 -	af 1	tunnu
Tjöru	„	—	48 -	af 1	tunnu
Járnvöru	3	—	12 -	af 100 ℔	
Dto. smágjörvri	16	—	64 -	af 100	-
Bómullar vöru	20 rbd. 80 β	til	100 —	„ -	af 100 -
Kaffe	3	—	12 -	af 100	-
Sykri	1 — 64 -	til	2 —	60 -	af 100 -

jafnvel af þessu ætla eg sè ljóst, að ef svo væri ástatt, að slíkur tollur yrði tekinn hèr á landi, yrði hann, ef til vill, hærri að öllum jöfnuði enn 50 rbd. gjaldið fyrir lestarrúm hvert. Er það þá ljóst, að verzlun Íslands sætir ekki lakari kjörum enn verzlun í öðrum fylkjum Danakonúngs, heldur nýtur hún ýmsra hlynninda framyfir þessa.

Nefndin kvartar nú um, að aðalsetur verzlunarinnar lendi í Danmörku. En meðan verzlanir eiga að geta verið hèr á landi, og geta haft nægar vörubyrgðir sumar og vetur, ámeð-

an er það og nauðsýnlegt að verzlunarmennirnir, hvort heldur sem verzlunin er við Danmörku eða önnur lönd, annaðhvort fari sjálfir utan, eður hafi umboðsmenn sína erlendis, til þess að haga sèr eptir ástandi og breytingum verzlunarinnar, og kaupa þar vöru á vetrum. Reynslan virðist að hafa sannað, að kaupmönnum er sjálfum fyrir beztu að fara utan, og setja aðra menn á meðan fyrir verzlun sína hèr á landi; og hvort kaupmenn færu til Danmerkur eður annara landa í Norðurálfu til verzlunarerinda sinna, mætti Íslandi standa á sama. Öðru máli væri sjálfsagt að gegna, ef lausakaupmönnum væru gefin öll hin sömu rèttindi sem fastakaupmönnum, en þá mundi og skjótt verða úti um fasta verzlun úr því, og vörubyrgðir lands þessa verða eingaungu komnar undir lausakaupmönnum, sem að líkindum mundu koma hingað þegar vel áraði, en að líkindum ekki þegar illa áraði og verzlun væri erfið hèr eður ytra. Nefndin kvartar enn fremur um, að opt vanti nauðsynjavöru, og ætlar, að ráðin mundi bót á því ef verzlun yrði frjálsari. Að hvað miklu leiti það er svo, sem nefndin segir, að nú sè vöruskortur í öðrum kaupstöðum, læt eg ósagt, því eg hefi einga áreiðanlega vissu fyrir því, og eg veit ekki, hvort nefndin hefir það heldur; en þau 2 dæmi, sem nefndin hefir tínt til, um Reykjavík, að hèr sè skortur bæði á salti og timbri, eru ekki sem heppilegast valin. Því um saltið er það að segja, að það er öllum kunnugt, að um þennan tíma árs er salt ekki brúkað til fiskverkunar, eins vita menn og það, að kaupmenn hèr senda einmitt um þessar mundir ekki allfá skip til Englands eður Frakklands eptir salti; og mèr hefir verið skýrt frá, að fyrir skömmu sè komin hèr til hafna við Faxaflóa 2 skip með rúmar 2000 tunnur af salti, og menn búist við miklu meira af þeirri vöru. En hvað viðareklu snertir, þá sýnir það bezt, að meira verzlunarfrelsi mundi ekki bæta úr þeim bresti, því verzlun á viðarfarmi er einmitt sú eina verzlun, sem utanríkis menn geta átt hèr, án þess gjald sè lagt á. Í því landi, þar sem verzlun er ekki meiri, og þar sem hún er svo á sundrúngu eins og á Íslandi, liggur það í augum uppi, að skortur getur orðið á ýmsri vöru, hversu frjáls og óbundin sem verzlunin er.

Af uppástúngum þeim, er nefndin hefir gjört, vil eg einúngis geta fárra. Þar sem hún stíngur uppá því, að leysa öll bönd af lausakaupmönnum, þá hefi eg áður sagt á þá leið

að það væri sama sem að leggja alla fasta verzlun í eyði og gjöra verzlunina valta og óstöðuga fram úr hófi. Enn fremur hefir nefndin farið því á flot, að íslenzkum kaupmönnum yrði leyft að taka skip og farma á leigu í hvaða landi sem vildi, án þess að gjalda meiri tolla af enn af innlendum skipum. Af þessu mundi nú leiða, að útlendar þjóðir mundu verzla hèr tolllaust; því hvernig gætu menn vitað, hvort skipið í raun og veru væri gjört út af íslenzkum kaupmanni eður útlendum. Það verður ekki sèð af skipsfarminum, hvort innlendur eða útlendur kaupmaður á hann, og það er því af skipinu einu að sjá má, hvort kaupmaðurinn, sem verzlar, er innlendur eða útlendur. Minni hluti nefndarinnar hefir að síðustu beiðzt þess, að sveitabændum yrði leifð verzlun í hèruðum. Eg fæ ei sèð, hvernig einn maður mundi geta flutt upp til sveita svo mikið af þúnga- og nauðsynja-vöru, að nóg yrði til þess, að þeir feingju þarflega verzlun, sem í grennd búa, en hitt mundi hæglega geta að borið, að slíkir sveita-kaupmenn byggju sig vel að ofneyzluvörum, sem litlar eru fyrirferðar, en sem að líkindum mundu verða til lítils góðs þeim mönnum í sveitinni, sem næstir byggju, þegar þær feingjust þar allajafnan. En væri sveitabændum veitt slíkt verzlunarleyfi, og einkum ef rýmkað væri um verzlun lausakaupmanna, þá væri kaupstöðunum eyðilegging búin.

Þegar vèr nú þessu næst leiðum að því athygli vort, hvort — enda þótt játa megi að hin íslenzka verzlun sæti sèrlega góðum kjörum — enn þá verði meira gjört enn búið er, til þess að bæta hana, þá vil eg fyrst geta þess, að mèr er einnig kunnugt það, sem hinn virðulegi framsögumaður hefir drepið á, að það væri æskilegt fyrir Danmörku sjálfa, ef því yrði til leiðar komið, að aðrar þjóðir gætu verzlað hèr á landi, þareð ástandið, einsog það er nú, og sem gjörir þeim ófært að eiga hèr verzlun með innanríkis kaupmönnum, stundum getur orðið til fyrirstöðu í samningum við aðrar þjóðir um innbyrðis hlynnindi í verzlunarviðskiptum. En þegar verzlunin er ekki leingur áskilin einumsaman innanríkis mönnum, þá getur ríkið ekki leingur komizt hjá því, að taka tilhlýðilegar tekjur af verzluninni, einkum á því landi, sem beinlínis geldur svo litla skatta, að það stendst naumast stjórnarkostnað sjálfs sín. Það væri nú sjálfsagt æskilegast, að tekjur þessar feingjust sem tollur, að því skapi mikill sem varan væri dýr. En þessu verður

ekki til leiðar komið, einsog eg hefi áður sagt. Er því ekki annað til ráða, enn að leggja gjald á skipin eptir lestarrúmi þeirra. Þegar gjald þetta er ákveðið verður stjórnin á mart að líta, t. a. m. að gjald það, er á þann hátt fæst, sè nærri sanni að vöxtum; að innanríkismenn einkum geti haft hag af verzluninni, að svo miklu leiti sem þeir geta boðið sömu kosti sem utanríkis þjóðir; að kaupskipafloti ríkisins, að því sem unnt er, sè við lýði, og er það allstaðar álitið eitt af því, sem mikils er umvarðanda fyrir hverja ríkisstjórn. Hinsvegar má gjald þetta, ef að haldi skal koma, ekki vera hærra enn svo, að útlendar þjóðir geti átt kost á að koma að landinu og eiga þar verzlun, að svo miklu leiti sem verzlunarefni þeirra sjálfra og landa fjarlægð leyfir þeim að bjóða betri kjör enn innanríkis mönnum sjálfum.

Það er að öðru leiti ljóst, að ef breytíng kæmist á verzlunargjöld þau, sem nú eru, samkvæmt því er nú hefir verið sagt, mundi slíkt geta haft talsverð áhrif á verzlunina yfirhöfuð að tala. Ábati sá, sem verzlun á nýlendu- og iðnaðarmanna-vöru (*Colonial og Manufacturvarer*) hefði í för með sèr, mundi ekki ætíð verða samferða verzlun á þúnga- og nauðsynja-vöru, og því er það ekki óliklegt, að kaupmenn þeir, er flyttu til verzlunar hina síðarnefndu vöruna, mundu leita meira ávinnings, en hingaðtil hefir verið. Auk þess mundu kaupmenn þeir, er flytja þá vöruna, er stórt rúm fyllir, ekki heldur geta feingið vissu fyrir að fá hèr aptur vöru að því skapi til útflutnings, og getur það dregið til þess, að nauðsýnja-vara hækki í verði. En víst er um það, þegar alls er gætt, að fasta verzlunin verður við slíka breytíngu valtari og óstöðugri enn hingaðtil.

Af þessu munu þíngmenn geta sèð, að þegar koma á skipulagi á þetta mál, þá er það mjög mart sem hafa verður gætur á, sem ekki eingaungu má skoða frá því sjónarmiði, sem þíngmenn einkanlega hljóta að skoða það. Þaraðauki liggur það í augum uppi, að einsog Íslendíngar, með verzlunarlögum þeim, sem nú standa, hafa eignazt þau rèttindi, sem ekki má breyta fyrr enn alþíngi hefir veizt kostur á að segja álit sitt um það, svo hafa og aðrir þegnar Danakonúngs rètt til að krefjast, að þessum verzlunarlögum — er gjöra þeim hina íslenzku verzlun miklu greiðari aðgaungu heldur enn öðrum þjóðum — verði ekki breytt fyrr enn málið er áður borið upp á

fulltrúaþingum þeirra. Jafnvel þó eg nú ætli, að stjórnin mundi ekki vera ófús á að lækka hæfilega toll þann, sem lagður er á utanríkismenn, er verzla vilja hèr við land, þá er mèr þó ekki unnt að sjá fyrir og segja, hvaða endalok störf þau muni fá, sem mál þetta útheimtir, og hversu mikill tollurinn muni verða. Eg vil einúngis að nýju biðja þíngmenn vel og vandlega gæta þess, þegar þeir leggja mál þetta fyrir vorn allramildasta konúng, að þeir lýsi þá ekki yfir þeim hugmyndum um hina íslenzku verzlun, sem hljóta að virðast ástæðulausar, þegar þær eru skoðaðar frá sjónarmiði ríkisstjórnarinnar, og í tilliti til hinna annara dönsku skattlanda; því annars kostar mun alþíngið fremur spilla enn bæta það mál, sem það æskir að fá til vegar komið.

Framsögumaður: Hafi það, sem enn háttvirti konúngsfulltrúi nú mælti, verið samkvæmt skoðunarmáta stjórnarinnar, hafa menn hèr á landi gylda ástæðu til að óttast, að stjórnin hafi ekki enn náð því sjónarmiði, að skoða land þetta sem einn hluta ríkisins, með jöfnum rèttindum, og stýra því á þann hátt, að því geti farið fram svo sem því er auðið, og það geti neytt krapta sinna, ríkinu til gagns og sjálfu sèr. Konúngsfulltrúinn hefir einkum fundið að því við nefndina, að hún hefði sagt, að Ísland hefði rèttindi, og að farið væri með landið sem nýlendu. Eg ætla það sè einganveginn hvað mót öðru, þó nefndin hafi sagt að landið hafi rèttindi og rètt á eptir að erfða-einvaldsstjórnin hafi verið lögtekin hèr sèrílagi, því nefndin ætlaði, að eingum mundi detta í hug, að menn hefðu orðið öldúngis rèttlausir með einvaldsstjórninni, enda mun kvorki konúngi sjálfum nè þegnum hans hafa komið slíkt til hugar þegar einvaldsstjórnin komst á. Það mun einnig vera kunnugt hèr mörgum þíngmanna, að þegar Hinrik Bjelke tók hèr eiða af mönnum konúngs vegna, þá lofaði hann því af konúngs hendi hátíðlega, að menn skyldu hèr á landi halda fornum rèttindum sínum sem áður. Þetta hafa allir menn hèr tekið sem konúnglegt orð, og menn hafa vonað og vona enn, að konúngur muni ekki láta það óuppfyllt.

Nefndin hefir sagt, að farið væri með Ísland sem nýlendu. Þetta er satt, að því leiti sem nefndin hefir tekið fram, um verzlunina. Nálægt 1770 komu fyrst út rit um verzlunina hèr á landi, og var þar mest talað um hversu einokunarverzlunin hefði eydt landið og hvernig nú væri bezt að haga verzluninni.

Þá komu einkum fram tvær meiníngar: vildu sumir að verzlaninni yrði hagað hèr einsog í nýlendum, en aðrir að litið væri til þess, að Ísland hefði jöfn rèttindi sem aðrir hlutar ríkisins. Stjórnin aðhylltist hina fyrri meiníngunа, og á því er bygð tilskipunin um verzlunina hèr á landi 13. Júní 1787. Ísland er einnig talið með nýlendum í mörgum samníngum milli Danmerkur og annara ríkja, og eg man sèrílagi að nafngreina verzlunarsamníng við Norðurameríku, sem gjörður er 1826.

Um 50 dala tollinn er hinn háttvirti konúngsfulltrúi, að mèr virðist, nefndinni samdóma. Það er auðsætt, að tollur þessi gjörir útlendum þjóðum ófært að keppa í kaupum og sölum við Dani, sem eingan toll þurfa að gjalda. Þetta veit nefndin líka og hefir getið þess, svo það var óþarfi fyrir konúngsfulltrúa að brýna það fyrir mönnum. En þegar tollurinn er nú svo hár, að hann er, einsog enn háttvirti konúngsfulltrúi játar sjálfur, sem þvert bann, þá er auðsætt hvar að muni reka. Það stoðar þá ekki að segja, að tollur þessi sè lægri að tiltölu enn tollar eru í Danmörku, eða að tollurinn hafi verið settur niður í 50 rbdali ár 1816, eða þvíumlíkt. Ef á að jafna saman Íslandi og Danmörku, og fara jafnt með hvorutveggju, þá verður að líta á allar kríngumstæður. Það verður að líta á, að land þetta er í sjálfu sèr harðara enn Danmörk, og þarf þessvegna meiri nærfærni, ef því á ekki að orþýngja; það verður að líta á, að land þetta hefir legið undir enni sterkustu kúgun um nærri 200 ára, og var að síðustu svo þjakað, að því lá við auðn, og að fólkið væri flutt af landinu. Þegar þannig stendur á, er auðsætt, að þurfa muni töluvert meiri umhyggju og aðhlynníng, ef landið á að taka nokkrum framförum, enn þar sem allt öðruvísi er ástatt. Með hverju móti nýtur þá Ísland jafnra rèttinda og Danmörk í þessari grein? með því, að álögum á verzluninni hèr sè svo hagað, að þær standi ekki framar verzlun landins í vegi enn tollar í Danmörku standa í vegi verzluninni þar. Nú er það sýnt og játað, að 50 dala tollurinn er sem þvert bann, og það væri því sama að halda honum, sem að halda banninu, hvort sem tollar Danmerkur eru hærri eða lægri. Þar sem nefndin talaði um vöruskort bæði hèr og fyrir vestan, þá hafði hún fyrir sèr orð margra áreiðanlegra manna, sem sjálfir höfðu falað vöru og ekki fengið, og er þá ekki undir því komið hvort fiskitíð er eður ekki, en viðar þurfa menn ætíð við. Það er kunnugt öllum, að

leyfa má að flytja hingað timbur án tollgjalds, en meðan þannig stendur sem nú er, verða eingir til að beiðast þess leyfis, nema Norðmenn; yrði aptur á móti verzlunin frjáls mundu fleiri leita hingað með viðarfarma. Þess er og að gæta, að Norðmenn geta ekki flutt hingað tolllaust aðra vöru enn timbur.

Hvað viðvíkur sveitaverzluninni, þá getur varla neinn neitað því, að einstakir menn muni eiga eins hægt með að draga að sèr varníng einsog allir eiga nú sem stendur, þegar hver sækir vöru fyrir sig; örðugleikinn er hinn sami fyrir alla, að því leiti flutníngnum viðvíkur, en eg ætla, að minni hluti nefndarinnar hafi fært til aðrar ástæður, sem þaraðauki mæla fram með sveitaverzlun, og varla verða hraktar, svo eg hygg að enginn þurfi að óttast að þar af standi nokkur óhagnaðar, heldur miklu framar margfaldur hagur.

Þó mál þetta væri látið koma til þínganna í Danmörku, þá er eg ekki svo hræddur um, að verzlunarfrelsi þessa lands væri svo mjög hættara þarfyrir, því eg vænti þar svo mikillar sanngirni og rèttsýni, að menn vildu ekki ráða til að landi þessu væri gjörður neinn ójöfnuður; eg veit líka, að margir menn í Danmörku játa, að land þetta hafi orðið og verði enn fyrir miklum halla í verzlunarefnum þess. En hitt virðist mèr auðsætt, að væri mál þetta lagt fyrir en dönsku þíng, þá væri þessu þíngi gjörður í því ójöfnuður, og rèttindi þau skert, sem konúngur hefir mildilega veitt því, nema þá svo að eins, að hèr væru aptur lögð fyrir alþíng öll allsherjar málefni, sem varða Ísland eins miklu og aðra hluta ríkis konúngs vors.

Konúngsfulltrúi: Jafnvel þó eg geti ekki sèð, að hinn virðulegi framsögumaður hafi með tölu sinni hrakið eitt orð af þeim, er eg áður sagði, og jafnvel þó eg æskti ekki að hafa leingri umræðu um þetta mál, eptir að eg hefi nokkuð ýtarlega látið í ljósi álit mitt um það, sem er svo gagnstætt nefndarinar, svo hlýt eg þó að svara einstöku athugasemdum framsögumanns.

Þar sem hinn virðulegi framsögumaður hefir ætlað, að eg hafi sagt, að Ísland yrði að álítast sem hinn óæðri hluti ríkisins, þá minnizt eg ekki þess að eg hafi nokkru sinni talað á þá leið, er þannveg gæti skilizt; en það hefi eg sýnt, að Ísland hefir í verzlunarefnum notið hlynninda fremur enn önnur skattlönd Danakonúngs

Þar sem framsögumaður hefir enn fremur skýrskotað til loforðs þess, er Hinrik Bjelke hafi gefið Íslendíngum, þá er þeir geingust undir erfda-einvaldsstjórnina, að landið skyldi ekki fyrir þá sök missa rèttinda sinna, þá efast eg mjög um, eins og mèr er það og að öllu leiti ókunnugt, að Hinrik Bjelke hafi gefið mönnum það loforð, sem var gagnstætt erindi því, er honum var falið á hendur. En þó hann hefði gefið þetta loforð, þá liggur það í augum uppi, að í þessu máli hefði það einga þýðíngu, þareð allir mega játa, að verzlunarrèttindi Íslands eru stórum mun rýmri enn þau voru þá er Hinrik Bjelke var á dögum.

Að stjórnin hafi sjálf látið í ljósi, að hún áliti Ísland vera nýlendu, því verð eg öldúngis að þverneita. Þar sem svo segir í samníngi einum (*Tractat*) við Norður-Ameríku, að nýlendurnar og Ísland sèu undanskilin samníngínum, þá er það einna ljósastur vottur um það, að Ísland er ekki álitið sem nýlenda, jafnvel þó eyjan vegna verzlunar-ástands síns ekki gæti innibundizt með hinum fylkjum ríkisins í samníngnum. Þaraðauki sannar það bezt, að alþíng er sett hèr í landi, að stjórnin ætlast ekki til að Ísland sè nýlenda.

Um hinar aðrar athugasemdir framsögumannsins ætla eg ekki að tala fremur, þareð þær snerta ekki aðal-hugmyndir þær, sem máls-meðferð þessi styðst við, og sá hefir verið helztur tilgángur minn að stuðla til þess, að alþíng spillti ekki sjálft málinu, með því að skýrskota til þeirra rèttinda, sem ekki eru til, með því að kvarta um undirokun, sem ekki á sèr stað.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Ef mèr hefir skilizt rètt sú hin fyrri ræða hins hæstvirta konúngsfulltrúa, þá studdust mótmæli hans gegn álitsskjali nefndarinnar og aðalmáli því sem þar er farið fram, verzlunarfrelsinu, helst við 2 höfuðásæður þessar: 1. að tollur væri svo mikill og svo fyrir komið í Danmörku, að ógjöranda væri að koma tolli á hèr, eptir sama skipulagi, enda hefði og Íslandi og verzlun þess verið til þessa hinn mesti hagur að því, að einginn hefði verið ákveðinn tollurinn, og 2. að margfalt betur væri nú komið verzlunarhögum landsins enn áður hefði verið.

Hvað nú hinni fyrri ástæðunni viðvíkur, þá finnst mèr hún einganveginn sanna, að vèr Íslendíngar þurfum ekki verzlunarfrelsis eða að oss sè það ekki bæði hollt og nauðsynlegt;

það er þó viðurkennt, og þess er farið á leit, svo að segja af hverri sál í húsunum, þar sem úr öllum hèruðum landsins eru komnar bænarskrár um þetta efni; þessu getur hin fyrri ástæða ens hæstvirta konúngsfulltrúa ómögulega hnekkt, nema það sè fyrst sannað, að þessi hinn mikli verzlunartollur Dana, er hann gat um, sè verzlun þar til eblíngar enn ekki til hnekkis; þetta er einganveginn sannað enn sem komið er. Eg skal varast að fullyrða, að það sè hinn hái tollur, en hitt má eg fullyrða, að það er eitthvað að manna völdum, sem ollir því, að verzlun í Danmörku er svo miklu minni og á svo miklu valtari fótum enn í öðrum löndum mörgum hverjum, sem liggja ekkert betur, enn sum miklu miður við allri sjó-verzlun. Eg held ekkert verði sannara mælt, enn að óvinnanda og ógjöranda sè með allt slag, að koma á jafnmiklum tolli og með sama skipulagi, hèr á landi, sem í Danmörku, og eg skil heldur ekki, til hvers það væri, ef tollur sá fremur hnekkir verzluninni enn eflir hana; hitt verða allir að játa, að hin frjálsa verzlun eflir hverja þjóð sem er, og alla velmegun hennar, en velmegunin eykur og eflir inngjöld ríkisins og allan hag þess. Nú ef Ísland eflist svo, fyrir frjálsa verzlun, að það geti lagt meira til ríkisins þarfa, getur goldið meira í ríkissjóðinn enn verið hefir, þá finnst mèr það koma fyrir eitt, hvort það heitir verzlunartollur, eða skattur eða aukatollur, ef það að eins kemur, ef þar af sprettur velmegun og eflíng bæði Íslands og ríkisins, og fyrir því meina eg eingaungu mega og eiga að gángast, en ekki fyrir tollinum einum, hvort sem af honum leiðir illt eða gott. Þar sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi tók það fram, að Íslandi hefði verið vilnað mjög svo í, er því hefði verið hlíft svo sð segja við öllum tolli, á meðan hann hefði legið svo þúngt á Dönum sjálfum, þá skal eg ekki neyta því, að Íslandi hafi máske staðið af því nokkur hagur, en mestur, lángmestur haguriun hefir þá Dönum staðið af því sjálfum, þar sem verzlun hèr er einúngis í höndum þeirra. Danskir — einúngis danskir — kaupmenn eiga verzlun við oss, þeir eru flestir búsettir í Danmörku, og flytja þángað og verja þar öllum arði verzlunarinnar, gjalda þar af honum alla skatta og skyldur, og þjónar þeirra erlendis hið sama; Danskir sumir hverjir munu og hafa játað það við fleiri enn mig, að þeim væri vart kostur að leita annarstaðar á með verzlun, svo að nokkurs sèrlegs arðs væri von, enn á Íslandi.

En þar sem hin önnur ástæða hins hæstvirta konúngsfulltrúa hneig að því, eptir því sem mèr skildist, að verzlunarhag Íslands væri svo miklum mun betur komið nú enn áður var, t. d. á 17 öld og allt að 1786, þá er það óneitanlegt, og skiptir svo miklu, að vart verður orðum að komið. En um það skeið var líka þjóðin íslenzka eins og annar aðframkominn sjúklíngur, í andarslitrunum; En — er slíkur sjúklíngur fyrir það albata, þó lítið eitt af honum brái, eður hann að eins reisi höfuðið frá koddanum, eða geti stígið á fæturna? má fyrir það sleppa allri aðhjúkrun við hann? nei! einmitt fyrir það, að honum er bata von, verður að róa að því öllum árum að hann verði albata; og einmitt af því, að það er orðið ljóst, að rýmkun verzlunarinnar hefir rètt hag Íslendínga fremur enn von er, einmitt það sannar, að fullkomið verzlunarfrelsi getur eitt rètt hag vorn að fullu og öllu.

Forseti: Þegar hèr á þíngi fyrir nokkru síðan komu til umræðu málefni nokkur, er áhrærðu verzlunina, nefnilega um löggyldíngu kauptúns í Þórshöfn og við Borðeyri, Þorlákshöfn o. s. frv., átta eg í slíkum umræðum lítinn eður eingan þátt, sumpart vegna þess, að mèr sýndust málefni þessi lítils verð, og sumpart þessvegna, að mèr virtust nokkurnveginn ástæður fyrir löggyldíng kauptúna við Boreyri og Straumfjörð, enn kríngumstæðunum við hina staðina er eg einúngis lítið kunnugur.

Nú er þarámóti um meira að ræða, þar sem málefni það, sem hèr er umtalsefni, snertir fullkomið verzlunarfrelsi við allar framandi þjóðir. Þetta mál álít eg fyrir það mest áríðanda, sem hèr hefir verið enn borið upp á þínginu, og það verður fyrir Ísland ætíð það mest varðanda, svo opt sem það verður rædt á alþíngi. Eg álít það óheppni, að fyrirtekt þessa máls hefir dregizt svo leingi, þar öll líkindi eru til, að það, vegna naumleika tímans, ekki geti orðið leidt til lykta í þetta skipti. Eg skal nú stuttlega segja mína meiníngu um þetta verzlunarmál yfirhöfuð, án þess að binda þánkann við einstöku atriði, sem nefndin hefir stúngið uppá, Meiníng mín er þá þessi: að eg sjálfur að sönnu er einhuga í því, að frjáls og óbundin verzlun sè landi og lýð hvervetna hið hollasta, einsog eg ekki heldur veit rèttara, enn að hin sama sè meiníng allra hinna vitrustu manna, sem hafa skrifað um verzlunarmálefni, síðan eptir miðju næstliðinnar aldar.

Eingu að síður hlýt eg, sem nokkurnveginn kunnur Íslands verzlunarsögu, að vera í efa um, hvort Íslandi, að minnsta kosti að svo stöddu, sè gagnlegt verzlunarfrelsi við allar þjóðir, og það tel eg sjálfsagt, ef slíkt leyfi veitist, að þá þyrfti að reisa þar við margar og sterkar skorður, ef vel á að fara, jafnvel í landsins eigin tilliti, og það á að haldast undir reglubundinni stjórn Danakonúngs. Ástæður mínar eru þessar:

1. Eg óttast fyrir, að árleg tilfærsla af nauðsynjavörum kynni að verða ónóg og óregluleg, ef framandi þjóðir tækju verulegan þátt í verzluninni, helzt ef það, sem líklegast er, skyldu verða lausakaupmenn, því þeir hèr í landi svo kölluðu föstu kaupmenn mundu þá óttast vöruaðfærslu hinna framandi, og þessvegna mínka við sig í því tilliti; hafa menn orðið viðlíku vanir, einsog nú er ástatt með verzlunina, þareð þeir föstu kaupmenn iðuglega hafa kvartað yfir, að þeir vissu ekki, hversu þeir ættu að haga vöru-aðflutníngi sínum, vegna óvissrar aðsóknar af lausakaupmönnum, sem stundum koma á einn, stundum á hinn staðinn, og stundum alls ekki.

2. Að, þar hèr á landi, einsog kunnugt er, vantar næstum alla pólitístjórn, bæði á landsbyggðinni og í verzlunarstöðunum, að undanskildri Reykjavík, svo má svo hæglega atvikast, að frígeðja framandi þjóða fólk gjöri, í og í grennd við kauptúnin, margskonar óskunda, á hverjum bágt yrði, enda á laungum tíma, að fá ráðið bót; dæmi uppá þessháttar vantar ekki, jafnvel á seinni tímum í framandi löndum, hvar viðlíka er ástatt og á Íslandi. Sóttvarnir eru hèr og eingar, og getur af því, og framandi þjóða siglíngu, staðið mikill háski fyrir landið.

3. Að einginn, eða þá að eins fáir menn, jafnvel í embættisstandi, skilja framandi þjóða mál, því síður þekkja mælir þeirra og vigt, útaf hverju mörg óregla, ef ekki órèttur, getur flotið í verzlunarviðskiptum. Að sönnu ætti tíminn að lagfæra hið fyrra, en í hinu síðara tilliti gæti stjórnin skipað, að framandi þjóða kaupmenn skyldu brúka innlendan mælir og vigt; en eg óttast fyrir, að slík skipun stundum mundi verða þýðíngar-lítil, þareð reynslan hefir sýnt, að enda danskir lausakaupmenn, og stundum þeir föstu kaupmenn, ekki hafa í þessu efni ætíð gætt skyldu sinnar.

4. Að ef framandi þjóðum leyfist að verzla hèr, er ekki ólíklegt, að hin danska stjórn mundi heimta af landinu endur-

gjald í tolli eða öðrum álögum, sem nokkurnveginn bætti upp missi þess hagnaðar, sem ríkið hefir af verzlunarviðskiptum og skipasiglingu hingað til lands; en hvort landinu muni reynast slík byrði léttari, enn sú takmörkun, sem nú er í verzlunarfrelsinu, það verður nú ekki sagt, meðan reynsluna vantar.

Þessar fáu athugasemdir hefi eg viljað bera fram, mest í þeim tilgángi, að þíngið nákvæmlega yfirvegi, hvað það er, sem beðið er um, og hverjar heillavænlegar eða skaðlegar afleiðíngar það að líkindum muni geta haft fyrir landið, því það er sannmæli, að mart fer öðruvísi enn ætlað er, og að það er ekki allt gull sem glóir.

Framsögumaður: Í því, sem enn háttvirti forseti mælti, virðist mèr ekki vera nein veruleg ástæða móti verzlunarfrelsi. Hann ætlaði, að vöruflutníngar til landsins yrðu stopulli, en eg ætla, að reynslan hafi þegar sýnt hèr á landi, að það sè ekki að óttast. Vöruflutníngar að landinu fara eptir því, sem vara er fyrir og vörutilbúníngur vex í landinu, og menn hafa sèð, að hvorttvegja hefir farið vaxandi síðan verzlunin var leyst, þó kaupmenn hafi ekki á neinn hátt verið bundnir við borð með vöruflutníngа. Eg verð jafnframt að svara því, sem enn háttvirti forseti hreifði nú, og konúngsfulltrúinn hefir einnig sagt áður, að kaupmenn verði að vita fyrirfram hvað sèr muni gánga út af vörum, því annars geti verzlunin ekki orðið stöðug. Þetta ætla eg með eingu móti rètt vera. Kaupmaðurinn á að keppast við að hafa sem mesta vöru og bezta, með sem beztu verði á borð við aðra, og hann verður að vita hvað hann má bjóða sjálfum sèr, en hann má einganveginn vita fyrirfram með vissu, hversu mikið hann geti selt, því ef hann veit það, þá hefir hann kaupendur á sínu valdi, og getur skamtað þeim úr hnefa, og það er móthverft því sem vera á. Þegar kaupmaður veit fyrirfram hvað mikið hann geti selt, eða hann þurfi að flytja, þá er einokun verzlunarinnar beinlínis komin á, og kaupmaður hefir þá ekki leingur við neitt að keppast; hann flytur þá einmitt svo mikið sem hann ætlar sèr, til að hafa nógan ábata og ekki ofmikla vöru, en hirðir ekki um að auka verzlun sína.

Hinn háttvirti forseti bar það fyrir, að lögreglustjórn vantaði hèr á landi; þetta kann og satt að vera, einkum í kaupstöðunum. En mèr virðist þessi mótbára vera svo lángt frá að mæla móti verzlunarfrelsi, að hún mælir miklu framar með því,

þareð líklegt er, að menn kynnu þá að neyðast til að lagfæra og bæta lögreglustjórnina fyrr enn annars kynni að verða gjört. Hið sama er að segja um sóttvarnir, því eg held þær sèu lítilfjörlegar nú sem stendur. Mál útlendra þjóða mun ekki veita örðugra að nema hèr enn annarstaðar, einkum þareð vonanda er, að kennsla verði sett við skólann í enum helztu af þeim. Skírsla um mæli og vogir útlendra, og eins um peninga þeirra, ef þörf þætti, er auðfundin í mörgum bókum.

Til þess, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi sagði fyrir skemmstu, um loforð Hinriks Bjelke, verð eg að svara, að það mun hverjum augljóst, hvort menn muni hafa talið einokun verzlunarinnar meðal fornra rèttinda, sem menn vildu halda, eður ekki. Þar sem konúngsfulltrúinn færði það til, að veiting alþíngis væri vottur þess, að Ísland væri ekki álitin nýlenda, þá játa eg það fúslega, og eg verð að geta þess, að nefndin hefir að eins sagt, að farið hafi verið með Ísland sem nýlendu, að því leiti sem viðvíkur verzlunarmálinu, en hefir ekki getið annars; þó er það víst, að nýlendur sumra þjóða, til að mynda Engla og Frakka, hafa þíng, sem veitt er miklu meiri rèttindi og vald, heldur enn þessu þíngi er veitt að svo komnu.

Assessor Johnsen: Að því leiti, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hefir fundið að þeim tveim atriðum í álitsskjali nefndarinnar, sem viðvíkja rèttindum vor Íslendínga í verzlunarmálefnum, og því, að stjórnin hafi hagað verzlun hèr á landi líkt og vandi er til í nýlendum, þá ætla eg, að hvorki nefndinni nè þínginu muni þykja mikið fyrir, að hlaupa framhjá þessum atriðum í bænarskrá þeirri, sem að líkindum mun verða send Hans Hátign konúnginum í þessu máli, svo að þau eigi verði til ásteitíngar; enda á hið fyrra atriðið öllu fremur við verzlunarsögu landsins enn við þetta mál, sem mèr fyrir mitt leiti er næst geði, að farið yrði þannig á flot við stjórnina, að lagt sè fyrir sjónir, hversu það band, sem í tilskipun 11 Sept. 1816 er lagt á verzlun við framandi þjóðir, eptir reynslunni sè að jafna við blátt bann, og var það að vísu einúngis í þessu tilliti, að nefndin gat líkt verzlunarkjörum hèr á landi við verzlunarkjör nýlendu-manna yfirhöfuð, án þess að dregin verði nokkur samlíking af gjöldum þeim, sem gánga í ríkissjóðinn af verzluninni hèr á landi, eins og hún er. Það er sýnt og sannað af hinum hæstvirta konúngsfulltrúa, að tollur ekki

verði heimtaður eða lagður á vörutegundir þær, sem fluttar eru til Íslands, þareð kostnaðurinn við þesskonar ráðstafanir hèr á landi, mundi meir enn gleypa upphæð tollsins, hversu hár sem hann yrði; en þareð því er nú svo varið, að tollheimtumenn ekki geta átt við þetta land, og ríkissjóðurinn árlega missir svo mikils af inngjöldum við verzlunina á Íslandi, sem þeim tolli nemur, er eigi er greiddur af vörum þeim, sem hingað eru fluttar frá Danmörku, svo má þó gjöra ráð fyrir, að ríkissjóðurinn mundi ábatast nokkuð við 5 rbd. gjald það af hverja fermdu lestarrúmi, sem nefndin hefir stúngið uppá að framandi þjóðir yfirhöfuð skyldu greiða, og það án þess, að danskir verzlunarmenn þaraf biðu skaða, með því þeir þó að mestu leiti mundu sitja hèr fyrir verzluninni við þær framandi þjóðir, safna að sèr landvörum til að láta af hendi við þær, og taka við útlendu vörunum, án þess að þurfa að flytja þær hingað sjálfir, nema máske lítið eitt af dönskum vörutegundum. Til að koma verzluninni í þetta horf, virðist mèr líka að álit minna hluta nefndarinnar, um að skipa verzluninni við framanði þjóðir fyrst um sinn á þeim af honum tilteknu 5 verzlunarstöðum, eigi vel við, því þá væri öll von til, að hinir útlendu verzlunarmenn bæði gætu affermt eða lagt vörurnar upp til verzlunarmannanna á þessum stöðum, og feingið hlaðið skip af landvörum heim aptur, með minni fyrirhöfn og kostnaði, enda mundu bændur þá helzt eiga að vísu að gánga með nauðsynjar þeirra og sölu landvaranna. Þaraðauk hèlt minni hlutinn, að á þessum fáu stöðum yrði helzt komizt hjá og bætt úr þeim vandkvæðum, sem til eru tekin með tilliti til nauðsynlegrar lögreglustjórnar, sóttvarnarráðstafana o. s. frv., þar sem framandi þjóðir ber að landi; enda held eg, að fulltrúaþíng Dana, sem mál þetta að líkindum, eptir tölu hins hæstvirta konúngsfulltrúa, verður borið undir, muni verða tilleiðanlegri til að fella sig við þessa uppástúngu minna hlutans, enn við meira hlutans uppástúngu, sem að vísu líka gjörir breytínguna í verzlunarkjörum Dana afleiðínga-meiri fyrir þá allt í einu, enn uppástunga minna hlutans. Eg verð því að stínga uppá, að þíngið, ef það fellst á að biðja um verzlunarfrelsi fyrir framandi þjóðir á öllum verzlunarstöðum landsins, og þetta eigi feingist, þá til vara biðji um verzlunarfrelsi á þeim af minna hluta nefndarinnar tilteknu 5 verzlunarstöðum.

Að því leiti sem nefndin hefir borið fyrir timbureklu á verzlunarstöðunum nú sem stendur, og hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hefir svarað þar til, að það þó einmitt sè leyft að flytja hingað viðarfarma kauplaust, má eg þó geta þess, að eingar aðrar framandi þjóðir enn Norðmenn hafa komið hingað með viðarfarma, síðan opið brèf 1 Júní 1821 kom út, enda man eg nú ekki, hvort aðrir enn Norðmenn eptir þessari löggjöf eru lausir við það 20 rbd. gjald, sem tilskipun 11 Sept. 1816 bauð að skyldi greiða af því fermda skipsrúmi; en sú kvað einkum vera orsökin til, að Norðmenn ekki flytja hingað við í ár, að í Norvegi var svo harður vetur, að bændur ekki gátu, einsog vandi er til, flutt viðinn til kaupstaðanna, svo að ekla varð á honum í kaupstöðunum í vor fremur venju, og hærri prísar enn svo að verzlunarmönnum vorum þættu þeir aðgengilegir.

Konúngsfulltrúi: Eg get þess einúngis, að opið brèf 1. Júní 1821 snertir ekki Noregsmenn eingaungu, heldur alla utanríkismenn, og fellur því með öllu ástæða sú, er hinn virðulegi alþíngismaður hefir viljað taka þaðan.

Assessor Johnsen: Mèr má að vísu hafa orðið á, að segja að Norðmenn einir hafi leyfi til að flytja hingað viðarfarma kauplaust, en þá er það auk annars, líklega fyrirhöfnin við, að þurfa í hvert sinn, og það innan ákveðins tíma, að sækja um vegabrèf hjá rentukammerinu, sem fælir hinar aðrar þjóðirnar, sem við hafa afgángs, frá, að færa okkur hann, en það er aptur Norðmönnum umsvifaminna, að fá vegabrèf þessi í tækan tíma.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Þar sem hinn virðulegi alþíngismaður Árnesínga sagði, að vandkvæði þau, sem leiða mundi af verzlunarfrelsinu, mundu öldúngis hverfa, ef hún væri bundin við eina 5 staði, einsog minni hlutinn hefir stúngið uppá, þá gat hann ekki sannara mælt. Eg er viss um, að þá mundu öll möguleg vandkvæði af útlendu verzluninni öldúngis hverfa; sjálfsagt! því hún hyrfi þá með öllu sjálf. Ekki fannst mèr það eins áþreifanlega satt, sem hann sagði, hinn virðulegi þíngmaður, um að vöruflutníngar og vörubirgðir yrðu þá áreiðanlegri, og hægra landsbúum að fá nauðsynjar allar, því eg held, að miklu fremur mætti þá fullyrða hið gagnstæða. Það hefir í dag hèr á þíngi verið mælt ýmislegt um timburfarma frá Noregi, og að þeir komi ekki mjög ört, þrátt

fyrir afgjalds-frelsi það, er þeim er veitt; hefir þetta verið talið því til stuðnings, að aðflutníngar útlendra á nauðsynjavörum mundu aldrei verða hér áreiðanlegir; en eg held því valdi meðfram annað lítilræði, heldur enn hörkurnar í vetur er leid, að Norðmenn koma svo strjált, en það er skaði sá, er þeir hafa beðið á viðarflutníngum sínum opt og tíðum; skaða þenna hafa kaupmenn stundum vissulega gjört sitt til að baka þeim; þó þeir hafi verið sjálfir timburþrota, hafa þeir, allt um það, ekki viljað kaupa af Norðmönnum, svo þeir hafa neyðzt til að selja farminn allan á uppboðsþíngum, og hafa kaupmenn þá optast verið eins og góðir bræður og keypt í félagskap, við bezta verði, með því fáir hafa sótt að úr sveitum um há-slátt, til að gjöra dýr kaupin; er mèr þetta næsta kunnugt, með því eg hefi sjálfur boðið upp slíka farma optar enn í eitt skipti. Á líkan hátt er óhætt að fullyrða, að muni fara, ef verzlunin væri látin laus, og þó bundin við eina 5 staði; kaupmenn í þeim, sem eiga þar hús, mundu sjá um sig, og ekki greiða veg hinni útlendu verzlun; þeir mundu sjálfir flytja nauðsynjar á skipum sínum og meir enn nokkru sinni fyrri og segja hinum útlendu, að hèr væri nóg, þeir þörfnuðust einkis; og hvar mundi þá lenda? hinum útlendu yrðu þá nauðugir tveir kostir: annaðhvort að selja farm sinn við minna enn hálfvirði, eða fara heim aptur með hann, og þær yrðu lyktir á, að prentað yrði í dagblöðum um alla Norðurálfu, að eigi væri að leita til Íslands um verzlun; þar mætti ekki koma nema á eina 5 staði, en danskir kaupmenn sætu þar yfir öllum kaupum, og —lokið væri útlendu verzluninni hjá oss. Um vissuna fyrir innlenda, sem leiðir af verzluninni einúngis á 5 stöðum, ætla eg ekki að fara mörgum orðum; það væri þó merkilegt, ef vissan um vörubirgðir væri því meiri, sem staðir þeir væru færri, sem hefðu frjálsa verzlun; en öllum gefur að skilja, hvort það er hægra fyrir allan austfirðínga-fjórðúng að sækja verzlun á Eskifjörð, Norðlendínga-fjórðúng á Akureyri, og Vestfirðínga-fjórðúng á Stykkishólm eður Skutulsfjörð, heldur enn ef verzlun hèldist á öllum kaupstöðunum, sem eru. En er eitt að segja um að binda verzlunina við þessa 5 staði, einsog minni hlutinn vill; eg veit það eru fleiri þíngmenn en eg, sem hafa tekið eptir því, að hinn hæstvirti konúngsfulltrúi nefndi ekki með einu orði þetta atriði, sem nefndina greindi á um; og máttu þó allir gánga úr

skugga um, að hann leiddi ekki hjá sèr að hreifa við neinu því, sem athugavert var í álitsskjali nefndarinnar.

Framsögumaður: Þó það væri að vísu betra enn ekkert, að verzlun við utanríkis þjóðir væri leyfð á 5 stöðum, þá mundi þó reynslan sanna, að þessir kaupstaðir gætu ekki tekið á móti töluverðum aðflutningum, auk þess, sem þar af mundi leiða mörg önnur óhægð. Þegar um kaupstað ætti að tala, þá er hèr á landi enginn, nema ef telja skyldi Reykjavík; því á hinum stöðunum eru að eins tveir eða þrír verzlunarmenn, og eg veit ekki hvað þeir geta verið færri, þegar þar eru fleiri enn einn. Eg sè ekki betur, enn að það mundi verða töluverður örðugleiki, t. a. m. fyrir Húnvetníinga, að sækja til verzlunar á Eyjafjörð, í Reykjavík eða í Stykkiskólm. Þess er einnig að gæta, að því færri sem verzlunarstaðir eru, með fáeinum kaupmönnum á hverjum stað, því hægra veitir kaupmönnum að gjöra samtök, og mèr finnst, sem alþýða þurfi ekki að óska, að þeim verði gjört sem allra hægast fyrir um þetta, heldur væri miklu framar hins óskanda, að alþýðu væri gjört sem hægast fyrir um aðsóknina. Eg verð þessvegna að mæla á móti því vara-atkvæði, að utanríkis verzlun verði að eins leyfð á fáeinum stöðum.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Fyrst hvorugur hinna virðulegu nefndarmanna, er greindi á um sveita-verzlunina ásamt mèr við minni hlutann, hefir enn orðið til að hreifa við því efni, þá verð eg að leyfa mèr að fara þar um nokkrum orðum (þó eg sè miklu síður fær til þess enn þeir), með því mèr þykir á miklu standa, að mál þetta sè sem ýtarlegast rædt til undirbúnings, og beri því ekki að leiða hjá sèr þetta atriði. Eg get ekki betur sèð, enn að sveitaverzlun geti ómögulega átt sèr hèr stað að svo stöddu, nema svo, að úr henni verði eintómt þráng á munaðar- og óþarfa-varningi einum. Mèr getur einganvegin skilizt, hvernig það er mögulegt, að bændur — eða sveitakaupmenn — eigi að geta flutt næga nauðsynjavöru upp til sveita; til þess þyrfti þann fjölda hesta, sem enginn maður getur risið undir að halda. Ekkert hèrað á landinu þyrfti fremur við sveitaverzlunar enn Skaptafellssýsla vestari, þar sem það an er svo laung og erfið leið til kaupstaða; Skaptfellingar ræddu og mikið um þetta atriði, áður þeir sömdu bænarskrár sínar um verzlunina, og urðu þeir á því, að það væri hið mesta óráð að beiðast sveitaverzlunar. Eg vil

nú taka til dæmis Kleifa-hrepp, til að sýna hvað ómöguleg þessi sveitaverzlun er: þaðan fara til kaupstaðar árlega um 400 hesta; hvernig á nú sveitakaupmaðurinn að komast yfir að eiga og halda jafnmarga hesta eður fleiri? því ef sveitaverzlunin ætti að verða að liði, þá ættu aðflutníngarnir að aukast; — hann getur leigt þá, segir minni hlutinn. En það fyrsta sem gott ætti að standa af sveitaverzluninni, auk hægðarinnar, væri: að bændur mættu farga hestum þeim, er þeir nú halda, einmitt sakir kaupstaðar-ferða, framyfir það, sem til búskapar þarf, því hestafjöldi sá dregur ekki alllítið fóður út á vetrum frá öðrum fènaði; nú eru bændur mjög svo tregir á að ljá hesta, þótt þeir hafi aflögu; væru þeir færri mundi það óvinnanda. Af þessu er ljóst, að sveitaverzlun er ómöguleg hèr, nema práng sè á munaðar- og óþarfa-vöru, sem hæg er til flutníngs og viss til að borga allan flutníngskostnað, og gefa nægan ábata í aðra hönd.

Prófastur Hannes Stephensen: Ekki fæ eg varið, að mèr virðist mótbára ens heiðraða fulltrúa úr Skaptafells-sýslu ærið sèrstakleg, þar sem hún að eins nær til þeirrar sýslu einnar. Öllum er það auðsætt, hver hagur mundi verða að sveitaverzluninni, að því leiti sem hún sparar bændum ferðalög um þann tímann, sem þeim er dýrmætastur til heimilisanna og jarðarræktar; hver mundi ekki sjá, að hægra er einum manni og kostnaðarminna, að draga að varníng á 100 hestum, heldur enn 50, að eg taki svo til, sem hver hafi 2 hesta; nú vita menn að sú lest hefir ætíð þótt vel mennt, hvar 1 maður hefir verið um hverja 8 hesta; að hagnaði þeim virðist ekki hafa verið gáð, sem af því flýtur, að einn maður hafi mikinn vöruafla að verzla með, fær sá jafnan á markaði hverjum betri kaup en hinn, sem litlu hefir að verja. Eg fæ ekki betur sèð, enn menn leggi það mesta hapt á verzlunina, ef menn vilja binda útlendra verzlun við 5 staði eina, og afbiðja sveitaverzlunina, sem verða ætti hin bezta hjálp útlendu verzlunarinnar.

Framsögumaður: Eg má bæta því við, að meir enn helmíngur bænarskránna biðja beinlínis um, að sveitaverzlun verði leyfð, og þar á meðal sè eg, að önnur bænarskráin úr Skaptafells-sýslu biður um það, svo líklegt er að ekki sèu allir Skaptfellíngar á því máli, að hún geti ekki orðið þar að notum. Fyrir vestan eru menn almennt á því, að sveitaverzlun sè

gagnleg, fyrir austan mæla menn einnig fram með henni, og víðast hvar fyrir norðan.

Til þess að sýna, að það er ekki nú fyrst, að stúngið hefir verið uppá og mælt fram með sveitaverzlun, þá get eg þess, að amtmaður Stephán Þórarinsson, sem enginn mun neita að verið hafi einn hinn duglegasti embættismaður hèr á landi í sinni tíð, og vel kunnugur lands þörfum og lands háttum, hefir stúngið uppá við stjórnarráðin þegar 1817, að leyfð yrði hèr sveitaverzlan. Þær ástæður, sem minni hlutinn hefir tilfært, eru einnig svo ljósar, og ekki reknar af neinum enn hèr á þínginu, að eg skil ekki annað enn landið sviptist miklu hagræði, ef þessi verzlun yrði ekki leyfð.

Assessor Johnsen: Hinir verzlunarstaðirnir þurfa ekki að verða verr á vegi staddir fyrir þá sök, að framandi þjóðir einúngis mega koma á þá 5 tilteknu verzlunarstaði; því auk þess að hinir dönsku verzlunarmenn, sem þar hafa tekið bólfestu, eins eptir sem áður geta flutt þángað vörur frá Danmörku og útlöndum, svo má og verzla útlendu vörunum, sem fluttar verða á hina 5 staðina í lausakaupum á hinum verzlunarstöðunum; enda ætla eg, að þeir hinir dönsku verzlunarstjórar, sem mest er mark að og mest megna, einkum hafi verzlun á þeim 5 stöðum, sem minni hlutinn hefur mælt fram með.

Mèr skilst eigi betur, enn að hinn hæstvirti konúngsfulltrúi til hlýtar hafi fært sönnur á það, að sveitaverzlun sú, sem minni hlutinn mælir fram með, hljóti að leiða bæði til óreglu og skaða fyrir sveitabændur, og sveitabúskap yfirhöfuð; hjá því verður eigi komizt, þegar bóndinn er orðinn kaupmaður, að hann verzli helzt með þær vörurnar, sem minnstar eru fyrirferðar og lèttastar í flutníngum, og verða það þá einkum ofneyzluvörurnar, og yfirhöfuð þær, af hverra verzlun hann sèr sèr mestan ágóðann; hann getur varla undireins orðið góður kaupmaður og verið góður bóndi; ábatist hann við verzlunina, þá stundar hann hana sjálfsagt öllu meir enn búskapinn, svo að jarðarræktinni og atvinnuvegum landsbúa með þessum hætti fremur mundi fara aptur enn fram. Verzlun þessi verður þarhjá næsta kostnaðarsöm fyrir bóndann; ef hann ekki á að verða uppá aðra kominn, mundi hann optast nær þurfa að halda á framt að 100 hestum til aðflutninganna, èn eigi hann að leigja hesta af öðrum, verður leigan þess hærri, sem flytja verður að vörurnar á þeim árs tímum, sem aðrir líka

einkum þurfa á hestum sínum að halda, meðal annars til að sækja á nauðsynjavörurnar til verzlunarstaðanna, svosem timbur, kornvöru, salt, steinkol og járn, og aðrar vörur sem þyngstar eru og mestar fyrirferðar, og fiskætið að sjónum. Ef bóndinn ábatast á verzluninni, verður fleiri bændum um það hugað, að koma ár sinni eins fyrir borð, og þó að minni hlutinn hafi stúngið uppá 10 rbdala greiðslu, fyrir sèrhvert þesskonar verzlunarleyfi, er greiðsla þessi þó eigi hærri enn svo, að flestum lausamönnum veitir hægt að láta hana af hendi.

Prófastur Hannes Stephensen: Það lítur svo út, sem hinn virðulegi þingmaður Árnesinga hafi ekki lesið, eða ekki skilið uppástúngu minna hluta nefndarinnar; hann gjörir ráð fyrir, að ekkert verði flutt nema óþarfa-vara ein, en ekki fæ eg skilið, að það geti hindrað flutning þúngu og þörfu vöruþnar, þó einn eigi að flytja eptirleiðis það, sem margir hafa hingað til flutt; vara sú þarf að flytjast hvort sem er, og víðast ætla eg hestana verða jafnmarga eptir sem áður, og mundi auðvelt að fá þá á leigu, því mikils munði bændum vert að mega vera heima við heimili sín sjálfir um þann tíma; kaupstaða-ferðir þær eru farnar um þann tíma, sem minnst eru brúkaðir hestar heima, fyrir og um túnaslátt. Það ætla eg, að sveitakaupmenn mundu sízt draga að sèr ofneyzlu-vörur einar, því svo mun mega gjöra ráð fyrir mikilli ráðdeild hjá bændum, að ekki mundu þeir til lángframa verzla við þann, sem ofneyzlu-vörur einar hefði á boðstólum. Það ætlar enn heiðraði þingmaður, að hægt mundi lausamanni veita að borga 10 rbd. fyrir verzlunarleyfis-brèfið, en minni hluti nefndarinnar hefir að eins talað um búandi menn, og þá eina af þeim, sem bæði að dugnaði og ráðvendni væru að áliti amtmanns til verzlunarmanna hæfir, því hlýt eg að álíta ástæður þær, sem þingmaður Árnesinga kom fram með, mjög lítils verðar.

Assessor Johnsen: Minni hlutinn hefir að vísu áskilið, að sveitaverzlunarmenn jafnan skuli hafa nokkrar nauðsynjavörur til sölu, en þenna skilmála uppfyllir þá sèrhver þeirra, sem fært getur sönnur á það, að hann hafi dregið að sèr nauðsynjavörur á fáeinum hestum til að selja. Eg gjöri sjálfsagt ekki ráð fyrir öðru, enn að bændur einir fái verzlunarleyfið, en lausamenn geta og fljótt orðið bændur. Bændur þurfa hesta sinna með til margs fleira enn kaupstaðar- og skreiðar-ferða, því auk þess, að þeir eigi geta án þeirra verið um sláttinn, hafa þeir

þeirra einnig þörf fyrir sláttinn og á vorin, til torf- og móflutninga, við húsabyggingar, o. s. frv., og fækki nú nokkrir þaráofan hestum fyrir þá sök, að sveitaverzlun kemst á, ætla eg að hestaleigan muni verða næsta há, og að því skapi þúngbær bændunum, sem hún aptur kemur niður á, í kaupum þeirra og sölum við sveitakaupmanninn.

Umboðsmaður Jón Gudmundsson: Eg hefi dregizt nokkuð aptur úr með að svara því, sem hinir virðulegu þíngmenn úr Borgarfjarðar og Ísafjarðar sýslu mæltu áðan, til stuðnings sveitaverzluninni. Þar sem hinn fyrri sagði: að „ef sýslan öll gæti sótt nauðsynjar sínar til kaupstaðar þá gæti það og einn maður," þá sjá allir hvað satt og rètt þetta er. Það er þó alkunnur málsháttur og sannur, að margar hendur vinna lètt verk, og enginn einn getur orkað því sem margir geta. En svo leiddi eg einmitt rök að því áðan, að ef sveitaverzlun kæmist svo á, sem minni hlutinn ætlast til, þá mundu bændur fækka hestum svo stórkostlega, að þeir hefðu einga hesta aflögu handa kaupmanni; en að sjálfs síns ramleik mundi hann aldrei geta haft þau hesta ráð er hann þyrfti. En því skal eg ekki neyta, sem hinn virðulegi þíngmaður Borgfirðínga mælti: að erfiðleiki og tímatöf yrði miklu minni, — það mundi muna svo miklu í Skaptafells sýslum að ómetanda væri, — ef sveitaverzlun væri möguleg.

Þar sem hinn virðulegi fulltrúi úr Ísafjarðar sýslu sagði, að Skaptfellíngar hefðu þó í annari bænarskránni beðið um: „að bændur mættu verzla í grennd við kaupstaði, og þá staði aðra, er skip gætu lagt að landi og affermt og fermt," þá er þetta rètt hermt, og var þetta í þeirri bænarskránni, sem var úr austur-sýslunni allri og megin hluta vestur-sýslunnar. En eg vona, að allir sjái, að þetta sanni einganveginn það, sem hinn virðulegi þíngmaður vildi: „að Skaptfellíngar beiddu um sveitaverzlun", heldur þvert á móti hið gagnstæða; þessa verzlun bænda við kaupstaði o. s. frv. biðja þeir einmitt um og taka skírt fram, af því þeir álíta verzlun til sveita ómögulega og óhafandi.

Framsögumadur: Kannske ágreiníngurinn rísi mest af því, að svo virðist sem menn skilji orðið „sveit" á tvo vegu. Sumir taka orðið svo, að það er mótsett kaupstað, og þannig tek eg það; aðrir virðast mèr kalla sveitir að eins þau hèröð, sem eru lángt frá kaupstöðum og upp til fjalla. Þegar nú „sveit" er

tekið í enum fyrra skilníngi, sem eg ætla rèttan vera, þá verða flutníngar með tvennu móti, annaðhvort á sjó eða landi. Þar sem flutt verður á sjó, þarf ekki að kvarta yfir að ekki verði flutt þúnga varan eins og hin lètta, og þar stendur því ekkert í vegi; en þó flytja þurfi á landi, þá má það sumstaðar verða að góðum notum. Eg skal taka til dæmis Fljótsdalshèrað fyrir austan: Þar er mikið hèrað fjarri sjó, og yfir fjall að fara til kaupstaðar, svo sú ferð tekur 2—3 daga; væri nú sveitakaupmaður neðarlega í hèraði, þá gæti hann dregið að sèr vöru svo mikla sem hann vildi, og haft styttri tíma til hverrar ferðar, hann gæti sætt hverju tækifæri sem gæfist, ef skip kæmi á öðrum tímum enn um kauptíð, o. s. frv. Síðan gætu menn sótt til hans úr öllu hèraðinu, og farið heim og heiman á dag, hvenær sem hentast þætti. Af þessu yrði mönnum margfalt hagræði, og það er sannreynt, að allt hagræði í verzlun eykur vöruaflann og þarmeð velmegun manna. Þannig, sem ástatt er í Fljótsdalshèraði, ætla eg sè ástatt víðar, en á öllu vesturlandi og víða annarstaðar má hafa alla flutníngа á sjó, og eru þar þessvegna eingin vandkvæði á.

Assessor Johnsen: Mèr skilst ekki, að það gagn geti orðið af sveitaverzluninni, sem minni hlutinn ætlast til, ef einkum ætti að koma henni á stofn við sjáfarsíðuna, nálægt verzlunarstöðunum eða þar, sem vörur má flytja að sjóveg, eða yfir vötn; og eg held, að bændum yfirhöfuð þá yrði eins happasæl verzlun beinlínis við verzlunarmenn á verzlunarstöðunum sjálfum. Mèr hefir þarámóti skilizt, að minni hlutinn einkum ætlaðist til, að spara bændum lángferðir ofanúr seitum til verzlunarstaðanna; og þó svo kunni að vera ástatt víðast hvar í vesturamtinu, að flytja megi vörur mest megnis sjóveg, mun samt víðast hvar annarstaðar, ekki að eins í suðuramtinu, heldur og víðast hvar í norð- austur-amtinu, verða að fara landveg til verzlunarstaðanna, og það lángar leiðir.

Prófastur Halldór Jónsson: Eg skal að eins leyfa mèr, að víkja fám orðum að því, sem áðan var um rædt, hvort ráðlegra mætti álíta, að utanríkis verslunarmönnum væri leyft, að hafa viðskipti við alla verzlunarstaði landsins beinlínis, eða að eins við þá fáu, sem minni hluti nefndarinnar hefir stúngið uppá. Ef þeim að eins væri heimil verzlun við einstaka staði, gætu aðeins fáir landsbúa haft not af þvílíku verzlunarfrelsi,

og hætt mundi verða við því, að skortur á landsvörum í þessum fáu stöðum kynni fljótt að fæla utanríkis verzlunarmenn, og svipta landið viðskiptum við þá; hinsvegar er ekki heldur ómögulegt, að kaupmenn kynnu líka að hvekkjast, ef einhverntíma vildi svo óheppilega til, að þeir færu á eina höfn eptir aðra, án þess að fá þar töluverðar vörur í skip sín (eg meina: þegar verzlunin ekki væri bundin við fáeina staði). Vil eg því geyma mèr rètt til breytíngaratkvæðis á þá leið, að ef þíngið ekki fellst á uppástúngu meira hlutans, að utanríkis verzlunarmönnum skuli leyft að fara beinlínis til hvers verzlunarstaðar á landinu, sem þeir vilja, skuli þeim gjört að skyldu að koma fyrst til einhvers af þeim verzlunarstöðum, sem minni hluti nefndarinnar hefir stúngið uppá, og sýna þar skilríki sín — meðfram vegna þess, ef þar væru nokkrar sóttvarnarstiptanir — en þaráeptir skuli þeir mega fara til hvers verzlunarstaðar, sem þeir vilja. Með þessu móti virðist mèr sízt vera að óttast fyrir, að þeir hvekkist, fyrir skort á íslenzkri vöru; því þó þeir fái ekki nóg á þeim fyrsta staðnum, þurfa þeir ekki að hverfa heim aptur svobúnir; og það er allliklegt, að þeir fái strax fregnir um, hvar helzt sè þörf á komu þeirra og helzt íslenzkrar vöru að vænta.

Framsögumaður: Eg held, ef að farið væri að laga verzlunina samkvæmt varaatkvæðum þeim, sem upp eru borin, þá mundi allt koma í líkt horf sem 1786 og síðan. Menn færu að gánga í gegnum sama skólalærdóminn upp aptur. En þetta held eg sè óþarfi, enda held eg það muni nú vera orðið fullljóst öllum, að það mundi ekki hafa skemmt neitt, þó verzlunin hefði verið gefið það frelsi í upphafi sem hún hefir haft síðan 1836.

Forseti: Þar enginn ræðir fremur málið, álít eg það útrædt til undirbúnings.

Því næst voru lesin og samþykkt af þínginu:

1. Álitsskjal þíngsins um borgun alþíngiskostnaðarins.

Yðar Hátign hefir, með allramildustum úrskurði 23. dag Aprílmánaðar þ. á., skipað Yðar Hátignar kommissarius við alþíngið, að skora á það, að þíngið segi álit sitt um, hvernig sá kostnaður, sem tilgreindur er í alþíngistilskipunarinnar 79. gr., sem og annar kostnaður við þíngið, svo sem til skrifaranna, til alþíngistíðindanna útgáfu, m. m., verði endurgoldinn enum konúnglega íslenzka jarðabókarkassa.

Þingið sá srax, hversu mikill og margbrotinn vandi því bar að hendi, þar sem næstum öll landsins eldri gyldandi skattalög ennþá vantar nýtt og endurbætt skipulag, en á hina hliðina ber bráðan að, að endurgjalda þá talsverðu summu, sem þinghaldið kostar í þetta skipti, hversvegna þingið valdi 5 menn í nefnd, til fyrirfram að skoða málið, hvar eptir um það hefir verið ráðslagað á tveimur aðalfundum. Þessu næst leyfir þingið sèr nú allraþegnsamlegast að segja álit sitt um málið, á þá leið, sem eptir fylgir:

Það var af embættismanna-nefndinni í Reykjavík árið 1841 álitið tiltækilegast, að þinghalds-kostnaðurinn legðist á kaupför þau, er hingað til lands koma til verzlunar á ári hverju, þannig, að 1 rbd. væri svarað af lestarrúmi hverju, þó með nokkrum undanskorunum. Án efa var þetta úrræði þá eitt meðal enna tiltækilegustu, þó það jafnvel þá væri nokkrum vandkvæðum bundið. Að svo stöddu gizkar alþingið á, að á verzlunar-málefnum landsins máske geti orðið ýmisleg umbreytíng, sem hèr í gæti orðið til hindrunar, og líka veit það, að stjórnarráðin varla muni vera þeirrar meiníngar, að leggja eigi byrði þessa á verzlun landsins. Alþíngi finnast því þessi úrræði nú sem stendur miður tiltækileg, og þó svo færi, að verzlun landsins síðarmeir á einhvern hátt legði nokkuð af til opinberra þarfa, mundi þess við þurfa til annara nauðsynlegra útgjalda.

Í landinu eru þær 2 undirstöður helzt líklegar til álögu útgjalda til lands þarfa, fasteign þess nefnilega og lausafè. En þínginu virðist, sem hvorugur þessi álögustofninn sè nú sem stendur svo á vegi staddur, að hann verði beinlínis hafður að undirstöðu, svo vel og rèttvíslega fari.

Hvað fasteignir landsins snertir, þá eru þær að vísu, í samanburði við lausafèð, litlum álögum bundnar til opinberra þarfa, og sá mundi og skatturinn alþýðu vinsælastur, sem á fasteignina væri lagður, einkum sá, er að þinghaldskostnaðinum lýtur, meðan kosníngarlög til þíngsins, sem nú, gefa fasteignar eigendum þau rèttindi, er lausafjáreigendur ekki njóta. En á hinn bóginn er það ljóst alþíngi, að niðurjöfnun álaga á fasteign landsins getur, nú sem stendur, ekki framfarið svo rèttvíslega og með þeim jöfnuði, sem bæri, af því að mat það á fasteigninni, er nú gyldir, er svo mörgum annmörkum bundið, bæði gamalt og að eingum jöfnuði, og einkum þareð talsverður hluti landsins fasteigna annaðhvort er ómetinn, eða tjáir sig, hvort

heldur að lögum eða lángri venju, undanþeginn útgjöldum til opinberra þarfa. Þess má þarhjá um fasteignarskattinn geta, að hann að líkindum lenti mest á ábúendum jarðanna, þó einga fasteign ættu. Meðan á þessum vandkvæðum ekki er bót ráðin, ætlar alþíng, að þessi álögustofninn, enn þótt hann að eðli sínu sè hinn fastasti og óhvikulasti, ei verði við hafður.

Sá annar álögustofninn í landinu sjálfu, lausafèð, metið til hundraða eptir gömlum lögum og landsvenju, virðist að vísu í fljótu áliti aðgeingilegri, þar sem aldrei er tekið þar af öðru enn því, sem í hvert skipti er til, eptir árlegri skýrslu þeirra sjálfra, er gjalda eigu. En eins og slíkur grundvöllur fyrir opinberum álögum, sem lagður er af sjálfum eiganda fjárins, er óáreiðanlegur, og í siðferðis tilliti ískyggilegur, svo fær alþíng ei heldur betur sèð, enn að ofþúngar álögur á þenna eina stofninn hljóti að standa öllum framförum landbúnaðarins í vegi; og þareð nú sem stendur þvínær öll útgjöld til opinberra þarfa, til hverrar stèttar sem er, þarhjá eru lögð á þenna stofninn, og þeim fátækari, eptir sem skattalögum vorum enn hagar, verður að tiltölu lángt fremur íþýngt, enn þeim efnaðri, þá meinar alþíng, að lausafjárstofninn rèttilega eigi, hvað alþíngiskostnaðinn snertir, að svo stöddu að vera undanþeginn frekari álögum, nema öldúngis óumflýjanleg nauðsyn krefji.

Alþíng heldur það ekki ólíklegt, að nokkur, og máske talsverður, hagur mætti vinnast til opinberra þarfa, við breytíngu á aðferðinni að launa sýslumönnum, þannig nefnilega, að þegnskylda öll væri dregin jarðabókarsjóðnum til inngjalda, en laun talin sýslumönnum þaðan aptur, er sanngjörn og sæmileg væru. En bæði er það, að lángur er uppi til þess, að sú breytíng geti á komizt, er hún ekki yrði við höfð við þá, er nú sitja að sýslum með öðrum kjörum, og líka telur alþíng það óvíst, hvort vinníngur sá, er feingist, mundi nægja til lúkníngar alþíngiskostnaðarins.

Talsverður hluti landsins fasteignar er, eptir sem skattalögum landsins enn er komið, meira eða minna undanþeginn tíundar-gjaldi til opinberra þarfa, og það ekki einúngis þjóðjarðirnar og kirkjueignir yfirhöfuð, heldur einnig einka-eignir landsbúa sjálfra, að því leiti er viðvíkur þeim seldu biskupsstóla-eignum hinum gömlu. En alþíng hefir því síður viljað benda til þessa, til endurgjalds alþíngiskostnaðarins, sem því er kunnugt, að Yðar Hátign hefir allramildilegast í hyggju,

að bæta skattalög landsins, og mun því þá ekki gleymt, sem hér að hnígur, og það ei koma í eptirþörf, er við það vinnst.

Þegar nú alþíng þannig hefir í flestar þær áttir litið, hvaðan inngjalda-auka gæti verið von, þínghaldskostnaðinum til endurgjalds, en þau en gömlu skattgjaldalög landsins eru til tálmunar í að niðurjafna nýjum skatti á jarðanna dýrleika, en alþíng þó, einsog fyrr er getið, tekur fasteign landsins sem helzta skyldarstofn alþíngiskostnaðarins, hefir það með 18 atkvæðum gegn 5 fallizt á, allraþegnsamlegast að bera upp fyrir Yðar Hátign þá uppástúngu sína:

> að lagður sè 4 proCento-skattur á alla þá fasteign, er að erfðum, eða á annan hátt, breytir eiganda.

Alþíng telur það þessari sinni uppástúngu sèrílagi til gildis, að skattur þessi lendir á þeim gjaldastofni landsins, sem lítið er áður íþýngt með opinberum álögum. Hann er ei neitt bundinn við það almenna jarða-mat, sem óvíst er, hvenær verður á komið. Ekkí er heldur hætt við, að skattur þessi lent geti á öðrum, en til er ætlað, við hverju þó ætíð er að óttast, hvar um almennan fasteignarskatt er að gjöra, sem áður er á vikið.

Alþíng getur ei með fullri vissu sagt, hve mikill þessi skattur mundi verða að upphæð á ári hverju, þareð það, eptir eðli sínu, verður að vera nokkurri óvissu bundið. Á hina síðuna er það einnig enn óljóst, hve hár þínghaldskostnaðurinn muni vera. Alþíng hefir þó í þessu tilliti haft augastað á því, hve mikið, eptir reikníngum jarðabókarsjóðsins, goldist hefir í ½ proCento af seldum fasteignum eptir tilskip. 8. Febr. 1810, í þau 10 ár næstu fyrir 1844 að meðaltali, og eru það 266 rbd. 41 sk. árlega, en það telur það víst, að ei muni minni fasteign árlega breyta eiganda við erfðir enn á annan hátt, og yrði þá upphæð skattsins árlega 4200 rbd., er að líkindum nægja mundi til alþíngiskostnaðarins endurgjalds.

Þíngið ætlar, að það ekki alllítið auka mundi á vinsældir þessa nýja skatts, ef Yðar Hátign allramildilegast vildi eptirgefa landinu þann ½ proCento-skatt af seldum og erfðum fasteignum, er áður er á lagður við tilsk. 8. Febr. 1810, og ef það er rètt til getið, er áætlun sú, er ríkisstjórnin hefir látið auglýsa á prenti, viðvíkjandi inn- og útgjöldum jarðabókarsjóðsins fyrir 1845, gjörir ráð fyrir, að ½ proCto-afgjaldið af seldum fasteignum mundi verða 300 rbd., og afgjaldið af erfðum fasteignum, sem áður er ætlast til yrði eins mikið, þá mundi jarðabók-

arsjóðurinn af 4 proCto-skattinum fá 4800 rbd., er bæði mundi að líkindum nægja honum til endurgjalds loknum þínghaldskostnaði, og líka þeim 600 rbd., er mistust við eptirgjöf ½ pro Cto-skattsins.

Það er ekki lögskipað, að þínglýsa skuli eignarbrèfum fyrir keyptri fasteign, og gæti þetta staðið þeim í vegi, er innkrafa skattsins væri á hendur falin', en það væru að líkindum sýslumenn landsins og bæjarfógetinn í Reykjavík, hverjir einnig, sem skiptaráðendur, hægast gætu sèð um innkröfu skattsins af fasteign þeirri, er að erfðum geingur. En alþíng ætlar að við þessu mætti gjöra, ef lög segðu þeim tilbærilega sekt á hendur, er ei lèti þínglýsa kaupbrèfi sínu á fyrsta þíngi eptir að það er útgefið. Að öðru leiti ætlar alþíng það sjálfsagt, að áðurnefndir embættismenn, eins í þessu sem öðru, líti á gagn og nauðsyn landsins, og hafi því tilbærilega umsjón um, að ekkert sè ránglega undan dregið, er á þenna hátt ætti skattgyldt að vera, eg líka að þeir, með skýrri skilagrein við árs lok hver, sendi þann móttekna skatt til jarðabókarsjóðsins, hvaðan þíngkostnaðurinn fyrirfram verður að lúkast.

Það kynni að mega telja gegn þeim umtalaða 4 proCto-skatti, að hann komi ójafnt á, og lendi máske á sömu fasteigninni hvað eptir annað; en alþíng ætlar þetta einga verulega mótbáru, því einsog það mætti telja sem undantekníng frá því vanalega, að sama fasteign gángi hvað eptir annað að erfðum, eins telur alþíng það víst, eptir venjulegum gángi mannlegs lífs, að skattur þessi, hvað arfatöku snertir, á 30 árum færðist yfir alla fasteign landsins, að því leiti hún getur að erfðum gengið. Hvað kaup og sölu fasteigna snertir, þá verður ei um slíkt á ætlast, þar það er meira í sjálfs vald sett; en hitt telur alþíng víst, að skattur þessi ekki hindra muni til skaða þau viðskipti manna, er að jarða- eða fasteigna-kaupum hníga.

Það er, einsog áður er allraþegnsamlegast á vikið, að nokkru leiti í óvissu, bæði hvað þínghaldskostnaðurinn verði hár, og líka, hvað sá umtalaði skattur verði að upphæð; en svo að jarðabókarsjóðurinn geti verið viss um, að fá fullt endurgjald kostnaðarins, leyfir alþíng sèr allraþegnsamlegast einnig, með 18 atkvæðum gegn 5, að stínga uppá því, að ef 4 pro Cto-skatturinn ekki að fullu nægði til endurgjaldsins, þá verði því sem á skorti jafnað niður á tíundarhundruð fasteigu-

ar og lausafjár landsins, þannig, að af hverju fasteignarhundraði greiðist tvöfalt við það, er greiðist af hverju lausafjárhundraði. Að vísu þykist alþíng sjá það fyrirfram, að slíkur skattur muni koma nokkuð misjafnt niður á fasteignina, að svo miklu leiti sem nokkur hluti hennar, einsog áður er á vikið, enn þá ekki er metinn til dýrleika. En hjá þessu verður að svo stöddu ekki komist, þar nauðsynin til að endurgjalda kostnaðinn krefur skjótra úrræða. Að því leiti fasteign snertir, skal að öðru leiti aðgángur að ábúanda jarðar, mót endurgjaldi til hans af jarðar-eiganda, annaðhvort í afgjaldi jarðar, eða á annan hátt.

Eptir öllu framanskrifuðu leyfir alþíng sèr allraþegnsamlegast að bera það upp:

1. Að kostnaður til alþingishaldsins, samkvæmt alþingistilskipunarinnar 79. grein, fyrirfram lúkist úr jarðabókarsjóðnum.
2. Að lúkníng kostnaðarins sè jarðabókarsjóðnum endurgoldin með 4 rbda. skatti af hverju 100 rbd. virði í fasteign, er breytir eiganda að arfi, eða á annan hátt.
3. Að ½ proCto-skattur af erfðri eða afhentri fasteign eptir tilsk. 8. Febr. 1810, aftakist.
4. Að þínglýsíngar afsalsbrèfa, er snerta fasteignir, lögskipist, að viðlögðum tilbærilegum sektum.
5. Að sýslumenn og bæjarfógeti í Reykjavík innkrefji þann í tölulið 2 nefnda skatt, og gjöri jarðabókarsjóðnum skil fyrir honum við hvers árs lok.
6. Að því, sem á mætti skorta endurgjaldið eptir tölulið 2, jafnist að ⅔ hlutum á tíundar-hundruð fasteignarinnar, enn að þriðjúngi á lausafjárins hundraðatölu.
7. Að það, sem eptir tölulið 6 er lagt á tíundar-hundruð fasteignarinnar, lúkist af ábúendum jarðanna, mót endurgjaldi til þeirra af landsdrottni.

Að lyktum felur alþíng allraþegnsamlegast Yðar Hátignar vísdómi á vald, að ákveða, hvort slík ráðstöfun, er hèr um ræðir, eigi að verða einúngis til bráða byrgða, meðan skattalögum landsins eigi er ráðið til hlýtar, eða að staðaldri.

Reykjavík 1. Aug. 1845.

Thorsteinson. Th. Sveinbjörnsson.

2. Bænarskrá þingsins, um að löggylt verði kauptún í Þorlákshöfn og Straumfirði, og lausakaupmönum leyfð verzlun í Krossvík á Akranesi.

Þess hefir verið beiðzt af 142 búendum í Árnessýslu, að alþing sendi Yðar Hátign bænarskrá um, að kauptún yrði löggilt í Þorlákshöfn, með þeim skilmálum, sem verzlunar-lögin fyrir Ísland ákveða, af 34 búendum í Borgarfjarðarsýslu, um, að kauptún yrði löggylt á Krossvík, og af 42 búendum í Mýrasýslu, um, að kauptún verði sett við Straumfjörð.

Mál þetta var feingið 5 manna nefnd til íhugunar, og síðan rædt ýtarlega á tveimur aðalfundum, og leyfir þingið sèr nú allraþegnsamlegast að skýra Yðar Hátign frá málavöxtum, sem fylgir:

Þinginu þykir það eitt yfirhöfuð athuganda, þegar verzlunarstöðum er fjölgað í landinu, að landsbúar hafi þess þörf, bæði með tilliti til þeirra vandkvæða, sem hèr í landi eru sameinuð laungum og erfiðum kaupstaðarferðum á margan hátt, og líka þegar svo stendur á, að ekki er eða getur verið nema einn verzlunarstjóri á þeim hinum eldri verzlunarstöðunum, sem margir verða að sækja að, svo ekki að eins tímatöf og kostnaður við lángferðir, heldur einnig ókostir aðrir við verzlunina, þar sem svo stendur á, hljóta að koma landsmönnum að tjóni í velgengni þeirra og frjófgun atvinnuveganna. Við kaupstaðarferðalögin útaf fyrir sig er það aðgætanda, að vegir hèr í landi eru mjög lángir og erfiðir yfirferðar, og að þau eru gjörð á þeim tímum árs, sem eru sveitabændum hagkvæmastir til allrar búsýslu og landirkju, því og líka hljóta að standa landsbúum þess fremur fyrir framförum, sem þeir eiga leingri leið til verzlunarstaðarins.

Aptur er þess að gæta, að hinir eldri verzlunarstaðirnir, eða bæði þeir eldri og hinir nýju sèu svo settir, að þeir, sem að þeim sækja, geti feingið nauðsynjar sínar, og að verzlunin eigi verði hvikulli og landsbúum óhagkvæmari fyrir þá sök, að henni er tvístrað eða skipt á milli ofmargra kauptúna; en það ætlar þingið, að allrasízt þurfi að óttast á þeim stöðum, sem liggja í nánd við fènaðarríkar sveitir, og undireins fólksmargar, því þar hlýtur verzlunarmaðurinn að safna svo miklum vörum að sèr, sem hann ætlar á að landsbúar hafi þörf árið um kríng, svo að hann aptur geti komizt yfir sem mestar landsvörur; en þó aðsóknin minki á einum stað, að því skapi,

sem hún vex á öðrum, verður verzlunarmanni samt jafnan að vera um það hugað, að byrgja þá landsbúa að vörum, sem hægast eiga með aðflutníngana til hans, og er það þá sjálfsagt, að þeir líka sækja á þá hina sömu staðina eptir sem áður, svo að verzlunin á hverjum stað ætíð fer eptir aðsókninni á báðar síður, auk þess, að henni yfirhöfuð hlýtur að fara fram eptir hagnaði og þaraf fljótandi fjárauka bændanna, hvarámóti þíngið því síður fær litið á hagsmuni einstöku verzlunarstaða útaf fyrir sig í þessu efni, sem þeir eru orðnir hèr til landsbúendanna vegna, og rèttindi þeirra að lögum eigi eru skert, enn þótt fleiri kauptún verði sett, og hin eldri hèr og hvar missi nokkurs í verzlun þeirra.

En þó að vísu fleiri sèu, og ennfremur verði búsettir, sèrílagi í kaupstaðnum Reykjavík, enn verzlunarmenn einir, nefnilega nokkrir hinna helztu embættismanna landsins og nokkrir iðnaðarmenn, auk fjölda tómthúsmanna, svo virðist þínginu það samt næsta efasamt, hvort kaupstað þessum yfirhöfuð geti verið það happadrýgra, að verzlunarmenn fjölgi hèr úr því sem orðið er, en nú er verzlað þar í 14 sölubúðum, enn að þeir verzlunarmenn, sem eru, njóti þess viðauka við verzlunina, sem fólksfjölgunin með tèðum hætti leiðir af sèr; því þess hefir í Reykjavík orðið vart, að, eptir sem fólkið fjölgar í bæ þessum, stíga einnig þær lífsnauðsynjar í verði, sem bæjarmenn ekki geta án verið, og þeir fá hjá sveitabændum; en hinsvegar er það eðlilegt, að þess fleiri verzlunarmenn setjast að í bænum og hleypa fram fólksfjölguninni, sem meiru er þar eydt, og ámeðan verzluninni að öðru leiti er eins komið fyrir í suðuramtinu og áður. Þar á móti mundi það verða bæ þessum yfirhöfuð happadrýgra, ef ágóðinn af verzluninni gæti lent þar, án þess að tala kaupmanna yxi, en það virðist þínginu, að einkum gæti skeð með þeim hætti, að verzlunarmönnum þar yrði gjört hægra fyrir með vöruflutníng og sölu á þeim stöðum, sem eru í nánd, þannig, að bæði landsbúar sjálfir gætu notið hagnaðar, og líka verzlunarmenn í Reykjavík, að því skapi, sem bæði vöruteg-undir landsbúa mundu vaxa við hagnaðinn, og verzlunarmenn Reykjavíkur þyrftu að kosta minnu til verzlunar þeirra við þá, líkt og lausakaupmenn.

Þess er áður optsinnis farið á leit, bæði af innbúum Árnessýslu og af annara hálfu, að verzlun yrði stofnuð í Þorlákshöfn, t. a. m. árið 1793, 1822, 1825 og 1833, og hefir það

jafnan verið fært til þess máls, að Eyrarbakki er hinn einasti verzlunarstaður á fasta landinu, þar sem 3 mjög fólksríkar sýslur, nefnilega Árnes- Rángárvalla- og Skaptafells-sýslur að mestu leiti verða að sækja að; að þar er ekki nema einn verzlunarmaður, og að höfnin við Eyrarbakka í hæsta lagi er fyrir 2 skip. Að vísu eru 2 verzlunarbúðir á Vestmannaeyjum, en þángað fær einúngis austurhluti Rángárvallasýslu sótt, og Skaptfellíngar þá að eins, ef þeir leggja frá landi út í eyjarnar á sama stað og Rángvellíngar, eða frá Landeyjum, en hvorutveggja verða opt að bíða leiðis út í eyjarnar á landi, og aptur úti í eyjunum í land, svo stundum skiptir mörgum dögum. Hèrvið stendur nú, eins eptir sem áður, að Yðar konúnglegri Hátign með opnu brèfi 14. Des. 1842 allramildilegast þóknaðist að löggylda verzlunarstað við Dyrhóla í Vesturskapafellssýslu, því þar hefir einginn ráðizt í að stofna verzlun, vegna þeirrar hættu, sem kaupförum er þar búin af brimróti fyrir opnu hafi; því þessa hættu meta verzlunarmenn bezt sjálfir, hvar sem er, og þar sem hún er, fær það hvorki orðið til gagns, nè heldur til skaða fyrir neinn, að löggylda kauptún. Þareð einn verzlunarmaður að eins fær sezt að á Eyrarbakka, en lausakaupmenn, hafnarleysisins vegna, ekki fá lagt þar að landi, til að verzla við bændur, hefir hann það þannig að miklu leiti í sjálfs valdi, að haga svo vöruprísum, að ekki vanti aðsókn landsbúa, þó þar sèu þýngri kaupakostir enn á öðrum verzlunarstöðum í suðuramtinu, og það jafnvel með þeim óhægindum að auk, fyrir bændur, að þeir neyðast til, aðsóknarinnar vegna, að bíða þar dögum saman eptir afgreiðslu verzlunarmannsins, svo að þess hafa gefizt mörg dæmi, að þeir, sem farið hafa til Reykjavíkur, hafa verið komnir úr ferðinni þaðan aptur austur á Eyrarbakka, áður enn þeir, sem komu þángað ásamt þeim, hafa verið búnir að ljúka verzlun sinni af þar.

Eyrarbakki er á að gizka í $1\frac{1}{2}$ þíngmannaleiðar fjarlægð frá Reykjavík, en þángað er að sækja úr Árnes- Rángárvalla- og Skaptafells-sýslum, yfir mikinn og erfiðan fjallgarð (Hellisheiði), sem sjaldnast er fær yfirferðar um vetrartímann, og ætíð mjög örðugur við flutníng á þýngslavörum öllum, og einkum trjávið, sem á marga vegu tekur skemmdum á þessari leið. Þorlákshöfn liggur fyrir austan fjallgarð þenna, á að gizka $1\frac{1}{2}$ mílu að vestanverðu við Eyrarbakka, og fyrir vestan á nokkra, sem nefnist Ölfusá, og hagar þar svo til, að flytja

má vörur á fiskibátum, og einkum trjávið, beint af skipalegu Þorlákshafnar áleiðis uppeptir ánni með báðum bökkum; en að vestanverðu við á þessa, og upp af Þorlákshöfn liggur ein hin fjárríkasta sveit í Árnessýslu, og skamt þar fyrir ofan aðrar fleiri næsta fjárbyrgar sveitir. Það er sannað með skilríkjum þeim, sem send eru þinginu í þessu máli: að þó skipalegan í Þorlákshöfn liggi fyrir opnu hafi, sè hún þó rúmgóð og allbrúkanleg fyrir 3 eða 4 skip til sumarlegu um þriggja mánaða tíma, og að reynslan hafi sýnt þetta, að því leiti sem þiljuskip ár hvert hafa legið þar, er þángað hafa verið fluttir saltfarmar, og þaðan aptur saltfiskur á þeim til verzlunarstaðanna fyrir sunnan fjall; að þar sè bezti leirbotn á 7 — 8 faðma djúpi, hagkvæmt til uppskipunar og lendíng góð, þegar sætt er sjáfarföllum, enníótt þar sè hætt við brimi í austanátt. Ennfremur, að þar sè bezta útræði, og sitt fiskiver hvorju megin, svoað til þess horfir, að fiskiafla bæði færi þar fram, ef kauptún yrði sett þar, og að aukníng fiskverzlunarinnar mundi verða samfara framförum þess atvinnuvegs og eflíngu annara atvinnuvega í hinum nærliggjandi bèruðum yfirhöfuð.

Þíngið má að vísu gjöra ráð fyrir, að verzlunin á Eyrarbakka mundi mínka nokkuð úr því sem hún er nú, ef kauptún yrði sett á Þorlákshöfn; en þareð hinn stóri svo kallaði Flói, sem stendur saman af 5 fólks- og fènaðar-ríkum hreppum, liggur fyrir ofan Eyrarbakka að austanverðu við Ölfusá, og verzlunarmanninum þar því ætíð veitir hægt að bjóða hina sömu kaupakosti og boðnir yrðu á Þorlákshöfn, svo virðist einginn efi vera á um það, að verzlunin á Eyrarbakka eins mundi standast eptir sem áður, og enda í marga staði, verða sveitabændum þar haganlegri enn áður. Kaupstaðurinn Reykjavík þar á móti mundi að mestu leiti njóta þeirra hagsmuna af verzluninni við sýslubúa fyrir austan fjall, sem hún naut áður, því auk þess, að margir þeirra, eins eptir sem áður, verða að fara þángað í skreiðarferðir, og þá undir eins kaupa vörur að verzlunarmönnum þar, svo eiga og verzlunarmenn í Reykjavík hægt með að senda vörur til Þorlákshafnar sjóveg, til lausakaupa, þannig, að til þess má ætlast, að Reykjavík, þegar á allt er litið, með þessum hætti einna helzt mundi opnast vegur til að keppa á við þann eina verzlunarmann á Eyrarbakka, með ósegjanlegum hagnaði, undireins fyrir Árnes- og enda Rángárvalla- og Skaptafells-sýslu búa. Af þessum ástæðum hefir alþíngið fall-

izt á, með 13 atkvæðum á móti 11, í djúpustu undirgefni að beiðast þess, að Yðar Hátign allramildilegast mætti þóknast að löggylda kauptún í Þorlákshöfn, með þeim verzlunarréttindum, sem gylda eptir hinni almennu löggjöf.

Með tilliti til Krossvíkur á Akranesi er þess að geta, að Borgfirðingar flestir hingaðtil hafa orðið að sækja kaupstefnu sjóveg frá Akranesi til Reykjavíkur, og er sú sjóleið á að gizka 3 mílur eða allt að því. Sjóferðir þessar hafa verið mörgum vandkvæðum bundnar, bæði fyrir Akurnesinga, af ágángi þeim, sem þeir hafa orðið fyrir af ferðamönnum og hestum þeirra, og einkum fyrir ferðamenn sjálfa, sem opt hafa mátt sæta og bíða eptir sjáfarleiði í marga daga, bæði á Akranesi og í Reykjavík, auk þess, að þeir hafa verið uppá aðra komnir með vöruflutninginn á fiskibátum fram og aptur, og að sjóferðir þessar stundum hafa misheppnazt á aðrar lundir. Skipalega við Krossvík er að fornu og nýju, að sögn kunnugra þingmanna reynd trygg og áreiðanleg, svo eingin hætta virðist vera að leggja þángað kaupförum; en af því Krossvík á Akranesi liggur svo mjög nærri Reykjavík, og í kaupstað þessum eru búsettir svo margir verzlunarmenn, sem bændur geta valið um kaupskap við, þótti þinginu kjör bænda og einkum búenda Borgarfjarðarsýslu til hlýtar bætt í þessu efni, ef að eins leyfi feingist fyrir alla lausakaupmenn — og mundu það þá einkum verða kaupmenn frá Reykjavík — til að verzla á Krossvík, án þess að fastir verzlunarmenn taki þar bólfestu, og var þetta samþykkt af þinginu með 14 atkvæðum gegn 10.

Einsog þingið, eptir þeim skýrslum, sem fram eru komnar fyrir það, eigi veit betur, enn að Yðar Hátignar rentukammer optar enn einusinni hafi leyft fasta verzlun á Straumfirði í Mýrasýslu, svo eru og á þinginu færð rök fyrir því, að Mýramenn nú einnig hafi hennar þörf, vegna þess, að þeim eigi að eins veitir það mjög örðugt, að sækja kaupstefnu sjóveg að Reykjavík af Mýrum, framt undir helmingi leingri leið enn Akurnesingar hafa til Reykjavíkur eða þá að Búðum, heldur líka, að sjóferðir þessar á fiskibátum til og frá ástundum hafa valdið líftjóni manna og fjármissi. Við Straumfjörð er skipalega góð, og uppskipun ein hin hagkvæmasta sem orðið getur; og enþótt þingið efist um, að verzlunarmenn taki þar fasta bólfestu, vegna þess að verzlunarmönnum í Reykjavík þannig veitir það hægast og kostnaðarminnst, að leggja þángað

kaupförum þeirra til verzlunar við sveitabændur á sjálfum legustaðnum eða við land, svo að löggyldíng þessa staðar einkum mundi koma Reykjavík að gagni á aðra, og Mýramönnum sjálfum á hina hliðina, hefir þingið þó með 15 atkvæðum gegn 9 fallizt á, að verzlunarfrelsið á þessum stað ekki ætti að vera bundið á annan hátt, enn löggjöfin almennt ákveður á þeim löggyltu verzlunarstöðum.

Loksins er á það að minnast, að bæði Borgarfjarðar- og Mýra-sýslur, einsog Árnessýsla, eru lagaðar fyrir fjár- og jarðarrækt, og að hvorutveggju þessara atvinnuvega í öllum þessum sýslum mundi fara fram meira enn fyrir verður séð með batnandi verzlunarkjörum sýslubúa þessara.

Í þeirri lotníngarfyllstu von, að Yðar Hátign í þessu efni allramildilegast taki þarfir og hagi landsbúa yfirhöfuð til eflíngar atvinnuvega þeirra og farsældar til greina, með sama hætti og alþíngi er orðið ljóst af ástæðum þeim, sem því eru kunnar orðnar fyrir frumvarpi Yðar Hátignar til opins brèfs um að löggylda kauptún við Þórshöfn í norð-austuramtinu og á Borðeyri í vesturamtinu, hvert frumvarp alþíngið samkvæmt ástæðum þess í einu hljóði fèllst á, án þess að kveða nefnd manna til að íhuga það, leyfir þíngið sèr i djúpustu auðmýkt að beiðast þess:

að Yðar Hátign af konúnglegri náð allramildilegast mætti þóknazt að löggylda kauptún í Þorlákshöfn innan Árnessýslu í suðuramtinu og í Straumfirði innan Mýrasýslu í vesturamtinu, með þeim skilmálum, er segir í opnu brèfi, dagsettu 28 Des. 1836, svo og allramildilegast að veita lausakaupmönnum leyfi til að verzla á Krossvík í Borgarfjarðarsýslu og suðuramtinu.

Reykjavík, 1. Aug. 1845.

Thorsteinson. J. Johnsen.

Þar eptir var fundi slitið.

2. August — tuttugasti og sjötti fundur.

Allir á fundi nema forseti, og gegndi varaforseti forseta störfum.

Þíngbók frá tuttugasta og fimmta fundi lesin og samþykkt.

Varaforseti lagði fram málið um endurgjald 11,000 rbd., er teknir eru til byggíngar skólahússins í Reykjavík úr styrkt-

ar-sjöði þeim handa Íslandi, sem stofnaður er með úrskurði konúngs 25 Júlí 1844,*) og afhenti álitsskjal nefndarinnar FRAMSÖGUMANNI hennar Kandidat JÓNI SIGURÐSSYNI; hann las það upp, og tók síðan fram með fám orðum aðalinnihald og ástæður þess; en þar enginn tók til orða um þetta málefni var það ekki frekar rædt til undirbúnings. En álitskjal nefndarinnar er þannig látanda:

„Þetta hið virðulega þing hefir kosið oss í nefnd 3. dag þessa mánaðar, til að segja álit vort um það mál, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi hefir borið upp fyrir þingið, eptir konúngsboði 16 Maí þ. á., hvort þingið finndi ástæðu til að bæta upp með niðurjöfnun á allt landið 11,000 dala, sem lagðir eru til kostnaðar við byggíngu skólahússins í Reykjavík, með Konúngs úrskurði 2. Maí þ. á., til þess að sjóður sá, Íslandi til handa, sem stofnaður var með konúngs úrskurði 25. Júlí 1844, geti orðið aptur að vöxtum 23,665 rbdl. 24 sk., svo sem ákvarðað er í enum síðarst nefnda úrskurði konúngsins.

Nefndinni þykir reyndar mjög óheppilega til tekizt hafa, að svo horfist á, sem kostnaður til byggíngar skólahússins hèr muni hlaupa svo gífurlega fram, að hann verði yfir 30,000 dala, í stað þess að ætlast var á 12,000, og húsið þó ekki nema timburhús, einsog ætlað var; en nefndin ætlar samt að leiða hjá sèr að fara um það fleiri orðum, þareð hún einnig játar, að þeim peníngum sè vel varið, sem varið er til að koma skólanum í það lag, sem bezt er kostur á, og hún treystir því, að nákvæm tilsjón verði höfð af stjórnarinnar hendi, svo hagað verði með sparsemi og forsjá peníngum þeim, sem til þessa hafa verið allramildilegast veittir.

Á hina síðuna hefir nefndin ekki heldur feingið neinar skírslur um, til hvers eiginlega að ætlaður væri styrktarsjóður sá handa Íslandi, sem konúngur vor hefir allramildilegast stofnað með úrskurði 25. Júlí 1844, eða eptir hverri reglugjörð honum skuli verja til styrktar landinu, og nefndin getur þessvegna ekki ljóslega sèð, hversu áríðanda muni vera, að bæta í skarð sjóðsins, jafnvel þó nefndin sè fullviss um, bæði að mart hèr í landi þurfi styrktar við, og sjóðinum muni verða varið einúngis til styrktar því, sem nytsamt er.

*) sjá að framan bls. 11 og 22. úrskurður 25. Júlí 1844 er íslenzkaður í Nýjum Félagsritum V. bls. 58—60.

En þaraðauki er svo ástatt nú sem stendur, að mikill kostnaður vofir yfir landinu, bæði til alþingis og á ymsan annan hátt, en skattgjaldslög landsins svo ófullkomin, og þurfa svo snöggra umbóta, að ekki þykir gjöranda, að leggja á nú sem stendur nokkurt það gjald, sem nemi töluverðu, meðan öll undirstaða álögunnar er svo hvikul og óáreiðanleg, sem nú er.

Af þessum ástæðum er það álit nefndarinnar: að ekki sè ástæða til, að svo komnu og meðan þannig stendur á, að jafna niður á landið þeim 11,000 dala, sem allramildilegast eru veittir til skólakostnaðar, svo bættur verði styrktarsjóður sá handa Íslandi, sem stofnaður er með konúnglegum úrskurði 25. Júlí 1844.

Varaforseti: tók þá fram málið um verzlunina til síðustu umræðu og atkvæða greiðslu.

Konúngsfulltrúi tók þá til orða og mælti: Áður enn umræða þessa máls er hafin í dag, vil eg gjöra þíngmönnum kunnugt, að eg hefi komizt að því, að þegar eg var í gær að tala um toll þann, er lagður væri á vöru, sem flyttist frá St. Croix til Danmerkur, þá hefi eg ekki sagt frá því öldúngis eins og það er, því það er einúngis helzta vörutegundin á eyjunni, og það er sykrið, sem tollur sá er lagður á, er eg nefndi, 12½ eða 5 af hundraði; en þarámóti er ekki lagður hærri tollur á „romm“, og „mallas“, sem fæst á eyjunni og flutt er til annara landa, heldurenn 5 eða 2½ af hundraði. Hinsvegar breytir mismunur þessi öldúngis eingu í því, er eg ætlaði að sanna, en það var þetta, að verzlunin væri í öllu öðru horfi á nýlendunni St. Croix enn á Íslandi, þareð tollur er greiddur af vöru (útflutníngstollur) þegar hún er flutt frá St. Croix til Danmerkur, og svo aptur að nýju (innflutníngstollur) þegar hún kemur til Danmerkur, en þarámóti er ekkert goldið af þeirri vöru, sem flutt er frá Íslandi til Danmerkur.

Framsögumaður Kandidat Jón Sigurdsson: Að svo miklu leiti sem eg get sèð, er ekkert það fram komið, þegar málið var rædt hèr hið fyrra sinn, sem í nokkurn máta geti veikt það, sem nefndin hafði byggt álit sitt á um gagnsemi verzlunarfrelsis fyrir þetta land og fyrir allt ríkið. Hinn háttvirti konúngsfulltrúi felldi harðan dóm á nefndina fyrir tvennt annað, fyrst það, að hún hefði talið til rèttinda vegna þessa lands, og svo það, að hún hefði ránglega talið þessu landi

stjórnað sem nýlendu. Eg verð fyrst og fremst að geta þess, að þó nefndin hefði farið villt í þessu hvorutveggja, þá voru aðrar röksemdir fyrir málinu óraskaðar eptir sem áður, og þær svo margar og öflugar, að eg ætla þeim verði ekki hrundið. En hvað atriðum þessum sjálfum viðvíkur, þá virtist mèr konúngsfulltrúinn viðurkenna síðar sjálfur, einsog vænta mátti, að land þetta hefði í eingu minni rètt enn aðrir hlutir ríkisins, sem eg ætla heldur ekki sèu rèttlausir; hann minnti á þetta þing, eins og vonlegt var, því flestum mun virðast sem það sè á nokkrum rèttindum byggt; því er augljóslega ætlað að tala um, ekki einúngis skyldur við stjórnina heldur einnig um það, sem lagfæringar þykir þurfa; — og hversu skyldi annars mega framgengt verða tilgángi þeim, sem tilskipun 28. Maí 1831 lýsir að þing þessi hafi: að veita konúngi áreiðanlega vitneskju um, hvað þjóðinni sè til nota, að teingja ástarband milli konúngs og þjóðarinnar og að lífga þjóðarandann.

Hefði nú slíkum grundvallarreglum verið fylgt í verzlunarefnum þessa lands, þá hefði nefndin auðsjáanlega haft rángt að mæla, að farið væri með landið í þeirri grein sem nýlendu, en þessu er ekki þannig varið, og skal eg nú leitast við að færa sönnur á það:

Hin svo kallaða nýlendu-stjórn er byggð á því, að bægja frá nýlendunum allri verzlun og siglíngu útlendra þjóða, og binda verzlunina til aðallandsins eins. Eg færði til í gær nokkur dæmi, sem sýndu, að Ísland hefði verið, og væri enn, skoðað sem nýlenda í verzlunarmálinu. Eg skal nú leyfa mèr að benda til ástæða fyrir tilskipun 13. Júní 1787, sem er samin af nefnd manna, er sett var til að hugleiða hag Ísands og kölluð „*Commission for Islands almindelige Vœsen*“. Í ástæðum þessum er það tekið fram sem grundvallar-ástæða, er öll tilskipunin byggist á, að um verzlun útlendra á Íslandi skuli vera sem í nýlendum („*Island bliver at annsee som en Colonie i Henseende til Fremmede*“), og nefndin leiðir þar útaf, að nú verði framar enn áður að herða bann það, sem lagt sè á verzlun utanríkis þjóða á Íslandi, þareð Íslendíngar fái nú betra færi á að ná viðskiptum við þær, enn áður; Íslendíngar megi ekki heldur fá að verzla utanríkis, því ábati sá, sem Ísland sjálft kynni að hafa af því, vegi ekki upp móti því að þá mættu menn óttast að Danmörk kynni að missa verzlunina á Íslandi, því bæði gætu aðrar þjóðir selt vörur með betra verði enn þegnar Danakonúngs og

fiskiveiðar við landið væru svo arðsamar, að hætt væri við að utanríkisþjóðum yrði ekki bægt frá aptur, ef Íslendingar næðu að hafa nokkur viðskipti við þær. Þetta eru nú grundvallarástæður fyrir grundvallarlögum um verzlunarfrelsi á Íslandi.

Tilskipun 11. Sept. 1816 hefir rýmkað nokkuð um verzlun hèr á landi, en grundvallarreglunni hefir hún ekki raskað, að bægja öðrum þjóðum hèðan frá landinu, og til vitnis um að Ísland hafi eptir sem áður verið talið með nýlendum eru margir samníngar milli Danakonúngs og annara ríkja. Eg tek til dæmis verzlunarsamníng við England, sem gjörður er í Lundúnum 16. Júni 1824; þar stendur í 6. grein: „það er ákvarðað af hvorutveggja hendi, að undanskilja þessum sáttmála nýlendur hvorutveggju, og eru þar til taldar Danmerkurmegin: Grænland, Ísland og Færeyjar“, og í viðbætisgrein stendur, um gjald af eignum manna, sem fara úr einu ríkinu í annað: „nýlendur hvorutveggju eru undanskildar þessum sáttmála“. Það er nú auðsætt, að hèr eru kallaðar nýlendur þau lönd, sem áður voru talin, og stendur þó býsna ólíkt á, því Grænland er regluleg nýlenda, eptir því sem kallað hefir verið bæði að fornu og nýju, en Ísland og Færeyjar hafa aldrei nýlendur verið í þeim skilníngi, hvorki að fornu nè nýju. Áþekkur þessum samníngi er annar, sem er gjörður við Norðurameríku 28. Apr. 1826, og fer hèrumbil sama fram; þannig hefir og Magnús Stephensen skilið samníginn að hann telji Ísland sem nýlendu, því hann fer um það nokkrum orðum í Klausturpósti 1826, þar sem samníngsins er getið.

Á seinni árum er nú komið upp nýtt orð sem heitir „*Biland*“, og er brúkað um Ísland, Færeyjar og Grænland. Orð þetta hefir ekki, það eg veit, neina lagaþýðíngu, og er einnig haft hèr um lönd með öldúngis ólíkum rèttindum; en orsökin er líklega sú, að menn hafa fundið hversu óglöggt væri ákveðið um þetta, og að Ísland t. a. m. var skoðað sumpart sem nýlenda og sumpart sem einn hluti ríkisins, eða á bil beggja.

Skoðum nú því næst, og berum saman, hversu mikið Íslandi hafi verið gjört betra til í verzlunarefnum enn t. a. m. nýlendunum í vesturálfu. Þess er þá fyrst að geta, að Danmörk eignaðist ekki Vestureyjar fyrr enn laungu eptir að einokunarverzlunin var lögð á Ísland; þær voru ekki allar feingnar fyrr enn á 18. öld. En með tilskipun 22. Apríl 1755 er

er verzlunin á öllum Vestureyjum gefin laus fyrir öll ríki Danakonúngs á innlendum skipum, og tilskip. 26. Sept. 1755 lofar 600 rbd. verðlaunum hverju skipi sem sent væri til Vestureyja.

Þá um sama leiti var Ísland selt hörmángara-fèlagi í Kaupmannahöfn fyrir 16,000 krónur árlega. Það er alkunnugt, að þetta verzlunarfèlag var eitt hið versta sem verið hefir hèr á landi.

Tilskipun 9. Apríl 1764 gjörir St. Thomas og St. Jan að fríhöfnum, og tilskipun 22. Apríl 1767 gefur verzluninni enn meira ráðrúm. Þá voru tollar 5—6 proCto. og á dönskum skipum $2\frac{1}{3}$ proCto. — Hèrumbil sama árið var Ísland feingið í hendur hinu almenna verzlunarfèlagi, sem hefir goldið hinn alþekkta mjölbóta-sjóð, í sekt fyrir fordjarfað mjöl, sem það flutti hingað.

Eg vil ekki orðleingja um tímabilið frá 1770 til 1782, af því stjórnin á verzluninni í Vestureyjum var þá nokkuð á reiki, en þó höfðu eyjarnar svo mikið verzlunarfrelsi, að þær gátu haft fullt gagn af ófriðinum milli Englands og Norðurameríku, og flutt vörur fram og aptur, svo verzlunin hefir aldrei náð þar öðrum eins blóma, hvorki fyrr nè síðar. Tilskipun 4. Nóv. 1782 kom verzluninni aptur á nokkurnveginn fastan fót, og með eingu minna frelsi enn áður var, heldur jafnvel meira.

Árið 1786 fèkk Ísland fyrst verslunarleyfi við lönd Danakonúngs, sèm Vestureyjar höfðu feingið fyrir 30 árum, og þó með minna frelsi enn þær.

Hinn háttvirti konúngsfulltrúi hefir sjálfur leiðrètt það, sem hann hafði mishermt úr tilskipun 6. Júní 1833. Þessi tilskipun hefir gefið verzluninni á Vestureyjum miklu meira frelsi enn áður, en einkum eru þær grundvallarreglur merkilegar, sem hið danska „*General-Toldkammer og Commerce Collegium*“ hefir þar látið í ljósi að stórnin ætli að fylgja í verzlun á Vestureyjum, og er vert að bera þær saman við reglur þær, sem fylgt hefir verið í verzlunarstjórn Íslands. Þesar grundvallarreglur eru:

„1. Um nýlenduna sjálfa. Að öll bönd á verzlun nýlendunnar, bæði á aðflutníngum og útflutníngum, bæði við útlend ríki og móðurlandið, skuli leyst verða, svo að eyjan St. Croix fái fullt frelsi til sèrhverrar verzlunar, sem orðið getur til að koma upp atvinnuvegum á eyjunni og auka verzlunarviðskipti við móðurlandið og önnur lönd; að innbúar nýlendunnar fái kost á

að njóta hagnaðar af aðsókn allra þjóða, til að kaupa vöru þeirra og færa þeim nauðsýnjar. Því næst með friun frá tolli eður lækkun hans að örfa aðflutninga á öllu því, sem þarf til jarðarræktar, og einkum því, sem ekki fæst frá Danmörku sjálfri, eða með danskri verzlun.

2. um viðskipti við móðurlandið. Að verzlunin milli þess og nýlendunnar verði örfuð með slíkri vilnun, sem er til hagnaðar bæði innbúum nýlendunnar og kaupmönnum í móðurlandinu.

3. um viðskipti við útlendar þjóðir. Að gjald á verzlun og skipaferðum verði öldúngis jafnt, hvort sem verzlunin geingur frá eður til útlanda, á dönskum eða útlendum skipum, svo að bæði móðurlandið og nýlendan geti fullkomlega jöfnum höndum náð hagnaði þeim og ívilnunum, sem kostur er á að fá með samníngum við önnur ríki eða eptir lögum þeirra". Tollar þeir, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi skýrði frá, 5 og 12½ af hundraði, eru þeir hæstu sem settir eru á nokkra vörutegund, en þarhjá eru margar tegundir, og einkum nauðsynjar til atvinnu eyjamanna, öldúngis tollfríar.

ár 1845, 12 árum eptir að þessi tilskipun er komin út handa nýlendunni, er verzlun Íslands bundin einúngis við ríki Danakonúngs.

Eg vil eiga undir dómi þíngmanna, hvort þeim virðist það öldúngis ástæðulaust, að jafna saman stjórninni á verzlun Íslands og stjórn á verzlun nýlenda Danmerkur í Vesturálfu. Eru það ekki full og óræk sannindi, að Ísland á jafnvel við þreyngri kost að búa um verzlun sína enn nýlendan, svo lángt er frá að því sè í vilnað? Og hvers hefir Danmörk í mist, þó þannig hafi verið farið að? Eg veit að þar um er nokkur meiníngamunur, en víst er það, að 1839 hefir kunnugur maður reiknað, að ríkissjóðurinn hafi grædt á Vestureyjum 172,000 dala frá því verzlnnin var látin laus. En þó þetta væri nokkuð ríflega í lagt, og þó Danmörk sjálf hefði mist nokkuð af verzlun sinni við eyjarnar, þá er það víst, að eyjarnar sjálfar hafa rètt við, og jarðeigendur þar auðgazt, sem áður voru hartnær að þrotum komnir, og þetta ætla eg sè ekki lítils virði.

Skoðum vèr nú vilnanir þær, sem Ísland nýtur, þá er það: 1. aðflutníngar tollalaust. Þetta virðist í fyrsta áliti sem verða megi hagnaður fyrir kaupendur vörunnar hèr í landi, og það væri það, ef aðsóknin væri töluverð. En í raun og veru er þessi

vilnun sprottin af því, að landið er skoðað sem útlendt land, því eg ætla að útflutníngstollar muni yfirhöfuð vera af teknir eða mjög lækkaðir. Og þegar nú aðsókn er lítil, þá lendir ábatinn af þessari ívilnun mest hjá kaupmönnum, en þeir lenda aptur í Danmörku, og verða að lenda, meðan verzlunin er svo lögð sem nú er. Þetta má og sjá á því, að bera saman verð á flestri vöru hèr og í Danmörku. 2. vilnanin er tollalausir útflutníngar til Danmerkur. Þessi vilnun lendir auðsjáanlega ekki á Íslandi, heldur hjá kaupendum vörunnar í Danmörku, eða hjá kaupmönnum, allt eptir því sem á stendur og kaupmenn geta komið sèr við.

Álit nefndarinnar um hin önnur atriði málsins virtist mèr vera sannað með nægum rökum.

Konúngsfulltrúi: Einsog eg í gær þóttist ekki þurfa að fara fleiri orðum um einstök atriði þessa máls, svo þykist eg í dag ekki heldur þurfa þess. Eg ætla mèr því einúngis að fara fáum orðum um tölu hins virðulega framsögumanns, þar sem hann hefir leitazt við að hrynda grundvallarástæðum þeim, er eg nefndi í gær, en sem eg ætla að honum hafi ekki tekizt. Þannig hefir hann farið mörgum orðum um verzlunarsögu nýlendanna í Vestindíum, og lofað þær frjálslyndu grundvallarreglur, sem farið hefir verið eptir þegar tilsk. 6. Júní 1833 var samin, og sýnt fram á hagnað þann, sem þaraf hefir leidt fyrir nýlendurnar. Þetta getur nú að sönnu átt sèr stað, og er ekki því gagnstætt, sem eg áður hefi sagt; en hitt er og vafalaust, að af helztu, eða þvínær einustu, vörutegundum nýlendanna, sykri, rommi og mallas, er goldinn, eptir tilskipun þessari, talsverður tollur, þegar varan er flutt þaðan frá landi, og aptur þegar varan kemur á land í Danmörku; og þetta er það einmitt, sem sýnir verzlunar mismun nýlendu þessarar og Íslands við Danmörku. Enn fremur hefir framsögumaður getið þess, að stjórnin hafi sjálf kallað Ísland nýlendu í samníngum við England og Norðurameríku; en eg sè ekki að það an verði tekin minnsta ástæða fyrir því, hvert álit stjórnin hafi nú um það mál. Það er öldúngis eðlilegt, að stjórnin — meðan Íslandi var að lögum öldúngis bægt frá beinni verzlun við útlendar þjóðir, að minnsta kosti með því, að tollur sá, sem lagður var á verzlun utanríkis-kaupmanna var svo hár, að þeim var með öllu ófært að keppa um verzlun við innanríkiskaupmenn, sem lausir voru við allan toll — að stjórnin, segi

eg, í samníngum við útlendar þjóðir, gjörði eingan greinarmun á Íslandi og nýlendunum, en nýlendumönnum var bönnuð öll verzlun við útlendar þjóðir. Annars sèst það, að stjórnin nú á tímum ekki álitur Ísland vera nýlendu, ljósast af því, að hún hefir á seinni tímum kallað Ísland „Biland“ (aukaland); og furðar mig á því, ef mönnum hèr á landi, þar sem þó svo opt eru smíðuð ný orð handa nýjum hugmyndum, skyldi þykja það kynlegt, að þetta orð skuli nú vera við haft, þó það hafi ekki áður verið svo.

Framsögumaður: Tilskipunin sjálf (6. Júní 1833), í 5. grein sker best úr milli ens háttvirta konúngsfulltrúa og mín í þessu efni. Þar segir, að tollalaust megi flytja til eyjanna Maismjöl og Maiskorn, og marga hluti aðra, einkum það sem er til atvinnuauka, tilbúníngs á sykri, rommi o. fl. Þó að Íslandi væri bægt frá verzlun við útlendar þjóðir með 50 dala tollinum, sem konúngsfulltrúinn hefir sjálfur játað að sè sem blátt bann, þá er það eingin ástæða til að telja landið sem nýlendu, því í orði þessu liggur „politisk“ þýðíng, sem leiðir til rángrar hugmyndar um rèttindi þessa lands í samanburði við aðra parta ríkisins. Orðið „Biland“ er ekki einúngis nýtt orð til nýrrar hugmyndar, heldur er það óljóst og helgast ekki af neinni rèttarþýðíngu. Það er og einnig órèttilega brúkað, þegar það er haft um Ísland, Færeyjar og Grænland sameiginlega, en ekki nema Grænland eitt er nýlenda.

Konúngsfulltrúi: Það er eptirtektavert, hversu ólíkar hugmyndir um höfuðefnið geta leidt menn úti misskilníng um smáatriðin; því þar sem eg eingaungu hefi talað um toll þann, sem goldinn er af útflutníngi Vestindía-vöru frá St. Croix eptir tilsk. 6. Júní 1833, 6. gr., hefir hinn virðulegi framsögumaður nákvæmlega talað um það, er segir í hinni 5. grein tilskipunar þessarar, um innflutníng vöru til St. Croix.

Framsögumaður: Þá er ekki annað enn að taka 6. grein tilskipunarinnar til að bæta úr þeim misskilníngi; þar stendur í þriðja atriði, að fyrir kaffe og tóbak, sem flutt verði til þeirra staða innan eða utan ríkis, sem tollfríir eru, skuli bæta upp $\frac{4}{5}$ parta tollsins, en allan þegar flutt er til þeirra staða þar sem toll skal borga. Það er og sjáanlegt, að tollarnir eru hafðir sem lægstir, þareð þeir yfirstíga ekki 5 af hundraði, og fleira er enn tiltekið sem laust við tolla, enn það sem eg taldi áðan.

Konúngsfulltrúi: Jafnvel þó eg feginn hefði viljað komast hjá, að fara fleirum orðum um þetta mál, verð eg þó að tala fátt eitt um það, er hinn virðulegi framsögumaður mælti síðast. Tilskipun frá 6. Júní 1833, 6. grein, sem ákveður toll af útfluttri vöru frá St. Croix, inniþindur 3 atriði, 1. um toll af sykri, 2. um toll af rommi og mallas, og 3. um toll af annari vöru, en það er gjört ráð fyrir að þessi önnur vara — eptir efni þessa síðasta atriðis — sè öll áður innflutt frá öðrum löndum og greiddur tollur af á St. Croix, áður enn hún flyzt þaðan aptur. Auk þess kæmi það hèrumbil í sama stað niður, þó 3. atriðið talaði og um aðra vöru, sem hefði verið aflað (*produceret*) á St. Croix; því alkunnugt er, að sykur og romm er að minnsta kosti aðalvörutegundin á eyju þessari, og eins og það, hvað Ísland snertir, væri minna varðandi hvað ákveðið væri um aðra vöru enn fisk, ull og tólg, svo stendur það og í þessu efni á mjög litlu að vita, hvað ákveðið er um aðra vöru, sem út er flutt frá St. Croix, enn sykur, romm og mallas.

Varaforseti: Eg hefi ekki fyrri tekið til orða um þetta málefni, hversu áríðanda sem það er, og mætti svo virðast sem eg hefði haft til þess ena mestu hvöt, við þá harðmæltu ræðu er sá hæstvirti konúngsfulltrúi flutti í gær við upphafs-umræðu þessa málefnis, þar sem eg var einn af meðlimum þeirr ar nefndar, hverrar álitsskjal fèkk hjá honum svo strángan dóm. Ekki ætla eg samt nú að tala um skyldur stjórnarinnar eða rèttindi þjóðarinnar, því eg ætla það þessu máli síður við koma, og þar um held eg, á öðrum stöðum nógsamlega talað og af öðrum, sem þartil eru færari enn eg; en hitt ætla eg víst, að sú en milda danska stjórn, þó hún sè einvaldsstjóru, ætíð hafi viðurkennt, og eg tel það víst að hún muni framvegis viðurkenna, að hún hafi skyldur að fylla við undirsáta sína, en hvort rèttindi frá undirsátanna hálfu svari til þessara skyldna, læt eg hèr óáhrært. Það sem í álitsskjali nefndarinnar talið er af verzlunarsögu lands þessa, verður ekki hrakið af neinum, því það eru sannindi, talin úr þjóðarsögu landsins, og enna liðnu tíma, og þó nú ástæðan, er þar af yrði dregin, um landsins rèttindi til frjálsari verzlunar enn er, væri hrakin af enum hæstvirta konúngsfulltrúa, ætla eg þó fleiri af ástæðum nefndarinnar enn óhraktar, og hvað sem líka þeim líður, eru þó enn í gyldi ástæðurnar, sem komu stjórninni til 1816 að leyfa útlendum verzlun á Íslandi, og þessar munu að

líkindum hafa verið líkar þeim, er nefndin hefir byggt á. Það er því ekki allskostar rètt, að nefndarálitið sè ástæðulaust, þar sem það einúngis ræður alþíngi til að beiðast þess 1845, að þeim hindrunum verði af vegi rudt, sá afarhái tollur lækkaður, er gjörði, að leyfið frá 1816 var þjóðinni sem blátt bann.

En — eg vil ekki tala meira um þetta, hvarum eg ætla megi vera útrædt. Eg vil því einúngis snúa athuga alþíngis að tveim höfuðatriðum þessa máls sem eru: hvort útlendra verzlun hèr við land eigi að binda við tiltekna verzlunarstaði eða ekki; og hvort sú en svonefnda sveitaverzlun eigi að leyfast eða ei. Hvorttveggja þetta er fyrir landið næsta áríðanda, og legg eg því alþíngi á hjarta, að það vandlega gæti sín, áður atkvæði þarum verða tekin. Hvað því enu fyrra viðvíkur, er eg enn sömu meiníngar og eg áður var, að varhygð og skynsemi krefjist þess, að útlendra verzlun fyrst um sinn eigi að binda við 4 eða 5 helztu verzlunarstaði landsins. Án varhygðar á þó Alþíng ekki að fara fram í þessu málefni, hvers verkanir enn eru ókunnar. Eins er eg enn sem fyrri þeirrar meiníngar, að sveitaverzlun eigi ekki að leyfa. Mèr er óhætt að skora á sèrhvern alþíngismann, að líta með óhyltu auga yfir þá búendur, er næstir eru þeim smærri verzlunarstöðum, og munu þeir þá með mèr sanna, að velmegun þessara sè harðla lítil, og bændur megi því betur, sem fjær eru slíkum smástöðum. Þar af leiði eg þá hugsun: að því fleiri þessir verzlunarmenn eru, því meira verði skaðræðið. Það á nú að gjöra við þessu, með því, að skipa þessum nýju verzlunarmönnum að hafa nokkuð af nauðsynjavöru; en bæði er það ekki ákveðið, hve miklar þessar nauðsynjavörur eiga að vera; og líka er það auðvitað, eptir sem með aðflutníngа er hèr ástatt, að yfirborðið verða þó ónauðsynja-vörur, sem þá vetur og sumar verður af þeim prángað út, til hverra sem hafa vilja. Eg verð því enn sem fyrri harðlega að mótmæla þessu, og hefi fundið mèr skylt með þessum varúðar-orðum að vekja alþíngis athygli, áður til atkvæða er geingið.

Prófastur Hannes Stephensen: Það ætla eg, að fullrædt sè um rýmkun verzlunarfrelsisins, og fullsannaða nauðsyn þess; en eigi útlendra verzlun og vöruaðflutníngar að vera bundnir við 5 staði eina í landinu, ætla eg betra sè að biðja um ekkert verzlunarfrelsi, einga útlenda aðflutníngа, því það sèr hver heilvita maður, að ekki er til annars enn ills eins, að hrúga

vörum að fáeinum stöðum, og girða fyrir, að ekki komist þær í hendur landsbúum, en það er gjört, ef hinir útlendu, sem koma kunna, meiga ekki leggja upp varníng sinn á öllum löggyldum verzlunarstöðum; eingin verzlun stendst, ef ekki verður neinu varið á fyrsta ári, og það mundi ekki til hlýtar á þeim tilnefndu 5 kauptúnum; fá því allir séð, að hapt það, sem lagt er á verzlun útlendra með þessari takmörkun, mundi fæla alla frá á fyrsta ári, og koma verzlun vorri í sama, ef ekki verra horf enn nú er. Mig furðar, hve mjög þíngmönnum sumum getur missýnzt um sveitaverzlunina, þar sem hún sýnir sjálf, hversu nauðsynleg hún er, sem sá einasti vegur til að flýta fyrir verzlun hinna útlendu, og koma varníngi þeirra í eðlilega rás um öll landsins hèröð. Það er þrá sýnt hèr á þíngi, hver hægð mönnum má verða af sveitaverzluninni, hver framför jarðarrækt og búnaður má af henni hljóta; það mun reynsla allra tíma og landa, að dugnaður og samheldi lèttir öll störf, en samheldisleysi, þegar hver vinnur sèr, gjörir þau erfiðari, og dregur úr öllum krapti; þetta sannast á innanlands verzlun vorri, og mun sannast enn betur, þegar sveitaverzlun er hèr komin í rètt horf. Sveitaverzlunarmenn mundu og brátt færa sèr fremur í nyt landslag enn nú er gjört: firðir skerast víða inn í landið og í firðina falla ár, og flutníngar mundu á byrðíngum og smærri skipum verða auðveldari dugandis mönnum, sem helzt tækju verzlunar-atvinnuveginn; þetta má víða, gjöra aðdrætti lèttari, t. a. m. um Vestfjörðu, Borgarfjörð og víða annarstaðar. Menn láta sèr annt um, að fjölga hinum smærri kaupstöðum, og það af góðum rökum, en sveitaverzlunin er einasta hjálpin þeim til eflíngar. Þíngmaður Skaptfellínga hefir ætlað sveitaverzlun þar ómögulega, vegna fjarlægðar frá kaupstöðum, t. a. m. Eyrarbakka, en hann hefir ekki gætt þess, að einmitt í því byggðarlagi mundi sveitaverzlunin hvað mest gagn vinna. Leyfið að sigla upp Dyrhóla hefir enn ekki komið svo miklu af stað, sem menn óska, og er mèr það sagt af kunnugum mönnum, að mest standi þar í vegi vöruleysi á landi, þegar skip koma, því offáir sjá skipakomuna, en ekki geta þau, ef til vill, legið þar leingi undir landi; væru nú sveitakaupmenn þar, mundu þeir fyrirfram hafa flutt vörur sínar að, og á skömmum tíma geta varið þeim og tekið móti útlendu vörunni. Þess gat hinn háttvirti varaforseti, að kaupverzlun í sveit mundi auka svall og óhóf, og

dró þartil dæmi kauptúnanna, en gætti þess ekki, að kríngum kauptúnin er fjöldi tómthúsmanna, sem að líkindum brúka meira kaffe og ölfánga drykkjur enn menn til sveita, sem aðra lífernisháttu hafa, og nær því hinna dæmi ekki til þessara; líka mundi í sveitum betri tilsjón verða höfð með ofneyzlu manna, einkum fátækra, ef þar væri verzlað, enn nú getur verið, þegar hver verzlar sèr í fjarlægu kauptúni. Ætla eg svo ástæðum mótmælenda hrundið.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Það var svo mart rædt hèr á þíngi í gær með og mót sveitaverzluninni, og aptur í dag af hinum mikilsvirða Varaforseta sýnt, hvílikt skaðræði mundi af henni leiða, að eg mundi hafa leidt hjá mèr að fara um það efni fleirum orðum, hefði ekki hinn virðulegi alþíngismaður, er síðast talaði, bæði hneigt ræðu sína að sumu því, er eg mælit í gær, og hreift við því, hvað til þessa hefði helzt bagað verzlun við Dyrhólaey. Ætla eg fyrst að svara því atriði og fullyrða, að það er auðsèð af því, sem hann mælti um þetta efni, að hann hefir ekki hina allra minnstu þekkíngu á því, hvernig til hagar við Dyrhólaey, og eingar sögur af því. Að Dyrhólaey hafa aldrei kaupför lagt nema einmitt um eða rètt fyrir hálesta tímann, um það leiti sem flestar lestir hafa átt þar leið um, kaupverzlunin hefir þá eingaungu farið að því, hvort útí skipin hefir orðið komizt fyrir brimi, en af því ekki hefir verið að tefla nema um fáeina daga — þar sem lángferða-lestir hafa ekki viljað tefja leingi við uppá von og óvon, um að sjór myndi deyja, — þá hefir opt orðið lítið úr verzlun, því þar er brimrót mikið í allri vestan og sunnan átt. Vöruskortur hefir aldrei bagað, því hafi kaupskip komið þángað lítið fyrri enn lestir fara þar um, þá er Mýrdalurinn allur við höndina rètt á sjáfarbakkanum með alla sína vöru, enda hefir þeim stundum orðið þar verzlun að töluverðu liði, þegar sjór hefir verið kær.

Hinn virðulegi þíngmaður hèlt líka, að í sveitum yrði betri tilsjón höfð með ofneyzlu, einkum fátækra, heldurenn nú í kríngum kaupstaði, en hann gat ekki, hvernig þeirri tilsjón mætti og ætti að haga, og eg held honum hafi ekki verið það hægt, því það mun eitt af því mörgu, sem er eins hægt að tala, einsog það er ómögulegt til framkvæmda. Hinn mikilsvirði varaforseti leiddi ljós rök að því, hversu plázin, sem næst eru kaupstöðunum, eru sett vesælla fólki enn þær sveitirnar, sem fjær eru; ekkert er sammara; því fjær sem dregur kaupstöðun-

um, þess meiri sem eru erfiðleikarnir á að ná til þeirra, þeim mun minni er ofneyzla, óþarfakaup og kaupstaðarskuldir. Óhætt er mèr að fullyrða, að öll vestri Skaptafellssýsla er ekki í meir enn 400 rbd. kaupstaðaskuldum, og er þar þó minni velmegun enn víðast til sveita, með því fasteignir einstakra manna eru þar svo að segja eingar. Eg hugsa, að fá hèruð, sem nærri liggja kaupstöðum, eigi því að hrósa, að á þeim hvíli jafn litlar skuldir við kaupmenn, og heyrt hefi eg mælt, að sum hèruð sèu þau nálægt kaupstöðum og heldur efnuð, að vart muni eiga fyrir kaupstaðarskuldum, þó allt væri í þær tekið.

Framsögumaður: Mèr virðist, sem eitt atriði sè að minnsta kosti í þessu máli sem ekki geti verið tvær meiníngar um, og það er, að verzlunin sè handa landinu, enn ekki handa kaupstöðum nè kaupmönnum einúngis. En eigi nú verzlunin að verða landinu að fullum notum, þá verður henni að vera svo fyrir komið, að hún verði alþýðu sem hagkvæmust, og það getur hún ekki orðið til hlýtar nema sveitaverzlun sè leyfð, því hèr á landi er svo víða örðugt til kaupstaða. Það er að vísu vorkunn, þó hèr komi fram nokkur ágreiníngur um þetta, þegar hugleidt er, hversu hèr er í garð búið með skoðunarmáta manna um verzlunina, en undarlegt má það virðast, að nokkrir skuli rísa hèr upp móti sveitaverzlun, sem allstaðar annarstaðar er leyfð, og einkum þykir nauðsynleg í strjálbygðum löndum og hèruðum. Eg má játa, að mèr virtist jafnvel ísjárvert, að binda leyfið við búandi menn, því mèr virðist það óþarft band, og eg veit ekki til þess neinstaðar, en hèr er nú ekki fram á annað faranda. Mèr er kunnugt að víða í Þýzkalandi, t. a. m. í Wurtemberg, Baden og Preussen er leyfi gefið til sveitaverzlunar með svipaðri takmörkun og hèr er stúngið uppá. Í Englandi og einkum á Skotlandi eru þesshättar lausakaupmenn, sem þar eru kallaðir „pedlars“. Í Noregi er verzlun leyfð í 5 mílna fjarlægð við kaupstaði. Nú ætla eg, að það, sem hefir verið leyft leingi víða annarstaðar, og öllum þykir nauðsynlegt og til mikils hagræðis — því annars hefðu menn ekki haldið því — muni einnig verða hèr að gagni, þar sem líkt stendur á. Óhóf þykir mèr ekki þurfa að óttast, því það er í sjálfsvald sett, og eg sè ekki að menn geti að svo komnu talað um mikið óhóf hèr á landi. Miklu framar finnst mèr, að það mundi ekki spilla, þó lifnaðarhættir, byggíngar og að-

búnaður yrði hèr nokkuð kostnaðarmeiri enn nú er, og betur vandað.

Assessor Johnsen: Mig furðar, að hinn heiðraði framsögumaður gjörir samjöfnuð á milli framandi þjóða og vor Íslendínga, eða Íslands, í tilliti til sveitaverzlunarinnar, og einkum, að hann færir sveitaverzlun í Þýzkalandi og á Bretlandi til síns máls í þessu efni. Allir vita þó, að vèr hèr hvorki höfum járnbrautir nè heldur gufuvagna að flytja vörurnar á upp til sveita, einsog þeir Þjóðverjar og Bretar, enda vantar mikið á, að áðflutníngar sèu svo hægir hjá oss og hjá Norðmönnum, og þó hefi eg, ekki fyrir mjög laungu, orðið þess áskynja af norskum frèttablöðum, að sveitaverzlun þar veldur óhófi og vanhirðíng jarðarræktarinnar.

Framsögumaður: Náttúran sjálf og náttúrulögin munu þó vera hin sömu hèr í landi einsog annarstaðar. Það þarf ekki að skýra frá því, að hèr sèu ekki gufuvagnar og járnbrautir, því það vita allir; en vegabótum getur hèr farið fram samt sem áður. Þar sem hinn virðulegi þíngmaður kvaðst hafa lesið í blöðum, að Norðmenn teldu ókosti á sveitaverzlun og kenni henni um óhóf, þá er mèr það ókunnugt, en hitt veit eg, að hin nýju verzlunarlög í Noregi hafa rýmkað um sveitaverzlun en ekki bannað, og virðist mèr það sýna, að hún muni ekki vera talin neitt skaðræði.

Sveinn hreppstjóri Sveinsson: Eins og til þessa hefir þótt þörf á, að fjölga kaupstöðum, til að gjöra landsbúum alla verzlun greiðari, og auðsóttari, eins eru menn og á því þar eystra, að öll sveitaverzlun megi verða til hinnar mestu hægðar; og sè það nauðsyn, að opna allar löggyltar hafnir fyrir útlendra verzlun, eigi hún að verða að nokkru liði — og það hygg eg full sannað hèr á þíngi — þá má segja allt hið sama um sveitaverzlunina, er eg meina að mundi næsta mjög efla og greiða alla verzlun yfirhöfuð; en sjálfsagt verður að takmarka hana svo, að sveitakaupmenn verzli mestmegnis með nauðsynjavörur.

Fleiri mæltu ekki; sagði þá varaforseti málið rædt til lykta og lèt ganga til atkvæða, en gat þess þó fyrirfram, að eigi mundi þörf að leita atkvæðu um: hvort biðja ætti leyfis fyrir allar þjóðir til að verzla hèr á landi, með því það væri þegar leyft með tilsk. 11. Sept. 1816; en atkvæða var leitað á þessa leið:

1. á að biðja um, að lækkaður sè 50 rbdla. tollurinn, eptir því sem nefndin hefir stúngið uppá? — samþykkt með 22 atkvæðum gegn 1.
2. á hið rýmkaða verzlunarleyfi fyrir útlenda að vera bundið við árabil? — neitað með 22 atkvæðum gegn 1.
3. á að binða verzlun útlendra við einstöku verzlunarstaði? — neitað með 16 atkvæðum gegn 7.
4. á að biðja um til vara, ef stjórnin leyfir ekki útlendum verzlun á öllum verzlunarstöðum, að hún verði þá leyfð á þeim tilteknu 5 stöðum (varaatkvæði assesors Johnsens)? samþykkt af 12 atkvæðum gegn 11.
5. Ef nú stjórnin fèllist á, að leyfa útlendum verzlun einúngis á 5 stöðum, á þá að biðja um það svo, að þeir útlendu sèu að eins skyldir að koma fyrst á einhvorn þessara 5 staða, en megi síðan sigla þaðan upp alla aðra verzlunarstaði (breytíngaratkvæði prófasts Haldórs Jónssonar)? — samþykkt með 20 atkvæðum gegn 3.
6. Eiga hinir útlendu, er ætla sèr híngað til verzlunar, einúngis að þurfa að sækja leyfisbrèf til næsta verzlunarfulltrúa (*Consul*), en ekki, sem fyrri, til ens konúnglega rentukammers? Samþykkt með 22. atkvæðum gegn 1.
7. á að gjöra útlendum lausakaupmönnum erfiðara fyrir, enn dönskum lausakaupmönnum? — neitað með 22. atkvæðum gegn 1.
8. á að biðja um að kaupmenn á Íslandi megi taka útlend kaupför til leigu, með sömu verzlunarkjörum og dönsk kaupför? — Samþykkt með 22 atkvæðum gegn 1.
9. á legufrestur lausakaupmanna að vera ótakmarkaður? — Samþykkt af öllum.
10. á að biðja um að leyfð verði sveitaverzlun, (uppástúnga minni hluta nefndarinnar)? Samþykkt með 13 atkvæðum gegn 10.

Þar eptir var fundi slitið.

4. August. — tuttugasti og sjöundi fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá tuttugasta og sjötta fundi lesin og samþykkt

Forseti tók fram til ályktunar-umræðu málið um endurgjald til hins íslenzka styrktarsjóðs, fyrir 11,000 rbd., sem það-

an eru teknir til byggingar skólahússins í Reykjavík, en þar einginn þingmanna tók til orða, kvaðst forseti verða að álíta mál þetta rædt til lykta, og með því hann af undirbúnings-umræðu málsins síðast hefði getað farið nærri um, hvernig málið mundi lykta, hefði hann, til að flýta fyrir, látið semja álitsskjal þingsins í málinu; var það þá lesið upp og samþykkt, og er það þannig látanda:

Yðar konúnglegri Hátign hefir allramildilegast þóknazt, að skipa alþingi, að segja sitt allraþegnsamlegasta álit um það, hvort þeir 11,000 rbd., sem styrktarsjóður sá, er Yðar konúngleg Hátign stofnaði handa Íslandi með allrahæstum úrskurði 25. Júlí 1844, hefir lagt út til byggingar skólahússins í Reykjavík, skuli jafnazt niður á landið, svo sjóðurinn nái sömu upphæð og áður.

Þingið kaus 5 manna nefnd til að yfirvega þetta mál, og ræddi það svo á tveim fundum, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að segja upp álit sitt þannig:

Þingið hlýtur allraþegnsamlegast að játa, að, einsog nú er ástatt, sè ekki vegur til þess að þessum peningum verði jafnað til borgunar niður á landið, einkum þó þess vegna, að skattalög þess eru svo ófullkomin, að ekki þykir gjöranda, að byggja á þeim þá niðurjöfnun, sem hèr ræðir um, helzt þar landið á nú fyrir höndum fleiri útgiptir, sem munu nema töluverðu, hvarum þingið í fleirum málefnum, sem rædd hafa verið hèr á þinginu í þetta skipti, og í álitsskjölum sínum til Yðar konúnglegu Hátignar, hefir haft tilefni til að láta sitt allraþegnsamlegasta álit í ljósi. Svo leyfir þingið sèr og allra þegnsamlegast að geta þess, að því ekki er ljóst, eptir hverri reglu hjálparsjóður sá, sem hèr ræðir um, á að verjast landinu til styrktar, og hefir því ekki heldur ljósa hugmynd um, að hvað miklu leiti sjóðnum að svo stöddu sè áríðanda, að fá aptur borgaða áður nefnda peninga.

Af þessum orsökum hlýtur þingið allraþegnsamlegast samhuga að láta það álit sitt í ljósi:

> að niðurjöfnun sú, sem Yðar konúnglegu Hátignar úrskurður af 16. Maí þ. a. ræðir um, að svo vöxnu máli ekki sè tiltækileg.

Reykjavík 4. Aug. 1845.

Thorsteinson. Jonassen.

Þarnæst var tekið fyrir málið um umbót skólamálefna á Íslandi, og las FRAMSÖGUMADUR prófastur H. G. THORDARSEN, upp álit nefndarinnar í því máli, og er það á þessa leið:

Alþíng hefir skipað oss 5 sem hèr höfum ritað undir nöfn vor, í nefnd, til að segja álit vort um bænarskrá þá frá kandidötum og stúdentum í Kaupmannahöfn, sem hèr hefir verið lesin upp á þínginu, um meiri tilsögn við skólann og ýtarlegri högun hans hèr á landi.

Nefndin hugði bezt henta, þar sem um svo mikið mál er að tefla, að halda sèr við höfuðatriðin.

Það er nú fyrst í augum uppi, að það sem bænarskráin fer fram á, er sá hlutur, sem öllum vel siðuðum og góðum mönnum má liggja mjög svo á hjarta, er hún æskir þess, sem miði til að efla upplýsíngu og þekkíngu þjóðarinnar, og verður eigi ofsögum af því sagt, hver heill að leiði af þessu fyrir alda og óborna.

Hitt er annað, sem hún ber með sèr, að uppörfun til mentunar mætti verða sem þjóðlegust, og að þess vegna gæti í landinu sjálfu gefizt sem bezt tækifæri til að ná framförum í sem flestum greinum vísinda og þekkíngar. Þessu er nefndin, og hún vonar hver maður með henni, öldúngis samdóma, því aldrei getur nokkurri þjóð orðið sú mentun eins affarasæl, sem hún sækir til útlendra, því síður eins náttúrleg og almenn, og sú, sem henni hlotnast heima, einkum þar sem stendur á einsog í þessu landi, hvar svo fáir geta leitað mentunar erlendis, því það er kunnugra enn þar að þurfi að eyða mörgum orðum, að fjöldi hinna beztu gáfumanna má láta sèr lynda þá þekkíngu, sem þeir öðlast hèr í landi, og þótt ymsir komi til landsins aptur, sem æðri mentun hafa hlotið erlendis, þa dreifast þeir út um landið víðs vegar, ná skammt yfir i svo stóru landi og geta eigi bundið með sèr samfèlag, sökum fjarlægðar.

Þar sem svo á stendur, má það álítast mikils varðanda, að sem beztur stofn til upplýsíngar sè til í landinu sjálfu, að þar gefist einhver sú lind mentunarinnar með hinu góða vatninu, sem veita megi yfir allt landið, svo það geti náð til alþýðu, og svalað þeim þorsta sem ætíð hefir leitað á Íslendínga til lærdóms og andlegra framfara.

Eigi getum vèr heldur að því fundið, að bænarskrá þessi er rituð með lífi og fjöri æskunnar, sem væntir hins bezta bæði

af guði og mönnum, og vill fyrir hvern mun sjá góðu málefni verða framgeingt

Að vísu kynni í fljótu bragði að sýnast, einsog bænarskrá þessi komi að því leiti ekki sem bezt við, að stjórnin einmitt nú sýnir, að henni er mjög annt um að bæta mentun landsins, með því að auka og fullkomna þann eina skóla sem landið á. Einsog nefndin viðurkennir og sèr í þessu góðvilja, vizku og krapt stjórnarinnar, svo verður hún þó að játa, að henni þykir það einka vel tilfallið, að alþíng í nafni þjóðarinnar viðurkenni hið sama. Þetta mikilvæga málefni hefir hingaðtil farið mest á milli stjórnarráðanna og embættismannanna og það hefir jafnvel brydt á því, að sumum í landinu þætti máske tilbreyting þessi litt þarfleg. Hvað getur þá betur sæmt þjóðinni, enn að láta það á sèr heyra, sem betur gegnir, að henni sè annt um sinn einasta skóla, svo sèrhver, sem vinnur að framförum skólans geti styrkzt við þá hugsan, að það, sem hann vinnur að þessu nauðsynjaverki, sè samkvæmt vilja og laungun þjóðarinnar sjálfrar, sem í einu hljóði játi, að hún bindi allar framfarir sínar, einsog samnkallað þjóðerni, við vaxandi mentun.

Ennfremur álítur nefndin nú að vera þann hentuga tíma, þegar þjóðin á þann að konúngi, sem sjálfur er sá lærðasti og upplýstasti konúngur, er setið hefir að ríkjum í Danmörku; hann ann svo mjög vísindum, og vill hvervetna efla þau meðal þegna sinna; hann er og mjög vinveittur þessu landi, og hefir sýnt það meðal annars með því, kröptuglega og konúnglega að styrkja að því, að sú eina mentunarstiptan sem landið á, gæti orðið sem fullkomnust.

Það er og enn eitt, að sá erindsreki konúngs er hèr nú á þíngi, sem mest allra manna hefir látið sèr annt um endurbót skólans, og er þetta nákvæmlega kunnugt oss, sem erum í þessari nefnd, og gæti svo farið, að leingi mætti þess bíða, að vèr feingjum jafn ágætan og góðviljaðan höfðíngja til að bera fram fyrir konúng það málefni, sem veglegast er allra málefna.

Þar sem nú málefnið sjálft er svo háleitt, og má liggja þjóðinni á hjarta nálega fyrst og fremst allra mála, og þar sem allt miðar að því, að hún bæði eigi og geti haft hið bezta traust á stjórninni, þá virðist oss tíminn vera einmitt hinn hagkvæmasti; menn biðja eigi með vantrausti, en bænir vaxa með trúnaðartraustinu.

Þessu næst víkjum vèr málinu að bænarskránni sjálfri, hvað inntak hennar snertir í einstökum greinum, og verðum vèr þá að játa, að hún er samin með æðri hugsjón, og að því er farið fram, sem æskjanda væri í sjálfu sèr og vonanda að þjóðinni kynni að auðnast, eptir því sem henni vex fiskur um hrygg, er tímar fram líða. En þó þykir oss, sem ei muni, nú sem stendur, öllu því verða við komið sem þar greinir; enda er nú þegar sumt undanskilið, svo sem það, er viðvíkur læknum í 5. grein, því það málefni kemur undir því, hversu til verður hagað með spítala. Sama er og að segja um lögfræðínga; nefndinni þykir það nægja um sinn, ef íslenzkum lögfræðíngum við háskólann getur gefizt kostur á að heyra útskýríng yfir hin íslenzku lög.

Þar sem nú allt sem stendur í bænarskránni er svo lagað, að vel sæmir í sjálfu sèr um að biðja, þá getum vèr eigi farið að hrekja neitt af því útaf fyrir sig, þar sem það eigi verður hrakið nema með kríngumstæðunum, einkum efnaleysi voru, sem því veldur, að vèr verðum margs að fara á mis, meðan að eigi ríkast fremur fjárhagur landsins. Vèr álítum því bæði skemmri og sæmilegri þann veginn, að kveða nú þegar upp, hverja skipun vèr vildum á hafa og hvers vèr vildum allraþegnsamlegast biðja konúng. Er það þá:

1. að skóli vor verði nú þegar bættur svo og aukinn, að hann geti staðið jafnfætis hinum beztu skólum í Danmörku; ætlum vèr, að til þess liggi næst: að þar verði ætlað rúm handa 60 piltum; að alúð verði lögð á, að kenna íslenzka túngu og íslenzka og norræna bókvísi; að kennd verði þjóðverska, enska og frakkneska; sömuleiðis að kennd verði náttúruvísindi, og stofnað náttúrugripa - safn, sem þartil er nauðsynlegt; ennfremur, að kennd verði saunglist, uppdráttarlist og íþróttir (*Gymnastik*).

2. að guðfræðiskennsla, eins og til stendur, verði nú þegar skilin frá skólakennslunni og prestaskóli settur sèr í lagi, sem veitt geti prestaefnum svo mikla guðfræðislega mentun, sem nauðsynleg er stétt þeirra. Fyrir þenna skóla, sem svo er á ríðandi fyrir mentun presta og svo alþýðunnar, viljum vèr að settur sè, að minnsta kosti einn fastur kennari, auk dómkirkjuprestins, sem þar mun sjálfsagt kenna kennimannlega guðfræði (*Pastoraltheologie*); þessi fasti kennari ætti að annast og ábyrgjast kennsluna í guðfræði, en eigi mundi af veita, að hún næði yfir skýríngu á Nýjatestamentinu

(*Exegetik*), siðfræði, trúarfræði og kirkjusögu, og ætlum vèr, að eigi verði tiltekinn skemmri tími enn 2 ár til alls þessa, og eigi mundi einn fastur kennari kljúfa það; en vèr væntum, að jafnan verði einhverjir kennendur í skólanum guðfræðingar, sem gætu tekið að sèr einhverjar þessar vísindagreinir, en játum þó, að vèr efumst um, að prestaskólanum verði svo vel aðdugað sem skyldi af færri en 2 föstum kennendum.

3) Að kennd sèu forspjallsvísindi (*Propædeutiske Videnskaber*), hugsunar- og sálarfræði, þótt í ágripi væri, og ættu þessi vísindi að kennast á prestaskólanum, meðan svo stendur sem nú, því þeir, sem færu til háskólans úr skólanum mundu læra þetta þegar þar kæmi, en yrði svo til hagað í Danmörku seinna, að þetta yrði kennt þar í skólum, þá yrði hèr sömu aðferð við að hafa. Vèr erum þess fullöruggir, að eingum muni þykja sú sök yfir sig vaxin, þó vèr viljum, að sá eini skóli sem er í landinu geti jafnast við þá beztu í Danmörku.

En þar sem vèr leggjum svo ríkt á með prestaskólann, þá finnst oss, sem varla heldur þurfi að leiða rök til — það mun eigi nema ein meining hèr á landi um það — að hvervetna sè uppfræðing, siðsemi og fleira gott bundið við það, að presturinn sè upplýstur og vel mentaður maður, og skjótum vèr því til bænda, hvort þeim finnst annað innlella enn að eiga vel mentaðan prest, og hvort þeir eigi ljúka einum munni upp um það, að sóknirnar, og það stundum á stuttum tíma, beri þess sjáanlegar menjar.

Einkum í þessu ummálsmikla landi, sem á einga almúgaeða barna skóla, nema einn í Reykjavík, og þó hvervetna, er upplýsing og siðgæði mjög svo bundið við hina andlegu stètt-ina, og vèr ætlum, að ekkert megi fremur liggja þjóðinni á hjarta, enn að prestar hennar megi verða sem bezt undirbúnir, áður enn þeir gánga til þess embættis, sem svo er áhrifamikið á þjóðina, því einginn er sá embættismaður, sem eins komist í nákvæmt samband við alla, á hverjum aldri sem eru, einginn, sem eins undirbúi æskuna, eða upplýsi — ef hann er fær um það — hinn fullorðna, einginn, sem eins sè náteingdur bændastètt-inni og henni svo handgeinginn.

Eigi nú prestaskólinn að verða í því lagi, sem vèr höfum til tekið, þá flýtur af sjálfu sèr, að eigi má án vera þeirra forspjallsvísinda, sem vèr höfum tilgreint, því þau eru svosem undirstaða allrar æðri mentunar, og án þeirra óvinnanda að

nema til gagns siða- og trúar-fræði, einsog hitt, að læra rètta aðferð í kennslu, hvort heldur í að prèdika eður segja til börnum; því það er sú mesta villa, ef nokkur hyggur, að sá fræði vel börn, sem eigi er sjálfur vel mentaður, og kannske þarf hvergi fremur á að halda hugsunar- og sálar-fræði.

Þótt vèr nú vitum, að stjórnin hafi haft fyrir augum sèr þessi höfuðatriði að mestu, þá er hèr þó sumt til tekið fremur enn vèr vitum að nú sè ráð fyrir gjört, og þótti því síður frestanda að fara þessu á flot, sem bráðum er von endalyktar á skólaskipaninni, og mundi úr því verða um seinan, að hreifa sliku efni um hríð.

En þar sem stjórnin hefir látið sèr svo annt um skólann, og þíngið vill ganga á það lagið, með því að leggja bæn sína fram fyrir Hans Hátign konúnginn, um ennþá ýtarlegri endurbót á honum, þá er eigi að efast um hinn bezta vilja konúngsins, en hinsvegar er hann staddur í vanda með kostnaðinn, sem er næsta mikill, og mun hann til þess ætlast, að þegar til mikils er mælzt, þá muni sá, er til mælist, sýna, að hann vilji leggja sitt fram.

Að vísu erum vèr fátæk og fámenn þjóð, en mikið má, ef vel vill; sèrhver skynsamur maður má játa, að á eingu ríður landinu meir enn vel skipuðum skóla, þángað koma eigi síður synir bænda enn embættismanna, og hafa jafnan aðgáng að hinum beztu embættum í landinu; — skólinn og það gott, sem af honum leiðir, er öllum jafnt framboðið og í því enginn gjör mannamunur —, þessvegna getur varla nokkurt málefni, hvar sem á er litið, verið eins þjóðlegt og skólamálefnið, og er því ætlanda, að þjóðin muni með fögnuði taka því máli vel, að styrkja hann með nokkru fjártillagi. Að vísu ætlumst vèr eigi til, að þeir, sem eru hèr nú þjóðkjörnir menn geti lofað neinu vissu af hálfu kjördæma sinna, en vèr getum eigi annað enn verið þess öruggir, að þeir muni sæma sig og þjóðina með því, að verða öflugir flutníngsmenn að því, að þjóðin leggi sinn skerf til skólans, og ætlum vèr að það sè hreinast og beinast að hreifa þessu sem fyrst, svo að sjást megi, hver alvara þjóðinni sè um sín mikilvægustu málefni.

Orðleingjum vèr svo eigi fremur, en mælum með því, að samin sè af alþíngi allraþegnsamlegust bænarskrá til konúngs, samkvæmt því sem hèr er áður til tekið:

1. Um, að skóli vor geti orðið einsog skóli er beztur í Danmörku.

2. Að prestaskóli, með einum föstum kennara að minnsta kosti, verði sameinadur við hann.
3. Að forspjallsvísindi verði kennd við skólann.

Framsögumadur: Eg vil ekki mæla fram með þessu nefndar áliti. Eg vona það beri með sèr, að það er samið með virðingu fyrir efninu og lotningu fyrir samleikanum, og að þingið því muni veita því sitt samþykki, því eg efa ekki, að sèrhver skynsamur játar, að þjóðinni er eingra framfara von, án mentunar og þekkingar. Þetta er reynsla allra tíma búin að votta; þetta sannar öll veraldarsagan. Eg vil því síður fara hèrum fleirum orðum, sem mèr er hugleiknara að fá að heyra sem hreinasta meiningu þingsins.

Kandidat Jón Sigurdsson: Mèr þótti eingin nauðsyn á, að koma fram með ágreiningsatkvæði í þessu máli þó nefndin hafi, meðal annars, ekki farið eins lángt og stúngið var uppá í bænarskránni, því eg vona að það, sem áskortir, muni komast fram smámsaman, og eitt atriðið, sem mèr þykir mjög mikið undir komið, heyrir raunar öldúngis til góðs skóla; það er kennsla í gagnfræði handa þeim, sem ekki ætla að verða embættismenn, og er alkunnugt, að þessi kennsla veitist í fleiri enn einum skóla í Danmörku. Eg vil einnig halda, að þvílík kennsla geti komizt hèr á þvínær sjálfkrafa, og eg ætla að vona, að stjórnarmenn skólans beri umhyggju fyrir því. Kennsla í læknisfræði er mest undir því komin, hvernig farið verður með spítalana og læknaskipunina hèr á landi, og til kennslu í lögfræði yrði það að nokkru liði um sinn, ef það kæmist á, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi hefir fleirum sinnum gefið ávæning um, að kennsla í lögum þeim, sem snerta Ísland sèrílagi, kynni að veitast við háskólann í Kaupmannahöfn. Eg ætla því að eins að bera fram þá innilegu ósk, að þingið vildi með samhuga raust mæla fram með þessu máli, sem eg veit að hver einn hèr á þinginu játar að vera ypparlegast allra mála; menn sýna með því, að þeir kunni að meta, hvílík gæði það sèu, að eiga kost á sem fullkomnastri mentun að orðið getur, eptir kríngumtæðum, og að þeir viti, að hver sú þjóð, sem vill halðast við í röð mentaðra þjóða og sinna framför sinni á nokkurn hátt, verður að neyta allra krapta til að sjá sèr fyrir allskonar mentun; að öðrum kosti missir hún öll þau andleg og líkamleg gæði, sem mentuninni verða samfara.

Konúngsfulltrúi: Einsog hin virðulega nefnd hefir lagað uppástúngur þær, er stóðu í bænarskrá þeirri, sem lögð var fyrir alþíngið, mun mál þetta eflaust geðjast öllum vel, og jafnvel þó ekki þurfi frekar að fara orðum um það, til þess að konúngur gjöri allt, sem unnt er, því til framkvæmdar, svo getur það þó ekki annað enn þótt eiga vel við, að alþíng láti í ljósi, hversu því þykir það miklu skipta, að skipulag komist á þetta mál,

Eg hefði þessvegna ekki tekið nú til orða, ef eg hlyti ekki að gjöra það vegna eins, er hinn virðulegi þíngmaður frá Ísafjarðarsýslu sagði, þar sem hann hefir ætlað, að af því, sem eg áður hefi sagt, mundu menn meiga búast við að settur yrði sèrstakur kennari í íslenzkri lögfræði við Kaupmannahafnar háskóla. Eg veit ekki til, að eg hafi talað nokkurt orð, er á þá leið gæti skilizt. Þegar áður var stúngið uppá því, að lögfræði yrði kennd í skóla á Íslandi, gat eg þess, að slíkt mundi með öllu ófært og benti til þess einsog úrræða, er að minnsta kosti mundu vera betri, að kennd yrðu sèrílagi hin íslenzkn lög í Kaupmannahafnar háskóla; en eins og það stendur ekki í mínu valdi að segja, að svo muni verða, eins get eg því síður gefið nokkra von um það, þar eg er að öllu leiti ókunnugur því, hvaða erfiðleika og kostnaði þar yrði að mæta.

Prófastur Hannes Stephensen: Eg finn það að vísu, að eg, stamur og stríðmæltur, ætti ekki að ræða þetta mál, sem svo sætlega er af nefndinni fram þulið, en eg get þó ekki neytað mèr um þá játningu, að mèr virðist mál þetta svo hóflega tekið, sem vera bar, og að hin mesta þörf lands vors í þessu efni væri bætt, ef bænin feingi áheyrslu í öllum greinum.

Til hins verð eg að benda þínginu, hvort ekki muni þár borgir byggðar í lausu lopti, sem nefndin ætlar svo mjög uppá gjafir innlendra manna, er styðji skóla vorn; það mun hver yfirvega með sjálfum sèr, hversu mikils vænta má á þessum vegum; en — kannske menn ætli ekki heldur þessa þörf, þar sem stjórnin hefir tekið að sèr kostnað allan fyrir skólanum í konúngsbrèfi til stiptamtmanns á Íslandi og biskups í Skálholti dags. 29. Apríl 1785, hvar konúngur tekur svo til orða: „*Saa give Vi Eder hermed tilkjende, at Vi allernaadigst have approberet saadant Forslag*“ þ. e. gefum vèr yður hèrmeð til vitundar, að vèr allramildilegast höfum samþykkt þessa uppástúngu; en uppástúngan er nefndar þeirrar, sem kosin var af konúngi til að yfirvega hin hentustu meðöl til að

ráða bót á skaða þeim, sem eldgosið og jarðskjálftarnir 1783 höfðu gjört, og var uppástúngan meðal annars þessi: að flytja skyldi biskups bæ og skólann frá Skálholti, hvar svo mikið af húsum var hrunið og skemmt, og byggja á kostnað konúngs biskups aðsetur, og skólanum hús í Reykjavík, en konúngur tæki aptur á móti stóls og skóla eignirnar til sín, en annaðist allar þarfir biskups, kennara og lærisveina, af sínum sjóði; er það nú af þessum orðum konúngs ljóst, að ekki muni til annara enn stjórnarinnar þurfa að leita með það, sem biskup á að hafa í laun sín, og það, sem skólinn, eptir þeirri skipun, sem konúngur gjörir á honum, kann að þarfnast. Þetta vitum vèr að vera muni konúngs allramildastur vilji, og berum ekkert vantraust til náðar hans; það má líka, ef til vill, ætla, að ekki hafi stjórnin allan halla á ráðstöfun þessari, því eptir jarðabók þeirri, sem Kristján amtmaður Müller samdi 1699 yfir biskups-stólanna jarðagóz, eptir Kammercollegii skipun, var þá:

leigna gjald Skálholtsjarða 2778½ fjórðúngar, sem nú vera mundi að verðhæð . . . . . 5,209 rbd 66 sk.

landskuldir 2 hundruð hundraða, 70 hundr. og 87 áln., sem vera mundi . . . . . 5,712 — 81¼ -

En Hólastóls jarða afgjald:

2960 fjórðúngar smjörs, sem vera mundi . . . . 5,550 — „ -

landskuldir 3 hundruð hundraða, 35 hundr. 104 áln., sem vera mundi . . . . . 7,278 — 21 -

tilsamans 23,750 rbd. 72¼ sk.

Við þetta, sem ekki virðist þó mjög lítið, mætti bæta ymsu minna, hvarámeðal eg tel, sem eg einhverntíma hefi sèð í brèfi Skúla fógeta 1. Sept 1788, 500 rbd., sem hann kannast við hjá sèr hafi á vöxtum verið í 20½ ár frá 1768 og sè ávöxturinn orðinn 410 rbd., sem með höfuðstólnum er 910 rbd.; fleira mætti, ef til vill, til tína.

Forseti: Hinn heiðraði þingmaður gefur umræðu sinni allt aðra stefnu enn álitsskjal nefndarinnar í þessu máli gefur tilefni til; hér er nefnilega einúngis umtalsefni, hvort senda eigi konúngi bænarskrá, einsog álitsskjal nefndarinnar mælir fram með, eða ekki; en þarámóti gefur álitsskjalið ekkert tilefni til að fara útí reikninga skólans fyrr eða síðar.

Prófastur Hannes Stephensen: Eg ætlaði áðan ekki fleira að mæla; en hafi álitsskjal nefndarinnar, sem skoraði á þingmenn að safna tillögum til skólans í hèruðum, fyrst þeir ekki mundu nú þegar neinu heita meiga, gefið fullt tilefni til orða

minna, ætla eg mig talað hafa í laga leyfi; máske hinn heiðraði forseti vilji skoða álitsskrána, og sannfæra sig eða mig.

Forseti: Það er ekki nema lítið eitt drepið á slíkt í inngánginum í nefndarálitinu, en alls ekkert í uppástúngunni.

Stephán hreppstjóri Jónsson: Einúngis landsins efnaleysis vegna þori eg ekki að mæla fram með þessu málefni, er eg að öðru leiti er fullkomlega samþykkur.

Framsögumaður: Eg var ekki undir það búinn að taka hèr fyrir reikninga, er eg áleit þessu máli óviðkomandi að sinni. Ekki heldur bjóst eg við neinum barlóms trumbuslætti. Nefndin lèt sèr eigi detta annað í hug, enn að stjórnin mundi semja hreina reikninga fyrir skólann, og gjöra þjóðinni rètt skil í þessu sem öðru, enda kemur eigi til, að stjórnin krefjist þess neins af landinu, meðan eigur skólans hrökkva til. En spurningin er, hvort þjóðin vilji eigi vinna til, að bæta nokkru við, ef skólann þrýtur, hvort henni þykir betra að sleppa við nokkur útlát og að hennar einasta vísindastiptun verði fyrir þann muninn ófullkomnari, eður hún vill það, sem betur sæmir, að skólinn verði sem fullkomnastur, þó nokkru ætti til að kosta.

Þareð enginn ræddi fremur þetta mál, svo sagðist forseti verða að álíta það útrædt til undirbúnings.

Þá lèt forseti taka fyrir málið um að sakamál þau, er ætluð eru Íslandi, fyrirfram verði borin undir alþíng til ráðaneytis.

Framsögumaður, kandidat Jón Sigurðsson, las upp nefndar álitið í málinu og er það svo látanda:

Alþíngismaður Ísafjarðarsýslu hefir borið upp á alþíngi frumvarp um það, að alþíng skyldi fara því á flot við konúng vorn, að öll þau lagaboð, sem hèr eptir verða gefin um sakamál, og ætlazt er til að gyldi á Íslandi, verði borin upp fyrir alþíngi til ráðaneytis, og 1. og 7. grein í tilskip. 24. Jan. 1838 með öllu afteknar, að svo miklu leiti, sem þær kynnu að standa þessu í vegi.

Til að yfirvega frumvarp þetta, erum vèr undirskrifaðir kjörnir í nefnd, og leyfum vèr oss nú, eptir að vèr höfum íhugað málið vandlega, að segja upp álit vort á því þannig:

Oss virðist málefni þetta vera þess eðlis, að ekki geti verið um það tvær meiníngar, því þar alþíngi eru ætluð öll hin sömu störf að sínu leiti, sem umdæmastöndunum í Danmörku eru ætluð, og þeim síðarnefndu, einsog alkunnugt er, er veitt tilefni til, að segja upp álit sitt um öll þau lagafrumvörp, sem

varða refsingu misbrota og meðferð slíkra mála, svo virðist það augljóst, að alþingi beri sama hluttaka í löggjafargrein þeirri, sem hèr ræðir um, og að þingið eigi rètt á því, að meiga segja álit sitt um þau lagaboð, sem ætluð eru Íslandi og hniga að sakamálum. Nefndin hlýtur, og því fremur að mæla fram með þessu, sem hún ætlar alþingi þá þekkingu og hyggindi, að það geti með tillögum sínum í ymsum atriðum gefið tilefni til hagfelldra breytinga í þessari grein löggjafarinnar, að því leiti Ísland áhrærir.

Þar Nefndinni þannig virðist, að alþingi, samkvæmt alþ. tilsk. 1. gr., beri þessi hluttaka, sem hèr ræðir um, og það virðist augljóst, að þingið að öðrum kosti ekki stæði jafnsíðis umdæmastöndum Danmerkur, sem þó er gjört ráð fyrir, og þingið að öðru leiti ekki má nè á að láta hjálíða, að nota nokkurt tækifæri til að láta gott af sèr leiða, svo viljum vèr ekki orðleingja þetta mál; vèr erum allir samhuga í því, að alþing eigi að mæla fram með því, og þannig, samkvæmt frumvarpinu, beiðast þess allraþegnsamlegast:

> að þau sakalög, sem eiga að löggyldast á Íslandi verði fyrirfram borin upp á alþingi, og því veitt tækifæri til að segja um þau sitt allraþegsamlegasta álit.

Framsögumaður: Eg ætla, að álitsskjal þetta beri sjálft með sèr ljóslega ástæður þær, sem frumvarpið og álit nefndarinnar er byggt á, svo eg þarf ekki að orðleingja um það. Einúngis verð eg að geta þess, að í uppástúngu minni hefir dagsetníngin misskrifast svo, að þar er 6. Sept. skrifaður fyrir 8. Sept., því þar er meint tilskipunin 8. Sept. 1841.

Konúngsfulltrúi: Í tilliti til þess, að hinn virðulegi framsögumaður hefir leiðrètt dagtölu þá, er hann nefndi í uppástúngunni, á tilskipun frá 6. Sept. 1841 í stað 8. Septembr., vil eg geta þess, að eg gat ekki vitað, að það mundi vera tilskipun frá hinum síðar nefnda degi, er hann hafði í huga, því yfirskript hennar er þessi: um sannanir í sakamálum (*om Beviset i criminelle Sager*), en yfirskriptin á tilskipun þeirri, sem nefnd er í uppástúngunni, frá 6. Sept. 1841, er sagt að sè: um stefnufrest í sakamálum (*om Varsel i criminelle Sager*). Get eg þessa einkum til þess, að orð mín sjálfs, er eg þá talaði, verði ekki ránglega tekin, þareð eg að öðru leiti kannast við, að slíkar villur sem þessi, er eg hefi minnzt á í uppástúngunni, geta auðvelðlega orðið mönnum á.

Hvað mál þetta sjálft snertir, þá ætla eg þó, að það sè efasamara enn nefndin hyggur. Við athugasemðir þær, er eg gjörði, þegar tilrædt varð um að setja nefnd í máli þessu, vil eg enn fremur bæta nokkrum hugleiðíngum. Af því, er eg sagða þegar það kom til umræðu að lögleiða almennar danskar tilskipanir frá 1839—1844 — og eg veit að stjórnin hefir sama álit á því máli — mun alþíng vera sannfært um, að sá er einganveginn tilgángur stjórnarinnar að löggylda á Íslandi tilskipanir þær, sem ekki eiga þar við að öllu leiti. Þegar svo er á statt, hefir stjórnin eingaungu tillit til þess, sem er þarflegt landinu sjálfu. Þegar nú þannig er að því spurt, að hve miklu leiti það sè Íslandi þarflegt, að breytt sè í nokkru frá reglu þeirri, er nú gyldir eptir tilsk. 24. Jan. 1838, 7. gr., þá vil eg einúngis taka það upp aptur, er eg hefi talað áður, um það, að hin almennu hegníngarlög gyldi jafnt allstaðar, svo landslag gjöri eingan mun á því, þegar menn fyrst yfirhöfuð hafa gjört nauðsynlega breytíngu í tilliti til hegníngar tegundanna. Að meta refsíngu rètt niður eptir misgjörðum, er undir því komið, að kunna að við hafa rèttar grundvallarreglur; að finna þær og raða þeim niður fyrir sèr, getur ekki verið við allra hæfi, það er einkum ætlað lærðum löggjafar-stjórnendum. Eptir því, sem nú er komið vísindum og löggjöfinni um misgjörðir manna, er það einginn hægðarleikur að komast niður í grundvallarreglum þessarar löggjafar, og einstakra hegníngar-ákvarðana, sem á þeim eru byggðar. Alþýðumönnum eru ekki þau störf ætluð, þeir vita og án þess, hvað misgjörð er eða ekki, enda hefir og reynslan sýnt, að þeir menn af alþýðu flokknum, sem hafa haft mestar ástæður til þess að reyna að skjóta sèr undan lagahegníngu, hafa lagt sig hvað mest eptir hegníngar-lögunum. Á þetta hefi eg minnzt til þess að sýna, bæði það, að ekki er við því að búast, að lögin um refsíngu sakamanna taki miklum framförum, þó um þau verði rædt á því þíngi, þar sem meiri hlutinn ekki getur hafa lagt mikla stund á löggjafarfræðina, eða vísindi þau, sem þar eru í nánu sambandi við, og hitt, að af umræðu um hegníngarlögin, og þó sú umræða verði heyrum kunnug, hafa menn ekki það sama gagn, sem af þeirri umræðu, er snertir þau lög, er varða einstakleg rèttindi manna (*privatretlig Stilling*) eður almennan landshag.

Ennfremur er það ætlun mín, að eptir 1. gr. alþingis laganna, samanb: við tilsk. 28. Maí 1831, 4. gr., sè eingin nauðsýn til, að bera hegníngarlaga tilskipanir undir álit alþingis. Það skyldi þá vera að því leiti, sem hin síðarnefnda tilskipun nefnir þau lög, er lúta að breytíngu á „persónu rèttindum“ manna. En þá yrðu þessi orð, „persónu rèttindi“, að takast í annari þýðíngu enn venjulegt er, ef þau ættu að geta innibundið í sèr, hvernig á statt væri milli sakamanns og laganna; því ekki er ráð fyrir því gjöranda, að sakamaður, með því að brjóta móti lögum, öðlist rètt til að sæta vissri ákveðinni hegníngu, heldur er það hinsvegar á stjórnarinnar valdi, að annast um, að lögunum sè hlýdt, með því að leggja hæfilegar refsínga við afbrotum.

Því verður nú sjálfsagt svarað, að hegníngarlög sèu lögð undir aðgjörðir fulltrúa á þjóðþíngum Dana, og hafi stjórnin þannig játað, að þau eigi stað meðal starfa þjóðfulltrúanna. En það er kunnugt, að stjórnin hefir jafnan verið mjög frjálslynd, þegar hún hefir verið að velja hvaða málefni skyldi leggja fyrir fulltrúaþíngin, svo hún hefir ekki allsjaldan lagt þau mál undir álit þíngmanna, sem ekki þurfti, eptir lögum þeim, er þar um gylda.

Þegar eg nú gjóri mèr í lund, að stjórnin, ef til vill, leggi ekki þessi hegníngar-lög undir álit alþíngismanna, þá vil eg einganveginn þarmeð segja, að alþíngið vanti dug til að gegna sínum störfum, eins og hin dönsku fulltrúaþíng hafa sýnt dug í að gegna sínum. Eg óska og vona þvert á móti, að reynslan muni sýna, að alþíngið muni skilja rèttilega tilgáng sinn, og verða störfum sínum vaxið. En mèr skjátlar þó naumast, þar sem eg ætla að hlutfallið millum þeirra manna, sem hafa lagt stund á lögfræðisstörf, og þeirra, sem það hafa ekki gjört, sè nokkuð á annan veg hèr á alþíngi enn á fulltrúa þíngum í Danmörku. Þaraðauki er það eðlilegt, að við megi búast á dönsku þjóðarþíngi, að hin dönsku hegníngar-lög sèu mönnum þar kunnugri enn hèr á þíngi, þareð þau lög voru fyrst lögleidd að öllu leiti hèr á landi ár 1838.

Það sem eg hefi nú sagt er ekki talað í þeim tilgángi, að aptra þínginu frá að senda bænarskrá um þetta efni, heldur til að sýna, að gyldar ástæður mæla með því, að láta það, sem ákveðið er í tilsk. 24. Jan. 1838 7. gr., standa við lýði, svo eg get ekki sèð fyrir, að hvað miklu leiti stjórnin, að minnsta

kosti nú um sinn, þættist hafa ástæðu til að gjöra nokkra breytíngu í þessu efni.

Eg tek tækifæri það, sem nú býðst, til þess að minnast á eitt atriði, er að nokkru leiti á skylt við spurníngu þá, er hèr ræðir um, og sem mèr annars kostar vart mun gefast tilefni til að tala um. Eg þykist sjá fyrir, að ef leggja ætti stjórnarfrumvörp, til hegníngar-laga undir álit þíngmanna, þá mundi umræðan enn þá optar enn hingað til, lúta að því, hvaða orð hefðu verið við höfð í hinni íslenzku útleggíngu lagafrumvarpanna. Þess ber að vísu ekki að æskja, að slíkar athugasemdir, sem stundum snerta einúngis málfræði og orðabækur, verði settar í álitsskjöl alþíngis til konúngs, og ættu menn því að reyna að komast hjá því, með því að láta sèr vera umhugað um að útleggíngin yrði svo nákvæm og vönduð að orðfæri, sem unnt er. Eg hefi orðið áskynja um, bæði hèr á þíngi og annarstaðar, að mönnum þykir almennt hin íslenzka útleggíng rèttarbótanna, eins og hún allt til þessa hefir verið gjörð, óljós, stundum óskiljanleg, og, þegar alls er gætt, ekki vönduð að orðfæri. Þegar stjórnarráð það, er hlut átti að máli, hafði falið mèr á hendur að láta snúa lagafrumvörpum þeim, er leggja skyldi undir álit alþíngis, fór eg til manns þess í Kaupmannahöfn, er gott skyn bar á málin, og eptir tillögum hans snèru 2 úngir, vel menntaðir menn, meiri hluta frumvarpanna; en er eg var kominn hingað til lands, yfirfór einn af hinum virðulegu dómendum landsyfirrèttarins lagafrumvörpin, eptir tilmælum mínum, áður enn þau voru prentuð. En hinum frumvörpunum, sem ósnúin voru, snèri annar af hinum virðulegu landsdómendum. Eg ætla þannig, að alls varhuga hafi verið við goldið, að útleggíngin yrði nákvæm og vönduð; en samt sem áður eru í álitsskjölum þíngsins til Hans Hátignar konúngsins, eins og áður er vikið á, mörg atkvæði og athugasemdir, er útleggínguna snerta. Þegar nú svo er ástatt, væri mèr geðfelt að heyra álit þíngmanna, hversu bezt mundi til hagað þessum útleggíngum, og af því eg hygg, að forseta sè nokkurnveginn kunnugt álit þíngsins um þetta efni, þá mælist eg til, að hinn háttvirti forseti láti það í ljósi, er honum virðist um þetta mál.

Forseti: Óski nokkur þíngmanna að taka til svara viðvíkjandi þeim hluta í ræðu konúngsfulltrúa, sem áhrærir sjálft

málið, óska eg hann gjöri það áður enn eg svara því spursmáli, er hann að lyktum ræðu sinnar vèk að mèr sem forseta.

Framsögumadur: Fyrir sjálfs míns hönd verð eg að geta þess, að ályktun sú, sem eg bygði á tilskipun 8. Sept. 1841 um sannanir í sakamálum móti enum háttvirta konúngsfulltrúa, þá er málið var rædt hið fyrsta sinn, er rètt, þó fyrirsögnin væri ekki öldúngis rètt hermd. Hann talaði þá um almenn lagaboð þau, sem legðu á hegníngar, en eg hèlt að lagaboð þetta væri ekki á þann hátt, og það ætla eg rètt vera.. Að öðru leiti finnst mèr ekki vera nein töluverð ástæða mót uppástúngunni í því, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi bar fram, því hvernig sem á málið er litið, verður þó ætíð ójöfnuður í því, ef sakamál þessa lands verða ekki lögð hèr fyrir þíngið, en hin dönsku sakamál eru lögð fyrir þíngin í Danmörku. Eg var farinn að verða hræddur um, að hinn háttvirti konúngsfulltrúi ætlaði að færa að þínginu fyrir það, að það hefði lítið vit á almennum málum, og einusinni virtist mèr, sem hann mundi jafnvel óttast, að þíngmenn mundu verða sakamenn, ef þeir færi að fást við sakamál, en eg sá síðan, einsog mig líka grunaði þegar í fyrstu, að þetta mundi ekki vera meiníngin. Það er að vísu satt, að hèr eru ekki mjög margir lögfróðir menn, og þeir kunna kannske að vera fleiri á þíngunum í Danmörku, en í eingri slíkri samkundu mun vera meiri hluti lögfróðra manna. En þó hinir lögfróðu menn sèu ekki fleiri, þá er þeim ætlanda, hèr einsog þar, að skýra málin fyrir öðrum og leiðbeina til rèttrar skoðunar á þeim, og eg held að lögfræðíngar hèr muni vera svo kunnugir sakalögum þessa lands, að þeir geti leiðbeint þínginu nokkurnvegin, einsog lagamenn á þíngum í Danmörku. Eigi þaraðauki alþíngi og alþýðu hèr á landi að fara fram í ljósri þekkíngu á lögunum, þá er nauðsyn að menn fái að sjá þau og ráðgast um þau.

Ástæða sú, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi tók af tilskipun 28. Maí 1831, virðist mèr vera nokkuð lètt. Það er, að eg ætla, öldúngis ný kenníng, ef lög um sakamál eiga ekki að snerta persónu rèttindi manna; eg held öllu framar, að þau að flestra dómi snerti slík rèttindi hvað mest af öllum lögum. Það verður kannske ekki sagt, að sakamaður vinni nein rèttindi, þó hann drýgi glæp, svosem t. a. m. rèttindi til að fá þá eða þá hegníngu, en hann brýtur heldur ekki af sèr öll rèttindi, þó honum hafi orðið á, og það er ekki lítils varðanda, að bor-

in sè umhyggja fyrir, að hvorki honum sjálfum nè eignum hans verði misboðið framar enn rèttvist er.

Hinn háttvirti konúngsfulltrúi sagði, að stjórnin væri mjög frjálslynd með að leggja frumvörp fyrir þingin í Danmörku, jafnvel framar enn þyrfti; þetta kann uú vel að vera, en eg ætla þá einnig þetta þing hafa ástæðu til að vænta hins sama frjálslyndis, og eg veit ekki til að það hafi brotið það af sèr í neinu enn sem komið er.

Það kann að vera, að ekki verði hjá því komist að nokkuð smásmugleg aðfinníng kynni að koma fyrir hèr á þínginu um orðatiltæki í frumvörpum stjórnarinnar. Við þetta held eg þó, að frumvörpin framar batni enn hitt, að minnsta kosti svo, að ekki standi þar þrenn og fern orðatiltæki um eina og sömu rèttarhugmynd, og einginn efi er á, að það er nauðsyn, að lagamálið verði svo ljóst, skilmerkilegt og fast ákveðið sem mögulegt er.

Konúngsfulltrúi: Eg hygg, að eg þurfi ekki að svara öðru af því, er hinn virðulegi framsögamaður mælti: en að svo miklu leiti, sem hann ætlar, að tilsk. 8. Sept 1841 um sannanir í sakamálum, snerti eins lítið hegníngarlögin, eins og þó hún hefði verið um stefnufrest í sakamálum, þá verð eg að geta þess, að inntak þessarar tilskipunar ákveður, hvernig ástatt skuli vera, til þess hegníngu verði við komið, og hvaða skildaga þurfi til þess, að álíta, að maður sè valdur að einum ellegar öðrum glæp. Þessvegna verður því ekki neitað, að tilskipun þessa má telja meðal hegníngarlaganna, þar sem hinsvegar tilskipun um stefnufrest eflaust hefði verið talin með rèttargángslögunum. Mèr hefir virzt að eg ætti að geta þessa, til þess menn ekki skyldu ætla, af orðum hins virðulega framsögumanns, að kansellíið, með með því að láta snúa tilskipun þessari og senda hana hingað til lands, svo sem löggylda eptir tilsk. 24. Jan. 1838, 7. gr., hefði veitt sèr það sjálfdæmi, sem það átti ekki.

Framsögumaður: Kansellíið mun þó sjálft hafa búið til fyrirsögn á tilskipuninni, og þareð fyrirsögnin er „um sannanir í sakamálum“, mun stjórnarráðið hafa álitið sannanirnar vera aðalatrið, en ekki hegníngar þær, sem tilgreindar eru í tilskipuninni.

Forseti: Eg verð, með tilliti til þess spursmáls, er hinn hæstvirti konúngsfulltrúi lagði fyrir mig, að svara því, að mèr

er meiníng þingsins ókunn í því efni. Eg hefi að vísu í ymsum nefndarálitum sèð, að fundið hefir verið að orðavali, en ástæðurnar eru mèr ókunnar. Eg held fyrir mitt leiti, að útleggíngarstörf þau, er hèr ræðir um, mundu bezt falin landsyfirrèttinum; og að vísu mundi útleggíngin þá hafa mest álit, enda þó ekki þyrfti að búast við því, að hún yrði öllum að skapi.

Það væri bezt, að þingið, og sèrílagi þeir menn, er helzt hafa vitsmuni og kunnugleik til að dæma um þessa máls eðli, segðu meiníngu sína hèrum, svo hinn hæstvirti konúngsfulltrúi gæti feingið nokkurskonar hugmynd um, hver þingsins eiginlega meiníng sè um þetta málefni.

Framsögumaður: Það er ekki í því skyni, að mótmæla uppástúngu hins háttvirta forseta, nè til að grípa fram fyrir hendur á öðrum þingmönnum, sem eg veit að bera betra skyn á þetta mál enn eg, að eg leyfi mèr að láta í ljósi meiníngu mína: Eg held, að útleggíngar, þær, sem þurfa á lögum eða þesshättar, væru bezt faldar á hendur Íslendíngum þeim, sem í stjórnarráðunum eru, og eg þykist viss um, að ætíð verði Íslendíngar þar, í öðru stjórnarráðinu eða báðum, sem vel verði trúanda fyrir þessu starfi.

Varaforseti: Eg verð að fallast á álit hins mikið heiðraða forseta í þessu efni, og held þessi útleggíng væri betur falin landsyfirrèttinum enn einstökum mönnum.

Forseti: Eptir þessum kríngumstæðum get eg ekki gefið hinum hæstvirta konúngsfulltrúa aðrar upplýsíngar um þetta atriði enn nú var sagt.

Þareð einginn ræddi fremur þetta mál, sagðist forseti álíta það nægilega rædt til undirbúnings. Þvínæst tilkynnti hann þínginu, að fundur byrjaði næsta dag fyrri enn vant væri, nefnilega kl. 9 og mundi þá mál þetta verða útrædt.

Þvínæst var fundi slitið.

5. August — tuttugasti og áttundi fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá tuttugasta og sjöunda fundi lesin og samþykkt.

Forseti lagði fram skólamálið til síðustu umræðu og atkvæða greiðslu; mælti þá Framsögumaður málsins, Prófastur H. G. Thordarsen, þessum orðum:

Það er enn sem fyrri, að eg eigi vil fara mörgum orðum til að mæla fyrir þessu efni; málið liggur mèr of mjög á hjarta, og mèr þykir það of veglegt til þess, að fara að tala eitthvað útí buskann. Eg hefi það traust til þingsins, eg hefi það traust til fósturjarðar minnar, sem eg hefi elskað allt í frá blautu barnsbeini, að hún nú sjái hvað til síns friðar heyrir, — eg vona allir sjái, að eingin útvortis gæði geta orðið mönnum að liði, nema því að eins, að menn innvortis, í sjálfum sèr, sèu svo undirbúnir sem þartil svarar, því hver gæði sem bjóðast, verða því að eins að liði, að menn kunni vel til að gæta og vel með að fara, og er þetta komið undir mentun og þekkíngu hvers eins. Eg vil það verði augljóst, að vilji þjóðin, einsog nú er á henni að heyra og henni sæmir, ná meiri framförum, þá er það allt bundið við það eina, sem er fyrst og fremst, að hún fari vaxandi í þekkíngu og upplýsíngu. Eg vil taka til dæmis: vèr höfum hlotið þetta þíng, en að hverjum notum kemur það oss, nema vèr flytjum hingað með oss sjálfir, í brjósti voru, mentun og upplýsíngu, og má ei þegar sjá, að þeir muni hèr hvað mestan starfa hafa á hendi haft, utan eður innan þíngs, sem talsverða mentun hafa öðlast. Vèr höfum hèr á þíngi æskt frjálsar höndlunar; hún getur eigi, heldur enn önnur gæði, orðið oss að sönnu gagni án mentunar. Mig minnir eg heyrði hèr á þíngi fyrir skemmstu talað um, að vèr skildum lítt túngumál útlendra þjóða, og var það satt sagt; en þá mælti þíngmaður nokkur þar á móti, að kunnátta þessi mundi útbreiðast um landið, þegar skólinn kæmist svo á fót, sem nú er ráð fyrir gjört. Þannig má sjá, að það kemur að eingu gagni að beiðast útvortis gæða, ef menn ekki eru innvortis meðtækilegir fyrir þau, ef þá þekkíngu brestur, sem er undirstaða allra þeirra hluta, sem gjörast eiga.

Eg hefi mælt þessum orðum af hjartans sannfæríngu og tilfinníngu, og vil svo ei tala fremur eitt einasta orð um þetta áríðanda málefni.

Prófastur Hannes Stephensen: Sá er víst einginn hèr á þíngi, sem ekki gefi þeim orðum jákvæði, sem hinn heiðursverði framsögumaður nú mælti, því einginn er sá hèr, sem ekki kannist við, hver gæði hver þjóð og hver maður eigi í sannri og nytsamri mentun; einginn mun hèr sá, sem ekki hafi hið sterkasta traust á stjórninni í þessu efni, og beri því allir samhuga fram bæn sína þar um.

Það verður víst í síðasta sinni, sem eg tek til orða á þingi þessu, því vilda eg tala hèr þau orð síðast: að eg ætla eingann þann, sem skilur við vini sína, er vilji taka það neitt með sèr heim, sem annars er; þegar mál þetta í gær var rædt, voru þeir fáir, sem til orða tóku, en þó varð sá misskilningur, að þegar nefndin vantreysti efnum stjórnarinnar til að halda skólann, leiddi eg fyrir sjónir efni þau, sem skólanum kynni mega eigna, og þá voru þessi orðin skilin sem sláttur barlómstrumbunnar; hafi hún hèr verið barin, hafði eg sízt ætlað að berja hana; eg á hana ekki, hefi aldrei haft hana höndum og tek hana því ekki heim með mèr frá rèttum eigendum, ef nokkrir eru.

Stephán hreppstjóri Jónsson: Eg vil með innvortis tilfinningu mæla fram með því, að skólinn fái þá endurbót, sem bezt er kostur á; en ef það kemur fyrir, að biðja þurfi alþýðu um styrk, þá vildi eg óska, að sú betlitrumba lèti ekki hærra heima í sveitum, enn barlómstrumban hefur látið hèr á þinginu, og þá kalla eg vel fyrir sèð.

Framsögumaður: Eg sè að menn eru farnir að gjörast kátir á þinginu. Það hefir ætíð verið venja mín að taka vel góðu gamni. Það á líka vel við að gleðja sig í dag, því það er lokadagur. Fleiru vil eg ei svara uppá það, sem án alls efa var af eingum talað öðruvísi enn í meinleysi.

Kandidat Jón Sigurðsson: Eg vona að lítilfjörlegur ágreiningur í orðum verði hèr ekki látinn spilla miklu málefni.

Ásgeir bóndi Einarsson: Mèr skildist á orðum hins heiðraða framsögumanns, þegar mál þetta var rædt í gær, að hann vildi að þingið lèti opinberlega meiningu sína í ljósi um það.

Eg þykist nú vita, að allir hinir heiðruðu þingmenn sèu því samþykkir, að bænarskrá verði send Hans Hátign konúnginum um þau atriði, er í álitsskjali nefndarinnar eru fram tekin. Eg fyrir mitt leiti votta innilega gleði mína yfir því, að mál þetta hefir nú tekið þá stefnu, er mèr virðist bæði enum háttvirta konúngsfulltrúa og þinginu yfirhöfuð geðfelld; orsakar þetta mèr því meiri gledi, er eg óttaðist að á annan veg mundi fara, þegar málið var fyrst upp borið.

Kostnaðurinn, er menn óttuðust mest í öndverðu, verður auðsjáanlega mikið minni, heldur enn ef uppástúngu hænarskráarinnar hefði verið fylgt. En þar menn munu gjöra sèr

fulla von um, að konúngur vor muni láta skóla vorn njóta allra þeirra rèttinda, er honum bera, hvað með tímanum mun verða þjóðkunnugt, og verði því samfara haganlegt fyrirkomulag skólans og þjóðinni geðfellt, vona eg hún verði ei fráleit á að styrkja til þess, að því yrði framgeingt í þessu efni, er henni þætti þörf, að hverju eg fyrir mitt leiti vildi fúslega stuðla.

Forseti: kvað þá málið rædt til lykta, er ekki tóku fleyri til orða, og skaut til atkvæða þingsins:

Á að semja allraþegnsamlegasta bænarskrá til konúngs, samkvæmt uppástúngu nefndarinnar? — samþykkt af öllum.

Forseti lagði því næst fram, til síðustu umræðu og atkvæða-greiðslu, málefnið um að almenn sakamála-lög væru borin undir álit alþingis áður þau næðu lagagyldi á Íslandi.

Framsögumaður málsins, Kandidat Jón Sigurðsson, kvaðst eigi hafa fleira fram að færa enn gjört var þá málið var rædt til undirbúningis.

Enginn tók til orða; og kvað forseti þá mál þetta útrædt og skaut til atkvæða:

Á að beiðast þess allraþegnsamlegast að hin almennu sakalög, sem útgefin verða, verði borin undir álit alþingis áður þau verði löggyld á Íslandi? — samþykkt af öllum.

Því næst voru lesnar upp og samþykktar eptirfylgjandi bænarskrár þingsins til konúngs:

1. Bænarskrá um kennslu lögun í Íslands lærða skóla.

Fyrir alþingið var framlögð bænarskrá frá 24 stúdentum og kandidötum í Kaupmannahöfn, um endurbót og fullkomnari skipan á skóla landsins.

Þetta mál þótti svo miklu varða, að þingið kvaddi nefnd til að segja þarum álit sitt, og var málið rædt tvisvar sinnum á þinginu, einsog lög gjöra ráð fyrir, og leyfir nú þingið sèr allraþegnsamlegast að segja álit sitt um það, sem fylgir:

Þingmenn eru allir samhuga í því, að sá sè einginn hlutur, er þjóðinni megi liggja fremur á hjarta, enn framför í mentun og allskyns þekkingu, því án þess muni henni ekki, heldur enn öðrum þjóðum, viðreisnar, því síður framfara von, og það þykir einkum mestu varða, að í landinu sjálfu gefist sem beztur stofn til náms og andlegra framfara, þeim, sem ei hafa efni á að leita æðri mentunar erlendis við háskólann, því

svo að eins muni mentunin fá þjóðlegan blæ og ná að hrífa sem mest á almenníng.

Það hagar svo til, máske í öllum löndum, en þó mest á því víðáttu-mikla og strjálbyggða Íslandi, að upplýsíng og þekkíng alþýðunnar er mjög svo bundin við hina andlegu stètt-ina; Það er því ekki lítils varðanda, að prestar landsins sèu sem bezt mentaðir og siðaðir, og er allur þíngheimur á því, að allt sè til þess vinnanda, að þeir, sem verða prestar hèr, án þess að geta leitað háskólans í Kaupmannahöfn, megi hljóta sem beztan undirbúníng í sjálfu landinu.

Að vísu er það kunnugt, að Yðar konúngleg Hátign bæði hefir endurbætt, og ennþá ætlar að endurbæta og fullkomna skól-ann hèr í landi, og mætti því kannske sýnast svo, sem eigi þyrfti nú að fara því málefni fram, þareð það væri á svo góð-um vegi og í enum beztu höndum; eingu að síður vonar al-þíngið, að það fremur muni vera Yðar konúnglegu Hátign þóknanlegt, að þjóðin viðurkenni Yðar konúnglegu viðleitni til að efla mentun landsins, og láti í ljósi sína þegnsamlegustu lotníngu og innilegustu þakklátsemi fyrir það, sem þegar er gjört og stofnað í þessu mikilvæga efni, með því trúnaðar trausti, að Yðar Hátign muni hèreptir, sem hingaðtil, með kon-únglegri mildi og vizku ennfremur efla skóla landsins, einsog ýtrast verður við komið.

Hinsvegar vill þíngið eptir megni kappkosta, að útbreiða meðal þjóðarinnar þann anda, að hún eptir ástandi sínu vilji styrkja Yðar Hátignar landsföðurlegu viðleitni í öllu, sem mið-ar til að efla þekkíngu og upplýsíngu landsins.

Þótt nú þíngið viðurkenni, að eigi sè þörf á, að það leggi ráð til um hina haganlegustu innvortis niðurskipun á kennslunni í skólanum, einkum þareð það er fullkomlega sann-fært um, að Yðar konúngleg Hátign muni skipa öllu þessu uppá þann hátt, sem landinu sè hagfeldast, leyfir það sèr þó að taka fram þau aðalatriði, sem því virðast vera sem undirstaða ennar æðri mentunar, sem landið þarfnast, og getur því eigi annað enn óskað, að þíngsins uppástúngur í því efni allramildi-legast megi koma til yfirvegunar, undireins og ályktað verður, hverjar vísindagreinir skuli kenna í hinum nýja skóla.

Samkvæmt því, sem hèr er greint að framan, leyfir þíng-ið sèr allraþegnsamlegast að bera þá bæn fram fyrir Yðar konúnglegu Hátign:

1. Að skóli vor verði nú þegar bættur svo og aukinn, að hann geti staðið jafnfætis hinum beztu skólum í Danmörku; ætlum vèr að þar til liggi næst: að þar verði ætlað rúm handa 60 piltum; að alúð verði lögð á, að kenna íslenska túngu og íslenzka og norræna bókvísi, að kennd verði þjóðverska, enska og frakkneska; sömuleiðis náttúruvísindi og stofnað náttúrugripa-safn, sem þar til er nauðsýnlegt; enn fremur, að kennd verði saunglist, uppdráttarlist og íþróttir (*Gymnastik*).
2. Að guðfræðiskennslan, einsog til stendur, verði nú þegar skilin frá skólakennslunni, og prestaskóli settur sèrílagi, sem veitt geti prestaefnum svo mikla guðfræðislega mentun, sem nauðsynleg er stètt þeirra. Auk kennimannlegrar guðfræði (*Pastoraltheologie*), sem dómkirkjupresturinn mundi kenna, virðist þar þurfa útskíríngar yfir nýja testamentið (*Exegetik*), siðfræði, trúarfræði og kirkjusögu, og mun ei veita af 2 árum til þessa; þetta virðist og útheimta 1 fastan kennara við prestaskólann að minnsta kosti, ef eigi er kostur á tveimur.
3. Að forspjallsvísindi (*Propedeutiske Videnskaber*) verði þar kennd, þó eigi væri nema í ágripi, handa þeim sem eigi fara til háskólans í Kaupmannahöfn.

Reykjavík, 5. Aug. 1845.

Thorsteinson. H. G. Thordarsen.

2. Bænarskrá um, að hin almennu dönsku sakamála-lög ekki verði lögleidd á Íslandi áður enn þau hafa verið lögð undir álit alþíngis.

Frá alþíngismanni Ísafjarðarsýslu, kandidat Jóni Sigurðssyni, kom til alþíngis frumvarp um það, að þíngið allraþegnsamlegast færi þess á leit, að Yðar konúnglegri Hátign allramildilegast mætti þóknast, að láta bera upp á alþíngi til ráðaneytis sakalög þau, sem ætluð væru Íslandi, áðurenn þau væru lögskipuð í landinu.

Þíngið kaus 3 manna nefnd til að íhuga þetta mál, og ræddi það síðan á tveimur fundum, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að bera upp álit sitt á því þannig:

Þíngið álítur frumvarp þetta að vera þess eðlis, að það eigi að ljá því meðmæli sín, er því virðist það fara því einu fram, sem samkvæmt sè tilgángi og augnamiði þíngsins, eptir þeim skilníngi, sem það leggur í alþíngistilskipunarinnar 1.

grein, þegar hún er er borin saman vid 4. grein í tilskip. frá 28. Maí 1831, og jafnframt er litið til þess atriðis, að Yðar konúngleg Hátign lætur leggja fyrir hin dónsku standaþíngin til ráðaneytis þau lagafrumvörp, sem hèr ræðir um, áður þau fái lagagyldi í Danmörku.

Jafnframt virðist þínginu, að það, ef öðruvísi yrði í þessu efni enn nú var sagt, ekki væri jafnrèttis með hinum öðrum umdæmaþíngum, en skilur þó ekki betur, enn að það sè Yðar konúnglegu Hátignar allramildasti vilji, að alþíng skuli standa jafnsíðis þíngum þessum, og að það að öðru leiti, þegar borgaraleg lög, sem koma út í Danmörku, áður enn þau eru leidd í lög í landi hèr, eru borin upp til ráðaneytis á alþíngi, sè samkvæmt hlutarins eðlí, að og svo sakalög, sem öllu fremur enn hin borgaralegu varða mikilvægum persónulegum og eignarrèttindum, sèu, áður enn þau öðlast lagagyldi hèr á landi, borin upp á alþíngi, og því veitt tilefni til að segja um þau sitt allraþegnsamlegasta álit.

Af þessum hèr greindu ástæðum leyfir þíngið sèr samhuga allraþegnsamlegast að biðja um:

að Yðar konúnglegri Hátign allramildilegast mætti þóknast, að láta bera upp á alþíngi til ráðaneytis þau almennu fyrir Danmörku gefnu sakalög, sem ætluð eru Íslandi, áður enn þeim er veitt hèr lagagyldi.

Reykjavík, 5. Aug. 1845.

Thorsteinson. Jonassen.

3. Bænarskrá um, að utanríkis þjóðum mætti veitast greiðari aðgángur til verzlunar á Íslandi, m. m.

Til alþíngis hafa komið 27 bænarskrar úr 15 sýslum hèr á landi, og enn ein bænarskrá frá nokkrum íslenzkum kandidötum og stúdentum í Kaupmannahöfn, um, að Íslandi mætti veitast fullkomið verzlunarfrelsi við allar þjóðir; eru einkum þessi atriði til tekin:

1. Um utanlands verzlun: að hún verði látin laus við allar þjóðir, eða nokkrar enar næstu, og tollur sá tekinn af, eða lækkaður, sem nú er á hana lagður að utanríkis þjóðir verði fríaðar frá, að sækja vegabrèf til hins konúnglega rentukammers í Kaupmannahöfn; að lausakaupmönnum öllum verði leyfð óbundin verzlun hèr við land, og að tekinn

verði af útflutníngstollur sá, sem nú er goldinn af vöru þeirri, er flutt verður beint frá Íslandi til annara ríkja.

2. um innanlands verzlun: að hún verði einnig gefin laus, svo að hver búandi maður eigi kost á að kaupa hjá yfirvaldinu leyfisbréf til verzlunar fyrir sanngjarnlegt gjald og að verzlun yrði tekin upp á fleiri stöðum enn nú er.

Til að undirbúa þetta mál var kosin 5 manna nefnd, og eptir að hún hafði ritað álit sitt um málið, var það rædt á tveimur aðalfundum á lögskipaðan hátt.

Það er almennt viðurkennt, að opið brèf 18. Aug. 1786 og tilskipun 13. Júní 1787, sem veittu Íslandi verzlunarfrelsi innanríkis, hafi verið þessu landi til enna mestu heilla, og sè aðalundirrót framfarar þeirrar, sem landið hefir óneitanlega tekið á seinni tímum. Tilskipun 11. Sept 1816. og opið brèf 28. Des. 1836 hafa enn nokkuð rýmkað innanríkis verzlun, og lagt grundvöll til meira frelsis í verzlun við aðrar þjóðir; en þó er það viss ætlun alþíngis, að ef Yðar konúnglegri Hátign mætti þóknast enn framar að auka verzlunarfrelsi þessa lands, bæði utan ríkis og innan, þá muni landinu vís enn meiri framför í öllu tilliti, og að það muni verða eitt hið öflugasta meðal til að framkvæma landsföðurlega umhyggju Yðar konúnglegrar Hátignar fyrir viðreisn landsins, og því, að það geti notið sömu rèttinda og aðrir hlutar ríkisins, að því leiti sem hagur þess og velferð krefur.

Alþíng finnur sèr skylt, að bera fram fyrir Yðar konúnglegu Hátign með djúpustu lotníngu, að það er allra manna meiníng hèr á landi, að sumar lagaskorður, sem reistar eru við verzluninni hèr á landi, séu framar til tálmunar enn til framkvæmdar tilgángi þeim, sem allir eru sannfærðir um, að stjórn Yðar konúnglegrar Hátignar hefir, að efla gagn og framför ríkisins alls yfirhöfuð, og lands þessa sèrílagi; þareð bönd þau, sem enn liggja á verzluninni, eru að mestu leiti leyfar frá fyrri tímum, þá er menn höfðu minni reynslu og í mörgu skakkar og óljósar hugmyndir um eðli verzlunarinnar og not verzlunarfrelsis til framfara landi og lýð. Þær skorður, sem einkum virðast vera til baga, eru: 1. tollur sá, 50 rbd. af hverju lestarrúmi, sem tilskip. 11. Sept. 1816 leggur á útlend kaupför, því reynslan hefir sýnt, að tollur þessi er svo hár, að hann er sem þvert bann. 2. boðorð það, að hvert útlent skip, sem vill fara híngað, skuli beiðast vegabrèfs af rentukammerinu í Kaupmanna-

höfn í hvert sinn, og innan loka Janúarmánaðar á því ári, sem ferðin er ætluð. 3. að íslenzkum kaupmönnum er ekki leyft að taka útlend skip að leigu, nema með enum fyrr talda afar háfa tolli. 4. að lausakaupmönnum innlendum er ekki leyft að verzla á einni höfn hèr á landi nema einn mánuð á sumri, og ekki að byggja hús eða búð á landi til verzlunar. 5. að öll verzlun í sveitum er bönnuð, og enginn má fá bændum í hendur varníng til sölu, hversu sem á stendur.

Alþíng heldur allraþegnsamlegast, að ef Yðar konúnglegu Hátign mætti þóknast af konúnglegri mildi að lètta þessum annmörkum af verzlun Íslands, mundi það verða landi þessu til ennar mestu viðreisnar, og ríkinu öllu til hagnaðar.

Hvað enu fyrra atriði viðvíkur, þá verður hver sá, sem til þekkir hèr á landi, að játa, að allskonar vöruafli verður aukinn hèr svo, bæði af landi og sjó, að ekki er auðið að segja takmörk þess. En til þess það geti orðið, þá er frelsi atvinnuveganna nauðsýnlegt, og einkum verzlunarinnar, því hún er undirrót og stofn þeirra allra. Nú verður því ekki neitað, að margar þjóðir eiga eins hægt til verzlunar við land þetta, eins og samþegnar vorir í Danmörku og hertogadæmunum; hafa vörur, sem oss eru hentugar, einsog þeir og sumar betri, þurfa einnig sumra vörutegunda þeirra, sem vèr höfum að bjóða, framar enn þeir og kaupa þær nú af þeim. Þessar þjóðir mundu að vísu koma hingað til lands, ef þeim veittist kostur á. Við þessa aðsókn mundi öll verzlun hèr aukast, og allur gángur hennar verða eðlilegri, því þá yxi vöru flutníngar að landinu og aðalkaupstefna á vöru landsins yrði hèr í landinu sjálfu. Þar af mundi leiða, að kaupmenn mundu framar fýsast að taka sèr hèr bólfestu og verja auði sínum til afla hèr í landi, og yrði það atvinnuvegum landsins til mestu framfara. Hingað til hefir sá annmarki jafnan legið á, að hèr hefir verið um lángan aldur vöruskortur á margri nauðsynjavöru, stundum nærfellt allstaðar, stundum víða, en alltíð á einstaka stöðum, og það sumstaðar mörg ár í bili. Nú er það sannreynt, að vöruneyzla og vöruafli fylgist að, svo að hvert eykst með öðru; þar af er auðsætt, að vöru skortur hnekkir vöruaflanum, einkum þegar vantar þær vörutegundir sem þarf til að framfylgja atvinnuvegum landsins og nota þá, og þessar vörutegundir vanta einmitt tíðast. Vöruskortur þessi er og mjög til hnekkis endurbótum á vörutilbúníngi landsins og fjölgun vörutegunda, því þetta hlýtur allt að verða hvert

öðru samfara. En eptir því sem verzlunin að líkindum mundi aukast, mundu einnig atvinnuvegir landsins þróast og margfaldast, og fólkið fjölga, varníngur landsins hækka í verði og batna, og verzlunin verða landsmönnum framar í vil enn hingaðtil; samgaungur og viðskipti Íslendínga við útlendar þjóðir mundu aukast og landsmönnum gefast færi á að nema mart, sem þeim er enn ókunnugt, en mætti verða hèr til ennar mestu nytsemdar. Þá mundi einnig verða miklu auðunnara, að koma hèr á ymsum endurbótum í stjórnarathöfn landsins, lögreglustjórn, kennslu og öðru fleira, sem enn vantar, en landinu ríður mikið á. Þínginu virðist ekki vera að óttast, að nein ofhastarleg eða skaðleg breyting mundi verða á hag landsins, þó Yðar konúnglegri Hátign þóknaðist að veita fullt verzlunarfrelsi nú þegar, án frekari undirbúníngs; það álítur verzlunarfrelsið sjálft vera hinn bezta verzlunarskóla, og þykist finna rök fyrir því af fornri og nýrri reynslu þessa lands og margra annara landa.

Þíngið vonar einnig, að ef Íslandi yrði veitt verzlunarfrelsi, mundi öllu ríkinu standa þar af nokkur hagnaður. Þínginu virðist sem ríkinu öllu mundi greiðast við það nokkur vegur til að ná viðskiptum og verzlun við aðrar þjóðir framar enn nú sem stendur, auk þess sem öllum innanríkis mönnum yrði greiður vegur til að taka þátt í öllum þeim ábata, sem atvinnuvegir og afli hèr á landi mega veita. Vèr væntum jafnvel, að ríkið kynni að geta öðlast nokkuð hagræði í verzlunarsamníngum við önnur lönd, ef verzlunin hèr á landi væri látin laus.

Þó að sjóður Yðar Hátignar hafi nú sem stendur eingar tekjur af 50 rbdala tolli þeim, sem lagður er á verzlun útlendra hèr við land, og hafi heldur ekki, það menn vita, nokkurntíma haft þær, mundi þó mega gjöra ráð fyrir, að ekki væri kostur á að vera án þeirra, ef verzlunarfrelsi yrði mildilega veitt. En á þessu er það vandkvæði, að bágt mun veita hèr á landi að koma á reglulegum tolli, með föstu gjaldi af hverri vörutegund, einsog annarstaðar tíðkast. Á hinn veginn verður að gæta þess, að ef ákveðið yrði fast gjald eptir lestarrúmi, mætti það ekki vera mjög hátt, til þess það stæði ekki aðsókn til landsins í vegi og spillti verzluninni, einkum á þeim varníngi, sem heyrir til landsins helztu nauðsynja. Þessu ætlar alþíng allrapegnsamlegast að ekki muni geta orðið framgengt, ef tollurinn yrði settur hærra enn til 5 rbd. af lestarrúmi hverju, þegar

flutt væri ýmisleg vara, og 2 rbd. þegar flutt væri einúngis kornvörur, salt eða steinkol, en á timburfarma ætlar alþíng allraþegnsamlegast að eingan toll mætti leggja.

Alþíng ætlar allraþegnsamlegast, að bezt væri að binda ekki verzlunarfrelsið við neitt árabil til reynslu, því það virðist auðsætt, að þá mundu margir sækja hingað til verzlunar með hálfum hug, vegna óvissunnar um, hversu leingi verzlunarfrelsið kynni að standa. En því framar sem þessi ótti kæmi fram, því minni ávextir sæust af verzlunarfrelsinu.

Ekki heldur virðist þínginu ráð, að binda verzlunina við fáeina staði, þareð því virðist að það mundi gjöra verzlun á landinu ójafnari og hindra aðflutninga, þareð einginn kaupstaður, nema ef til vill Reykjavík ein, er fær um að taka móti töluverðum varníngi. Þaraðauki eru flutníngar örðugir frá svo fáum stöðum, og verða þá ekki full not að verzluninni, nema í næstu héruðum. En skyldi Yðar konúnglegri Hátign þykja ísjárvert að veita fullt verzlunarfrelsi öllum þeim verzlunarstöðum sem nú eru, eða hèreptir kynnu að verða löggyldtir, en óhættara að leyfa óbundna verzlun að eins á nokkrum stöðum, þá beiðist alþíng allraþegnsamlegast, að það yrði veitt þessum 5 stöðum: Reykjavík, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri (Eyjafirði) og Eskifirði, þó svo, að utanríkis menn væru að eins skyldaðir til að koma á þessa staði fyrst, en mætti síðan fara til annara staða, ef ekkert fyndist standa í vegi fyrir verzlun þeirra.

Það virðist alþíngi allraþegnsamlegast mjög áríðanda, að utanríkis þjóðum væri gjört sem umsvifaminnst að fara hingað til verzlunar, og virðist því ekki geta hlotizt nein óregla af því, að allir utanríkismenn væru fríaðir við að sækja vegabrèf til rentukammersins í Kaupmannahöfn, og væri látið nægja venjuleg skilríki frá enum næsta verzlunarfulltrúa Yðar Hátignar, með venjulegum kostum.

Sömuleiðis virðist alþíngi allraþegnsamlegast, að ekki beri nauðsyn til, að takmarka verzlun lausakaupmanna frá öðrum ríkjum, sízt fyrst í stað, framar enn þeirra, sem koma frá Danmörku eða hertogadæmunum, að öðruleiti enn hvað þíngið hefir allraþegnsamlegast getið um tollinn. Þíngið óttast að það mundi verða verzlun landsins til hnekkis, ef þeim væri lagður tálmi í veginn, annaðhvort með því, að heimta af þeim hærra gjald enn öðrum, eða með því að binda þá framar enn

lausakaupmenn hèðan úr ríkinu til að koma á tilteknar hafnir fyrst, eða liggja á höfnum að eins um tiltekinn tíma, eða því-umlíkt.

Alþíng væntir allraþegnsamlegast, að það mundi verða verzluninni hèr á landi til mikils hagnaðar, og sèrílagi þeim kaupmönnum, sem hèr eru búsettir, og nú sem stendur eiga mjög örðugt uppdráttar, til að útvega sèr skip til verzlunar sinnar, ef Yðar konúnglegri Hátign mætti þóknast að veita, að íslenzkir kaupmenn, sem eru búsettir hèr á landi, mættu fá leyfi til að taka skip á leigu í útlöndum og hafa til verzlunar hèr við land, án þess að gjalda meiri toll af enn af innlendum skipum verður goldinn. Alþíng dirfist allraþegnsamlegast að láta í ljósi þá sannfæríng sína, að ekkert mundi framar enn þetta geta komið verzluninni hèr á landi í það horf, að hún yrði færandi af landsmanna hálfu.

Þínginu virðist einnig mikil nauðsyn á, að leyst yrði það band, sem hingaðtil hefir verið lagt á lausakaupmenn, að mega að eins liggja einn mánuð á sömu höfn; að sönnu hefir opið brèf 28. Des. 1836 gefið nokkra vilnun í þessu efni, er það hefir leyft lausakaupmönnum að skipta legutímanum; en samt er það band, sem enn liggur á þessari verzlunargrein, svo óvenjulegt, og hefir alla tíma verið hèr svo óvinsælt, að þíngið ætlar það samhuga ósk allra eða allflestra landsmanna, að það yrði af tekið.

Til þess að landið geti haft not af fullkomnu verzlunarfrelsi, virðist þínginu nauðsynlegt, að sveitaverzlun verði leyfð, með hæfilegri takmörkun. Innanlands verzlunin er svo áríðandi, þareð allur ábati sá, sem hún hefir með sèr, geingur í hendur landsmönnum sjálfum, að nauðsynlegt er að hún sè sem allra-frjálsust. Þessari grein verzlunarinnar hefir ekki verið hingaðtil nægur gaumur gefinn, vegna stefnu þeirrar, sem verzlunin hefir haft hèr á landi; en þíngið ætlar allraþegnsamlegast, að þessi grein verzlunarinnar mætti verða að hinum mestu notum, og einkum hið hagkvæmasta og bezta meðal til að jafna aðflutninga og verzlun um landið og koma upp innlendri verzlunarstètt, sömuleiðis til að auka og bæta vöruaflann, spara mönnum lángar og örðugar ferðir til kaupstaða, og mart fleira. Meira hluta þingmanna hefir virzt, að ekki væri að óttast að sveitaverzlun mundi auka óhóf, eptir því sem lenzka er hèr í landi, og heldur ekki að hún mundi draga frá

kaupstöðunum, þareð sveitakaupmenn gætu ekki verzlað nema þar. Þó virtist hæfilegt, að ákveðið yrði, að sveitakaupmenn skyldu vera búfastir menn og að öðru leiti vel kynntir, einnig sækja leyfisbréf til amtmanns, og gjalda 10 dali fyrir til fjárhirzlu Yðar Hátignar hèr á landi; sömuleiðis að þeir verði skuldbundnir til að hafa ávallt nokkra nauðsynjavöru.

Samkvæmt þessu dirfist alþing allraþegnsamlegast að bera fram þá bæn fyrir Yðar konúnglegu Hatign:

1. með 22 atkvæðum mót 1, að allar utanríkis þjóðir, sem leyfð er verzlun hèr við land með vissum skilmálum í tilskipun 11. Sept. 1816, megi sækja hingað til verzlunar á þann hátt, að tollurinn verði lækkaður til 5 rbdala af lestarrúmi hverju þegar flutt er allskonar vara, 2 rbdla af lestarrúmi þegar flutt er einúngis kornvara, salt eða steinkol, en enginn tollur verði goldinn af timburförmum.

2. með 22 atkvæðum mót 1, að verzlunarfrelsi þetta verði ekki bundið við árabil.

3. með 16 atkvæðum mót 7, að verzlun þessi verði leyfð í öllum verzlunarstöðum á landinu, sem eru eða hèreptir verða löggyldtir.

En skyldi Yðar konúnglegri Hátign ekki þóknast að veita þetta, beiðist þingið allraþegnsamlegast með 12 atkvæðum mót 11, að utanríkis verzlun verði leyfð í þeim 5 kaupstöðum: Reykjavík, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri og Eskifirði; þó óskar þingið með 20 atkvæðum mót 3, að takmörkun þessi verði á þá leið, að útanríkis þjóðir þurfi að eins að koma fyrst á þessar 5 hafnir, en megi síðan fara á hverja höfn sem vill og löggyldt er.

4. með 22 atkvæðum mót 1, að utanríkis menn þurfi ekki að sækja leyfisbréf til kaupferða hingað til ens konúnglega rentukammers í Kaupmannahöfn, heldur hafi að eins venjuleg skilríki, og þar á meðal frá hinum næsta verzlunarfulltrúa Yðar Hátignar.

5. með 22 atkvæðum mót 1, að utanríkis lausakaupmönnum verði í engu gjört örðugra fyrir, að undanteknum tollinum, enn þeim sem eru innanríkis að.

6. með 22 atkvæðum mót 1, að íslenzkum kaupmönnum, eða þeim sem búfastir eru á Íslandi, sè leyft, að taka skip og farma á leigu útanríkis og fara með til Íslands og frá, með sama rètti og innlend væru.

7. með samhljóða 23 atkvæðum, að lausakaupmönnum verði eingin takmök sett, hversu leingi þeir skuli mega liggja eða verzla á höfnum, og

8. með 13 atkvæðum mót 10, að verzlun í hèruðum verði leyfð með þeim hættí, að amtmaður veiti hverjum búanda manni sem beiðist þess og má þykja til þess hæfilegur, leyfisbrèf til verzlunar, þar sem þörf þykir, með því skilyrði, að hann hafi ávallt nokkra nauðsynjavöru; svo gjaldi hann og fyrir leyfisbrèfið 10 rbd. til fjárhirzlu Yðar Hátignar hèr á landi.

Reykjavík, 4. dag Augústmánaðar 1845.

Thorsteinson. Jón Sigurðsson.

Forseti kvað hinn síðasta fund alþingis að þessu sinni, verða haldinn í dag kl. 2., yrðu þá þingmenn að mæta allir; sagði hann síðan fundi þessum slitið.

5. August. — tuttugasti og níundi fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá tuttugasta og áttunda fundi lesin og samþykkt.

Konúngsfulltrúi hèlt svolátandi ræðu:

Störf þau, er uú um frekan mánuð hafa hvern dag kallað oss, háttvirtu landsmenn, til fundar í þessum sal, eru nú á enda. Ósjálfrádt leiðist því hugurinn til að skoða það, er vèr höfum aðhafst, og vèr verðum þá þess varir, að á meðal þeirra málefna, er til þingstarfa vorra hafa komið, eru ekki all fá, sem snerta helztu hagsmuni lands þessa. Við því var að búast, að í þingstörfum þessum mættist opt misjafnt álit manna um hið hagkvæmlega og hið rètta, að opt væru látnar í ljósi gagnstæðar hugmyndir, alt eptir því, hvernig menn litu á málin ýmislega. En hver af oss flytur þó með sèr á brott hèðan þá sannfæringu, að hann hefir eptir mætti stuðlað til þess, að skýra það, sem óljóst var, að styrkja það, sem rètt var. Birta sú, er þannig befir skýrt málin á ýmsa vegu mun eflaust leiða ekki einúngis til þess, að stjórnin verði fær um að meta betur öll þau atriði, sem að nokkru leiti eru sèrstök fyrir þetta land, og sem gefa verður gætur að, þegar málunum verður ráðið til lykta, heldur og til þess, að glæða hjá landsmönnum rèttari og fjölhæfari hugmyndir um atvik þau og ásigkomulag, sem stjórnin, þegar hún leggur úrskurð á málin, verður að hafa fyrir augum. Eg hefi þannig þá von, að alþíng hafi, jafn-

vel nú þegar, komið miklu til leiðar, hafi stuðlað til þess að knýta fastar band það, sem er milli konúngs og þjóðarinnar. Þó eru einstöku málefni, sem tíminn hefir ekki leyft oss að leiða til lykta. En vera má, að sum þeirra, og einmitt það, sem mestu varðar, hafi fremur gagn enn skaða af biðinni. Þegar alþíng verður haldið hið næsta sinn, mun hver yðar, háttvirtu landsmenn, koma hingað svo undirbúinn, að yður sè ljósari staða alþingisins, sýsla þess og kraptar, og mun því störfunum þegar í upphafi geta orðið greiðfærara og betur framgeingt, enn nú, er vèr áttum fund hið fyrsta sinn, vorum óvanir þeirri aðferð, er vèr skyldum við hafa, og að miklu leiti ókunnugir þeim mönnum, er vèr geingum með að samvinnu vorri. Einnig munu orð þau, sem hèr hafa verið töluð, hugmyndir þær, er hèr hafa verið í ljósi látnar, verða nægt efni til þess, að hver og einn geti aukið, styrkt eður leiðrètt hugmyndir sínar um þau málefni, er skyld kunna að vera þeim, er að þessu sinni komu til umræðu hèr á þingi.

Þèr, háttvirtu landsmenn, hafið nú í þetta sinni lokið störfum yðar og farið nú aptur til hversdags sýslana yðvarra, til heimila og nánustu vina; þar mun yður þó ekki úr minnum líða þessir dagar, þar munu þèr, hver í sínum stað, sýna ávexti þeirrar reynslu, er þèr hafið hèr öðlast. Eg hefi ennþá einúngis að hálfu leiti leyst af hendi það starf, sem konúngur vor hefir mèr á hendur falið, þar sem eg hefi lagt fyrir þingmenn frumvörp stjórnarinnar, hefi skýrt þeim frá áliti hennar og tekið við orðum þeim og óskum, sem þingið vildi bera upp fyrir konúngi vorum. Skyldi nú svo virðast, sem eg hafi, eptir besta mætti, með alúð gegnt þessum hluta erindis míns, skyldi eg endur og sinnum hafa stuðlað til þess, að ljós og birtu legði á braut vora, þar sem dimmt þótti vera, þá meiga þingmenn treysta því, að eg muni ekki síður með alúð vilja leysa þann hlutann af hendi, sem eptir er, en það er að flytja konúnginum álitsskjöl og bænarskrár þingsins og þá, ef til vill, nákvæmar skýra frá hvötum þeim og ástæðum, sem þingmenn hafa haft fyrir augum. Og þó nú svo fari, að málalokin sýndu, að konúngur hefði ekki ætíð getað farið að ráðum og óskum þeim, er þingið, eður meiri hluti þess, hefði mælt fram með, — því mismunurinn í áliti manna getur sjálfsagt ekki orðið metinn einúngis eptir atkvæða-fjölda, heldur eptir því, hve gyldar eru ástæðurnar, — svo mun þó þingið og land-

ið allt komast að raun um, að þessum ráðum, þessum óskum mun nákvæmlega verða gaumur gefinn, og einúngis muni verða frá þeim vikið, þegar vor vitri og rèttláti konúngur hefir glöggskoðað málin og fundið aðrar ástæður gyldari.

Áður enn eg lýk máli mínu, að líkindum í síðasta sinni í þessum sal, býður hugurinn mèr að færa þínginu innilegustu þakkir mínar fyrir fölskvalausa velvild þá, sem hver og einn af hinum virðulegu mönnum hefir auðsýnt mèr. Þó verð eg fyrst og fremst að snúa mèr til þess manns, er mèr hefir um tíma gefist kostur á að virða mikils fremur flestum öðrum, til þess manns, hvers göfuglyndi og ljúfmennska, hvers hyggindi og glöggskygni á svo margan hátt hefir gjört störf mín, sem stundum hafa verið nokkuð þúngbær, lèttari, — til hinns háttvirta forseta alþíngis. Allir munu þegar hafa játað, hversu mjög það hefir komið þíngstörfum vorum til góðs, að hans hagsýna og verktama hönd hefir stýrt þeim, og óskir mínar, sem eg bestar á, fylgja honum, að honum veitist leingi fjör og kraptur til þess að geta starfað til velferðar lands þessa. Einnig á hinn háttvirti varaforseti miklar þakkir mínar skilið fyrir ljúfmennsku þá og velvild, er hann hefir vottað mèr, þegar hann hefir í stað forseta gengt störfum hans; sömuleiðis eiga báðir þeir dugandis menn, sem gegnt hafa hinum erfiðu skrifara störfum, sèrlegar þakkir af minni hálfu fyrir góðvild þá, er þeir jafnan hafa sýnt mèr. En það er — að eg taki það upp aptur — til þíngmanna allra, að eg sný þakklæti mínu fyrir vott þann, er þeir hafa sýnt mèr um traust og góðvild; og eins og það hefir verið mèr til mikillar ánægju, að kynnast svo mörgum virðulegum og heiðursverðum mönnum úr ýmsum hèruðum þessa lands, er mèr munu opt til hugar koma í bústað mínum á fjarlægu landi, svo vona eg, að einnig þèr, háttvirtu landsmenn, munið geta mín að góðu, þá stundir líða, og minnast aðstoðar þeirrar, er eg hefi leitast við að veita stiptun þessari við upphaf leiðar þeirrar, er hún á fyrir höndum, og sem vèr óskum af heilum hug að liggja mætti til sívaxandi velferðar þessa lands.

Forseti talaði því næst á þessa leið:

Heiðruðu alþíngismenn og meðbræður!

Þareð sú stund nú nálægist, að þíngstörfum er lokið og hver víkur aptur til sinna heimkinna, er ekkert náttúrlegra, enn að vèr rennum huganum til þess, hvað og hversu mikið það sè,

sem á samvinnutíma vorum er af lokið, og hvernig það sè af hendi leyst.

Mál þau, sem hafa verið borin upp á þinginu, hafa vissulega verið mörg, margbrotin, og flestöll mikilsvarðandi fyrir landið. Eg þarf ekki að skýra fremur frá þessu, þar það er oss öllum í fersku minni; eg vil einúngis geta þess, að auk 9 konúnglegra lagafrumvarpa og 4 annara málefna, er að konúngs boði hafa verið lögð undir álit alþingis, hafa enn fremur af fulltrúum þingsins verið bornar upp 33 bænarskrár, ýmislegs og að mestu leiti ósamkynja innihalds, en mikill fjöldi bænarbrèfa hefir verið um sama efni, til að mynda um verzlunarfrelsið og breytíng á alþingistilskipuninni, hvar um ýtarlegri upplýsíng fæst af þingtíðindunum.

Að öll þessi mál ekki hafi orðið öldúngis til lykta leidd í þetta skipti, er náttúrlegt, því bæði reyndist sá lögboðni þingtími, jafnvel með nokkurra daga viðbæti, í styttra lagi, og líka vantaði megin part þingmanna æfíng í málanna meðferð í þetta fyrsta skipti, hvaraf sjálfsagt hefir orsakazt nokkur tímaspillir. Eingu að síður eru það einúngis 3 mál, sem ekki urðu til lykta leidd, og af þessum þremur er ekkert markvert, nema það um breytíng á alþingistilskipuninni, hvers meðhöndlan mundi hafa krafið mikið lángan tíma, ef þetta mál hefði átt að rannsakast ýtarlega á þinginu. En það er gleði von, að því optar sem alþíng verður haldið, og meiri æfíng öðlast, þess meiru verður til leiðar komið af þinginu í hvert skipti; því það er í þessu sem öllu öðru, að æfíngin gjörir verkin hægari og drjúgari.

Áhrærandi hvernig þíngið hafi leyst verk sín af hendi, þá ber mèr því síður þar um að dæma, sem það er öldúngis víst, að þar á muni verða lagðir mjög misjafnir dómar, eins af þingmönnum sjálfum, sem af þeim, sem ekki hafa átt þátt í þingstörfunum.

Einúngis þetta held eg megi fullyrða, að sèrhvert mál hefir verið meðhöndlað af nefndunum og þinginu með allri þeirri greind og aðgætni, sem tími og aðrar kríngumstæður leyfðu, einsog líka allir hlutaðeigendur hafa neytt sinna beztu krapta í, að sem mestu yrði af lokið. Þessu enu síðarnefnda til nokkurrar upplýsíngar vil eg minnast þess, að til málanna undirbúnings-yfirvegunar hafa verið kjörnar ekki færri enn 25 nefndir, og nokkrir af enum duglegustu þingmönnum hafa set-

ið í hèrumbil helmíngi af þessum nefndum. Eg þori þar hjá að fullyrða, að bæði nefndirnar og þíngið sjálft hafa einarðlega og eptir beztu sannfæríngu látið í ljósi meiníngu sína um hvert mál útaf fyrir sig, en annað eða meira enn þetta getur sanngjarnlega ekki krafizt af þessu, eða hverju sem helzt öðru þjóðþíngi. Mèr hefir verið það sönn ánægja, að þó þíngmenn stundum hafi greint á í meiníngum um hið rètta og gagnlega í einstöku málum, svo hefir þetta þó ekki talsvert hindrað málanna framgáng, heldur að mestu leiti miðað einúngis til málanna fullkomnari upplýsíngar, hvað eð einmitt er samkvæmt þíngsins tilgángi.

Með hjartanlegri tilfinníngu ber mèr að viðurkenna það þakklæti, sem eg í minni embættisstöðu á þínginu skulda yður, heiðruðu alþíngismenn og meðbræður, fyrir þann stöðuga velvilja og eptirlátsemi, er þið hafið auðsýnt mèr á þessu þíngi. Mèr ber því fremur að meta þenna dýrmæta velvilja, sem eg viðurkenni, að eingum hefir orðið meira áfátt í að uppfylla skyldur sínar enn sjálfum mèr, vegna, ef ekki vitsmunabrests, svo þó skorts á æfíngu í að gæta alls þess nákvæmlega, sem við kemur forsetans embætti. Eg hefi þar hjá, vegna vaxandi sjón-deyfðar og stundum annars óhraustleika, á þessum þíngtíma, ekki getað neytt allra þeirra krapta, sem eg þó hefði fundið mig færan um, ef þessu hefði hagað til öðruvísi.

Þíngsins heiðruðu skrifurum og þeim nefndarmönnum, er veita forstöðu útgáfu tíðindanna, votta eg sèrílagi mitt skyldugt þakklæti fyrir kappsama aðstoð í að halda þíngsins skrifara verkum og útgáfu tíðindanna í reglubundnum gángi, og þannig, að allt hèraðlútandi er framkvæmt með þeim hraða og greind, sem kríngumstæður leyfðu. Eg þarf ekki að benda þínginu til þess ,að þeir kjörnu skrifarar og nefndarmenn til að semja tíðindin hafa haft þreytandi og vandasöm störf á hendi, er þeir einir eru færir um, sem eru meðal þeirra duglegustu af öllum þíngmönnum.

Þeim mikið heiðraða varaforseta votta eg líka mitt innilegasta þakklæti fyrir góðfúslega og nærgætnisfulla aðstoð, er hann fleirum sinnum hefir veitt mèr, nær eg hefi mælzt til þess og ekki treyst mínum eigin kröptum. Þessa aðstoð hans hefi eg, hvað mína eigin persónu snertir, því fremur orsök til að meta mikils, sem hún er nýr vottur uppá hans stöðugu og margreyndu vináttu mèr til handa.

Loksins minnist eg á það ómetanda þakklæti, er eg sjálfur, öllum fremur, skulda þeim hæstvirta konúngsfulltrúa fyrir alla þá aðstoð, er hann uppá þann mannúðlegasta máta hefir veitt mèr á þessu þíngi. En það er ekki einúngis eg, heldur líka, að minni hyggju, þíngið sjálft, sem skuldar honum þvílíkt þakklæti; því eg er fullviss um, að án hans nærveru og aðstoðar hefði mart farið miður reglulega á þessu voru fyrsta þíngi. Eg álít það hinn mesta velgjörníng af vorum allramildasta konúngi, næst stiptuninni á þínginu sjálfu, að Hans konúnglega Hátign sendi oss í þetta fyrsta sinn þann mann sem sinn fulltrúa, hvers nákvæma þekkíng á landsins hag, frammúrskarandi dugnaður og mannúðleiki var mörgum af oss áður fullkunnugur.

Eg enda þessi fáu orð með að biðja guð að farsæla þetta þíng framvegis í öllum þess fyrirtækjum, og að veita því slíka djúpsæi og hyggindi í ráðslögunum, samfara þeim eindrægnis- og friðaranda, án hvers öll mannleg fyrirtæki eru forgefins. Eg treysti því fullöruggur, að þessi mín hjartgróna bæn muni uppfyllast, og að þíng þetta muni mörgu og miklu góðu framvegis til leiðar koma, og þannig fullnægja vors allramildasta konúngs tilgángi með þess stiptun.

Síðan stóð upp Konúngsfulltrúi og mælti:

Í nafni konúngs segi eg þessu fyrsta alþíngi slitið.

Þíngmenn tóku þá undir í einu hljóði:

„Leingi lifi konúngur vor Kristján áttundi“!

Þvínæst var geingið af þíngi.

NEFNDARÁLIT

um

Spítala og læknaskipun á Íslandi.

(varð, vegna naumleika tímans, eigi rædt á alþingi 1845).

Alþíng hefir þann 17. næst liðins mánaðar kosið oss í nefnd, til að rannsaka uppástúngu nokkra frá mèr, Jóni Sigurðssyni, um endurbót á lækna skipun hèr á landi; sömuleiðis bænarskrár um breytíngu á spítölunum, frá Eyjafjarðar- Ísafjarðar- og Suðurþíngeyjar-sýslum. Leyfum vèr oss hèrmeð að leggja fram fyrir hið virðulega þíng álit vort í þessu efni.

Bænarskrárnar eru allar samhljóða uppástúngunni í því efni, að biðja um, að efnum spítalanna verði hèreptir varið betur enn hingaðtil hefir viðgeingist; þeim kemur einnig saman um það, að nú sem stendur sè högun á spítölum og efnum þeirra í þeim ólestri, sem þurfi með bráðrar endurbótar.

Í uppástúngunni er tekið fram, hversu verja skuli tekjum allra spítala á landi hèr, til að bæta úr vandkvæðum þeim, er leiða af fæð læknaí landinu, og örðugleika þeim, er víðlendi landsins veldur fyrir þá, er þurfa að ná til lækna hjálpar; og verður þá fyrst að hugleiða, á hvern hátt að læknum verði bezt fjölgað eptir þörfum landsins.

Reynslan hefir sýnt og sýnir enn, að fáir Íslendíngar verða til að stunda læknisfræði við háskólann í Kaupmannahöfn, svo að íslenzkir læknar hafa ei verið til, þegar lækna embættin hafa losnað; hefir þessvegna orðið að setja danska lækna í þessi embætti. Þessir menn, sem óvanir eru lífnaðarháttum Íslendínga og ferðalögum hèr á landi, verða trauðlega eins hagfelldir almenníngi einsog innlendir læknar, því bæði er það, að þeim veitir opt erfidt, að læra mál landsmanna svo til hlýtar, að þeir geti spurt og talað við sjúklínga og gjört sig aptur fullskiljanlega fyrir þeim; fara þannig hvorjir tveggja á mis við þá fyrstu undirstöðu til allrar læknishjálpar, að geta kynnt sèr eðli sjúkdómsins af lýsíngu hins sjúka. Þessum mönnum er einnig fyrst í stað varla ætlanda, að geta tekist á hendur jafn örðugar ferðir, sem innlendur maður, sem vanur er slíku frá barnsbeini. Úr því fyrra hefir að sönnu ríkisstjórnin bætt, með löggjöf þeirri, er skipar að hver danskur maður, sem girnist embætti á Íslandi, skulí sanna með áreiðanlegum vitnisburðum, að hann

kunni mál landsmanna*); en úr hinu verður ei bætt. Þaraðauki líður konúngssjóðurinn, ef til vill, talsverðann skaða við það, að Danir fái slík embætti, meðan venja sú viðhelzt, að þessum mönnum veitist lausn frá embætti sínu hér, og fá svo eptirlaun, 200 rbd. árlega, eptir 6 ára emættisþjónustu, þartil þeim veitist annað embætti, sem stundum verður seint eða aldrei; geta þessir menn með tímanum orðið margir, og verður þá eptirlauna upphæðin ekki leingi að hækka.

Af þessu, sem nú var getið, og öðru, sem hin áminnsta uppástúnga tekur fram, er auðsætt, að brýn nauðsyn ber til, að innlendum lækna-efnum sé gefið færi á, að ná mentun hér á landi í læknisfræði, og gæti það helzt orðið með tvennu móti:

1. Með því, að spítali yrði settur á stofn, þar er kend yrði læknisfræði og æfing feingist, jafnframt kennslunni, í meðferð sjúkdóma, á regulegum spítala. Spítali þessi ætlum vér heldur ætti að vera í Reykjavík enn annarstaðar á landinu; og styðst það álit vort við þessar ástæður:

a. Hvergi er eins fjölbyggt á landi hér eins og í Reykjavík, og þegar skólinn er fluttur þángað, virðist tvöföld nauðsyn til bera, að þar verði settur spítali; það væri og líklegt, að þar yrði meiri aðsókn að spítalanum enn annarstaðar, og þannig borgun hinna sjúku fyrir meðöl, fæði og aðhjúkrun, að minnsta kosti nóg til viðurhalds byggíngunni.

b. Í Reykjavík er hægast að byggja, þar sem flutníngar á efnivið og öðru landveg mundu auka kostnaðinn meira enn ráð verði fyrir gjört; smíði er þar hjá hægast að fá í Reykjavík.

c. Í Reykjavík yrði máske komist af með tvo kennara, sem undireins væru spítala-læknar; og ef landlækni yrði gjört að skyldu að lesa yfir einhverja grein læknisfræðinnar, þrisvar í viku, er því heldur vonanda, að hann yrði fús til þess, sem hann áður hefir verið skyldur að kenna tveimur piltum læknisfræði og fæða þá að auk, fyrir litla borgun; mundu innlendir menn með þessum hætti fá náð svo mikilli þekkíngu í læknisfræðinni, að þeir, eptir afstaðið próf, gætu álitist hæfir til að verða sýslulæknar, einkum ef þeim veittist færi á, og yrði leyft, að gánga á spítala erlendis og læra yfirsetufræði á fæðíngarstiptun í Kaupmannahöfn, án þess að þurfa að taka frekara lærðóms próf enn þeir hefðu gjört hér á landi. Þetta mætti því heldur takast, ef skólinn hér á landi kæmist í það horf, sem menn vona eptir, því þá þykir oss líklegt, að slíkir menn hefðu numið forspjallsvísindi þau, sem þurfa þykir til undirbúníngs undir háskólamentun.

Það sem helzt mætti virðast vera því til tálmunar, að slíkur spítali yrði á stofn settur að svo komnu, er kostnaður sá, sem rísa mundi af byggíngu hans; þessvegna hefir uppástúngan bendt til efna þeirra, sem nú eru fyrir hendi og verja mætti til þess. Kostnaður sá, sem útheimtist til byggíngar á nægilega stórum spítala í Reykjavík, mundi vart þurfa að fara yfir 12,000 rbd., þaréð nægilegt væri, að 5 herbergi væru ætluð handa sjúkum; þaraf eitt handa holdsveikum mönnum, er yfirlæknir áliti læknandi,

*) Konúngs úrskurður sá, sem hér er bendt til, 8. April 1844, er prentaður í nýjum Félagsritum, fjórða ári bls. 168—171.

og annað til líkskurðar; bústaður ætti einnig að vera á spítalanum handa spítalalækni og herbergi handa dyraverði, sem ætti að hafa á hendi matreiðslu fyrir hina sjúku. 600 rbd. virðist vera nægileg laun fyrir yfirlæknirinn, en 400 rbd. fyrir annan kennara við spítalann. Þar við bætist kostnaður sá, er risi af að kaupa nauðsynleg áhöld til spítalans og af viðhaldi hans og meðala kaupum; vonumst vèr til, að borgun hinna sjúku hrykkji til hins síðarnefnda kostnaðar; en vèr ætlumst til, að hreppar borgi fyrir fátæklínga, en þeir fái ei ókeypis aðgáng til spítalans.

Á hina síðuna eru fyrir hendi nú sem stendur, fyrir utan það, sem varið er til læknaskipunar hèr á landi, hèrumbil 2,000 dala árlega. Væru peníngar þessir látnir standa á vögstum, svo sjóður þessi gæti aukist um 5 til 10 ár, væntum vèr, að næg efni yrðu fyrir hendi til að setja þetta á stofn.

Með þessum hætti ætlum vèr, að spítölunum og efnum þeirra væri varið öllu landinu til nota, en með eingu öðru móti gætu menn vænt, að fá lækni í hverja sýslu um allt land, sem öllum ber saman um, að brýn nauðsyn beri til, af því að vèr getum ekki vísað á neinn þann styrk, sem hafður yrði til að auka sjóð þann, sem nú er fyrir hendi.

2. Hin aðferðin er að sönnu kostnaðarminni, en undireins miklu ófullkomnari; það er: að landlæknir sè skyldur að hafa ávallt 2 stúdenta frá skólanum til kennslu í læknisfræði. Það er í augum uppi, hvað kennsla þessi yrði að verða ófullkomnari enn hin, sem feingist á þann hátt, sem áður er á vikið, þar sem mest alla æfíngu við sængur sjúkra og alla tilsögn í líkskurðarfræði yrði að vanta, og kennslan á þennan hátt yrði einúngis bókleg (theoretisk). Um sinn væri þó máske kennsla þessi næg til þess, að þeir, sem hennar hefðu notið, gætu orðið hæfir til að veita hjálp þar, sem ekki yrði náð til hèraðslæknis, og bráð nauðsyn bæri til, svo með þessu móti gæti feingist það, sem um er talað í þriðju grein uppástúngunnar; en naumast feingist með þessu móti læknir í hverja sveit, nema hèraðslæknar mættu einnig kenna blóðtökur og handbragð það, sem þarf til að lækna beinbrot, kippa í lið o. s. frv. Í flestum löndum eru menn, sem geta veitt slíka hjálp, þegar nauðsyn ber til, og það jafnvel í stórum stöðum, þar sem nóg er af læknum, og ræður þá að líkindum, hversu nauðsynlegt sè, að þvílíkir styrktarlæknar sèu til á jafn-strjálbyggðu og lækna-fáu landi, sem Ísland er.

Að svo mæltu, er það álit og ráð nefndarinnar, að alþíng allra-þegnsamlegast beri upp þá bæn við Hans Hátign konúnginn.

1. Að sjóðir spítalanna verði látnir safnast fyrir, og auknir svo sem kostur er á í nokkur ár, þángað til svo mikill sjóður er kominn, að tiltækilegt þykir, að byrja að endurbæta læknaskipunina hèr á landi.
2. Að holdsveikum mönnum verði ei framar veitt móttaka á spítölunum, en spítalajarðir verði byggðar með fullu afgjaldi, og andvirði þess sett á vögstu.
3. Áð öllum læknum á Íslandi verði leyft, að kenna mönnum blóðtökur og handbragð það, sem við þarf að hafa til að binda um sár, lækna beinbrot, kippa í lið o. s. frv., og megi veita þessum mönnum leyfi til að

hjálpa í þessum tilfellum, þegar á liggur og ekki næst til læknis, eða þá undir hans umsjón.

4. Að spítali verði settur í Reykjavík, þegar efni leyfa (samanber 1. grein), á þann hátt, að þar verði settir 2 kennarar, og landlækni gjört að skyldu, að lesa þar 3 tíma í viku, í stað kennslu þeirrar, er hann hefir að undanförnu verið skyldur til að veita í læknisfræði.

Reykjavík, þann 4. Augúst 1845.

Jón Sigurðsson. S. Thorarensen. Blondahl.
H. G. Thordarsen. Á. Helgason.

HELZTU PRENTVILLUR.

1. *Í Tíðindunum:* Bls. 19, línu 31, les: prófastur; bls. 21, l. 12: sakamálalög; bls. 30, l. 24: leggur; bls. 74, l. 6: 1843; bls. 80, l. 39: eptir „rbd.“ set „—“; bls. 87, l. 27: „ef“ l. „er“; bls. 103, l. 2: hver útaf; bls. 144, l. 2: áskilja; bls. 161: l. 1 er of aukið, og l. 32: „fyrir“ l. „eptir“; bls. 186, l. 5: starfs auka bls. 200, l. 31: hafa; bls. 207, l. 30: varaatkvæði, bg l. 34: hvorugt; bls. 237, l. 12: tafarlaust; bls. 253, l. 36: hvernig; bls. 254, l. 26: þingið; bls. 269. l. 37: byggt; bls. 313, l. 14: eptir „húsin“, á að standa: „en þá eru önnur dæmi til, að hinir fátækustu eiga stærst húsin og minnsta lóðina“, o. s. frv.; bls. 375, l. 19: hinna; bls. 412, l. 33: er „ef“ of aukið; bls. 427, l. 27: allur kostnaðurinn; bls. 428, l. 25: „hinir fyrri“ l. „þessir“, og „þessir“ l. „hinir fyrri“; bls. 455, l. 7: nefndarinnar; bls. 465, l. 18: landsyfirréttinn, l. 22: munu, l. 29: vita, og l. 40: árvekni; bls. 466, l. 11: undan; bls. 468, l. 6: FRAMSÖGUMAÐUR og l. 27: Eg; bls. 469, l. 8: embættis; bls. 470, l. 4: geldst, l. 10: bændur, l. 12: „að“, framanvið „—“, er of aukið; l. 21: daginn, l. 33: einginn, og l. 35: lausafèð, bls. 471; l. 18, og l. 22: hvort, og l. 37: uppástúngu; bls. 472, l. 35: nefndarinnar, og l. 36: Samníngar; bls. 473, l. 8: öðruvísi, og l. 31: uppástúngu; bls. 474, l. 38: atkvæðum; bls. 475, l. 12: lausafè, l. 14: og; s. l.: álitsskjal; bls. 476, l. 15: og; l. 24: ágreiníngs efni; bls. 477, l. 33: fram borið; bls. 478, l. 1: enn; bls. 479, l. 2: innbyrðis; bls. 480, l. 4: mótbáru, l. 25: gjafsóknir og l. 27: gjafsóknamálin; bls. 493, l. 7: sölu; bls. 504, l. 7: þar sem; bls. 514, l. 40: bæjarins; bls. 552, l. 17: nú; bls. 554, l. 37: hefði; bls. 557, l. 20: leyfði; bls. 561, l. 40: fyrr; bls. 567, l. 22: Borðeyri; bls. 596, l. 31: stjórnin; bls. 603, l. 14: mælti; bls. 616, l. 40: tilefni; bls. 619, l. 12: refsíngar; bls. 622, l. 30: er „með“ of aukið; bls. 625. l. 3: eingan.

2. *Í Viðbætinum:* Bls. 2, l. 24, les: leituðu; bls. 4, l. 10: koma; bls. 5, l. 1: hèldi; bls. 6, l. 40: lögfróðir menn; bls. 7, l. 33: síðan; bls. 8. l. 1: ná (f. "na"); bls. 9, l. 2: hefða; bls. 12, l. 9: gjöra, og l. 31: fèllst; bls. 14, l. 24: lausafè; bls. 15, l. 15: vígslu, og l. 29: fardaga; bls. 20, l. 22: ekkju, og l. 26: fardaga; bls. 22, l. 25: við; bls, 23, l. 8: annaðhvort; og l. 15: hvort; bls. 26, l. 2: hèldi; bls. 27, l. 14: slátrað; bls. 31, l. 3: tómthúsmanna; bls. 35, l. 15: kjörgeingis; bls. 36, l. 4: oddviti; bls. 37, l. 22: þriðjúng; bls. 39, l. 35: ávísunarbréf; bls. 43, l. 19: að (f. „áð“); bls. 54, l. 31: alin; s. l.: verðlagsskránum; bls. 57, l. 4: því (f. „hann“); bls. 59, l. 30: umboðsmenn; bls. 60, l. 30: Kvað (f. „Hvað“); bls. 63, l. 2: það (f. „þar“); bls. 65, l. 30: fèllust; l. 35: á (f. „a“); bls. 70, l. 9: ætið; bls. 71, l. 16: látið; bls. 76, l. 29: fyrr enn; bls. 77, l. 13: allraþegnsamlegast; bls. 78, l. 1: túnaslèttu; l. 14: set, eptir „eigi“: *í* (neinu o. s. frv.); l. 34: eptir „síður“, set: að óttast o. s. frv; bls. 82, l. 24: reiðskjótanna; síðu tal næst eptir 86; 87 (f. „88“); bls. 88, l. 7: verður; bls. 91, l. 35: rita; bls. 92, l. 3: höfuðstóllinn; bls. 94, l. 21: yfirfjárráðanda, og l. 21: yfir fjárhaldið; bls. 107, l. 1: annan stað, l. 10: Íslandi, og l. 19: kippa; bls. 108, l. 4: þær (f. „þeir“); bls. 109. l. 9: Danmörku; bls. 115, l. 21: svarar til hinnar sömu greinar.

Hèr að auk koma orðin: „hvorr“ („hvor“), „sèrhvor“ og einhvor“, í ymsum hneigingum, „hvorsu“, „hvornig“ og „vankvæði“, víða fyrir, í staðinn fyrir: „hver“, „sèrhver“, „einhver“, „hversu“, „hvernig“ og „vandkvæði“, auk annara afbreytínga í réttritun, frá þeirri, sem við er höfð í tíðinunum sjálfum.